Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	7811.00		
Valgerður Kristjánsdóttir	6000.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	6000.00		
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00		
Vilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	20000.00		
Þóra Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm.	6000.00		
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fv. ljósmóðir	6000.00		
Þorlákur Stefánsson	12000.00		
Þorleifur Jóhannesson, fyrrv. fiskmatsm.	10000.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	13585.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm.	6000.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	6000.00		
		2 479 415	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Sigurðardóttir	15232.00		
Agnethe Kamban	14373.00		
Ágústa Sigurðardóttir	10000.00		
Anna Bjarnadóttir	6000.00		
Anna Ólafsdóttir	6509.00		
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	8000.00		
Árný Stígsdóttir	6000.00		
Arnþrúður Danielsdóttir	6509.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	6000.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	34086.00		
Ásta Ólafsdóttir	12000.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	6000.00		
Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings	10000.00		
Ástríður Magnúsdóttir	6000.00		
Björg Guðmundsdóttir	6000.00		
Björg Jónasdóttir	8905.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	13585.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Camilla Hallgrímsson	10189.00		
Dagbjört Guðjónsdóttir	9538.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	15232.00		
Elín Einarsdóttir	10000.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	6000.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björnssonar, fiskmatsmanns	6000.00		
Erna Stefánsson	24000.00		
Fríða Hlíðdal	43352.00		
Guðbjörg Guðmundsdóttir	7010.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	15232.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	25348.00		
Guðný Halldórsdóttir	12000.00		
Guðríður Sigurðardóttir	6000.00		
Guðrún Guðnadóttir	10000.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	6000.00		
Guðrún Jóhannesdóttir	6000.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún Oddsdóttir	14717.00		
Guðrún Pálsdóttir	14000.00		
Guðrún Ragúels	6000.00		
Halldóra Þórðardóttir	7617.00		
Helga Pétursdóttir	15000.00		
Hildur Björnsdóttir	10014.00		
Hildur Blöndal	20000.00		
Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00		
Hlín Johnson	29853.00		
Hólmfríður Guðmundsdóttir	24000.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	15000.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	12000.00		
Ingunn Hlíðar	9538.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	6000.00		
Irma Weile Jónsson	15000.00		
Jakobína Thorarensen	10000.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jóhanna Vigfúsdóttir	6000.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00		
Jónína Kristjánsdóttir	15000.00		
Júlíana M. Jónsdóttir	10303.00		
Katrín Sveinsdóttir	7923.00		
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	3807.00		
Kristín Pálsdóttir	6367.00		
Kristín Thorberg	6000.00		
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00		
Kristólína Kragh	6000.00		

	18. gr.	
	kr.	kr.
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00	
Lára Svansdóttir	6000.00	
Lelia Stefánsson	30000.00	
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00	
Lilja Jörundsdóttir	12000.00	
Lilja Steinsen	35000.00	
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00	
Lydia Einarsson	25000.00	
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00	
Málfríður Bjarnadóttir	6000.00	
Margrét Árnadóttir	15000.00	
Margrét Björnsdóttir	7630.00	
Margrét Jónasdóttir	25000.00	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	6000.00	
Margrét L. Lárusdóttir	5077.00	
María Guðlaugsson	9373.00	
Marta Oddsdóttir	6000.00	
Melitta Urbancic	9538.00	
Ólafía Finnbogadóttir	6000.00	
Olga E. Jónsson	11320.00	
Rannveig Tómasdóttir	7617.00	
Rósa Jónsdóttir	6000.00	
Sigríður Árnadóttir	36000.00	
Sigríður Bjarnason	25377.00	
Sigríður Einarsson	39056.00	
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00	
Sigríður Gísladóttir	6000.00	
Sigríður Guðmundsdóttir	6000.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00	
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00	
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	12000.00	
Sigrún Thorarensen	8000.00	
Sigurlaug Sigurðardóttir	12000.00	
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00	
Sólveig Árnadóttir	12000.00	
Sólveig Eggerz	33456.00	
Sólveig Pétursdóttir	11320.00	
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00	
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00	
Steinunn Tómasdóttir	10000.00	
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00	
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00	
Sveindís Hansdóttir	6000.00	
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00	
Unnur Skúladóttir	12694.00	
Valborg Einarsson	12694.00	
Valgerður Helgadóttir	10014.00	

18. gr.

		kr.	kr.
	Valgerður Ólafsdóttir	9057.00	
	Vigdís G. Blöndal	6367.00	
	Þóra Magnúsdóttir	8000.00	
	Þóra Sigfúsdóttir	6000.00	
	Þóra Sigurðardóttir	6000.00	
	Þóra Skaftason	6000.00	
	Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00	
	Þorbjörg Sigurjónsdóttir	9000.00	
	Þórey Jóhannsdóttir	6000.00	
	Þórunn Pálsdóttir	12694.00	
		1 514 468	
c.	Barnastyrkur: Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1⅞ 1924, sjúklingur	6 000	
			3 999 883
III.	Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs barnakennara		41 000 000
IV.	Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna		70 000
V.	Framlag ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs ljósmæðra		24 000
VI.	Framlag ríkissjóðs til uppbóta á lífeyri		39 100 000
VII.	Uppbætur á lífeyri samkvæmt 18. gr. I. a. og II.		2 800 000
	Samtals	. . .	87 852 424

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

		kr.	kr.
1.	Til niðurgreiðslu á vöruverði		559 000 000
2.	Til uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		214 000 000
3.	Útgjöld samkvæmt 22. og 24. gr.		5 000 000
4.	Launaskattur		14 000 000
5.	Fyrningar		8 000 000
6.	Kostnaður við kjarasamninga		1 800 000
7.	Hækkun útgjalda vegna launahækkunar		100 000 000
8.	Til óvissra útgjalda		19 000 000
	Samtals	. . .	920 800 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		6 000 000
Samtals ...	. . .	6 100 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs		12 934 995
II. Framlag til ríkisábyrgðasjóðs		50 000 000
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 600 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		4 500 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		480 000
VI. 1. Til viðbyggingar við Landspítalann	12 800 000	
2. Til áhaldakaupa í viðbygg. við Landspítalann	3 600 000	
3. Til byggingar eldhúss fyrir Landspítalann ..	8 000 000	
4. Til byggingar þvottahúss fyrir ríkisspítalana .	3 200 000	
5. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi	960 000	
6. Til byggingar fávitahælis	400 000	
7. Til byggingar ketilhúss o. fl. fyrir geðveikrahælið á Kleppi	800 000	
8. Til viðbyggingar við fæðingardeild Landspítalans	800 000	
		30 560 000
VII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		2 400 000
VIII. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		14 580 000
IX. Til sjúkraflugvalla		400 000
X. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		160 000
XI. Til byggingar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands		3 200 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	240 000	
2. Til byggingar við Menntaskólann á Akureyri	1 600 000	
3. Til byggingar menntaskóla í Reykjavík	4 000 000	
4. Til byggingar Sjómannaskólans	640 000	
5. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	55 000	
6. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	1 400 000	
7. Til byggingar kennarabústaðar á Laugarvatni	600 000	
8. Til greiðslu lána vegna Menntaskólans á Laugarvatni	427 500	
9. Til byggingar nemendabústaðar við Menntaskólann að Laugarvatni	1 600 000	
10. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	3 200 000	
11. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum .	2 000 000	

20. gr.

		kr.	kr.
12.	Til byggingar hjúkrunarskóla	5 600 000	
13.	Til byggingar fyrir bændaskólann á Hvanneyri	3 200 000	
14.	Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	120 000	
15.	Til Íþróttakennaraskóla Íslands	560 000	
16.	Tækniskólinn, stofnkostnaður	3 500 000	
17.	Til byggingar menntaskóla á Ísafirði	800 000	
18.	Til byggingar menntaskóla á Austurlandi	800 000	
			30 342 500
XIII.	Til bygginga á prestssetrum		3 600 000
XIV.	Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		155 000
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		560 000
XVI.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara		2 400 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		2 400 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri		400 000
XIX.	Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		1 600 000
XX.	Til kaupa á Skaftafelli í Öræfum		60 000
XXI.	Verkfæranefnd ríkisins, til byggingar		240 000
XXII.	Til byggingar upptökuheimilis í Kópavogi		850 000
XXIII.	Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, sem ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs		160 000
XXIV.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		400 000
XXV.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum		75 000
XXVI.	Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		400 000
XXVII.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		2 000 000
XXVIII.	Til greiðslu á afborgunum og vöxtum af láni til kaupa á varðskipinu Óðni		5 100 000
XXIX.	Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum		120 000
XXX.	Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		400 000
XXXI.	Til byggingar biskupsbústaðar		240 000
XXXII.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		50 000
XXXIII.	Til byggingar prestsseturs í Odda		240 000
XXXIV.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti		200 000
XXXV.	Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		70 000
XXXVI.	Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða		4 000 000
XXXVII.	Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til byggingar vitaskips		2 000 000
XXXVIII.	Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði		3 840 000
XXXIX.	Til byggingar handritahúss		3 200 000
XL.	Til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Austurlandsumdæmis		500 000
XLI.	Til byggingar norræns húss í Reykjavík		1 900 000
XLII.	Til byggingar á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni		100 000
XLIII.	Til kaupa á Mávahlíð í Lundarreykjadal fyrir fjárræktarbúið að Hesti		160 000

20. gr.

	kr.	kr.
XLIV. Til viðbyggingar við sendiherrabústað í Kaupmannahöfn		600 000
XLV. Til greiðslu á stofnkostnaði holdanauta- og hænsnabús á Bessastöðum		370 000
Samtals ...	. . .	189 547 495

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		3 279 300 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		472 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		8 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		25 000 000
	Samtals ...	. . .	3 784 375 000

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	3 784 375 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	6 000 000
	Samtals ...	3 790 475 000

firlit.

rlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		8 514 265
3. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		2 706 664
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		27 600 000
0. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		89 494 241
1. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	194 640 428	
— B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	77 075 305	
— C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	4 200 000	275 915 733
2. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		143 826 634
3. gr. A.	Vegamál	330 000	
— B.	Samgöngur á sjó	32 452 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	62 938 224	
— D.	Flugmál	23 584 238	
— E.	Veðurþjónusta	10 381 133	
— F.	Ýmis mál	11 332 336	141 017 931
4. gr. A.	Kennslumál	506 808 612	
— B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	33 235 724	540 044 336
5. gr.	Kirkjumál		35 670 000
6. gr. A.	Landbúnaðarmál	202 413 838	
— B.	Sjávarútvegsmál	141 499 474	
— C.	Iðnaðarmál	11 029 715	
— D.	Raforkumál	45 150 000	
— E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	29 098 256	429 191 283
7. gr.	Til félagsmála		872 888 100
8. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		87 852 424
9. gr.	Til óvissra útgjalda o. fl.		920 800 000
	Rekstrarafgangur		208 853 389
	Samtals	. . .	3 784 375 000

yfirlit.

		kr.
	Út:	
'.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	3 575 521 611
	Aðrar útborganir:	
0. gr.	Afborganir lána og til eignaaukningar	189 547 495
	Greiðslujöfnuður	25 405 894
	Samtals	3 790 475 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1966 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að innheimta ekki tolla né söluskatt að upphæð 205 þús. kr. af visindatækjum, sem Eðlisfræðistofnun Háskólans hefur flutt inn til jónosferumælinga í samvinnu við fyrirtækið HRB. Singer Inc., enda verði tækin flutt úr landi fyrir árslok 1968.

VII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

IX. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

X. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XI. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

XII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

XIII. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XIV. Að ákveða, að ein króna af tekjum Landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XV. Að verja rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XVI. Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og ⅖ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 57/1957 sbr. lög nr. 13/1964, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1966.

XVII. Að taka að láni allt að 83 þús. dollurum til kaupa á húsi fyrir fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

XVIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XIX. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkissjóður setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XX. Að taka allt að 11 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XXI. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengu við gildistöku laga nr. 29/1963.

XXII. Að ábyrgjast lán, sem Hafsteinn Jóhannsson, Akranesi, tekur til smíði aðstoðarskips við fiskiflotann, allt að kr. 5 millj., þó eigi yfir 80% af kostnaðarverði skipsins.

XXIII. Að ábyrgjast lán að fjárhæð 900 þús. kr. fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar gegn þeim tryggingum, er metnar verða gildar.

XXIV. Að selja hús fávitahælisins á Kleppjárnsreykjum.

23. gr.

Heimilt er að greiða 4% uppbót á greiðslur samkv. liðum I. a. og II. á 18. gr. fjárlaga frá 15. júlí 1965. Verði almenn hækkun á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, er enn fremur heimilt að greiða samsvarandi uppbót á nefndar greiðslur.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1966 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eftir reynslu ársins 1964 og horfum um afkomu ríkissjóðs á þessu ári, var augljóst við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1966, að miðað við sömu tekjustofna og óumflýjanlega útgjaldaaukningu, að óbreyttri löggjöf og fyrirsjáanlegum hækkunum verðlags og launa, hlyti að verða mikill greiðsluhalli hjá ríkissjóði á næsta ári. Nauðsyn þess að stöðva hinn alvarlega greiðsluhalla verður naumast umdeild, því að hallarekstur ríkissjóðs hlýtur að hafa óheillavænleg áhrif á efnahagsþróunina í landinu.

Atvik þau, er ollu greiðsluhalla ríkissjóðs árið 1964 og fyrirsjáanlegum halla 1965, komu til eftir að fjárlög þessara ára voru afgreidd. Verður auðvitað eigi séð fyrir fremur nú, hvort efnahagsþróunin á árinu 1966 hafi áhrif í svipaða átt, en nauðsynlegt er að mæta þá slíkri þróun með skjótum gagnráðstöfunum. Grundvallarstefna fjárlagafrumvarpsins er sú, að útgjöldum ríkissjóðs á árinu 1966 verði haldið innan þeirra marka, að unnt verði að forðast greiðsluhalla, án þess að grípa til almennra skattahækkana.

Af þessu leiðir, að greiðslujöfnuði verður ekki náð nema með því að létta útgjöldum af ríkissjóði og hækka álögur á takmörkuðum sviðum. Í meginatriðum eru ráðstafanirnar þessar:

Fjárfestingarframlög verði svipuð og á þessu ári.

Hækkað hefur verið verð á áfengi og tóbaki.

Fellt verði niður að fullu beint framlag ríkissjóðs til vegagerða, en fjárins aflað með hækkun á benzín-skatti.

Létt verði af ríkissjóði að greiða rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins, en raforkuverð hækkað sem því nemur.

Hækkaðar verði ýmsar aukatekjur ríkissjóðs.

Lagt verði sérstakt gjald á farseðla til utanlandsferða, að undanskildum farseðlum námsmanna og sjúklinga.

Eignarskattur verði hækkaður til að standa straum af framlögum til húsnæðismála, svo sem efnislega var samþykkt á síðasta þingi.

Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1966 verða skv. frv. 252.7 millj. kr. hærri en í fjárlögum ársins 1965. Þessi samanburður er þó ekki raunhæfur fyrir þá sök, að framlög til fjárfestingar voru síðar lækkuð um 20%, eða um 85 millj. kr. til þess að mæta útgjaldaauka vegna aðstoðar við sjávarútveginn skv. l. nr. 34/1965, alls 55 millj. kr., og 6.6% launahækkun opinberra starfsmanna um 65 millj. kr. Vantaði því 35 millj. kr. á að lækkun fjárfestingarliða nægði til að mæta þessum útgjöldum. Er því útgjaldahækkunin frá fjárlögum þessa árs raunverulega um 217.7 millj. kr.

Tekjuáætlun frv. er byggð á athugunum Efnahagsstofnunarinnar í ágústmánuði. Er óhætt að fullyrða, að sú áætlun er þanin til hins ítrasta, þannig að þar er ekkert frekara svigrúm til hækkunar.

Við samanburð á einstökum greinum frumvarpsins og fjárlögum yfirstandandi árs, ber að hafa í huga, að upphæðir þær, er standa í fjárlögum, eru ekki ætíð sömu upphæðir og þær, sem raunverulega voru greiddar á þessu ári, vegna þess að framkvæmdur var 20% niðurskurður á flestum fjárfestingarliðum. Auk þess er áætlun fyrir 3% vísitöluuppbót á laun á 19. gr. fjárlaga í einni tölu. Á móti kemur, að áætlun fyrir 4% grunnlaunahækkun starfsmanna ríkisins, er kom til framkvæmda 15. júlí s. l., og um 1% hækkun á kaupgreiðsluvísitölu síðan launaskrá var samin er nú á 19. gr. frumvarpsins. Launaliðir frumvarpsins hækka frá fjárlögum 1965 vegna 6.6% grunnlaunahækkunar starfsmanna ríkisins, er samið var um í janúar s. l. og gilti frá 1. október 1964, og vegna 3.66% hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu, og er þá miðað við vísitöluna, eins og hún var 1. júní s. l., þar af hafði verið áætlað fyrir 3% hækkun hennar á 19. gr. fjárlaga í ár, eins og fyrr segir, sem var nokkurn veginn í samræmi við hækkun hennar 1. marz s. l., en þá hækkaði hún um 3.05%. Ástæðulaust þykir að rekja hækkanir á einstökum launaliðum frumvarpsins, er verða af þessum sökum, en þær breytingar á rekstrarútgjöldum, er mestu máli skipta, eru eftirfarandi, og er þá tekið tillit til niðurskurðar fjárfestingarliða í núgildandi fjárlögum.

Dómgæzla og lögreglustjórn hækkar um 20 millj. kr., m. a. vegna aukinnar löggæzlu. Framlag til vegamála lækkar um 38 millj. kr., en gert er ráð fyrir því, að vegasjóði verði bættur upp sá teknamissir með hækkun innflutningsgjalds af benzíni. Kennslumál hækka verulega að vanda eða um 53 millj. kr. Kemur þar m. a. til árleg nemendafjölgun og sú kennarafjölgun, er af henni leiðir, svo og hækkun fjárveitinga til skólabygginga. Landbúnaðarmál hækka um 21 millj. kr., aðallega vegna aukinna jarðræktarframlaga. Raforkumál lækka hins vegar um 39 millj. kr., þar eð gert er ráð fyrir því, að ríkissjóður standi ekki lengur undir hallarekstri Rafmagnsveitna ríkisins.

Útgjöld til félagsmála hækka um 106 millj. kr. Í því sambandi ber að hafa í huga, að á 19. gr. núgildandi fjárlaga er í liðnum: „hækkun útgjalda vegna áætlaðrar 3% launahækkunar“ gert ráð fyrir 16.4 millj. kr. vegna hækkunar á almannatryggingum, og verður hækkun á félagsmálum samkvæmt frumvarpinu þá um 90 millj. kr. og stafar raunar að langmestu leyti af hækkun á almannatryggingum.

Gjöld samkvæmt 19. gr. hækka um 111 millj. kr. Munar þar mest um liðinn: „hækkun útgjalda vegna launahækkunar“, 100 millj. kr., er kemur í stað áðurnefnds liðar vegna 3% áætlaðrar hækkunar á kaupgreiðsluvísitölu, að upphæð 42 millj. kr. Auk þess hækka niðurgreiðslur um 16 millj. kr. og útflutningsuppbætur um 26 millj. kr.

Útborganir á 20. gr. lækka um 21 millj. kr. miðað við núgildandi fjárlög, en

hækka raunverulega um 3 millj. kr., þegar tekið er tillit til niðurskurðar á framlögum til verklegra framkvæmda á yfirstandandi ári.

Um 2. gr.

1. *Tekju- og eignarskattur* er áætlaður 406 millj. kr. í stað 375 millj. kr. í fjárlögum nú. Höfð er hliðsjón af áætlun Efnahagsstofnunarinnar og breytingum, sem átt hafa sér stað á tekjutímabilinu.

2. *Tekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum* eru áætlaðar 1543.10 millj. kr. í stað 1490.55 millj. kr. í fjárlögum nú. Til viðbótar tekjum ríkissjóðs er áætlað, að innheimt verði 81.20 millj. kr. fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Er hér farið eftir áætlun Efnahagsstofnunarinnar, sem gerð var í ágústmánuði.

3. *Gjald af innlendum tollvörutegundum* er áætlað 58 millj. kr., en er 55 millj. í fjárlögum nú.

4. *Lestagjald af skipum* er áætlað 1.3 millj. kr. í stað 1.2 millj. kr.

5. *Aukatekjur* eru áætlaðar 70 millj. kr. í stað 48 millj. kr. nú. Með lögum um efnahagsráðstafanir nr. 4/1960, 21. gr., var ákveðið að hækka skyldi þær aukatekjur, sem fastar voru að krónutölu, um 50%. Vegna hækkunar verðlags má telja eðlilegt, að aukatekjur þessar verði enn hækkaðar, og mun nú í þingbyrjun verða lagt fram frumvarp, þar sem gert er ráð fyrir, að umrædd gjöld hækki svo, að þau yfirleitt verði tvöföld við það, sem ákveðið var með lögum nr. 40 frá 1954.

6. *Stimpilgjald* er áætlað 79 millj. kr. í stað 75 millj. kr. í fjárlögum nú. Höfð er hliðsjón af reynslu þessa árs.

7. *Vitagjald* er áætlað óbreytt frá fjárlögum eða 3.5 millj. kr.

8. *Tekjur ríkissjóðs af söluskatti* eru áætlaðar 937.9 millj. kr. í stað 848.6 millj. kr. í fjárlögum 1965. Gert er ráð fyrir, að 81.6 millj. verði innheimt fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Hækkun á tekjum af söluskatti er ákveðin samkv. áætlunum Efnahagsstofnunarinnar.

9. Gert er ráð fyrir að *skattur á farmiða* muni gefa 25 millj. kr. tekjur á næsta ári. Frumvarp til laga um skatt þennan verður lagt fram nú í þingbyrjun og vísast hér með til greinargerðar, sem því frumvarpi fylgir.

10. *Gjald af bifreiðum og bifhjólum* samkv. 16. gr. l. nr. 4/1960 er áætlað 124 millj. kr. í stað 138 millj. kr. nú. Tekjur af gjaldi þessu eru því áætlaðar 14 millj. kr. lægri en á yfirstandandi ári, og er það í samræmi við fengna reynslu.

11. *Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna* er áætlaður 31.5 millj. kr., en er 30 millj. í fjárlögum nú.

Um 3. gr. A.

1. *Póstur og sími.* Starfsmönnum fjölgar um 14. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum. Heildarupphæð tekna og gjalda hækkar um 47.6 millj. kr.

2. *Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.* Sala að frádregnum söluskatti og afslætti er áætluð 707.7 millj. kr. og hækkar um 56 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum. Framleiðslukostnaður hækkar um 44.6 millj. kr. og skrifstofukostnaður um 1.7 millj. kr. Útsvar hækkar um 2.0 millj. kr. Nettohagnaður er áætlaður 471.1 millj. kr. og hækkar um 40.9 millj. kr.

3. *Ríkisútvarpið.* Bætt er við tónlistarráðunaut og aðstoðargjaldkera. Tekjur af afnotagjöldum eru áætlaðar 25.5 millj. kr. og hækka um 3 millj. kr. frá fjárlögum. Er þá gert ráð fyrir nokkurri hækkun afnotagjalds. Aðrar tekjur hækka um 2.7 millj. kr. Launaskattur er nýr liður að upphæð 210 þús. kr. Liðurinn *„vegna kaupa á nýjum sendi fyrir Akureyrarstöð og Eiðastöð og vegna breytinga á stöðvunum á Akureyri, Eiðum og Hornafirði til fjarstýringar“* hækkar um 3.8 millj. kr. Eins og kunnugt er, hafa verið hafðar uppi kvartanir vegna gallaðra hlustunarskilyrða á Norður- og Austurlandi, og þykir bera brýna nauðsyn til að ráða bót á þeim eftir því, sem við verður komið. Tekjuafgangur er áætlaður 70 þús. kr.

IV. Sjónvarp. Gert er ráð fyrir launum til 30 fastra starfsmanna. Til viðbótar við tekjur af aðflutningsgjöldum koma tekjur af rekstri sjónvarpsins, en gert er ráð fyrir, að hann hefjist á næsta ári. Áætlunin er gerð af Ríkisútvarpinu með hliðsjón af skýrslu sjónvarpsnefndar, en það telur mjög erfitt að gera slíka áætlun, þar sem flest málin séu enn á undirbúningsstigi og beinn rekstur ekki hafinn.

4. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Tekjur eru áætlaðar hækka um 1 millj. kr. Gjöld hækka alls um 1010 þús. kr., þannig að rekstrarhagnaður lækkar um 10 þús. kr.

5. *Landsmiðjan.* Tekjur hækka um 1310 þús. kr., og eru gjöld áætluð jafnhá tekjum.

6. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Tekjur og gjöld eru áætluð jafnhá. Velta er áætluð hækka um 2680 þús. kr.

7. *Innkaupastofnun ríkisins.* Tekjur af vörusölu hækka um 978 þús. kr. Gjöld eru áætluð jöfn tekjum.

8. *Ríkisbú.* Á Bessastöðum hækka tekjur um 656 þús. kr., en gert er ráð fyrir því, að mjólkurframleiðslu þar verði hætt að mestu, en lögð megináherzla á rekstur hænsnabús og ræktun holdanauta, og er það í samræmi við álit nefndar, er skipuð var 24. júlí 1964, til þess að gera tillögur um framtíðarskipan á rekstri Bessastaðabús, en verulegur halli hefur verið á því undanfarið. Gjöld eru áætluð jöfn tekjum.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar 75 þús. kr., eða óbreyttar frá fjárlögum þessa árs.

Um 4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl. eru áætlaðar 8 millj. kr. eða 6 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, og er það gert með tilliti til fenginnar reynslu undanfarið.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 25 millj. kr., eða óbreyttar frá fjárlögum þessa árs.

Um 7. gr.

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán.

Vextir: **7. gr.** kr.	Afborganir: **20. gr. Út I.** kr.	
18 000	400 000	Innanríkislán 1941.
26 191	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
566	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
2 659	1 417	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna bústaðar sakadómara.
1 600	2 538	Lán vegna Flókagötu 45.
66 000	400 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
5 775	13 750	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
52 555	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
8 470	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.

Vextir · 7. grein kr.	Afborganir: 20. gr. Út I. kr.	
1 283	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
6 933	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
18 688	287 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1958 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
	250 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1959 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
16 250	125 000	Lán hjá Háskóla Íslands 1958 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
101 250	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1960 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
984 470	2 343 976	Lán hjá Seðlabanka Íslands 1957 vegna Lánadeildar smáíbúða.
125 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
173 036	392 857	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
167 946	410 714	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1961 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
29 688	62 500	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
148 438	312 500	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
150 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1962 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
180 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1963 vegna byggingar Landsspítalans.
421 875	1 500 000	Lán vegna kaupa á Borgartúni 7.
190 000	1 000 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna framlags til Alþjóðabankans.
180 000	500 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna kaupa á skuldabréfi Sameinuðu þjóðanna.
210 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1964 vegna byggingar Landsspítalans.
207 000		Handhafalán 1963 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
576 333	466 667	Lán hjá Útvegsbanka Íslands 1963 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
234 000		Handhafalán 1964 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
50 400	40 000	Lán hjá Sparisjóði Hafnarfjarðar 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
110 755	87 901	Lán hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
48 845	38 766	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
84 000	66 667	Lán hjá Samvinnubanka Íslands h/f 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.

Vextir: 7. gr. kr.	Afborganir: 20. gr. Út I. kr.	
58 800	46 667	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
151 242	129 267	Lán hjá Iðnaðarbanka Íslands h/f 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
104 598	89 400	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
17 160	14 667	Lán hjá Samvinnubanka Íslands h/f 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
100 816	86 168	Lán hjá Verzlunarbanka Íslands h/f 1964 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
210 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1964 vegna bygginga Landsspítalans.
42 000	33 333	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
84 000	66 667	Lán hjá Landsbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
42 000	33 333	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
58 800	46 667	Lán hjá Landsbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
33 600	26 667	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
240 000	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1964 vegna byggingar Landsspítalans.
266 000	200 000	Lán hjá Landsbanka Íslands 1964 vegna kaupa á hlutabréfum í kísilgúrverksmiðju við Mývatn.
25 200	20 000	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
50 400	40 000	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1964 vegna framkvæmda við Menntaskólann í Reykjavík.
238 000		Handhafalán 1965 vegna byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
18 000	13 333	Lán hjá Landsbanka Íslands 1965 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
696 940		Lán hjá Framkvæmdabanka Íslands 1965 vegna flugmálastjórnarinnar.
212 500	500 000	Víxillán vegna Kennaraskóla Íslands 1962.
17 000	13 333	Lán hjá Landsbanka Íslands 1965 vegna Kennaraskóla Íslands.
19 040	14 933	Lán hjá Landsbanka Íslands 1965 vegna Kennaraskóla Íslands.
102 000	80 000	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands 1965 vegna Menntaskóla við Hamrahlíð í Reykjavík.
185 625	247 500	Lán hjá Seðlabanka Íslands 1965 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
1 500 000		Vextir af yfirdráttarskuldum.
9 071 727	14 583 028	
÷ 557 462	÷ 1 648 033	
8 514 265	12 934 995	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánum togara ..... kr. 39 112.00
2. Vextir af 8.7 millj. stofnlánabréfum í eign ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta ..... — 14 717.00

Kr. 53 829.00

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 19 407.00.

Þá er gert ráð fyrir því, að tekjur af húseigninni Borgartún 7 standi undir greiðslum afborgana og vaxta af láni vegna kaupa á henni, og koma því til frádráttar vextir kr. 421 875.00 og afborganir kr. 1 500 000.00.

Einnig koma til frádráttar afborgun og vextir af skuldabréfi því, sem ríkissjóður keypti af Sameinuðu þjóðunum, afborgun kr. 113 678.00 og vextir kr. 62 351.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir ..... kr. 557 462.00
Afborganir ..... — 1 648 033.00

Um 8. gr.

II. *Skrifstofa forseta Íslands.* Annar kostnaður hækkar um 43 þús. kr.

III. *Bifreiðakostnaður.* Annar kostnaður hækkar um 67 þús. kr.

IV. *Forsetasetrið að Bessastöðum.* Annar kostnaður hækkar um 173 þús. kr. Þar af um 125 þús. kr. vegna aukins viðhalds.

VI. *Til handhafa forsetavalds* er nýr liður að upphæð 20 þús. kr.

Um 9 gr.

Alþingiskostnaður hækkar um 8.2 millj. kr. samkvæmt áætlun skrifstofustjóra Alþingis. Þar af eru 2.8 millj. kr. vegna hækkunar á þingfararkaupi alþingismanna, 1.1 millj. kr. vegna launahækkunar starfsfólks, 1.7 millj. kr. vegna hækkunar á kostnaði við útgáfu alþingistíðinda og öðrum prentunarkostnaði, 1.1 millj. kr. vegna hækkunar á kostnaði við ljós, hita, ræstingu og kostnaði vegna húss og muna og loks eru 1.5 millj. kr. vegna hækkunar á öðrum kostnaði.

Til yfirskoðunar ríkisreikninga hækkar um 75 þús. kr.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Bætt er við ritara í félagsmálaráðuneytinu og deildarstjóra í forsætis- og menntamálaráðuneytinu. Bætt er við fulltrúa í ríkisbókhaldi. Framlag til Efnahagsstofnunarinnar hækkar um 257 þús. kr. Á Hagstofunni hækkar kostnaður við útgáfu hagskýrslna um 43 þús. kr., annar kostnaður um 118 þús. kr. og annar kostnaður Þjóðskrárinnar um 58 þús. kr. Bætt er við nýjum lið að upphæð 1.1 millj. kr., er sundurliðast þannig: Kostnaður við athugun á neyzlu launþega í Reykjavík vegna væntanlegrar endurskoðunar á grundvelli framfærsluvísitölunnar 400 þús. kr., kostnaður Hagstofunnar við upphaflega útgáfu nafnskírteina 350 þús. kr., kostnaður við vélaúrvinnslu manntals 1960 350 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld stjórnarráðsins hækkar um 200 þús. kr. og annar kostnaður um 2 millj. kr. vegna of lágrar áætlunar áður. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins hækkar um 100 þús. kr. Annar kostnaður við ríkisbókhaldið hækkar um 125 þús. kr. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga lækkar um 300 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar í fjárlögum undanfarið.

Kostnaður við kjarasamninga er fluttur á 19. gr.

II. Utanríkismál:

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Annar kostnaður hækkar um 53 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Annar kostnaður hækkar um 133 þús. kr. Liðurinn „kostnaður vegna sölu á sendiherrabústaðnum Redington House og kaupa á húseiginni 101, Park Street, W. 1.", 1070 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

4. *Sendiráðið í Washington.* Annar kostnaður hækkar um 596 þús. kr., þar af um 500 þús. kr. vegna meiri háttar viðgerðar á sendiráðshúsinu.

5. *Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD.* Annar kostnaður hækkar um 566 þús. kr., einkum vegna meiriháttar viðgerða á ambassadorsbústaðnum og bifreiðakaupa.

6. *Sendiráðið í Osló.* Annar kostnaður hækkar um 115 þús. kr.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Annar kostnaður lækkar um 106 þús. kr., en kostnaður við embætti fastafulltrúa hjá Evrópuráðinu og hjá Alþjóðakjarnorkuráðinu hefur verið talinn með kostnaði sendiráðsins í Bonn, en er því að sjálfsögðu alveg óviðkomandi. Þetta hefur nú verið leiðrétt, og er kostnaður fastafulltrúa við þessar tvær stofnanir talinn sérstaklega á eftir kostnaði við hin einstöku sendiráð.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Annar kostnaður lækkar um 41 þús. kr. vegna lækkunar á viðhaldi.

9. *Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York,* er nýr liður, að upphæð 2 790 þús. kr. Við stofnun fastafulltrúaembættisins hverfur aðalræðismannsskrifstofan, því að hún rennur inn í hið nýja embætti.

10. *Fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu og Alþjóðakjarnorkustofnuninni í Wien* er nýr liður, en þessi kostnaður hefur verið talinn með kostnaði við sendiráðið í Bonn.

11. *Ferðakostnaður* hækkar um 200 þús. kr.

12. *Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins* hækkar um 200 þús. kr.

14. *Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi* hækkar um 10 þús. kr.

III. *Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:*

3. *Tillag til Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 145 þús. kr.

4. *Viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna* er nýr liður að upphæð 3 445 þús. kr. Hér er um að ræða frjálst framlag til þess að aðstoða Sameinuðu þjóðirnar til þess að losna úr fjárhagsörðugleikum stofnunarinnar. Ríkisstjórnir Norðurlandanna ákváðu allar í júní s. l. að leggja fram slík framlög, og nemur viðbótarframlag hvers lands fyrir sig tvöföldu venjulegu framlagi þess.

5. *Tillag til varnarliðs Sameinuðu þjóðanna* hækkar um 50 þús. kr.

9. *Tillag til Evrópuráðsins* hækkar um 45 þús. kr.

13. *Tillag til tollanefndar Evrópu* hækkar um 5 þús. kr.

16. *Tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar* hækkar um 10 þús. kr.

19. *Tillag til Alþjóðalandafræðisambandsins* hækkar um 4 þús. kr.

24. *Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)* hækkar um 83 þús. kr.

28. *Vegna Genfarsamninganna frá 1949 um meðferð stríðsfanga* er nýr liður, að upphæð 20 þús. kr.

29. *Tillag til alþjóðlega jarðmælinga- og jarðeðlisfræðisambandsins* er nýr liður að upphæð 38 þús. kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um sömu upphæð. Til ljósprentunar hæstaréttardóma lækkar um 50 þús. kr.

2. *Saksóknaraembætti ríkisins.* Bætt er við 1 fulltrúa. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 45 þús. kr. og annar kostnaður um 125 þús. kr.

3. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Bætt er við einum fulltrúa. Húsaleiga ljós og hiti hækkar um 90 þús. kr. og annar kostnaður um 70 þús. kr.

4. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Bætt er við 1 fulltrúa, en staða firmaskrárritara fellur niður. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

5. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Bætt er við 1 ritara, Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 50 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 38 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Bætt er við 1 símastúlku. Aukavinna hækkar um 56 þús. kr. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 26 þús. kr. og annar kostnaður um 110 þús. kr.

7. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Bætt er við 1 bókara, sem jafnframt vinnur sem gjaldkeri. Annar kostnaður hækkar um 51 þús. kr.

8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Fjölgað er um 1 fulltrúa í Hafnarfirði og ritara hálfan daginn á Akranesi. Annar kostnaður hækkar um 3 millj. kr. Áætlað er, að kostnaðurinn á næsta ári verði 14.5 millj. kr. eða 2 millj. kr. hærri en gert er ráð fyrir í fjárlögum þessa árs. Fjárveitingar á þessum lið hafa reynzt of lágar undanfarin ár og hafa um 1.9 millj. kr. af kostnaðinum 1964 verið greiddar af fjárveitingu þessa árs. Auk þess er áætlað að kostnaður tilheyrandi þessu ári verði um 500 þús. kr. umfram áætlun. Lagt er til, að 1 millj. kr. sé veitt til þess að vinna upp þennan mismun. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 1.8 millj. kr. Viðhald embættisbústaða hækkar um 200 þús. kr.

9. *Laun hreppstjóra* hækka um 780 þús. kr. í samræmi við lög nr. 32/1965 um laun þeirra.

10. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Fjölgað er um 2 ríkislögreglumenn. Vaktaálag, aukavinna o. fl. hækkar um 380 þús. kr. Einkennisfatnaður, tryggingar o. fl. hækkar um 85 þús. kr. Bifreiðakostnaður hækkar um 35 þús. kr. Fjarskiptaþjónusta lækkar um 38 þús. kr. Æfingaskáli og gufubaðstofa hækkar um 26 þús. kr. Kvenlögregla lækkar um 9 þús. kr. Lögregluskóli, áhöld o. fl. hækkar um 40 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Fækkað er um 1 varðstjóra. Vaktaálag og helgidagauppbót hækkar um 127 þús. kr. Einkennisfatnaður hækkar um 40 þús. kr. Bifreiðakostnaður og tryggingar hækkar um 170 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 64 þús. kr.

c. *Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna* hækkar um 200 þús. kr.

d. *Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík* hækkar um 1320 þús. kr.

e. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 4.3 millj. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum undanfarið.

f. *Til löggæzlu í sveitum* hækkar um 300 þús. kr.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla:*

a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Vaktaálag hækkar um 28 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr. Liðurinn „viðhaldskostnaður", 300 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

b. *Vinnuhælið að Litla-Hrauni.* Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 129 þús. kr. Liðurinn „til kaupa á vélum", 200 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Tekjur hækka um 65 þús. kr.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaðarhluti ríkissjóðs vex um 57 þús. kr.

d. *Vinnuhælið að Kvíabryggju.* Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 11 þús. kr.

12. *Til byggingar fangahúsa* er lagt til að veita 640 þús. kr. eða jafnháa upphæð og raunverulegt framlag á þessu ári.

13. *Málskostnaður hækkar* um 1.5 millj. kr., en endurgreiddur málskostnaður hækkar um 300 þús. kr.

16. *Laun meðdómsmanna* hækka um 500 þús. kr.

17. *Kostnaður við störf setu- og varadómara* hækkar um 100 þús. kr.

Liðurinn, „til útgáfu íslenzkra dómaskráa", 300 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

21. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* hækkar um 3 055 þús. kr. Gert er ráð fyrir því, að rekstri varðskipsins Sæbjargar verði hætt. Áætlaðar tekjur lækka um 500 þús. kr., m. a. vegna minnkaðrar björgunaraðstoðar við skip og báta.

22. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 400 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

23. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr.

24. *Til húsameistara ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 200 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar undanfarið. Tekjur eru áætlaðar 100 þús. kr. hærri en áður.

25. *Til bindindistarfsemi.* Til áfengisvarnaráðs hækkar um 100 þús. kr. og til Stórstúku Íslands um 50 þús. kr.

26. *Til Templarahallar, byggingarstyrkur,* er lagt til að veita 400 þús. kr. eða jafnháa upphæð og raunverulegt framlag á þessu ári.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 200 þús. kr.

b. *Tollgæzla:*

1. *Í Reykjavík.* Annar kostnaður og aukavinna hækkar samtals um 1455 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum nú. Aukavinna verður sérstakur liður, að upphæð 2.7 millj. kr. Vaktaálag hækkar um 50 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 150 þús. kr. og símakostnaður um 25 þús. kr.

2. *Á Keflavíkurflugvelli.* Fjölgað er um 3 tollverði. Næturvinnuálag hækkar um 156 þús. kr. Einkennisföt hækka um 95 þús. kr. Fæðisstyrkur hækkar um 120 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 70 þús. kr. Aukavinna tollvarða við afgreiðslu flugvéla Loftleiða er nýr liður, að upphæð 1335 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Annar kostnaður hækkar um 350 þús. kr.

II. *Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur* hækkar um 6.5 millj. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar í fjárlögum undanfarið, en auk þess hefur reynzt óhjákvæmilegt að samþykkja allmikla mannafjölgun hjá skattstofunum til þess að auka og efla eftirlit með skattheimtunni.

III. *Kostnaður við fasteignamat* hækkar um 2.5 millj. kr., enda stendur nú vinna við aðalmat fasteigna sem hæst.

IV. *Kostnaður við embættieftirlitsferðir* hækkar um 10 þús. kr.

V. *Innheimtulaun* hækka um 300 þús. kr.

VI. *Innheimtustofnun* hækkar um 402 þús. kr.

Um 11. gr. C.

Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur hækkar um 400 þús. kr. vegna hækkaðs verðlags.

Um 12. gr.

I. *Landlæknisembættið.* Annar kostnaður hækkar um 72 þús. kr., m. a. vegna þess, að ráðgert er að greiða, í fyrsta sinn af þessum lið, kostnað við prentun og útgáfu heilbrigðisskýrslna og læknaskrár, en hann hefur til þessa verið greiddur af fjárveitingu á 11. gr. C. fjárlaga.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum 64 héraðslækna, þar af 8 aðstoðarlækna, eins staðgengils og eins neyðarlæknis, sem er einum héraðslækni fleiri en á yfirstandandi ári. Í hinum nýju læknaskipunarlögum, nr. 43/1965, er mælt fyrir um fjölgun aðstoðarlækna úr 6 í 8, fækkun héraðslæknisumdæma um tvö og stofnun stöðu fyrir neyðarlækni. Í lögunum er einnig kveðið á um greiðslu staðaruppbótar til 20 héraðslækna, er nemi hálfum launum í hlutaðeigandi héraði. Þetta ákvæði veldur 1335 þús. kr. hækkun á þessum lið. Símakostnaður og burðargjöld hækka um 70 þús. kr.

III. *Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð* hækkar um 23 þús. kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli ríkisspítalanna hækkar um 3117 þús. kr. Miðað er við, að daggjöld á Landsspítalanum hækki úr kr. 360 í kr. 400 og daggjöld á hælunum hækki úr kr. 230 í kr. 270, nema á Fávitahælinu í Kópavogi úr kr. 230 í kr. 265.

A. *Landsspítalinn.* Í frumvarpinu eru nú áætluð í einu lagi framlög til Landspítalans, en í núgildandi fjárlögum eru veitt sérstök framlög til rekstrar nýrra deilda í viðbyggingu hans. Fjölgað er um fjóra aðstoðarlækna. Laun annarra starfsmanna hækka um 2884 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 1343 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Aukavinna lækkar um 779 þús. kr. Matvörur og annar kostnaður hækkar um 804 þús. kr. Tekjur hækka um 4876 þús. kr., vegna áætlaðrar hækkunar á daggjöldum.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Gert er ráð fyrir, að í starfsliði verði tveim hjúkrunarnemum færra en nú er. Laun annarra starfsmanna hækka um 649 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 120 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Aukavinna hækkar um 45 þús. kr. Laun starfsmanna á skrifstofu lækka um 66 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Fæðiskostnaður hækkar um 520 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 520 þús. kr. Tekjur hækka um 860 þús. kr.

C. *Heilsuhælið að Vífilsstöðum.* Laun annarra starfsmanna lækka um 1149 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 120 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður. Aukavinna lækkar um 166 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður, og laun starfsmanna á skrifstofu lækka um 44 þús. kr. af sömu ástæðu. Matvörur hækka um 934 þús. kr. Gerð er tillaga, jafnhá framlagi í núgildandi fjárlögum, 1200 þús. kr., til að ljúka greiðslum vegna ketilhúss og sjúkralyftu. Annar kostnaður hækkar um 630 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar hækka um 1865 þús. kr.

D. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Tillögur um framlög til hælisins eru nú sundurliðaðar nánar en í fjárlögum yfirstandandi árs. Matvörur hækka um 110 þús. kr. og annar kostnaður um 550 þús. kr. Tekjur hækka um 1079 þús. kr.

E. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Áætluð laun fyrir þrjá nýja starfsmenn, þ. e. eina sérlærða hjúkrunarkonu og tvo flokksstjóra. Laun annarra starfsmanna hækka um 654 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag lækkar um 120 þús. kr. Aukavinna hækkar um 1472 þús. kr. og matvörur um 1809 þús. kr. Til húsgagna- og áhaldakaupa lækkar um 500 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 2039 þús. kr. og tekjur hækka um 4785 þús. kr.

F. *Fávitahælið í Kópavogi.* Laun annarra starfsmanna hækka um 508 þús. kr. Gæzluvaktir og vaktaálag hækka um 102 þús. kr., aukavinna um 99 þús. kr. Matvörur hækka um 352 þús. kr. og annar kostnaður um 730 þús. kr. Tekjur hækka um 1350 þús. kr.

G. *Fávitahælið í Kópavogi,* ný deild. Gert er ráð fyrir, að ný deild taki til starfa við Fávitahælið í Kópavogi í maí-mánuði á næsta ári. Starfsfólk, sem ráðið verður að þessari nýju deild, er: 1 deildargæzlusystir, 1 gæzlusystir og 4 starfsstúlkur. Rekstrarkostnaður við deildina er áætlaður 801 þús. kr. og tekjur 690 þús. kr.

H. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Laun annarra starfsmanna hækka um 14 þús. kr. og gæzluvaktir og vaktaálag um 78 þús. kr. Aukavinna lækkar um

58 þús. kr. Fæðiskostnaður hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 36 þús. kr. Tekjur hækka um 6 þús. kr.

I. *Ljósmæðraskóli Íslands.* Laun annarra starfsmanna hækka um 40 þús. kr. Áætlað er, að fæðiskostnaður lækki um 95 þús. kr. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinum tekjum, en þær eru áætlaðar 141 þús. kr. í núgildandi fjárlögum.

J. *Blóðbankinn.* Gæzluvaktir og vaktaálag hækkar um 60 þús. kr. Aukavinna lækkar um 51 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr. Tekjur hækka um 150 þús. kr.

V. *Rannsóknarstofa Háskólans.* Gæzluvaktir og vaktaálag hækkar um 24 þús. kr. Aukavinna hækkar um 248 þús. kr. og annar kostnaður um 105 þús. kr. Áætlað er, að tekjur hækki um 735 þús. kr.

VI. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa* skv. lögum lækkar um 2.4 millj. kr. Í fjárlögum yfirstandandi árs er, vegna ákv. l. nr. 41/1964, rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa fyrir síðara misseri s. l. árs og allt árið 1965. Tillagan er nú miðuð við rekstrarstyrk yfirstandandi árs að viðbættum 20%, vegna væntanlegrar fjölgunar sjúkrarúma á árinu og beinnar hækkunar á rekstrarstyrknum.

VII. a. *Rekstrarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík, St. Jósefsspítalans í Hafnarfirði og til St. Franciskusspítalans í Stykkishólmi* hækkar um 675 þús. kr.

b. *Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík* er jafnhár raunverulegu framlagi yfirstandandi árs.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum gegn tvöföldu framlagi* annars staðar að.

a. Gert er ráð fyrir, að hlutur ríkissjóðs í rekstri Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur hækki um 526 þús. kr.

b. Styrkur til heilsuverndarstöðva í öðrum kaupstöðum hækkar um 45 þús. kr.

IX. *Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa,* er 17650 þús. kr. eða 1604 þús. kr. hærri en raunverulegt framlag á yfirstandandi ári.

XI. *Til ónæmisaðgerða* hækkar um 20 þús. kr.

XIII. *Kostnaður, er leiðir af fyrirmælum farsóttalaga nr. 10/1958,* lækkar um 180 þús. kr. þar sem nú mun vera lokið við að greiða kostnað af ráðstöfunum, sem gerðar voru hér á landi vegna bólusóttar í nágrannalöndunum.

XVI. *Til læknisvitjanasjóða samkv. lögum nr. 59/1942* lækkar um 15 þús. kr.

XVII. *Til lækningatækja í fámennum læknishéruðum samkv. lögum nr. 45/1962* lækkar um 160 þús. kr. þar sem fjárveitingar hafa ekki verið notaðar að fullu undanfarið.

XXI. *Umbúðasmiði vegna fatlaðra* hækkar um 12 þús. kr.

XXII. *Styrkur samkvæmt ákvörðun landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis,* lækkar um 100 þús. kr.

XXIV. *Hluti ríkisjóðs af launum ljósmæðra* hækkar um 400 þús. kr., vegna hækkaðra launa ljósmæðra.

XXVIII. *Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar* hækkar um 90 þús. kr.

XXX. *Mjólkureftirlitið.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XXXI. *Kostnaður við matvælarannsóknir samkv. lögum nr. 24/1936* lækkar um 250 þús. kr., þar sem lokið er greiðslu skulda, sem safnazt höfðu, vegna of lágra fjárveitinga áður.

XXXII. *Til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, byggingarstyrkur,* er 320 þús. kr. eða jafnhár raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XXXIII. Í hjúkrunarlögum, sem samþykkt voru á síðasta þingi, er gert ráð fyrir, að þjálfað verði aðstoðarfólk til hjúkrunarstarfa, sem á að geta unnið nokkuð af þeim störfum, sem fulllært hjúkrunarfólk vinnur nú. Er því gerð tillaga um nýjan lið: *Námskeið aðstoðarfólks við hjúkrun* (sbr. l. nr. 42/1965), að fjárhæð 50 þús. kr.

XXXIV. *Kostnaður vegna undirbúnings reglna um meðferð, notkun og eftirlit eiturefna* er nýr liður að fjárhæð 120 þús. kr.

XXXV. *Kostnaður vegna héraðshjúkrunarkvenna og annarrar aðstoðar við hjúkrun í læknislausum héruðum* er nýr liður að fjárhæð 150 þús. kr. Samkvæmt 9. gr. læknaskipunarlaga nr. 43/1965 er heimilt að greiða úr ríkissjóði ⅔ hluta launa allt að sex hjúkrunarkvenna í læknislausum héruðum. Reynslan hefur sýnt, að erfitt er að fá lærðar hjúkrunarkonur til slíkra starfa, en nauðsynlegt að fá hjúkrunaraðstoð. Verður að ráða til þess konur, sem ekki hafa hjúkrunarpróf. Er því gerð tillaga um framangreinda fjárveitingu.

Um 13. gr. A.

Sú breyting verður á tillögum til fjárveitinga samkvæmt þessari grein, að niður fellur *framlag til vegamála samkvæmt 89. gr. vegalaga nr. 71/1963,* að fjárhæð 47 millj. kr. Gert er ráð fyrir því, að afla nýrra tekna til vegaframkvæmda sem þessu nemur með hækkun innflutningsgjalds af benzíni.

Liðurinn til ferjuhalds, 15 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

II. *Til nýbýlavega* lækkar um 40 þús. kr.

Um 13. gr. B.

Tillögur um fjárveitingar samkvæmt þessari grein eru óbreyttar frá núgildandi fjárlögum. Ekki þykir rétt að gera tillögu um breytt framlag til Skipaútgerðar ríkisins, þar sem nefnd, sem hefur með höndum athugun á rekstri útgerðarinnar, hefur ekki lokið störfum.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Gert er ráð fyrir launum þriggja nýrra starfsmanna, þ. e. tveggja verkstjóra og eins yfirverkstjóra. Annar skrifstofukostnaður hækkar um 110 þús. kr.

II. *Laun vitavarða.*

a. Föst laun hækka um 400 þús. kr., m. a. vegna fjölgunar vitavarða á þessu ári og næsta.

b. Aukagæzla og aðstoð hækkar um 50 þús. kr.

III. *Rekstrarkostnaður vitanna.*

a. *Vitaskipið.* Liðurinn hækkar um 1 millj. kr., m. a. sökum fyrirsjáanlegs kostnaðar við fjögurra ára flokkunarviðgerð vitaskipsins, sem framkvæma skal á næsta ári.

b. *Vitarnir.* Liðurinn er, með hliðsjón af rekstrarkostnaði s. l. árs, hækkaður um 800 þús. kr.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna.* Með hliðsjón af niðurstöðu s. l. árs er gerð tillaga um 270 þús. kr. hækkun.

V. *Sjómerki* hækka um 50 þús. kr.

VI. *Til áhalda.* Tillaga er gerð um framlag að fjárhæð 2.4 millj. kr., sem er jafnhá raunverulegu framlagi á s. l. ári.

VII. *Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta.* Lagt er til að veittar verði 15.6 millj. króna í greindu skyni, en það er jafnhátt raunverulegri fjárveitingu yfirstandandi árs.

VIII. *Ferjubryggjur.* Liðurinn er 92 þús. kr. lægri en raunveruleg fjárveiting þessa árs.

IX. *Til hafnarbótasjóðs* er lagt til að veita 3200 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs.

X. *Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda* er áætlað að veita 6.4 millj. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs.

XI. *Greiðslur af hafnarlánum* hækka um 4966 þús. kr.

XII. *Til endurbóta og viðgerða á dýpkunarskipinu Gretti.* Liðurinn er jafnhár raunverulegri fjárveitingu yfirstandandi árs.

Til rannsókna á möguleikum til hafnargerða á stöðum, þar sem engar hafnarnefndir eru starfandi, 400 þús. kr. í fjárlögum yfirstandandi árs, fellur niður.

Kostnaður vegna þátttöku í ráðstefnu P.I.A.N.C., 100 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Aukavinna hækkar um 100 þús. kr. Önnur laun lækka um 45 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 350 þús. kr. Endurgreitt vegna alþjóðaflugþjónustunnar hækkar um 100 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

1. *Flugvallarstjórn.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

2. *Slökkviliðsdeild.* Fjölgað er um tvo slökkviliðsmenn, og hækka laun m. a. þess vegna um 389 þús. kr. Aukavinna lækkar um 200 þús. kr., vaktaálag hækkar um 90 þús. kr. og önnur laun lækka um 150 þús. kr.

3. *Vélaverkstæði.* Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Laun vélvirkja og tímakaupsmanna lækka um 250 þús. kr. Fært á aðra liði breytist til jafns við breytt útgjöld, svo að ekki verður fremur en áður um að ræða beina fjárveitingu úr ríkissjóði, vegna starfrækslu vélaverkstæðisins.

4. *Trésmíðaverkstæði.* Laun trésmiða og aðstoðarmanna lækka um 75 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 25 þús. kr. Fært á aðra liði breytist jafnmikið og útgjöldin, svo að ekki verður nú fremur en áður um að ræða bein útgjöld úr ríkissjóði, vegna þessarar starfsemi.

5. *Rafmagnsverkstæði.* Aukavinna hækkar um 35 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 15 þús. kr. Fært á aðra liði er sem áður jafnhátt rekstrarkostnaði.

6. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Starfsliði er fjölgað um einn bifreiðarstjóra. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Viðhald húsa og flugskýla lækkar um 800 þús. kr. Viðhald vega og flugvallarsvæðis lækkar um 2700 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur.*

1. *Flugvallarstjórn.* Liðurinn annar kostnaður hækkar um 40 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn.* Vaktaálag og aukavinna hækkar um 136 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 79 þús. kr.

3. *Radioþjónusta* hækkar, með hliðsjón af niðurstöðu s. l. árs, um 100 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir:*

1. *Framkvæmdastjórn.* Annar kostnaður lækkar um 85 þús. kr.

2. *Akureyrarflugvöllur.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og önnur laun um 130 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 110 þús. kr.

3. *Sauðárkróksflugvöllur.* Annar kostnaður lækkar um 50 þús. kr.

4. *Egilsstaðaflugvöllur* hækkar um 110 þús. kr.

5. *Vestmannaeyjaflugvöllur* hækkar um 100 þús. kr.

7. *Húsavíkurflugvöllur* hækkar um 30 þús. kr.

8. *Aðrir flugvellir* hækka um 350 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

A. *Framkvæmdastjórn.* Aukavinna hækkar um 48 þús. kr. Liðurinn önnur laun, 60 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

B. *Upplýsingaþjónustan.* Aukavinna hækkar um 60 þús. kr. Önnur laun er nýr liður að fjárhæð 110 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr.

C. *Flugumferðarstjórn:*

1. *Flugumferðarstjórn, Reykjavík.* Aukavinna hækkar um 190 þús. kr. Vaktaálag hækkar um 50 þús. kr., annar kostnaður lækkar um 282 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn, Akureyri.* Aukavinna hækkar um 55 þús. kr. og vaktaálag um 30 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum.* Aukavinna lækkar um 10 þús. kr., vaktaálag hækkar um 20 þús. kr., annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

4. *Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum.* Aukavinna hækkar um 60 þús. kr. og vaktaálag um 10 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

5. *Flugumferðarstjórn, Ísafirði.* Aukavinna hækkar um 50 þús. kr.

6. *Flugumferðarstjórn, Hornafirði.* Aukavinna hækkar um 15 þús. kr.

7. *Flugumferðarstjórn, Norðfirði,* 150 þús. kr., er nýr liður.

D. *Radiodeild:*

3. *Radioverkstæði, Akureyri.* Aukavinna hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr. Fært á aðra liði hækkar til jafns við aukin gjöld.

4. *Radioverkstæði, Egilsstöðum.* Laun hækka um 9 þús. kr. Aukavinna um 25 þús. kr., og annar kostnaður um 45 þús. kr. Fært á aðra liði hækkar til jafns við aukin gjöld.

5. *Rekstur stöðvanna* hækkar um 400 þús. kr.

VI. *Kostnaður við alþjóðaflugmálastofnunina og flugmálaráðstefnur:*

1. *Framlag til ICAO* hækkar um 45 þús. kr.

3. *ICAO-deild.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr., önnur laun um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

VII. *Loftferðaeftirlit.* Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. Bætt er við nýjum lið, önnur laun, að fjárhæð 100 þús. kr. Tekjur hækka um 190 þús. kr.

VIII. *Þjálfun starfsmanna* hækkar um 75 þús. kr.

IX. *Styrkir til námsmanna og starfsemi áhugamanna* hækka um 100 þús. kr.

XI. *Alþjóðaflugþjónustan:*

1. *Flugfjarskiptaþjónustan* hækkar um 1101 þús. kr.

2. *Flugveðurþjónustan* hækkar um 2033 þús. kr.

3. *Flugumferðarstjórn* hækkar um 954 þús. kr.

4. *Sæsímakostnaður* lækkar um 3224 þús. kr. Áætlunin um kostnaðinn, sem tekin var upp í núgildandi fjárlög, miðaðist við það, að alþjóðaflugþjónustan yrði eini leigutaki á sæsímastrengnum milli Íslands og Kanada. Nú er hins vegar búizt við, að Bandaríkin verði áfram leigutaki líka, og verður þá leiga alþjóðaflugþjónustunnar lægri en hún myndi annars verða, þar sem alþjóðaflugþjónustan þarf þá ekki ein að standa undir kostnaðinum við sæsímastrenginn.

XII. *Framlag til ICAO, vegna veðurathugunarskipa á Norður-Atlantshafi* hækkar um 1448 þús. kr., þar sem ráðgert er að greiða á næsta ári helming af hlutfallslegu framlagi Íslands til þessarar stofnunar í stað um 20% áður.

XIII. *Veðurþjónusta á Grænlandi og lóranstöð í Færeyjum* hækkar um 800 þús. kr.

Tekjur af flugvöllum eru áætlaðar:

1. *Af Reykjavíkurflugvelli* lækkar um 500 þús. kr.

2. *Af Keflavíkurflugvelli* hækkar um 1000 þús. kr.

3. *Af öðrum flugvöllum* hækkar um 50 þús. kr.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta.*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Aukavinna hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 99 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 5 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 653 þús. kr. Gert er ráð fyrir að hækka þóknun til veðurathugunarmanna mjög verulega, þar sem svo mikil vandkvæði hafa verið á því að fá menn til veðurathugunarstarfa, að til vandræða hefur horft. Símakostnaður hækkar um 44 þús. kr. og annar kostnaður um 60 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Aukavinna lækkar um 1 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 45 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Aukavinna hækkar um 10 þús. kr., þóknun til veðurathugunarmanna hækkar um 150 þús. kr. og annar kostnaður um 60 þús. kr.

E. *Áhaldadeild.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr., til veðurathugana á hálendi Íslands hækkar um 210 þús. kr. og annar kostnaður um 25 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Aukavinna lækkar um 10 þús. kr., annar kostnaður hækkar um 17 þús. kr. og ýmsar veðurfræðilegar mælingar hækka um 10 þús. kr.

G. *Bóka- og skjalasafn.* Aukavinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

Endurgreitt vegna flugveðurþjónustu hækkar um 183 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Aukavinna og vaktaálag hækkar um 620 þús. kr. Gerð er tillaga um hækkun á þóknun til veðurathugunarmanna, þar sem mikill skortur er á fólki til þeirra starfa. Mælitæki til háloftaathugana hækka um 280 þús. kr., símakostnaður hækkar um 50 þús. kr., annar kostnaður um 242 þús. kr., óbeinn kostnaður samkvæmt samningi um 183 þús. kr., og afborganir og vextir um 12 þús. kr. Útgjöld til veðurþjónustu vegna millilandaflugs færist sem áður á 13. gr. D. XI. 2.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.*

1. *Skrifstofukostnaður.* Aukavinna hækkar um 175 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 50 þús. kr.

2. *Landkynning.* Liðurinn lækkar um 500 þús. kr. miðað við núgildandi fjárlög, þar eð framlag ríkissjóðs í þessu skyni er talið sérstaklega, sbr. 5. lið.

4. *Námskeið fyrir leiðsögumenn og framreiðslumenn* o. fl. er nýr liður að fjárhæð 25 þús. kr.

5. *Ríkisframlag til landkynningar samkvæmt lögum nr. 29/1964* er nýr liður að fjárhæð 500 þús. kr. Tekjur hækka um 800 þús. kr.

II. *Til ferðamála* er nýtt, sundurliðað framlag að fjárhæð 1148 þús. kr., sem kemur í stað liðarins:

Til Ferðamálasjóðs í X. lið 13. gr. F. núgildandi fjárlaga. Þetta framlag er 52 þús. kr. lægra en raunverulegt framlag til Ferðamálasjóðs á þessu ári.

III. *Skipaskoðun ríkisins.* Þóknun til skipaskoðunarmanna, sem ekki eru á föstum launum úr ríkissjóði, hækkar um 50 þús. kr.

Til fræðslumyndar um notkun gúmmíbáta, að fjárhæð 50 þús. kr., fellur niður. Kostnaður við útreikninga á stöðugleika nokkurra íslenzkra fiskiskipa lækkar um 120 þús. kr., og annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

IV. *Stýrimannaskólinn.* Stundakennsla og prófkostnaður hækkar um 148 þús. kr. og húsaleiga um 20 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 125 þús. kr., til námskeiða utan Reykjavíkur um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 22 þús. kr.

VI. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla.* Til stundakennslu hækkar um 90 þús. kr. og annar kostnaður um 24 þús. kr.

VII. *Til landmælinga.* Laun hækka um 135 þús. kr., m. a. vegna nýs kortagerðarmanns við stofnunina. Prentun landabréfa hækkar um 105 þús. kr., annar kostnaður um 75 þús. kr. og til kaupa á útteikningartæki hækkar um 39 þús. kr.

VIII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar.*

1. *Sjómælingar.* Önnur laun er nýr liður að fjárhæð 400 þús. kr. Mælingavinna lækkar um 300 þús. kr. Útgerð sjómælingabáts lækkar um 30 þús. kr., til tækjakaupa um 80 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. Til sjómælingaráðstefnu á Íslandi er nýr liður að fjárhæð 25 þús. kr.

2. *Sjókortagerð.* Önnur laun er nýr liður að fjárhæð 425 þús. kr. Prentun lækkar um 150 þús. kr., efni hækkar um 10 þús. kr., til áhaldakaupa hækkar um

10 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. Tekjur hækka um 100 þús. kr.

XI. *Til umbóta við Geysi,* að fjárhæð 65 þús. kr., er jafnhátt raunverulegri fjárveitingu yfirstandandi árs.

Til lagfæringar og fegrunar á hverasvæðinu í Hveragerði fellur niður.

XII. *Til gisti- og veitingastaðaeftirlits samkv. lögum nr. 53/1963.* Annar kostnaður hækkar um 77 þús. kr.

Til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík, 500 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Hækkun frá yfirstandandi ári er alls kr. 4280 þús. kr. Laun hækka um 2445 þús. kr., m. a. vegna ráðningar ellefu nýrra starfsmanna að skólanum, þ. e. sjö lektora og fjögurra prófessora. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 500 þús. kr., sérstaklega vegna aukins ræstingarkostnaðar. Gerð er tillaga um 430 þús. kr. hækkun á framlagi til tannlækningastofu, en óhjákvæmilegt er að hækka þennan lið, þar eð ákveðið hefur verið að taka framvegis eigi færri en 15 stúdenta árlega til náms í tannlækningum. Til kennslu í lyfjafræði lyfsala hækkar um 30 þús. kr., til verklegrar kennslu í lyfjagerð um 5 þús. kr. Lagt er til að hækka fjárveitingu til stundakennslu um 500 þús. kr., en það er nauðsynlegt sökum breyttra kennsluhátta, vegna nýrra reglugerðarákvæða, einkum um verkfræðideild, viðskiptadeild og heimspekideild. Fasteignagjöld og tryggingar hækka um 50 þús. kr. vegna hækkaðra fasteignagjalda og aukinna bygginga. Prófkostnaður er, með hliðsjón af reynslu næst liðins árs, hækkaður um 100 þús. kr. Kostnaður við íþróttakennslu hækkar vegna loflega aukins íþróttaáhuga í skólanum. Ýmis útgjöld hækka um 100 þús. kr. Niður fellur liðurinn: Rannsóknarstofa í lyfjafræði lyfsala, en hann er 30 þús. kr. í núgildandi fjárlögum. Til rannsóknarstofu í efnafræði hækkar um 50 þús. kr., vegna fjölgunar stúdenta í efnafræði.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Annar kostnaður hækkar um 695 þús. kr. og tekjur hækka um 894 þús. kr.

c. *Orðabók Háskólans.* Að þessu sinni er hér gerð tillaga um framlög til Orðabókar Háskólans, en fjárveitingar til hennar hafa jafnan verið á 14. gr. B. Laun lækka um 58 þús. kr., vegna of hárrar áætlunar áður.

d. *Til Raunvísindastofnunar Háskólans* er nýr liður að fjárhæð 3.0 millj. króna, en niður falla þessir liðir, samtals að fjárhæð 3552 þús. kr.: Til eðlisfræðirannsókna, til norðurljósarannsókna og til reiknistofu háskólans, vegna kaupa á rafeindareiknivél.

III. a. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum* hækkar um 2542 þús. kr., bæði vegna fjölgunar námsmanna og hækkaðs dvalarkostnaðar hérlendis og erlendis. Verulegur hluti framangreindrar hækkunar, þ. e. 2181 þús. kr., rennur til Lánasjóðs íslenzkra námsmanna samkvæmt lögum nr. 52/1961.

b. Fimm ára styrkir hækka um 80 þús. kr.

IV. *Fræðslumálastjóraembættið.* Aukavinna hækkar um 63 þús. kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting lækkar um 39 þús. kr. og ferða- og bifreiðakostnaður hækkar um 20 þús. kr. Símakostnaður, burðargjöld og auglýsingar hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

V. *Menntaskólinn í Reykjavík* hækkar alls um 2510 þús. kr. Laun hækka um 1285 þús. kr., m. a. vegna ráðningar fjögurra nýrra kennara að skólanum og flokkahækkana nokkurra. Stundakennsla hækkar um 735 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 400 þús. kr., m. a. vegna hækkaðs ræstingarkostnaðar og aukins húsrýmis skólans. Prófkostnaður hækkar um 90 þús. kr.

VI. *Menntaskólinn á Akureyri.* Miðað er við, að fastir kennarar skólans verði einum færri en nú. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 160 þús. kr. Húsaleiga er nýr liður, að fjárhæð 250 þús. kr., þar sem í ráði er að leigja Hótel Varðborg á Akur-

eyri til afnota fyrir skólann næsta vetur. Viðhald húsa og áhalda lækkar um 100 þús. kr., til bóka og áhalda hækkar um 75 þús. kr. og til bókasafns nemenda um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

VII. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Stundakennsla hækkar um 144 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 50 þús. kr. Prófkostnaður hækkar um 3 þús. kr., námsstyrkir um 10 þús. kr., námsferðir 2500 kr. og til bókasafns og áhalda um 15 þús. kr. Til bókasafns nemenda hækkar um 5 þús. kr. og viðhaldskostnaður 100 þús. kr.

VIII. *Kennaraskólinn* hækkar alls um 2351 þús. kr. Fjöldi starfsmanna er óbreyttur, en miðað er við, að fulltrúi, sem til þessa hefur starfað hálfan daginn, starfi framvegis allan daginn. Stundakennsla hækkar um 1718 þús. kr. vegna mikillar fjölgunar nemenda í skólanum. Prófkostnaður hækkar um 30 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 70 þús. kr. og námsstyrkir um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

2. *Handíðadeild.* Stundakennsla hækkar um 13 þús. kr., annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr.

IX. *Tækniskólinn.* Tillögur um fjárveitingar eru sundurliðaðar á annan hátt en í núgildandi fjárlögum. Heildarrekstrarkostnaður skólans árið 1966 er áætlaður 2579 þús. kr., en er í fjárlögum yfirstandandi árs veitt til skólans 3252 þús. kr. fyrir tímabilið frá 15. september 1964 til ársloka 1965. Þess ber þó að geta, að í síðargreindu fjárhæðinni er meðtalinn 250 þús. kr. kostnaður við undirbúning að stofnun skólans.

X. *Vélskólinn.* Stundakennsla hækkar um 50 þús. kr. og til verklegrar kennslu um 5 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður um 30 þús. kr.

XI. *Iðnfræðsla.*

1. *Iðnskólinn í Reykjavík.* Laun hækka um 597 þús. kr., m. a. vegna launa þriggja nýrra kennara. Annar kostnaður hækkar um 370 þús. kr.

2. *Til iðnskóla utan Reykjavíkur.* Stundakennsla hækkar um 237 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 278 þús. kr.

3. *Til listiðnaðardeildar handíðaskólans.* Laun hækka um 199 þús. kr., m. a. vegna launa eins nýs kennara. Annar kostnaður lækkar um 20 þús. kr.

XII. *Almenn barnafræðsla.* Framlög til barnafræðslu hækka um 18 839 þús. kr. miðað við raunveruleg fjárframlög á árinu 1965. Fjöldi fastra kennara minnkar um þrjá, þrátt fyrir að ráðið verður í fimmtán nýjar stöður við skólana. Hins vegar fækkar farkennurum um átján. Laun hækka um 7353 þús. kr. Stundakennsla hækkar um 981 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 973 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 3027 þús. kr. Laun ráðskvenna hækka um 230 þús. kr. og ráðskonustyrkir um 200 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum samkvæmt tillögum íþróttafulltrúa hækkar um 450 þús. kr. Niður falla liðirnir: Styrkur til tímaritsins „Menntamál" gegn því, að ritið sé sent öllum skólanefndarmönnum ókeypis og Styrkur til tímaritsins „Heimili og skóli", samtals að fjárhæð 30 þús. kr. Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra hækka um 5654 þús. kr., miðað við raunveruleg framlög á yfirstandandi ári.

XIII. *Gagnfræðamenntun.* Framlög til gagnfræðamenntunar er lagt til að hækka um 13 833 þús. kr., ef miðað er við raunveruleg framlög á þessu ári. Kennurum fjölgar um 17, og hækka laun um 5242 þús. kr. m. a. af þeim sökum. Stundakennsla hækkar um 417 þús. kr. Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla hækkar um 5400 þús. kr. Til lagfæringar á húsnæði heimavistarskóla vegna gistihúsahalds er lagt til að veita 800 þús. kr. eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári. Kostnaður við miðskólapróf hækkar um 25 þús. kr. Prófkostnaður við mótornámskeið Fiskifélags Íslands hækkar um 20 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður skólanna hækkar að frádregnum hækkunum á tekjum um 2708 þús. kr.

XIV. *Stofnkostnaðarframlag vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, er*

fullsmíðaðar voru 1954, er lagt til að verði 560 þús. eða jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XV. *Til lagningar skólpveitu vegna skólanna* er lagt til að veita 400 þús. kr. eða sömu fjárhæð og veitt er á yfirstandandi ári.

Til framkvæmda á Rafnseyri, 500 þús. kr. í gildandi fjárlögum, fellur niður.

XVI. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskólinn.* Stundakennsla og aðstoð hækkar um 17 þús. kr., prófkostnaður um 11 þús. kr., húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 33 þús. kr. og annar kostnaður um 19 þús. kr. Kennsluáhöld hækka um 10 þús. kr., viðhaldskostnaður um 27 þús. kr., æfingakennsla um 10 þús. kr., en námsdvöl að Laugarvatni, sem er 50 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum.* Laun hækka um 272 þús. kr., m. a. vegna þess að ráðinn er fastur kennari að Húsmæðraskólanum á Akureyri. Stundakennsla lækkar um 88 þús. kr., einkum vegna fastráðningar framangreinds kennara. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 141 þús. kr.

XVII. *Hjúkrunarskóli Íslands.* Fæðiskostnaður hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 75 þús. kr. Tekjur hækka um 50 þús. kr.

XVIII. *Til íþróttamála.*

1. *Til íþróttakennaraskóla Íslands.* Stundakennsla hækkar um 10 þús. kr., prófkostnaður um 1000 kr. og ræsting, ljós og hiti um 5 þús. kr. Viðhald á íþróttahúsi hækkar um 75 þús. kr. Gerðar eru tillögur um tvo nýja liði: Viðhaldskostnað íþróttavalla, 25 þús. kr. og kostnað við skólastjórn, 10 þús. kr. Tekjur hækka um 75 þús. kr.

2. *Til íþróttasjóðs* er lagt til að veita 3.4 millj. króna eða jafnhátt framlag og raunverulegt framlag á yfirstandandi ári nemur.

4. *Til íþróttaskóla Sigurðar Greipssonar* lækkar um 1 þús. kr. Niður falla liðirnir: Til Olympíunefndar Íslands vegna Olympíuleikanna 1964, 150 þús. kr. í fjárlögum nú, og til frjálsíþróttasambands Íslands vegna landskeppni, 50 þús. kr. í fjárlögum nú.

8. *Til yfirbyggingar sundlaugar á Siglufirði* er miðað við að veita 240 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XIX. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Lagt er til, með hliðsjón af reynslu s. l. árs, að hækka kaup starfsstúlkna um 110 þús. kr. Til áhaldakaupa hækkar um 75 þús. kr., námsferðir um 2 þús. kr. og styrkur til bókasafns um 1 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 15 þús. kr.

XX. *Skólaheimilið Bjarg, Seltjarnarnesi.* Á s. l. sumri tók til starfa á vegum Hjálpræðishersins, að Bjargi á Seltjarnarnesi, uppeldisheimili fyrir unglingsstúlkur, sem lent hafa á glapstigum. Miðað er við, að greiddir verði úr ríkissjóði ⅘ hlutar daggjalda viststúlkna, sbr. 35. gr. laga nr. 29/1947 og 4. gr. laga nr. 78/1936. Eru því gerðar tillögur um fjárveitingar að upphæð 300 þús. kr. vegna yfirstandandi árs og 700 þús. vegna næsta árs.

XXI. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 100 þús. kr. Niður er felldur liðurinn: *Til Menningar- og fræðslusambands alþýðu,* 5 þús. kr. í fjárlögum nú.

XXIX. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga.* Annar kostnaður hækkar um 37 þús. kr. Tekjur hækka um 48 þús. kr.

XXX. *Til uppeldisheimilis fyrir ungar stúlkur* er lagt til að veita 240 þús. kr. eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

XXXII. *Til styrktar erlendum námsmönnum í íslenzkum skólum, skv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins* hækkar um 126 þús. kr. vegna fjölgunar námsmanna og hækkunar á framfærslukostnaði.

XXXVII. *Námsstjórar barna-, gagnfræða- og húsmæðraskóla.*

a. Annar kostnaður hækkar um 23 þús. kr.

b. *Fræðslustjórinn í Reykjavík.* Annar kostnaður (¼ skrifstofukostnaðar) hækkar um 100 þús. kr.

XXXVIII. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

XXXIX. *Áætlaður hluti ríkissjóðs af kostnaði,* vegna yfirvinnu fastra kennara, eftirvinnu og eyðu í stundaskrá svo og hækkun stundakennarakaups við barna-, iðn- og húsmæðraskóla hækkar um 4.0 millj. króna. Hækkunin stafar einkum af því, að kostnaðarhluti ríkissjóðs var of hátt áætlaður í fjárlögum 1964 eða 10 millj. kr. Um 4 millj. kr. af þeirri fjárveitingu voru ónotaðar um síðustu áramót og voru yfirfærðar til greiðslu á kostnaðarhluta ríkissjóðs á þessu ári.

XL. *Til Ríkisútgáfu námsbóka, ⅓ hluti kostnaðar, gegn ⅔ hlutum af námsbókagjaldi* hækkar um 565 þús. kr., vegna hækkaðs kostnaðar útgáfunnar.

XLI. *Til upptökuheimilis að Elliðahvammi* hækkar um 22 þús. kr.

XLII. *Til eftirlits með skólabyggingum.* Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

XLIII. *Til Blindravinafélags Íslands vegna rekstrar Blindraskólans* hækkar um 18 þús. kr.

XLV. *Styrkur til byggingar félagsheimilis fyrir stúdenta við Háskóla Íslands* er lagt til að verði 800 þús. kr. eða jafnhár raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

XLVII. *Til mötuneytis stúdenta* er nýr liður, að fjárhæð 107 þús. kr., sem er greiðsla á launum ráðskonu mötuneytisins.

Um 14. gr. B.

I. *Landsbókasafnið.* Liðurinn: Til að gera mikrofilmur af handritum, að fjárhæð 35 þús. kr., fellur niður, en gerð er tillaga um nýjan lið: Til efniskaupa vegna myndagerðar, 50 þús. kr. Til endurbóta á landsbókasafnshúsi lækkar um 96 þús. kr., ýmis gjöld hækka um 40 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Til mikrofilmunar á skjölum hækkar um 10 þús. kr., en til ljósritunar kirkjubóka lækkar um 10 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Til aðstoðar, tímavinna, til þess að útvega gripi, til áhalda og aðgerðar safngripa, bóka og ritfanga hækkar um 50 þús. kr. Til rannsókna og ferðalaga hækkar um 15 þús. kr. Til hljómplötusafns hækkar um 10 þús. kr. og til rekstrar og viðhalds húss og lóðar hækkar um 70 þús. kr. Til viðgerðar á skjölum er nýr liður, að fjárhæð 20 þús. kr.

Niður fellur liðurinn: *Til stofnunar skólaminjasafns,* 25 þús. kr.

Liðir nr. IV. og V. í frumvarpi þessu eru þeir sömu og nr. LXXXII. og LXXXIII. í núgildandi fjárlögum.

VI. *Listasafn Íslands.* Þóknun safnráðs lækkar um 12 þús. kr.

VII. *Til listasafns Einars Jónssonar.* Til ljósa og hitunar hækkar um 10 þús. kr. og ýmis kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

IX. *Til byggingar listmálarahúss* er nýr liður, að fjárhæð 139 þús. kr. Í ráði er að reisa hús, sem á að verða íbúð og vinnustofa fyrir listmálara. Fyrirhugað er enn fremur að bjóða Jóhannesi Sv. Kjarval fyrstum afnot af húsinu. Seðlabankinn mun gefa 750 þús. kr. til húsbyggingarinnar, en helming kostnaðarverðs hússins lánar byggingarsjóður Listasafns Íslands með venjulegum vaxtakjörum til 10 ára. Þetta framlag, sem tillagan er gerð um, er ætlað til greiðslu á vöxtum og afborgunum af láni Listasafnsins.

XV. *Til náttúruverndarráðs samkvæmt lögum* hækkar um 50 þús. kr.

XVII. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 23 þús. kr. Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 20 þús. kr. og ýmis gjöld um 75 þús. kr.

XVIII. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 22/1963, um almenningsbókasöfn.*

Til bæjar- og héraðsbókasafna hækkar um 100 þús. kr. og til sveitabókasafna og lestrarfélaga um 160 þús. kr. Til bókasafna skóla og annarra opinberra stofn-

ana hækkar um 30 þús. kr. og til húsabóta almenningsbókasafna um 260 þús. kr., en liðurinn til byggingar bókasafna og lesstofa, 450 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður sem sérstakur liður.

b. Tillaga um styrki til bókasafna og lesstofa, 89 þús. kr., er ekki sundurliðuð eins og áður, heldur er gert ráð fyrir að menntamálaráðuneytið ákveði skiptingu styrksins.

Aðrar tillögur um fjárveitingar samkvæmt þessari grein eru mjög breyttar frá því, sem jafnan hefur verið í fjárlögum. Nú er leitazt við að sameina ýmsa styrki og framlög í heildarfjárframlög og jafnframt lagt til, að menntamálaráðuneytinu eða öðrum aðilum verði falin skipting þeirra. Þá eru ekki heldur gerðar tillögur um fjölmargar smærri fjárveitingar, sem nú eru í fjárlögum. Við gerð tillagna um greindar heildarfjárveitingar hefur verið fylgt þeirri meginreglu, að heildarfjárhæðirnar skyldu ekki vera lægri en samanlagðir styrkir til skyldra málefna eru í núgildandi fjárlögum. Ekki þykir ástæða til að greina sérstaklega frá fjárveitingum á 14. gr. B. núgildandi fjárlaga, sem nú er ekki gerð tillaga um. Þessar breytingar hafa að sjálfsögðu í för með sér mikla röskun á númerum þeirra liða, er eftir standa.

XIX. *Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins* er nýr liður að fjárhæð 1 680 þús. kr.

XXIII. *Til málnefndar:*

a. Til nýyrðasöfnunar og leiðbeininga, er miða að málvernd, hækkar um 31 þús. kr.

c. Til útgáfu „Nýyrða V“ er nýr liður að fjárhæð 136 þús. kr.

XXVIII. *Styrkur til tónlistarstarfsemi samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins:*

Gerð er tillaga um nýtt framlag að fjárhæð 1122 þús. kr. í greindu skyni.

XXXI. *Til Leikfélags Reykjavíkur, sbr. lög nr. 15/1965* er lagt til að veita 200 þús. kr.

XLII. *Styrkur til Myndlistaskólans í Reykjavík* hækkar um 85 þús. kr.

XLIX. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga.*

Námsstyrkur samkv. ákvörðun menntamálaráðuneytisins hækkar um 10 þús. kr.

LIII. *Þjóðgarðurinn á Þingvöllum:*

Laun þjóðgarðsvarðar hækka um 5 þús. kr. Til umbóta og viðhalds hækkar um 8 þús. kr.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið.* Skrifstofukostnaður hækkar um 20 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Miðað er við sama fjölda starfandi sóknarpresta og prófasta á næsta ári. Prestmötuandvirði, úttektarkostnaður á prestssetrum, vextir af seldri prestmötu, jarðabótagreiðslur, girðingar o. fl., sem áður var greitt úr prestlaunasjóði, hækkar um 200 þús. kr.

III. *Til íslenzks prests í Danmörku* lækkar um 160 þús. kr. vegna þess, að af fjárlögum yfirstandandi árs var greiddur rekstrarkostnaður áranna 1964 og 1965.

V. *Til eflingar kirkjusöngs samkv. ráðstöfun söngmálastjóra* hækkar um 55 þús. kr. m. a. til að standa undir auknum útgjöldum Tónskóla þjóðkirkjunnar.

VII. *Kostnaður við kirkjuráð (sbr. 17. gr. laga nr. 43/1957)* lækkar um 10 þús. kr.

VIII. *Kostnaður við kirkjuþing* er nýr liður, að fjárhæð 185 þús. kr., til greiðslu kostnaðar við kirkjuþing, sem háð eru annað hvort ár.

XXII. *Kostnaður við ársfund framkvæmdanefndar Lútherska heimssambandsins lækkar* um 139 þús. kr.

Kostnaður við Skálholtshátíð fellur niður.

XXVI. *Eftirstöðvar af byggingarkostnaði Skálholtskirkju,* 60 þús. kr., er 640 þús. kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

XXVII. *Til byggingar Hallgrímskirkju í Reykjavík,* 800 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi yfirstandandi árs.

XXIX. *Til vatnsveitu í Skálholti* lækkar um 40 þús. kr.

Um 16. gr. A.

1. *Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins* hækkar um 679 þús. kr. vegna hækkandi verðlags og launa.

3. *Til sama, til greiðslu á kostnaði af starfi veiðistjóra.* Annar kostnaður hækkar um 15 þús. kr.

4. *Til búreikningaskrifstofu á vegum Búnaðarfélags Íslands.* Ferðakostnaður, húsaleiga, aðstoð o. fl. hækkar um 30 þús. kr.

5. *Gjöld samkv. jarðræktarlögum:*

A. *Vegna I. kafla laganna:*

Lögboðinn hluti af kaupi héraðsráðunauta hækkar um 530 þús kr., m. a. vegna launa tveggja nýrra héraðsráðunauta.

B. *Vegna II. kafla laganna:*

Jarðræktarframlög hækka um 15560 þús. kr. vegna stóraukinna jarðræktarframkvæmda á árinu 1964 miðað við árið 1963. Til framræslu samkv. 10. gr. II. a. hækkar um 4060 þús. af sömu ástæðu.

C. *Vegna III. kafla laganna:*

Til stjórnar Vélasjóðs, sbr. 18. gr. laganna, hækkar um 50 þús. kr.

7. *Gjöld vegna laga um jarðræktar- og húsgerðarsamþykktir í sveitum:*

Kostnaður við athuganir og mælingar samkv. 5. gr. laganna hækkar um 50 þús. kr. Til kaupa á jarðræktarvélum er lagt til að veita 1.0 millj. kr. eða jafnháa fjárhæð og raunverulegt framlag á yfirstandandi ári.

9. *Til verkfæranefndar ríkisins, enda birti hún árlega skýrslu um störf sín* hækkar um 25 þús. kr.

11. *Til búfjárræktar samkv. lögum nr. 21/1965:*

a. Nautgriparækt hækkar um 90 þús. kr.

b. Sauðfjárrækt hækkar um 68 þús. kr.

c. Hrossarækt 1. Almenn framlög hækka um 40 þús. kr.

d. Til sæðingarstöðva. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 70 þús. kr.

13. *Til Tilraunaráðs búfjárræktar* hækkar um 50 þús. kr.

14. *Til jarðræktartilrauna.* Rekstrarkostnaður hækkar um 100 þús. kr. Stofnkostnaður er áætlaður 640 þús. eða jafnhár raunverulegu framlagi þessa árs.

15. *Framlag samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum:*

c. Samkvæmt 4. gr. 3. Árlegt framlag til Stofnlánadeildar móti 1% álagi á söluvörur landbúnaðarins samkvæmt 4. gr. 2 (áætlað) hækkar um 6500 þús. kr., en áætlað framlag í fjárlögum þessa árs er of lágt.

18. *Til fyrirhleðslna* er lagt til að veita 680 þús. kr., eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á yfirstandandi ári.

19. *Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að* er lagt til að veita 590 þús. kr., þ. e. sömu fjárhæð og raunverulega er veitt í þessu skyni á yfirstandandi ári.

20. *Til sjóvarnargarða* er lagt til að veita 1280 þús. kr., sem er hið sama og raunverulegt framlag á yfirstandandi ári.

21. *Til sandgræðslu:*

Til sandgræðslustöðva og gróðurverndar hækkar um 1.0 millj. kr. með tilliti til væntanlegra útgjalda ríkissjóðs vegna ákvæða laga nr. 17/1965 um landgræðslu. Til nýrra sandgræðslugirðinga er áætlað að veita 1600 þús. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs. Skrifstofukostnaður hækkar um 5 þús. kr. „Til húsbygginga vegna bruna", 200 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður.

23. *Til skógræktar:*
Skrifstofukostnaður hækkar um 50 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum lækka um 106 þús. kr. Til skógræktarfélaga, 640 þús. kr., er sama upphæð og raunverulega var veitt á yfirstandandi ári. Fjárfestingarliðir eru áætlaðir 420 þús. kr., sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

25. *Til Garðyrkjufélags Íslands* hækkar um 10 þús. kr.

26. *Veiðimálaskrifstofan.* Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr.

29. b. *Kostnaður samkv. lögum frá 8. maí 1965, um eyðingu svartbaks,* er nýr liður að fjárhæð 300 þús. kr.

30. *Til dýralækna.* Styrkir til að stunda dýralækningar samkv. 18. gr. dýralæknalaga frá 1947 hækka um 8 þús. kr.

33. *Kostnaður við berklapróf í nautgripum* hækkar um 5 þús. kr.

44. *Kostnaður við sauðfjársjúkdómavarnir.* Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur, aðrar bætur og styrkir lækka um 11850 þús. kr., vegna þess að lokið verður á þessu ári að greiða allháar afurðatjónsbætur til Dalamanna o. fl. Ekki er nú vitað til að greiða þurfi á næsta ári stórfelldar afurðatjónsbætur vegna fjárskipta. Til rannsókna á garnaveiki og mæðiveiki hækkar um 200 þús. kr. Aukafjárveiting við gerð Dalagirðingar o. fl. fellur niður. Flutningskostnaður líflamba haustið 1965 fellur niður. Til greiðslu vaxtamismunar vegna fjárförgunar fellur niður og einnig verðhækkun á líflömbum frá hausti 1963 til hausts 1964. Gerð er tillaga um nýtt framlag, aukafjárveitingu vegna ársins 1964, að fjárhæð 2422 þús. kr., þar sem nokkrir liðir hjá Sauðfjárveikivörnunum reyndust of lágt áætlaðir það ár.

39. *Til nautgriparæktarsambanda vegna stofnunar tilraunabúa til afkvæmarannsókna, þó ekki yfir ⅘ kostnaðar* hækkar um 15 þús. kr.

40. *Til ráðningarstofu landbúnaðarins* hækkar um 20 þús. kr.

41. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum.* Til verklegs náms hækkar um 30 þús. kr., hiti, ljós og ræsting um 50 þús. kr. og til verkfærakaupa hækkar um 65 þús. kr. Til borunar eftir heitu vatni lækkar um 30 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Stundakennsla hækkar um 13 þús. kr., hiti, ljós og ræsting hækkar um 80 þús. kr. og viðhald um 25 þús. kr. Til framhaldsdeildar hækkar um 50 þús. kr., til undirbúnings framhaldsnáms hækkar um 35 þús. kr., til bókasafns um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 15 þús. kr., viðhald skólahúsa um 50 þús. kr. og til jarðborana og hitaveitu hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 5 þús. kr.

42. *Húsmæðraskólar utan kaupstaða:*
Gert er ráð fyrir launum til 31 kennara á næsta ári, sem er einum kennara færra en á þessu ári, þar sem kennari við Húsmæðraskólann á Hallormsstað hættir störfum. Stundakennsla og umsjón hækkar um 195 þús. kr. og viðhald og annar kostnaður hækkar um 204 þús. kr. Orlofs- og forfallakennsla hækkar um 7 þús. kr.
Til byggingar skóla, eldri áfangar, lækkar um 707 þús. kr. Til byggingar skólahúsa og kennarabústaða hækkar um 1700 þús. kr.

44. *Til Kvenfélagasambands Íslands, til greiðslu á launum og lífeyrisjóðsgjaldi ráðunautar* hækkar um 11 þús. kr.

47. *Mat á landbúnaðarvörum.* Laun kjötmatsmanna lækka um 11 þús. kr., laun ullarmatsmanna lækka um 41 þús. kr. og ferðakostnaður hækkar um 5 þús. kr.

48. *Til landþurrkunar í Austur-Landeyjum* er lagt til að verja 50 þús. kr. eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

49. *Til landþurrkunar í Vestur-Landeyjum* er lagt til að veita 65 þús. kr., sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

Til byggingar varnargarða vegna hættu á Kötlugosi og jökulhlaupi í sambandi við það, 900 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

Til Hússtjórnarkennarafélags Íslands vegna þinghalds sumarið 1965. Liðurinn fellur niður.

52. *Til landþurrkunar í Rangárvallahreppi neðan Þverár* er lagt til að veita 40 þús. kr., sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

53. *Vegna hækkunar hlutafjár í Iceland Food Center í London* er nýr liður að fjárhæð 1500 þús. kr. Í 22. gr. fjárlaga 1965 er ríkisstjórninni heimilað að verja allt að 2.5 millj. kr. til aðildar að sölustöð í London fyrir íslenzkar matvörur, fyrst og fremst til að kynna íslenzkar landbúnaðarvörur. Á ríkið helming hlutafjár í fyrirtæki þessu. Nú hefur komið í ljós, að stofnkostnaður verður mun meiri en áætlað var. Er gert ráð fyrir að hluthafar auki hlutafé sitt í réttu hlutfalli við stofnfjáreign, svo að auðið verði að koma fyrirtækinu í gang.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* lækkar um 2512 þús. kr., sem stafar af því, að Rannsóknarstofa Fiskifélagsins hefur verið gerð að sérstakri stofnun, er nefnist Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, og er áætlun fyrir hana á 16. gr. E. I. 3. í frumvarpinu.

3. *Til alþjóðahafrannsókna* hækkar um 40 þús. kr.

4. *Til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins* hækkar um 35 þús. kr. vegna launahækkana.

5. *Til haf- og fiskirannsókna* hækkar um 600 þús. kr. vegna rannsókna á vorgotssíld.

8. *Til aflatryggingasjóðs* hækkar um 1500 þús. kr. vegna vaxandi útflutnings.

10. *Til Fiskveiðasjóðs Íslands samkv. 3. gr. laga nr. 1/1964* hækkar um 1700 þús. kr.

11. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

a. *Fiskmat.* Skrifstofukostnaður hækkar um 35 þús. kr., kostnaður við námskeið fiskmatsmanna um 30 þús. kr., ferðakostnaður um 100 þús. kr. og annar kostnaður um 42 þús. kr.

b. *Síldarmat.* Tímakaup matsmanna hækkar um 33 þús. kr., og annar kostnaður um 38 þús. kr.

Tekjur eru, með hliðsjón af reynslu s. l. árs, áætlaðar um 200 þús. kr. lægri en í núgildandi fjárlögum.

13. *Til eftirlits með hvalvinnslustöðvum* hækkar um 4 þús. kr.

15. *Til greiðslu kostnaðar við athugun á hávaða frá aflskrúfum fiskiskipa.* Liðurinn fellur niður.

Um 16. gr. C.

2. *Til iðnaðarmálastofnunar Íslands.* Framlagið er nú sundurgreint í laun og annan kostnað, og hækkar um 203 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

7. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Reykjavík, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að*, 1780 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

8. *Styrkur til byggingar iðnskóla á Akureyri*, 750 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi þessa árs.

9. *Styrkur til byggingar iðnskóla í Hafnarfirði*, 900 þús. kr., er jafnhátt raunverulegu framlagi fjárlaga þessa árs.

11. *Til vörusýninga og vörukynninga erlendis* hækkar um 43 þús. kr.

12. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Þóknun til skoðunarmanna, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 2 þús. kr. Til kaupa á hávaðamæli fellur niður. Tekjur hækka til jafns við hækkuð gjöld.

13. *Kostnaður við öryggisráð* hækkar um 10 þús. kr.

15. *Til verkstjóranámskeiða* hækkar um 50 þús. kr.

Um 16. gr. D.

I. *Stjórn raforkumála.* Annar kostnaður lækkar um 2 þús. kr.

II. *Til undirbúnings rannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir.* Skrifstofukostnaður hækkar um 164 þús. kr. Mælingar og áætlunargerð lækka um 1419 þús. kr., þar sem ákvörðun um virkjun við Búrfell þrengir nokkuð það svið, sem framkvæma þarf virkjunarrannsóknir á, suðvestanlands. Tekjur úr Raforkusjóði lækka til jafns við lækkun á útgjöldum í þessu skyni, eða um 1.0 millj. króna.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins. Gjöld:* Rekstrarkostnaður veitna hækkar um 8.6 millj. kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar. Til aukningar er áætlað að veita 90 millj. kr., sem er 16 millj. króna lægra en í gildandi fjárlögum. Stærstu liðirnir í þessari fjárhæð eru eftirfarandi: Aukningar á veitum í rekstri, endurbygging gamalla bæjarkerfa, undirbúningur verka eftir 1966, endurnýjun bifreiða o. fl. um 33 millj. króna, nýjar sveitaveitur fyrir 28 millj. króna og dieselrafstöðvar fyrir rafmagnsveiturnar áætlað um 29 millj. króna.

Rekstrartekjur veitnanna eru áætlaðar 160.8 millj. kr. eða jafnháar gjöldum, sem er 45.8 millj. kr. hærra en þær eru áætlaðar í fjárlögum þessa árs. Framlag til greiðslu á rekstrarhalla veitnanna, 40 millj. kr. í fjárlögum nú, fellur því niður. Gert er ráð fyrir að sjá veitunum fyrir tekjuauka sem þessu nemur.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Skrifstofukostnaður lækkar um 200 þús. kr., ferðakostnaður hækkar um 195 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 152 þús. kr.

Tekjur. Gert er ráð fyrir, að árgjöld rafveitna hækki um 200 þús. kr. og vextir hækki um 10 þús. kr.

XI. *Jarðhitadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um 460 þús. kr. og annar rannsóknarkostnaður um 1296 þús. kr. Áhaldakostnaður hækkar um 200 þús. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora lækkar um 6650 þús. kr., vegna endurskipulagningar og fyrirhugaðra breytinga á starfsemi jarðhitadeildarinnar.

Tekjur: Seld verk hækka um 2.8 millj. kr. Lánsfé, sem er 6989 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður.

XII. *Til rafvæðingar í sveitum* kemur í stað liðarins: „Til nýrra raforkuframkvæmda" í fjárlögum nú. Lagt er til að veita sömu upphæð og raunverulega var veitt í þessu skyni í ár.

Um 16. gr. E.

I. *Rannsóknastofnanir:*

1. *Rannsóknastofnun iðnaðarins* er ný stofnun, sem kemur í stað Iðnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans samkv. lögum frá síðasta þingi. Laun hækka um 280 þús. kr. m. a. vegna fjölgunar í starfsliði um einn ritara. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 100 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um 100 þús. kr.

2. *Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins* tekur við starfsemi Byggingadeildar Atvinnudeildar Háskólans. Laun hækka um 315 þús. kr. m. a. vegna ráðningar nýs arkitekts. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

3. *Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins* kemur í stað Rannsóknastofnunar Fiskifélags Íslands. Til kaupa á nýju tæki er lagt til að veita 320 þús. kr. og annar kostnaður 2500 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 1600 þús. kr.

4. *Hafrannsóknastofnunin* tekur við starfsemi Fiskideildar Atvinnudeildar Háskólans. Fjöldi starfsmanna er áætlaður óbreyttur. Annar kostnaður hækkar um 300 þús. kr.

5. *Rannsóknastofnun landbúnaðarins* tekur við starfsemi Búnaðardeildar Atvinnudeildar Háskólans. Gert er ráð fyrir launum eins nýs ritara. Annar kostnaður hækkar um 855 þús. kr. Liðurinn „Kortlagning jarðvegs", sem er 125 þús. kr. í núgildandi fjárlögum, fellur niður. Gróðurkortagerð afréttarlanda lækkar um 25 þús. kr.

Liðirnir: Til uppgræðslutilrauna á hálendinu, til ullarrannsókna og til rannsókna á lifnaðarháttum gæsa falla niður.

g. Fjárræktarbú á Hesti. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr. Gert er ráð fyrir að tekjur aukist um 350 þús. kr. vegna bústofnsaukningar, sem orðið hefur á liðnum árum.

h. Tilraunastöðin á Korpúlfsstöðum. Laun hækka um 32 þús. kr. Stofnkostnaður lækkar um 20 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

6. *Sameiginleg skrifstofa rannsóknastofnananna* kemur í stað liðarins: *Sameiginlegur kostnaður* hjá Atvinnudeild Háskólans. Laun lækka um 87 þús. kr. vegna þess, að tveir ritarar skrifstofunnar munu starfa framvegis hjá rannsóknastofnunum iðnaðarins og landbúnaðarins. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 560 þús. kr. Til viðhalds húss hækkar um 30 þús. kr. og annar kostnaður um 290 þús. kr. Niður falla liðir, sem eru í núgildandi fjárlögum: Til kaupa á símstöð og til endurbóta á efnagreiningasal samtals að fjárhæð 600 þús. kr.

II. *Til rannsóknaráðs.* Annar kostnaður hækkar um 90 þús. kr. Niður fellur liðurinn: „Framlög til rannsókna skv. ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum rannsóknaráðs". Gerðar eru tillögur um tvo nýja liði: „Til að koma á fót upplýsingaþjónustu" 200 þús. kr. og „til greiðslu skuldar við Sölunefnd varnarliðseigna vegna bifreiðakaupa" 55 þús. kr.

III. *Löggildingarstofan.* Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og sveitaþorpa.* Ferðakostnaður við eftirlit er með hliðsjón af reynslu s. l. árs hækkaður um 100 þús. kr. Hluttaka ríkissjóðs í kostnaði sveitarfélaga skv. ákv. 34. gr. 2. mgr. skipulagslaga hækkar um 106 þús. kr. Niður fellur liðurinn: „Til skipulags miðsvæðis í Kópavogi", 75 þús. kr. í fjárlögum nú. Annar kostnaður hækkar um 55 þús. kr. Tekjur hækka til jafns við hækkuð gjöld.

2. *Til Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar um 25 þús. kr.

3. *Til vatnsveitna samkvæmt lögum* er lagt til að veita 1600 þús. kr. eða jafnháa upphæð og raunverulegt framlag í ár.

4. *Til vatnsöflunar fyrir Kelduhverfi* er nýr liður að fjárhæð 70 þús. kr.

Niður falla þessir liðir í núgildandi fjárlögum: *„Til vatnsöflunar fyrir Leirá í Melasveit, býlin Furubrekku og Foss, Arnarstapabýli og fyrir Vestmannaeyjar,"* sem eru samtals að fjárhæð 215 þús. kr.

5. *Til aðstoðar ríkisins við landakaup kaupstaða og kauptúna* er lagt til að veita 2.4 millj. króna eða jafnmikið fé og raunverulegt framlag þessa árs nemur.

6. *Til Egilsstaðakauptúns samkv. lögum nr. 58/1957* lækkar um 520 þús. kr. Samkvæmt lögum nr. 58/1957, um Egilsstaðakauptún, ber ríkisstjórninni að koma upp gatnakerfi og skolpveitu í Egilsstaðakauptúni. Samkvæmt áætlunum þeim, sem gerðar hafa verið um kostnað við skolpveituna, á þessa árs fjárveiting að nægja til að ljúka henni. Lagt er til, að veittar verði á næsta ári 80 þús. kr. til vegagerðar í Egilsstaðakauptúni.

II. *Húsnæðismál:*

1. a. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.*

b. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis, sbr. 4. gr. laga nr. 56/1962, er lagt til að veita 20 millj. króna eða sömu fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

2. *Framlag til byggingarsjóðs verkamanna* er lagt til, að verði 6.4 millj. króna, sem er sama fjárhæð og raunverulega er veitt á þessu ári.

3. *Húsaleigueftirlit* lækkar um 20 þús. kr.

5. *Til húsnæðismála skv. 4. gr. laga nr. 19/1965* er nýr liður að fjárhæð 40.0 millj. króna.

Miðað er við, að Húsnæðismálastofnun ríkisins fái í samræmi við ákv. 4. gr. l. nr. 19/1965 40.0 millj. króna tekjur af eignarskatti.

III. *Vinnumál.*

1. *Félagsdómur.* Til útgáfu V. bindis dóma Félagsdóms hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

3. *Sáttanefndir í vinnudeilum* hækkar um 150 þús. kr.

Til Iðnnemasambands Íslands, 50 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

7. *Til orlofsheimila verkalýðssamtaka* er lagt til að veita 1.6 millj. kr., sem er jafnhátt raunverulegu framlagi á yfirstandandi ári.

	Forstöðumaður	1	22.	kr.	190 350
	Kortagerðamenn	2	12.	—	218 655
		3		kr.	409 005
	Til sjómælinga og sjókortagerðar:				
	Forstöðumaður (¼)			kr.	55 890
	Sjókortagerðamaður	1	14.	—	125 150
		1		kr.	181 040

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
13. F.	**Gisti- og veitingahúsaeftirlit:**				
	Forstöðumaður	1	19.	kr.	162 144
		1		kr.	162 144
14. A. I.	**Kennslumál:**				
	Háskólinn:				
	Rektor	1	28.	kr.	262 452
	Prófessorar	40.5	26.	—	9 397 908
	Prófessor	1	U.	—	74 620
	Háskólabókavörður	1	26.	—	235 836
	Tannlæknir	1	26.	—	223 560
	Dósent	1	24.	—	211 836
	Háskólaritari	1	24.	—	200 904
	Lektorar	2	22.	—	324 288
	Bókavörður	1	20.	—	145 656
	Fimleikakennari	1	21.	—	180 468
	Fulltrúi	1	17.	—	145 008
	Tanntæknifræðingur	1	17.	—	145 008
	Dósentar	24	U.	—	1 790 880
	Lektorar	10	U.	—	426 400
	Sendikennarar	6	U.	—	255 840
	Tannlæknir	1	U.	—	74 620
	Bókari	1	11.	—	114 684
	Húsvörður	1	7.	—	91 884
	Ritari	1	9.	—	93 940
		96.5		kr.	14 395 792
	Handritastofnun Íslands:				
	Forstöðumaður	1	26.	kr.	235 836
	Sérfræðingar	2	21.	—	360 936
	Styrkþegar	3	U.	—	329 403
	Ritari	1	9.	—	96 556
		7		kr.	1 022 731
	Tilraunastöð Háskólans á Keldum:				
	Forstöðumaður (½)	1		kr.	111 780
	Efnafræðingur	1	23.	—	200 904
	Sérfræðingur og læknar (1 + 2) ..	3	23., 24.	—	609 089
	Aðstoðarmenn (1+4+1)	6	10., 12., 14.	—	669 360
	Féhirðir	1	14.	—	128 916
	Bústjóri	1	15.	—	134 064
	Vefjarannsóknamaður	1	16.	—	139 464
		14		kr.	1 993 577
14. A. IV.	**Fræðslumálaskrifstofan:**				
	Fræðslumálastjóri	1	27.	kr.	248 750
	Íþróttafulltrúi	1	22.	—	190 350

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. IV.	Fulltrúar (2+1+2)	5	17., 20., 21.	kr.	803 717
	Ritarar	2	6., 11.	—	204 940
	Bókari	1	11.	—	101 897
	Bókafulltrúi	1	20.	—	171 104
		11		kr.	1 720 758
14. A. V.	**Menntaskólinn í Reykjavík:**				
	Rektor	1	26.	kr.	235 836
	Kennarar (15+23)	38	20., 21.	—	6 288 912
	Húsvörður	1	7.	—	88 452
	Fulltrúi	1	14.	—	119 172
		41		kr.	6 732 372
14. A. VI.	**Menntaskólinn á Akureyri:**				
	Skólameistari	1	26.	kr.	235 836
	Kennarar (1+8+5)	14	18., 20., 21.	—	2 342 120
	Húsvörður	1	7.	—	99 390
		16		kr.	2 677 346
14. A. VII.	**Menntaskólinn á Laugarvatni:**				
	Skólameistari	1	26.	kr.	235 836
	Kennarar (5+1)	6	20., 21.	—	989 336
		7		kr.	1 225 172
14. A. VIII.	**Kennaraskólinn:**				
	Skólastjóri	1	26.	kr.	235 836
	Kennarar	23	15.—21.	—	3 662 988
	Húsvörður	1	7.	—	99 984
	Fulltrúi	1	12.	—	103 256
	Húsvarzla			—	19 680
		26		kr.	4 121 744
	Handavinnudeild:				
	Kennarar	3	21.	kr.	541 404
		3		kr.	541 404
14. A. IX.	**Tækniskólinn:**				
	Skólastjóri	1	25.	kr.	223 560
	Kennarar	2	20.	—	324 288
		3		kr.	547 848
14. A. X.	**Vélskólinn í Reykjavík:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	200 904
	Kennarar	4	17., 18., 19.	—	597 420
		5		kr.	798 324

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
14. A. XI.	**Iðnskólar:**			
	Iðnskólinn í Reykjavík	26	16.—24.	kr. 3 532 300
	Iðnskólar utan Reykjavíkur	11	16.—20.	— 1 450 000
	Orlofs- og forfallakennsla	1		— 122 000
		38		kr. 5 104 300
	Listiðnaðardeild Handíðaskólans:			
	Skólastjóri	1	22.	kr. 190 344
	Kennarar	2	18.	— 269 656
		3		kr. 460 000
14. A. XII.	**Almenn barnafræðsla:**			
	1. Skólastjórar og kennarar í Reykjavík	302	15.—24.	kr. 37 219 900
	2. Skólastjóri og kennarar á Akranesi	23	12.—22.	— 2 609 600
	3. Skólastjóri og kennarar á Ísafirði	15	12.—20.	— 1 399 300
	4. Skólastjóri og kennarar á Sauðárkróki	7	12.—18.	— 703 500
	5. Skólastjóri og kennarar á Siglufirði	12	12.—20.	— 1 269 800
	6. Skólastjóri og kennarar á Ólafsfirði	5	12.—18.	— 594 600
	7. Skólastjórar og kennarar á Akureyri	43	12.—23.	— 4 956 400
	8. Skólastjóri og kennarar á Húsavík	8	15.—20.	— 876 500
	9. Skólastjóri og kennarar á Seyðisfirði	5	15.—20.	— 675 700
	10. Skólastjóri og kennarar í Neskaupstað	7	12.—20.	— 935 000
	11. Skólastjóri og kennarar í Vestmannaeyjum	21	12.—22.	— 2 234 000
	12. Skólastjóri og kennarar í Keflavík	25	12.—23.	— 2 954 700
	13. Skólastjórar og kennarar í Hafnarfirði	38	15.—24.	— 4 288 800
	14. Skólastjórar og kennarar í Kópavogi	47	12.—23.	— 5 432 700
	15. Skólastjórar og kennarar í föstum skólum utan kaupstaða	343	12.—23.	— 41 090 770
	16. Farskólakennarar	40	12.—16.	— 2 895 000
	17. Forfalla- og orlofskennarar ..	14		— 1 540 000
	18. Laun vegna tví- og þrískipunar			— 650 000
	19. Laun ráðskvenna			— 2 550 000
		955		kr. 114 876 270

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Laun
14. A. XIII.	**Gagnfræðamenntun:**			
	1. Eiðaskóli	8	16.—24.	kr. 1 169 376
	2. Reykholtsskóli	6	16.—24.	— 921 700
	3. Núpsskóli	6	16.—24.	— 972 300
	4. Reykjanesskóli	7	16.—24.	— 805 600
	5. Reykjaskóli	6	16.—24.	— 869 300
	6. Laugaskóli	8	16.—24.	— 1 161 500
	7. Skógaskóli	6	16.—24.	— 919 800
	8. Laugarvatnsskóli	6	18.—24.	— 1 002 000
	9. Gagnfræðaskólar í Reykjavík	243	16.—24.	— 32 082 200
	10. Gagnfræðaskólinn á Akranesi	15	16.—23.	— 1 939 000
	11. Gagnfræðaskólinn á Ísafirði	12	16.—21.	— 1 392 700
	12. Gagnfræðaskólinn á Siglufirði	11	16.—21.	— 1 325 600
	13. Gagnfræðaskólinn á Akureyri	29	16.—24.	— 3 900 600
	14. Gagnfræðaskólinn á Húsavík	7	16.—20.	— 856 300
	15. Gagnfræðaskólinn í Neskaupst.	5	16.—20.	— 656 700
	16. Gagnfræðask. í Vestm.eyjum	15	16.—23.	— 1 814 900
	17. Gagnfræðask. á Selfossi	7	16.—21.	— 867 400
	18. Gagnfræðask. á Seltjarnarn.	6	16.	— 711 000
	19. Gagnfræðaskólinn í Keflavík	18	16.—23.	— 2 217 600
	20. Gagnfræðaskólinn í Hafnarf.	22	16.—24.	— 2 809 400
	21. Gagnfræðaskólinn í Kópavogi	22	16.—24.	— 2 865 300
	22. Miðskólinn í Borgarnesi	3	16.	— 378 300
	23. Miðskólinn í Stykkishólmi	4	16.	— 451 200
	24. Miðskólinn á Blönduósi	3	16.	— 378 300
	25. Miðskólinn á Skagaströnd	3	16.—19.	— 391 900
	26. Miðskólinn á Sauðárkróki	5	16.—20.	— 653 500
	27. Miðskólinn í Ólafsfirði	3	16.—20.	— 387 900
	28. Miðskólinn í Dalvík	3	16.—18.	— 341 800
	29. Miðskólinn í Hveragerði	4	16.—18.	— 438 000
	30. Miðskólinn á Brúarlandi	4	16.—18.	— 395 300
	31. Unglingaskólar	36	16., 17.	— 3 668 600
	32. Forfalla- og orlofskennarar	12		— 1 322 320
	33. Laun fyrir tví- og þrískiptingu			— 680 000
	34. Hjúkrunarkona á Laugarvatni			— 124 044
		545		kr. 70 871 440
14. A. XVII.	**Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum:**			
	1. Húsmæðrakennaraskólinn	3	18.—22.	kr. 491 952
	2. Húsmæðraskólinn í Reykjavík	7	16.—20.	— 1 000 000
	3. Húsmæðraskólinn á Ísafirði	4	16.—20.	— 570 000
	4. Húsmæðraskólinn á Akureyri	1	16.	— 122 900
	5. Orlofs- og forfallakennari	1		— 122 406
		16		kr. 2 307 258
14. A. XVIII.	**Hjúkrunarskóli Íslands:**			
	Skólastjóri	1	22.	kr. 190 344
	Kennarar	6	16.	— 758 880
	Hjúkrunarkona	1	13.	— 114 684

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. A. XVIII.	Kaup hjúkrunarnema		U.	kr.	900 000
	Umsjónarkona	1	5.	—	88 452
	Starfsstúlka	1	U.	—	84 684
	Hús- og símaverðir	5	5.	—	425 160
	Yfirsaumakona og saumakona	2	6., 5.	—	176 916
	Stundakennsla lækna og sérfr.			—	300 000
	Sumarleyfi, forfallavinna og álag			—	401 042
		17		kr.	3 440 162
14. A. XIX.	**Íþróttakennaraskólinn**	2	18., 22.	kr.	329 808
14. A. XX.	**Heyrnleysingjaskólinn**	5	16.—22.	—	725 572
14. A. XLI.	**Námsstjórar**	10.5	22.	—	1 998 624
	Fræðslustjórinn í Rvík (½ laun)		22.	—	95 172
14. A. XLII.	**Endurskoðun skólakostnaðar**	5	8.—25.	—	759 392
14. A. XLIV.	**Eftirlitsm. með skólabyggingum**	1	18.	—	145 008
14. B. I.	**Landsbókasafnið:**				
	Landsbókavörður	1	26.	kr.	235 836
	Bókaverðir (1 + 6 + 1)	8	19., 20., 21.	—	1 360 296
	Bókbandsmeistari	1	14.	—	128 916
	Umsjónarmaður með myndagerð	1	14.	—	113 684
	Ritari	1	9.	—	105 984
	Ráðunautur	1	U.	—	30 000
		13		kr.	1 974 716
14. B. II.	**Þjóðskjalasafnið:**				
	Þjóðskjalavörður	1	26.	kr.	235 836
	Skjalaverðir	4	20.	—	675 468
	Æviskrárritari	1	20.	—	171 108
	Bókari	1	9.	—	100 247
	Skjalaviðgerðarmaður	1	18.	—	150 804
		8		kr.	1 333 463
14. B. III.	**Þjóðminjasafnið:**				
	Þjóðminjavörður	1	26.	kr.	235 836
	Safnverðir (1+3)	4	19., 20.	—	645 078
	Aðstoðarmaður	1	9.	—	94 248
		6		kr.	975 162
14. B. V.	**Listasafn Íslands:**				
	Safnvörður	1	24.	—	211 863
	5 safnráðsmenn			—	73 560
		1		kr.	285 423

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
14. B. VI.	**Fræðslumyndasafn:**				
	Forstöðumaður	1	19.	kr.	162 144
	Safnvörður	1	17.	—	124 832
		2		kr.	286 976
14. B. VII.	**Náttúrugripasafnið:**				
	Forstöðumaður	1	26.	kr.	253 836
	Deildarstjórar	2	23.	—	391 248
	Sérfræðingar	3		—	551 796
	Hamskeri	1	14.	—	128 916
	Aðstoðarmenn	2	9.	—	192 192
		9		kr.	1 517 988
14. B. XIII.	**Safnahúsið:**				
	Húsvörður	1	7.	kr.	99 398
		1		kr.	99 398
14. B. XV.	**Orðabók Háskólans:**				
	Forstöðumaður	1	26.	kr.	235 836
	Starfsmenn	3	21.	—	532 044
		4		kr.	767 880
14. B. VL.	**Tónlistarskólinn í Reykjavík:**				
	Skólastjóri	1	22.	kr.	185 406
	Kennarar	4	18.	—	597 420
		5		kr.	782 826
15. I.	**Kirkjumál:**				
	Biskupsembættið:				
	Biskup	1	28.	kr.	262 452
	Biskupsritari	1	22.	—	190 344
	Bókari	1	11.	—	114 684
		3		kr.	567 480
15. II.	Embætti sóknarpresta og prófasta	126	21.—23.	kr.	22 344 000
		126		kr.	22 344 000
15. III.	**Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:**				
	Söngmálastjóri	1	21.	kr.	180 468
		1		kr.	180 468

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. A. 21.	**Sandgræðslan:**				
	Sandgræðslustjóri	1	24.	kr.	211 836
	Ráðsmaður og umsjónarmaður	2		—	217 000
		3		kr.	428 836
16. A. 23.	**Skógræktin:**				
	Skógræktarstjóri	1	26.	kr.	235 836
	Skógfræðingar	4	22.	—	748 208
	Skógarverðir (3 á ½ launum)	7	13.	—	654 528
		12		kr.	1 638 572
16. A. 26.	**Veiðimálastofnunin:**				
	Veiðimálastjóri	1	25.	kr.	223 560
	Fulltrúi	1	14.	—	128 916
	Aðstoðarmaður	1	10.	—	94 248
		3		kr.	446 724
16. A. 30.	**Dýralæknar:**				
	Yfirdýralæknir	1	26.	kr.	235 836
	Héraðsdýralæknar	15	16.—19.	—	2 080 998
		16		kr.	2 316 834
16. A. 41.a.	**Bændaskólinn á Hólum:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	200 904
	Kennarar (1 + 3)	4	16., 19.	—	612 060
		5		kr.	812 964
16. A. 41.b.	**Bændaskólinn á Hvanneyri:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	200 904
	Kennarar (1 + 1 + 3)	5	16., 18., 19.	—	743 830
		6		kr.	944 734
16. A. 41.c.	**Garðyrkjuskólinn á Reykjum:**				
	Skólastjóri	1	23.	kr.	200 904
	Kennari	1	19.	—	162 144
		2		kr.	363 048
16. A. 42.	**Húsmæðraskólar:**				
	a. Húsmæðraskólinn, Varmalandi	4	16., 18., 20.	kr.	565 000
	b. Húsmæðraskólinn, Staðarfelli	3	16., 20.	—	372 000
	c. Húsmæðraskólinn, Blönduósi	5	13., 16., 18., 20.	—	680 000
	d. Húsmæðraskólinn, Löngumýri	4	16., 18., 20.	—	590 000
	e. Húsmæðraskólinn, Laugalandi	4	16., 18., 20.	—	550 000
	f. Húsmæðraskólinn, Laugum	4	16., 18., 20.	—	560 000

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. A. 42.	g. Húsmæðraskólinn, Hallormsstað	3	13., 16., 18.	kr.	380 000
	h. Húsmæðraskólinn, Laugarvatni	3	16., 20.	—	410 000
	i. Orlofs- og forfallakennarar ...	1		—	128 916
		31		kr.	4 235 916
16. B.	**Fiskmat:**				
	Fiskmatsstjóri	1	25.	kr.	223 560
	Fulltrúi	1	14.	—	114 684
	Yfirfiskmatsmenn (9 + 3)	12	16., 17.	—	1 653 288
	Ritarar	2	4., 6.	—	157 260
		16		kr.	2 148 792
16. C.	**Öryggiseftirlit:**				
	Öryggismálastjóri	1	26.	kr.	235 836
	Öryggiseftirlitsmenn	2	18., 22.	—	329 808
	Skoðunarmenn	3	15.	—	373 188
	Bókari	1	11.	—	114 684
		7		kr.	1 053 516
16. D.	**Raforkumál:**				
	Skrifstofa raforkumálastjóra:				
	Raforkumálastjóri	1	27.	kr.	248 748
	Skrifstofustjóri	1	24.	—	211 836
	Fulltrúi	1	21.	—	180 468
	Aðalbókari	1	17.	—	145 008
	Aðalgjaldkeri	1	17.	—	145 008
	Bókarar	4	8.	—	362 208
	Undirdeildarstjóri	1	20.	—	171 108
	Fulltrúar (3 + 1)	4	14., 17.	—	531 756
	Ritarar og símastúlka	4	4., 7., 9.	—	360 120
	Skjalavörður	1	11.	—	101 892
	Sendisveinn	1	U.	—	63 276
		20		kr.	2 521 428
	÷ Flutt á aðrar deildir			—	2 272 680
		20		kr.	248 748
	Orkudeild:				
	Yfirverkfræðingur	1	25.	kr.	211 836
	Fulltrúar (1 + 2)	3	17., 21.	—	505 944
	Verkfræðingar	3	22.	—	541 404
	Teiknarar	2	7., 10.	—	194 436
	Vatnamælingamaður	1	14.	—	124 044
	Jarðfræðingur	1	22.	—	180 468
	Forstöðumaður vatnamælinga	1	22.	—	190 344
	Forstöðumaður teiknistofu	1	15.	—	134 064
	Flutt af aðalskrifstofu			—	216 000
		13		kr.	2 298 540

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. D.	**Rafmagnseftirlit ríkisins:**				
	Rafmagnseftirlitsstjóri	1	25.	kr.	223 560
	Eftirlitsmenn	7	14.	—	878 052
	Fulltrúi	1	14.	—	128 916
	Ritarar (1 + 2)	3	4., 6.	—	241 644
	Verkfræðingur	1	22.	—	180 468
	Flutt af aðalskrifstofu			—	80 000
		13		kr.	1 732 640
	Jarðhitadeild:				
	Yfirverkfræðingur	1	25.	kr.	211 836
	Deildarverkfræðingar	2	24.	—	423 672
	Eðlisfræðingur	1	22.	—	171 108
	Jarðfræðingur	1	22.	—	180 468
	Undirdeildarstjóri	1	20.	—	171 108
	Fulltrúi	1	14.	—	128 916
	Aðalverkstjórar	2	14.	—	257 832
	Ritari	1	9.	—	97 944
	Flutt af aðalskrifstofu			—	500 000
		10		kr.	2 142 884
	Rafmagnsveitur ríkisins:				
	Rafmagnsveitustjóri	1	26.	kr.	235 836
	Deildarverkfræðingur	1	24.	—	211 836
	Deildarstjórar (1 + 2)	3	22., 23.	—	592 152
	Verkfræðingar	4	22.	—	721 872
	Rafveitustjórar	3	20.	—	513 324
	Rafveitustjórar	5	16.	—	691 920
	Undirdeildarstjórar	3	20.	—	513 324
	Tæknifræðingar	7	18.	—	960 336
	Fulltrúi	1	17.	—	139 464
	Fulltrúar	2	14.	—	248 088
	Fulltrúar	3	12.	—	331 140
	Stöðvarstjórar	3	16.	—	397 296
	Eftirlitsmaður dísilstöðva	1	15.	—	124 044
	Vélstjóri	1	15.	—	119 172
	Aðalverkstjóri og verkstjórar	6	14.	—	754 392
	Rafgæzlumenn	4	14.	—	486 432
	Rafmagnseftirlitsmenn	3	14.	—	372 132
	Rafvirkjar	2	12., 14.	—	220 668
	Mælaprófari	1	13.	—	124 044
	Rafgæzlumenn	4	13.	—	481 944
	Yfirteiknari	1	13.	—	114 684
	Gjaldkerar (1 + 2)	3	9., 12.	—	319 140
	Teiknarar (3 + 1)	4	7., 10.	—	371 340
	Stöðvarstjóri	1	11.	—	110 208
	Flokksstjórar	3	9.	—	317 952
	Ritarar	2	6., 9.	—	186 396
	Bifreiðarstjóri	1	8.	—	101 892
	Bókarar	4	8.	—	369 600

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. D.	Vélaverðir	2	8.	kr.	196 140
	Flutt af aðalskrifstofu			—	1 476 680
		79		kr.	11 803 448
16. E. I.	**Atvinnudeild Háskólans:**				
	Iðnaðardeild:				
	Deildarstjóri	1	26.	kr.	235 836
	Sérfræðingar	8	22.	—	1 444 776
	Aðstoðarmenn (2+2)	4	12., 14.	—	474 024
	Ritari	1	6.	—	91 884
		14		kr.	2 246 520
	Byggingadeild:				
	Deildarstjóri	1	26.	kr.	235 836
	Efnaverkfræðingur	1	22.	—	171 108
	Arkitekt	1	22.	—	180 468
	Aðstoðarmenn (2+1)	3	12., 17.	—	340 692
		6		kr.	928 104
	Fiskideild:				
	Deildarstjóri	1	26.	kr.	235 836
	Sérfræðingar	10	22.	—	1 836 328
	Aðstoðarmenn (2+6+7)	15	10., 12., 14.	—	1 753 356
	Ritari	1	6.	—	79 620
	Radiotæknimaður	1	18.	—	150 804
	Sérfræðingar við fiskirannsóknir	2	U.	—	333 252
		30		kr.	4 389 196
	Landbúnaðardeild:				
	Deildarstjóri	1	26.	kr.	235 836
	Sérfræðingar (1+7)	8	21., 22.	—	1 483 248
	Aðstoðarmenn (1+2+3)	6	10., 12., 14.	—	642 448
	Ritari	1	6.	—	81 732
	Aðstoð			—	48 000
		16		kr.	2 491 264
	Sameiginlegur kostnaður:				
	Skrifstofustjóri	1	23.	kr.	200 904
	Tækjasmiður	1	15.	—	134 064
	Bókari	1	11.	—	101 892
	Gjaldkeri	1	14.	—	110 208
		4		kr.	547 068

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.		Laun
16. E. II.	**Rannsóknaráð ríkisins:**				
	Framkvæmdastjóri	1	26.	kr.	235 836
	Ráðsmeðlimir		U.	—	53 604
	Fulltrúi	1	12.	—	110 208
		2		kr.	399 648
	Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins:				
	Forstjóri	1	26.	kr.	235 836
	Deildarstjóri	1	24.	—	211 836
	Efnaverkfr. og gerlafr.	3	22.	—	561 156
	Deildartæknifræðingur	1	19.	—	162 144
	Bókari (hl. launa)	1	11.	—	50 000
	Aðstoðarmenn (1+7)	8	10., 14	—	933 432
	Ritarar	2	6., 9.	—	171 756
		17		kr.	2 326 160
16. E. III.	**Löggildingarstofan:**				
	Forstjóri	1	17.	kr.	145 008
	Aðstoðarmenn (2+3)	5	8., 10.	—	511 200
		6		kr.	656 208
17. I. 1.	**Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa:**				
	Nefndarmenn (7)			kr.	105 000
	Skipulagsstjóri	1	27.	—	248 748
	Arkitektar (1+2)	3	18., 21.	—	487 620
	Verkfræðingur	1	22.	—	180 468
	Ritari	1	9.	—	97 944
		6		kr.	1 119 780
17. II.	**Húsnæðismálastofnun ríkisins:**				
	Nefndarmenn (6)			kr.	331 912
	Framkvæmdastjóri	1	23.	—	200 896
		1		kr.	532 808
17. V. 1. c.	**Berklalæknar:**				
	Yfirlæknir	1	26.	kr.	235 836
	Læknir	1	24.	—	211 836
	Berklayfirlæknir		U.	—	101 760
	Aukastörf			—	75 960
		2		kr.	625 392

Nd. 2. Frumvarp til laga [2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1966 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að innheimta tiltekin gjöld á árinu 1966 með sömu viðaukum og verið hefur undanfarin ár.

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallargerða.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallargerða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að lán hafi fengizt hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til samgöngubóta á Vestfjörðum, en lántökuheimild skorti fyrir þann hluta fjárins, sem verja eigi til flugvallargerða og vegagerða.

Enn fremur sé nauðsynlegt að fá breytt í fast lán bráðabirgðalánum, sem tekin hafa verið vegna Reykjanesbrautar.

Með því, að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. júlí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breyting á lögum nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Í stað orðanna „5 krónur“ í a-lið 2. gr. komi: 10 krónur, og í stað orðanna: „5 krónum“ í b-lið sömu greinar komi: 10 krónum.

2. gr.

Á eftir b-lið 9. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

c. að veita bændum lán eða styrk úr sjóðnum, ef þeir verða ella að farga bústofni sínum vegna grasbrests, svo að til auðnar horfi. Lán samkvæmt þessum staflið skulu tryggð með ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélaga eða annarri öruggri tryggingu.

3. gr.

Í stað orðanna „9. gr. a—b“ í 12. gr. laganna komi orðin: 9. gr. a—c.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlög sveitarfélaga og ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs verði tvöfölduð. Á þessu ári nema framlögin samtals ca. 1.9 milljónum króna. Sjóðurinn hefur orðið að hlaupa undir bagga með bændum, einkum á Austurlandi, nú á þessu hausti vegna hins mikla grasbrests, sem þar hefur orðið vegna kals í túnum. Sjóðurinn hefur varið í þessu skyni samtals 6.6 milljónum króna þar af 4.2 milljónum króna sem styrk og 2.4 milljónum króna sem vaxtalaus lán til 5 ára. Til þess að geta gert þetta varð sjóðurinn að taka 3 milljóna króna lán í Búnaðarbankanum. Af þessu má ljóst vera, að tekjur þær, sem sjóðurinn hefur nú, hrökkva ekki til þess að veita slíka aðstoð, sem hér um ræðir. Í sambandi við framangreinda

aðstoð sjóðsins ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir hækkun á tekjum sjóðsins eins og lagt er til með frumvarpi þessu. Stjórn sjóðsins taldi ákvæði laganna um aðstoð vegna fóðurskorts að hausti óljós og óskaði eftir gleggri ákvæðum um það efni, svo sem fram kemur í 2. gr. frumvarpsins.

Ed. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatalan samkvæmt því:

Nú verður brunatjón meira en helmingur brunabótamatsverðs og sveitarstjórn telur nauðsynlegt vegna eldhættu eða af skipulagsástæðum, að hlutaðeigandi hús verði fjarlægt, og er henni þá heimilt að leysa húsið til sín, greiðir hún þá mismun þann, sem er á brunabótum og heildarmatsverði hússins. Ef sveitarstjórn eða eigandi telja brunabótamatsverð ekki rétt, getur hvor um sig krafizt endurmats, og skal þá miða greiðslu við endurmatsverðið. Yfirmatsmennirnir skulu vera þrír og dómkvaddir af viðkomandi dómara. Kostnað við yfirmatsgjörð greiða aðilar eftir reglum í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 61/1917.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er hliðstætt lögum nr. 37 10. maí 1965, um breyting á lögum nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, og þarfnast ekki skýringa.

Frumvarpið er flutt samkvæmt tilmælum fulltrúaráðs Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Ed. 6. Frumvarp til laga [6. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Í stað orðanna „skipulagsnefnd ríkisins“ í 2. mgr. 3. gr. komi: skipulagsstjórn ríkisins.

Á eftir 2. mgr. 3. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórnin getur látið byggja hagkvæmar, ódýrar íbúðir í fjölbýlishúsum í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Íbúðir þessar skulu vera vandaðar, hagkvæmar og staðlaðar, en án óþarfa íburðar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um íbúðabyggingar þessar, svo og um sölu á þeim o. fl.

2. gr.

Í stað orðsins „þrefaldað“ í 2. málsl. b-liðs 4. gr. komi orðið: sexfaldað.

3. gr.

7. gr. B. hljóði svo:

Lánsfjárhæðin má nema allt að kr. 280 000.00 á hverja íbúð, þó ekki meira en ¾ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna Veðdeildar Landsbanka Íslands. Lánsfjárhæðin, kr. 280 000.00, er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. júlí 1964, en skal framvegis hækka eða lækka samkvæmt þeirri vísitölu. Heimilt er þó að veita hærra lán til efnalítilla meðlima verkalýðsfélaga, og skal í þessu skyni verja 15—20 millj. kr. árlega af tekjum byggingarsjóðs ríkisins. Húsnæðismálastjórn ákveður lán þessi að fengnum tillögum stjórnar viðkomandi verkalýðsfélags. Um viðbótarlán þessi skal í samráði við miðstjórn Alþýðusambands Íslands setja nánari ákvæði með reglugerð.

Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru skv. 3. mgr. 3. gr. laga þessara og er heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán til kaupa á íbúðunum, sem nemur ⅘ hlutum af verðmæti íbúða og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti íbúðanna.

Ef fleiri en ein íbúð er í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig, þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

4. gr.

Á eftir C-lið 7. gr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veitt verða meðlimum verkalýðsfélaga, samkvæmt 2. mgr. B-liðar þessarar greinar, skulu vera til 33 ára, afborganalaus fyrstu þrjú árin, en endurgreiðast síðan á 30 árum. Að öðru leyti eru lánakjör þessi hin sömu og lánakjör samkvæmt B-lið þessarar greinar. Lán samkvæmt þessari mgr. verða því aðeins veitt, að kaupandi íbúðar hafi greitt 5% af verðmæti íbúðarinnar einu ári áður en honum verður afhent fullgerð íbúð og setji þá tryggingu, sem Veðdeild Landsbanka Íslands tekur gilda fyrir skilvísri greiðslu þeirra 15%, sem honum ber að greiða með jöfnum greiðslum árlega næstu þrjú árin.

5. gr.

Í stað orðanna „undirskattanefndum“ og „undirskattanefndar“ í 2. mgr. 11. gr. komi: skattstjórum og skattstjóra.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 30 4. febr. 1952.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Næstu fimm árin skal hækkun lánsfjárhæðar, samkvæmt 7. gr. B, kr. 280 000.00, hækka um eigi lægri fjárhæð á ári hverju en kr. 15 000.00, þó að vísitala byggingarkostnaðar valdi ekki svo mikilli hækkun lánsfjárhæðarinnar.

2. Þeir, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 1964, skulu eiga kost á viðbótarláni hjá Húsnæðismálastofnun ríkisins, sem nemur kr. 50 000.00.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu þá um húsnæðismál, sem ríkisstjórnin gaf í sumar í sambandi við samninga verkalýðsfélaganna um kjaramálin. Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar er prentuð sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Enn fremur er lagt til, að fasteignamat til eignaskatts verði sexfaldað, sbr. athugasemd við 2. gr. Þá eru orðalagsbreytingar á tveim greinum, sem gerðar eru til samræmis við breytt lagaákvæði.

Frumvarp þetta var til athugunar hjá húsnæðismálastjórn, sem hefur tjáð sig samþykka því.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 19/1964 var breytt um nafn á skipulagsnefnd ríkisins. Hún heitir nú skipulagsstjórn ríkisins. Breyting á orðalagi er í samræmi við þetta.

Hér er um að ræða heimild til handa ríkisstjórninni til þess að byggja íbúðir í samvinnu við hlutaðeigandi sveitarfélög. Ákvæðið er í samræmi við 3. tl. a. í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sjá fskj. Lagt er til, að ákvæði þetta verði rýmra en yfirlýsingin gerir ráð fyrir að því leyti, að byggingaframkvæmdir verði ekki einskorðaðar við Reykjavíkurborg, en geti einnig tekið til annarra sveitarfélaga, ef henta þætti.

Gert er ráð fyrir, að nánari ákvæði um byggingaframkvæmdir þessar verði sett í reglugerð, sbr. t. d. fskj. 3. tl. b og d.

Um 2. gr.

Álitið er, að hækkun fasteignamats til eignaskatts, sem samþykkt var á síðasta þingi, hafi gefið 16—19 milljónir króna. Vantar því 21—24 milljónir króna upp á framlagið. Lagt er nú til, að fasteignamat verði í þessu sambandi sexfaldað.

Virðist þá mega ætla, að þessi hækkun gefi nægilega mikið til þess að mæta framlaginu.

Um 3. gr.

Ákvæði 1. mgr. er samhljóða 1. mgr. B-liðar 7. gr. laga nr. 19/1965, þó með þeirri breytingu, að lagt er til að lánsfjárhæð verði vísitölubundin svo sem nánar greinir í ákvæðinu, sbr. fskj. 2. tl.

Í 2. mgr. eru ákvæði um fjárhæð þeirra sérstöku lánveitinga til meðlima verkalýðsfélaga, sem gert er ráð fyrir, sjá fskj. 3. tl. c-lið.

Um 4. gr.

Hér eru ákvæði um lánakjör á lánum þeim, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr., sjá fskj. 3. tl. c-lið, svo og ákvæði um útborgun í sambandi við kaup íbúðanna í samræmi við sama staflið yfirlýsingarinnar.

Um 5. gr.

Í 2. mgr. 11. gr. laganna er gert ráð fyrir heimildum undirskattanefnda. Undirskattanefndir hafa nú verið lagðar niður. Við störfum þeirra hafa nú tekið skattstjórar. Orðalagsbreytingin er í samræmi við þetta.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þessi eru sett í samræmi við yfirlýsinguna, sjá fskj. 2. tl. og 1. tl.

Fylgiskjal.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar um húsnæðismál.

Í tilefni af lokum samninga við verkalýðsfélögin og að undangengnum viðræðum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar og fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands varðandi húsnæðismál, lýsir ríkisstjórnin yfir því, að hún muni beita sér fyrir eftirfarandi:

1. Lánsupphæð til þeirra umsækjenda um íbúðalán, sem hófu byggingarframkvæmdir á tímabilinu 1. apríl til 31. desember 1964, hækki úr 150 í 200 þús. kr. út á hverja íbúð. Ríkisstjórnin tryggi viðbótarfjáröflun til húsnæðismálastjórnar á þessu ári, er nemi því viðbótarfjármagni, sem þessi hækkun krefst.

2. Hámarkslán húsnæðismálastjórnar verði endurskoðað frá og með 1. janúar 1966 með hliðsjón af hækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá því 1. júlí 1964. Lánsupphæðir verði síðan endurskoðaðar árlega með hliðsjón af breytingum byggingarkostnaðar frá því árið áður. Næstu fimm árin skal hækkun lánsupphæðar ekki nema lægri fjárhæð en 15 þús. kr. á ári, jafnvel þótt byggingarkostnaður hækki lítið eða ekki.
3. Bygging hagkvæmra íbúða fyrir láglaunafólk í verkalýðsfélögum:
   a. Ríkisstjórnin og Reykjavíkurborg í samvinnu við verkalýðsfélögin hefjist handa um byggingu hagkvæmra og ódýrra íbúða í fjölbýlishúsum. Stefnt verði að því að nota fjöldaframleiðsluaðferðir og byggðar ekki færri en 250 íbúðir á ári, er byrjað verði á frá og með árinu 1966 fram til ársins 1970. Af þessum 250 íbúðum verði 200 ætlaðar til sölu til láglaunafólks í verkalýðsfélögum, en 50 verði ráðstafað af Reykjavíkurborg, m. a. í sambandi við útrýmingu heilsuspillandi húsnæðis.
   b. Með byggingum þessum verði gerð tilraun til þess að sannreyna, hve mikið megi lækka byggingarkostnað með góðri skipulagningu og fullkomnustu tækni, sem við verður komið. Framkvæmd bygginganna verði falin viðurkenndum byggingaverktaka eða verktökum á samkeppnisgrundvelli og með sem víðtækustu útboði. Gerðar verði sérstakar ráðstafanir til þess að greiða fyrir innflutningi tækja og byggingarhluta, eftir því sem æskilegt reynist. Sérstaklega verði athugað, hvort reyna eigi innflutning tilbúinna húsa, einkum til þess að flýta fyrir því, að fyrstu íbúðirnar innan áætlunarinnar verði tilbúnar.

      Íbúðirnar verði 2ja, 3ja og 4ra herbergja, og verði þær staðsettar í hverfum, þannig að við verði komið sem mestri hagkvæmni við byggingarframkvæmdir. Gerð íbúðanna og frágangur verði staðlaður, og það sjónarmið látið ráða, að þær verði hagkvæmar, smekklegar, en án óþarfa íburðar. Reynt verði á allan hátt af opinberri hálfu að greiða fyrir því, að hægt verði að taka upp sem hagkvæmastar aðferðir við þessar íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað.
   c. Þeir meðlimir verkalýðsfélaga, sem fá kost á að kaupa þær 200 íbúðir á ári, sem að framan greinir, skulu eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna að meðtöldu gatnagerðargjaldi. Útborgun sé þannig hagað, að 5% greiðist ári áður en inn er flutt, en síðan 5% á ári í þrjú ár. Lán húsnæðismálastjórnar út á íbúðir þessar sé afborganalaust á meðan á útborgun stendur. Samið verði við Atvinnuleysistryggingasjóð um lánveitingar út á þessar íbúðir, er komi til viðbótar lánum frá húsnæðismálastjórn. Í samningum þessum sé tryggt, að lán út á þessar íbúðir geti orðið a. m. k. til 33ja ára, þ. e. a. s. þrjú afborgunarlaus ár, en endurgreiðsla á 30 árum. Að öðru leyti séu kjörin hin sömu og á lánum húsnæðismálastjórnar á hverjum tíma, sbr. þó lið 4.
   d. Yfirumsjón með framkvæmd þessarar byggingaráætlunar verði í höndum nefndar, er skipuð sé tveimur fulltrúum frá húsnæðismálastjórn, einum frá Reykjavíkurborg, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og einum af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna í Reykjavík.

      Félagsmálaráðherra skipi formann nefndarinnar. Allur undirbúningskostnaður á vegum nefndarinnar og sérfræðilegra ráðunauta hennar verði greiddur af Byggingarsjóði ríkisins og Reykjavíkurborg.
4. Unnið verði að því af hálfu ríkis og sveitarfélaga að tryggja láglaunafólki húsnæði, sem ekki kosti það meira en hóflegan hluta árstekna. Í þessu skyni verði nú hafin endurskoðun laga um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina til frambúðar í einum lagabálki og samræma öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks, þar á meðal um þær íbúða-

byggingar, sem um ræðir í lið 3 hér að framan. Verði samkomulag um nýtt kerfi á þessu sviði, væri rétt, að það tæki við framkvæmd þeirrar byggingaráætlunar, sem lýst er í lið 3 hér að framan. Ríkisstjórnin hafi fullt samráð við verkalýðsfélögin um þessa endurskoðun laga um húsnæðismál láglaunafólks.

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI
Vélstjórar á fiskiskipum.

1. gr.

Á fiskiskipum skal lágmarksfjöldi vélstjóra vera sem hér segir:

a. Á fiskiskipi með allt að 250 hestafla vél einn vélstjóri, sbr. þó 1. mgr., 7. gr.
b. Á fiskiskipi með 251—1000 hestafla vél tveir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri (2. vélstjóri), sbr. þó 2. mgr., 7. gr.
c. Á fiskiskipi með 1001—2300 hestafla vél þrír vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar (2. og 3. vélstjóri).
d. Á fiskiskipi með yfir 2300 hestafla vél fjórir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri)

2. gr.

Rétt til að vera vélavörður á fiskiskipi með 50 hestafla vél eða minni hefur hver sá, sem sannar með vottorði tveggja vélstjóra, að hann sé fær um að gæta vélarinnar.

3. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, hefur rétt til að vera vélstjóri á fiskiskipi með 51—250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem vélstjóri á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél eða undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

4. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, hefur rétt til að vera vélstjóri á fiskiskipi með 51—250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—1000 hestafla vél.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 251—1000 hestafla vél öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1000 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 501—1000 hestafla vél.

5. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, hefur rétt til að vera vélstjóri á fiskiskipi með 51—250 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með 251—1800 hestafla vél.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem vélstjóri á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 251—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1800 hestafla vél öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 501—1000 hestafla vél.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 1001—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1001—1800 hestafla vél. Jafnframt hlýtur hann rétt til undirvélstjórastarfa sem 3. eða 4. vélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 1800 hestafla.

6. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, og einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun, hefur rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél og undirvélstjóri á fiskiskipi með ótakmarkaða vélarstærð, sbr. þó 3. mgr.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 500 hestafla öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 501—1000 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1000 hestafla öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1001—1800 hestafla vél. Jafnframt öðlast hann rétt til að vera 2. vélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 1800 hestafla.

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1800 hestafla, þar af a. m. k. sex mánaða tíma sem 2. vélstjóri, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 1800 hestafla.

7. gr.

Á fiskiskipum með 100—250 hestafla vél skal auk vélstjórans vera vélavörður, sem fær sé um að gæta vélarinnar, sbr. 2. gr. Hann má þó jafnframt gegna öðrum starfa á skipinu. Sigli fiskiskip með 250 hestafla vél eða minni milli landa, skulu ávallt tveir menn gegna vélstjórastörfum um borð, er hafi lokið 1. stigi vélstjóranáms.

Á fiskiskipum með 251—500 hestafla vél, er koma daglega að landi með afla sinn, er eigi skylt að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri, stýrimaður eða einhver hásetanna hefur lokið vélstjóranámi 1. stigs.

II. KAFLI

Vélstjórar á flutningaskipum.

8. gr.

Á flutningaskipum skal lágmarksfjöldi vélstjóra vera sem hér segir:

a. Á flutningaskipi með allt að 600 hestafla vél tveir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri (2. vélstjóri).
b. Á flutningaskipi með 601—1500 hestafla vél þrír vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar (2. og 3. vélstjóri).
c. Á flutningaskipi með 1501—3000 hestafla vél fjórir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri).
d. Á flutningaskipi með 3001—4000 hestafla vél fimm vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og einn aðstoðarvélstjóri.
e. Á flutningaskipi með stærri vél en 4000 hestafla sex vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og tveir aðstoðarvélstjórar.

9. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél og aðstoðarvélstjóri á flutningaskipi, sbr. d. og e. lið 8. gr.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1000 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél.

10. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 1500 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 501—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1000 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 801—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Jafnframt öðlast hann rétt til að gegna undirvélstjórastarfi sem 3. eða 4. vélstjóri á flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla.

11. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs og jafnframt lokið sveinsprófi í vélvirkjun, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á flutningaskipi með ótakmarkaða vélarstærð, sbr. þó 3. mgr.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 500 hestafla á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með allt að 800 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1000 hestafla vél, eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 800 hestafla, á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Jafnframt öðlast hann rétt til undirvélstjórastarfa sem 2. vélstjóri á flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla.

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1500—1800 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 hestafla, þar af a. m. k. sex mánaða tíma sem 2. vélstjóri, á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla.

III. KAFLI

Vélstjórar á farþegaskipum.

12. gr.

Á farþegaskipum skal lágmarksfjöldi vélstjóra vera sem hér segir:

a. Á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél tveir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og einn undirvélstjóri (2. vélstjóri).
b. Á farþegaskipum með 601—1200 hestafla vél þrír vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og tveir undirvélstjórar (2. og 3. vélstjóri).
c. Á farþegaskipum með 1201—2000 hestafla vél fjórir vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri og þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri).
d. Á farþegaskipi með 2001—3000 hestafla vél fimm vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og einn aðstoðarvélstjóri.
e. Á farþegaskipi með 3001—4000 hestafla vél sex vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og tveir aðstoðarvélstjórar.
f. Á farþegaskipi með yfir 4000 hestafla vél sjö vélstjórar, þ. e. yfirvélstjóri, þrír undirvélstjórar (2., 3. og 4. vélstjóri) og þrír aðstoðarvélstjórar.

13. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél og aðstoðarvélstjóri á farþegaskipi, sbr. d., e. og f. liði 12. gr.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi eða undirvélstjóri á skipi með 400—1000 hestafla vél eða yfirvélstjóri á flutningaskipi með 400—800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi í innanlandssiglingum með allt að 600 hestafla vél.

14. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, hefur rétt til að vera undirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 1200 hestafla vél.

Að loknum 12 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 400—1000 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með 400—1800 hestafla vél, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél.

Að loknum 24 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1800 hestafla vél eða yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 800 hestafla, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með 601—1200 hestafla vél. Jafnframt hlýtur hann rétt til undirvélstjórastarfa sem 3. eða 4. vélstjóri á farþegaskipi með 1201—3000 hestafla vél.

15. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 4. stigs, og jafnframt lokið sveinsprófi í vélvirkjun, hefur rétt til að starfa sem undirvélstjóri á farþegaskipi með ótakmarkaða vélarstærð, sbr. þó 3. mgr.

Að loknum 6 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 400—500 hestafla vél eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 400 hestafla, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með allt að 600 hestafla vél.

Að loknum 18 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1800 hestafla vél, eða yfirvélstjóri á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél, eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 800 hestafla, öðlast hann rétt til að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með 601—1200 hestafla vél. Jafnframt hlýtur hann rétt til að gegna undirvélstjórastarfi sem 2. vélstjóri á farþegaskipi með stærri vél en 1200 hestafla.

Að loknum 36 mánaða starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi eða flutningaskipi með stærri vél en 1500 hestafla eða undirvélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 hestafla, þar af a. m. k. eitt ár sem 2. vélstjóri, á hann rétt á að vera yfirvélstjóri á farþegaskipi með stærri vél en 1200 hestafla.

IV. KAFLI
Um eldri vélstjóraréttindi.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara skal svo fara sem hér segir um atvinnuréttindi þeirra vélstjóra, er hlotið hafa réttindi eftir eldri lögum:

a. Þeir, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 1. stigs, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.
b. Þeir, sem lokið hafa hinu meira námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 2. stigs, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.

c. Þeir, sem tekið hafa próf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936, en eigi tekið próf í rafmagnsfræði, skulu njóta sama réttar og þeir, sem lokið hafa vélfræðinámi 3. stigs, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.
d. Þeir, sem tekið hafa lokapróf frá Vélskólanum í Reykjavík, skv. lögum nr. 71 frá 1936 eða eldri lögum, skulu njóta sama réttar og þeir, sem hafa lokið vélfræðinámi 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun, enda fullnægi þeir sömu skyldum um starfstíma.

Þeir vélstjórar, sem fyrir gildistöku laga þessara nutu eða áttu kost á að njóta meiri réttinda en lög þessi veita þeim, skulu halda þeim rétti óskertum.

V. KAFLI
Undanþágur frá lögunum.

17. gr.

Ef skortur er á mönnum með nægjanleg vélstjóraréttindi, getur siglingamálaráðuneytið, eftir ósk útgerðarmanns eða skipstjóra, veitt manni, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, með undanþágu rétt til vélstjórnar á tilteknu skipi um takmarkaðan tíma, þó eigi lengur en sex mánuði í senn. Áður en undanþága er veitt, skal ávallt leitað umsagnar viðkomandi stéttarfélags vélstjóra.

18. gr.

Verði teknar í notkun á íslenzkum skipum vélar með sjálfvirkum vélstjórnarbúnaði, getur siglingamálaráðuneytið leyft fækkun undirvélstjóra og aðstoðarvélstjóra á slíkum skipum, að fengnum tillögum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.

VI. KAFLI
Skírteini og læknisvottorð.

19. gr.

Hver sá, er fullnægir skilyrðum laga þessara um atvinnuréttindi, á rétt á að fá gefið út skírteini, er greini frá þeim tilteknu atvinnuréttindum, sem hann hefur öðlazt. Skírteinin skulu gefin út af lögreglustjóra og rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem siglingamálaráðuneytið semur. Skírteinið gildir um óákveðinn tíma frá dagsetningu þess, nema skírteinishafi fyrirgeri því.

Á tímabilinu frá 1. jan. 1966 til ársloka 1967, skulu öll eldri atvinnuréttindaskírteini vélstjóra innkölluð og gefin út á ný í samræmi við ákvæði þessara laga, sbr. 16. gr. Endurútgáfa skírteinis af þessum sökum skal vera gjaldfrjáls.

Í hinum endurnýjuðu skírteinum skal geta sérstaklega um það, þegar meiri réttindi en lög þessi veita haldast óskert, sbr. 2. mgr. 16. gr.

20. gr.

Það er skilyrði fyrir því, að vélstjóri hljóti atvinnuréttindi samkvæmt lögum þessum, að hann sanni með læknisvottorði, að hann sé fær um að gegna stöðunni af heilsufarsástæðum.

VII. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Um atvinnuréttindi vélstjóra á varðskipum og björgunarskipum gilda sömu reglur og um farþegaskip.

22. gr.

Ákvæði I.—III. kafla laga þessara um atvinnuréttindi vélstjóra á fiskiskipum, flutningaskipum og farþegaskipum, gilda hvort sem skipin eru með eimvél eða mótorvél. Þó getur enginn hlotið réttindi til yfirvélstjórnar á eimskipi eða undirvélstjórnar skv. 3. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 15. gr., nema hafa unnið a. m. k. helming tilskilins starfstíma sem vélstjóri á eimskipi. Samsvarandi regla gildir um yfirvélstjórn á mótorskipi. Á sama hátt er það skilyrði fyrir réttindum til yfirvélstjórnar á mótorskipi með stórum eimkatli, að vélstjórinn hafi unnið a. m. k. ⅓ hluta tilskilins starfstíma á slíku skipi.

23. gr.

Að því er atvinnuréttindi varðar, skulu hverjir þrír mánuðir, sem vélstjóri gegnir starfi aðstoðarvélstjóra á flutninga- eða farþegaskipum, sbr. d.- og e.-liði 8. gr. og d.-, e.- og f.-liði 12. gr., jafngilda tveggja mánaða starfstíma sem undirvélstjóri við hæstu hestaflatölu á fiskiskipi, flutningaskipi eða farþegaskipi, er vélstjórinn hefur rétt til án undangengins starfstíma.

24. gr.

Við útreikning hestafla á vélum í skipum skal farið eftir þeim reglum, er gilt hafa. Miða skal við sameiginlegan hestaflafjölda þeirra véla, sem knýja skipið áfram.

25. gr.

Starfstími vélstjóra telst sá tími, sem maðurinn er lögskráður á skip og vinnur við það, að meðtöldum lögskráningardegi og afskráningardegi.

26. gr.

Verði ágreiningur um atvinnuréttindi vélstjóra samkvæmt lögum þessum, sker siglingamálaráðuneytið úr. Þeim úrskurði má skjóta til dómstóla.

27. gr.

Ef verksmiðjuskip verða tekin í notkun í íslenzka skipaflotanum, skal siglingamálaráðuneytið setja reglur um fjölda undirvélstjóra og aðstoðarvélstjóra á slíkum skipum, og má þá víkja frá ákvæðum laga þessara um lágmarksfjölda vélstjóra til hækkunar.

28. gr.

Siglingamálaráðuneytið skal setja reglur um fjölda vélstjóra á dráttarbátum, og hvaða menntunarkröfur skuli gera til þeirra.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá kr. 1000.00 til kr. 20.000.00, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Sektir renna í ríkissjóð.

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1966. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 47 frá 1958, 9.—21. gr. laga nr. 35 frá 1961, IV. og V. kafli laga nr. 66 frá 1946 ásamt i.- og k.-liðum 1. gr., 47. gr., 48. gr., 49. gr., 3. mgr. 53. gr., 54. gr., 55. gr., 57. gr. og 59. gr. þeirra laga, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. febrúar 1964 skipaði menntamálaráðherra fimm manna nefnd til athugunar á menntunarkröfum og atvinnuréttindum vélstjóra. Í nefndinni eiga sæti: Jón Þorsteinsson, alþm., formaður, Gunnar Bjarnason, skólastjóri, tilnefndur af Vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Vélstjóra-

félagi Íslands, Jón S. Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Mótorvélstjórafélagi Íslands og Magnús J. Magnússon, forstöðumaður mótornámskeiðanna, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands. Skömmu eftir að nefndin hóf starf sitt, tók varamaður Jóns S. Péturssonar, Halldór Guðbjartsson, vélstjóri, sæti í nefndinni, og hefur starfað með henni síðan. Enn fremur hefur Örn Steinsson, vélstjóri, starfað tvívegis með nefndinni um nokkurra vikna skeið í senn, meðan Guðmundur Pétursson hefur dvalið erlendis. Eftir nokkurra mánaða undirbúningsstarf samdi nefndin frumvarp til laga um vélstjóranám. Í kjölfar þess hlutu að koma fram nýjar reglur um atvinnuréttindi vélstjóra. Hefur nefndin því í samráði við siglingamálaráðuneytið samið frumvarp þetta um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Í gildandi lögum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum nr. 66. frá 1946 með áorðnum breytingum samkvæmt lögum nr. 47 frá 1958 og lögum nr. 35 frá 1961, er að finna þær reglur, sem nú gilda um atvinnuréttindi vélstjóra við siglingar. Þessar reglur eru nú að ýmsu leyti úreltar, bæði vegna þess að hestaflafjöldi véla í skipum hefur mjög aukizt frá því núgildandi lög voru sett, og að skipa með gufuvélar gætir sífellt minna. Að öðru leyti eru reglur þessar flóknar og ósanngjarnar í sumum tilvikum. Nefndin hefur því við samningu frumvarpsins reynt að byggja upp reglur, sem eru skipulegri og meira við hæfi nútímans. Auk þess hefur nefndin vitanlega þurft að grundvalla réttindareglur frumvarpsins á hinni nýju skipan vélstjóramenntunarinnar, sem felst í frumvarpinu um vélstjóranám. Í starfi sínu hefur nefndin kynnt sér gildandi reglur um atvinnuréttindi vélstjóra hjá Dönum og Norðmönnum, og haft nokkra hliðsjón af þeim.

Nefndin hefur valið þann kost að semja frumvarp til sérstakra laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum, og talið það eiga betur við heldur en að endurbæta þau ákvæði gildandi laga frá 1946 um atvinnu við siglingar, sem fjalla um réttindi vélstjóra og semja frumvarp til laga um breytingar á þeim. Með því að hafa þennan hátt á, álítur nefndin að hægara sé um vik að endurskoða ákvæðin um réttindi skipstjórnarmanna, sem í framtíðinni ættu þá heima í sérstökum lögum.

Samkvæmt ákvæðum frumvarpsins um vélstjóranám, sem nefndin hefur samið, skal námið skiptast í fjögur stig. Vélstjóranám 1. stigs svarar til minna námskeiðs Fiskifélags Íslands, vélstjóranám 2. stigs svarar til meira námskeiðs Fiskifélags Íslands, vélstjóranám 3. stigs svarar að nokkru til vélskólanáms án rafmagnsdeildar, en vélstjóranám 4. stigs ásamt sveinsprófi í vélvirkjun svarar til þriggja vetra náms í vélskólanum að undangengnu iðnnámi í járnsmíði. Fjórða og síðasta stig vélstjóranámsins veitir engin atvinnuréttindi samkvæmt frumvarpi þessu, nema viðkomandi vélstjóri hafi einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun. Eftir frumvarpi þessu verða réttindi þeirra, sem lokið hafa hinu minna námskeiði Fiskifélags Íslands, hin sömu og þeirra, sem lokið hafa vélstjóranámi 1. stigs. Réttindi þeirra, sem lokið hafa hinu meira námskeiði Fiskifélagsins, verða hin sömu og þeirra, er lokið hafa vélstjóranámi 2. stigs, o.s.frv. Um þessi atriði vísast til IV. kafla frumvarpsins til frekari skýringa. Að því leyti sem núgildandi lög veita meiri réttindi, skulu þau haldast óskert.

Reglur frumvarpsins um lágmarksfjölda vélstjóra á skipum eru eigi mikið breyttar frá ákvæðum núgildandi laga, þó er yfirleitt um lækkun að ræða á skipum með undir 4000 hestafla vélar. Talsverðar breytingar eru hins vegar gerðar á ákvæðunum um starfstíma eða siglingatíma, að jafnaði í þá átt að veita réttindi eftir styttri starfstíma en áður, við vélar með lágri hestaflatölu. Því hærra námsstigi, sem vélstjórinn hefur lokið, þeim mun fljótari er hann að vinna sér inn réttindi til yfirvélstjórnar á sömu vélastærð. Lágmarkshestaflatala við undirvélstjórn til þess að öðlast samsvarandi réttindi og áður, er yfirleitt hækkuð.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að vélstjórastarfið greinist í þrjá flokka, þ. e. yfirvélstjóra, undirvélstjóra og aðstoðarvélstjóra. Aðstoðarvélstjórar skulu einungis vera á þeim skipum, þar sem krafizt er fleiri en fjögurra vélstjóra, þ. e. einn aðstoðarvélstjóri á skipum með fimm vélstjóra, tveir aðstoðarvélstjórar á skipum

með sex vélstjóra og þrír aðstoðarvélstjórar á skipum með 7 vélstjóra. Er aðstoðarvélstjórahugtakið þannig þrengt frá gildandi lagareglum.

Hér fer á eftir tafla yfir þau hámarksréttindi til yfirvélstjórnar, sem hvert námsstig veitir eftir áskilinn siglingatíma.

	Fiskiskip	Flutningaskip	Farþegaskip
1. stig	500 hö		
2. stig	1000 hö	800 hö	600 hö (innanlandssigling)
3. stig	1800 hö	1500 hö	1200 hö
4. stig	ótakmarkað	ótakmarkað	ótakmarkað

Meginreglan er sú, að vélstjóri öðlast ekki meiri rétt til undirvélstjórnar en yfirvélstjórnar. Vélstjóri með 1. stigs nám að baki, getur t. d. ekki orðið undirvélstjóri á fiskiskipi með stærri vél en 500 hestafla. Frá þessari reglu eru þó undantekningar. Vélstjórar með 3. stigs nám geta eftir tiltekinn siglingatíma orðið 3. eða 4. vélstjórar á fiskiskipum og flutningaskipum með ótakmarkaða vélastærð og einnig 3. eða 4. vélstjórar á farþegaskipum með allt að 3000 hestafla vélar. Vélstjórar 2. stigs hafa rétt til að vera aðstoðarvélstjórar á flutninga- og farþegaskipum, en á fiskiskipum eru engir aðstoðarvélstjórar, þar sem fjöldi vélstjóra á fiskiskipum fer aldrei fram úr fjórum, eftir reglum frumvarpsins.

Um atvinnuréttindi á varðskipum og björgunarskipum gilda sömu reglur og um farþegaskip.

Frumvarpið eykur réttindi minna-námskeiðs manna úr 400 hestöflum í 500 hestöfl á fiskiskipum, en meira-námskeiðs manna úr 900 hestöflum í 1000 hestöfl á fiskiskipum og úr 600 hestöflum (400 hestöfl frá 1958) í 800 hestöfl á flutningaskipum. Réttindi vélavarða eru aukin úr 15 hestöflum í 50 hestöfl.

Áður en nefndin gekk endanlega frá frumvarpinu, var það sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, Skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands, Mótorvélstjórafélagi Íslands, Lögskráningarfulltrúanum í Reykjavík, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Frá ýmsum þessara aðila komu fram athugasemdir og ábendingar, sem nefndin tók nokkurt tillit til við endanlega gerð frumvarpsins. Nokkrar kröfur um breytingar komu þó fram, sem nefndin taldi sér ekki fært að taka undir.

Til frekari glöggvunar á frumvarpinu skal vísað til eftirfarandi skýringa við einstakar greinar þess.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Eftir gildandi lögum er vélstjórafjöldinn á fiskiskipum sem hér segir: Að 100 hestöflum einn vélstjóri, frá 100—900 hestöfl tveir vélstjórar, þó með þeirri undantekningu, að á fiskiskipum með undir 400 hestafla vél, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, er ekki skylt að hafa nema einn vélstjóra, ef skipstjórinn hefur vélgæzluréttindaskírteini. Frá 900—1300 hestöfl þrír vélstjórar, og frá 1300—2600 hestöfl fjórir vélstjórar. Þessar hestaflatölur eru úreltar og of lágar, enda oft vikið frá þeim í framkvæmd. Greinin felur því í sér allverulega hækkun á þessum tölum miðað við óbreyttan vélstjórafjölda. Annars er rétt að taka fram, að samanburður á reglum frumvarpsins og gildandi lögum er stundum torveldur, því frumvarpið grundvallast á skýrri aðgreiningu milli fiskiskipa, flutningaskpa og farþegaskipa, en lögin frá 1946 grundvallast á aðgreiningu milli mótorskipa og gufuskipa með ýmsum frávikum. Ekkert skip í fiskiskipaflotanum mun nú hafa yfir 2300 hestafla vél.

Við 2. gr.

Greinin fjallar um sama efni og 30. gr. laga nr. 66 frá 1946. Réttindi vélavarðar eru aukin úr 15 hestöflum í 50 hestöfl. Krafizt var vottorðs frá manni, sem atvinnumálaráðuneytið tók gildan, en í greininni er krafizt vottorðs frá tveimur vélstjórum. Þar eð vélar undir 50 hestöflum eru að jafnaði í bátum undir 12 smálestum, sem eigi eru lögskráningarskyldir, er ekki gerð krafa um að vottorðið sé sýnt lögskráningarstjóra. Verður útgerðarmaður báts undir 12 smálestum að stærð að bera ábyrgð á því að vottorðið sé fyrir hendi.

Við 3. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa að öðru leyti en því, að leggja má saman starfstíma manns sem vélstjóra á fiskiskipi með 150—250 hestafla vél og sem undirvélstjóra á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél. Verði starfstíminn samanlagður 12 mánuðir eða meira, hlýtur vélstjórinn rétt til yfirvélstjórnar á fiskiskipi með 251—500 hestafla vél. Á sama hátt ber að túlka hliðstæð ákvæði í öðrum greinum frumvarpsins.

Við 4. gr.

Þar sem í 2. og 3. mgr. er rætt um „undirvélstjóra á skipi", getur auðvitað verið um önnur skip en fiskiskip að ræða. Á það má benda, að sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, fær réttindi til undirvélstjórnar á flutningaskipi að 800 hestöflum og farþegaskipi að 600 hestöflum, sbr. 9. gr. og 13. gr.

Við 5. gr.

Vakin skal athygli á niðurlagsákvæði 4 mgr. Þar er vélstjóranum veittur réttur til undirvélstjórastarfa sem 3. eða 4. vélstjóri á fiskiskipi með yfir 1800 hestafla vél, þótt hann geti ekki orðið yfirvélstjóri eða 2. vélstjóri á fiskiskipi af þessari vélarstærð, nema afla sér meiri menntunar og ljúka 4. námsstigi ásamt sveinsprófi í vélvirkjun.

Við 6. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa að öðru leyti en því, að undirstrika það, að út á vélstjóranám 4. stigs hljóta menn eigi aukin atvinnuréttindi, nema hafa jafnframt lokið sveinsprófi í vélvirkjun, sbr. og 11. gr. og 15. gr.

Við 7. gr.

Efni þessarar greinar er hliðstætt ákvæðum b.- og c.-liðar 48. gr. laganna frá 1946 með áorðnum breytingum 1958. Tveir fyrstu málsliðir 1. mgr., svara alveg til áðurgreinds b.-liðar, nema að hestaflatalan er aukin úr 15—100 hestöflum í 100—250 hestöfl. Síðasti málsliður 1. mgr. um siglingu milli landa, er nýmæli.

Síðari málsgreinin svarar hins vegar til áðurgreinds c.-liðar. Hestaflatalan er þó aukin úr 100—400 hestöflum í 251—500 hestöfl, og vélstjóraréttindi varamanns eru ekki bundin við skipstjórann einan, heldur getur stýrimaður eða einhver hásetanna þar einnig komið til greina.

Við 8. gr.

Reglur gildandi laga um vélstjórafjölda á flutningaskipum eru á þessa leið: Frá 400—600 hestöfl tveir vélstjórar, frá 600—1300 hestöfl þrír vélstjórar, frá 1300—2600 hestöfl fjórir vélstjórar, og á flutningaskipum yfir 2600 hestöfl sex vélstjórar. Með þessari grein er hestaflafjöldinn aukinn nokkuð, miðað við sama vélstjórafjölda og áður og tala vélstjóranna hvergi látin hækka um tvo frá næsta hestaflabili á undan.

Við 9. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 2. stigs, öðlast m. a. rétt til að vera aðstoðarvélstjóri á flutningaskipi, svo og aðstoðarvélstjóri á farþegaskipi, sbr. 13. gr. Það leiðir af sjálfu sér, að þeir, sem lokið hafa vélstjóranámi 3. stigs og 4. stigs, hljóta

einnig aðstoðarvélstjóraréttindi, þar eð enginn getur tekið þessi námsstig nema hafa áður lokið vélstjóranámi 2. stigs. Að gildandi lögum þurfa aðstoðarvélstjórar að hafa lokið vélskólanámi, en með því eru gerðar óþarflega strangar kröfur. Samkvæmt grein þessari, svo og 13. gr., nægir vélstjóranám 2. stigs.

Við 10. gr.

Sá, sem lokið hefur vélstjóranámi 3. stigs, má gegna undirvélstjórastarfi á flutningaskipi með allt að 1500 hestafla vél og undirvélstjórastarfi á fiskiskipi með allt að 1800 hestafla vél, sbr. 5. gr. Að loknum tilskildum starfstíma fær hann svo yfirvélstjóraréttindi að 1500 hestöflum á flutningaskipi og að 1800 hestöflum á fiskiskipi. Næsta þrep fyrir neðan er 800 hestöfl á flutningaskipi og 1000 hestöfl á fiskiskipi. Í 3. mgr. er það aðalreglan, að eftir 8 mánaða starfstíma sem undirvélstjóri á skipi með 801—1800 hestafla vél, öðlast vélstjórinn yfirvélstjóraréttindi á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Vinni hann sér þessi réttindi inn á skipi með 1501—1800 hestafla vél, hlýtur það að vera fiskiskip. En þar sem hann getur einnig náð réttindum við undirvélstjórn á skipi með 801—1000 hestafla vél, verður líka að veita honum réttinn til yfirvélstjórnar á flutningaskipi út á starfstíma sem yfirvélstjóri á fiskiskipi með 801—1000 hestafla vél. Hins vegar er óþarft að nefna hér starfstíma við yfirvélstjórn á fiskiskipi með stærri vél en 1000 hestafla, því þegar vélstjórinn öðlast þau réttindi eftir 18 mánaða starf, sbr. 4. mgr. 5. gr., fullnægir hann um leið skilyrðum til yfirvélstjórnar á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél.

Þess ber að gæta, að vélstjóri með 3. stigs nám, er byrjar starf sem undirvélstjóri á flutningaskipi með 900 hestafla vél, fær eftir 18 mánaða starfstíma rétt til yfirvélstjórnar á flutningaskipi með 801—1500 hestafla vél. Hins vegar veitir þetta starf honum ekki réttindi til yfirvélstjórnar á fiskiskipi með 1001—1800 hestafla vél, þótt þarna sé um nokkuð hliðstæð réttindi að ræða. Til þess þarf hann að vera undirvélstjóri á skipi með yfir 1000 hestafla vél, sbr. 4. mgr. 5. gr. Það er meginregla í frumvarpinu, að til þess að öðlast réttindi til yfirvélstjórnar á einhverju tilteknu hestaflabili, þarf vélstjórinn áður að hafa gegnt undirvélstjórastarfi á hinu sama hestaflabili, a. m. k. má hann ekki fara niður fyrir það, en í sumum tilfellum getur hann farið upp fyrir það af því að hann öðlast hærri undirvélstjóraréttindi í upphafi á fiskiskip heldur en flutningaskip og hærri undirvélstjóraréttindi á flutningaskip heldur en farþegaskip.

Samsvarandi skýringar eiga við um nokkrar greinar frumvarpsins í þessum kafla og hinum næsta, en verða eigi endurteknar þar.

Við 11. gr.

Þrjár fyrstu málsgreinarnar þarfnast eigi sérstakra skýringa. Varðandi síðustu málsgreinina skal það áréttað, að heimilt er að leggja saman starfstímann við undirvélstjórn á skipi og yfirvélstjórn á fiskiskipi. Skilyrðum málsgreinarinnar væri fullnægt, ef maður væri t. d. sex mánuði yfirvélstjóri á fiskiskipi með 1600 hestafla vél og 18 mánuði 3. og 4. vélstjóri á skipi með stærri vél en 1500 hestafla.

Við 12. gr.

Eftir gildandi lögum er vélstjórafjöldinn á farþegaskipum sem hér segir: Frá 400—600 hestöfl tveir vélstjórar, frá 600—1300 hestöfl fjórir vélstjórar, frá 1300—2600 hestöfl fimm vélstjórar, yfir 2600 hestöfl sjö vélstjórar. Með þessari grein er því hestaflafjöldinn aukinn miðað við sama vélstjórafjölda og áður eða með öðrum orðum vélstjórunum í ýmsum tilfellum fækkað miðað við óbreyttan hestaflafjölda. Breytingarnar, sem felast í þessari grein, stefna í sömu átt og breytingarnar eftir 1. gr. og 8. gr.

Við 13. gr.

Svo sem grein þessi og þrjár hinar næstu bera með sér, eru gerðar meiri kröfur um menntun og siglingatíma til vélstjóra á farþegaskipum heldur en vélstjóra á fiskiskipum og flutningaskipum. Samkvæmt 2. mgr. öðlast vélstjóri með 2. stigs nám aðeins rétt til yfirvélstjórnar á farþegaskipi í innanlandssiglingum með allt að 600 hestafla vél. Kæmi það fyrir, að farþegaskip með þessa vélarstærð færi í utanlandssiglingar, þyrfti vélstjóra 3. stigs sem yfirvélstjóra.

Við 14. gr.

Reglurnar um siglingatíma og hestaflafjölda samkvæmt þessari grein geta virzt nokkuð flóknar, en ættu að skýrast nægjanlega þegar þær eru bornar saman við ákvæði 5. gr. og 10. gr. Í niðurlagsákvæði 3. mgr. felst það, að sá, sem gegnir stöðu 2. vélstjóra á farþegaskipi með yfir 1200 hestafla vél, verður ávallt að hafa lokið 4. stigs vélstjóranámi, sbr. og niðurlag 3. mgr. 15. gr.

Við 15. gr.

Greinin skýrist með samanburði við 6. gr. og 11. gr.

Við 16. gr.

Í þessari grein felst aukningin á atvinnuréttindum þeirra, sem lokið hafa prófi frá hinu minna eða hinu meira mótornámskeiði Fiskifélagsins, sem nánar er greint frá í hinni almennu greinargerð með frumvarpinu. Í þeim tilfellum þar sem gildandi lög veita meiri réttindi en frumvarpið, skulu þau réttindi haldast. Þetta á líka við þau umframréttindi, sem vélstjóri hefur átt kost á en ekki aflað sér, vegna þess að hann vantar upp á siglingatímann.

Við 17. gr.

Ákvæði greinar þessarar er nýmæli. Í reynd hafa fjölmargar undanþágur verið veittar um margra ára skeið án þess fullnægjandi lagaheimild væri fyrir hendi. Reglur greinarinnar eru samhljóða þeim reglum, sem ráðuneytið hefur beitt í framkvæmd.

Við 18. gr.

Greinin er nýmæli. Skynsamlegt var talið að setja þessa heimild inn í lagafrumvarpið, þar eð líklegt má telja að á næstu árum kunni vélar með sjálfvirkum stjórnbúnaði að verða teknar í notkun á íslenzkum skipum, en við slíkar vélar þarf ekki á að halda stjórn og umsjón jafn margra vélstjóra og við þær vélar, sem nú tíðkast.

Við 19. gr.

Hér er um að ræða svipað ákvæði og í 50. gr. laga nr. 66 frá 1946 að því er 1. mgr. varðar. Til þess að koma góðri skipan á þessi mál, er nauðsynlegt að innkalla eldri skírteini og gefa út ný í staðinn í samræmi við þær nýju reglur um atvinnuréttindi, sem frumvarpið setur.

Við 20. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Við 21. gr.

Greinin er í samræmi við ákvæði gildandi laga. Talið er nauðsynlegt að gera jafn miklar kröfur til vélstjóra á varðskipum og björgunarskipum eins og til vélstjóra á farþegaskipum um menntun og starfsreynslu. Sama gildir um vélstjórafjöldann.

Við 22. gr.

Í frumvarpinu eru eigi eins og í gildandi lögum sérreglur um atvinnuréttindi vélstjóra á gufuskipum, enda engin þörf á því þar sem gufuskip eru að hverfa úr

sögunni. Greinin á að tryggja það, að vélstjóri, sem eingöngu hefur öðlazt starfsreynslu á gufuvél, hljóti ekki að svo komnu yfirvélstjóraréttindi á mótorskipi og gagnkvæmt. Með „stórum eimkatli“ er átt við katla, er knýja aflvélar skipsins, svo og katla í olíuskipum, er hita upp farminn.

Við 23. gr.

Álitið er, að aðstoðarvélstjórastarfið veiti eigi jafn góða starfsreynslu og undirvélstjórastarf. Eru því þrír mánuðir við hið fyrrgreinda starf látnir jafngilda tveimur mánuðum við hið síðarnefnda.

Við 24. gr.

Reglur þær, er gilt hafa um hestaflaútreikning, er að finna í i.-lið 2. gr. laga nr. 66 frá 1946, sbr. auglýsingu nr. 115, 21. júní 1945. Til að taka af allan vafa er tekið fram í greininni, að miða skuli við sameiginlegan hestaflafjölda þeirra véla, sem knýja skipið áfram.

Við 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum, sbr. b.-lið 3. gr. laga nr. 66 frá 1946.

Við 26. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Við 27. gr.

Greinin er nýmæli. Verði verksmiðjuskip tekin í notkun hér, skapast væntanlega nauðsyn á fleiri vélstjórum um borð en gert er ráð fyrir í I.—III. kafla frumvarpsins.

Við 28. gr.

Kemur í stað 49. gr. laga nr. 66 frá 1946.

Við 29. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Við 30. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Ed. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Í stað orðanna „tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf“ í 2. gr. laganna komi: eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

2. gr.

Á eftir orðinu „eðlisfræði“ í 3. gr. komi: rafmagnsfræði. Í stað orðsins „íþróttir“ í sömu grein komi: sund.

3. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, sem verður 5. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Til fiskimannaprófs 1. stigs og farmannaprófs 1. stigs útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):
1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, almenn brot, þríliðureikning, einfaldan prósentureikning, veldi og rót, notkun logaritma.
2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, þríhyrningar, ferhyrningar, hringurinn, flatarmál þríhyrnings, rétthyrnings og hrings.
3. Þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra, rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, breidd og lengd; kompáslínur og kompásstrik.
2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún er fundin með jarðlægum athugunum, á segulskekkjutöflum og stýristöflum.
3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
4. Þekking á miðunartækjum, vegmælum og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, drift og straumi; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í sjókortinu.
5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
6. Þekking á sextanti og notkun hans.
7. Þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):
1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum, á bjargtækjum og notkun þeirra.
2. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, reiða og seglum, undirstöðuþekking á stöðugleika skipa; talíureikningur, almennar skipamælingar.
3. Að kunna algengustu hnúta, samsetning kaðla og víra, netaviðgerð og seglasaum.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra um fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

IV. Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að læra íslenzka réttritun og undirstöðuatriði íslenzkrar málfræði, einkum þau atriði, er stuðla að stafsetningarkunnáttu. Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Efnið skal valið þannig, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VI. Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VII. Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjórnarmanna.

VIII. Heilsufræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:
1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
3. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum.

4. gr.

5. gr. laganna, sem verður 6. gr., orðist þannig:

Til fiskimannaprófs 2. stigs útheimtist hið sama og til fiskimannaprófs 1. stigs og enn fremur:

I. Stærðfræði (skrifleg):
   1. Í flatarmálsfræði: Marghyrningar, sporbaugur, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, uppdrættir og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
   2. Í þríhyrningafræði: Sinus-regla um flata þríhyrninga.
   3. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
   1. Fyllri þekking á segulskekkju kompássins, kunna að finna segulskekkju með viks-athugun sólar, skyn á kompás-leiðréttingum.
   2. Þekking á samdrætti og kunna að reikna stefnu og vegalengd milli tveggja staða með vaxandi breiddarmun og lengdarmun.
   3. Þekking á leiðarbókarhaldi.
   4. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum þess, á að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólar.
   5. Þekking á hæðarleiðréttingum sólar og að kunna að finna breiddina með athugun sólar í hádegisbaug.
   6. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið og segulskekkju kompássins með hæðaraðferðinni.
   7. Fyllri þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg og skrifleg):
   1. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og þekking á ljós- og hljóð-morse-merkjum eftir Morse-stafrófi.
   2. Skipamælingar og fyllri þekking á stöðugleika skipa. Áhrif skrúfu og stýris.

IV. Íslenzka (munnleg og skrifleg):
   Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Fyllri málfræðiþekking og helztu atriði setningafræðinnar.

V. Danska (munnleg):
   Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, geta talað dönsku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.

VI. Enska (munnleg):
   Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, geta talað ensku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.

VII. Sjóréttur (skriflegur):
   Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs.

VIII. Heilsufræði (munnleg):
   Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs, einkum um næma sjúkdóma, samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.

IX. Vélfræði (munnleg):
   Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. Bókhald:
   Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

XI. Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

5. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verður 7. gr., og greinatala breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Til farmannaprófs 2. stigs útheimtist:
Stærðfræði (skrifleg):
Hið sama og krafizt er til fiskimannsprófs 2. stigs og enn fremur:
1. Í reikningi: Jöfnur með tveimur óþekktum stærðum.
2. Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu koordinatkerfi.
3. Í þríhyrningafræði: Fyllri þekking á hornaföllunum og notkun þeirra. Útreikningar rétthyrndra kúluþríhyrninga.

Siglingafræði (skrifleg):
Að mestu hið sama og krafizt er til fiskimannaprófs 2. stigs og enn fremur: Kunna að finna stað skipsins með staðarlínum, byggðum á athugunum sólar, tungls, fastastjörnu eða reikistjörnu. Fyllri þekking á himintunglum.
Þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.
Sjómennska (skrifleg og munnleg):
Hið sama og til farmannaprófs 1. stigs og enn fremur:
1. Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, rúmmálsreikningur, djúprista og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi.
2. Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu.
Öryggisráðstafanir og útreikningar við skipsströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar- og affermingar skipa. Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa. Skyldur stýrimanns á verði.
3. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Eðlisfræði (skrifleg):
Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra efna, þyngdarlögmál.
Samstilling og sundurliðun krafta. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið og ljósið. Undirstöðuatriði rafmagnsfræðinnar til skilnings á byggingu raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.
Íslenzka (skrifleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal valið þannig, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært nokkurn veginn lögskipaða réttritun og helztu atriði íslenzkrar málfræði og setningafræði.
Danska (skrifleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna. Helztu málfræðiatriði. Að geta gert léttan, danskan stíl.
Enska (skrifleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac"; geta gert létta, enska stíla.
Sjóréttur (skriflegur):
Sama þekking og til fiskimannaprófs 2. stigs.
Heilsufræði (munnleg):
Sama þekking og til fiskimannaprófs 2. stigs.
Vélfræði (munnleg):
Þekking á algengustu mótorvélum, einkum díselvélum og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

6. gr.

6. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist þannig:
Til farmannaprófs hið sama og til farmannaprófs 2. stigs og enn fremur:
Stærðfræði (skrifleg og munnleg):

Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og flata innbyrðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sívalnings og á línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaþríhyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.

Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

Fyllri þekking á segulskekkju kompássins. Kompásleiðréttingar. Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.

Fyllri þekking á notkun raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):

1. Vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki. Áhrif skrúfu og stýris. Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Olíureikningar, áhrif vökva með fríu yfirborði á stöðugleika. Hleðsluplön.
2. Þekking á notkun alþjóðamerkjabókar, hljóð- og ljósmorse.

Rafmagnsfræði (skrifleg):

Fyllri þekking í rafmagnsfræði en til farmannaprófs 2. stigs til skilnings á raf- og radíótækjum, sem notuð eru við siglingar.

Landafræði og veðurfræði (skrifleg):

Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir.

Helztu verzlunarborgir.

Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort.

Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma.

Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Fyllri þekking á íslenzkri málfræði og setningafræði en til farmannaprófs 2. stigs. Að geta samið vel og skilmerkilega skýrslur, er staðan útheimtir.

Danska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Geta gert danska stíla.

Enska (skrifleg og munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Geta gert enska stíla.

Sjóréttur (skriflegur):

Fyllri þekking en til farmannaprófs 2. stigs, einkum um farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar.

Heilsufræði (munnleg):

Fyllri þekking en til farmannaprófs 2. stigs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.

Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg):

Þau atriði, er farmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar.

Vélfræði (munnleg):

Þekking algengra eimvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar.

7. gr.

7. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðist þannig:

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins er krafizt:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti ¾ hámarkseinkunnar. Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa réttindi sem skipstjórar á varðskipum ríkisins þegar lög þessi öðlast gildi, enn fremur má veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla eindregið með því.

2. Stærðfræði:
   Fyllri þekking en til farmannaprófs í þríhyrningafræði, flatarmálsfræði og rúmfræði.
3. Siglingafræði:
   a. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Grundvallaratriði sjómælinga og sjókortagerð.
   b Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetninga í vaxandi kort.
   c. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
   d. Fyllri þekking á byggingu og notkun hinna elektronisku siglingatækja.
4. Alþjóðamerki:
   Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Dulmál.
5. Alþjóðaréttur:
   Helztu ákvæði alþjóðaréttar og milliríkjasamninga um landhelgi og úthaf. Íslenzka landhelgis- og fiskveiðigæzlu. Stjórnskipan og réttarfar. Skýrslugerðir. Tollmál.
6. Enska:
   Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en til farmannaprófs.
7. Sjómennska:
   Vinnustjórn, skipulag, bjarganir, brunavarnir, hjálp í viðlögum o. fl. Notkun ýmissa tækja varðskipa og gæzluflugvéla, starfsreglur, siðir og venjur.
8. Eðlisfræði:
   Fyllri þekking í almennri eðlisfræði (mekanik) og rafmagnsfræði en til farmannaprófs.
9. Vopn og verjur:
   Almenn þekking á skotvopnum, tundurduflum, sprengjum o. fl., notkun þeirra og vörnum gegn þeim.
10. Líkamsæfingar:
    Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

8. gr.

8. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:

Við burtfararpróf skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir föngum. Í fallgreinum skulu þó vera tveir prófdómarar.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

9. gr.

Í stað „1.—5. lið 11. gr.“ í 9. gr. laganna, sem verður 11. gr., komi: 1.—4. lið 13. gr.

10. gr.

10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðist þannig:

Þeir, sem staðizt hafa próf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteinin við burtfararpróf skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðamáli.

11. gr.

5. tl. 11. gr. laganna, sem verður 13. gr., falli niður.

12. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 13. gr. laganna, sem verður 15. gr., komi: sex.

Í stað orðsins „fjórir“ í sömu mgr. sömu greinar komi: fimm.

13. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna, sem verður 16. gr., orðist þannig:

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti góðu farmannaprófi við skólinn. Fastur kennari í stærðfræði og siglingafræði við farmannadeildina verður að hafa lokið prófi frá deildinni fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins, eða sambærilegu prófi.

14. gr.

17. gr. laganna, sem verður 19. gr., orðist þannig:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að ljúka fiskimannaprófi 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskóla, skal samgöngumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveimur stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar til loka marzmánaðar. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum en ofan greinir, að tilskildu samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til fiskimannaprófs 1. stigs skulu send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík. Prófdómara skipar samgöngumálaráðuneytið samkvæmt tillögu skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1967.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955, og gefa lögin út þannig breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 17. janúar 1964 skipaði menntamálaráðherra fimm manna nefnd til að endurskoða gildandi lög um stýrimannaskólann í Reykjavík. Í nefndina voru skipaðir Jónas Sigurðsson, skólastjóri stýrimannaskólans, sem var skipaður formaður nefndarinnar, Guðmundur H. Oddsson, skipstjóri, Jón Pálsson, tómstundaráðunautur Æskulýðsráðs Reykjavíkur, Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands og Sverrir Júlíusson, alþingismaður.

Nefndin hefur samið frumvarp, efnislega samhljóða frumvarpi þessu, og fylgdi frumvarpinu eftirfarandi greinargerð frá nefndinni:

Breytingar þessar á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, eru tillögur nefndar þeirrar, er háttvirtur menntamálaráðherra skipaði í janúar 1964 til þess m. a. að endurskoða lög um stýrimannaskólann í Reykjavík. Vill nefndin jafnframt benda á eftirfarandi:

Eins og kunnugt er, hafa miklar breytingar orðið á siglingatækjum og veiðitækjum á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Ný tæki hafa komið fram, bæði við siglingar og fiskveiðar. Að sjálfsögðu er nauðsynlegt, að nemendur stýrimannaskólans hljóti kennslu í gerð, meðferð og notkun þeirra siglingatækja, sem algengust eru um borð í skipum og þeir eiga að nota í starfi sínu eftir námið. Skólaárið 1960—1961 var námstíminn í farmannadeild stýrimannaskólans lengdur um tvo mánuði með það fyrir augum að auka allverulega kennslu í rafmagnsfræði og

jafnframt tækjakennslu. Hefur sú lenging bætt mikið úr, þannig að hægt hefur verið að fara ítarlegar í þau fræði, en áður var unnt.

Ef auka á verulega tækjakennslu í fiskimannadeildinni, sem full þörf er á, verður ekki hjá því komizt að lengja einnig námstímann fyrir þá deild, og er gert ráð fyrir tveggja mánaða lengingu námstímans þar í þeim tillögum um breyting á lögum um stýrimannaskólann, sem hér eru lagðar fram. Er það einróma álit nefndarinnar og þeirra, sem siglingafræðikennsluna eiga að annast við skólann, að full þörf sé á slíkri lengingu námstímans. Námstíminn fyrir fiskimannapróf er nú sá sami og var áður en hin nýju tæki komu til sögunnar, og þótt bætt hafi verið inn í kennslustundum í meðferð og notkun siglingatækja, hafa þær verið of fáar til þess að hægt hafi verið að gera þeirri kennslu þau skil, sem æskilegt væri.

Þá leggur nefndin til að samræming verði gerð á kennslunni fyrir hið minna fiskimannapróf og fiskimannaprófið, þannig að þeir, sem standast próf upp úr 1. bekk fiskimannadeildar, öðlist sams konar réttindi og hið minna fiskimannapróf veitir nú. Einnig gerir nefndin ráð fyrir, að á tveimur stöðum úti á landi verði árlega starfandi 1. bekkjardeildir fiskimannadeildar á vegum stýrimannaskólans í Reykjavík.

Enn fremur er gert ráð fyrir, að þeir, sem ljúka prófi upp úr 1. bekk farmannadeildar, öðlist sömu réttindi og þeir, sem prófi ljúka upp úr 1. bekk fiskimannadeildar, enda hefur reynslan verið sú, að flestir nemendur farmannadeildar hafa fengið talsverðan hluta af siglingatíma sínum á fiskiskipum.

Er ástæða til að vænta þess, að sú samræming á námsefni fyrir hið minna fiskimannapróf og fiskimannaprófið, sem hér er lagt til að gerð verði, megi verða til þess, að nemendur hætti síður námi eftir minna fiskimannaprófið, heldur haldi áfram og ljúki 2. bekk, en kunnugt er hvaða vandamál hefur risið á seinni árum, vegna þess hve margir hafa ekki hirt um að afla sér víðtækari menntunar en minna fiskimannaprófið veitir. Hér er gert ráð fyrir, að það verði aðeins fyrri áfangi á leið til fiskimannaprófsins, sem veitir full réttindi á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og hvar sem er.

Í stuttu máli eru tillögur nefndarinnar þessar:

1. Námstíminn fyrir fiskimannapróf verði lengdur um tvo mánuði þannig, að 1. bekkur starfi til marzloka í stað janúarloka, eins og nú er. Hér mun aðeins um reglugerðarbreytingar að ræða, þar sem lengd námstímans til fiskimannaprófs er ekki tiltekin í lögum fyrir stýrimannaskólann öðruvísi, en að tveggja ára deild skuli starfa fyrir fiskimannaprófið.
2. Eins árs deild (frá 1. okt.—31. marz) starfi fyrir fiskimannapróf 1. stigs. Jafnframt starfi sams konar deild á tveimur stöðum utan Reykjavíkur (nánar tilgreint í lögum). Próf frá þessari deild veiti réttindi til skipstjórnar í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúml. brúttó.
3. Eins árs framhaldsdeild (frá 1. okt.—maí) starfi fyrir fiskimannapróf 2. stigs. Inngönguskilyrði í hana séu fiskimannapróf 1. stigs eða sambærileg menntun. Próf frá þessari deild veiti réttindi til skipstjórnar á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og hvar sem er.
4. Eins árs deild (frá 1. okt.—31. marz) starfi fyrir farmannapróf 1. stigs. Próf frá þessari deild veiti sömu réttindi og fiskimannapróf 1. stigs.
5. Eins árs framhaldsdeild (frá 1. okt.—31. marz) starfi fyrir farmannapróf 2. stigs. Inngönguskilyrði í þá deild séu farmannapróf 1. stigs eða sambærileg menntun. Próf frá þessari deild veiti réttindi til að starfa sem undirstýrimenn á íslenzku verzlunar- eða varðskipi.
6. Eins árs framhaldsdeild (frá 1. okt.—maí) starfi fyrir farmannapróf. Inngönguskilyrði í þá deild séu farmannapróf 2. stigs eða sambærileg menntun. Próf frá þeirri deild veiti réttindi til skipstjórnar á íslenzku verzlunar- eða varðskipi af hvaða stærð sem er og hvar sem er.
7. Deild fyrir skipstjórapróf á varðskipum ríkisins. Deild þessi starfi með sama

fyrirkomulagi og verið hefur, en vikulegur kennslustundafjöldi verði aukinn all verulega. Gert er ráð fyrir að væntanlegir siglingafræðikennarar stýrimannaskólans sæki þessa deild.

Varðandi einstakar greinar breytingartillagnanna skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir eins árs deild fyrir fiskimannapróf 1. stigs, sem samsvarar minna fiskimannaprófinu nú. Jafnframt er gert ráð fyrir að námstíminn fyrir þessa deild verði lengdur um 2 mánuði frá því sem nú er.

Um 2. gr.

Bætt er inn í þá grein rafmagnsfræði. Þá er orðið sund sett í staðinn fyrir íþróttir og er það gert með hliðsjón af því, að aðstaða til leikfimiiðkana er orðin það erfið vegna húsnæðisskorts, að ekki hefur verið hægt að koma fyrir í leikfimi öðrum en burtfararprófsnemendum og þeir tímar, er fengizt hafa svo óhentugir, að of mikið af námstíma nemendanna hefur farið í þá grein.

Hins vegar er gert ráð fyrir, að jafnframt sundkennslu verði tekin upp kennsla í notkun froskbúnings.

Um 3. gr.

Er ný grein, og er þar í stórum dráttum talið upp það námsefni, sem kenna skal til fiskimannaprófs 1. stigs, en þeirri deild er ætlað að starfa í 6 mánuði.

Um 4. gr.

Þar er talið upp námsefni, sem kenna skal seinni veturinn til fiskimannaprófs.

Um 5. gr.

Er ný grein, þar sem talið er upp það námsefni, sem kenna skal til farmannaprófs 2. stigs. Þeirri deild er ætlað að starfa í tveimur 6 mánaða áföngum, og gert ráð fyrir, að nemendur, sem lokið hafa prófi frá þeirri deild, geti öðlazt undirstýrimannsréttindi á verzlunar- eða varðskipi, ef nægur siglingatími sem háseti er fyrir hendi.

Um 6. gr.

Í þeirri grein er talið námsefni á síðasta vetri fyrir farmannapróf.

Um 7. gr.

Námsefni fyrir deild skipstjóra á varðskipum ríkisins.

Um 8. gr.

Gert er ráð fyrir að fækka prófdómurum við burtfararpróf þannig, að aðeins verði tveir prófdómarar í fallgreinum í stað þess að áður hafa verið tveir prófdómarar í öllum greinum. Telur nefndin að án skaða megi lækka verulega prófkostnað við þetta.

Um 9. gr.

Vísast til skýringa við 11. gr.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Lagt er til að 5. töluliður falli niður, þar sem þessu ákvæði mun ekki lengur beitt.

Um 12. gr.

Lagt er til að fjölgað verði um einn fastan kennara í siglingafræði. Vegna aukinnar aðsóknar að stýrimannaskólanum er full þörf á að bæta við einum föstum kennara í siglingafræði, sérstaklega með tilliti til þess, að erfitt getur verið að fá hæfa stundakennara í þeirri grein.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir að fastur siglingafræðikennari við farmannadeildina hafi lokið prófi frá skipstjóradeild varðskipanna, og hafi þar með lokið fullnaðarprófi frá skólanum.

Um 14. gr.

Varðar námskeið þau, sem lagt er til að haldin verði úti á landi á vegum stýrimannaskólans. Niður eru felldar Vestmannaeyjar, en þar starfar nú stýrimannaskóli skv. sérstökum lögum frá síðasta Alþingi.

Að lokum vill nefndin taka fram, að verði breytingar þær, sem hér er lagt til að gerðar verði á lögum um stýrimannaskólann í Reykjavík, samþykktar, leiðir af þeim nokkrar breytingar á lögunum um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Rader, Donald Farr, kennari í Kópavogi, f. á Íslandi 10. febrúar 1945.
2. Sawamura, Matsoka (Metzelaar, Gustaaf), sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. í Japan 12. janúar 1931.
3. Wendler, Dietrich Hans Udo, starfsmaður Flugfélags Íslands, f. í Þýzkalandi 25. júní 1934.
4. Ziebert, Ernst Franz, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. janúar 1933.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta, fullnægja allir þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. nr. 369 á 85. löggjafarþingi 24. marz 1965.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um hvernig minnast skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til að íhuga og gera tillögur um með hverjum hætti minnast skuli á árinu 1974 ellefu hundruð ára afmælis byggðar á Íslandi.

Forsætisráðherra skipar formann nefndarinnar.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Að tæpum níu árum liðnum verður ellefu hundruð ára afmæli stöðugrar byggðar á Íslandi. Sjálfsagt er að svo merks afmælis verði minnst á viðeigandi hátt og þykir ráðlegt, að menn verði nú þegar settir til að íhuga það, því að ýmislegt kemur til greina, svo sem samning og útgáfa heillegrar Íslandssögu, bygging nauðsynlegra þjóðhýsa, hátíðahöld í líkingu við þau, sem voru 1874 og 1930 o. fl.

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI
Um veiðirétt og stjórn friðunar- og veiðimála.

1. gr.

Með fuglaveiðum er í lögum þessum átt við þann verknað, er felst í því að handsama eða drepa villta fugla. Þar sem rætt er um rétt til fuglaveiða í lögunum, er þó einnig átt við rétt til eggjatöku.

2. gr.

1. Landeiganda einum eru heimilar fluglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra í landareign sinni, nema lög mæli öðruvísi fyrir.

2. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá ábúðinni réttur til fuglaveiða, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

3. Eigi má skilja rétt til fuglaveiða að nokkru eða öllu leyti við landareign fyrir fullt og allt. En leyfilegt skal að skilja rétt til fuglaveiða við landareign um tiltekið tímabil, er eigi má vera lengra en 10 ár í senn.

3. gr.

1. Nú er landareign í óskiptri sameign, og eru þá lendeigendum öllum fuglaveiðar jafnheimilar í þeirri landareign í réttu hlutfalli við afnotarétt lands, nema samkomulag verði um aðra skipan.

2. Nú er landareign í sameign, en er skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá hver sameigandi fuglaveiðar á og fyrir sínum landshluta eða afnotasvæði, nema samkomulag hafi orðið um aðra lögmæta skipan.

4. gr.

1. Á landi skulu fuglaveiðum ráða rétt landamerki jarðar hverrar.

2. Nú skilur á eða lækur landareignir, og á þá hver fuglaveiðar í miðjan farveg.

3. Nú liggur landareign að sjó, og á þá landeigandi fuglaveiðar á haf út, 115 m frá stórstraumsfjörumáli, og eru það netlög hans. Ef firðir, vogar eða sund, sem eigi eru 230 m á breidd, skipta landareignum, þá á hver landeigandi fuglaveiðar út á miðjan fjörðinn, voginn eða sundið.

4. Nú liggur landareign að stöðuvatni, og á þá landeigandi fuglaveiðar 115 m út frá bakka þess (netlög), og skal jafnan miða við lágflæði í vatni. Ef stöðuvatn er merkivatn og er eigi 230 m á breidd, þá skal miðlína þess ráða fuglaveiðum.

5. Nú liggja eyjar, hólmar eða sker í sjó eða stöðuvötnum undir landareign, og fylgja þeim þá netlög sem áður segir.

5. gr.

1. Landeigendum, sem land eiga að stöðuvatni, eru einum heimilar fuglaveiðar í almenningi vatnsins, og eru þær þeim öllum jafnheimilar. Sé forn venja til þess, að réttur til fuglaveiða í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, skal sú venja gilda eftirleiðis.

2. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarétt sinn til þeirra.

3. Öllum íslenzkum ríkisborgurum eru fuglaveiðar heimilar í íslenzkri landhelgi utan netlaga lögbýla. Landhelgi er talin í lögum þessum með sama hætti og í 6. gr. laga nr. 58/1954.

6. gr.

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrugripasafns Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

7. gr.

1. Menntamálaráðuneytið hefur yfirumsjón allra mála, er varða fuglaveiðar og fuglafriðun.

2. Til aðstoðar ráðuneytinu um stjórn þeirra er fuglafriðunarnefnd. Menntamálaráðuneytið skipar nefndina til fjögurra ára í senn, og skal hún skipuð 5 mönnum. Einn nefndarmanna skal skipaður eftir tillögum Hins íslenzka náttúrufræðifélags, annar eftir tillögum Sambands dýraverndunarfélaga Íslands, en tveir skulu skipaðir án tilnefningar, auk deildarstjóra dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík, er skal vera formaður nefndarinnar.

3. Tillagna fuglafriðunarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða um fuglaveiðar og fuglafriðun, og ber nefndinni að gera tillögur til ráðuneytisins um hvað eina, er hún telur ástæðu til, í sambandi við þau mál.

4. Ísland er aðili að alþjóða-fuglaverndunarráðinu (The International Council for Bird Preservation), og skal fuglafriðunarnefnd koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

5. Meðlimir fuglafriðunarnefndar fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður, og útlagðan kostnað fær nefndin greiddan úr ríkissjóði eftir reikningi, er ráðuneytið samþykkir.

II. KAFLI

Friðunarákvæði og veiðitímar.

8. gr.

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

a. Allt árið: kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.
b. Frá 20. ágúst til 15. marz: dílaskarfur, toppskarfur, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi.
c. Frá 1. september til 31. marz: lómur, fýll, súla, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, gulönd, skúmur, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita.
d. Frá 1. september til 19. mai: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
e. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

3. Friðun sú, sem fólgin er í ákvæðum 1. og 2. málsgr., tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla, sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

9. gr.

1. Frá 15. apríl til 14. júlí ár hvert eru öll skot bönnuð nær friðlýstu æðarvarpi en 2 km, nema brýna nauðsyn beri til. Á sama tíma má eigi án leyfis varpeiganda leggja net nær friðlýstu æðarvarpi en ¼ km frá stórstraumsfjörumáli.

2. Lögreglustjórar skulu ár hvert á manntalsþingum, ótilkvaddir og ókeypis, friðlýsa öll æðarvörp í lögsagnarumdæmum sínum.

3. Nú vill einhver koma á fót æðarvarpi í landareign ábúðarjarðar sinnar, og skal hann þá senda lögreglustjóra skriflega yfirlýsingu um það. Skal þar skýrt frá legu varplandsins, afstöðu þess, ummerkjum og útbúnaði. Skýrslu þessari fylgi vottorð tveggja áreiðanlegra og óvilhallra manna, er kunnugir séu staðháttum, um, að hún sé rétt og þeir telji landið vænlegt til æðarvarps. Síðan friðlýsir lögreglustjóri varplandið ókeypis á næsta manntalsþingi.

10. gr.

1. Á takmörkuðum svæðum, þar sem veiði, eggja- eða ungataka þeirra sjófugla, sem taldir eru í 2. málsgr. 8. gr., en þeir eru súla, dílaskarfur, toppskarfur, fýll, skúmur, hvítmáfur, rita, álka, langvía, stuttnefja, teista og lundi, hefur talizt eða telst til hlunninda, skulu friðunarákvæði laga þessara ekki vera til fyrirstöðu því, að nytja megi þau hlunnindi eftirleiðis. Óheimilt skal þó að skjóta umræddar tegundir á þeim tíma, er þær eru friðaðar samkvæmt lögum þessum, og aldrei má skjóta fugl í fuglabjörgum.

2. Í Mývatnssveit og á öðrum takmörkuðum svæðum, þar sem andavarp er mikið (þar með talið æðarvarp), skal, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., leyfilegt að taka andaregg (og æðaregg), en við eggjatökuna skal þeirri reglu fylgt, að ávallt séu skilin eftir minnst 4 egg í hreiðri hverju. Undanþága þessi til eggjatöku tekur þó ekki til skeiðandar, skutulandar og straumandar. Um æðaregg skulu gilda þau sérákvæði, að þau má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

3. Í kríu- og hettumáfsvörpum skal heimilt að taka egg þessara fugla, þrátt fyrir friðunarákvæði 8. gr., en þó aldrei nema fyrsta varp.

11. gr.

1. Nú valda fuglar verulegu tjóni í ræktuðu landi, veiðivötnum og ám, fiskiræktarstöðvum eða á öðrum hliðstæðum nytjum, og eru þá friðunarákvæði laga þessara ekki til fyrirstöðu því, að ráðuneytið geti, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er. Undanþáguheimild þessi tekur þó eigi til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu.

2. Þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri getur ráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt hreppstjórum fyrir hönd veiðiréttarhafa í umdæmum sínum undanþágu frá friðunarákvæðum laga þessara, að því er veiði grágæsa varðar. Þá skal og taka grágæsareggja heimil, þrátt fyrir ákvæði 8. gr., án þess að sækja þurfi um leyfi til eggjatökunnar.

3. Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru samkvæmt undanþáguheimildum þeim, sem felast í 1. og 2. málsgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja né kaupa.

12. gr.

1. Ráðuneytið getur, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt einstaklingum undanþágu frá friðunarávæðum 8. og 9. gr. til að safna fuglum, eggjum og hreiðrum til vísindalegra þarfa eða í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda.

2. Ef nauðsyn krefur og sérstaklega stendur á, getur deildarstjóri dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar Íslands veitt einstaklingum heimild til að safna friðuðum fuglum handa safninu, svo og eggjum þeirra, innan takmarka þess leyfis, er hann hefur hlotið samkvæmt heimild 1. málsgreinar.

13. gr.

Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið með reglugerð gert breytingar á friðunarákvæðum þeim, er felast í 8. gr. Slíkar breytingar á gildandi friðunarákvæðum má takmarka við tiltekin svæði.

14. gr.

Friðunarákvæði þau, sem felast í lögum þessum, skulu gilda hvarvetna á Íslandi, svo og innan íslenzkrar landhelgi á hafinu kringum Ísland.

III. KAFLI

Um fuglaveiðasamþykktir.

15. gr.

Sýslunefndum veitist heimild til, hverri í sínu héraði, að gera samþykktir um nytjun þeirra hlunninda, er um ræðir í 10. gr., á þann hátt og með þeim skilyrðum, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

16. gr.

1. Þá er sýslunefnd hefur gert frumvarp til samþykktar samkv. 15. gr., skal oddviti hennar kveðja til fundar alla þá héraðsbúa, er hagsmuna hafa að gæta í sambandi við hlunnindi þau, er um ræðir í 10. gr. Oddviti stýrir fundinum eða sá maður, er hann kveður til þess.

2. Á fundinum leggur fundarstjóri fram frumvarp það til samþykktar, er sýslunefnd hefur gert. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, sendir sýslumaður það ráðuneytinu til staðfestingar, og er þá öllum, er boðaðir voru á fundinn, skylt að gerast aðilar að samþykktinni. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri á því efnisbreytingar, ef sýslunefnd fellst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundur þá á frumvarpið óbreytt að efni með ⅔ greiddra atkvæða, fer um það sem fyrr segir.

3. Nú er gerð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send ráðuneytinu til staðfestingar, og virðist ráðuneytinu hún brjóta í bág við lög eða grundvallarreglur laga eða réttindi manna, og er samþykktin þá endursend án staðfestingar, ásamt synjunarástæðum ráðuneytisins. Að öðrum kosti staðfestir ráðuneytið samþykktina, skipar fyrir um birtingu hennar og tiltekur, hvenær hún skuli öðlast gildi.

4. Staðfestri samþykkt má breyta á sama hátt og til hennar var stofnað.

17. gr.

1. Í samþykkt skal ákveða um eftirlit, er nauðsynlegt þykir til þess, að ákvæða hennar sé gætt, og hvernig kostnað við það skuli greiða.

2. Fyrir brot á löggiltri samþykkt má ákveða sektir, allt að 10 000 krónum, er renna í sýslusjóð. Mál, sem rísa út af téðum brotum, skulu rekin að hætti opinberra mála.

18. gr.

Þar sem rætt er um sýslunefnd, oddvita hennar og sýslusjóð í III. kafla laga þessara, er einnig átt við bæjarstjórn, bæjarstjóra og bæjarsjóð, eftir því sem við á.

19. gr.

Fuglaveiðasamþykktir, sem gerðar hafa verið fyrir gildistöku þessara laga, skulu ógildar, unz þær hafa verið staðfestar af ráðuneytinu að nýju.

IV. KAFLI

Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

20. gr.

Við fuglaveiðar má eigi nota önnur skotvopn en þau, er skjóta má með fríhendis frá öxl. Hlaupvíðari haglabyssur en cal. 12 má eigi nota til fuglaveiða.

21. gr.

1. Eigi má nota flugvélar, bifreiðar eða önnur vélknúin farartæki á landi til fuglaveiða eða til að elta uppi eða reka fugla. Farartæki þessi má þó nota til að flytja veiðimenn, veiðihunda og veiðitæki að og frá veiðistað.
2. Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, sbr. þó 24. gr., og til fuglaveiða á sjó má eigi nota vélknúna báta, sem ganga hraðar en 9 sjómílur á klukkustund.

22. gr.

1. Eigi má nota net til fuglaveiða í sjó eða vötnum.
2. Nú festast fuglar í netum, sem ætluð eru til annarra veiða (fisk- eða selveiða), og ber þá að greiða þá úr netunum og sleppa þeim, ef þeir eru lifandi, þegar netanna er vitjað. En fugla, sem finnast dauðir í slíkum netum, má hvorki hirða né nýta á nokkurn hátt.
3. Eigi má nota net til fuglaveiða á landi. Þó skal heimilt að veiða lunda í net, þar sem lundagröftur stendur æðarvarpi fyrir þrifum. Þessa veiðiaðferð má þó ekki stunda, nema verið sé yfir netunum og fuglinn hirtur úr þeim jafnóðum eða þeirra sé vitjað minnst tvisvar á dag. Heimilt skal að nota háfa til lunda- og bjargfuglaveiða.

23. gr.

Eftirtalin tæki eða útbúnað má eigi nota til fuglaveiða: fleka (snörufleka), stangi eða króka (gogga), öngla, boga, gildrur, blys eða annan ljósaútbúnað, svo og allar aðrar fastar veiðivélar, þótt hér hafi ekki verið taldar.

24. gr.

Þar sem grágæsir valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri getur ráðuneytið, samkvæmt tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt þeim handhöfum fuglaveiðiréttar, sem hafa fengið leyfi samkvæmt heimild 11. gr. til að veiða grágæsir á friðunartíma þeirra, tímabundið leyfi til að veiða grágæsir með því að reka þær í netgirðingar, þegar þær eru í sárum. Við þær veiðar er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 21. gr., að nota vélknúna báta, ef aðstaða er þannig, að þess þurfi.

25. gr.

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum, og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns og kjóa.

26. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

27. gr.

Óheimilt skal að brenna sinu eftir 1. maí ár hvert.

28. gr.

Mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu óheimilar nema með leyfi ráðuneytisins, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

29. gr.

1. Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má eigi nota önnur merki en þau, er stofnunin lætur í té.

2. Hverjum þeim, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. KAFLI

Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

30. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka hluta þeirra.

31. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

32. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

33. gr.

1. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal óheimilt að flytja úr landi. Þó getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, enda gangi trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands úr skugga um, að innihald sendinga af þessu tagi sé í samræmi við veitt leyfi. Auk þess skal Náttúrufræðistofnun Íslands heimilt að flytja út fuglahami og egg án þess að leyfi ráðuneytis komi til, þegar um er að ræða skipti við erlend söfn eða aðrar hliðstæðar stofnanir.

2. Útflutningsbann fyrri málsgreinar tekur hvorki til rjúpna né alifugla, sem kynnu að verða fluttir úr landi.

34. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

35. gr.

Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

36. gr.

Þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, er óheimilt að inna þau störf af höndum, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt. Þeim skal og óheimilt að setja upp eða taka hami af örnum, fálkum og snæuglum, jafnvel þótt þeirra hafi verið löglega aflað, nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.

37. gr.

Nú notar ráðuneytið heimild 31. og 34. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. KAFLI

Refsiákvæði og réttarfar.

38. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 500 til 15 000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 1500 til 25 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 2500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi, hagnaði af veiði og á veiðtækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

39. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 250 til 10 000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 500 til 20 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 1500 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

40. gr.

Brot á ákvæðum 30.—36. gr. varða sektum frá 250 til 25 000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

41. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 38.—40. gr., varða sektum frá 250 til 5000 krónum.

42. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 38. og 39. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

44. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Lög nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Menntamálaráðuneytið fól fuglafriðunarnefnd að endurskoða gildandi lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, og auk nefndarmanna hafa þeir Agnar Ingólfsson, náttúrufræðingur, og Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, starfað með nefndinni að endurskoðun laganna. Hefur nefndin skilað frumvarpi því, sem hér liggur fyrir. Frv. var sent Búnaðarþingi til umsagnar og breytt nokkuð að fenginni umsögn þess. Vísast um það til fskj. IV. Greinargerð nefndarinnar með frv. fer hér á eftir:

Með setningu laga nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, voru felld saman í eina heild hin sundurlausu ákvæði í íslenzkum lögum um rétt til fuglaveiða, friðun fugla og veiðitíma, svo og ákvæði um fuglaveiðasamþykktir. Þá voru og tekin upp í lögin ýmis nýmæli, svo sem ákvæði um stjórn fuglafriðunar- og fuglaveiðimála, ákvæði um veiðitæki og veiðiaðferðir, inn- og útflutning fugla, kaup og sölu þeirra o. fl. Leitazt var við að gera lög nr. 63/1954 þannig úr garði, að ákvæði þeirra væru að efni til í sem nánustu samræmi við alþjóðasamþykkt um verndun fugla (Convention Internationale pour la Préservation des Oiseaux), sem gerð var í París 1950. Lög nr. 63/1954 tóku gildi 1. janúar 1955, og ári síðar eða í janúar 1956 fullgilti ríkisstjórn Íslands alþjóðasamþykktina um verndun fugla. Alllöngu áður eða í apríl 1948 hafði Ísland gerzt aðili að alþjóðaráði um fuglavernd (International Council for Bird Preservation), og var þá þegar skipuð sérstök nefnd, sem síðar hlaut nafnið Fuglafriðunarnefnd, til að koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum. Með lögum nr. 63/1954 var skipun þessarar nefndar lögfest, og þar var kveðið nánar á um verksvið hennar. Fuglafriðunarnefnd er nú skipuð eftirtöldum mönnum: Finnur Guðmundsson, náttúrufræðingur, formaður, Kristinn Stefánsson, prófessor, Þorbjörn Jóhannesson, kaupmaður, og Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi.

Með bréfi, dags. 3. júní 1959, fól mennamálaráðuneytið fuglafriðunarnefnd að endurskoða lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, þar sem „óhjákvæmilegt virðist, að heimild sé til þess í lögum að leyfa veiði sumra fugla á friðunartíma þeirra, þar sem þeir kunna að valda tilfinnanlegu tjóni á nytjum eða hindra við-

komu og aukning fluglategunda, sem æskilegt er að viðhalda og fjölga.“ En þar sem þá var þegar ljóst orðið, að nauðsynlegt væri að fram færu rannsóknir á veigamiklum þáttum þessara mála, varð að ráði að fresta endurskoðun laganna, unz þeim rannsóknum væri lokið. Tjón á nytjagróðri af völdum grágæsa var meðal annars eitt af þeim málum, sem brýn nauðsyn var á að rannsaka nánar. Vegna skorts á fé og mannafla til slíkra rannsókna reyndist hins vegar ekki unnt að hefjast handa um aðgerðir í því máli fyrr en árið 1963, að samið var við „The Wildfowl Trust“ í Bretlandi um framkvæmd rannsóknanna. Sérfræðingar frá þessari stofnun unnu síðan í tvö sumur (1963 og 1964) í samráði við íslenzka aðila að víðtækum athugunum á íslenzka grágæsastofninum, stærð hans, útbreiðslu og lífsháttum. Rannsóknir á beinu tjóni af völdum gæsa féll einkum í hlut dr. Janet Kear, en hún hafðu þá um skeið unnið að hliðstæðum rannsóknum í Skotlandi, þar sem íslenzkar grágæsir hafa vetrardvöl og þar sem einnig hafði verið kvartað yfir tjóni af þeirra völdum. Haustið 1964, þegar niðurstöður af þessum rannsóknum lágu fyrir, var talið ástæðulaust að fresta lengur endurskoðun laga nr. 63/1954, og með bréfi, dags. 30. október 1964, fól ráðuneytið fuglafriðunarnefnd að ljúka sem allra fyrst endurskoðun laganna.

Þegar tekið var til við endurskoðun laganna, kom fljótt í ljós, að nauðsynlegt var að gera á þeim margvíslegar breytingar. Af þeim sökum, svo og vegna ýmissa nýmæla, sem rétt þótti að taka upp í lögin, kom nefndarmönnum saman um að endursemja lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, fremur en semja frumvarp til laga um breytingar á þeim. Þess skal getið, að nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um ákvæði frumvarps þessa, nema annars sé getið í athugasemdum þeim, sem hér fara á eftir.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

Um I. kafla.

Um 1.—4. gr.

Samhljóða 1.—4. gr. l. nr. 63/1954.

Um 5. gr.

Samhljóða 5. gr. l. nr. 63/1954, en tilvitnun til laga í 3. mgr. breytt til samræmis við nýrri lög um það efni, er hér um ræðir.

Um 6. gr.

Samhljóða 6. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að orðalagi er örlítið vikið við.

Um 7. gr.

Að efni til að mestu samhljóða 7. gr. l. nr. 63/1954. Í 2. mgr. er þó bætt við ákvæði um, að fuglafriðunarnefnd skuli skipuð til fjögurra ára í senn, og í sömu mgr. kemur Samband dýraverndunarfélaga Íslands í stað Dýraverndunarfélags Íslands og deildarstjóri dýrafræðideildar í stað forstöðumanns dýrafræðideildar. Í 4. mgr. hefur nafni þeirra samtaka, er þar ræðir um, verið breytt til samræmis við nafnbreytingu er samþykkt var á alþjóðafundi samtakanna 1960. Í 5. mgr. er tekið upp ákvæði um, að meðlimir fuglafriðunarnefndar skuli fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem ráðuneytið ákveður. Störf fuglafriðunarnefndar hljóta að aukast mjög frá því sem verið hefur, ef breytingar þær á l. nr. 63/1954, sem frv. gerir ráð fyrir, hljóta lögfestingu.

Um II. kafla.

Um 8. gr.

Að mestu samhljóða 8. gr. l. nr. 63/1954, en flokkaskiptingu í 2. mgr. hefur þó verið breytt nokkuð og flokkum fækkað úr átta í fimm. Breytingin miðar að því að gera ákvæði um veiðitíma einfaldari. Þrjár tegundir, flórgoði, margæs og hrafnsönd, hafa verið felldar niður úr 2. mgr., og gert er ráð fyrir, að þær verði framvegis alfriðaðar. Flórgoði er strjáll og fremur sjaldgæfur varpfugl, sem engu máli skiptir sem veiðifugl. Hins vegar hefur verið talið, að hann spillti veiði í vötnum og ám, en sú skoðun er að mestu byggð á misskilningi. Margæs hefur fækkað gífurlega hin síðari ár, og hefur alþjóða-fuglaverndunarráðið beitt sér fyrir því, að hún verði alfriðuð í öllum Evrópulöndum. Hrafnsönd verpir hér hvergi svo nokkru nemi nema í Mývatnssveit og nærsveitum. Henni fer stöðugt fækkandi, og þar sem hún skiptir engu máli sem veiðifugl, virðist einsætt, að rétt sé að alfriða hana.

Tvær tegundir, sílamáfur og silfurmáfur, sem áður nutu takmarkaðrar friðunar, hafa verið fluttar í a.-flokk, og er því gert ráð fyrir, að heimilt verði að veiða þær allt árið. Þessum tveimur máfategundum hefur fjölgað mjög, og valda þær víða miklum usla í fuglabyggðum.

Um 9. gr.

Samhljóða 9. gr. l. nr. 63/1954.

Um 10. gr.

Að mestu samhljóða 10. gr. l. nr. 63/1954. Vegna breytinga á flokkaskiptingu í 2. mgr. 8. gr. verður þó ekki komizt hjá því að telja upp þá sjófugla, sem fjallað er um í 1. mgr. þessarar greinar. Í 2. mgr. gildandi laga er kveðið svo á, að undanþága til eggjatöku skuli eigi taka til skeiðandar, álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru. Í frv. hefur „álftar og gæsa, hverrar tegundar sem eru“ verið fellt niður, enda auðsætt af orðalagi 2. mgr., að ákvæði hennar taka aðeins til anda. Hins vegar hefur verið bætt við ákvæði um, að undanþága til eggjatöku skulu ekki taka til skutulandar og straumandar, og verða tegundirnar því þrjár, sem undanþága til eggjatöku nær ekki til. Þessar þrjár tegundir skipta engu máli sem varpendur, hvorki í Mývatnssveit né annars staðar, og þar sem þær eru ýmist sjaldgæfar (skeiðönd, skutulönd) eða verpa mjög strjált (straumönd), virðist einsætt, að friða beri þær fyrir eggjatöku hvar sem er. Í 3. mgr. er bætt við almennri heimild til töku hettumáfseggja, og í lok mgr. eru felld niður orðin „eða annað egg af tveimur“. Hettumáf fer ört fjölgandi, og virðist ástæðulaust að gera honum hærra undir höfði en kríunni, að því er varðar heimild til eggjatöku.

Um 11. gr.

Í grein þessari, sem er nýmæli, felst heimild til að veita undanþágu frá friðunarákvæðum frv., þegar um er að ræða tegundir, sem valda verulegu tjóni á nytjum. Reynslan hefur sýnt, að brýn nauðsyn er á, að slík heimild sé í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun. Í 1. mgr. er kveðið svo á, að hægt sé að veita einstökum handhöfum fuglaveiðiréttar tímabundið leyfi til að veiða slíka fugla á hvaða tíma árs sem er, en þó er gert ráð fyrir, að þessi undanþáguheimild taki ekki til sjaldgæfra tegunda, svo sem arnar, fálka og snæuglu. Í 2. mgr. eru sérákvæði um grágæsir, og miða þau að því að gera leyfisveitingar einfaldari, að því er þessa tegund varðar. Þar eru og ákvæði um heimild til töku grágæsareggja, án þess að leyfi komi til. Ákvæði 3. mgr. eru nauðsynleg vegna alþjóðasamþykktar, sem Ísland hefur fullgilt, um verndun fugla. Miða þau að því að koma í veg fyrir, að fuglar, sem veiddir eru samkvæmt undanþáguheimildum 1. og 2. mgr., séu gerðir að verzlunarvöru, og á hið sama við um egg þeirra. Þess skal getið, að einn nefndarmanna (Þ. E) lagði til, að við ákvæðin um undanþáguheimildir í 1. og 2. mgr. verði bætt orðunum

„enda verði ekki komið í veg fyrir tjón með öðru móti". Þessi tillaga hlaut ekki stuðning annarra nefndarmanna, þar sem þeir töldu ýmis tormerki á því, að unnt væri í hverju einstöku tilviki að ganga úr skugga um, að aðrar ráðstafanir hefðu ekki borið árangur.

Síðan l. nr. 63/1954 tóku gildi, hafa grágæsir verið alfriðaðar, frá því þær koma á vorin og fram til 19. ágúst. Þetta hefur skapað mikla óánægju hjá bændum í sumum héruðum landsins, sem hafa orðið fyrir nokkrum búsifjum af þeirra völdum. Samkvæmt ákvæðum 11. gr. geta bændur fengið leyfi til að veiða grágæsir á hvaða tíma árs sem er, svo framarlega sem þær valda tilfinnanlegu tjóni á nytjagróðri. Samkvæmt 1. mgr. geta einstakir veiðiréttarhafar fengið leyfi til slíkra veiða, en samkvæmt 2. mgr. geta hreppstjórar fyrir þeirra hönd fengið slíkt leyfi. Í síðara tilvikinu er miðað við svæði, þar sem grágæsir valda miklum og almennum spjöllum á nytjagróðri, en vitað er nokkurn veginn, hver þau svæði eru. Í báðum tilvikum er þó gert ráð fyrir, að sækja verði um leyfi til slíkra veiða, og er það í samræmi við ákvæði alþjóðasamþykktarinnar, og svo er einnig um ákvæði 3. mgr. Þar sem Ísland hefur fullgilt alþjóðasamþykkt um verndun fugla, er varla um aðrar leiðir en þessa að ræða. En þrátt fyrir þessar víðtæku heimildir, verður að teljast mjög ólíklegt, að með gæsaveiðum verði hægt að koma í veg fyrir, að grágæsir valdi spjöllum á nytjagróðri, enda sára lítil líkindi til, að hægt sé að hafa nokkur veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins með veiðum, jafnvel þótt grágæsir væru ófriðaðar með öllu. Menn verða því að gera sér ljóst, að þessar undanþáguheimildir útiloka alls ekki nauðsyn ráðstafana til að verja ræktað land fyrir gæsum með ýmsum þeim ráðum, sem gefizt hafa vel í Skotlandi og víðar. Á því sviði er margra kosta völ, en um það vísast til skýrslu dr. Kear, sem fylgir greinargerð þessari (sbr. fylgiskjal II).

Um 12. gr.

1. mgr. þessarar greinar kemur í stað 11. gr. l. nr. 63/1954. Lagt er til, að undanþáguheimild sú, er hér um ræðir, skuli eigi aðeins taka til 8. gr. frv. heldur og einnig til 9. gr. þess. Þá er lagt til, að í stað orðanna „til notkunar við kennslu" komi: í þágu opinberra almenningssafna, svo og vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda. Loks er lagt til, að lokasetning þessarar lagagreinar verði felld niður. Lítil ástæða virðist til þess, að skólar yfirleitt fari að keppa að því að koma upp sem fullkomnustum fuglasöfnum, enda hefur reynslan sýnt, að slíkt getur farið út í öfgar og mikil hætta á að það geti bitnað á sjaldgæfum tegundum. Skólar eiga nú völ á bókum með góðum fuglamyndum og auk þess litskuggamyndum af íslenzkum fuglum, sem Fræðslumyndasafn ríkisins hefur látað gera. Undanþáguheimild vegna útungunar og eldis tiltekinna tegunda er nauðsynleg, m. a. vegna tilrauna til að koma upp æðarvarpi á nýjum stöðum.

Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli og er ætlað að bæta úr brýnni þörf. Það myndi auðvelda mjög sumar af þeim rannsóknum, sem unnið er að á vegum Náttúrufræðistofnunarinnar, ef starfsmenn stofnunarinnar þyrftu ekki undantekningarlaust sjálfir að afla allra þeirra gagna af þessu tagi, sem nuðsynleg eru vegna rannsóknanna.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka upp. Meðal annars hefur alþjóða-fuglaverndunarráðið mælzt til, að slík ákvæði verði tekin upp í fuglafriðunarlög sem flestra landa, en þau skapa aðstöðu til að bregðast skjótt við óvæntum vandamálum, án þess að til lagabreytinga eða lagasetningar þurfi að koma.

Um 14. gr.

Samhljóða 12. gr. l. nr. 63/1954.

Um III. kafla.

Ákvæði þessa kafla, sem fjallar um fuglaveiðasamþykktir, eru samhljóða ákvæðum III. kafla frumvarps til laga nr. 63/1954, eins og það var lagt fyrir Al-

þingi á sínum tíma. Í meðförum Alþingis voru gerðar nokkrar breytingar á ákvæðum þessa kafla, en nefndin telur æskilegt, að hið upphaflega orðalag frv. haldist óbreytt.

Um 15. gr.

Kemur í stað 13. gr. l. nr. 63/1954. Það er ekki aðeins ónauðsynlegt heldur beinlínis óæskilegt, að fleiri en ein sýslunefnd geri með sér fuglaveiðasamþykkt, enda ekki minnstu líkindi til, að þess gerist þörf. Nytjun hlunninda af fuglaveiðum og eggjatöku er með svo ólíkum hætti í hinum ýmsu héruðum landsins, að fráleitt er, að slíkum samþykktum sé ætlað að taka til víðáttumikilla landsvæða. Í því sambandi má benda á, að síðan l. nr. 63/1954 tóku gildi, hafa aðeins þrjár fuglaveiðasamþykktir hlotið staðfestingu ráðherra, og taka þær til Vestmannaeyja, Drangeyjar og Grímseyjar.

Um 16. gr.

Kemur í stað 14. gr. l. nr. 63/1954. Tilvísanir til bæjarstjórna, bæjarfulltrúa og bæjarfélaga í 13. og 14. gr. þeirra laga eru með öllu óþarfar, þar sem 16. gr. laganna tekur af öllu tvímæli um það efni.

Um 17. gr.

Samhljóða 15. gr. laga nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að í 2. mgr. er kveðið svo á, að sektir fyrir brot á löggiltri samþykkt megi nema allt að 10 000 krónum.

Um 18. gr.

Samhljóða 16. gr. l. nr. 63/1954.

Um 19. gr.

Samhljóða 17. gr. l. nr. 63/1954. Nauðsynlegt þykir að taka ákvæði þessarar greinar upp í frv., þar sem lagabreytingar, sem frv. gerir ráð fyrir, snerta að minnsta kosti tvær af þremur fuglaveiðasamþykktum, sem staðfestingu hafa hlotið.

Um IV. kafla.

Um 20. gr.

Samhljóða 18. gr. l. nr. 63/1954.

Um 21. gr.

Samhljóða 19. gr. l. nr. 63/1954.

Um 22. gr.

Samhljóða 20. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að í stað „bjargfuglaveiða“ í síðustu setningu 3. mgr. kemur: lunda- og bjargfuglaveiða.

Um 23. gr.

Samhljóða 21. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að undanþáguheimildin í lok lagagreinarinnar er felld niður, en þar er kveðið svo á, að með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt megi heimila notkun fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum. Í frv. til l. nr. 63/1954 var lagt til, að þessi veiðiaðferð væri bönnuð, en í meðförum Alþingis var heimild til að stunda fuglaveiðar með þessum hætti tekin upp í lögin. Veiðiaðferð þessi er algert brot á alþjóðasamþykkt um verndun fugla, og auk þess er hún ómannúðleg. Virðist því einsýnt, að leggja beri ríka áherzlu á, að hún verði bönnuð.

Um 24. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, og er þeim ætlað að auðvelda mönnum, sem verða fyrir miklum og tilfinnanlegum ágangi grágæsa, að fækka þeim gæsum,

sem sækja í ræktarlönd þeirra. Sú veiðiaðferð, sem hér er rætt um, er mannúðleg og sennilega árangursríkasta aðferðin til að fækka gæsum á takmörkuðum svæðum.

Um 25. gr.

Að efni til að mestu samhljóða 22. gr. l. nr. 63/1954. Helzta breytingin er fólgin í því, að felld er niður heimild til að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra fugla, sem um ræðir í greininni. Hins vegar er lagt til, að heimilt sé með reglugerð að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja í sambandi við eyðingu þeirra. Það er alkunnugt, að svartbakur veldur oft miklum usla í æðarvörpum, og hefur margt verið reynt til að koma í veg fyrir tjón, sem af því hefur hlotizt. Það er rótgróin trú margra Íslendinga, að hægt sé að stórfækka eða jafnvel eyða algengum fuglategundum með skotum, en þessi skoðun er á misskilningi byggð. Má í því sambandi benda á, að lengi vel töldu menn rjúpnaþurrðir stafa af ofveiði, en nú hefur verið sannað, að svo er ekki. Þá má benda á, að grágæsum hefur farið hér jafnt og þétt fjölgandi, þótt um það bil þriðjungur stofnsins sé felldur í Skotlandi á vetri hverjum. Sannleikurinn er sá, að það eru ýmsir umhverfisþættir, þ. e. a. s. hin svonefndu lífsskilyrði, sem takmarka stofnstærð flestra fugla, en ekki veiðar, og á það ekki sízt við í jafnstrjálbýlu landi og Ísland er. Það eru því ekki minnstu líkindi til þess, að hægt sé að hafa nokkur áhrif á heildarstærð íslenzka svartbakastofnsins með skotum, og fé, sem til þess væri varið, myndi því vera algerlega á glæ kastað.

Eina tiltæka leiðin í þessu máli virðist því vera sú, að leitast við að verja æðarvarp fyrir svartbak og reyna að eyða þeim takmarkaða og staðbundna svartbakafjölda, sem sækir í vörpin. Auðveldasta og um leið ódýrasa aðferðin til að ná því marki, er notkun eiturs eða svæfandi lyfja. Langæskilegast væri, ef hægt væri að komast hjá því að nota eitur í þessum tilgangi, og þyrfti því að athuga gaumgæfilega, hvort sum hinna nýju svefnlyfja gætu ekki komið í þess stað. Virðist eðlilegast, að í beinu framhaldi af lagasetningu þessari, verði skipuð nefnd til að semja reglugerð um eyðingu svartbaks samkvæmt ákvæðum 25. gr. frv.

Um 26. gr.

Samhljóða 23. gr. laga nr. 63/1954.

Um 27. gr.

Greinin er nýmæli, sem rétt þótti að taka upp í frv., enda hvergi að finna ákvæði um þetta efni í lögum. Það hefur farið í vöxt á síðari árum, að sina sé brennd á vorin, og er ekki óalgengt, að það sé gert í maímánuði og jafnvel fyrri hluta júnímánaðar. Slíkt er með öllu óviðunandi, því að þá eru fuglar almennt komnir á varpstöðvarnar og margir farnir að verpa. Afleiðingin af þessu verður sú, að hreiðrum og eggjum margra fugla er eytt í eldi. Til að koma í veg fyrir slíkt er vart um annað að ræða en banna sinubruna eftir 1. maí ár hvert, en það eru þau tímatakmörk, sem eðlilegast er að miða við.

Um 28. gr.

Samhljóða 24. gr. l. nr. 63/1954.

Um 29. gr.

Samhljóða 25. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að lagt er til, að Náttúrufræðistofnun Íslands geti veitt leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að ráðherra veiti slíkt leyfi, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar.

Um V. kafla.

Um 30. gr.

Samhljóða 26. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „flytja úr landi“.

Um 31. gr.

Samhljóða 27. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „flytja úr landi“.

Um 32. gr.

Samhljóða 29. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að felld eru niður orðin „flytja úr landi“.

Um 33. gr.

Í þessari grein, sem er ný, eru felld saman í eina heild þau ákvæði um útflutning, sem felld eru niður úr 30.—32. gr., auk þess sem bætt er við nýjum ákvæðum um þetta efni. Reynsla hefur sýnt, að nauðsyn er á skýrari og strangari fyrirmælum um útflutning. Lagt er til, að allur útflutningur fugla og eggja, að undanskildum útflutningi alifugla og rjúpna, verði háður leyfum, og að trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands hafi eftirlit með slíkum útflutningi.

Um 34. gr.

Samhljóða 28. gr. l. nr. 63/1954.

Um 35. gr.

Samhljóða 30. gr. l. nr. 63/1954.

Um 36. gr.

Samhljóða 31. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að bætt er við ákvæði um, að þeim, sem starfa að því að taka hami af fuglum eða setja þá upp, sé óheimilt að setja upp eða taka hami af örnum, fálkum og snæuglum, jafnvel þótt þeirra hafi verið löglega aflað, nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra. Þetta ákvæði er mikilvægt, því að hjá mörgum hefur gætt ríkrar tilhneigingar til að flytja sjaldgæfar tegundir sem þessar úr náttúrunni inn í stássstofur sínar. Við þessu er nauðsynlegt að sporna, en það er vart hægt með öðru móti en því, að koma algerlega í veg fyrir, að menn geti fengið slíkar tegundir settar upp.

Um 37. gr.

Samhljóða 32. gr. l. nr. 63/1954.

Um VI. kafla.

Um 38. gr.

Samhljóða 33. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 39. gr.

Samhljóða 34. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 40. gr.

Samhljóða 35. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 41. gr.

Samhljóða 36. gr. l. nr. 63/1954 að öðru leyti en því, að refsimörk eru fimmfölduð.

Um 42. gr.

Samhljóða 37. gr. l. nr. 63/1954.

Um 43. gr.

Samhljóða 38. gr. l. nr. 63/1954.

Um 44. gr.

Kemur í stað 39. gr. l. nr. 63/1954. Í samræmi við 25. gr. frv. og athugasemdir um hana er lagt til, að l. nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks, verði úr gildi numin.

Um 45. gr.

Kemur í stað 40. gr. l. nr. 63/1954.

Fylgiskjal I.

Alþjóðasamþykkt um verndun fugla.
(Convention Internationale pour la Préservation des Oiseaux).

Með því að þeim aðilum, er samþykktina gera, er ljós sú gereyðingarhætta, sem vofir yfir vissum tegundum fugla, og stendur líka stuggur af iskyggilegri fækkun annarra tegunda, einkum farfugla,

og með tilliti til þess, að frá sjónarmiði vísindalegrar þekkingar, náttúruverndunar og þjóðarbúskapar ættu í rauninni allir fuglar að njóta friðunar,

hafa þeir komizt að þeirri niðurstöðu, að þörf sé breytinga á Parísarsamþykktinni frá 1902 (Alþjóðasamþykkt um friðun fugla, sem gagnlegir eru landbúnaði), og þar af leiðandi leggja þeir til, að textinn verði á þessa leið:

1. gr.

Samþykkt þessi skal taka til allra villifugla.

2. gr.

Aðilar samþykktarinnar telja, að með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein eigi yfir höfuð að friða:

a. alla fugla, að minnsta kosti um varptímann, og sömuleiðis farfugla þann tíma, sem þeir hverfa aftur til varpstöðva sinna, einkum í marz, apríl, maí, júní og júlí;
b. þær tegundir, sem gereyðing vofir yfir eða eru vísindalega merkilegir, allt árið.

3. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma tegundarinnar að flytja inn, flytja út, flytja til, selja, bjóða til kaups, kaupa eða geyma nokkurn þann fugl, eða jafnvel hluta af fugli, lifandi eða dauðan, sem ólöglega var drepinn eða fangaður.

4. gr.

Með þeim undantekningum, sem gert er ráð fyrir í 6. og 7. grein, skal bannað á friðunartíma hverrar tegundar, og sér í lagi um varptímann, að færa úr stað eða ónýta hreiður, sem fuglar eru að gera sér eða liggja í, að taka eða skemma, flytja til, flytja út eða inn, að selja, bjóða til kaups, að kaupa og að ónýta egg eða eggskurn fugla. Sömu ákvæði skulu og gilda um unga villtra fugla.

Bann þetta skal ekki taka til eggja, sem tekin eru með löglegum hætti, enda fylgi þeim vottorð um, að þau séu ætluð til útungunar eða til vísindalegra nota eða þau séu undan alifuglum. Og vegna sérstakra og viðurkenndra ástæðna skal bann þetta ekki taka til vepjueggja í Hollandi.

5. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að banna eftirtaldar (veiði)-aðferðir, sem valdið geta fjöldadrápi fugla eða föngun eða bakað þeim kvalir að nauðsynjalausu. Og í þeim löndum, þar sem slíkar aðferðir eru nú heimilar samkv. lögum, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til að taka smám saman í lög þau ákvæði, er banni þær eða setji notkun þeirra takmörk:

a. snörur, lím, gildrur, öngla, net, eitrað eða deyfandi agn, blindaða bandingja:
b. tálgildrur fyrir endur;
c. spegla, blys og annan ljósaútbúnað;
d. net eða aðrar fiskveiðatilfæringar til þess að veiða sundfugla;
e. marghlaðnar eða sjálfhlaðnar haglabyssur, sem taka fleiri en tvö skothylki;
f. yfirleitt öll skotvopn önnur en þau, sem skjóta má með frá öxl;
g. notkun vélknúinna báta til þess að elta eða skjóta fugla á ósöltu vatni og, frá 1. marz til 1. október, á sjó innan landhelgi eða með ströndum fram;
h. notkun vélknúinna farartækja á landi eða flugvéla til þess að skjóta fugla eða reka þá;
i. að heitið sé verðlaunum fyrir að fanga fugla eða eyða þeim;
j. heimild til þess að skjóta fugla eða veiða þá í net skal háð takmörkunum á öllum árstímum og afnumin með öllu um varptímann á sjó, í fjörum og með ströndum fram;
k. allar aðrar aðferðir, sem stefna að fjöldaveiði eða fjöldadrápi fugla.

Undantekningar frá ákvæðum þessarar greinar eru tilgreindar í 6. og 7. grein.

6. gr.

Ef einhver fuglategund á tilteknu svæði er líkleg til þess annað hvort að reynast hættuleg nytjagróðri eða dýrum með skaða þeim, er hún gerir á ökrum, vínekrum, matjurtagörðum, aldingörðum, skógum, veiðidýrum eða fiski, eða er líkleg til að eyða eða fækka einni eða fleiri tegundum, sem æskilegt er að viðhalda, skal réttum stjórnarvöldum heimilt, með því að veita einstaklingum leyfisbréf, að létta af banni því, er 2. til 5. grein fyrirskipa, að því er til þeirrar tegundar kemur.

Eigi að síður skal það vera ólöglegt að kaupa eða selja fugla, sem veiddir eru samkvæmt undanþágu þessari, eða flytja þá burt af því svæði, þar sem þeir voru veiddir.

Nú eru í landslögum einhver önnur ákvæði, er gera það kleift að draga úr spjöllum af völdum tiltekinna fuglategunda, og mega þá aðilar að samþykktinni láta þau ákvæði haldast, að því tilskildu, að tryggt sé, að tilveru viðkomandi tegundar sé ekki stefnt í hættu.

Með því að sérstakir atvinnuhagsmunir eru í húfi í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Færeyjum, mega rétt stjórnarvöld í löndum þessum gera undanþágur og leyfa sérstök frávik frá ákvæðum þessarar samþykktar. Ef Ísland skyldi gerast aðili að samþykktinni, mundu hinar sömu undanþágur og frávik verða leyfð þar, skyldi þess verða æskt.

Í engu landi skal neitt það aðhafzt, er leiði til gereyðingar þeirra staðfugla eða farfugla, sem um ræðir í þessari grein.

7. gr.

Undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar mega rétt stjórnarvöld veita í þágu vísinda og fræðslu, eða ef um er að ræða viðreisn fuglastofna, klak, og uppeldi veiðifugla, eða fálkahald, eftir því sem á stendur, og að því tilskildu, að nauðsynlegrar varúðar sé gætt til þess að girða fyrir misnotkun.

Ákvæði 3. og 4. gr. um tilflutning (transport) skulu ekki gilda í brezka konungsríkinu.

Í engu landi skal bann 3. greinar taka til fiðurs af þeim tegundum fugla, sem leyfilegt er að veiða í því landi.

8. gr.

Aðilar samþykktarinnar skuldbinda sig til að gera skrá yfir þá fugla, sem leyfilegt verður að drepa eða fanga í landi hvers þeirra, samkvæmt þeim skilyrðum, er samþykkt þessi setur.

9. gr.

Hvert land skal hafa rétt til að gera skrá yfir þær fuglategundir, staðfugla og farfugla, sem einstaklingar mega halda föngnum, og skal þar kveða á um þær aðferðir, er leyfilegar eru við föngunina, og sömuleiðis um það, við hvaða aðstæður megi flytja fuglana til og geyma þá fangna. Hvert land skal setja reglur um verzlun með slíka fugla og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að takmarka hana.

10. gr.

Aðilar að samþykktinni skuldbinda sig til að rannsaka og gera viðeigandi ráðstafanir til að varna tortímingu fugla af völdum úrgangsolíu frá skipum eða annarri saurgun vatns, eða af völdum vita, rafmagnsstrengja, skordýraeiturs eða annars eiturs, svo og vegna annarra hliðstæðra orsaka.

Þeir skulu leitast við að glæða hjá börnum og almenningi skilning á nauðssyn þess að vernda og friða fugla.

11. gr.

Til þess að bæta úr afleiðingum þess, að hentugum varpsvæðum fyrir fugla fækkar sem óðast fyrir aðgerðir manna, skuldbinda aðilar samþykktarinnar sig til þess að hvetja til þess þegar í stað og stuðla að því með öllum viðeigandi ráðum, að bæði á sjó og landi verði friðlýst ákveðin svæði af hentugri stærð og á hentugum stöðum, þar sem fuglar geti orpið og komið upp ungum sínum óáreittir og þar sem farfuglar geti einnig hvílzt og aflað sér ætis í friði.

Samþykkt þessa skal fullgilda, og skal hún haldast í gildi meðal allra ríkja, er undirrita hana. Fari svo, að eitthvert þeirra segi henni upp, skal sú uppsögn aðeins taka til hlutaðeigandi ríkis og ekki taka gildi fyrr en að ári liðnu frá því, er uppsögnin var tilkynnt aðilum samþykktarinnar.

Þær þjóðir, sem ekki hafa undirritað samþykktina, skulu hafa rétt til að gerast aðilar að henni, þegar er þær æskja þess.

Þau ríki, er voru aðilar að samþykktinni frá 1902, en hafa ekki fullgilt þessa samþykkt, skulu framvegis vera bundin af ákvæðum samþykktarinnar frá 1902.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr lokaskýrslu dr. Janet Kear um rannsóknir á tjóni af völdum grágæsa á Íslandi.

Tekinn saman af *Agnari Ingólfssyni.*

Árið 1963 var hafizt handa um rannsóknir á grágæsum hérlendis, einkum með hliðsjón af tjóni af þeirra völdum. Rannsóknir þessar voru í höndum fuglafræðinga frá „The Wildfowl Trust" í Bretlandi. Í júlí árið 1963 kom hingað hópur manna undir forystu Hugh Boyd, og framkvæmdi þessi hópur talningu grágæsa úr lofti og vann auk þess að ýmsum öðrum athugunum. Í september sama ár kom dr. Janet Kear hingað í því skyni að athuga tjón af völdum gæsa. Hún kom síðan aftur í maí árið 1964, og ferðaðist hún í bæði skiptin um flestar byggðir landsins.

Fer hér á eftir lauslegur útdráttur úr óprentaðri skýrslu dr. Kear um þessar rannsóknir hennar.

Yfirlit um hætti grágæsa á Íslandi.

Á Íslandi er grágæsin láglendisfugl, sem sjaldan verpur ofan byggðamarka. Grágæsirnar yfirgefa vetrarheimkynni sín í Skotlandi í apríl. Frá því að þær koma til Íslands og þar til í maí, er varpið hefst, sækja þær töluvert í ræktað land. Þessi tími er mjög mislangur, því að koma gæsanna til landsins er háð veðráttunni í Skotlandi, en varptíminn fer eftir veðráttunni hér. Eftir að varp er hafið og þangað til gæsirnar eru komnar úr sárum, sækja þær ekki í ræktað land nema undir sérstökum kringumstæðum. Gæsirnar fella fjaðrir á vötnum eða ám og eru þá oft í stórhópum. Í septemberbyrjun fara gæsirnar á ný að sækja í ræktað land og dveljast þar að töluverðu leyti, unz þær fara til Skotlands í október, en það fer nokkuð eftir veðráttu, hvenær þær fara.

Fjölgun grágæsa á Íslandi.

Á undanförnum 30—40 árum hefur grágæsum farið ört fjölgandi hér á landi, en einkum þó á síðustu 20 árum. Á þessu tímabili hafa þær víða numið lönd, þar sem þær voru svo til óþekktar áður. Orsakir þessarar fjölgunar eru sennilega margar. Hlýnandi loftslag undanfarinna áratuga hefur sennilega haft þau áhrif, að grágæsirnar hafa leitað ofar og innar í landið en áður, auk þess sem varp hefur getað byrjað fyrr á láglendi, sennilega með þeim afleiðingum, að það hefur yfirleitt tekizt betur. Hin aukna ræktun síðustu áratuga hefur leitt til betri fæðuskilyrða fyrir gæsirnar, án þess að um verulega minnkun varplands hafi verið að ræða. Fækkun fólks í sveitum, vélvæðing landbúnaðarins og aukin noktun vélknúinna farartækja hefur valdið því, að minni umferð er nú um varpland gæsanna en áður. Vegna aukinna fiskveiða er eggjahvítuskortur úr sögunni, og því ekki eins mikið sótzt eftir eggjum. Fyrir 1930 var víða farið í grágæsareggjaleitir, en nú mun þetta varla gert lengur, þótt egg séu allvíða tekin ef hreiður finnast af hendingu. Af sömu orsökum hafa fuglaveiðar sennilega verið almennari fyrir 1930 en nú, a. m. k. voru gæsir í sárum veiddar í nokkrum mæli þá. Eyðing rándýra, svo sem refa, hefur líka e. t. v. haft einhver áhrif á fjölgun gæsanna. Að lokum er hugsanlegt, að breytingar á kjörlendi gæsanna í Bretlandi hafi haft nokkur áhrif. Að vísu hafa vetur í Bretlandi verið fremur harðir eftir 1940, og grágæsaveiði hefur einnig aukizt á þessu tímabili, en hins vegar hefur aukin ræktun haft í för með sér betri fæðuskilyrði fyrir gæsirnar.

Talið er, að í júlí sumarið 1963 hafi verið um 19 000 fullorðnar grágæsir hér á landi. Á haustin, eftir að ungarnir eru komnir á legg, er tala fullvaxinna grágæsa auðvitað mun hærri og nálgast sennilega 40 000. Algengastar voru grágæsirnar í Austur-Húnavatnssýslu, Skagafirði, á Fljótsdalshéraði, í Austur-Skaftafellssýslu og í Árnes- og Rangárvallasýslu. Talið er, að um þriðjungur grágæsastofnsins hafi þá verið á Lagarfljóti og í næsta nágrenni þess.

Tjón af völdum grágæsa.

Tún og nýræktir.

Vor. Það er mjög ólíklegt, að gæsir tíni grasfræ, sem sáð hefur verið, enda þótt einn bóndi hafi kvartað um það. Gæsir eru að mestu komnar á varpstöðvar sínar, þegar gras á sáðsléttum hefur náð nægilegum þroska fyrir þær. Grágæsirnar valda því varla tjóni á nýrækt á fyrsta vori. Hins vegar geta þær valdið tjóni á nýrækt á öðru vori, stundum mjög tilfinnanlegu. Koma gæsirnar oft í hópum á þessar nýræktir, og enda þótt hver hópur hafi oft aðeins stutta viðdvöl, þá bætast nýir í skarðið. Það fer mjög eftir veðri, hve viðstaðan á nýræktunum er löng. Því kaldara sem vorið er, því lengri er viðstaðan og þeim mun meira tjóni valda gæsirnar. Það er fremur ólíklegt, að gæsirnar rífi upp gras með rótum, a. m. k. benda

rannsóknir erlendis til þess, að þær geri það ekki. Þetta vortjón á nýræktum er sennilega tilfinnanlegasta tjónið, sem gæsir valda hér á landi. Auk þess er nokkrum erfiðleikum bundið að koma í veg fyrir það (sjá síðar).

Sumar. Þar sem tún eða nýræktir liggja að ám eða vötnum, geta gæsir í sárum stundum valdið nokkru tjóni á mjórri ræmu, sem að vatninu liggur. Tiltölulega auðvelt er að koma í veg fyrir tjón af þessu tagi.

Haust. Í septemberbyrjun taka gæsir að leita á tún og nýræktir á ný og geta þá valdið nokkrum spjöllum á þeim 2—3 vikum, unz slætti lýkur. Þetta tjón er þó tiltölulega mjög lítið, gæsirnar eru of fáar og dreifðar til þess að geta valdið verulegri rýrnun á töðumagni á þessum stutta tíma.

Kornakrar.

Vor. Ef byggfræi er dreifsáð, eiga gæsir til að tína fræin og geta þannig valdið tjóni. Þar sem gæsir valda slíku tjóni, virðist svo sem um 10% meira sáðmagn sé nauðsynlegt til að bæta upp það, sem gæsirnar éta. Tveimur vikum eftir að sáð er, eru plönturnar orðnar nógu stórar til þess, að gæsir bíti þær, en þær eru þá oftast farnar til varpstöðvanna. Erlendis sýnir reynslan, að byggakrar ná sér fullkomlega fyrir uppskeru eftir vorbeit gæsa, en óvíst er, hvort svo er á Íslandi.

Sumar. Eins og þegar um tún og nýræktir er að ræða, geta gæsir í sárum valdið nokkru tjóni á mjórri ræmu þeirra akra, sem liggja að vötnum og ám.

Haust. Á haustin líta gæsirnar ekki við byggi nema fullþroska sé, og það er því yfirleitt aðeins í um vikutíma, sem þær geta valdið tjóni. En á þessum stutta tíma velja gæsirnir hins vegar fremur bygg en nokkra aðra fæðutegund. Gæsirnar byrja ætíð á að éta kornið á jöðrum akranna, en geta smám saman troðið niður jaðrana og fært sig innar og innar.

Hafrar.

Gæsir tína stundum sáðfræ, en um annað vortjón er ekki að ræða, þar sem höfrunum er sáð svo seint. Gæsir bíta líka stundum hafra á sumrin og haustin á svipaðan hátt og gras á túnum, en tjón er lítið, því að gæsirnar virðast ekki sækja mjög í hafrana.

Kartöflur.

Ekki fór þess að gæta, að gæsir sæktu í kartöflur fyrr en upp úr 1940, þegar byrjað var á því að rækta kartöflur á stórum, ógirtum svæðum fjarri mannabústöðum.

Vor. Nokkrir bændur kvörtuðu undan því, að gæsir græfu upp útsæðiskartöflur á vorin, en það má teljast ólíklegt, enda varð hvergi vart við tjón af þessu tagi í maí 1964.

Haust. Gæsir valda stundum dálitlu tjóni með því að rífa upp kartöflugrös, unz þær ná í kartöflurnar undir þeim. Mest hætta er á þessu, þar sem jarðvegur er sendinn (þ. e. laus í sér), og einkum ef kartöflugarðarnir eru nálægt ám eða vötnum. Ekki eru þó mikil brögð að þessu. Oft er það arfinn í görðunum, sem gæsin er að sækjast eftir, fremur en kartöflurnar sjálfar, en fái hún að vera í friði, er hætt við að hún færi sig upp á skaftið og leggist á kartöflurnar. Í örfáum tilfellum höfðu gæsir gersamlega eyðilagt kartöflugarða.

Næpur og gulrófur.

Á undanförnum 6—8 árum hafa gæsir á fáeinum stöðum valdið nokkru tjóni á næpum og gulrófum, bæði með því að éta ungar plöntur og með því að narta í þann hluta rótarinnar, sem upp úr jörðu stendur. Enda þótt lítil brögð séu að þessu enn þá, er hugsanlegt, að gæsir almennt komist upp á lagið með að éta næpur, eins og gerzt hefur sums staðar á Bretlandseyjum.

Fóðurkál.

Síðastliðin 10 ár hafa gæsir á nokkrum stöðum valdið tjóni á fóðurkáli á haustin, og einnig á sumrin, þar sem það hefur verið ræktað á ár- eða vatnsbökkum. Gæsirnar leggjast aðeins á jaðra kálakra, og oft virðist það vera arfinn, sem fyrst og fremst laðar gæsirnar að kálökrunum, enda þótt þær leggist líka á kálið sjálft, fái þær að vera í friði. Enn sem komið er, virðast gæsir þó ekki mjög gráðugar í fóðurkál.

Áhrif gæsasaurs.

Nokkrir bændur kvörtuðu undan því, að sauðfé og nautgripir forðuðust svæði, þar sem gæsir höfðu verið á beit, og ennfremur, að sauðfé vildi ógjarna hey mengað gæsasaur. Það er mjög ólíklegt, að gæsasaur hafi þessi áhrif, þar sem af honum er aðeins grasbragð. Hins vegar er sennilegt, að búfénaður sneiði hjá gæsabitnum svæðum, vegna þess að gróður þar er ekki eins þroskamikill og á óbitnum stöðum. Einn bóndi hafði tekið eftir því, að kindur lögðu sig eftir því að éta gæsasaur. Þetta hafa menn einnig orðið varir við í Skotlandi, og þar var álitið, að þetta benti til fosfórskorts í jarðveginum.

Hins vegar gera gæsirnar nokkurt gagn með beit á óræktuðu landi eða ræktuðu landi eftir slátt (uppskeru). Saurinn inniheldur plöntuleifar, sem eru að meira eða minna leyti meltar, og flýtir það mjög fyrir því, að næringarefnin komist niður í jörðina aftur í þeirri mynd, sem plönturnar geta notfært sér.

Ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón.

Hér koma einkum tvær leiðir til greina. Fyrri leiðin er fólgin í því að fækka gæsum í landinu, en hin er sú, að koma í veg fyrir tjón af þeirra völdum, án þess að gengið sé á stofninn.

Fækkun gæsa.

1. Eyðing eggja. Þar sem grágæsir verpa yfirleitt ekki í þéttum vörpum, eru hreiður þeirra torfundin, og vegna fólksfæðar í sveitum eru lítil líkindi til, að menn geti gefið sér tíma til að leita þeirra. Gæsir verpa aftur, þótt fyrsta varp sé tekið, svo einnig þarf að taka annað varp, ef árangur á að nást. Öllu vænlegri aðferð er að gera eggin ófrjó með því að hrista þau. Liggja þá gæsirnar á hinum ófrjóu eggjum og verpa ekki aftur. Ef nokkur árangur á að verða af þessu, verður þetta að gerast nokkur ár í röð, því að það hefur tiltölulega lítið að segja, þótt varp mistakist að mestu eitt árið. Sennilega mun það ekki hafa nein veruleg áhrif á gæsastofninn, þótt taka grágæsareggja verði leyfð. Það er vitað, að grágæsaregg eru tekin í smáum stíl, en vegna erfiðleikanna á að finna hreiðrin er ólíklegt, að eggjataka muni aukast að ráði, þótt hún verði gerð lögleg.

2. Lenging veiðitímans. Sú tillaga hefur komið fram að leyfa grágæsaveiðar frá 1. ágúst í stað 20. ágúst, eins og nú er, og vekja jafnframt áhuga íbúa borga og bæja á gæsaveiðum og jafnvel reyna að fá útlendinga til þess að stunda hér gæsaveiðar. Í Bretlandi er mjög mikill áhugi á gæsaveiðum, og er ætlað, að nálega þriðjungur íslenzka grágæsastofnsins, þ. e. um 10 000—15 000 fuglar, sé skotinn í Skotlandi á vetri hverjum. Þessi gífurlega veiði hefur samt ekki getað hindrað aukningu stofnsins. Það virðist því lítil líkindi til þess, að jafn fámenn þjóð og Íslendingar geti með skotum haft nokkur veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins, jafnvel þó veiði aukist að mun. Auk þess eru lítil líkindi til þess, að hægt verði að fá útlendinga til að stunda hér gæsaveiðar svo nokkru nemi. Frjáls veiði grágæsa á vorin væri brot á alþjóðasamþykkt um verndun fugla, auk þess sem árangur af því yrði mjög vafasamur samkvæmt því, sem að ofan er sagt. Afleiðing af þessu

gæti einnig orðið sú, að fuglaveiðar á vorin yrðu almennar, einkum meðal íbúa borga og bæja, og gæti það bitnað á ýmsum öðrum fuglategundum.

3. Leyfisbundin veiði grágæsa utan veiðitímans. Í fuglafriðunarlögum margra landa er gert ráð fyrir, að leyft sé að skjóta friðaða fugla á stöðum, þar sem þeir valda tilfinnanlegu tjóni. Yfirleitt er því þannig fyrir komið, að sækja verður um leyfi til viðkomandi stjórnarvalda til slíks. Eins og að ofan greinir, er ólíklegt, að aukin veiði með skotum hér muni hafa veruleg áhrif á stærð grágæsastofnsins, en hins vegar er hugsanlegt, að leyfisbundin veiði á vissum svæðum utan veiðitímans kunni að fæla gæsir burt frá þeim stöðum, þar sem þær valda mestu tjóni. Um það bil einn af hverjum tíu bændum játuðu hiklaust, að þeir skytu gæsir á vorin, en vafalaust hafa margir ekki viljað viðurkenna það.

4. Smölun grágæsa í sárum. Á vissum stöðum á landinu eins og á Hópi í Húnavatnssýslu og á Lagarfljóti safnast grágæsir saman í stóra hópa, þegar þær eru í sárum. Er þá mikill hluti grágæsastofnsins samankominn á tiltölulega mjög takmörkuðum svæðum. Ef á annað borð á að reyna að fækka gæsum í landinu, er auðsætt, að vænlegasta leiðin til árangurs er að reyna að veiða grágæsir í sárum á slíkum stöðum. Þar sem grágæsir í sárum leita ávallt út á vatn, verði þær fyrir styggð, er miklum erfiðleikum bundið að reka flugvana grágæsir í netgirðingar eins og heiðagæsir. Önnur aðferð er sú, að elta flugvana gæsir á vélbát og skjóta þær. Þessi aðferð er fremur ógeðfelld og myndi auk þess brjóta í bág við anda alþjóðasamþykktar um verndun fugla, sem Íslands hefur fullgilt. Það er mjög sennilegt, að almenningsálitið, bæði á Íslandi og erlendis, snerist mjög öndvert gegn báðum þessum aðferðum, yrði þeim beitt.

5. Eitrun. Það liggur í augum uppi, að ekki er unnt að nota strychnin og arsenik til að fækka gæsum, þar sem gæsirnar nærast á sams konar fæðu og búfénaður. Fremur kæmi til greina notkun svæfandi lyfja eins og chloralose. Enn er lítið vitað um áhrif þessara lyfja á gæsir (og raunar margar aðrar lífverur), og yrðu rannsóknir að fara fram, áður en til greina kæmi að hefja almenna notkun þeirra.

Varnarráðstafanir.

1. Hljóðfælur. Á því leikur enginn vafi, að hægt er að fæla burt gæsahóp um stundarsakir með því að skjóta eina gæs úr hópnum eða svo. En halda verður áfram að skjóta í nokkra daga eða vikur, annars koma gæsirnar brátt aftur. Einkum er erfitt að eiga við gæsirnar snemma vors og seint á hausti, þegar þær eru á ferð og flugi. Er þá illmögulegt að kenna gæsunum að forðast ákveðin svæði, þar sem sífellt er við nýjar gæsir að eiga. Ef árangur á að nást, yrði skotmaður að vera stöðugt á svæðinu það tímabil, sem vænta má tjóns. Auk þessa er alls ekki auðvelt að skjóta gæsir, jafnvel á vorin, og er auðsætt, að það svarar alls ekki kostnaði að beita þessari aðferð. Gæsir hræðast hvers konar hávaða, sem þær eiga ekki að venjast. Af hinum svonefndu hljóðfælum eru hvellbyssur árangursríkastar. Glóbus h/f hefur flutt þessar hvellbyssur inn, og er verð þeirra um 3200 kr. Hvellbyssur þessar eru þannig gerðar, að þær gefa frá sér hvelli með jöfnu millibili. Tíðni hvellanna er unnt að breyta eftir vild, en hlaða þarf þessar byssur á nokkurra daga fresti. Beztur árangur næst, ef byssurnar eru færðar til og tíðni hvellanna breytt sem oftast, a. m. k. á fárra daga fresti. Þá er einnig gott að byssurnar séu huldar, þannig að gæsirnar sjái þær ekki. Reynzt hefur vel að nota einnig hræður samhliða hvellbyssunum. Talið er, að ein hvellbyssa fæli burt gæsir af 6—8 hekturum lands. Hér á landi eru a. m. k. 16 hvellbyssur í notkun. Af 12 bændum, sem spurðir voru um álit sitt á byssunum, kváðust 8 vera mjög ánægðir með árangurinn, byssurnar hefðu fælt burtu allar gæsir frá þeim svæðum, þar sem vænta mátti tjóns. Svo virðist sem hinir bændurnir hafi annað hvort ekki fært byssuna til og breytt tíðni hvellanna, eins og til er ætlazt, eða þeir hafi ætlað henni of stórt svæði.

2. Hræður. Það er sameiginlegt með öllum hræðum, að gæsirnar venjast þeim smátt og smátt og hætta að forðast þær, ef þeir eru látnar standa lengi á sama stað. Ef árangur á að nást, verður því að flytja þær til, a. m. k. á þriggja daga fresti. Einna beztur árangur hefur náðst með hræðum í mannsmynd, og auka má áhrif þeirra með því að skipta um föt á þeim öðru hverju. Til bóta er einnig að hafa hræðurnar sem líkastar manni, en til muna stærri. Þá geta sterkir litir komið að miklu liði, einkum rauðir litir, og gott er að láta einhvern hluta hræðunnar sveiflast til fyrir vindi Hræðurnar ættu ekki að vera færri en á ein á hverja 2 hektara, og haga þarf staðsetningu þeirra þannig, að þær séu helzt þar sem mest tjóns má vænta.

Í Skotlandi hafa einnig verið notaðar ýmsar aðrar gerðir af hræðum með góðum árangri, svo sem mislit flögg, heypokar, sem sveiflast fyrir vindi, tunnur, kassar, bílar, tjöld og gúmmíblöðrur. Allt verður þetta að sjálfsögðu að færast til á fárra daga fresti, ef árangur á að nást. Þá hefur einnig reynzt vel að nota sundurlimaða líkama eða fjaðrir dauðra gæsa. Nauðsynlegt er, að þessir fuglar líti sem óeðlilegast út, og að einhver líkamshluti þeirra hreyfist fyrir vindi. Það er t. d. betra að láta gæs hanga á fótunum á stöng, heldur en að láta hana liggja á jörðinni. Séu fuglarnir eðlilegir, draga þeir stundum að sér gæsir í stað þessi að fæla þær burtu. Umferð manna og hunda fælir að sjálfsögðu einnig burtu gæsir og því meir sem oftar er farið um svæðin.

3. Aðrar ráðstafanir. Ein bezta leiðin til þess að vernda akra og garða fyrir gæsum er að staðsetja þá nálægt bæjum eða vegum og forðast sérstaklega ár- og vatnsbakka, þar sem gæsir í sárum safnast saman. Raðsáning byggs og hafra með vél í stað dreifsáningar kemur í veg fyrir, að gæsir nái frænum. Sé dreifsáning notuð, þar sem vænta má tjóns af völdum gæsa, er nauðsynlegt að nota meira sáðmagn en ella. Mælt er með um 10% meira sáðmagni, þar sem gæsir valda verulegu tjóni. Hið mikla illgresi í íslenzkum görðum og ökrum hefur örugglega haft mikið aðdráttarafl á gæsir. Ekki virðist svara kostnaði að eyða hér illgresi með eitri, og er vel líklegt, að það sé nú orðið of seint, því að gæsir hafa þegar komizt upp á lagið með að gæða sér á nytjagróðri.

Í mörgum tilfellum, þar sem tjón hafði verið unnið í september 1963, hefði verið unnt að koma í veg fyrir það, ef akrarnir og garðarnir hefðu verið girtir. Ef hæð plantnanna er meiri en 14 cm, fljúga gæsirnar yfirleitt ekki inn í akurinn eða garðinn, en ganga inn frá hlið. Girðingarnar þyrftu því ekki að vera háar. Það er alveg fráleitt að rækta bygg eða fóðurkál á bakka ár eða vatns, þar sem gæsir í sárum dveljast, án þess að girða svæðið. Einstrengja rafgirðing í um 30 cm hæð kemur í veg fyrir, að gæsir fari af vatni upp í akra og garða á vatns- eða árbökkum. Kosturinn við slíka rafgirðingu er sá, hversu auðvelt er flytja hana til, auk þess sem hún er tiltölulega ódýr. Eins kílómetra girðing af þessari gerð ásamt rafgeymi kostar um 5000—6000 kr.

Sums staðar hefur gefizt vel að leggja þorskanet yfir yztu grösin í kartöflugörðum, því að gæsirnar ganga ógjarna yfir þau.

Hver bóndi verður að sjálfsögðu ávallt að spyrja sjálfan sig, áður en hann grípur til varnarráðstafana, hvort kostnaður og fyrirhöfn í sambandi við þær standi í réttu hlutfalli við tjónið, sem gæsirnar valda. Þar sem mikið er um gæsir, getur stundum verið hagkvæmt að slá, taka upp karftöflur eða beita skepnum á fóðurkál í fyrra lagi. Þegar haft er í huga, að gæsir taka ekki að sækja í ræktað land á haustin fyrr en í fyrstu viku september, og að oft er aðeins um takmörkuð svæði að ræða, þar sem vænta má tjóns, getur kostnaður og fyrirhöfn við varnarráðstafanir orðið miklu meiri en sem svarar þeirri minnkun á afrakstri, sem er afleiðing af uppskeru í fyrra lagi, auk þess sem þá er alveg komið í veg fyrir skemmdir af völdum gæsa.

Fylgiskjal III.

Hugleiðingar um eyðingu svartbaks.

Eftir *Agnar Ingólfsson.*

Um fjölda svartbaka á Íslandi.

Það er engum vafa undirorpið, að svartbak hefur fjölgað hér mjög á undanförnum áratugum. Aðalorsök þessarar fjölgunar hefur eflaust verið aukinn úrgangur, fiskur og annað, en einnig er hugsanlegt, að hlýnandi veðurfar á þessu tímabili hafi haft einhver áhrif, þar sem svartbakurinn er fremur suðlæg tegund. Engin leið er nú sem stendur að gera sér nákvæma grein fyrir stærð svartbakastofnsins í landinu. Þó þykir mér ósennilegt, að hann sé undir 50 000 varphjónum. Svartbakurinn verpur um allt land, oftast við ströndina, en alloft einnig upp til heiða. Langalgengastur er hann þó sennilega við Breiðafjörð. Ef gert er ráð fyrir því sem algeru lágmarki, að stofninn í landinu sé 50 000 varphjón, samsvarar það 100 000 fullorðnum fuglum. Rannsóknir á silfurmáfum í Danmörku, en sú tegund er náskyld svartbaknum, hafa leitt í ljós, að um 60% af heildarstofninum eru ungir, ókynþroska fuglar. Ætla má, að hlutfallið hjá svartbak sé ekki ósvipað, þannig að lágmarkstala svartbaka hér á landi að hausti til sé um 250 000 fuglar.

Rannsóknir hafa sýnt, að eyða verður mjög stórum hluta fuglastofns á ári hverju, til þess að hann minnki til muna. Má í því sambandi benda á nokkur nærtæk dæmi. Talið er, að grágæsastofn landsins á haustin sé nálægt 40 000 fuglum. Á hverjum vetri eru um 10 000—15 000 íslenzkar grágæsir skotnar í Bretlandi, en þessi gífurlega veiði hefur ekki verið því til fyrirstöðu, að grágæsum fer hér stöðugt fjölgandi. Á hverjum vetri er mikill fjöldi rjúpna skotinn hér á landi, oft skipta þær hundruðum þúsunda. Samt sem áður virðist þetta ekki hafa nein áhrif á stærð rjúpnastofnsins, rjúpum fjölgar og fækkar á reglubundinn hátt, án tillits til veiða. Með hliðsjón af þessu má telja sennilegt, að eyða þurfi a. m. k. helming svartbakastofnsins á ári hverju, ef takast á að fækka svartbökum verulega. Ef stuðzt er við lágmarkstöluna 50 000 varphjón, samsvarar þetta því, að eyða þurfi 125 000 svartbökum á ári. Ég vil þó taka fram, að það er engan veginn öruggt, að nokkur verulegur árangur náist með svona mikilli veiði, auk þess sem sennilegt er, að svartbakastofninn sé mun stærri, en hann er hér áætlaður.

Tjón af völdum svartbaka.

Lífshættir svartbaksins hafa aldrei verið rannsakaðir til neinnar hlítar hér á landi, og eru því engin óyggjandi gögn fyrir hendi um raunverulegt tjón af hans völdum. Almennt mun þó álitið, að hann valdi mestu tjóni í æðarvörpum, og er sennilegt, að það sé rétt. Auk þess leggjast svartbakar stundum á allstóra fiska, svo sem hrognkelsi, lax og silung, og má vera, að þeir valdi með því einhverju tjóni, þó það sé eflaust miklu minna en tjón það, sem þeir valda í æðarvörpum. Þá eru þess einnig dæmi, að svartbakar ráðist á nýfædd lömb, en það mun þó fremur fátítt. Hér verður því einkum rætt um svartbakinn sem skaðvald í æðarvörpum.

Æðardúntekja hefur farið mér mjög þverrandi á undanförnum áratugum. Samkvæmt framtölum hefur dúntekjan hin síðari ár verið nálægt 2000 kg á ári, en það sem af er þessari öld hefur hún orðið mest rösk 4500 kg. Þar sem vitað er, að allmikil brögð eru að því, að slælega sé talið fram, einkum hin síðari ár, er þó sennilegt að dúntekjan nú sé töluvert meiri en framtöl sýna. Það er mjög vafasamt, að dúntekjan geti orðið öllu meiri hér á landi en um 5000 kg á ári við beztu skilyrði.

Það eru eflaust margar orsakir til rýrnunar dúntekjunnar. Það sem helzt kemur til greina er fjölgun svartbaks, silfurmáfs og minks, auk þess sem fólksfæð í sveitum torveldar mjög hirðingu æðarvarpa. Þá er og vitað að nokkur brögð hafa

verið að því, að æðarvarpsjarðir hafi farið í eyði. Sennilega hefur þetta allt haft einhver áhrif, en það er alveg á huldu, hversu mikil áhrif hvert atriði hefur haft, og verður ekki úr því skorið nema með víðtækum rannsóknum. En það er fráleitt að kenna svartbaknum eingöngu um rýrnun dúntekjunnar. En hvað sem því líður er sennilegt, að dúntekja mundi aukast eitthvað, ef svartbökum væri fækkað til muna, en óvíst er, hversu mikil sú aukning mundi verða.

Aðferðir við eyðingu svartbaka.

Eyðing með skotum.

Eins og mörgum veiðimönnum er kunnugt, er nokkrum vandkvæðum bundið að skjóta svartbaka. Þeir eru yfirleitt mjög varir um sig, og er oft erfitt að komast í skotfæri við þá. Skot koma einkum til greina við þrenns konar aðstæður:

a) Í verstöðvum og á öðrum stöðum, þar sem máfar safnast saman við úrgang.
b) Á varpstöðvunum.
c) Þar sem svartbakaflug er með ströndum fram.

Í verstöðvum er oft hægt að skjóta svartbaka, þar sem þeir safnast saman við úrgang. Er þá oft hægt að skjóta í máfaþvöguna og hafa allmarga í skoti. En við fyrsta skot styggjast máfarnir, og líður oft langur tími, unz þeir koma aftur. Verða máfarnir því varari um sig sem oftar er skotið, unz þeir hætta alveg að koma í færi. Með þessari aðferð er því aðeins unnt að skjóta mjög takmarkaðan fjölda svartbaka. Einnig er sennilegt að eitthvað af „saklausum“ máfum eins og bjartmáfum, hvítmáfum og hettumáfum falli fyrir skotunum, sem hleypt er á hópinn. Að lokum verður einnig að taka fullt tillit til þeirrar hættu, sem er samfara skotum í þéttbýli.

Oft er unnt að skjóta svartbaka við hreiður, en svartbakarnir eru misstyggir, og er það aðeins nokkur hluti þeirra, sem kemur í færi. Hér gegnir einnig sama máli og áður, svartbakarnir styggjast við fyrstu skotin og verður æ erfiðara að komast í færi við þá. Sums staðar, þar sem mikið er skotið af svartbak á varpstöðvunum, eru þeir alveg hættir að koma í skotfæri. Oft verpa svartbakar í nábýli við æðarfugl, og er sennilega varhugavert, að skjóta mikið í æðarvörpum, a. m. k. í byrjun varptímans. Við þetta bætist svo einnig, að mikill hluti svartbakanna verpur ekki í þéttum vörpum, heldur dreift, og mundi það kosta mikla vinnu að leita uppi hreiðrin. Því tel ég þessa aðferð ekki vænlega til árangurs.

Á vissum stöðum á landinu er oft töluvert máfaflug með ströndum fram. Oft er stöðugt flug frá morgni til kvölds, venjulegast í ákveðna stefnu. Þegar sérstök skilyrði eru fyrir hendi, er þá stundum hægt að skjóta töluvert af svartbökum. Skilyrði til þess eru bezt, þegar vindur er allhvass af hafi og heldur á móti aðalflugstefnu fuglanna. Fljúga þeir þá lágt og fremur hægt með ströndinni, og getur skotmaður, sem falinn er í fjörunni skotið máfana jafnóðum og þeir birtast. Aðeins fáir máfar styggjast við hvert skot, þeir sem á eftir koma verða ekki skotmannsins varir, fyrr en þeir koma í færi. Við beztu aðstæður er stundum unnt að skjóta meira en hundrað svartbaka á einum degi. Sé hins vegar aflandsvindur eða hægur vindur, fljúga máfarnir lítið með ströndinni, en í þess stað fremur dreift yfir sjónum, og sé vindurinn á eftir aðalflugstefnunni fljúga þeir svo hátt og hratt, að illmögulegt er að skjóta þá.

Enda þótt þetta sé árangursríkasta leiðin til þess að skjóta svartbaka, tel ég hana samt gagnslausa við eyðingu þeirra. Í fyrsta lagi er mjög sjaldan hægt að beita henni, og í öðru lagi eru það að langmestu leyti ungfuglar, sem falla fyrir skotunum, þar sem þeir eru ekki nærri eins varir um sig og fullorðnir fuglar, auk þess sem þeir sækja meira að dauðum máfum, sem skotmaður hefur fellt. En fyrir svartbakastofninn í landinu er hver ungfugl ekki nærri eins mikilvægur og fullorðinn, kynþroska fugl. Hjá öllum fuglategundum er dánartala miklu hærri hjá ungfuglum en fullorðnum fuglum. Ef þetta væri ekki svo, mundi fuglum fjölga svo á örskömmum tíma, að það hlyti fljótt að leiða til fæðuskorts. Það má

því ganga út frá því sem vísu, að mikill hluti þeirra ungfugla, sem skotnir eru, hefðu brátt farizt á annan hátt, þótt þeir hefðu ekki fallið fyrir skotum. Fullorðnir fuglar hafa hins vegar að baki sér hættulegasta aldursskeiðið og verða því fyrir miklu minni vanhöldum. Það er því hyggilegra að leggja aðaláherzluna á eyðingu kynþroska fugla.

Þessu til skýringar læt ég hér fylgja dæmi um dánartölur silfurmáfa í Danmörku og Bandaríkjunum. Í Danmörku kom í ljós, að af fleygum ungum, sem á lífi voru 1. sept., fórust um 62% á fyrsta ári (sennilega er þetta heldur hátt reiknað). Af þeim sem eftir lifðu, drápust 22% á næsta ári. Á þriðja ári drápust 19% af þeim, sem lifðu af tvö fyrstu árin. Á fjórða ári verða máfarnir kynþroska, og úr því er dánartalan nokkuð jöfn, um 15% á ári. Ég vil taka það fram, að silfurmáfastofinn, sem þessar athuganir byggðust á, var í vexti. Í Bandaríkjunum hafa fengizt svipaðar niðurstöður, nema dánartala fullorðinni fugla var þar nokkru hærri eða um 30% á ári. Þessar rannsóknir byggðust á endurheimtun merktra fugla. Í Danmörku voru um 60% af þessum endurheimtu fuglum skotnir, en í Bandaríkjunum aðeins 5%. Þrátt fyrir þetta eru dánartölur ungfuglanna svipaðar á báðum stöðunum. Sýnir þetta ljóslega, að venjulega ferst ákveðinn hluti stofnsins. á hverju ári. Séu máfarnir ekki skotnir, farast þeir á annan hátt, svo sem af fæðuskorti, eða af völdum veikinda, ránfugla o. s. frv.

Eyðing eggja.

Sé steypt undan svartbak, verpur hann því nær alltaf aftur, og það jafnvel þótt seinna varpið sé einnig tekið. Ef árangur á að nást, verður því að taka eggin tvisvar eða jafnvel þrisvar undan hverjum fugli. Þegar svo þar við bætist, að svartbakar verpa tíðum mjög dreift, þá er augljóst, að það er óvinnandi verk að hafa veruleg áhrif á svartbakastofninn með þessu móti. Reynslan sannar einnig, að svartbak fækkar ekki á stöðum, þar sem eggin eru tekin. Þá verður einnig að hafa það í huga, að svartbakur, sem hefur verið rændur eggjum sínum, gerir venjulega mun meiri usla í æðarvarpi heldur en svartbakur, sem fær að vera í friði með egg sín.

Öllu vænlegri leið til árangurs er að gera eggin ófrjó, annað hvort með því að hrista þau eða sprauta á þau efni, sem lokar loftgötum þeirra. Svartbakarnir liggja þá á eggjunum fram yfir venjulegan ásetutíma, verpa ekki aftur og gera miklu minni usla í æðarvarpi. Þessi aðferð hefur verið notuð með góðum árangri í Bandaríkjunum og Hollandi við eyðingu silfurmáfa. Þess ber þó að gæta í þessu sambandi, að miklum mun auðveldara er að eiga við silfurmáfinn en svartbakinn, þar sem silfurmáfurinn verpur nær alltaf í þéttum vörpum og á mjög takmörkuðum svæðum. Er óhætt að fullyrða, að slíkar aðgerðir hér muni verða úr hófi fram kostnaðarsamar og tímafrekar. Um eggin á auðvitað hið sama við og um ungfuglana, en þó í enn ríkara mæli, því að hvert egg skiptir tiltölulega litlu máli fyrir svartbakastofninn miðað við fullorðinn fugl. Þykir mér ekki ólíklegt, að gera yrði allt að 80% eggjanna á Íslandi ófrjó á hverju ári, til þess að nokkur árangur náist.

Eyðing með eitri.

Á því leikur lítill vafi, að notkun eiturs hefur reynzt árangursríkasta aðferðin hér til þess að verja æðarvörp fyrir svartbak. Hin síðari ár hefur verið notað strychnin, sem hefur verið sett í æðaregg. Ávallt fylgir nokkur áhætta notkun eiturs, einkum þegar um jafnsterkt eitur og strychnin er að ræða, og er alltaf þörf ítrustu varkárni við meðferð þess. Með því að eitra eingöngu í æðaregg á að vera hægt að koma í veg fyrir, að öðrum dýrum, eins og örnum og fálkum, stafi hætta af, en því miður hefur orðið nokkur misbrestur á því, að eitrunin hafi verið framkvæmd eins og fyrir er mælt.

Notkun eiturs getur verið mjög stórvirk eyðingaraðferð. Með eitri er jafnt hægt að deyða unga fugla sem gamla. Svartbakar og aðrir fuglar styggjast ekki að ráði við slíkar aðgerðir, og má því halda þeim áfram lengi á sama stað, jafnvel í æðarvörpum. Notkun eiturs er auk þess tiltölulega ódýr miðað við aðrar eyðingaraðferðir. Oft er það aðeins tiltölulega takmarkaður fjöldi svartbaka, sem sækir í æðarvörpin, og er stundum hægt að taka fyrir það að mestu, að þeir geri usla í vörpunum, með því að eitra þar reglulega á vorin. Að vísu hefur þetta ekki nein áhrif á svartbakastofninn í heild, en notkun strychnins í stórum stíl við verstöðvar og sláturhús kemur varla til greina vegna áhættunnar, sem henni er samfara. Erlendis hefur hins vegar notkun svæfandi lyfja við eyðingu meindýra færzt nokkuð í vöxt hin síðari ár. Ef varkárni er gætt, ætti að vera hægt að nota þessi lyf án áhættu við verstöðvar og sláturhús og einnig í æðarvörpum. Því miður er ekki fengin full reynsla af þessum lyfjum enn sem komið er, en allt þykir mér benda til þess, að notkun þeirra verði árangursríkasta og ódýrasta aðferðin, ef reyna á að fækka svartbökum á annað borð. Hins vegar þarf athugunar við, hvort raunverulega borgi sig að leggja í það stórfyrirtæki að fækka svartbökum svo um muni, fremur en að leggja aðaláherzluna á að verja einstök æðarvörp.

Skerðing lífsskilyrða.

Ein öruggasta leiðin til að fækka fuglum og öðrum dýrum er að skerða lífsskilyrði þeirra. Eru þess mörg dæmi, að stofnar viltra dýra hafi minnkað við aðgerðir af manna völdum, sem leitt hafa til spillingar kjörlendis eða lakari fæðuskilyrða. Fækkun af þessum sökum er oftast varanleg, en þegar notaðar eru aðrar eyðingaraðferðir, má alltaf búast við því, að stofnar vaxi á ný, þegar þeim er hætt. Allt bendir til þess, að fæðumagnið setji stærð svartbakastofnsins hér takmörk, og er sennilegt, eins og að framan getur, að hin aukni úrgangur hafi átt mestan þátt í fjölgun svartbaka. Ég tel vafalítið, að svartbökum muni fækka á ný, ef unnt væri að taka að mestu fyrir þessi miklu fæðulind. En lítil von virðist til þess, að þetta verði hægt í náinni framtíð. Jafnvel þó unnt væri að fjarlægja allan úrgang frá fiskvinnslustöðvum og sláturhúsum (sem eflaust mundi hafa í för með sér mikinn kostnað), þá er enn eftir allt sorpið frá bæjum og kauptúnum auk alls þess úrgangs, sem hent er í sjóinn, þar sem gert er að fiski um borð, en þann úrgang eiga máfar mjög auðvelt með að hagnýta sér.

Greiðsla verðlauna fyrir eyðingu meindýra.

Þessi aðferð hefur verið mjög mikið notuð í mörgum löndum, t. d. Bandaríkjunum, Bretlandi, á Norðurlöndum og víðar Nú á seinni árum hefur mikið verið rætt og ritað um þessa aðferð, en komið hefur í ljós, að í langflestum tilvikum, sem rannsökuð hafa verið, hafa þessar verðlaunaveitingar reynzt algerlega gagnslausar. Samkvæmt því hefur aðferðin verið lögð niður víðast hvar. Einna lengst hefur hún haldið velli í Bandaríkjunum, en þar er nú hvert ríkið á fætur öðru að leggja hana niður. Nýlega var samþykkt á fundi alþjóða-fuglaverndunarráðsins ályktun þess efnis, að skora á öll aðildarríki ráðsins að hætta slíkum verðlaunaveitingum, þar sem þær væru gagnslausar að mestu.

Það sem einkum mælir á móti verðlaunaveitingum er þetta:

1. Það hefur sýnt sig, að þeir einstaklingar, sem drepnir eru vegna verðlaunanna, eru nær ávallt svo fáir, að engu máli skiptir fyrir heildarstofninn, nema hann sé mjög lítill. Þessar verðlaunaveitingar hafa því oftast verið bein sóun á fé.
2. Í þau fáu skipti, sem aðferðin hefur borið árangur, hefur hún reynzt mjög kostnaðarsöm, og hefði verið unnt að ná sama árangri á mun ódýrari hátt en með veitingum verðlauna.
3. Oft eru það tiltölulega fá dýr, sem mestu tjóni valda, og er þá oftast reynt að drepa þau, án tillits til þess, hvort til verðlauna er að vinna eða ekki.

4. Alls staðar, þar sem þessi aðferð hefur verið notuð, hefur verið töluvert um svik í sambandi við hana. Nægir í þessu sambandi að nefna nærtæk dæmi, eins og tilbúning minkaskotta og greiðslu verðlauna fyrir ýmsar aðrar máfategundir en svartbak.

5. Þessi eyðingaraðferð er fremur ógeðfelld, þar sem hún hvetur menn til þess að taka sér byssu í hönd og drepa dýr, eingöngu í þeim tilgangi að hljóta verðlaun fyrir.

Vil ég nú víkja nokkru nánar að greiðslu verðlauna fyrir eyðingu svartbaks. Hér að framan hef ég komizt að þeirri niðurstöðu að eyða þurfi a. m. k. 125 000 svartbökum á ári hverju til þess að einhverjar líkur séu fyrir því, að svartbökum fækki verulega. Það ætti einnig að vera ljóst af framanrituðu, að engin líkindi eru til að menn geti haft áhrif á stærð svartbakastofnsins með skotum, jafnvel þótt há verðlaun væru greidd fyrir hvern unninn svartbak, og mundu þessar verðlaunaveitingar því aðeins vera sóun á fé. Ef reyna á að eyða þessum fjölda svartbaka á ári, er auðsætt að ráða verði til þess hóp manna, sem starfi eingöngu að þessu verki með stórvirkum aðferðum. Það má teljast mjög góður árangur, ef einum slíkum veiðimanni tekst að eyða 5000 svartbökum á ári. Mundi því þurfa a. m. k. 25 veiðimenn til þess að ná þessum árangri.

Samkvæmt núgildandi lögum eru greiddar allt að 12 kr. fyrir hvern unninn svartbak, en sú upphæð mun vart nægja fyrir skotum. Komið hafa fram tillögur um að hækka þessi verðlaun í 20 kr. eða jafnvel allt upp í 100 kr. Sé miðað við 20 kr. verðlaun mundu verðlaunaveitingar fyrir 125 000 svartbaka nema 2 500 000 krónum. Þar sem góð svartbakaskot munu nú kosta um 10 kr. og þar sem óhætt er að reikna með því að jafnvel hjá góðum skyttum falli ekki svartbakur nema að meðaltali í öðru hverju skoti, er ólíklegt að menn fari að stunda svartbakaveiðar að nokkru ráði vegna verðlaunanna. Ef ráða ætti sérstaka svartbakaveiðimenn, yrði að sjálfsögðu að greiða þeim fullt kaup, auk verðlaunanna. Ef laun til þeirra eru áætluð kr. 100 000 á ári mundi þessi liður nema um 2 500 000 krónum. Þessir menn yrðu einnig að fá greiddan nauðsynlegan tækjakostnað, ferðakostnað o. s. frv. Væri því ekki fráleitt að áætla kostnað við vinnslu 125 000 svartbaka um 6 000 000 krónur. Væru verðlaunin hins vegar hækkuð enn meir, t. d. upp í 100 kr. á svartbak, mætti búast við því að almenningur fari að stunda svartbakadráp að ráði. Verðlaunaveitingar fyrir 125 000 svartbaka mundu þá nema um 12 500 000 krónum, en eins og að framan greinir tel ég algerlega óhugsandi að unnt sé að bana 125 000 svartbökum á ári með skotum. Til þess þarf stórvirkari veiðiaðferðir, sem aðeins völdum mönnum er trúandi til að beita.

Verð á hreinsuðum dún í smásölu mun nú vera 1850 kr. kílóið. Samkvæmt framtölum hefur dúntekjan hin síðustu ár verið nálega 2000 kg á ári, að verðmæti 3 700 000 krónur. Hin raunverulega dúntekja er þó örugglega meiri en framtöl sýna. Eins og að framan greinir tel ég ólíklegt, að dúntekjan á öllu landinu geti orðið öllum meiri en 5000 kg á ári við beztu skilyrði. Hámarkstekjur af æðarvarpi gætu því ef til vill orðið um 9 200 000 krónur. En það má hins vegar teljast algerlega fullvíst að 6—12 milljóna króna útgjöld á ári við eyðingu svartbaks mundi hvergi nærri hafa í för með sér þessa 5 500 000 króna tekjuaukningu.

Ef reyna á að fækka svartbökum á annað borð, hlýtur árangursríkasta og ódýrasta leiðin að vera sú að banna algerlega hinar gagnslausu og kostnaðarsömu verðlaunaveitingar, en ráða hins vegar sérstaka menn á fullum launum til þess að vinna að eyðingu svartbaks með eitri eða svæfandi lyfjum, en þessir menn mundu að sjálfsögðu frá greiddan áhalda- og ferðakostnað. Annað mál er svo það, að taka verður til rækilegrar athugunar, hvort raunverulega borgi sig að leggja út í það stórfyrirtæki, sem fækkun svartbaka, með hvaða aðferð sem er, hlýtur að verða, fremur en að leggja aðaláherzluna á að verja einstök æðarvörp fyrir ágangi þeirra.

Það er augljóst mál, að nauðsynlegt er, að hér fari fram nákvæm rannsókn á lífsháttum æðarfugls og svartbaks, svo og á ýmsu er að æðarvarpsrækt lýtur. Því

miður virðast engin tök á því, að hægt verði að framkvæma slíkar rannsóknir á næstu árum vegna þess, að þeir menn, sem færir eru um að annast þær, eru bundnir við önnur verkefni.

Það er álit mitt, að áður en ráðist verður í vafasamar framkvæmdir, sé rétt að taka málið til eins rækilegrar athugunar og kostur er. Að sjálfsögðu ber að stefna að því, að unnt verði að framkvæma slíkar rannsóknir, en á meðan það er ekki hægt, tel ég rétt, að í beinu framhaldi af endurskoðun laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, sem nú er unnið að, verði skipuð nefnd sérfróðra manna til þess að semja reglugerð eða frumvarp til laga um eyðingu svartbaks.

Fylgiskjal IV.

Ályktun Búnaðarþings um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun ásamt athugasemdum fuglafriðunarnefndar.

Þegar fuglafriðunarnefnd hafði lokið samningu frumvarps til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun sendi menntamálaráðuneytið frv. Búnaðarþingi til umsagnar. Búnaðarþing hefur lagt til, að nokkrar breytingar verði gerðar á einstökum greinum frv., og er gerð nánari grein fyrir þeim breytingartillögum í ályktun þingsins, sem hér fer á eftir.

Ályktun Búnaðarþings.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 17. marz 1965.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands þann 15. marz 1965 var ákveðið að senda hinu háa menntamálaráðuneyti meðfylgjandi ályktun, sem samþykkt var á Búnaðarþingi 1965, um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, en frumvarpið sendi hið háa ráðuneyti Búnaðarþingi til umsagnar með bréfi, dags. 5. marz 1965.

Virðingarfyllst,
Halldór Pálsson.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Ályktun um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Búnaðarþing leggur til, að eftirtaldar breytingar verði gerðar á frumvarpi nefndar, er menntamálaráðuneytið skipaði um fuglaveiðar og fuglafriðun.

5. gr. 2. málsl. hljóði þannig: Fuglaveiðar á afréttum utan landareigna lögbýla eru háðar leyfum sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga, sem afréttirnar eiga eða nota.

11. gr. 3. málsl. Orðin „og 2“ falli burt og verði málsgreinin öll þannig: Fugla þá, sem veiddir eru, og egg, sem tekin eru skv. undanþáguheimildum þeim, sem felast í 1. málgrein, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf.

21. gr. 2. málsl. Á eftir orðunum „til fuglaveiða á ósöltu vatni“ komi: sbr. þó 24. gr., og hljóði þá málgreinin þannig: Eigi má nota vélknúna báta til fuglaveiða á ósöltu vatni, sbr. þó 24. gr., o. s. frv.

24. gr. Aftan við greinina komi: Við þær veiðar er heimilt, þrátt fyrir ákvæði 21. greinar, að nota vélbáta ef aðstaða er þannig, að þess þurfi.

25. gr. Greinin orðist þannig: Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið þó veitt undanþágu með reglugerð frá ákvæðum þessarar greinar í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks og kjóa.

Þá vill Búnaðarþing benda á það, að landbúnaðarráðherra hefur falið tveimur mönnum, Hákoni Guðmundssyni yfirborgardómara og Ólafi E. Stefánssyni ráðunaut, „að gera frumdrög að frumvarpi til laga um sinubrennur“, og að þessir menn er nú þegar búnir að afla sér ýmissa gagna um þetta mál. Telur þingið því rétt, að frestað verði lögfestingu á tímatakmörkunum um sinubrennur, unz umræddir menn hafa skilað tillögum sínum.

Greinargerð.

Búnaðarþingi hafa á mörgum undanförnum árum borizt áskoranir frá fjölda bænda um að gerðar verði ráðstafanir til fækkunar á grágæsum, vegna þess tjóns, er þær valda á túnum og ökrum. Nefnd, er menntamálaráðuneytið skipaði, hefur nú samið frumvarp um fuglaveiðar og fuglafriðun og er þar gert ráð fyrir heimild til að veiða grágæsir á venjulegum friðunartíma. Nokkur ákvæði frumvarpsins eru þó þannig, að nauðsynlegt er að breyta þeim til þess að unnt sé að nota umræddar heimildir, svo sem ákvæði 21. gr. um bann við notkun vélbáta við fuglaveiðar á ósöltu vatni. Ómögulegt mun að reka gæsir af vatni í netagirðingar á vatnsbakka nema að nota við það vélbáta. Þá virðist og sjálfsagt að hagnýta megi grágæsaregg og grágæsir, sem veiddar yrðu skv. umræddri heimild, með því að leyfa sölu á þeim.

25. gr. frumvarpsins kveður svo á, að ekki megi veita verðlaun fyrir eyðingu fugla. Nú eru í gildi lög um veitingu verðlauna fyrir að skjóta svartbak (veiðibjöllu) og þótt vafasamt sé um hver áhrif sú löggjöf hefur haft, þykir Búnaðarþingi naumast rétt að tekið sé sérstaklega fram í lögum um bann gegn verðlaunaveitingum í þessu skyni. — Verði lögin um eyðingu svartbaks (lög nr. 66/1936 og lög nr. 14/1962) numin úr gildi, eins og til er ætlazt í frumvarpinu, þá telur Búnaðarþing nauðsynlegt að gerðar verði sérstakar ráðstafanir til eyðingar svartbaks (veiðibjöllu) með eitrun eða svefnlyfjum, í samræmi við undanþáguheimildir 25. greinar.

Í 2. grein, 5. málslið frumvarpsins, er svo kveðið að orði, að öllum íslenzkum ríkisborgurum séu fuglveiðar heimilar í afréttum og almenningum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra. Nú er svo víða um land, að sveitarfélög, eitt eða fleiri eða sveitarhlutar hafa notað afrétt um langan tíma, oft um aldaraðir, án þess að nú sé til kaupbréf fyrir afréttarlandinu. En í flestum tilvikum má telja nær fullvíst, að núverandi notendur hafi keypt landið eða þegið það að gjöf, enda með tilgreindum landamerkjum. Sýnist því eðlilegt, að sveitarstjórnir eða stjórnir upprekstrarfélaga líti svo á, að íbúar þeirra svæða, er afrétt nota, eigi þar allan veiðirétt, ef annað er ekki fram tekið í þinglýstum skjölum eða hefðað með notkun um langan tíma. Mikil umferð um afrétt, ekki sízt fuglaveiðimanna, ónáðar búpening, sem á afrétti gengur, svo að hætta er á, að hann renni af afrétti til byggða; meðfram af þeirri ástæðu virðist rétt að fuglaveiðar á afréttum séu háðar leyfum sveitarstjórna.

Athugasemdir fuglafriðunarnefndar.

Fuglafriðunarnefnd hefur kynnt sér ályktun Búnaðarþings um frumvarp til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun og verða breytingartillögur Búnaðarþings við umrætt frumvarp ræddar hér nokkru nánar.

Um 5. gr.

Nefndin getur ekki fallizt á brtt. Búnaðarþ. við 5. gr. frv., sem er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Í framkvæmd myndi fyrirhuguð breyting á 5. gr. hafa þær afleiðingar, að aðeins bændum (eigendum eða ábúendum lögbýla) væri heimill réttur til fuglaveiða hér á landi. Nefndin er andvíg slíkum takmörkunum á rétti til fuglaveiða, enda ganga þær í öfuga átt við þróun þessara mála í nágrannalöndum okkar, bæði austan hafs og vestan. Þar hefur verið unnið að því á markvissan hátt að tryggja þeim hluta þegnanna, sem búa í þéttbýli, frjálsan aðgang að landi, þar sem þeir geti eytt frístundum sínum, notið náttúrunnar og stundað veiðar. Þetta getur verið erfiðleikum bundið í þéttbýlum og þrautræktuðum löndum, en

Ísland er svo strjálbýlt land, og óbyggðir þess eru svo víðáttumiklar, að þar ætti að vera nóg svigrúm bæði fyrir bændur og borgarbúa. Að því er varðar veiðar er réttur landeigenda hér meiri en í flestum öðrum löndum. Hér eru landeiganda einum heimilar fuglaveiðar og ráðstöfunarréttur þeirra á landareign sinni, og ber þá að hafa í huga, að hér eru landareignir yfirleitt miklu stærri en í þéttbýlum akuryrkjulöndum. Þá eiga landeigendur hér fuglaveiðar í fjörum og auk þess 115 m á haf út talið frá stórstraumsfjörumáli. Erlendis er hins vegar réttur landeigenda til fuglaveiði víðast hvar miklu takmarkaðri en hér. Má meðal annars benda á að í Bandaríkjunum er veiðiréttur aðskilinn frá landi og er eign ríkisins. Þar verða menn því að kaup veiðileyfi af ríkinu, hvort sem þeir eru landeigendur eða ekki. Á Bretlandseyjum og víðar eru fjörur og grunnsævi með landi fram almenningar, þar sem öllum eru fuglaveiðar heimilar. Mörg fleiri dæmi af þessu tagi mætti nefna, en allt miðar þetta að því, að tryggja sem flestum þegnum hlutaðeigandi ríkja rétt til fuglaveiða. Í flestum löndum gengur þróunin í þá átt, að vaxandi hluti íbúanna býr í þéttbýli. Þetta er staðreynd, sem ekki verður vefengd. En löggjafarvaldið í nágrannalöndum okkar hefur fyrir löngu gert sér ljóst, að nauðsynlegt er að taka tillit til þessarar þróunar með því að tryggja íbúum þéttbýlisins frjálsan aðgang að landi til þess að njóta náttúrunnar og til útivistaríþrótta, svo sem veiða.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið sagt, fær nefndin ekki séð, að brýn nauðsyn sé til þess, að svipta með öllu íbúa þéttbýlisins rétti til fuglaveiða í óbyggðum landsins. Að vísu færir Búnaðarþ. fram sem rök fyrir brtt. sinni að mikil umferð um afrétt, ekki sízt fuglaveiðimanna, ónáði búpening, sem á afrétti gengur, svo að hætta sé á að hann renni af afrétti til byggða. Þessi rök eru fremur léttvæg því að vitað er, að það eru fyrst og fremst rjúpnaveiðar, sem hér eru stundaðar á afréttum. En þar sem þær veiðar fara nú aðeins fram á tímabilinu frá 15. október til 22. desember, geta þær ekki með nokkru móti valdið búpeningi ónæði. Þá er göngum þegar lokið og sauðfé og stóði hefur þá verið smalað af afréttum.

Á það skal bent, að með orðinu eignarréttur í 5. gr. 2. mgr. frv. er einungis átt við bein eignarréttindi að landi eða landsvæðum. Ríkið hefur að vísu yfirráðarétt og vissar heimildir að landi utan lögbýla og annarra landsvæða, sem eignarréttur einstaklinga eða einstakra héraða nær ekki til, en sá réttur ríkisins, sem helgast einungis af slíkum yfirráðarétti, verður ekki talinn eignarréttur samkv. 5. gr. 2. mgr. frv.

Um 11. gr.

Nefndin fellst að nokkru leyti á brtt. Búnaðarþ. við þessa grein frv. og hefur 3. mgr. verið breytt til samræmis við það. Undanþáguheimildir 11. gr. miða að því, að auðvelda bændum að koma í veg fyrir tjón af völdum fugla, en ekki að því, að þeir geti gert fugla, sem veiddir eru samkvæmt slíkum undanþágum, að verzlunarvöru. En nefndin getur fallizt á, að heimilt skuli að gefa eða þiggja að gjöf fugla, sem veiddir eru samkv. 1. og 2. mgr. Hins vegar verður ekki með nokkru móti við það unað, að t. d. gæsir, sem veiddar eru um varptímann eða þegar þær eru í sárum, verði gerðar að verzlunarvöru, enda væri slíkt skýlaust brot á ákvæðum 6. gr. alþjóðasamþykktar um verndun fugla. Það skal tekið fram að einn nefndarmanna (Þ. E.) var andvígur breytingum á þessari grein frv.

Um 21. og 24. gr.

Nefndin getur fyrir sitt leyti fallizt á brtt. Búnaðarþ. við þessar greinar frv. og hefur þeim verið breytt til samræmis við það. Einn nefndarmanna (Þ. E.) var þó andvígur því, að gerðar væru breytingar á þessum greinum frumvarpsins

Um 25. gr.

Ákvæði 5. gr. alþjóðasamþykktarinnar taka af öllu tvímæli um það, að nauðsynlegt er, að í frv. sé almennt ákvæði um að óheimilt sé að nota eitur til að tortíma

fuglum og að **óheimilt sé að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra.** Hins vegar gæti undanþága frá slíku banni komið til greina í vissum tilvikum eins og undanþáguheimild 25. gr. frá banni við notkun eiturs eða svæfandi lyfja. En þar sem verðlaunaveitingar fyrir eyðingu algengra fugla, sem valda tjóni á nytjum, hafa alls staðar reynzt með öllu gagnslausar, heldur nefndin fast við þá afstöðu sína, að banna beri þær með öllu. Að tilhlutan nefndarinnar hefur Agnar Ingólfsson, sem nú vinnur að rannsóknum á íslenzkum máfum, samið rækilega greinargerð um eyðingu svartbaks, og er útdráttur úr henni birtur sem fylgiskjal með frv.

Um 27. gr.

Búnaðarþ. leggur til, að ákvæði um sinubrennur verði fellt niður úr frv., þar sem landbúnaðarráðuneytið hafi falið tilteknum mönnum að semja frumvarp til laga um það efni. Nefndin telur rétt, að fresta ekki lögfestingu frumvarpsákvæðisins um sinubrennur, þótt síðar sé von á sérstöku og sennilega víðtækara frumvarpi um sama efni. Með þeim lögum mætti nema úr gildi ákvæði 27. gr. frv. um sinubrennur, ef þurfa þætti.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um iðnfræðslu.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI

1. gr.

Um iðnfræðslu í löggiltum iðngreinum og að öðru leyti fer eftir lögum þessum.

Með reglugerð skal ákveða, hverjar skuli vera iðngreinar, og svo um kennslu í þeim, eftirlit með kennslunni og prófkröfur. Þar skal og setja ákvæði um verkleg námskeið, er stofnað kann að verða til.

2. gr.

Iðnfræðsluskólar, sem lög þessi taka til, eru:
Verknámsskólar iðnaðarins.
Iðnskólar.
Sérskólar einstakra iðngreina.
Meistaraskólar.

II. KAFLI

3. gr.

Menntamálaráðherra og menntamálaráðuneyti fara óskipt með yfirstjórn iðnfræðslumála og iðnfræðsluskóla.

4. gr.

Iðnfræðsluskrifstofa Íslands fer með framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla.

Iðnfræðslustjóri veitir Iðnfræðsluskrifstofu Íslands forstöðu og stýrir framkvæmdum í kennslu- og skólamálum iðnfræðslunnar.

Hann hefur yfirstjórn kennslueftirlitsins, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Álits iðnfræðslustjóra skal leitað um öll iðnfræðslumál, sem undir menntamálaráðuneytið falla. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðslustjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af. Nánar skal ákveðið í reglugerð um skyldur og störf iðnfræðslustjóra.

Ráðherra skipar iðnfræðslustjóra, setur honum erindisbréf svo og nánari reglur um starfssvið hans og iðnfræðsluskrifstofunnar. Hann getur falið skrifstofunni að fara jafnframt með málefni annarra verknáms- og tækniskóla, sem undir ráðuneytið falla.

III. KAFLI

5. gr.

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 7 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar, tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar, tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi íslenzkra iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

6. gr.

Iðnfræðslustjóri skipar iðnfulltrúa, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, þar sem það telur þess þörf, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga og hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, í umboði iðnfræðslustjóra, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðslustjóri í erindisbréfi.

7. gr.

Iðnfræðslustjóri skipar, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, prófnefndir innan hverrar iðngreinar, þar sem þeirra er þörf.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

8. gr.

Leita skal tillagna iðnráða og iðnaðarmannafélaga, þar sem iðnráð eru eigi, um skipun iðnfulltrúa og prófnefnda.

9. gr.

Iðnfræðsluráð löggildir iðnmeistara, er það telur hæfa, til að taka nemendur til iðnnáms og ákveður, hve marga nemendur meistari megi hafa, út frá því sjónarmiði einu, að nemendur fái notið fullkominnar kennslu í iðninni. Á sama hátt skal löggilda iðnfyrirtæki, sem hafa hæfa meistara í þjónustu sinni. Við ákvarðanir sínar í þessu efni skal iðnfræðsluráð taka tillit til venjulegs fjölda sveina á vinnustöð, húsnæðis, vélakosts, áhalda og verkefna.

Nú hefur meistari eða iðnfyrirtæki rofið námssamning tvisvar, vanrækt kennslu eða brotið á annan hátt gegn lögum og reglugerðum um iðnfræðslu í verulegum atriðum, og getur þá iðnfræðsluráð svipt hlutaðeigandi rétti til að hafa nemendur tiltekinn tíma eða að fullu. Úrskurð iðnfræðsluráðs má þó bera undir dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga, frá því að úrskurður var birtur aðilja.

10. gr.

Iðnfræðsluskrifstofan skal halda uppi leiðbeiningarstarfi um starfsval innan þess sviðs, sem fellur undir ákvæði þessara laga.

Iðnfræðsluskrifstofan skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Hún skal árlega leita þar um álits hlutaðeigandi félagssamtaka.

11. gr.

Iðnfræðsluráð skipar þriggja mannna fræðslunefnd hverrar iðngreinar.

Skal einn nefndarmanna vera meistari og annar sveinn þeirrar iðngreinar, sem um er að tefla, en hinn þriðji nefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi, og sé hann

að jafnaði kennari í viðkomandi grein. Skipar iðnfræðsluráð einn nefndarmanna formann, en að öðru leyti skipta nefndarmenn verkum með sér.

Hlutverk fræðslunefndar er að vera stjórnvöldum og öðrum til ráðuneytis og gera tillögur um nám og kennsluháttu, enda ber stjórnvöldum að leita umsagnar nefndarinnar um slík mál, eftir því sem við á.

Iðnfræðsluráð hefur umsjón með störfum fræðslunefnda og setur þeim nánari starfsreglur.

IV. KAFLI

12. gr.

Iðnskólar skulu vera átta, einn í hverju kjördæma landsins, þeirra er nú eru. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
8. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskólar skuli starfa áfram, til frambúðar eða fyrst um sinn. Mega iðnskólar vera fleiri en átta, ef nauðsyn krefur að dómi ráðherra.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

13. gr.

Stofna skal og starfrækja á vegum iðnskóla þeirra, sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr., eftir því sem ráðherra ákveður og fé er til þess veitt, verknámsskóla, þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnaðarstarfs. Skal lögð áherzla á, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem um er að tefla, og efnum, sem úr er unnið, jafnframt þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt.

Inntökuskilyrði í verknámsskóla skulu vera hin sömu og í iðnskóla, sbr. 22. gr. þessara laga.

Námstími í verknámsskóla skal vera allt að einu ári, og skal kennsla miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tækninám og iðnstörf. Námstíma skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða við kennslu, sem svari námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla.

Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina.

Ráðherra ákveður, hverjar verklegar greinar skuli kenna á vegum verknámsskóla. Í verklegu námi skulu nemendur hverrar bekkjardeildar eigi vera fleiri en 15.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki. Skal sú stytting svara til þess, að átta mánaða verknámsskóli stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði. Skal sama regla gilda um verklegan starfstíma og krafizt er til upptöku í aðra verknáms- og tækniskóla.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum, 6 til 10 mánuði, eftir þörfum iðngreinanna. Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða, að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla.

14. gr.

Ráðherra setur reglur um starfsháttu iðnfræðsluskóla, búnað þeirra, inntökuskilyrði, námstíma, kennslu, námstilhögun, námsskrá, próf, einkunnagjöf og prófskírteini og svo, eftir því sem við á, um kjör nemenda.

15. gr.

Iðnfræðsluskólar skulu vera dagskólar. Þó má kennslan fara fram að kvöldi að nokkru leyti, er eigi verður hjá því komizt vegna kennaraskorts eða húsnæðis. Enn fremur er iðnfræðsluskólum rétt að starfrækja kvöldnámskeið í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir, enda komi samþykki stjórnvalda til hverju sinni.

16. gr.

Iðnfræðsluskóla stjórnar 5 manna skólanefnd. Ráðherra skipar skólanefnd til fjögurra ára í senn. Skulu fjórir skipaðir eftir reglum, sem ráðherra setur samkvæmt tillögum bæjarstjórna og sýslunefnda, sem aðild eiga að iðnfræðsluskóla skólaumdæmis, en ráðherra skipar hinn fimmta án tilnefningar, og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Í Reykjavík tilnefnir borgarstjórn fjóra skólanefndarmenn.

Að minnsta kosti helmingur þeirra, sem bæjarstjórnir og sýslunefndir tilnefna í skólanefnd, skulu vera iðnlærðir.

V. KAFLI

17. gr.

Ráðherra ákveður tölu fastra kennara iðnfræðsluskóla.

18. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra iðnfræðsluskóla, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og viðkomandi skólanefndar, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólastjóra og iðnfræðslustjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

Um menntun skólastjóra og kennara í almennum bóknámsgreinum gilda sömu reglur sem um skólastjóra og kennara gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Um menntun annarra kennara fer eftir reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveða ber á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

19. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti tíu ár og óskar að hverfa frá störfum eitt ár til að efla þekkingu sína og kennsluhæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni

um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Telji ráðherra greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send menntamálaráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir ráðuneytið kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa ráðuneytinu fullnægjandi skýrslu um störf sín, að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

VI. KAFLI

20. gr.

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna iðnskóla, er í hlut á, þegar námssamningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna skólastjóra, ef nemandi hættir iðnnámi.

21. gr.

Sá, sem hefja vill iðnnám, skal senda um það umsókn til iðnfulltrúa og geta þess í umsóknini, hvort hann eigi kost á kennslu hjá ákveðnum iðnmeistara eða iðnfyrirtæki. Sé svo ekki, skulu iðnfulltrúar aðstoða umsækjanda við að komast í nám eða beina umsókninni til iðnfræðsluráðs.

22. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði verknámsskóla og iðnskóla:

1. Að umsækjandi sé fullra 15 ára.
2. Að hann hafi lokið miðskólaprófi.

Iðnfræðsluráði er heimilt að veita undanþágu frá ákvæði 2. töluliðar 1. málsgreinar, þegar um er að ræða nemendur, sem hefja iðnnám eftir átján ára aldur, enda liggi fyrir samþykki fræðslunefndar viðkomandi iðngreinar um, að undanþága sé veitt, að því er iðngreinina snertir.

Sé undanþága veitt, skal nemandi sýna við inntökupróf, að hann hafi nægjanlega þekkingu í íslenzku og reikningi, og skulu inntökupróf miðuð við eigi minni kröfur en gerðar eru til miðskólaprófs í þessum námsgreinum.

Rétt er verknámsskólum og iðnskólum að halda undirbúningsnámskeið í íslenzku og reikningi, ef ástæða þykir til.

23. gr.

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að staðfesta námssamning, og má skjóta synjun þeirra til iðnfræðsluráðs til úrskurðar. Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn byrjað nám sitt þá.

Iðnfulltrúar skulu eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

24. gr.

Námstími fer eftir ákvæðum reglugerðar, sbr. 14. gr. Nú hefur nemandi áður stundað nám í verknámsskóla, eða á verklegu námskeiði, sbr. 2. mgr. 1. gr., og ákveður iðnfræðsluráð þá styttingu námstíma, eftir því sem efni eru til, sbr. þó 13. gr.

Hafi nemandi áður stundað nám hjá öðrum meistara, en slitið námssamningi við hann á löglegan hátt, skal sá tími, er hann vann hjá honum, dragast frá fullum námstíma hjá hinum síðari. Rísi ágreiningur um það, hvort námssamningi hafi verið slitið löglega, ákveður iðnfræðsluráð, að hve miklu leyti sá tími, er nemandi hefur nám stundað, skuli dragast frá fullum námstíma hjá öðrum.

25. gr.

Þegar námstími er á enda, skal nemandi gera prófsmíð hjálparlaust eða inna af hendi eitthvert það verk, er sýni, að hann sé fullnuma í iðn sinni.

Í reglugerð, sbr. 14. gr., skal ákveða, hver prófverk skuli vera. Standist nemandi prófið, ber að gefa út handa honum prófskírteini, er sé undirritað af meistara hans, prófdómendum, skólastjóra og lögreglustjóra. Heitir það prófskírteini sveinsbréf.

Nú hefur nemandi eigi staðizt próf það, sem um ræðir í 1. mgr., og skal hann þá eiga rétt á að ganga undir próf á ný, þegar það er næst haldið í iðngreininni, enda sé hann sjálfráður um það, hvar og á hvern hátt hann heldur náminu áfram. Enginn nemandi má þó ganga oftar en þrisvar undir próf í sömu iðngrein.

26. gr.

Daglegur vinnutími nemenda á vinnustöð skal vera hinn sami sem sveina í hlutaðeigandi iðngrein samkvæmt kjarasamningi, sbr. þó 34. gr.

Nú er svo ástatt í einhverri iðngrein, að ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina, og getur þá iðnfræðsluráð ákveðið hámarksvinnutíma nemenda í iðngreininni með hliðsjón af vinnutíma í skyldum iðngreinum. Nemendum er ekki skylt að inna af hendi eftirvinnu eða helgidagavinnu, og ekki má setja þá til neinnar þeirrar vinnu, sem er þeim um megn eða skaðleg getur talizt heilsu þeirra.

27. gr.

Sumarleyfi iðnnema skal vera 21 dagur virkur með fullu kaupi.

Vinni nemandi aukavinnu, skal hann fá greitt orlofsfé, 7% af aukavinnutekjum.

28. gr.

Skylt er meistara eða iðnfyrirtæki að greiða iðgjöld fyrir nemendur sína samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í slysa- og sjúkdómstilfellum skal nemandi fá fullt kaup allt að 6 mánuðum samtals yfir allan námstímann.

29. gr.

Nú hefur nemandi verið veikur lengur en 6 mánuði samtals á námstímanum, og getur iðnfræðsluráð þá ákveðið, að námstíminn framlengist hæfilegan tíma.

30. gr.

Meistari skal veita nemanda sínum kennslu í námsgreininni og sjá svo um, að hann hafi, að námstíma loknum, hlotið hæfilega æfingu í öllum störfum, er iðngreinin tekur til venju samkvæmt, og hafi lært meðferð, hirðingu og beitingu allra áhalda, sem tíðkuð eru í iðngreininni.

Iðnfræðsluráð skal setja námsreglur fyrir hverja iðngrein, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar, þar sem sagt sé fyrir um störf þau, er nemendur skuli hljóta æfingu í á hverju ári námstímans. Það getur fyrirskipað, að færðar skuli vinnuskýrslur fyrir nemendur, þar sem skráð sé, hver verk þeir stundi daglega og hve lengi á dag. Skulu slíkar vinnuskýrslur gerðar eftir fyrirmynd, er iðnfræðsluráð samþykkir. Enn fremur skal iðnfræðsluráð gefa út eyðublöð undir missirislega umsögn meistarans um skólavist nemenda, hæfni þeirra, iðni og hegðun.

31. gr.

Iðnfulltrúar skulu hafa eftirlit með kennslunni, koma á vinnustöðvar, er nemendur eru að verki, skoða vinnuskýrslur að minnsta kosti einu sinni árlega og árita þær þar um. Hafi nemandi að þeirra dómi ekki hlotið fullnægjandi fræðslu eða

æfingu, miðað við það, sem á er liðið námstímann, geta þeir lagt fyrir meistarann að bæta úr því innan ákveðins tíma.

Skjóta má ákvörðun iðnfulltrúa undir úrskurð iðnfræðsluráðs.

Iðnfulltrúar kveðja prófnefndir, eða eftirlitsmenn, er iðnfræðsluráð skipar, sér til aðstoðar við eftirlit samkvæmt þessari grein, eftir því sem fyrir er mælt í reglugerð.

32. gr.

Nemendur skulu ganga til verka, er þeim er skipað til, sbr. þó 26. gr. Þeir skulu vera ástundunarsamir og trúir í starfi.

33. gr.

Nú stendur yfir verkfall eða verkbann á vinnustöð, þar sem nemandi stundar nám sitt, og skal hann þá eigi taka þátt í framleiðslustörfum. Aftur á móti er nemanda skylt að mæta til æfinga og meðferðar véla og verkfæra á vinnustöð, þar sem því verður við komið.

Nú stendur vinnudeila svo lengi, að telja má, að nemandi missi verulega í verklegu námi hennar vegna, og getur iðnfræðsluráð þá ákveðið að framlengja námssamninginn um hæfilegan tíma.

34. gr.

Meistari og iðnfyrirtæki skulu láta nemendur sína ganga í iðnskóla og greiða fyrir þá skólagjöld, pappír, bækur og áhöld, sem námið útheimtir. Um skólanámið fer samkvæmt lögum þessum og reglum, settum samkvæmt þeim.

Þegar kennslan fer fram í dagskóla með fullum kennslustundum, heldur nemandi kaupi sínu, en mætir ekki til vinnu.

Nú fer kennslan fram í kvöldskóla, sbr. 15. gr., og skal vinnutími nemanda á vinnustöð þá vera 12 stundum styttri á viku en samningsbundinn vinnutími sveina. Að öðru leyti setur iðnfræðsluráð reglur um styttingu námstíma sökum kvöldskólanáms.

35. gr.

Iðnfræðsluráð getur veitt undanþágu frá skólanámi:

1. Hafi nemandi þegar lokið iðnskólaprófi eða prófi við annan skóla, sem ekki hefur veitt minni fræðslu í neinni grein en heimtuð er til burtfararprófs úr iðnskóla.
2. Hafi meistari séð nemanda fyrir annarri kennslu, fullgildri að dómi iðnfræðsluráðs, enda ljúki hann fullnaðarprófi frá iðnskóla.

36. gr.

1. Fyrstu 6 mánuðir námstíma samkvæmt iðnnámssamningi skoðast sem reynslutími. Hafi nemandi lokið prófi frá verknámsskóla, áður en gerður er námssamningur við meistara eða iðnfyrirtæki, skal reynslutími hjá meistara eða iðnfyrirtæki þó aðeins vera 3 mánuðir. Hvenær sem er á reynslutímanum, getur hvor samningsaðilja um sig slitið námssamningi án þess að tilgreina ástæður.
2. Meistari eða iðnfyrirtæki getur slitið námssamningi:
   a. Ef nemandi vanrækir nám sitt, verklegt eða bóklegt, eða gerir sig sekan um brot gegn öðrum samningsskyldum sínum.
   b. Hafi nemandi verið 6 mánuði samfleytt frá verki sakir sjúkleika síns.
   c. Ef nemandi að áliti embættislæknis hefur ekki heilsu til að stunda iðnina.
3. Nemandi getur slitið námssamningi:
   a. Ef komið er ósæmilega fram við hann á vinnustöð.
   b. Ef meistari eða iðnfyrirtæki brýtur samningsskyldur sínar.
   c. Ef meistari eða iðnfyrirtæki verður gjaldþrota eða hættir að reka iðn sína af öðrum ástæðum.
   d. Verði nemandi sakir sjúkdóms eða annarra orsaka vegna óhæfur til starfa að iðninni, eða hættulegt er fyrir líf hans eða heilsu að stunda iðnina, að áliti embættislæknis.
   e. Ef námsstúlka giftist.

4. Nú er svo ástatt sem í 3 a—b greinir, en nemandi slítur ekki námssamningi, og geta iðnfulltrúar þá slitið samningi, að undangenginni rannsókn. Skjóta má þeirri ákvörðun iðnfulltrúa til iðnfræðsluráðs.
5. Aðiljum er heimilt að slíta námssamningi, ef þeir koma sér saman um það. Er námssamningi er slitið, skal það jafnan tilkynnt iðnfulltrúum.

37. gr.

Nemandi á rétt á skaðabótum, ef námssamningi er slitið af þeim sökum, sem greinir í 36. gr., 3 a—c.

Skaðabótakröfur þessar skulu vera forgangskröfur í bú hlutaðeigandi meistara eða iðnfyrirtækis, og fer um þær samkvæmt 83. gr. laga nr. 3 12. apríl 1878, eins og vinnulaunakröfur væru, þær er þar koma til greina

38. gr.

Ágreining milli nemanda og meistara eða iðnfyrirtækis út af námssamningi skal leggja í gerð, nema aðiljar komi sér saman um annað.

Í gerðardómi skal sitja lögreglustjóri, þar sem námið er stundað, og er hann oddviti gerðardómsins, og tveir menn aðrir, einn tilnefndur af hvorum málsaðilja.

Nú vill einhver beiðast gerðar, og skal hann þá snúa sér til oddvita, sem ákveður gerðarfund og kveður báða málsaðilja til þess fundar ásamt gerðarmönnum þeirra með 8 daga fyrirvara í mesta lagi. Skal á þeim fundi leggja úrskurð á málið, og ræður afl atkvæða úrslitum. Heimilt er oddvita að fresta fundi, þó ekki oftar en þrisvar sinnum og ekki lengur en 8 daga í hvert skipti, enda hafi gerðarmaður tjáð honum lögleg forföll eða oddvita þykir nauðsyn bera til, svo að réttur úrskurður verði á lagður.

Nú sækir gerðarmaður aðilja ekki fund og hefur eigi tjáð lögleg forföll, og getur oddviti og hinn gerðarmaðurinn þá lagt fullnaðarúrskurð á málið.

Gerðardómur á úrskurð um slit námssamninga og dæmir skaðabætur.

Úrskurður gerðardóms skal vera aðfararhæfur.

Úrskurði gerðardóms má þó skjóta til dómstóla, enda sé það gert innan 30 daga frá birtingu úrskurðar.

39. gr.

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemenda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfræðslustjóra, iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

VII. KAFLI

40. gr.

Meistaraskóla skal starfrækja á vegum iðnskóla í Reykjavík og eftir ákvörðun ráðherra á vegum annarra iðnskóla, sbr. 1. mgr. 12. gr.

Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðngreina. Inntökuskilyrði er sveinsbréf, og má krefjast ákveðinnar lágmarkseinkunnar úr iðnskóla og verklegu prófi.

41. gr.

Meistaraskóli er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðnaði.

Skólinn starfar sem eins árs skóli með 44 stunda kennsluviku, 7—8 mánuði árlega. Heimilt er þó að starfrækja skólann í tveimur til þremur áföngum með samsvarandi heildarnámstíma.

42. gr.

Kennslan skal vera bæði bókleg og verkleg. Kennslugreinar skulu m. a. vera þessar:

1. Íslenzk verzlunarbréf og vélritun.
2. Stærðfræði og kostnaðarreikningur.
3. Bókfærsla og rekstrarhagfræði.
4. Enska.
5. Eðlis- og efnafræði.
6. Iðn- og verzlunarréttur og vinnulöggjöf.
7. Slysavarnir og hjálp í viðlögum.
8. Verkstjórn og vinnuhagræðing.
9. Iðnfræðsla, bókleg og verkleg, varðandi þá iðngrein, sem um er að tefla.

Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum. Skal einkum lögð áherzla á að kynna nýjungar og sérstakar vinnuaðferðir, að því er snertir vélar, verkfæri, áhöld og efni, og skal um námsefni taka sérstakt tillit til þarfa iðngreinanna.

43. gr.

Námi lýkur með burtfararprófi, og nefnist það meistarapróf.

Ráðherra setur nánari reglur um starfsháttu meistaraskóla, próf, einkunnagjöf og prófskírteini.

Í reglugerð má ákveða, að meistarapróf skuli vera skilyrði fyrir veitingu meistarabréfs í löggiltri iðngrein.

VIII. KAFLI

44. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en sveitar- og sýslusjóðir skólaumdæmis helming eftir reglum, er ráðherra setur.

Til stofnkostnaðar teljast skólahús ásamt húsbúnaði og kennslutækjum og svo vinnustofur ásamt vélum og áhöldum.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Greiðir ríkissjóður allt að þremur fjórðu af þessum hluta stofnkostnaðar, en sveitar- og sýslusjóðir hinn hluta stofnkostnaðarins.

Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli er, skal leggja til ókeypis nauðsynlegar lóðir fyrir skólann. Áður en hafizt er handa um byggingu iðnfræðsluskóla, eða verulegar breytingar skólahúsnæðis, skal liggja fyrir teikning, samþykkt af menntamálaráðherra.

Iðnfræðsluskrifstofan skal árlega gera tillögur til ráðuneytisins um húsagerð og aðrar framkvæmdir á vegum iðnfræðsluskóla svo og um skiptingu þess fjár, sem veitt er til byggingar iðnfræðsluskóla, kaupa á vélum og öðrum búnaði.

45. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra iðnfræðsluskóla og fastra kennara svo og styrk til stundakennslu, hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðiljum sem stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

Ráðherra ákveður skólagjöld í iðnskólum og meistaraskólum svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi og svo hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

46. gr.

Skólanefndir og skólastjórar annast fjárreiður og reikningshald iðnfræðsluskóla, nema hlutaðeigandi stjórnvöld ákveði annað.

Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur sem um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

47. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað af starfi iðnfræðsluráðs, iðnfulltrúa og prófnefnda og svo annan kostnað af stjórn iðnfræðslumála samkvæmt lögum þessum.

Prófgjöld skulu ákveðin í reglugerð, og renna þau í ríkissjóð.

IX. KAFLI

48. gr.

Ráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs.

49. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu, lög um breytingu á þeim lögum, nr. 29 17. maí 1957, og lög nr. 45 16. maí 1955, um iðnskóla, og svo önnur lagaboð, er fara í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Er frv. nú lagt fyrir Alþingi á ný, óbreytt.

Frumvarp þetta er samið á grundvelli tillagna nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði hinn 31. okt. 1961 til þess að endurskoða gildandi lög um iðnskóla og iðnfræðslu. Skilaði nefndin hinn 18. sept. 1964 ítarlegum tillögum um endurskipulagningu iðnfræðslunnar í landinu, og hafa þær breytingar, sem nauðsynlegar eru á gildandi löggjöf til þess að koma tillögum nefndarinnar í framkvæmd, verið teknar upp í frumvarp þetta.

Um iðnfræðslu eru nú í gildi tvenn lög, þ. e. lög nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu, og lög nr. 45 16. maí 1955, um iðnskóla. Af tillögum nefndarinnar leiðir, að rétt þykir að setja um þetta efni ný heildarlög um iðnfræðslu, sem geymi gildandi ákvæði fyrrgreindra laga með þeim breytingum, sem lagt er til að nú verði gerðar með frumvarpi þessu í samræmi við áðurgreindar tillögur nefndar þeirrar, sem að framan greinir.

Helztu breytingar, sem hér er um að tefla frá gildandi lögum, eru þessar:

1. Iðnfræðslukerfið taki ekki einvörðungu til náms í löggiltum iðngreinum, heldur og til starfsþjálfunar vegna annarra greina iðnaðarins.
2. Komið verði upp verknámsskólum iðnaðarins, þar sem kennd verði undirstöðuatriði iðnaðarstarfa.
3. Stofnað verði til skipulegrar kennslu fyrir verðandi iðnmeistara, þ. e. meistaraskóla.
4. Lagt er til, að starfræktur verði einn iðnfræðsluskóli í hverju núverandi kjördæma landsins.
5. Öll iðnfræðsla lúti yfirstjórn menntamálaráðherra og menntamálaráðuneytisins.
6. Lagt er til, að komið verði upp samræmdri yfirstjórn á framkvæmd iðnfræðslunnar, iðnfræðsluskrifstofu, og veiti iðnfræðslustjóri henni forstöðu.
7. Fjölgað verði í iðnfræðsluráði úr 5 í 7, og fái Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband iðnskóla á Íslandi þar fulltrúa.
8. Komið verði á fót fræðslunefnd innan hverrar iðngreinar, og geri hún tillögur um námsefni, bæði að því er varðar verklegt og bóklegt nám.

9. Lagt er til, að reynslutími samkvæmt iðnnámssamningi lengist úr 3 mánuðum í 6 mánuði.
10. Samkvæmt lögum nr. 45/1955 er heimilt að veita viðtöku í iðnskóla nemendum, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi. Hér er lagt til, að sú heimild verði takmörkuð við nemendur, sem eru fullra 18 ára, er þeir hefja iðnnám, og enn fremur að slík undanþága verði því aðeins veitt, að fyrir liggi samþykki viðkomandi iðngreinar.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í 1. mgr. er gert ráð fyrir, að lögin taki til allrar iðnfræðslu, hvort heldur um er að ræða löggilta iðngrein eða aðrar greinar iðnaðar. Með þessu eru opnaðir möguleikar til þess, að hið nýja skólastig, verknámsskólar iðnaðarins, geti jöfnum höndum leyst þarfir löggiltra iðngreina um iðnmenntun og bætt úr aðkallandi nauðsyn verksmiðjuiðnaðarins fyrir starfsþjálfun.

Síðari mgr. er samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 46/1949.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að tekið verði upp samheitið „iðnfræðsluskólar“ um þá skóla, sem lögunum er ætlað að taka til, en að öðru leyti talið upp, hverjir þeir eru.

Um 3. gr.

Í gildandi lögum er ýmist gert ráð fyrir, að iðnaðarmálaráðuneytið eða menntamálaráðuneytið fari með yfirstjórn iðnfræðslu, þ. e. iðnaðarmálaráðuneytið, að því er verklega námið snertir, en menntamálaráðuneytið, að því er skólanám varðar. Hér er lagt til, að menntamálaráðherra og menntamálaráðuneytið fari óskipt með yfirstjórnina.

Er slík tilhögun í samræmi við það, sem algengast er, m. a. á Norðurlöndum, og þykir rétt, að svo verði einnig hér. Verður að telja slíkt nauðsynlegt til þess að tryggja samræmda yfirstjórn iðnfræðslunnar.

Um 4. gr.

Samkvæmt lögum nr. 46/1949 og lögum nr. 45/1955 er framkvæmd iðnfræðslunnar ýmist í höndum iðnfræðsluráðs eða fræðslumálastjóra. Munu fá eða engin dæmi slíkrar tvískiptingar með öðrum þjóðum, sem halda uppi hliðstæðu fræðslukerfi. Reynslan af þessari tvískiptingu hér á landi hefur leitt í ljós ótvíræða ókosti slíkrar skiptingar framkvæmdavaldsins, þar sem hvorugur aðilinn hefur haft nauðsynlega yfirsýn um þarfir fræðslustigsins.

Hin öra tækniþróun hefur mikilvæg áhrif á þróun iðnfræðslunnar og því þýðingarmikið fyrir allan viðgang iðnfræðslunnar, að ekki leiki vafi á, hverjum beri að hafa frumkvæði um að laða fræðslustigið að tækniþróuninni á hverjum tíma.

Hér er því lagt til, að framkvæmdin verði sameinuð á einum stað og verkefnið falið iðnfræðsluskrifstofu Íslands. Iðnfræðslustjóri veiti skrifstofunni forstöðu og hafi hann með höndum hliðstæð verkefni gagnvart iðnfræðsluskólum og fræðslumálastjóri hefur, að því er almenna skóla varðar.

Í 3. mgr. er heimildarákvæði um, að ráðherra geti falið iðnfræðsluskrifstofunni að fara jafnframt með málefni annarra skóla, sem hliðstæðir eru iðnfræðsluskólum.

Slík tilhögun tíðkast m. a. í Danmörku og Noregi.

Um 5. gr.

Greinin er að meginefni til samhljóða 3. gr. laga nr. 46/1949, nema hvað hér er gert ráð fyrir, að iðnfræðsluráð sé skipað 7 mönnum í stað 5, og að auk þeirra aðilja, sem lög nr. 46/1949 gera ráð fyrir að nefni fulltrúa í iðnfræðsluráð, bætast við Félag íslenzkra iðnrekenda og Samband iðnskóla á Íslandi.

Verður að telja slíkt eðlilegt, miðað við þá nýskipan, sem frv. gerir ráð fyrir.

Um 6.—8. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 4.—6. gr. laga nr. 46/1949. Þó er sú breyting, að gert er ráð fyrir, að iðnfræðslustjóri skipi iðnfulltrúa og prófnefndir. Þykir slík tilhögun eðlileg, þar sem iðnfræðslustjóra er samkvæmt 4. gr. frv. ætlað að hafa með höndum yfirstjórn kennslueftirlitsins.

Um 9. gr.

Greinin er samhljóða 7. gr. laga nr. 46/1949 og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Hliðstæð ákvæði eru í 8. gr. laga nr. 46/1049. Þó er hér lagt til, að leiðbeiningar iðnfræðsluskrifstofunnar um starfsval verði takmarkaðar við starfsgreinar, sem undir lögin falla. Þá er 3. mgr. gildandi lagagreinar felld niður, þar sem reynslan þykir hafa sýnt, að slík hæfnispróf hafi lítið gildi, og talið er fráleitt að bægja unglingum frá námi á grundvelli slíks prófs.

Um 11. gr.

Lagt er til, að skipaðar verði fræðslunefndir, ein í hverri iðngrein, og verði þær ráðgefandi um allt, er lýtur að námi og námstilhögun, geri tillögur til iðnfræðsluráðs um námsgreinar, sem fylgt verði við verklega námið, svo og um námsskrár skólanna. Nefndir sem þessar hafa um langt skeið verið starfandi í Svíþjóð, Noregi og víðar, og þykja þær hafa gefið góða raun. Með starfi þeirra fáist bein tengsl milli fræðsluyfirvalda og atvinnulífs, en á slíkum tengslum er hin mesta nauðsyn, ekki síst að því er þetta fræðslustig snertir.

Um 12. gr.

Í gildandi lögum um iðnskóla nr. 45/1955 er gert ráð fyrir, að bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir geti haft forgöngu um stofnun iðnskóla svo og iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra með samþykki fyrrgreindra aðilja. Eru þannig litlar eða engar takmarkanir á því, hve margir iðnskólar geti starfað í landinu. Að vísu er í sömu lögum ráðherra heimilað að ákveða, að iðnskólar með færri en 60 nemendur skuli starfa sem sérstök deild innan gagnfræðaskóla, en þeirri heimild mun lítt eða ekki hafa verið beitt.

Nú munu vera starfandi um 20 iðnskólar í landinu. Aðeins 7 þeirra hafa 60 nemendur eða fleiri, þar af 3 yfir 100 nemendur.

Þegar þess er gætt, að af tillögum þeim, sem fram eru settar í frv. þessu, mun leiða veruleg fjárútlát við að búa iðnfræðsluskólana nauðsynlegum tækjum og búnaði, auk þess sem í flestum tilfellum þarf einnig að koma upp viðunandi skólahúsnæði, er augljóst, að ekki er hagkvæmt að hafa iðnskólana jafnmarga og raun er á.

Hér við bætist svo, að víða er vandkvæðum bundið að fá hæfa kennslukrafta, sér í lagi í þeim sérgreinum, sem nauðsyn ber til að kenna í iðnfræðsluskólum.

Að vandlega yfirveguðu ráði er hér lagt til, að iðnfræðsluskólar verði 8 að tölu, þ. e. einn í hverju núverandi kjördæma landsins, og að skólasetur verði að jafnaði, þar sem nemendafjöldi er mestur, innan hvers kjördæmis. Með því að ljóst er, að slíkum breytingum verður eigi hrundið í framkvæmd á fáum árum, er gert ráð fyrir, að ráðherra ákveði, hverjir núverandi skólar starfi áfram fyrst um sinn eða til frambúðar. Einnig að heimilt sé að ákveða fjölda iðnskóla meiri, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi eða reynsla leiðir í ljós, að slíkt sé hagkvæmt.

Um 13. gr.

Lagt er til, að aukið verði nýjum þætti við iðnfræðslukerfið með stofnun og starfrækslu verknámsskóla iðnaðarins, og verði heimilt að starfrækja verknámsskóla við hvern hinna 8 kjördæmaskóla, eftir því sem hagkvæmt þykir, að fenginni reynslu og fé.

Verknámsskólum iðnaðarins er ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að vera forskóli fyrir þá unglinga, sem hyggja á nám í löggiltum iðngreinum, og hins vegar að vera vettvangur starfsþjálfunar fyrir unglinga, sem hyggja á störf í öðrum greinum iðnaðar, þar sem ekki er þörf fullkominnar iðnmenntunar.

Slíkt skólaform hefur þróazt um áratugi í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi og þykir hafa ótvíræða kosti fram yfir önnur kerfi. Ætla verður, að raunin verði hin sama hér á landi. Benda má á, að auk þess sem verknámsskólinn gerir kleift að taka upp kerfisbundið verknám í upphafi námstíma, opnar hann leiðir til þess að veita starfsþjálfun þeim, sem hyggja á vélstjórnarnám og tækninám, auk þess sem áður er nefnt, að því er verksmiðjuiðnaðinn snertir.

Gert er ráð fyrir, að nám í verknámsskólunum leiði til styttingar námstíma á vinnustað samkvæmt iðnnámssamningi.

Loks er í greininni lagt til, að heimilt sé, eftir ákvörðun ráðherra, að starfrækja framhaldsdeildir við verknámsskólana, og enn fremur megi ákveða, að nám fari að öllu leyti þar fram, þegar um er að tefla grein, sem erfitt er að koma við námi í á vinnustað.

Um 14. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 1. mgr. 16. gr. laga nr. 45/1955 og þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Efnislega samhljóða 1. mgr. 6. gr. laga nr. 45/1955. Þá er enn fremur gert ráð fyrir, að heimilt sé að starfrækja kvöldnámskeið, verkleg og bókleg, þegar henta þykir. Verður að telja eðlilegt sjónarmið að hagnýta sem bezt þá miklu fjármuni, sem bundnir verði í húsum, vélum og búnaði iðnfræðsluskólanna, með starfrækslu kvöldnámskeiða utan starfstíma dagskólans, ekki sízt þar sem gera má ráð fyrir, að næg verkefni verði fyrir hendi á þessu sviði.

Má í þessu sambandi nefna, að vafalaust er hagkvæmt fyrir ýmsar greinar iðnaðar að geta átt þess kost að senda starfsfólk sitt til þjálfunar utan vinnutíma.

Enn fremur ættu að vera fyrir hendi nú þegar verkefni við endurþjálfun þeirra, sem flytjast milli starfsgreina, svo dæmi sé tekið.

Um 16. gr.

Í 6. gr. laga nr. 45/1955 er gert ráð fyrir, að iðnskólum stjórni ýmist 3ja eða 5 manna skólanefnd, eftir nemendafjölda hvers skóla. Hér er lagt til, að iðnfræðsluskólum stjórni 5 mann skólanefndir, og er þá miðað við, að nemendafjöldi aukist í skólunum vegna færri skóla. Gert er ráð fyrir, að aðeins sé um eina nefnd að ræða við hvern iðnfræðsluskóla, þótt skólastigin séu allt að þremur, þ. e. verknámsskóli, iðnskóli og meistaraskóli. Þykir hagkvæmara, að um eina framkvæmdastjórn sé að ræða.

Þar sem einn aðili stendur að rekstri iðnfræðsluskóla, er gert ráð fyrir, að viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd tilnefni 4 skólanefndarmenn, en ráðherra skipi hinn fimmta, og verði hann jafnframt formaður nefndarinnar.

Þegar fleiri sveitarfélög eiga aðild að iðnfræðsluskóla, tilnefna sveitarfélögin sameiginlega fulltrúa í skólanefnd eftir nánari reglum, sem ráðherra setur.

Loks er gert ráð fyrir, að minnst helmingur þeirra fulltrúa, sem bæjar- og sveitarstjórnir tilnefna í skólanefnd, séu iðnlærðir. Er að finna hliðstæð ákvæði í 6. gr. laga nr. 45/1955.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 18. gr.

Að meginefni samhljóða 14. gr. laga nr. 45/1955, nema að iðnfræðslustjóri kemur í stað fræðslumálastjóra.

Lagt er til, að ráðherra setji reglur um menntun kennara í verknámsgreinum.

Um 19. gr.

Samhljóða 15. gr. laga nr. 45/1955.

Um 20. gr.

Samhljóða 4. gr. laga nr. 45/1955.

Um 21. gr.

Efnislega samhljóða 9. gr. laga nr. 46/1949.

Um 22. gr.

Lagt er til, að undanþáguákvæði 2. gr. laga nr. 45/1955 verði takmarkað við þá, sem hefja iðnnám eftir 18 ára aldur, svo og, að undanþágur verði aðeins veittar í þeim iðngreinum, þar sem fræðslunefnd hefur samþykkt, að gerðar verði minni kröfur til inntöku en miðskólapróf. Til greina kom að setja strangari kröfur fyrir inntöku, t. d. lands- eða gagnfræðapróf. Frá þessu var þó horfið, vegna þess að í ljós kom, að mikill hluti þeirra nemenda, sem hefja nú nám í iðnskólum, hafa minni undirbúningsmenntun en miðskólapróf, svo og vegna þess að mikill meiri hluti löggiltra iðngreina virðist telja miðskólaprófið fullnægjandi undirbúning. Þörfum þeirra iðngreina, sem telja frekari undirbúningsmenntun iðnnema æskilega, má fullnægja með því annars vegar að staðla miðskólaprófið og hins vegar að áskilja lágmarkseinkunn í tilteknum greinum.

Verður ekki annað séð en unnt sé að fullægja þessum sjónarmiðum með reglugerðarákvæðum, þar sem hér verður frekar um undantekningar að ræða en reglur.

Um 23., 24. og 25. gr.

Að mestu samhljóða 11., 12. og 13. gr. laga nr. 46/1949 og þarfnast ekki frekari skýringa.

Um 26. gr.

Efnislega samhljóða 15. gr. laga nr. 46/1949.

Þó er lagt til, að iðnfræðsluráði sé heimilt að ákveða hámarksvinnutíma nemenda í þeim iðngreinum, þar sem ekki er fyrir hendi samningur um vinnutíma sveina.

Rétt er að vekja athygli á því hér, að fellt er niður í frv. ákvæði 14. gr. laga nr. 46/1949, um heimild iðnfræðsluráðs til þess að ákveða lágmarkskaup iðnnema. Þykir óeðlilegt, að fræðsluyfirvöld séu þannig gerð að gerðardómi um kaupgjaldsmál. Verður að telja rétt eðli málsins samkvæmt, að þeir aðiljar, sem ákveða laun á almennum vinnumarkaði, ákveði einnig laun iðnnema.

Um 27. gr.

Lagt er til, að sumarleyfi iðnnema verði hið sama og algengast er hjá sveinum svo og að sama regla gildi um orlofsfé af yfirvinnukaupi sem hjá sveinum.

Um 28.—35. gr.

Greinarnar eru að mestu samhljóða 17.—24. gr. laga nr. 46/1949 og þarfnast ekki skýringa.

Um 36. gr.

Meginmál greinarinnar er samhljóða 25. gr. laga nr. 46/1949. Þó er lagt til, að reynslutími skv. 1. lið verði 6 mánuðir, en undantekning gerð, þegar iðnnemi hefur lokið námi í verknámsskóla iðnaðarins, og verði reynslutími þá hjá meistara eða iðnfyrirtæki 3 mánuðir.

Í gildandi lögum er reynslutími 3 mánuðir, en reynslan þykir hafa leitt í ljós, að sá tími sé of skammur, þegar eingöngu er um nám á vinnustað að tefla.

Um 37.—39. gr.

Greinarnar eru efnislega samhljóða 26.—28. gr. laga nr. 46/1949.

Um 40. gr.

Lagt er til, að starfræktur verði meistaraskóli, fyrst í stað við iðnskólann í Reykjavík, en síðar við aðra iðnskóla, þ. e. kjördæmaskólana, eftir ákvörðun ráðherra. Gert er ráð fyrir, að það verði inntökuskilyrði í meistaraskóla, að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi, og réttur áskilinn til þess að krefjast lágmarkseinkunnar.

Um 41. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 42. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa að öðru leyti en því, að gert er ráð fyrir, að verklegt nám fari fram í vinnustofum verknámsskólans.

Um 43. gr.

Lagt er til, að ákveða megi í reglugerð, að burtfararpróf úr skólanum sé skilyrði fyrir veitingu meistarabréfs, sbr. ákvæði laga nr. 18/1927, um iðju og iðnað, sbr. lög nr. 105/1936.

Um 44. gr.

Lagt er til, að ríkissjóður greiði helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en sveitar- og sýslufélög hinn helming stofnkostnaðar. Er þetta í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1955.

Enn fremur er lagt til, að ríkissjóður greiði ¾ hluta kostnaðar við heimavistir, er gera má ráð fyrir að koma verði upp í sambandi við kjördæmaskólana. Er þetta, svo og önnur atriði greinarinnar, í samræmi við þær reglur, sem gilda um skóla gagnfræðastigsins.

Um 45.—46. gr.

Greinarnar eru að mestu samhljóða 9.—10. gr. laga nr. 45/1955 og þarfnast ekki skýringa.

Um 47., 48. og 49. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Að öðru leyti vísast til skýrslu um störf iðnfræðslunefndar, dags. 18. sept. 1964.

Fylgiskjal I.

IÐNFRÆÐSLURÁÐ

Reykjavík, 3. febr. 1965.

Eftir móttöku bréfs ráðuneytisins, dags. 22. janúar s. l., þar sem óskað er umsagnar iðnfræðsluráðs um skýrslu um störf iðnfræðslunefndar, skal ráðuneytinu hér með tjáð, að á fundi iðnfræðsluráðs í dag var gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Iðnfræðsluráð fellst fyrir sitt leyti, að meginstefnu til, á tillögur þær um breytingar á núverandi tilhögun iðnfræðslu, sem fram eru settar í skýrslu iðnfræðslunefndar, dags. 18. sept. 1964.

Sérstaka áherzlu leggur iðnfræðsluráð á mikilvægi þess hluta tillagnanna, sem fjallar um stofnun verknámsskóla iðnnámsins (forskóla) og samræmda yfirstjórn allrar iðnfræðslu.

Væntir iðnfræðsluráð þess að lagabreytingar, í samræmi við tillögur nefndarinnar, nái fram að ganga á yfirstandandi Alþingi."

Þetta tilkynnist ráðuneytinu hér með.

F. h. i.
e. u.
Óskar Hallgrímsson.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. febrúar 1965.

Skólanefnd hefur á fundum sínum hinn 2. og 3. þ. m. tekið fyrir bréf menntamálaráðherra, dags. 22. janúar s. l., þar sem óskað er umsagnar um skýrslu um störf iðnfræðslunefndar frá í sept. 1964.

Nefndin er samþykk þeim meginstefnum, sem fram koma í skýrslu nefndarinnar og telur tillögur um aukið verknám í iðnskólum mjög til bóta.

Nefndin tekur fram, að vegna hins stutta tíma, sem nefndarmönnum hefur gefizt til athugunar og lesturs á skýrslunni, getur nefndin ekki tekið afstöðu til hennar í einstökum atriðum. — Jafnframt væntir nefndin þess, að fá frumvarp það, sem lagt kann að verða fram á Alþingi á grundvelli skýrslunnar, til umsagnar.

Baldur Eyþórsson
form. skólanefndar.

Til menntamálaráðherra,
Arnarhváli, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

8. febrúar 1965.

Landssambandi iðnaðarmanna hefur borizt til umsagnar frá hinu háa menntamálaráðuneyti skýrsla um störf iðnfræðslunefndar, sem ráðuneytið skipaði h. 31. október 1961 til að endurskoða gildandi lög um iðnskóla og iðnfræðslu.

Álit nefndarinnar var kynnt fyrir fulltrúum á 26. Iðnþingi Íslendinga, sem haldið var á Akureyri í septembermánuði 1964, og enn fremur hafði einn nefndarmanna, Óskar Hallgrímsson, formaður Iðnfræðsluráðs, gert fulltrúum á 25. Iðnþinginu grein fyrir störfum og hugmyndum nefndarinnar, haustið 1963.

Á báðum þessum iðnþingum voru tillögur nefndarinnar ræddar og gerðar ályktanir, þar sem þingfulltrúar lýstu stuðningi sínum við þær.

Vér leyfum oss við þetta tækifæri að vísa til þessara ályktana.

Á 25. Iðnþinginu var gerð svofelld ályktun: „25. Iðnþing Íslendinga fagnar því, að störf iðnfræðslunefndar 1961 hafa verið skýrð fyrir þingheimi, og lýsir yfir stuðningi sínum við þær meginstefnur, sem nefndin hefur markað sér samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið frá nefndinni í erindi Óskars Hallgrímssonar."

Enn fremur gerði iðnþingið ýmsar fleiri ályktanir varðandi iðnfræðslumálin, m. a. að settar yrðu reglur um verklegt nám iðnnema, svo og fyllri ákvæði um löggildingu þeirra meistara, sem heimild hafa til að taka nemendur til iðnnáms. Þá taldi þingið, að auka þyrfti starfræna kennslu í iðnskólum og benti á þá góðu reynslu, sem þegar hefði fengizt af slíkri kennslu hér á landi. Þingið lagði einnig áherzlu á, að öllum iðnnemum á landinu yrði gert mögulegt að læra grundvallaratriði hins verklega náms iðngreinar sinnar á kerfisbundinn hátt í skóla.

Á 26. Iðnþinginu var gerð svo hljóðandi ályktun:

„26. Iðnþing Íslendinga lýsir stuðningi sínum við meginstefnur tillagna Iðnfræðslunefndar 1961, sem nú hafa verið lagðar fyrir ráðherra, bæði að því er varðar aukið verknám í iðnskólum eða verkstæðisskólum (forskólum) og yfirstjórn tæknifræðslunnar. Þingið telur aðkallandi, að tillögurnar verði teknar til meðferðar af réttum stjórnarvöldum hið fyrsta, svo að framkvæmdir samkvæmt þeim dragist ekki á langinn.

Iðnþingið telur, að eftirlit með verklegu iðnnámi hjá iðnfyrirtækjum og iðnmeisturum sé ábótavant a. m. k. í nokkrum iðngreinum. Leggur þingið því mikla áherzlu á, að um leið og endurskipulagning iðnfræðslunnar í heild, — með verkstæðisskólum og bættu iðnskólanámi, komist í framkvæmd, verði tryggt að iðnfræðslan í atvinnulífinu verði vel skipulögð og eftirlit með henni raunhæft."

Í samræmi við þessar ályktanir iðnþinganna lýsir stjórn Landssambands iðnaðarmanna yfir fullum stuðningi við tillögur iðnfræðslunefndarinnar og leyfir sér um leið að beina þeim tilmælum til hins háa ráðuneytis og menntamálaráðherra, að gengið verði frá nýju lagafrumvarpi um iðnfræðslu hið fyrsta og það lagt fyrir það Alþingi, sem nú situr.

Allra virðingarfyllst,

Landssamband iðnaðarmanna

Otto Schopka.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal IV.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 8. febrúar 1965.

Alþýðusambandi Íslands hefir borizt til umsagnar frá menntamálaráðuneytinu skýrsla um störf iðnfræðslunefndar og tillögur hennar til breytinga á iðnfræðslunni í landinu.

Alþýðusambandið er fyrir sitt leyti samþykkt þeim meginsjónarmiðum, sem koma fram í skýrslunni, sérstaklega að því er varðar verkstæðisskóla.

Er sambandið þess hvetjandi, að málið verði afgreitt af Alþingi því, er nú situr, og lætur í ljós þá ósk að fá til umsagnar frumvarp, sem lagt yrði fram á grundvelli skýrslunnar.

Virðingarfyllst,

Hannibal Valdimarsson.

Menntamálaráðuneytið, Stjórnarráðshúsinu,
Reykjavík.

Fylgiskjal V.

FÉLAG ÍSLENZKRA IÐNREKENDA

Reykjavík, 8. febrúar 1965.

Hr. menntamálaráðherra Gylfi Þ. Gíslason,
Menntamálaráðuneytið,
Arnarhvoli.

Vér vísum til bréfs yðar dags. 22. janúar, þar sem óskað er umsagnar varðandi skýrslu um störf iðnfræðslunefndar.

Vér erum ekki í þeirri aðstöðu, að geta gert athugasemdir við hugsanlega uppbyggingu iðnfræðslunnar, að því leyti, er viðkemur fagnámi. Hins vegar viljum vér vekja athygli á því, að eitt af vandamálum íslenzks verksmiðjuiðnaðar er að ráða bót á þörfinni fyrir tæknimenntað fólk á hinum ýmsu sviðum framleiðslunnar og skortur á starfsfólki með sérstakri þjálfun til hinna ólíku starfa í verksmiðjum.

Þar sem nefnd skýrsla tekur þessi mál ekki til sérstakrar meðferðar, teljum vér ekki ástæðu til umsagnar af vorri hálfu.

Virðingarfyllst,
Félag íslenzkra iðnrekenda
Þorvarður Alfonsson.

Fylgiskjal VI.

IÐNFRÆÐSLUNEFNDIN 1961

Reykjavík, 9. febrúar 1965.

Menntamálaráðherra hefur óskað umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, sem hr. Jónatan Hallvarðsson, hæstaréttardómari, hafði samið að tilhlutan ráðuneytisins.

Nefndin hefur rætt frv. á 6 fundum og gert á því nokkrar breytingar. Á fundi nefndarinnar í dag var málið afgreitt með svofelldri bókun:

„Nefndin er sammála um að leggja til við ráðuneytið, að frumvarpið verði flutt með þeim breytingum, sem á því hafa verið gerðar af nefndinni, og leggur ríka áherzlu á að frumvarpið verði flutt á yfirstandandi Alþingi".

Frumvarpið, eins og nefndin gekk frá því, fylgir hér með í handriti, þar sem ekki hefur unnizt tími til að fá það vélritað eftir síðustu breytingar nefndarinnar.

Virðingarfyllst,
f. h. Iðnfræðslunefndarinnar,
Sigurður Ingimundarson
form.

Til menntamálaráðherra dr. Gylfa Þ. Gíslasonar,
Reykjavík.

Í framhaldi af skýrslu iðnfræðslunefndarinnar, dags. 18. sept. 1964, hefur ráðuneytið óskað þess að nefndin geri kostnaðaráætlun um framkvæmdir til tveggja ára og miði þá við, að hafizt verði handa um að koma upp verknámsskóla, samkvæmt tillögum nefndarinnar, við Iðnskólann í Reykjavík.

Á s. l. ári hófust framkvæmdir við 2. áfanga iðnskólabyggingarinnar við Skólavörðuholt. Fyrirhuguð aukning er kjallari og ein hæð, auk húsrýmis sem

fæst við að fullbyggja tengiálmu milli 1. og 2. áfanga. Þessa aukningu var ráðgert að nota sem vinnustofu vegna verklegra námskeiða við iðnskólann og voru áætlanir hér að lútandi gerðar áður en tillögur komu fram um stofnun verknámsskóla iðnaðarins.

Þessum framkvæmdum er nú þar komið, að kjallari hefur verið steyptur og hafinn mótauppsláttur vegna 1. hæðar.

Samkvæmt áætlun, er gert ráð fyrir að unnt verði að steypa 1. hæð með þeim fjárveitingum, sem fyrir hendi eru í fjárlögum og fjárhagsáætlun yfirstandandi árs.

Eins og áður getur var áformað að nota þessa byggingu fyrir verkleg námskeið skólans. Athuganir nefndarinnar hafa leitt í ljós, að við það að verknámsskólinn tekur við öllu undirbúningsnámi í verklegum greinum, í fjölmennustu iðngreinunum, má gera ráð fyrir því að hann fái til sinna nota alla 1. hæð viðbyggingarinnar, eða sem næst 1000 m² gólfflöt. Nefndin gerir ráð fyrir að í upphafi a. m. k. verði tvísett í skólaverkstæði. Miðað við, að fyrst verði hafizt handa um að koma upp verknámsskóla í málmiðnaði, sbr. fyrri tillögur nefndarinnar, ætti að vera unnt að koma fyrir á umræddu gólfrými 3 skólaverkstæðum, auk deildar fyrir eldsmíði og raf- og logsuðu. Miðað við fyrri áætlanir er þetta ⅓ minna gólfrými en ráðgert var, sem stafar af ráðgerðri tvísetningu. Þessar deildir verknámsskólans eiga að geta veitt viðtöku ca. 100 nemendum, en það er tala nýrra nemenda, í málmiðnaðargreinum, sem innrituðust í Iðnskólann í Reykjavík árið 1964.

Þessu til viðbótar vantar húsnæði fyrir ca. 100 nemendur í tréiðnaðargreinum, ef unnt á að vera að framkvæma 1. áfanga í tillögum nefndarinnar. Það húsnæði fæst með ódýrustum hætti með því að byggja eina hæð ofan á fyrrgreinda byggingu og fengist við það 1000 m² til viðbótar, eða rými fyrir 4 skólaverkstæði fyrir tréiðnað. Iðnskólinn hefði þá til afnota fyrir námskeiðahald í öðrum iðngreinum allan kjallara byggingarinnar og tengibyggingu milli 1. og 2. áfanga.

Í þeim kostnaðaráætlunum, sem hér fara á eftir, er gert ráð fyrir að fyrrnefnd leið verði farin.

Áætlun um stofnkostnað verknámsskóla í málm- og tréiðnaðargreinum við Iðnskólann í Reykjavík.

I. Byggingar:

1. Kostnaður við að steypa upp viðbótarhæð (2. hæð) ca. 5300 m³ á kr. 1000.00	kr.	5 300 000.00
2. Kostnaður við að fullgera 1. og 2. hæð, ca. 7000 m³ á kr. 2000.00	—	14 000 000.00
Samtals	kr.	19 300 000.00

Þessum kostnaði yrði dreift á 2 ár og þyrfti þá fjárveiting árin 1966 og 1967 að vera sem næst kr. 9 617 000.00 hvort ár. Um áætlaðan byggingarkostnað er rétt að taka fram, að stuðzt er við útboð, sem átti sér stað á s. l. ári vegna verknámsdeildar Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík, en í tilboði því, sem tekið var, kostar hver m³ sem næst kr. 3000.00. Enda þótt þar sé um nokkru dýrari byggingu að ræða en upphaflega var gert ráð fyrir, þykir ekki óvarlegt að gera ráð fyrir þessum kostnaði hér, m. a. vegna hækkaðs byggingarkostnaðar síðan.

II. Vélar, verkfæri og tæki:

1. Kostnaður við búnað þriggja skólaverkstæða fyrir málmiðnað: skólaverkstæði fyrir eldsmíði og suður	kr.	4 500 000.00
	—	500 000.00
Samtals	kr.	5 000 000.00

2. Kostnaður við búnað fjögurra skólaverkstæða fyrir tréiðnað kr. 3 000 000.00

Samtals kr. 3 000 000.00

Samandreginn kostnaður kr. 8 000 000.00.

Um búnað verkstæðanna er stuðzt við norskar reglur um búnað slíkra verkstæða. Að því er málmiðnaðarverkstæðin snertir er stuðzt við verð búnaðar í Noregi og bætt við þær upphæðir 40% vegna tolla o. fl. En búnaður tréiðnaðarverkstæðanna miðast við verðlag í verzlunum í Reykjavík, þar sem aðrar upplýsingar voru eigi fyrir hendi. Í báðum tilfellum má því gera ráð fyrir að fjárhæðir séu fremur of- en vanreiknaðar. Auk þess skal þess getið, að norskir sérfræðingar hafa bent á, að hefja megi kennslu í verknámsskólum með því að festa kaup á 75% þess búnaðar sem hér er gert ráð fyrir, þótt að sjálfsögðu þurfi að festa kaup á öllu innan skamms tíma.

Þessu til viðbótar skal að auki tekið fram, að vélar þær, sem hér að framan eru innifaldar, munu koma að fullum notum við ýmiss konar verkleg námskeið iðnskólans og verða því fyrir allmiklu fleiri nemendur en þá, sem beinlínis verða í verknámsskólanum. Iðnskólinn þarf með öðrum orðum að festa kaup á miklu af þessum vélum, hvort sem verknámsskólinn kemur til eða eigi.

Verði fallizt á þessar áætlanir myndi hagkvæmast að haga framkvæmdum þannig, að málmiðnaðardeildir gætu hafizt í upphafi skólaársins 1966—1967, en tréiðnaðardeildir síðan í upphafi skólaársins 1967—1968.

Til þess að þetta verði unnt, þurfa heildarfjárveitingar hvort ár 1966 og 1967 að vera sem hér segir:

Árið 1966:

Vegna bygginga	kr.	9 617 000.00
Vegna búnaðar	—	5 000 000.00
Samtals	kr.	14 617 000.00

Árið 1967:

Vegna bygginga	kr.	9 617 000.00
Vegna búnaðar	—	3 000 000.00
Samtals	kr.	12 617 000.00

Fjárþörf vegna þessa áfanga samtals kr. 27 234 000.00.

Reykjavík, 11. febrúar 1965.

f. h. Iðnfræðslunefndar,

Sigurður Ingimundarson,
form.

Fylgiskjal VII.

SAMBAND IÐNSKÓLA Á ÍSLANDI

Reykjavík, 11. marz 1965.

Að beiðni menntamálaráðuneytisins sem fram kom í bréfi frá ráðuneytinu dags. 5. þ. m. hefur stjórn sambands iðnskóla á Íslandi athugað frumvarp til laga um iðnfræðslu.

Sambandsstjórnin hefur kynnt sér frumvarpið rækilega og leyfir sér að leggja til eftirtaldar tillögur til breytinga samkvæmt meðfylgjandi greinargerð.

f. h. stjórnar samb. iðnsk. á Íslandi

Þór Sandholt.

Sig. Guðmundsson, ritari.

Til menntamálaráðuneytisins, Reykjavík.

Um 1. gr.

1. málsgr. — Í stað, og að öðru leyti fer — komi, og aðra iðnfræðslu fer —.

2. málsgr. — Sökum síbreytilegra þarfa á sviði allra tæknimálefna er mikilvægt, að reglugerðir um námskeið o. fl. séu samdar með það í huga, að auðvelt sé að fullnægja þörfinni á hverjum tíma. Rammi reglugerðar þarf í þessu efni að vera allrúmur.

Um 2. gr.

Iðnfræðsluskólar, sem lög þessi taka til, eru:

Verknámsskólar iðnskólanna.
Iðnskólar.
Sérskólar einstakra iðngreina.
Sérfræðsla á námskeiðum.
Meistaraskólar.

Sambandsstjórnin leggur áherzlu á, að verknámsskólum iðnskólanna, sem lög þessi eiga við, sé ekki á nokkurn hátt ruglað við verknámsdeildir gagnfræðastigsins. Þá er og eðlilegt að innan þessara skólastofnana verði ýmiss konar skólastarfsemi í formi námskeiða, t. d. námskeið fyrir byggingamenn, pípulagningamenn, verkstjóra o. fl.

Um 3. gr.

Lög þessi ná ekki til allra þeirra sérskóla sem nú eru starfandi. Sjáanlega eru því skólar eins og t. d. Sjómannaskólinn, Vélskólinn o. fl. ekki undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Í samræmi við þetta mætti ef til vill hugsa sér að skólar þeir, sem fjallað er um í lögum þessum, lytu yfirstjórn iðnaðarmálaráðherra. Sambandsstjórnin telur að ekki skipti öllu máli hvert ráðuneytið fari með yfirstjórn skólanna, en telur mjög mikilvægt að eitt ráðuneyti fari með alla iðnfræðslu óskipta.

Um 4. gr.

Innan samtaka iðnskólanna, S. I. Í., hefur um árabil verið um það rætt, að iðnskólar og allt verklegt nám iðnfræðslunnar þyrfti að lúta einni og sömu yfirstjórn. Um þetta hafa komið fram bein tilmæli frá aðalfundum sambandsins og skólastjórafundum, sem sambandsstjórnin hefur staðið að.

Í ályktunum skólamanna iðnskólanna hefur jafnan verið gert ráð fyrir því, að við embætti fræðslumálastjóra yrði sérstök deild er færi með iðnfræðslumálin undir stjórn fræðslumálastjóra og með yfirstjórn ráðuneytis, á sama hátt og þar er nú fjallað um málefni sérskóla, t. d. hússtjórnarskóla.

En jafnframt leggur iðnskólasambandið á það áherzlu, að iðnskólarnir eru sérskólar á borð við hússtjórnarskóla, sjómannaskólana, vélskóla, bændaskóla o. fl.

Um 13. gr.

Þar má ætla að fallið hafi niður fyrri hluti síðasta málsliðar greinarinnar, sem gæti verið svona: Settar verði nánari reglur um búnað þeirra og námstilhögun.

Um 15. gr.

Þar sem nú stendur „Enn fremur er iðnfræðsluskólum rett að starfrækja“ o. s. frv. komi — enn fremur skulu iðnfræðsluskólar starfrækja kvöldnámskeið í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir. Síðasti málsliður falli niður.

Um 16. gr.

Gera má ráð fyrir, að iðnskólar verði víðar en í Reykjavík þannig, að að þeim standi aðeins eitt sveitarfélag.

Því er bent á, að ákvæði um tilnefningu í skólanefndir fyrir skóla utan Reykjavíkur, sem þannig er ástatt um, skuli gilda sömu reglur og um tilnefningu nefndarmanna í Reykjavík.

Um 18. gr.

1. málsgr. — Ráðning fastra starfskrafta við skólastörfin hefur jafnan verið að nokkru í höndum skólanefnda og skólastjóra. Sambandsstjórnin leggur til að svo verði enn í lögum þessum um ráðningu fastra kennara, þannig að í 1. málsgr. 18. gr. á eftir orðunum „að fengnum tillögum“ komi **skólanefnda og skólastjóra.**

2. málsgr. — Þá leggur sambandsstjórnin til að 2. málsgrein verði að meginefni á þessa leið: „Um menntun skólastjóra og kennara gilda sömu reglur sem um aðra sérskóla“ (svo sem vélskóla, sjómannaskóla, tækniskóla, hússtjórnarskóla, bændaskóla). Annað í 2. málsgr. falli niður, en 3. málsgr. sé óbreytt.

Um 19. gr.

Sambandsstjórnin leggur til að skólastjórar njóti sömu aðstöðu og kennarar hvað snertir orlof eftir tíu ára starf og telur, að á eftir orðinu kennari ætti að vera **eða skólastjóri** (1. lína 1. málsgr.).

Um 22. gr.

2. málsgr. — Stjórn S. I. Í. bendir á að miðskólapróf er í rauninni ekki samræmt menntunarstig, nema að því er varðar landsprófið. Flestir iðnskólamenn telja að inntökuskilyrði ætti að verða landspróf eða gagnfræðapróf.

3. málsgr. — Þar verði sú breyting á, að fyrsta orðið falli burt, en í stað þess komi: skólanefnd og skólastjóra er heimilt o. s. frv.

4. málsgr. — Í stað miðskólaprófs komi landsprófs eða gagnfræðaprófs.

Um 25. gr.

1. málsgr. — Orðin **sé fullnuma** falli niður, en í staðinn — geti fullnægt gildandi prófkröfum í iðn sinni.

Um 45. gr.

3. málsgr. — Um skólagjöld. Að ráðherra ákveði skólagjöld og þátttöku nemenda í efniskostnaði að fengnum tillögum iðnfræðslustjóra og **skólanefnda** í stað iðnfræðsluráðs.

Um 47. gr.

Síðari málsgr. — Prófgjöld fyrir sveinspróf skulu ákveðin í reglugerð.

Um 48. gr.

Ráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum fræðslustjóra, iðnfræðsluráðs, Landssambands iðnaðarmanna og Sambands iðnskóla á Íslandi.

Fylgiskjal VIII.

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 12. marz 1965.

Alþýðusambandi Íslands hefur borizt til umsagnar, frá ráðuneytinu, frumvarp til laga um iðnfræðslu.

Frumvarpið var til umræðu á fundi miðstjórnar Alþýðusambandsins í gærdag og samþykkti hún, að mæla með þeirri meginstefnu í iðnfræðslumálum, sem fram kemur í frumvarpinu, og telur það spor í rétta átt að tekin verði upp kennsla í verknámsskólum, eins og þar er lagt til.

Virðingarfyllst,
Alþýðusamband Íslands.
Snorri Jónsson.

Til menntamálaráðuneytisins,
Reykjavík.

Fylgiskjal IX.

IÐNFRÆÐSLURÁÐ

Reykjavík, 12. marz 1965.

Eftir móttöku bréfs ráðuneytisins, dags. 9. þ. m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um iðnfræðslu, skal ráðuneytinu hér með tjáð, að iðnfræðsluráð hefur kynnt sér efni frumvarpsins og mælir með því að það verði lögfest á yfirstandandi Alþingi.

F. h. i.
e. u.
Óskar Hallgrímsson.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Fylgiskjal X.

LANDSSAMBAND IÐNAÐARMANNA

Reykjavík, 16. marz 1965.

Frumvarp til laga um iðnfræðslu.

Landssambandi iðnaðarmanna hefur borizt til umsagnar frá hinu háa menntamálaráðuneyti frumvarp til laga um iðnfræðslu.

Stjórn Landssambandsins telur sig hafa haft of skamman tíma til að fara yfir frumvarpið og hefði óskað eftir að geta haft samráð við fleiri aðila, er mál þetta varðar.

Á þeim skamma tíma, sem stjórn Landssambandsins hefur haft til umráða, hefur hún farið yfir frumvarpið og gerir nokkrar breytingartillögur, sem fylgja hjálagt. Að öðru leyti er stjórnin fylgjandi frumvarpinu eins og það er, í trausti þess, að haft verði fullt samráð við Landssamband iðnaðarmanna við samningu þeirra reglugerða, sem settar verða samkv. frumvarpinu.

Landssambandið væntir þess einnig að fá að gera athugasemdir við þær breytingartillögur við frumvarpið, sem fram kunna að koma á Alþingi.

Allra virðingarfyllst,
Landssamband iðnaðarmanna
Otto Schopka.

Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um iðnfræðslu frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna.

Úr 4. gr. falli niður setningarnar:

Álits iðnfræðslustjóra skal leitað um öll iðnfræðslumál, sem undir menntamálaráðuneytið falla. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðslustjóra fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

Við 5. gr. bætist eftirfarandi setningar:

Álits iðnfræðsluráðs skal leitað um öll iðnfræðslumál, sem undir menntamálaráðuneytið falla. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

6. gr., 1. málsgr. orðist þannig:

Iðnfræðslustjóri skipar iðnfulltrúa og ákveður umdæmi þeirra að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

13. gr., 9. málsgr. orðist þannig:

Ráðherra ákveður eftir tillögum iðnfræðslustjóra og iðnfræðsluráðs hverjar verklegar greinar skuli kenndar við hvern verknámsskóla um sig.

18. gr., 1. málsgr. orðist þannig:

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra iðnfræðsluskóla að fengnum tillögum skólanefndar og iðnfræðslustjóra og fasta kennara að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.

27. gr., 1. málsgr. orðist þannig:

Sumarleyfi iðnnema skal vera eins og sumarleyfi sveina í viðkomandi iðngrein skv. kjarasamningum milli sveina og meistara.

Við 48. gr. bætist eftirfarandi setning:

Leita skal ráðherra umsagnar þeirra aðila, sem tilnefna menn í iðnfræðsluráð skv. 5. gr., um reglugerðir þær, sem hann setur samkv. lögum þessum.

Fylgiskjal XI.

Skýrsla um störf iðnfræðslunefndar.

IÐNFRÆÐSLUNEFND

Reykjavík, 18. sept. 1964.

Nefnd sú er menntamálaráðuneytið skipaði til þess að endurskoða iðnfræðslukerfið og gera tillögur um framtíðarskipulag þess hefur nú lokið störfum, að svo miklu leyti, sem hún telur rétt að svo komnu máli, og sendir hér með skýrslu um störf sín.

Gerir nefndin tillögur um að stefnt verði að gagngerri breytingu á iðnfræðslunni og þegar hafizt handa um frekari undirbúning og framkvæmd þeirra breytinga í hinum fjölmennari iðngreinum, sem mesta þýðingu hafa fyrir almenna tækniþróun og þjóðarbúskap.

Taka breytingar þessar bæði til hins tæknilega bóklega náms og þó einkum til verknámsins. Er breytingin fyrst og fremst í því fólgin, að iðnnámið byrji með 8

mánaða forskóla (verkstæðisskóla) er sé nokkurn veginn að jöfnu bóklegt og verklegt nám. Markmiðið er að tryggja það, að iðnnemar fái þegar í upphafi kerfisbundna kennslu sérhæfðra kennara um verkfæri og meðferð þeirra, efni, vélar og vinnuaðferðir og öðlist þannig verkþjálfun og traustan grundvöll undir námið á vinnustað.

Telur nefndin, að forskólinn gæti með góðu móti komið í stað 8 mánaða verknáms á vinnustað og tveggja fyrstu ára núverandi bóklegs iðnskólanáms og jafngildi því a. m. k. eins árs iðnnámi hvað tímalengd snertir en væri jafnframt mikil endurbót á iðnnámi í heild. Með samhæfðum inntökuskilyrðum og endurskipulagðri námsskrá mætti að mestu ljúka í forskóla því almenna bóknámi, sem nú er aðalverkefni iðnskólanna, en tveim síðustu bekkjum iðnskóla mætti þá nær eingöngu verja til faglegs og tæknilegs bóknáms, auk nokkurrar verklegrar kennslu eftir þörfum hverrar iðngreinar, þegar skólaverkstæði væri fyrir hendi. Að loknu forskólanámi ætti iðnneminn einnig að hafa haldbetri undirbúning til þess að hagnýta sér þá fjölþættu reynslu og verkþjálfun, sem fólgin er í verknámi atvinnulífsins, auk þess sem hann væri frá upphafi liðtækari verkmaður.

Í kjölfar þessara miklu breytinga á iðnnáminu, sem nefndin gerir tillögur um, og vegna annarrar fyrirsjáanlegrar aukningar og útþenslu verknáms og tæknináms í náinni framtíð telur nefndin tímabært að gera ýmsar skipulagsbreytingar á yfirstjórn iðnfræðslunnar, og er nánar gerð grein fyrir þeim breytingartillögum í meðfylgjandi skýrslu.

Augljóst er að framkvæmd þeirra breytinga, sem nefndin gerir tillögur um, kostar mikið fé. Auk þess fela þær í sér mikla breytingu á iðnnáminu, skipulagi þess og stjórn.

Nefndin telur rétt, að stjórnarvöld taki á þessu stigi málsins afstöðu til tillagnanna.

Fallist ráðuneytið á tillögur nefndarinnar, að einhverju eða öllu leyti, yrði næsta skrefið að undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar.

Í tillögunum er gert ráð fyrir þeim aðilum, sem ætlað yrði nánara skipulag og framkvæmd í einstökum iðngreinum, en nefndin vill taka fram, að hún hefur aflað sér margvíslegra gagna um framkvæmdaatriði og sambanda við erlenda aðila, sem fúsir eru til að veita alla nauðsynlega aðstoð á grundvelli fenginnar reynslu og mun nefndin að sjálfsögðu ráðstafa þeim gögnum ásamt nauðsynlegum upplýsingum skv. nánari fyrirmælum ráðuneytisins.

Virðingarfyllst,

Sigurður Ingimundarson. Óskar Hallgrímsson. Guðmundur Halldórsson.
Snorri Jónsson. Þór Sandholt.

Til menntamálaráðherra.

Verkefni nefndarinnar.

Hinn 31. okt. 1961 skipaði menntamálaráðuneytið nefnd til að endurskoða gildandi lög um iðnskóla og iðnfræðslu.

Í nefndina voru skipaðir: Guðmundur Halldórsson, form. Landssambands iðnaðarmanna, Óskar Hallgrímsson, form. Iðnfræðsluráðs, Sigurður Ingimundarson, alþm., Snorri Jónsson, frkvstj. Alþýðusambands Íslands, og Þór Sandholt, skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík. Var Sigurður Ingimundarson skipaður formaður nefndarinnar.

Meðal verkefna nefndarinnar var:

1) Að rannsaka, hvort unnt sé að samræma eða sameina verknámsskóla gagnfræðastigsins og forskóla fyrir væntanlega iðnnema og þá með hvaða hætti. Í þessu sambandi verði m. a. athugað, hver sé nú þörfin fyrir skólabyggingar vegna

verknáms annars vegar og forskóla hins vegar og hver sé líkleg þróun þessara mála í næstu framtíð. Kostnaðarhlið málsins verði sérstaklega athuguð.

2) Að rannsaka og gera tillögur um, hvaða breytingar séu æskilegar á núverandi tilhögun iðnfræðslunnar, bæði að því er tekur til verklega námsins og iðnskólanna, og sé þá höfð hliðsjón af þeim breytingum í þessum efnum, sem átt hafa sér stað í nálægum löndum. Sérstaklega verði athugað, að hve miklu leyti sé æskilegt að auka verklegt nám í iðnskólum og þá í hvaða greinum. Enn fremur, hvort hagkvæmt virðist að kenna einhverjar iðngreinar að öllu leyti í skólum og þá hverjar. Í þessu sambandi reyni nefndin að gera sér grein fyrir hugsanlegum fjölda iðnnema á næstu árum, þannig að fá megi nokkra hugmynd um þörfina fyrir nauðsynlegar verkstæðisbyggingar, staðsetningu þeirra og annað, er máli skiptir.
3) Að gera tillögur um framkvæmdaatriði á grundvelli álits og tillagna meistaraprófsnefndar og rannsaka hvaða námskeið sé æskilegt að halda að staðaldri við iðnskóla fyrir iðnaðarmenn og e. t. v. aðra í þeim tilgangi, að þeim gefist kostur á að fylgjast sem bezt með tæknilegum framförum.

Leitað álits innlendra aðila.

Nefndin hóf störf þegar haustið 1961 og var hafizt handa um að afla álits og tillagna ýmissa aðila, er vænta mátti að hefðu eitthvað til málanna að leggja. Var t. d. leitað álits meistarafélaganna, sveinafélaganna, iðnskólanna, Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Landssambands iðnaðarmanna, Iðnnemasambands Íslands og Verkfræðingafélags Íslands.

Ekki urðu allir þessir aðilar við tilmælum nefndarinnar um að skila álitsgerð, en þó barst töluvert af greinargerðum frá þessum aðilum og voru þær að berast nefndinni svo til allt árið 1962.

Það yrði of langt mál að gera grein fyrir niðurstöðum þessara greinargerða í einstökum atriðum, enda kennir þar margra grasa og sumpart sundurleitra, en hins vegar munu gögn þessi verða látin fylgja skýrslu þessari sem fylgiskjöl.

Ef reynt er að draga saman þau atriði álitsgerðanna, sem meginmáli skipta og flestir hafa orð á með einum eða öðrum hætti, þá yrði niðurstaðan í grófum dráttum eftirfarandi:

1) Það virðist almennt álit að auka beri verklega kennslu í iðnskólunum, sér í lagi kennslu í undirstöðuatriðum iðngreinanna.
2) Undirbúningsmenntun iðnnema er talið ábótavant, sérstaklega vegna þess hve stór hópur kemur beint af skyldunámsstigi og hefur því lélegri undirbúning en að var stefnt með iðnskólalögunum frá 1955.
3) Bent er á, sem afleiðingu af því, sem um getur í öðrum lið, að alltof mikill tími iðnskólanna fari til þess að kenna almennar námsgreinar, sem nemendur eiga að læra á miðskólastigi og af þessum sökum sé ekki unnt að koma við þeirri bóklegu fagkennslu, sem iðnaðurinn þarfnast.
4) Talið er að það sé alltof tilviljanakennt, hvað nemendur læri á vinnustöðum og ekki samræmi frá einum vinnustað til annars. Stafar þetta m. a. af sérhæfðum verkefnum einstakra verktaka og mismunandi aðstæðum og getu til fullnægjandi verkkennslu.

Leitað upplýsinga um iðnfræðslu í nágrannalöndunum.

Eins og fyrir er lagt, í erindisbréfi nefndarinnar, var leitað upplýsinga hjá nálægum þjóðum um fyrirkomulag iðnfræðslu. Barst nefndinni smátt og smátt geysimikið af erlendum gögnum, einkum frá Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Var Jón Sætran tæknifræðingur ráðinn um tíma, með samþykki ráðuneytisins, til þess að aðstoða nefndina við að kanna þessi gögn.

Kemur í ljós, eins og raunar var vitað, að þróun iðnfræðslunnar hefur orðið með mjög mismunandi hætti í ýmsum löndum og jafnvel þróazt eftir ýmsum leiðum innan eins og sama lands. Verður margt af því, sem upplýsingar hafa fengizt um, ekki kannað til hlítar né réttilega metið til samanburðar við íslenzkar aðstæður og íslenzka iðnfræðslu, nema af mönnum sem þaulkunnugir væru aðstæðum öllum í viðkomandi landi.

Ef við t. d. athugum málm- og vélaiðnaðinn í þessu sambandi, þá er mikill munur á litlu þjóðfélagi og litlum fyrirtækjum, þar sem aðalverkefnin eru fjölbreytileg viðgerðarvinna og margbreytileg nýsmíði eftir þörfum hinna ýmsu atvinnuvega, eða stórum þjóðfélögum með stórum fyrirtækjum og sérhæfðum verksmiðjurekstri þar sem allur þorri iðnaðarmannanna vinnur að staðaldri að tiltölulega sérhæfðum verkefnum. Oft er það svo í þessum löndum, að verksmiðjurnar beinlínis hafa sérstaka skóla bæði verklega og bóklega miðaða við sínar sérstöku þarfir og tiltölulega einhæf vinnubrögð alls þorra starfsliðsins, en hafa svo allstóran hóp manna, sem notið hafa æðri tæknimenntunar, s. s. tæknifræðinga og verkfræðinga. Hafa verður þetta atriði mjög í huga, þegar athuguð eru gögn og metnar upplýsingar um iðnfræðslu frá stærri iðnaðarþjóðum, að „strukturinn" í iðnfræðslunni og tæknimenntuninni verður eðlilega með nokkuð öðrum hætti.

Fullkomið iðnnám tekur 3—5 ár í flestum Evrópulöndum. Víða og í vaxandi mæli hin síðustu ár er að því stefnt að þjálfa menn á sérstökum námskeiðum eða með styttra iðnnámi til sérstakra takmarkaðra starfa, sem mikil þörf er á í framleiðslufyrirtækjum (special workers).

Í mörgum þessara landa er iðnfræðsla mjög hefðbundin, styðst við sterkar venjur og strangan aga og hefur gefizt vel eins og t. d. í Danmörku. Algengast er þá að um meistarakennslu sé að ræða, þ. e. a. s. að verkkennslan fari aðallega fram á vinnustað undir handleiðslu meistara, en hin bóklega kennsla í sérstökum bóklegum iðnskólum. Á þetta við a. m. k. um handverk (håndverk). Í stærri iðnaðarlöndum er það hins vegar mjög algengt eins og að hefur verið vikið, að iðnfræðsla fyrir verksmiðjurekstur (industry) sé framkvæmd í sérstökum skólum eða verkstæðum innan verksmiðjanna. Sums staðar eru þessir verksmiðjuskólar styrktir af opinberu fé ef þeir fullnægja tilteknum kröfum um verklegt og bóklegt nám. Þá hafa einnig komið til sögunnar á seinni árum fullkomnir verkstæðisskólar, þ. e. a. s. skólar sem annast bæði verklega og bóklega kennslu og útskrifa iðnsveina a. m. k. í vissum starfsgreinum, og má í þessu sambandi nefna Svíþjóð og Noreg. Þá ryðja sér einnig til rúms hinir svokölluðu forskólar, sem eru allt frá 3ja mánaða verklegri undirbúningskennslu og upp í eins—tveggja ára kennslu með verklegu og bóklegu námi um það bil að jöfnum tímafjölda, og er þá gert ráð fyrir að við taki meistarakennsla á vinnustað og jafnvel einnig bóklegur iðnskóli og iðnnáminu ljúki á venjulegan hátt með sveinsprófi.

Almennt má segja, að viðurkennt sé að hin bóklega kennsla verði bezt framkvæmd í sérstökum iðnskólum. Um verknámið eru hins vegar skiptari skoðanir og framkvæmdin mjög misjöfn eins og að hefur verið vikið. Greinilegt er þó að forskólakerfið vinnur mest á, einkum á Norðurlöndum. Í Noregi er stefnan mjög greinilega mörkuð að þessu marki eftir langa reynslu. Í Svíþjóð, þar sem fullkomnir verkstæðisskólar voru mjög langt á veg komnir, eru uppi sterkar raddir um að hagkvæmara muni vera blandað kerfi forskóla og meistarakennslu. Og meira að segja í Danmörku, þar sem iðnlöggjöfin á langa sögu og iðnfræðslan er mjög hefðbundin og byggir á meistarakennslu, er mjög greinilegt að stutt verkleg forskólanámskeið ryðja sér mjög til rúms. Það má því segja, að forskólakerfið sé það kerfi, sem örugglega vinnur á á Norðurlöndum hin síðari ár.

Þegar litið er á Evrópulöndin sem heild er erfiðara að draga fram nokkra ákveðna stefnu í þessum málum og skal nú reynt að gera nokkra grein fyrir aðalsérkennum iðnfræðslu nokkurra nágrannalanda.

Noregur.

Stefna Norðmanna í iðnfræðslumálum er mjög skýr og ákveðin. Allt frá stríðslokum hafa þeir verið að byggja skólaverkstæði og hefur aukning verkstæðanna vaxið ár frá ári og hefur aldrei verið hægt að fullnægja eftirspurninni. Árið 1954 varð að vísa frá 35% umsækjenda, 1956 37% og 1958 47%. Var tala þeirra, sem byrjuðu iðnnám í forskóla eða verkstæðisskóla, þá orðin 5000 á ári, og fækkaði þeim, er hófu iðnnám sitt á vinnustað, að sama skapi.

Enn hefur ekki tekizt að fullnægja eftirspurninni og gera Norðmenn ráð fyrir stórátaki í byggingu skólaverkstæða á næstu 5 árum og er þá að því stefnt að fullnægja eftirspurninni á þeim tíma.

Hafa Norðmenn í flestum iðngreinum stefnt að eins árs forskóla, þó einnig séu til tveggja og jafnvel þriggja ára verkstæðisskólar í vissum greinum, t. d. í útvarpstækni, sem þá útskrifa iðnsveina.

Á árinu 1958 höfðu Norðmenn orðið allrækilega reynslu af þessu nýja fyrirkomulagi iðnfræðslunnar og var þá leitað umsagnar ýmissa aðila og tillagna um framtíðarstefnu.

Í greinargerðum, sem Norska atvinnurekendasambandið og Norska iðnrekendasambandið söfnuðu frá ýmsum fyrirtækjum, er lögð aðaláherzlan á þörfina fyrir eins árs forskóla, en ekki almennt mælt með lengri verkkennslu í skólum. Þó nefna ýmsir meðlimir þeirra þörfina á framhaldsnámskeiðum fyrir sveinspróf (perfeksjoneringskurser) í nokkrum iðngreinum.

Landssamband iðnaðarmanna (håndverkerforbundet) safnaði einnig upplýsingum frá meðlimum sínum og var almennt látin í ljós ánægja með eins árs forskóla, þó einstöku aðilar óskuðu eftir fullkomnum verkstæðisskóla í vissum iðngreinum (bakarar, skreðarar).

Norska Alþýðusambandið telur einnig að meginâherzluna beri að leggja á eins árs forskóla, þó nokkur frávik þyrfti kannski að gera í nokkrum iðngreinum.

Eins og síðar verður að vikið, komu hingað til landsins tveir norskir sérfræðingar í iðnfræðslumálum sumarið 1963 til aðstoðar við nefndina. Varð ljóst af viðtölum við þá, að síður en svo er um stefnubreytingu að ræða hjá Norðmönnum síðan 1958 og verður á næstu árum markvisst að því unnið að fullnægja eftirspurninni fyrir eins árs forskóla og töldu þeir að það grundvallarfyrirkomulag ynni á a. m. k. á Norðurlöndum öllum.

Danmörk.

Í Danmörku er meistarakennslan mjög hefðbundin og iðnnemar hafa þar verið tiltölulega fleiri en í nokkru öðru norrænu landi. Danir hafa búið við iðnfræðslulöggjöf síðan 1889.

Þrátt fyrir þá sterku stöðu, sem meistarakennslan hefur búið við í Danmörku, er augljóst að hin síðustu ár er að verða þar nokkur stefnubreyting. Eftir nokkra reynslu eru menn þar orðnir sammála um að rétt sé að iðnnemar í málm- og vélaiðnaði byrji nám sitt á 3ja mánaða verklegum forskóla.

Tilraunir hafa einnig verið gerðar með stutt forskólanámskeið í öðrum iðngreinum við danskar tæknistofnanir og er talið að þær hafi gefið góða raun. Má þar t. d. nefna forskólanámskeið fyrir prentnema og iðnnema í byggingarfögum.

Þá er einnig rétt að minna á að í Danmörku hafa lengi verið starfandi svokallaðir fagskólar, sem haft hafa blandað námsefni verklegra og bóklegra námsgreina í sambandi við eða í framhaldi af meistarakennslu. Líklegt þykir, að um leið og forskólakennsla ryður sér almennt meira til rúms, verði þessum svokölluðu fagskólum breytt í tækniskóla.

Danir hafa einnig hin síðari ár lagt töluverða áherzlu á styttri iðnfræðslu eða verkþjálfun iðnaðarverkamanna (special arbejdere).

Finnland.

Í Finnlandi er sú skoðun almennt ríkjandi, að byrja skuli iðnnámið í skólum, hefur þar aðallega verið um tvö námskeið að ræða, sem undirbúning eða byrjun á iðnnámi.

Er þar annars vegar um almenna verknámsskóla að ræða (forberedende yrkesskoler), eða sérstakar deildir fyrir tvö síðustu námsárin í 8 ára skyldunámi. Virðist hér vera um mjög almenna handavinnukennslu að ræða og bóklegu fögunum er ætlaður töluvert meiri tími en þeim verklegu. Minnir þetta mjög á okkar verknámsskóla, að öðru leyti en því, að þar fer verklega kennslan fram á sjöunda og áttunda ári skyldunámsins, og svarar því til náms í unglingadeildum hér. Enda er ekki litið á þetta sem iðnnám heldur miklu frekar sem kynningu og undirbúning að skipulögðu iðnnámi.

Hins vegar er um að ræða tveggja ára skóla, sem hefjast að skyldunámi loknu og er þá um raunverulega byrjun iðnnáms að ræða með verklegri og bóklegri kennslu og gert ráð fyrir að iðnnáminu ljúki síðan með eins til tveggja ára viðbótarnámi hjá meistara. Þessir skólar voru upprunalega fyrst byggðir fyrir stærri og dreifðari byggðarlög (De statlige sentralyrkesskoler), sem bjuggu við ófullkomna iðnfræðslu. Virðist þetta fyrirkomulag hafa gefizt það vel, að Finnar hafa þessa skóla sem fyrirmynd að framtíðarskipulagi.

Með lögum frá 1958 er gert ráð fyrir að byggt verði ofan á verknámsdeildir skyldunámsins, svo að þær jafngildi tveggja ára forskóla, og bæjarfélög af vissri stærð skylduð til þess að reka slíka iðnnámsskóla með nokkrum ríkisstyrk. Í grundvallaratriðum er því stefnt að tveggja ára forskóla um allt landið, en iðnnámi ljúki síðan hjá meistara.

Svíþjóð.

Til þessa hafa Svíar lengst og mest gert að því að framkvæma iðnnámið í sérstökum skólum.

Er þar aðallega um tveggja ára verkstæðisskóla að ræða, einkum fyrir verksmiðjuiðngreinar. Og er þá hið raunverulega iðnnám á vinnustað stytt sem þeim tíma svarar, en iðnfræðsluráðið telur að stytta megi iðnnámið meira en gert hefur verið vegna þessa skólahalds.

Í handverksgreinum er fyrirkomulagið breytilegra. T. d. er töluvert um fullkomna verkstæðisskóla, 3ja til 4ra ára skóla, sem útskrifa iðnsveina. Eins árs forskólar eru sjaldgæfari, en ýmsir álíta að leggja ætti meiri áherzlu á þá svo að unnt reyndist að auka nemendafjöldann frá því sem nú er.

Í Svíþjóð er líka töluvert algengt alveg sérstakt fyrirkomulag (Innbygde verkstedsskoler) og er þá um að ræða samstarf vinnustaðar og bóklegs skóla. Verknámið fer þá fram á vinnustaðnum eða í verksmiðjunni undir yfirumsjón eða eftirliti opinbers iðnskóla, en skólinn annast bóknámið.

Bretland.

Í Bretlandi er engin löggjöf til um iðnnám og engar opinberar kröfur um að iðnaðarmenn ljúki bóklegu námi. Hins vegar hafa iðnnemar greiðan aðgang að ýmsum námskeiðum í tækniskólum og mjög algengt að þeir sæki þau. Almennt er talið bezt henta að verknámið fari fram á vinnustað og er algengt að um fimm til sex ára námstíma sé að ræða. Á nokkrum stöðum hafa iðnfyrirtækin þó komið á svokölluðum „training centres“, sem ætlað er eins konar forskólahlutverk eins og við þekkjum það frá Norðurlöndunum. Hafa ýmsir aðilar bent á að æskilegt væri að koma á hálfs—eins árs forskóla, fyrst og fremst til þess að aðstoða minni fyrirtæki við iðnfræðsluna. Slík námskeið hafa m. a. gefið góða raun í Skotlandi.

Brezkir iðnaðarmenn eiga greiðan aðgang að ýmiss konar framhaldsnámi, t. d. „technical colleges“, og er hægt að ljúka þar fullkomnu tæknifræðinámi. Er talið

að á árinu 1957 hafi 400 þús. iðnaðarmenn verið í slíkum skólum. Má almennt segja að iðn- og tæknifræðslan í Bretlandi sé mjög frjáls og breytileg, en það opinbera og þó einkum iðnaðurinn sjálfur geri margt til þess að greiða götu þeirra, sem afla vilja sér framhaldsnáms á þessu sviði.

Þýzkaland.

Í Þýzkalandi er talið að um 80% þeirra, sem ljúka skyldunámi, fari í einhvers konar iðnnám. Viðurkenndar iðngreinar eru um 500 talsins. Námstími er almennt 3—3½ ár.

Algengast er að verklega námið fari fram á vinnustöðum, en bóklega námið í iðnskólum (Berufs-schule). Í Suður-Þýzkalandi, þar sem fyrirtæki eru yfirleitt minni, eru þó forskólar (Berufs-fachschule) með bóklegu og verklegu námi orðnir mjög algengir, t. d. eru algengir eins árs forskólar fyrir járn- og málmiðnaðinn. Þar að auki er orðið algengt að stærri fyrirtæki komi á hjá sér skólaverkstæðum, sem fyrst og fremst annast byrjunar- eða undirstöðukennsluna, en hafa einnig á hendi sérstök framhaldsnámskeið (perfektioneringskurser) til undirbúnings sjálfu sveinsprófinu, sem tekið er við iðnskólana.

Bandaríkin.

Í Bandaríkjunum er fyrirkomulagið mjög breytilegt frá einu ríki til annars og erfitt að gefa stutt yfirlit sem einkennir fyrirkomulagið. Þar eru þó mjög algengir „vocational high schools", sem venjulega eru þriggja ára skólar, sem byggjast á sex ára barnaskóla. Yfirleitt er meira litið á þá sem undirbúning að iðnnámi heldur en skipulegt iðnnám. Þó getur verið um töluverða sérhæfingu að ræða og verklega náminu oft ætlaður um helmingur námstímans. Þeir, sem byrja á skipulögðu iðnnámi, eiga þó ekki heimtingu á frádrætti í námstíma, vegna þátttöku í þessum skólum. Sjálft iðnnámið tekur venjulega 3—4 ár á vinnustað og er þá jafnframt stundað bóklegt nám í opinberum iðnskólum.

Aðstoð OECD og Norðmanna.

Eftir að nefndin hafði kynnt sér þau erlendu gögn, sem borizt höfðu, og tillögur og ábendingar þeirra innlendu aðila, sem leitað hafði verið til, varð hún sammála um, að iðnfræðslukerfi Norðmanna myndi í meginatriðum bezt henta hér sem fyrirmynd miðað við aðstæður.

Má í þessu sambandi nefna, að norskt atvinnulíf hefur verið og er um margt líkt því sem er hér á landi og þróunin á ýmsan hátt verið svipuð. Iðnþróunin á þó heldur lengri sögu og hefur verið hraðari í Noregi og hafa Norðmenn lagt mjög mikla áherzlu á það hin síðari ár að byggja upp tæknimenntun sína og iðnfræðslu og ekkert til sparað. Er þegar á allt er litið líklegt, að fyllilega tímabært sé fyrir Íslendinga að gera stórt átak í sömu átt og byggja upp fjölþættara atvinnulíf.

Mikilvægt er einnig að Norðmenn eiga við mjög svipaða erfiðleika að etja og við um eflingu iðnfræðslunnar í stórum landshlutum vegna dreifbýlis og stærðar iðnfyrirtækja og aðstaða til skipulagðrar verkkennslu á vinnustað víðast hvar svipuð því sem hér er. Saga iðnfræðslunnar í báðum þessum löndum er styttri en í Danmörku og sterkar erfðavenjur og agi aldrei náð jafnsterkum rótum í verkkennslu meistara í þessum löndum og í Danmörku. Í báðum þessum löndum hefur orðið að gera fleira á skemmri tíma og verið óháðara fyrri þróun og hefð. Eins og áður er að vikið eru Danir síðastir hinna Norðurlandaþjóðanna til þess að taka upp a. m. k. eins árs verklega forskóla, og þó sjást þess greinilega merki, að sú muni verða þróunin einnig hjá þeim.

Á grundvelli þess, sem nú hefur verið rakið, gerði nefndin þegar á fyrri hluta árs 1963 drög að tillögum um breytingu iðnfræðslunnar hér á landi með hliðsjón af norskri fyrirmynd og með tilliti til sennilegrar getu okkar til framkvæmda á næstu 5—10 árum. Segja má að um mjög róttækar breytingar sé að ræða, sem varla verða framkvæmdar nema á löngu árabili og á grundvelli nokkurrar innlendrar reynslu af byrjunarframkvæmdum. Það er ekki aðeins, að um fjárfrekar framkvæmdir sé að ræða, heldur mun skortur hæfra kennara valda alvarlegum erfiðleikum um fulla nýtingu þessarar fjárfestingar nema ráð séu í tíma tekin í því efni.

En þó að nefndin hefði á þessu stigi málsins gert drög að tillögum, sem að verulegu leyti voru byggðar á margvíslegum prentuðum skýrslum og öðrum norskum gögnum, var ýmislegt óljóst um mörg framkvæmdaatriði, sem varla yrðu könnuð til hlítar án þess að einn eða fleiri nefndarmenn gerðu sér sérstaklega ferð á hendur til öflunar nánari upplýsinga eða norskir sérfræðingar yrðu fengnir hingað til aðstoðar.

Það varð að ráði, að nefndin leitaði fyrir sér um möguleika á því að fá hingað norskan sérfræðing, sem gæti gert nefndinni nánari grein fyrir tilhögun iðnfræðslunnar í Noregi, svo og til að kynnast aðstæðum hér og gefa ráð um hvað hentugast myndi vera að hagnýta hér af reynslu Norðmanna.

Fyrir aðstoð Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu tókst að fá þessa aðstoð, en eftir nánari athugun í Noregi þótti æskilegra að tveir menn yrðu sendir, er sérfróðir væru nokkuð hvor á sínu sviði iðnfræðslunnar.

Til fararinnar voru ráðnir konsulent John Kvikstad og byrosjef Chr. Löken, sem báðir eru starfsmenn í kirkju- og kennslumálaráðuneytinu norska. Löken hefur lengi starfað við yfirstjórn iðnfræðslumálanna, en Kvikstad hefur til skamms tíma verið iðnskólastjóri m. a. í Norður-Noregi, þar sem atvinnulíf og aðstæður eru hvað líkastar því, sem er á Íslandi.

Norðmennirnir dvöldu hér í 10 daga í september 1963 og kynntu sér eftir því sem kostur var fræðslukerfið íslenzka og þá auðvitað sérstaklega iðnfræðslukerfið í skólum og á vinnustöðum.

Í desember 1963 barst nefndinni ítarleg skýrsla þeirra Norðmannanna um Íslandsferðina, álit og tillögur.

Skýrsla Norðmannanna fylgir hér með og skal ekki efnislega rakin hér.

Nefndin vill aðeins benda á, að augljóst er af skýrslunni, að þeir hafa unnið starf sitt vel og samvizkusamlega. Greinilegt er að þeir hafa kynnzt skólakerfi hér og iðnfræðslu jafnvel betur en efni stóðu til, miðað við hina stuttu dvöl hér, og gert sér vel grein fyrir þeim sérstöku vandamálum, sem við er að etja hér miðað við aðstæður og verður að telja umsagnir þeirra og tillögur mjög raunhæfar.

Þó að tillögur þeirra í meginatriðum séu þær sömu og nefndin hafði gert drög að, varð margt framkvæmdaatriðið ljósara eftir viðtöl nefndarinnar við þá og síðar er skýrsla þeirra lá fyrir. Verður að telja aðstoð þeirra mjög gagnlega. Mikilvægt er einnig og jafnvel gagnlegra en skýrslan sjálf, þegar til framkvæmda kemur, að henni fylgdu mjög þýðingarmikil gögn um kennsluskrár, framkvæmd kennslu og verklegra æfinga í einstökum iðngreinum, sem ætla má að komi að gagni við nánari skipulagsundirbúning kennslunnar í þessum iðngreinum. Er hér um að ræða ítarlegar kennsluáætlanir fyrir hverja iðngrein, sem sérstakar nefndir sérfróðra manna hafa samið fyrir hverja iðngrein.

25. Iðnþing Íslendinga var haldið í október 1963. Nefndin hafði þá endurskoðað frumdrög þau að tillögum er hún hafði áður gengið frá með hliðsjón af ýmsu, sem fram hafði komið meðan Norðmennirnir dvöldu hér, og var þá raunar vitað í aðalatriðum hverjar tillögur þeirra yrðu, þó skýrsla þeirra kæmi ekki fyrr en síðar.

Rétt þótti á þessu stigi málsins að kynna Iðnþinginu þá meginstefnu, sem nefndin hafði þegar markað. Með leyfi menntamálaráðherra gerði einn nefndarmanna, Óskar Hallgrímsson, þinginu grein fyrir störfum nefndarinnar og þeirri

stefnu, sem mörkuð hafði verið og er sú sama, sem fram kemur í þessari endanlegu skýrslu.

Að umræðum loknum samþykkti þingið eftirfarandi ályktun:

„25. Iðnþing Íslendinga fagnar því að störf Iðnfræðslunefndar 1961 hafa verið skýrð fyrir þingheimi og lýsir yfir stuðningi sínum við þær meginstefnur, sem nefndin hefur markað sér samkvæmt upplýsingum þeim, sem fram hafa komið frá nefndinni í erindi Óskars Hallgrímssonar."

Í sambandi við aðstoð OECD skal þess getið, að ferð þeirra Löken og Kvikstad var aðeins hugsuð sem byrjun á aðstoð við að koma hér á nýrri skipan iðnfræðslunnar.

Verkefni þeirra var fyrst og fremst að gera tillögur um heildarstjórn og skipulag iðnfræðslunnar í meginatriðum og marka stöðu hennar og samband við aðra þætti fræðslukerfisins.

Eins og áður er að vikið og síðar mun greint nánar frá, hafði nefndin í huga að gera tillögur um gagngera breytingu á iðnfræðslunni að norskri fyrirmynd og er meginbreytingin þá í því fólgin, að iðnnámið hefjist með verklegu og bóklegu forskólanámi, jafnskjótt og því verður við komið í hverri iðngrein og tímabært þykir í hverju iðnskólaumdæmi.

Þegar til framkvæmda kemur, er mjög mikilvægt að njóta aðstoðar þeirra, sem reynslu hafa um gerð skólaverkstæðanna, tæki, vélbúnað og sundurliðaðar kennsluáætlanir. Er í þessu sambandi mjög mikilvægt að kennsluskrár og kerfisbundnar verklegar æfingar séu skipulagðar með þeim hætti, að nýting skólaverkstæða og tækja verði sem allra bezt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að nemendur í skólaverkstæði eru að jafnaði helmingi færri en nemendur í kennslustofu í bóklegu námi. Er að sjálfsögðu æskilegt, að skólaverkstæðin verði tvísetin daglega, en nemendur tveggja deilda í verklegu námi sameinaðir í eina deild bóklegs náms. Þessu verður að sjálfsögðu ekki við komið nema nemendafjöldi sé nægilega mikill í sömu iðngrein eða svipuðum iðngreinum, svo að sameina mætti tvær deildir verknáms í eina deild bóknáms, en hagkvæm skipulagning í þessu efni getur haft mjög mikil áhrif á stofnkostnað og nýtingu alls tilkostnaðar.

Nefndin gerði því ráð fyrir að næsti þáttur aðstoðarinnar væri að fá menn til nánari skipulagningar framkvæmdaatriða í kennslu og útbúnaði.

Með aðstoð OECD og eftir ábendingu þeirra Löken og Kvikstad, var fenginn hingað í þessu skyni rektor Heggstad, sem er skólastjóri við mjög þekktan verkstæðisskóla á sviði málm- og vélaiðnaðar í Kongsberg.

Hr. Heggstad kom hingað s. l. vor og kynnti sér aðstæður allar og mun síðar á þessu ári skila nákvæmum sundurliðuðum tillögum um útbúnað og skipulag forskóla á sviði málm- og vélaiðnfræðslu.

Við Iðnskólann í Reykjavík er þegar byrjað á vísi að verkstæðisbyggingu og munu fyrstu áfangar hennar fyrst og fremst ætlaðir málm- og vélaiðnfræðslu. Er nemendafjöldinn í þeirri grein mestur og sennilegt að um mikla nemendaaukningu verði að ræða og þörf verkstæðiskennslu tilfinnanleg. Vonir standa til, að hefja megi kennslu í þessu húsnæði skólaárið 1965—1966. Var því tímabært að undirbúa nánara skipulag kennslunnar á þessu sviði eins og Heggstad mun væntanlega gera í skýrslu sinni.

Þó að nefndinni hafi eftir atvikum þótt rétt að hefja undirbúning að skipulagi þessara framkvæmdaratriða, telur hún nánari framkvæmdaratriði að skipulagi kennslu einstakra iðngreina ekki í sínum verkahring, að svo komnu máli.

Verkefni nefndarinnar eru fyrst og fremst heildarskipulag iðnfræðslunnar og að gera tillögur um þá stefnu, sem móta skal á næstu árum, og er eðlilegt, að viðkomandi stjórnarvöld taki afstöðu til þeirra meginatriða og tillagna um framkvæmd iðnfræðslunnar almennt, sem fram koma í þessari skýrslu, áður en lengra er haldið.

Nefndin gerir hins vegar í tillögum sínum ráð fyrir þeim aðilum, sem móta eiga eða gera eiga tillögur um nánari framkvæmdaratriði innan einstakra iðngreina og

er eðlilegt þegar þar að kemur að þeir aðilar fái skýrslu Heggstads í hendur, svo og mörg önnur gögn varðandi framkvæmdaatriði, sem nefndin hefur þegar viðað að sér. Er því ekki ástæða til þess að bíða eftir því að skýrsla hans berist nefndinni.

Samræmd yfirstjórn.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að nauðsyn beri til að koma á samræmdri yfirstjórn allrar iðnfræðslu og tryggja jafnframt nauðsynleg tengsl hennar og skyldra greina fræðslukerfisins annars vegar og atvinnulífsins hins vegar.

Með lögum nr. 46 frá 25. maí 1949, um iðnfræðslu, er svo ráð fyrir gert, að iðnfræðsluráð stýri framkvæmdum í iðnfræðslumálum undir yfirstjórn ráðherra (2. gr.).

En með setningu laga nr. 45/1955, um iðnskóla, er annar meginþáttur iðnfræðslunnar, þ. e. iðnskólanámið, fellt inn í hið almenna fræðslukerfi undir yfirstjórn fræðslumálaskrifstofunnar, enda þótt gert sé ráð fyrir því, að samráð sé haft við iðnfræðsluráð um allar meiri háttar ákvarðanir, sem skólana varða.

Í framkvæmd hefur svo þessum málaflokki verið skipt milli tveggja ráðuneyta, þ. e. vinnustaðanámið og allt, sem það snertir, hefur heyrt undir iðnaðarmálaráðuneytið, en málefni skólanna undir menntamálaráðuneytið. (Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa þessi mál að vísu skv. forsetaúrskurði fallið undir einn og sama ráðherra, en eigi að síður undir tvö ráðuneyti).

Þessi dreifing, eða öllu heldur skortur á yfirstjórn, hefur haft ýmiss konar erfiðleika í för með sér. Má þar nefna sem dæmi, að mikið hefur skort á að samræmi sé um námsefni iðnskólanna og sambandið milli skóla og atvinnulífs hefur eigi verið sem skyldi. Enn fremur hefur verið lítið samband milli yfirstjórnar verklega námsins (iðnfræðsluráðs) og iðnskólanna eða yfirstjórnar þeirra (fræðslumálaskrifstofunnar).

Það er skoðun nefndarinnar, að allt nám, eftir að skyldunámi lýkur, beri að meta að jöfnu, hvort sem valin er bóknámsleið gegnum gagnfræðaskóla og menntaskóla eða fyrir valinu verður verklegt nám gegnum iðnskóla og iðnnám. Með þetta grundvallarsjónarmið í huga telur nefndin nauðsynlegt að æðsta yfirstjórn iðnfræðslunnar heyri undir sama ráðuneyti og almennu framhaldsskólarnir, þ. e. menntamálaráðuneytið, og skipi eigi óæðri sess í stjórnsýslunni en aðrir þættir fræðslukerfisins.


Eins og kunnugt er heyra almennu skólarnir undir menntamálaráðuneytið, en dagleg stjórn þeirra undir fræðslumálaskrifstofuna. Yfirmaður þeirrar stofnunar, fræðslumálastjóri, hefur síðan sér til aðstoðar námsstjóra fyrir hin ýmsu námsstig, sem hafa m. a. með höndum eftirlit með kennslu skólanna og námsefni, samræmingu á því o. s. frv.

Skv. iðnskólalögunum á sama tilhögun að gilda að því er iðnskólana varðar. En þar hafa t. d. engir námsstjórar verið settir til þess að samræma námsefni né annað, með þeim árangri, sem að framan er lýst.

Þær upplýsingar, sem nefndin hefur aflað, leiða í ljós, að þróun þessara mála í öðrum löndum hefur yfirleitt beinzt í þá átt að sameina yfirstjórn allrar iðnfræðslu í menntamálaráðuneyti (undervisningsministeriet) viðkomandi lands, sem um leið hefur fengið ábyrgðina á náminu á vinnustað.

Sem dæmi um þessa þróun má nefna önnur Norðurlönd, Svíþjóð, Danmörk, Noreg og Finnland. Það virðist því einsýnt að hér á landi beri að sameina yfirstjórn þessara mála undir eitt ráðuneyti.

Verði þessi tilhögun samþykkt, virðist einkum tvennt koma til greina varðandi daglega stjórnsýslu: Í fyrsta lagi að þeirri starfsemi ráðuneytisins, sem lýtur að meðferð skólamála, verði skipt í nokkrar undirdeildir, svo sem deild fyrir barna- og unglingafræðslu, deild fyrir almenna framhaldsskóla og deild fyrir sérskóla o. s. frv. Eða í annan stað að viðhalda þeirri tilhögun, sem nú er að því er almennu



Skýringarmynd 1.

Stjórnskipulag.

skólana snertir, þ. e. að þeir lúti yfirstjórn fræðslumálaskrifstofunnar, en koma upp sérstakri deild fyrir iðnfræðslu og aðra starfsmenntun. Slík deild gæti auk verkstæðisskóla og iðnskóla farið með málefni annarra skyldra skóla, svo sem vélskólans, tækniskóla, verkstjóranámskeiða og e. t. v. einnig sjómannaskóla, verzlunarskóla, húsmæðraskóla og handíða- og myndlistarskóla. Er slík tilhögun í samræmi við það, sem á sér stað í Noregi.

Með þessum hætti ætti að vera unnt að tryggja samræmda yfirstjórn skólanna og enn fremur að lagt væri sama mat á hliðstæð vandamál hinna ýmsu skóla.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að síðari leiðin sé æskilegri að því er varðar þau málefni, sem henni er ætlað að fjalla um, auk þess, sem fyrri leiðin óhjákvæmilega hefur í för með sér umfangsmeiri breytingar á stjórnsýslukerfinu. En þótt fyrri leiðin yrði valin, ætti eigi að síður að dómi nefndarinnar að fela sérstakri deild meðferð málefna sérskólanna.

Verði fallizt á hugmyndir nefndarinnar um samræmda yfirstjórn og sérstaka stofnun eða skrifstofu, sem fjallaði um málefni sérskólanna, er gert ráð fyrir að sú skrifstofa hafi sérstakan forstöðumann og tvo deildarstjóra, annan, sem hefði umsjón með kennslu skólanna, og hinn, sem hefði umsjón með vinnustaðanáminu og öllu, sem að því lýtur.

Gert er ráð fyrir að iðnfræðsluráð verði skrifstofunni og ráðuneytinu til ráðuneytis hliðstætt því, sem nú er skv. lögum nr. 46/1949, en auk þeirra aðila, sem nú tilnefna í ráðið, verði tilnefndir fulltrúar frá öðrum þeim samtökum vinnumarkaðarins, sem eiga hagsmuna að gæta, svo sem verksmiðjuiðnaðinum. Þá er einnig gert ráð fyrir að fulltrúi eigi þar sæti frá iðnskólum, og loks þykir eðlilegt að iðnaðarmálaráðuneytið ætti þar fulltrúa, a. m. k. með málfrelsi og tillögurétti.

Iðnfræðsluráð yrði einnig ráðgefandi um allt, sem varðar tilhögun skólanna, nýbyggingar, námstilhögun, próf o. s. frv. Einnig um þær námsbækur, sem notaðar eru, námsreglur vegna verklegs náms o. þ. h.

Þar sem gera má ráð fyrir að ráðið búi ekki, þrátt fyrir þá samsetningu, sem að framan er lýst, yfir nægri sérþekkingu að því er varðar þarfir einstakra iðngreina, er gert ráð fyrir að myndaðar verði fræðslunefndir innan hverrar greinar og verði þær tilkvaddar, þegar fjallað er um sérmál hverrar iðngreinar um sig.

Með þessum hætti ætti að vera lagður grundvöllur að nánu samstarfi yfirstjórnar skólakerfis og vinnustaðar.

Núverandi iðnskólakerfi. — Nauðsynlegar breytingar.

Núverandi tilhögun iðnskólahalds byggist á ákvæðum laga nr. 45/1955, um iðnskóla. Þar var sú stefna mörkuð, að stofna mætti sjálfstæða iðnskóla, ef nemendur væru 60 eða fleiri talsins, ella skyldu skólarnir starfræktir sem deild í gagnfræðaskólum. Jafnframt var í lögunum ákveðið að þeir iðnskólar, sem starfræktir voru við setningu laganna, mættu starfa áfram með sama hætti, þótt tilskildri nemendatölu væri eigi náð. Reyndin hefur verið sú, að allir eldri skólar hafa starfað áfram og nýir verið stofnsettir, án þess að verða gerðir að deildum gagnfræðaskóla. En sú tilhögun mun aðeins hafa komizt á á einum stað á landinu, þ. e. í Neskaupstað.

Löggiltir iðnskólar eru nú 20 talsins á jafnmörgum stöðum á landinu.

Enda þótt námsefni iðnskólanna sé ákveðið í reglugerð um iðnskóla frá 29. september 1955, hefur reynslan leitt í ljós, að það er mjög mismunandi eftir skólum, og gætir lítils samræmis þegar fjölmennustu skólunum sleppir. Eflaust á kennaraskortur á hinum fámennari stöðum ríkan þátt í þessari þróun.

Að einhverju leyti mun skýringa að leita í því, að eigi hefur fram til þessa verið unnt að framfylgja ákvæði 2. töluliðs 2. gr. nefndra laga, sem áskilur að nemendur skuli við inngöngu í iðnskóla hafa lokið miðskólaprófi, en í þess stað orðið að beita undanþáguheimild sömu greinar, og veita viðtöku nemendum, sem aðeins hafa lokið skyldunámi.

Þegar undan eru skildir Iðnskólinn í Reykjavík og Iðnskólinn á Akureyri, hafa aðrir iðnskólar á landinu eingöngu kennt bóknámsgreinar og teikningu. Við hina fyrrnefndu hefur hin síðari ár verið tekin upp verkleg kennsla í nokkrum greinum og verður nánar vikið að því síðar.

Samkvæmt skýrslu fræðslumálaskrifstofunnar voru skólaárið 1963—1964 1696 nemendur í iðnskólunum og skiptist sá nemendafjöldi þannig á einstaka skóla:

1.	Iðnskólinn	Reykjavík	ca. 900
2.	—	Keflavík	— 71

3.	Iðnskólinn	Hafnarfirði	ca.	115	
4.	—	Akranesi	—	73	
5.	—	Ísafirði	—	28	
6.	—	Sauðárkróki	—	22	
7.	—	Siglufirði	—	25	
8.	—	Ólafsfirði	—	16	
9.	—	Akureyri	—	154	(þar af 14 í undirbúningsdeild tæknináms).
10.	—	Húsavík	—	37	
11.	—	Seyðisfirði	—	14	
12.	—	Neskaupstað	—	15	
13.	—	Vestmannaeyjum	—	77	
14.	—	Reykjalundi	—	14	
15.	—	Borgarnesi	—	19	
16.	—	Patreksfirði	—	13	
17.	—	Þingeyri	—	3	
18.	—	Eskifirði	—	21	
19.	—	Selfossi	—	79	
20.	—	Egilsstöðum	—	0	(starfaði ekki).
			Samtals	ca. 1696	

Við þessa skóla störfuðu skólaárið 1963—1964 171 kennari. Þar af fastráðnir 41, en stundakennarar 130.

Eins og fram kemur af yfirlitinu hafa aðeins þrír skólanna 100 nemendur eða fleiri, þ. e. Reykjavík, Hafnarfjörður og Akureyri.

Fimm skólanna hafa 30—80 nemendur, en 11 skólar eru með innan við 30 nemendur.

Að dómi nefndarinnar er þessi mikli fjöldi iðnskóla, þar sem mikill meiri hluti skólanna hlýtur jafnan að hafa tiltölulega fáa nemendur, mjög óheppilegur fyrir þróun iðnfræðslunnar. Reynslan hefur sýnt, að mjög fámennir skólar hljóta jafnan að vera vanbúnir til þess að veita nemendum á slíkum sérskólum þau tækifæri til náms, sem stærri skólarnir geta boðið upp á og því ávallt sú hætta fyrir hendi, að mikið misræmi sé í námi nemenda, eftir því, hvar þeir eru búsettir. Hefur reynslan sannað þetta að því er iðnskólana varðar.

Það hlýtur að vera grundvallarkrafa, að allir iðnnemar, hvar sem þeir eru búsettir á landinu, eigi kost hliðstæðrar menntunar bæði í skóla og á vinnustað.

Til þess að þessu marki verði náð, telur nefndin nauðsynlegt að iðnskólum verði fækkað verulega frá því sem nú er, en í þess stað verði þeim skólum, sem starfræktir verða, búin skilyrði til þess að veita þá fræðslu, sem áskilin er og verði hún sú sama í öllum skólunum, eftir ákveðinni námsskrá, sem staðfest verði af lögmætum yfirvöldum iðnfræðslunnar.

Enda þótt þau sjónarmið hafi komið fram, að fjöldi iðnnema á landinu gefi ekki tilefni til starfrækslu fleiri en fjögurra skóla, vill nefndin ekki á þessu stigi gera tillögur um slíkt. Hins vegar er það skoðun nefndarinnar, að stefna beri að því að fækka skólaumdæmum í 8, og er þá við það miðað, að einn skóli verði í hverju hinna átta núverandi kjördæma landsins.

Yrði horfið að því ráði væri líklegur nemandafjöldi í hverjum skóla sem hér segir, miðað við fjölda nemenda skólaárið 1963—1964:

Iðnskólar.

1. Reykjavíkurkjördæmi	900	nemendur.
2. Reykjaneskjördæmi	200	—
3. Suðurlandskjördæmi	156	—

4. Austurlandskjördæmi	50	nemendur.
5. Norðurlandskjördæmi, eystra	191	—
6. Norðurlandskjördæmi, vestra	63	—
7. Vestfjarðakjördæmi	44	—
8. Vesturlandskjördæmi	92	—
Samtals	1696	nemendur.

Þessi fækkun iðnskólanna mundi gera nauðsynlegt að skólarnir hefðu ráð á heimavistarhúsnæði fyrir þá nemendur, sem fjærst byggju þeim stað, þar sem skólinn í hverju kjördæmi væri staðsettur. En þegar þess er gætt, að fæstir núverandi skólar eru í eigin húsnæði og þurfa í næstu framtíð að ráða bót á húsnæðismálum sínum til frambúðar, kemur mjög til athugunar að staðsetja skólana í skólahverfum með öðrum skólum og koma upp sameiginlegu heimavistarhúsnæði fyrir þá skóla. Vart getur leikið á því vafi, að fyrir ríki og sveitarfélög yrði sparnaður af slíkri tilhögun, þar sem öll sveitarfélög í kjördæmi sameinuðust um byggingu og rekstur skóla í stað þess að hvert sveitarfélag komi upp eigin skóla. Mótbáran gegn umræddri tilhögun yrði vafalaust sú, að með þessum hætti yrði þeim meisturum, sem þurfa að senda nemendur sína að heiman til skólanáms, gert erfiðara fyrir en nú. Þetta eru þó lítilvæg rök, þegar haft er í huga, að nemendur eiga að eiga kost aukinnar menntunar og betri aðstæðna við námið.

Auk þess mætti hugsa sér, að þeim hagnaði, sem við þetta fengist fyrir ríkið og sveitarfélög, yrði að einhverju leyti varið til styrktar þeim nemendum, sem í heimavist þyrftu að búa.

Um breytingar á námsefni, inntökuskilyrði o. s. frv. vísast til næsta kafla.

Inntökuskilyrði.

Samkv. lögum um iðnskóla frá 1955 eru inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára.
2. Að hann hafi lokið miðskólaprófi.
3. Að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á, fyrir umsækjendur um iðnnám.

Í lögunum er þó undanþága þess efnis, að iðnskólum er heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir hafa lokið skyldunámi og sýna við inntökupróf, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

Varla hefur verið til þess ætlazt, að undanþága þessi yrði mjög almennt notuð og a. m. k. að gerðar yrðu talsverðar kröfur í því inntökuprófi, sem gert er ráð fyrir að koma skuli í stað 3ja bekkjar náms miðskóla. Til þess að gera það enn skýrara, hve mikilvægt atriði þessi undanþága er, er rétt að benda á það, **að 3ja bekkjar nám í miðskóla jafngildir fyllilega að tímalengd þremur fyrstu námsárum í iðnskóla.**

Í framkvæmd hefur þessum inntökuskilyrðum verið mjög slælega framfylgt. Það er mjög algengt, að þeir, sem hefja iðnnám, hafi aðeins lokið skyldunámi og sumir jafnvel ekki lokið því með áskildum árangri. Hafa þessar aðstæður haft þau áhrif á inntökuprófið, að það er víða nánast málamyndapróf til þess að fullnægja bókstaf laganna. Svo mikil brögð eru að þessum undanþágum, að þær hafa haft veruleg áhrif á námsefni iðnskólanna, sem orðið hefur að miða við getu þessara nemenda og hefur það því að verulegu leyti nánast verið upprifjun á almennu námi miðskólanna fyrir þá nemendur, sem öllum skilyrðum hafa fullnægt, og minni tími orðið til faglegrar og tæknilegrar kennslu en nauðsynlegt verður að telja.

Framámenn nokkurra iðnstétta telja nú að nauðsynlegt sé að gera meiri kröfur um inntökuskilyrði en jafnvel lögin gera ráð fyrir. Má í því sambandi nefna málaleitan rafvirkjameistara til hins háa ráðuneytis á sínum tíma, er farið var fram á gagnfræðapróf sem inntökuskilyrði, en ráðuneytið vísaði erindinu til nefndarinnar. Svipaðar raddir hafa heyrzt frá bifvélameisturum og jafnvel fleirum. Telja þessir aðilar að auka þurfi rúm í kennsluskránni ekki aðeins fyrir faglegt og tæknilegt nám á sínu sviði, heldur einnig fyrir aukið málanám og nefna í því sambandi að iðnaðarmönnum í þessum greinum sé nauðsynlegt að skilja t. d. enska leiðarvísa, sem algengt er að fylgi nýjum vélum og tækjum. Að sjálfsögðu er þörfin á lengd bóklega og raunar einnig verklega námsins nokkuð mismunandi hjá mismunandi iðngreinum, en vandasamt og viðkvæmt að draga þar mjög í dilka um almenna bóknámið.

Nefndin telur, að þó að æskilegt væri að gera jafnvel meiri kröfur en miðskólapróf til inntöku í einstaka iðngreinum, sé ekki rétt að gera meiri lágmarkskröfur að svo stöddu, en leggur hins vegar áherzlu á að undanþáguheimildin verði afnumin eða a. m. k. mjög takmörkuð við tiltekin tilvik. Hefur nefndin í þessu sambandi í huga eingöngu þá, er byrja iðnnám af einhverjum ástæðum verulega seinna en algengt er. Má gera ráð fyrir, að þeir hafi meiri þroska og taki námið, þegar svo stendur á, fastari tökum en vænta má af 15—16 ára unglingum, enda væri þá rétt að hafa inntökuprófið þyngra en nú er.

Líklegt má telja, að erfitt sé að komast hjá því að undanþáguheimild sé til í nefndu tilviki, en nefndin leggur áherzlu á, að aðeins einn aðili t. d. Iðnfræðsluráð hafi heimild til þess að veita þessar undanþágur að fengnu áliti viðkomandi iðngreinar. Er þetta nauðsynlegt til þess að koma í veg fyrir misjafna framkvæmd og misnotkun og með þessu móti mætti algjörlega taka fyrir undanþágu í þeim iðngreinum, sem nauðsynlegt kann að vera talið.

Með þessu er að vísu ekki orðið við þeim kröfum, sem lengst ganga, en nefndin telur mjög mikilvægt ef hægt væri að koma skilyrðinu um miðskólapróf í raunhæfa framkvæmd og að það myndi mjög auka möguleika iðnskólanna til að gegna hinu faglega og tæknilega hlutverki námsins á fullnægjandi hátt. Rétt er þó að benda á, að æskilegt væri að miðskólapróf milli skóla víðsvegar um landið væri samræmt betur en nú er.

Takmörkun undanþáguheimildarinnar með þeim hætti, sem lýst hefur verið, svo og aðrar þær breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á iðnnáminu, fela í sér það miklar endurbætur, að varla er ástæða til róttækari breytinga á inntökuskilyrðum að óreyndu máli.

Verkstæðisskóli — forskóli.

Svo sem getið er áður í þessari skýrslu, er meginmunurinn á framkvæmd iðnfræðslu hér á landi annars vegar og í nálægum löndum, sem upplýsingar eru til um, hins vegar, fólginn í því, að flestar þjóðir, aðrar en við, hafa lagt megináherzlu á að flytja a. m. k. byrjunarstig iðnnámsins af vinnustað í sérstaka verkstæðisskóla (forskóla), þar sem verðandi iðnnemum er veitt fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnaðarstarfsins.

Reynslan hefur sýnt, að kostir þessarar tilhögunar eru ótvíræðir, þ. e., að láta unglingana stunda nám í verkstæðisskóla áður en þeir hefja námið á vinnustað. Í skóla er áherzla lögð á að kynna nemendunum verkfæri, efni og starfshætti og jafnframt að þjálfa verklega hæfni þeirra í viðkomandi iðngrein á kerfisbundinn hátt og leggja þannig haldgóðan grundvöll að frekara námi á vinnustað.

Alkunnugt er, að á vinnustað er oft litið á undirbúningskennsluna sem álag á dýrmætan tíma sveina og meistara, og vill því verða tilviljanakennt, hvort eða hvað nemendur læra. Auk þess má benda á, að með vaxandi hagræðingu, vélvæðingu og jafnvel sjálfvirkni í atvinnulífinu rýrna kennslumöguleikarnir á vinnustað.

Samtök vinnumarkaðarins hafa því í flestum löndum lagt áherzlu á, að byrjunarnámið fari fram í forskólum, þannig að áður áminnztu álagi verði létt af vinnustaðnum, en í þess stað hafi nemendurnir náð þeirri hæfni, þegar þeir hefja störf og frekara nám á vinnustað, að þeir falli sem bezt inn í þá starfshætti, sem þar ríkja.

Eins og áður getur, hefur þessi tilhögun ekki komizt á hér á landi. Að vísu hafa verið gerðar nú síðustu árin nokkrar tilraunir í svipaða átt við Iðnskólann í Reykjavík, en þar hefur verið um að ræða stutt námskeið í einstökum iðngreinum, en ekki kerfisbundna kennslu, svo sem hér er rætt um. Enda hefur skólana skort aðstöðu við þessar tilraunir, bæði húsnæði og nauðsynlegar vélar og tæki.

Eigi að síður er það samdóma álit þeirra, er til þekkja, að þessi vísir að verklegu námi hafi gefið góða raun og hvetji mjög til þess að halda lengra á þessari braut. Hefur þessi starfsemi vafalaust átt sinn þátt í því að vekja þann almenna skilning, sem nú er fyrir nauðsyn þess að gera grundvallarbreytingu á tilhögun iðnfræðslu hér á landi. Allt frá árinu 1893, er fyrst voru sett lög hér á landi um iðnnám, og raunar frá því iðnnám hófst og fram að þessu, hefur verið byggt á því fyrirkomulagi, að verklega námið fari fram á vinnustað undir stjórn meistara í viðkomandi iðngrein, en iðnskólar, eftir að þeir komu til sögu árið 1904, skyldu eingöngu annast bóklega kennslu og teikningu.

Eins og fram er komið, er þetta námsform nú orðið úrelt með flestum menningarþjóðum og hafa margar þjóðir um áratugaskeið látið verulegan hluta — og jafnvel allt iðnnámið fara fram í sérskólum.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að eigi megi dragast lengur að hliðstæð breyting á iðnfræðslukerfinu eigi sér stað hér á landi og að komið verði upp verkstæðisskólum, þar sem iðnnám geti farið fram. Sem fyrsta áfanga að þessu marki leggur nefndin til að komið verði upp sérstökum forskóla, þar sem þeim, sem hyggja á iðnnám, gefist kostur á að nema undirstöðuatriði iðngreinanna.

Gerir nefndin ráð fyrir að slíkur skóli yrði eins árs skóli, þ. e. starfaði í 8—9 mánuði (32 raunverulegar kennsluvikur að viðbættum prófum) með 42 klst. kennslu á viku. Námsefni verkstæðisskólans (forskólans) myndi skiptast nokkurn veginn að jöfnu milli verklegs náms og bóknáms. Verklega námið færi fram eftir fyrirframgerðum námsreglum (í meginatriðum eftir fyrirmynd norsku verkstæðisskólanna), en bóklega náminu er ætlað að svara til endurskoðaðrar námsskrár 1. og 2. bekkjar iðnskóla.


Ekki er gert ráð fyrir, að verklegir forskólar verði í fyrstu starfandi í öllum iðngreinum, heldur verði megináherzla lögð á fjölmennustu iðngreinarnar og þá byrjað á málmiðnaðargreinunum, sbr. ályktun Alþingis frá 1963, tréiðnaðargreinum, rafvirkjun o. s. frv. eftir því, sem húsrými og aðrar aðstæður leyfa.

Á meðfylgjandi skýringamynd er sýnt, hvernig nefndin hugsar sér umrædda kennslutilhögun. Gangur námsins yrði í stórum dráttum þessi: Sá, sem lokið hefur tilskildu undirbúningsnámi (miðskólaprófi) og hyggst nema einhverja þeirra iðngreina, sem kenndar eru í forskóla, innritast í forskólann og nemur þar í 8 mánuði.

Að því loknu tekur við nám á vinnustað. Þar sem kerfisbundið nám í skóla undir stöðugri leiðsögn iðnlærðs kennara mun gera nemandanum kleift að tileinka sér fyrr handbrögð hverrar iðngreinar en í byrjun námstíma á vinnustað, má gera ráð fyrir, að 8 mánaða skólavist geti valdið a. m. k. 12 mánaða styttingu á námstíma hjá meistara.

Þar sem gert er ráð fyrir, að kennsla forskólans í bóknámsgreinum svari til 1. og 2. bekkjar iðnskóla, myndi sá, sem lokið hefur forskóla og hefur nám hjá meistara eða fyrirtæki, innritast í 3. bekk iðnskóla.

Til mála kemur, að þeir nemendur, sem lokið hafa meiru en miðskólaprófi, t. d. gagnfræðaprófi, geti lokið að mestu námsefni 3. bekkjar þegar í forskóla (með sérstakri námsskrá) og fengju þeir þá að sjálfsögðu þeim mun meiri styttingu á námstíma sínum.



Skýringarmynd ll. Skólakerfið.

Einnig kemur til álita, að þeir nemendur forskólans, sem áður hafa lokið gagnfræðaprófi verknáms, fái frekari styttingu á námstíma sínum á vinnustað. Á þennan hátt myndu verkstæðisskólarnir gera kleift að stytta þann heildartíma, sem varið er til iðnnáms, en námstími í löggiltum iðngreinum er nú 3—5 ár, mismunandi eftir iðngreinum.

Síðan mætti svo færa verkstæðisskólakerfið út, bæta við öðru námsári fyrir þær greinar, sem slíkt hentar, og kenna allt iðnnámið í skóla í þeim greinum, sem slíkt er unnt. (Videregående verkstedeskole — Fullstendig verkstedeskole). Þá mundi tilkoma verkstæðisskóla opna aukna möguleika til þess að koma á verklegum námskeiðum, bæði fyrir nemendur og iðnaðarmenn. Auk þess sem sjálfsagt væri að hagnýta aðstöðu skólanna til námskeiðahalds fyrir starfsfólk í verksmiðjuiðnaði, sem þyrfti á starfsþjálfun að halda en hefði ekki þörf fyrir fullkomið iðnnám. Enn fremur gæti verkstæðisskólinn haft mikilvægu hlutverki að gegna í sambandi við verknám verðandi verkstjóra og þeirra, sem hygðust stunda tækninám í greinum, sem ekki krefjast iðnmenntunar.

Geta skólans til þess að sinna slíkum verkefnum færi að sjálfsögðu eftir því, hve rífleg fjárframlög yrðu veitt til verkstæðisbygginga og vélakaupa, þjálfunar sérhæfðra kennara o. s. frv.

Fjöldi og staðsetning verkstæðisskóla.

Þau rök, sem áður voru færð fram gegn fjölda fámennra iðnskóla, eiga enn frekar við um verkstæðisskóla.

Vegna kostnaðar við verkstæðisbyggingar og nauðsynlegar vélar og verkfæri, koma vart til greina nema fáir skólar á landinu. Nefndin gerir ráð fyrir, að verkstæðisskólarnir starfi í nánum tengslum við iðnskólana, lúti sömu yfirstjórn og hagnýti til fulls húsnæði þeirra til bóknáms, kennslukrafta og stjórnsýslukerfi. A. m. k. fyrst í stað verður þó að gera ráð fyrir, að verkstæðisskóli verði eigi starfræktur við nema fáa skóla, eða 2—4. Höfuðáherzlu ber, að dómi nefndarinnar, að leggja á að koma upp verkstæðisskólum, þar sem nemendur eru flestir, þ. e. í Reykjavík og á Akureyri. Þyrftu þessir tveir skólar að hafa með höndum kennslu í öllum þeim iðngreinum, sem gert er ráð fyrir að unnt sé að kenna í forskóla. Þyrfti þeim áfanga að vera náð á næstu 5 árum, eða fyrir árið 1970.

Síðan bæri að fjölga skólunum svo sem nauðsynlegt yrði talið, t. d. um aðra tvo á árabilinu fram til 1975. Einnig kæmi til greina að fjölga verkstæðisskólum frekar á þessu tímabili ef æskilegt þætti, en takmarka þær greinar, sem kenndar væru í hverjum þeirra, t. d. með því að hafa málmiðnaðardeild við einn skólann, en tréiðnaðardeild við annan. Enda kemur vart til greina að hafa allar deildir starfandi nema við fjölmennustu skólana, sökum þess, að í öðrum skólaumdæmum eru nemendur úr tiltölulega fáum iðngreinum, eða þá að nemendafjöldinn er svo lítill, að ekki er unnt að halda uppi sérkennslu fyrir þá þar. Yrðu slíkir nemendur fyrst um sinn að búa eingöngu við verknám á vinnustað eða að stunda forskólanám sitt utan skólaumdæmis, en gætu hins vegar stundað iðnskólanám í héraði.

Þegar íhugaðir eru möguleikar á því að hrinda þessum áformum í framkvæmd ber að hafa í huga, að við Iðnskólann í Reykjavík var á þessu ári hafizt handa um viðbyggingu við skólahúsið. Er sú viðbygging áformuð fyrir verklegt nám. Ef ákveðið yrði nú þegar að hagnýta þá byggingu til stofnunar verkstæðisskóla og jafnframt tryggt fé til framkvæmda, þ. m. t. til kaupa á nauðsynlegum vélum og áhöldum, standa vonir til að unnt yrði að hefja þar kennslu í málmiðnaðardeild skólaárið 1965—1966. Ef nægjanleg fjárframlög fást, ætti enn fremur að vera unnt að hefja einnig kennslu í tréiðnaðardeild og e. t. v. fleirum.

Leggur nefndin áherzlu á, að ofangreind ákvörðun verði nú þegar tekin af lögmætum yfirvöldum, að svo miklu leyti, sem hún er ekki þegar fyrir hendi, sbr. áður áminnzta ályktun Alþingis um stofnun forskóla fyrir málmiðnað, jafnframt

því, sem nauðsynlegt fjármagn verði tryggt til þess að ljúka umræddum byggingaráfanga svo fljótt sem unnt er.

Á Akureyri hefur verið undirbúin bygging yfir iðnskólann þar. Liggja nú fyrir samþykktar teikningar að skólahúsinu, en framkvæmdir munu ekki hafnar. Lóð sú, sem skólinn hefur fengið til ráðstöfunar, mun rúma nauðsynlegar verkstæðisbyggingar enda gert ráð fyrir slíkum byggingum á uppdráttum þeim, sem samþykktir hafa verið af skólahúsum. Fáist nægjanlegt fjárframlag ætti að vera unnt að koma þar upp húsnæði fyrir verkstæðisskóla í málmiðnaði a. m. k. á 2—3 árum.

Þá er nefndinni kunnugt um að í Hafnarfirði er hafinn undirbúningur að nýbyggingu yfir iðnskólann þar. Hefur skólinn þegar tryggt sér rúmgóða lóð, sem rúma mun þær byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir verkstæðisskóla. Kemur mjög til greina að þar yrði staðsettur iðnskóli fyrir Reykjaneskjördæmi allt, og yrði í framtíðinni komið þar upp verkstæðisskóla jafnframt.

Fjöldi iðnnema nú — áætluð fjölgun.

Í árslok 1963 voru skráðir 2061 iðnnemar á landinu öllu, samkvæmt skýrslu iðnfræðsluráðs. Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að hefja iðnnám, þegar unglingur hefur náð 16 ára aldri. Námstími er 4 ár í flestum iðngreinum, þannig að námi getur lokið við tvítugs aldur. Mun mikill meiri hluti iðnnema vera í þessum aldursflokkum, þ. e. 16—20 ára.

Efnahagsstofnunin hefur látið gera áætlun um aldursskiptingu þjóðarinnar fram til ársins 1970. Samkvæmt því yfirliti má gera ráð fyrir að unglingar á aldrinum 16—20 ára hafi verið 13100 árið 1963. Af þessum aldursflokkum hafa því sem næst 15.7% stundað iðnnám, eða samtals 2061 svo sem að framan getur.

Miðað við nemendafjölda í árslok 1963, hefja að jafnaði um 500 nemendur nám árlega (meðaltal 1959—1963). Gera má ráð fyrir, að um 80% þessara nemenda séu við nám í þeim iðngreinum, sem gert er ráð fyrir að verði kenndar í forskóla, eða samtals um 400 nemendur. Með öðrum orðum: Ef allir þeir nemendur, sem hefja iðnnám í dag í málmiðnaði, tréiðnaði, rafmagnsiðnaði og bifvélavirkjun, eiga að geta stundað byrjunarnám sitt í verkstæðisskóla, þarf að vera völ á um 400 námsplássum. Til þess að mæta þeirri þörf, þarf að byggja skólaverkstæði að gólffletarmáli um 6000 m^2 (að jafnaði 15 m^2 pr. nemanda), miðað við að einsett sé í skólaverkstæði.

Sennilega má haga kennslu þannig, að unnt sé að tvísetja verkstæðin og má þá a. m. k. fyrst í stað komast af með hálfu færri gólffletarmetra.

Því miður liggja ekki fyrir neinar tölur um þörf atvinnuveganna fyrir iðnmenntað starfsfólk í næstu framtíð. Til þess að reyna að gera sér nokkra grein fyrir sennilegri þróun iðnnemafjöldans, hefur nefndin stuðzt við áðurnefnda áætlun Efnahagsstofnunarinnar um aldursskiptinguna. Samkvæmt því má gera ráð fyrir, að unglingar í þeim aldursflokkum, sem áður greinir, þ. e. 16—20 ára, verði árið 1970 sem næst 16.100.

Ef gert er ráð fyrir að sama hundraðstala þessara aldursflokka ráðist í iðnnám eins og raunin varð árið 1963, þ. e. 15.7%, munu iðnnemar verða sem næst 2500. Nýir nemendur verða samkvæmt því um 625 á ári.

Ef gert er ráð fyrir óbreyttu hlutfalli sem fyrr í verkstæðisskólann, verður þörf fyrir rösk 500 námspláss árið 1970, miðað við að sömu iðngreinar verði kenndar þar og ráðgert er að kenna í upphafi. Þó ber að gera ráð fyrir, að iðngreinunum fjölgi smátt og smátt.

Þá má vafalaust gera ráð fyrir, að vaxandi hluti umræddra árganga muni á næstu árum leita í iðnnám, bæði vegna aukinnar þýðingar iðnaðarins í atvinnulífinu, svo og þegar möguleikar til tækninams aukast hér á landi með tilkomu Tækniskóla Íslands.

Loks má ætla að verkstæðisskólinn muni, þegar fram í sækir, gegna mikilvægu hlutverki fyrir verksmiðjuiðnaðinn í landinu og veita þjálfun sérhæfðu starfsliði í ýmsum greinum, þar sem ekki er þörf fullrar iðnmenntunar.

Að öllu þessu athuguðu telur nefndin að þörf muni vera fyrir allt að 1000 námspláss í verkstæðisskólum árið 1975. Sennileg skipting milli landshluta gæti verið þessi:

Reykjavík	ca.	500
Suður- og Vesturland	—	250
Norðurland	—	150
Vestfirðir og Austurland	—	100
Samtals		1000

Hér er eingöngu um áætlun að ræða, sem byggð er á atvinnuháttum í dag. Breytingar á atvinnuháttum, tilkoma stóriðju o. s. frv. munu hafa mikil áhrif á þörfina. Sérstaka þýðingu hefur að sjálfsögðu, í hvaða landshlutum slíkur iðnaður yrði staðsettur.

Húsnæðisþörf og kostnaður.

Verkstæðisskólar krefjast mikils húsrýmis og töluvert meira á hvern nemanda en almennir skólar. Til þess að gera þetta ljósara skal tilgreint hér það húsrými, sem Norðmenn telja nauðsynlegt fyrir skólaverkstæði í þeim greinum, sem einkum hefur verið rætt um hér að framan. Er þá miðað við að 12—15 nemendur séu samtímis við nám á verkstæðinu:

Málmiðnaður:

Skólaverkstæði	130 m²
Efnisgeymsla	14 —
Verkfærageymsla	10 —
Eldsmiðja og raf- og logsuða	40 —
Kennaraherbergi	6 —
Samtals	200 m²

Tréiðnaður:

Skólaverkstæði	150 m²
Verkfærageymsla	6 —
Herbergi fyrir lakkeringu o. þ. h.	15 —
Geymsla fyrir framleiðslu	15 —
Efnisgeymsla	20 —
Þurrkklefi	8 —
Kennaraherbergi	6 —
Samtals	220 m²

Rafmagnsiðnaður:

Skólaverkstæði	110 m²
Tilraunastofa	50 —
Verkfærageymsla	8 —
Efnisgeymsla	15 —
Geymsla fyrir vélar og tæki	6 —
Kennaraherbergi	6 —
Samtals	195 m²

Bifvélavirkjun:

Skólaverkstæði	150 m²
Verkfæra- og efnisgeymsla	44 —
Kennaraherbergi	6 —
Samtals	200 m²

Nokkrar iðngreinar gera kröfu til meira húsrýmis, en yfirleitt má gera ráð fyrir að skólaverkstæði með því sem tilheyrir útheimti 134—255 m².

Í þessum tölum er eingöngu um að ræða það húsrými, sem verklega námið þarfnast. Auk þessa er að sjálfsögðu þörf fyrir almennar kennslustofur, sem hér er gert ráð fyrir að séu sameiginlegar með iðnskólum.

Kostnaður vegna kaupa á nauðsynlegum vélum og tækjum í hvert þessara verkstæða yrði væntanlega sem hér segir, og er þá stuðzt við slíkan kostnað í Noregi og gengið út frá sama búnaði og þar er krafizt (norskar krónur umreiknaðar á skráðu gengi):

Málmiðnaðarverkstæði	kr.	780 000.00
Tréiðnaðarverkstæði	—	1 020 000.00
Rafmagnsiðnverkstæði	—	420 000.00
Bifvélaverkstæði	—	780 000.00
Gas- og rafsuðuverkstæði	—	330 000.00

Búnaður verkstæðanna er miðaður við kennslu í undirstöðuatriðum iðngreinanna og yrði að sjálfsögðu mun meiri ef um tveggja eða þriggja vetra skóla yrði síðar að ræða.

Eins og áður er sagt, er gert ráð fyrir að byggja þurfi verkstæðisskóla fyrir 500 nemendur fram til ársins 1970.

Nefndin áætlar stofnkostnað við þennan áfanga samtals 88.1 milljón króna, sem skiptist þannig:

Byggingar 26.250 m³	kr.	65 600 000.00
Búnaður, vélar og tæki	—	22 500 000.00
Samtals	kr.	88 100 000.00

Í þessum kostnaðaráætlunum, sem miðast við verðlag í dag, er eingöngu reiknað með kostnaði við byggingu húsnæðis fyrir verkstæðisskóla, en ekki almennra kennslustofa. Í Reykjavík er talið að þær almennu kennslustofur, sem fyrir hendi eru í núverandi byggingu, muni fullnægja þörfinni á umræddu tímabili, enda fái skólinn bygginguna alla til afnota.

Á Akureyri er hins vegar nauðsynlegt að byggja yfir skólann að öllu leyti og er undirbúningur hafinn að því svo sem áður getur.

Þá er þess enn fremur að geta, að í áætluninni er gengið út frá því að einsett sé í skólaverkstæði. Reynist hins vegar unnt að tvísetja verkstæðin a. m. k. að einhverju leyti, mun stofnkostnaður við byggingar lækka að því marki.

Sennilega mun kostnaður við vélar og tæki aukast eitthvað við þá tilhögun.

Varðandi rekstrarkostnað verkstæðisskóla, er rétt að það komi fram, að í Noregi er talið að rekstrarkostnaður verkstæðisskóla sé u. þ. b. 2½ sinnum meiri en rekstrarkostnaður almennra framhaldsskóla. Á þetta rót sína að rekja til þess m. a. að færri nemendur koma á hvern kennara í verkstæðisskóla en almennum skóla, svo og kostnaður við viðhald véla og verkfæra og efniskostnaður.

Vinnustaðanámið.

Í tillögum þeim, sem fram eru settar hér að framan, felst sú meginbreyting frá núverandi tilhögun iðnfræðslunnar, að fyrir þá nemendur, sem geta sótt verkstæðisskólann, styttist vinnustaðanámið um eitt ár, a. m. k. þegar þeim áfanga er náð, að allir iðnnemar eigi þess kost að stunda undirbúningsnámið í forskóla, ber að lengja verkstæðisskólann um einn vetur í tilteknum greinum og stytta vinnustaðanámið að sama skapi. Í nokkrum iðngreinum kemur til greina að allt námið fari fram í skóla og yrði þá um 3ja ára verkstæðisskóla að ræða.

Nefndin telur ekki ástæðu til á þessu stigi að gera ítarlegar tillögur í þessu efni, þar sem fyrsti áfangi þessa máls í heild miðar að því að koma á fót forskólanum, en hann er undirstaða frekari skipulagsbreytinga á þessu sviði fræðslukerfisins.

Forskólanum er ætlað að bæta úr þeim vandamálum sem skapast í vinnustaðanáminu í upphafi námstímans og á námið þar, undir stjórn iðnlærðra kennara, að tryggja að nemendur komi vel undirbúnir til verklegs náms á vinnustað hjá meistara eða iðnfyrirtæki. Með þessu er þó ekki allur vandi leystur. Eftir stendur sú staðreynd, að mjög er misjafnt og tilviljanakennt, hvað nemendur fá tækifæri til þess að læra á vinnustað. Til þess að ráða bót á þessu telur nefndin nauðsynlegt, að settar verði námsreglur fyrir hverja iðngrein, þar sem ítarlega verði skilgreint við hvaða störf iðnnemar skuli vera á námstímanum, hve lengi við hvert starf o. s. frv. Þeir einir fái síðan leyfi til þess að taka nemendur, sem hafi skilyrði til þess að uppfylla settar námsreglur. Iðnfræðsluráð hefur gert tilraun í þessa átt með setningu „ramma-reglna“, en reynslan hér á landi og annars staðar sýnir, að slíkar námsreglur þurfa að vera miklu ítarlegri, ef árangur á að nást.

Til þess að tryggja það, að slíkar námsreglur séu á hverjum tíma í samræmi við þarfir atvinnugreinanna, er ætlazt til að innan hverrar iðngreinar starfi fræðslunefndir, sbr. skýringamynd I, er verði iðnfræðsluráði til ráðuneytis um setningu slíkra námsreglna, viðurkenningu námsstaða og eftirlit með náminu. Í fræðslunefndunum er gert ráð fyrir að eigi sæti fulltrúar atvinnurekenda og launþega í iðnaði, jafnmargir frá hvorum aðila. Þá er og gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir eftirlitsmenn, t. d. í öllum fyrirtækjum af ákveðinni stærð, og fylgist þeir með því að námsreglum sé framfylgt á vinnustað.

Með setningu og framkvæmd slíkra námsreglna ætti að vera unnt að koma því til leiðar að allir nemendur fengju nokkurn veginn sömu kennslu á vinnustað, enda gert ráð fyrir, að reglurnar verði það almennar að allir, sem á annað borð fá leyfi til nemendatöku, geti uppfyllt þær.

Hins vegar veldur aukin sérhæfing í atvinnurekstri því, að ákveðin verkefni, sem eru nauðsynlegir þættir iðnnámsins, verða eigi til staðar á öllum námsstöðum. Til þess að fylla í slík skörð, er ætlazt til að iðnskólarnir verji hluta af kennslutíma sínum til verklegs náms, fyrst og fremst í þeim störfum, sem mest er áfátt á vinnustað.

Verknámsskólar gagnfræðastigsins.

Eitt af verkefnum nefndarinnar skv. skipunarbréfi var „að rannsaka hvort unnt sé að samræma eða sameina verknámsskóla gagnfræðastigsins og forskóla fyrir væntanlega iðnnema.“

Skv. lögum nr. 22 10. apríl 1946, er svo ákveðið, að gagnfræðastigið skuli greinast í tvær deildir, bóknámsdeild og verknámsdeild, eftir því á hvort námið er lögð meiri áherzla. Í framkvæmd hefur reyndin orðið sú, að aðeins við einn skóla, þ. e. Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík, hefur slík aðgreining átt sér stað. En í þann skóla hefur verið safnað þeim nemendum í Reykjavík, sem hafa látið í ljós meiri áhuga á verklegu námi en bóklegu. Við aðra skóla gagnfræðastigsins hefur verið lögð áherzla á bóknám, þótt um nokkurt verknám hafi verið að ræða jafnframt (handavinna, matreiðsla, smíðar o. fl.).

Athugun nefndarinnar á þessu viðfangsefni hefur því eingöngu beinzt að Gagnfræðaskóla verknáms í Reykjavík.

Við téðan skóla starfa nú tvær verknámsdeildir, þ. e. trésmíðadeild og járnsmíða- og vélvirkjadeild. Í skólanum er nemendum kennd meðferð algengra verkfæra og véla og látnir smíða einfalda hluti.

Til þessa er varið 10—12 klukkustundum á viku í 28—30 vikur í 3. og 4. bekk.

Þessi kennsla er vafalaust til þess fallin að þjálfa handlagni nemenda og þroska hæfileika þeirra til þess að leysa ýmis verkleg viðfangsefni, sem menn almennt þurfa að fást við.

Það er hins vegar álit nefndarinnar, að ekki beri að líta á þessa kennslu sem undirbúning að iðnnámi, þ. e. að hún geti komið í stað kerfisbundinnar kennslu í undirstöðuatriðum iðnaðarstarfs, svo sem stefnt er að með verkstæðisskóla (forskóla).

Nefndin telur, að verkleg kennsla í verknámsdeildum gagnfræðastigsins, eigi fyrst og fremst að stefna að því að veita nemendum upplýsingar um helztu atvinnugreinar, t. d. með heimsóknum á vinnustaði, og gera nemendur hæfari til þess að ákveða sér lífsstarf. Kennslan yrði þannig fremur starfsfræðsla en undirbúningur að námi í ákveðinni grein í venjulegri merkingu.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir, er það skoðun nefndarinnar, að eigi sé unnt né hagkvæmt að sameina þetta fræðslustig forskólum fyrir iðnnema, þar sem kennslutilhögun og kröfur yrðu af eðlilegum ástæðum með gjörólíkum hætti.

Hins vegar kemur til álita, hvort ekki væri unnt, að uppfylltum vissum skilyrðum, að láta þá nemendur verknámsdeildar, sem hafa hug á iðnnámi, njóta veru sinnar í verknáminu, með þeim hætti, að þeir fengju styttingu á námstíma sínum á vinnustað, enda fari verklegt nám slíkra nemenda í verknámsdeildum gagnfræðastigsins fram eftir námsreglum, sem yfirvöld iðnfræðslunnar staðfesta.

Er nánar vikið að þessum möguleika í kaflanum um verkstæðisskóla — forskóla. Sjá enn fremur skýringamynd II.

Þessi hlið málsins var ítarlega rædd við þá Löken og Kvikstad og lögðu þeir mjög ákveðið áherzlu á að verknámskennsla gagnfræðadeildanna gæti á engan hátt komið í staðinn fyrir þá kerfisbundnu verklegu æfingaröð, sem forskólanum er ætlað að framkvæma, sem byrjun í skipulögðu iðnnámi. Töldu þeir, að slíkum skólum væri alls staðar ætluð almenn verkþjálfun og kynning af iðnnámi og starfsnámi (yrkesorientering). Þeir lögðu áherzlu á, að þeir teldu slíkt nám mjög styrkja aðstöðu nemendanna til iðnnáms og væri ekkert því til fyrirstöðu að láta það koma nemendunum til góða til styttingar á heildariðnnáminu að svo miklu leyti sem það fæli í sér bóklegt og verklegt nám umfram almenn inntökuskilyrði í forskóla. Þetta bóknám ætti þá að koma til frádráttar á almennu bóknámi forskólanna og iðnskólanna og verklegu námi vinnustaðanna, en gæti hins vegar ekki komið í stað verklega hluta forskólanna.

Ef beinlínis ætti að fara að skipuleggja verknám gagnfræðaskólanna til þess að gegna hlutverki forskólanna, sem byrjun á skipulögðu iðnnámi, væri ekki lengur um almennan gagnfræðaskóla að ræða, heldur skóla, sem skipulagslega séð ætti að koma undir stjórn hinnar almennu iðnfræðslu.

Nefndin hefur því, eins og áður er fram komið, gert ráð fyrir því að nám í 4. bekk verknámsdeildar komi eftir hæfilegu mati til frádráttar á bóknámi forskóla eða iðnskóla og verknámi vinnustaða, en ekki í stað verknáms forskóla.

Þjálfun sérhæfðra kennara.

Til þess að unnt verði að framkvæma þær tillögur, sem rætt er um hér að framan, er nauðsynlegt að hefja þegar undirbúning að sérmenntun þeirra sem fást eiga við kennslu í verkstæðisskólum. Skólarnir hafa ekki á að skipa kennurum sem gætu annazt slíka verklega kennslu, nema Iðnskólinn í Reykjavík að mjög tak-

mörkuðu leyti. Þarf því að þjálfa sérstaklega þá kennara sem eiga að hafa þessa kennslu með höndum.

Til kennslu í verkstæðisskólum þarf að velja iðnaðarmenn úr viðkomandi iðngreinum, sem hafa góða almenna menntun, faglega hæfileika og búa jafnframt yfir hæfni til þess að leiðbeina og kenna öðrum.

Með tilliti til þess skamma undirbúningstíma, sem til stefnu er, miðað við áætlun nefndarinnar um að verkstæðisskólar taki til starfa í Reykjavík, og e. t. v. á Akureyri, í byrjun skólaárs 1965—1966, hefur verið kannað hvort unnt sé að fá aðstoð erlendis við þjálfun sérhæfðra kennara í þessu skyni, þar sem ekki er fyrir í landinu slík aðstaða.

Fyrir milligöngu iðnaðarmálaráðuneytisins hefur styrkveitingarnefnd Evrópuráðsins í Strassborg boðið fram 6 styrki sem veittir verða kennurum, eða þeim sem hyggjast gera kennslu að lífsstarfi sínu. Hefur ráðuneytið gert tillögu um að styrkir þessir verði notaðir til þjálfunar kennara í málmiðnaðargreinum fyrir verkstæðisskóla og hefur nefnd Evrópuráðsins fallizt á þá tillögu.

Gert er ráð fyrir, að styrkir þessir verði veittir í byrjun næsta árs og nægi fyrir 6—7 mánaða dvöl í því landi, sem þjálfunin fer fram í. En hver styrkur mun nema um kr. 60 þús.

Evrópuráðið hefur ákveðið að þjálfun kennara fari fram við verkstæðisskóla í Napólí á Ítalíu fyrri hluta árs 1965. Gert er ráð fyrir að kennsla fari fram á ensku.

Nefndin hefði talið æskilegra að þjálfun kennara gæti farið fram á Norðurlöndum, en eigi að síður telur hún mikilvægt að þessi aðstoð skuli vera boðin fram og álítur einsýnt að hagnýta beri aðstoðina.

Gerir nefndin það að tillögu sinni, að Iðnskólanum í Reykjavík og á Akureyri verði heimilað að senda þátttakendur til þessarar þjálfunar, enda tryggi skólarnir sér, að hlutaðeigandi iðnaðarmenn, sem sendir yrðu, séu fúsir til þess að taka að sér kennslu við verkstæðisskóla, að afstöðnu þjálfunartímabili eða síðar, eftir því sem skólanum hentar.

Verði sú tilhögun samþykkt, þurfa skólarnir þegar að hefja undirbúning að vali þátttakenda, þar sem senda þarf Evrópuráðinu nöfn þeirra fyrir 20. nóvember n. k.

Ed. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um vélstjóranám.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI
Grundvallaratriði.

1. gr.

Vélstjóranámskeið skulu vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda:

1. stig. Námskeið á vegum Vélskólans í Reykjavík, námstími 5 mánuðir.
2. stig. I. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
3. stig. II. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
4. stig. III. bekkur vélskólans, námstími 7 mánuðir.

2. gr.

Til þess að ljúka 2., 3. eða 4. stigi vélstjóranáms þarf nemandi áður að hafa lokið lægri stigum þess, sbr. þó 5. tl. b og c 8. gr. og 9. gr.

3. gr.

Sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, á rétt á atvinnuheitinu vélstjóri. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri reglum hafa lokið prófi frá vélskólanum eða hinu minna eða meira mótorfræðinámskeiði Fiskifélags Íslands.

II. KAFLI
Vélstjóranámskeið.

4. gr.

Vélskólinn í Reykjavík skal árlega halda fimm mánaða námskeið fyrir vélstjóraefni, eitt í Reykjavík og eitt eða fleiri eftir þörfum úti á landi, til að búa menn undir að ljúka 1. stigi vélstjóranáms.

5. gr.

Inntökuskilyrði á námskeiðið eru:

a. Að umsækjandi hafi náð 17 ára aldri.
b. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
c. Að umsækjandi kunni sund.

6. gr.

Kennslugreinar á námskeiðinu skulu vera: íslenzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og tilsögn í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, miðunarstöðva og fiskileitartækja.

Að námskeiðinu loknu skulu haldin próf. Þeir, sem standast prófin, hafa þar með lokið 1. stigi vélstjóranáms.

III. KAFLI
Vélskólinn í Reykjavík.

7. gr.

Í Reykjavík skal vera vélskóli. Markmið hans er að búa nemendur undir að ljúka vélstjóraprófi 2., 3. og 4. stigs. Auk þess hefur skólinn með höndum námskeið vegna vélstjóranáms 1. stigs, sbr. II. kafla. Skólinn starfar í þrem bekkjum.

8. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri.
2. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
4. Að umsækjandi kunni sund.
5. Að umsækjandi hafi eitt af þrennu:
   a. lokið vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. staðizt próf að loknu námskeiði fyrir vélstjóraefni, sbr. 4. gr.;
   b. öðlast a. m. k. tveggja ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðizt sérstakt inntökupróf við skólann;
   c. lokið eins vetrar námi í forskóla iðnnáms í járnsmíðagreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstakt inntökupróf við skólann.

Heimilt er vélskólanum að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi samkv. 5. tl. b og c. Ef umsækjendur um skólavist verða fleiri en hægt er að veita viðtöku eða aðrar sérstakar ástæður verða fyrir hendi, er skólanum heimilt að láta alla umsækjendurna ganga undir inntökupróf.

9. gr.

Þeim, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands eftir eldri reglum, skal heimilt að setjast í I. bekk vélskólans, enda fullnægi þeir skilyrðum 1.—4. tl. 8. gr. Þó má víkja frá skilyrði 2. tl. 8. gr., ef umsækjandi hefur aflað sér nægrar almennrar menntunar að dómi vélskólans. Með tilsvarandi skilmálum skal þeim, sem lokið hafa hinu meira námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands eftir eldri reglum, heimilt að setjast í II. bekk vélskólans.

10. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskólans í Reykjavík. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjórann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, Mótorvélstjórafélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þannig að hver þessara aðila tilnefni einn mann. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum nefndarinnar.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

11. gr.

Kennslugreinar í vélskólanum skulu vera sem hér segir, sbr. þó 20. gr.:

I. bekkur: íslenzka, danska, enska, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, kælitækni, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, hjúkrunarfræði og kennsla í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, miðunarstöðva og fiskileitartækja.

II. bekkur: íslenzka, danska, enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, burðarþolsfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, kælitækni og bókfærsla.

III. bekkur: enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, efnafræði, vélteikning, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og vatnsvélafræði.

12. gr.

Þeir, sem staðizt hafa próf úr I. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 2. stigi vélstjóranáms og eiga rétt á að setjast í II. bekk skólans. Heimilt er að krefjast þess, að nemandi hljóti tiltekna framhaldseinkunn við próf úr I. bekk til þess að hann fái að setjast í II. bekk skólans.

13. gr.

Þeir, sem staðizt hafa próf úr II. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 3. stigi vélstjóranáms. Þeir eiga rétt á að setjast í III. bekk skólans, er þeir hafa starfað við gæzlu dieselvélar, 400 hestafla eða stærri, í a. m. k. sex mánuði. Heimilt er að krefjast þess, að nemandi hljóti tiltekna framhaldseinkunn við próf úr II. bekk vélskólans til þess að hann fái að setjast í III. bekk skólans.

14. gr.

Þeir, sem staðizt hafa próf úr III. bekk vélskólans, hafa þar með lokið 4. stigi vélstjóranáms. Þetta námsstig verður því aðeins grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda, að nemandinn hafi einnig lokið sveinsprófi í vélvirkjun. Þeim, sem gert hafa námssamning áður en lög þessi öðlast gildi, nægir þó sveinspróf í einhverri annarri grein járniðnaðar.

15. gr.

Hafi nemandi í I. eða II. bekk vélskólans áður lokið sveinsprófi í vélvirkjun, er heimilt að veita honum undanþágu frá smíðanámi í þessum bekkjum.

16. gr.

Vilji nemandi, sem lokið hefur prófi úr I., II. eða III. bekk vélskólans, síðar taka sveinspróf í vélvirkjun, skal hann eiga rétt á styttingu verklegs námstíma í vélvirkjun vegna smíðanáms í vélskólanum og annarrar starfsreynslu. Einnig skal hann eiga rétt á undanþágu að meira eða minna leyti frá námi og prófum í iðnskóla vegna námsins í vélskólanum. Iðnfræðsluráð setur regur um þessi atriði í samráði við vélskólann. Smíðanámið í vélskólanum skal og skipulagt í samráði við Iðnfræðsluráð.

17. gr.

Auk hinnar almennu I. bekkjar kennslu, sem fram fer á einum vetri í vélskólanum, er heimilt, ef nægileg þátttaka fæst, að gefa nemendum kost á því að ljúka námi í I. bekk á tveim vetrum á kvöldnámskeiðum í vélskólanum.

18. gr.

Kennsla í vélskólanum skal að jafnaði hefjast 15. september ár hvert.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

19. gr.

Kostnaður við vélstjórakennslu samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði.

20. gr.

Menntamálaráðuneytið skal setja reglugerð um vélstjóranám, þar sem kveðið skal á um prófreglur, prófnefndir og einkunnastiga og ítarlegri reglur settar um kennslutilhögun alla, námskeið, skólahald og námsefni. Heimilt er með reglugerðarákvæði að flytja námsgreinar milli bekkja, að taka upp nýjar námsgreinar og lengja námstímann.

21. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur próf 1., 2., 3. eða 4. stigs vélstjóranáms, á rétt á prófskírteini, er gefið skal út bæði á íslenzku og ensku, eftir fyrirmynd, sem menntamálaráðuneytið setur. Á skírteininu skal getið þeirra námsgreina, sem nemandinn hefur verið prófaður í, og þeirra einkunna, sem hann hefur hlotið.

22. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. september 1965. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 71 frá 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Þeir, sem hefja nám í I. bekk vélskólans haustið 1965, skulu lúta ákvæðum laga þessara, en þeir, sem tekið hafa próf úr I. eða II. bekk skólans vorið 1965, skulu ljúka skólanáminu eftir eldri reglum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 21. febrúar 1964 skipaði menntamálaráðuneytið fimm manna nefnd til athugunar á menntunarkröfum og atvinnuréttindum vélstjóra. Í nefndinni eiga sæti: Jón Þorsteinsson, alþm., formaður, Gunnar Bjarnason, skólastjóri, tilnefndur af Vélskólanum í Reykjavík, Guðmundur Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Vélstjórafélagi Íslands, Jón S. Pétursson, vélstjóri, tilnefndur af Mótorvélstjórafélagi Íslands

og Magnús J. Magnússon, forstöðumaður mótornámskeiðanna, tilnefndur af Fiskifélagi Íslands. Skömmu eftir að nefndin hóf starf sitt tók varamaður Jóns S. Péturssonar, Halldór Guðbjartsson, vélstjóri, sæti í nefndinni í stað Jóns og hefur starfað með henni síðan. Enn fremur starfaði Örn Steinsson, vélstjóri, um hríð með nefndinni meðan Guðmundur Pétursson dvaldi erlendis.

Nefndin hefur samið þetta frumvarp til laga um vélstjóranám, og er því ætlað að leysa af hólmi lög um kennslu í vélfræði nr. 71 frá 23. júní 1936, sem nú hafa staðið óbreytt í 28 ár. Lögin frá 1936 eru fyrir löngu orðin úrelt og löng reynsla hefur sýnt ýmsa annmarka á því menntunarkerfi, sem þar er grundvallað. Stórfelld tækniþróun með ört vaxandi vélakosti til lands og sjávar kallar á æ fleiri vel menntaða vélstjórnarmenn. En því miður hefur það sýnt sig, að mikill vélstjóraskortur er í landinu og fjarri því að þörf atvinnuveganna fyrir þessa stétt manna sé fullnægt. Hefur ástandið í þessum efnum farið versnandi ár frá ári og leitt til þess, að fjölda manna með mjög takmarkaða þekkingu á þessu sviði hefur með undanþágum verið veittur réttur til vélstjórnar á fiskiskipa- og kaupskipaflotanum. Mun nú svo komið, að a. m. k. helmingur þeirra manna, sem starfa að vélstjórn á skipaflotanum, hefur eigi lögmæt atvinnuréttindi. Er óþarft að lýsa því, hversu varhugavert það er að þurfa að trúa mönnum með ónóga þekkingu fyrir umsjón og stjórn véla, sem hver fyrir sig geta kostað margar milljónir króna, þar sem stórfelldir fjárhagslegir hagsmunir og jafnvel mannslíf geta verið að veði, ef út af ber. Megintilgangur þessa frumvarps er því sá, að skapa grundvöll fyrir hagfelldari vélstjórnarmenntun og gera mönnum auðveldara en áður að afla sér hennar með það fyrir augum að fjölga svo vélstjórastéttinni á næstu árum, að hún komist yfir að leysa þau verkefni, sem að kalla og sí og æ fara vaxandi. Þessum tilgangi frumvarpsins er fyrirhugað að ná aðallega með þrennum hætti:

1. Með því að láta eina stofnun, Vélskólann í Reykjavík, annast alla vélstjórakennslu í landinu, hvort sem kennslan fer fram í Reykjavík eða úti á landi.
2. Með því að skipta vélstjóranáminu niður í fjögur skýrt aðgreind námsstig, þ. e. eitt námskeið og hina þrjá bekki vélskólans, en hvert námsstig fyrir sig veiti sérstök atvinnuréttindi, sem fari hækkandi eftir því sem námsstigið verður hærra.
3. Með því að rýmka mjög inntökuskilyrðin í vélskólann og slíta að verulegu leyti tengslin milli járnsmíðanáms og vélstjóranáms.

Kennsla í vélfræði hefur fram til þessa verið með tvennu móti. Annars vegar hið minna og hið meira mótorfræðinámskeið Fiskifélags Íslands og hins vegar Vélskólinn í Reykjavík. Engin tengsl hafa verið milli þessara tveggja kennslustofnana. Próf frá námskeiðum Fiskifélagsins hafa ekki veitt nein réttindi til inngöngu í vélskólann og hefur það m. a. leitt til þess á öðru leitinu, að færri nemendur sækja þessi námskeið en ella og á hinu leitinu, að þeir sem ljúka námskeiðunum báðum, hafa ekki átt kost á framhaldsmenntun. Auk þess hefur verið mjög torvelt fyrir þá, sem lokið hafa minna námskeiðinu, að komast inn á meira námskeiðið og naumast önnur leið fær til þess heldur en afla sér í millitíðinni fjögurra ára starfsreynslu sem vélstjóri, en það er fráleit regla. Vélskólinn í Reykjavík á hinn bóginn starfar sem ein heild í þrem bekkjum, því ákvæði laganna frá 1936 um skiptingu hans í minni og meiri vélstjóradeild hafa eigi verið framkvæmd um langt árabil, en rafmagnsdeildin hefur smátt og smátt glatað eðli sínu sem sérstök deild, þar eð kennsla í rafmagnsfræði fer nú fram í öllum bekkjum skólans. Nemendur í vélskólanum hafa eigi hlotið nein atvinnuréttindi á mótorskipum út á námið fyrr en þeir hafa lokið skólanum að fullu.

Inntökuskilyrði í vélskólann hafa verið starfsemi hans fjötur um fót og haft það í för með sér, að miklu færri nemendur hafa sótt skólann en æskilegt er. Það skilyrði, sem mestu hefur varðað, er, að nemandinn hafi í fjögur ár stundað iðnaðarnám í einhverri grein járniðnaðarins. Þessi regla hefur reynzt mjög óheppileg. Fjögurra ára undirbúningstími er óþarflega langur, ef rétt er á haldið, auk þess

sem undirbúningurinn er naumast á réttu sviði í öðrum greinum járniðnaðarins en vélvirkjun. Þeir, sem hafa hugsað til vélskólanáms, hafa margir horfið frá því ráði vegna kröfunnar um að hafa áður stundað iðnaðarnám í fjögur ár. En jafnvel þótt þeir hafi viljað leggja á sig iðnaðarnám til að komast í vélskólann, hefur þeim verið óhægt um vik, því járnsmíðaverkstæðin hafa verið ófús til að taka slíka nemendur, sem eigi ætla sér að ílendast í iðngreininni.

Með tilvísun til framanritaðs gerir frumvarpið ráð fyrir að rýmka mjög inntökuskilyrðin í vélskólann, sbr. 8. gr. frumvarpsins, þó það hafi óhjákvæmilega í för með sér, að menn komi nokkuð misjafnlega undirbúnir í skólann, en úr því er reynt að bæta með því að taka upp nokkra smíðakennslu í I. og II. bekk vélskólans og áskilja sérstakt inntökupróf í vissum tilfellum. Lágmarksaldur til inngöngu í skólann hefur vegna kröfunnar um iðnaðarnámið raunverulega verið 20 ár, en er með frumvarpinu lækkaður niður í 18 ár. Frumvarpið miðar einnig að því að fella námskerfið saman í eina heild með því að láta Vélskólann í Reykjavík hafa með höndum alla vélstjórakennslu í landinu og láta mótorfræðinámskeið Fiskifélags Íslands hverfa með öllu úr sögunni. Fyrsta námsstigið verður fimm mánaða vélstjóranámskeið, sem halda skal bæði í Reykjavík og úti á landi, og skal vélskólinn annast um það. Þetta námskeið kemur í stað hins minna mótorfræðinámskeiðs Fiskifélagsins, en próf frá því á að veita rétt til inngöngu í I. bekk vélskólans að öðrum skilyrðum fullnægðum. Þó verður unnt að komast inn í I. bekk vélskólans einnig eftir öðrum leiðum, sbr. b- og c-lið 5. tl., 8. gr., en þeir, sem þær leiðir fara, verða að taka sérstakt inntökupróf. Annað, þriðja og fjórða námsstigið verða svo hinir þrír bekkir vélskólans. Má því segja, að I. bekkur vélskólans, auk þess að gegna sínu eldra hlutverki áfram, komi nú einnig í stað hins meira mótorfræðinámskeiðs Fiskifélagsins.

Nefndin var sammála um, að æskilegt væri að öll námsstig vélstjórakennslunar í landinu heyrðu undir eina og sömu stofnun, Vélskólann í Reykjavík, eins og lagt er til í frumvarpinu. Þrátt fyrir það gat nefndin vel fallizt á, að 1. námsstigið, þ. e. fimm mánaða vélstjóranámskeiðið samkv. II. kafla frumvarpsins, yrði í höndum Fiskifélags Íslands, með hliðsjón af því, að Fiskifélagið hefur um áratuga skeið haldið uppi mótorfræðinámskeiðum og farizt það vel úr hendi og skapað sér aðstöðu bæði í Reykjavík og úti á landi til að gegna þessu hlutverki. Um þetta efni ráðgaðist nefndin við Fiskifélag Íslands. Áleit félagið, að ef það tæki að sér 1. námsstigið, þyrfti það að leggja í verulegan aukinn kostnað hér í Reykjavík vegna væntanlegrar aukinnar aðsóknar að náminu, en taldi á hinn bóginn Vélskólann í Reykjavík vera færan til að taka þessa kennslu að sér í höfuðborginni án þess að þurfa að leggja fé í nýjar byggingar. Að vel athuguðu máli komst Fiskifélagið því að þeirri niðurstöðu, að skynsamlegast væri, að Vélskólinn í Reykjavík hefði 1. námsstigið að öllu leyti með höndum. Er ekki vafi á því, að sú niðurstaða er hagfelld með tilliti til nýtingar húsnæðis, kennslukrafta og kennslutækja, en þess utan ætti að fást betra heildarskipulag á náminu með þessu móti. Af þessu mun svo leiða, að vélskólinn verður að yfirtaka þá aðstöðu, sem Fiskifélagið hafði skapað sér úti á landi til að halda vélstjóranámskeið.

Lagt er til í frumvarpinu, að stofnuð verði fimm manna skólanefnd við Vélskólann í Reykjavík, sbr. 10. gr. Fiskifélag Íslands óskaði eftir því að eiga fulltrúa í nefndinni, svo að félagið rofnaði eigi alveg úr tengslum við vélstjórafræðsluna í landinu, þó mótorfræðinámskeið þessi yrðu lögð niður. Var sjálfsagt að verða við þeirri ósk.

Í frumvarpinu felst sú breyting frá núgildandi reglum, að hvert námsstig verður grundvöllur sérstakra atvinnuréttinda. Af þessu leiðir, að jafnframt verður að gera breytingu á lögum um atvinnu við siglingar að því er varðar atvinnuréttindi vélstjóra, og er frumvarp um það efni í undirbúningi. Í rauninni væri einnig þörf á því að setja löggjöf um atvinnuréttindi vélstjóra, sem starfa í landi við raforkuver, síldarverksmiðjur, frystihús o. s. frv. Það fyrirkomulag, sem gilt hefur, að

nemendur í vélskólanum hafa í reynd ekki hlotið nein atvinnuréttindi út á námið, nema ljúka öllum bekkjum skólans, er ekki hagkvæmt meðal annars fyrir þá sök, að atvinnulífið hefur þörf fyrir menn með misjafnlega mikla vélstjórnarmenntun. Á hinu leitinu er það alveg nægjanlegt, að minni hluti nemenda í skólanum fari í gegnum öll námsstigin og afli sér vélmeistararéttinda.

Vegna inntökuskilyrðanna í vélskólann er það yfirleitt svo, að hver og einn, sem lýkur þaðan námi, er í senn vélstjóri og járniðnaðarmaður. Breytingarnar á inntökuskilyrðunum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, munu leiða af sér, að þarna verður að skilja nokkuð á milli í framtíðinni, enda ekki talin þörf á því að aðrir vélstjórar hafi iðnréttindi en þeir einir, sem ljúka öllum stigum vélstjóranáms og taka að sér störf sem yfirvélstjórar á stærstu skipum flotans. Til þess að öðlast full atvinnuréttindi verða þessir menn að ljúka sveinsprófi í vélvirkjun, sbr. 14. gr. frumvarpsins, en kunnátta í þeirri grein járniðnaðarins kemur vélstjóranum að mestum notum.

Frumvarpið veitir þeim, sem lokið hafa hinu minna námskeiðsprófi Fiskifélags Íslands, rétt til að setjast í I. bekk vélskólans, ef öðrum skilyrðum er fullnægt. Á sama hátt fá þeir, sem lokið hafa meira námskeiðsprófinu, að setjast í II. bekk. Að vísu kann eitthvað á það að skorta, að þessir menn hafi nægan undirbúning, en í staðinn kemur, að þeir búa margir yfir mikilli starfsreynslu. Þar sem hér er um stóran hóp manna að ræða, getur þessi ráðstöfun orðið til þess að auka mjög aðsókn að vélskólanum á næstu árum.

Áður en nefndin gekk endanlega frá frumvarpinu var það sent eftirtöldum aðilum til umsagnar: Iðnfræðsluráði, Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Fiskifélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands, Mótorvélstjórafélagi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Fékk frumvarpið góðar undirtektir hjá öllum þessum aðilum, en þó komu fram nokkrar athugasemdir og ábendingar, sem flestar hafa verið teknar til greina við endanlega gerð frumvarpsins.

Undirstöðuatriði frumvarpsins hafa verið rakin hér að framan og grein gerð fyrir þeim ástæðum, er að baki liggja. Að öðru leyti nægir að vísa til frumvarpsins sjálfs og eftirfarandi skýringa við einstakar greinar þess.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Við 1. gr.

Í greininni er sett fram sú undirstöðuregla, að vélstjóranámið skuli vera í fjórum mismunandi stigum, sem hvert fyrir sig er skýrt afmarkað. Hvert stig skal veita sérstök atvinnuréttindi, en reglur um það þarf að setja með breytingum á lögum um atvinnu við siglingar.

Í námstímanum, sem greinin kveður á um, er m. a. fólginn sá tími, sem fer í próf. Hér er um lágmarksnámstíma að ræða, sem heimilt er að lengja með reglugerðarákvæði, sbr. 20. gr. Námstíminn í vélskólanum hefur verið um það bil 7½ mánuður í hverjum bekk, en nauðsynlegt er að lengja námstímann í I. og II. bekk vegna smíðanámsins.

Við 2. gr.

Hér er kveðið á um, að eitt námsstigið skuli taka við af öðru eins og eðlilegt er. Þó er heimilt að hlaupa yfir 1. námsstigið, ef nemandinn fullnægir annaðhvort skilyrðum b- eða c-liðar 5. tl. 8. gr.

Við 3. gr.

Mælt er svo fyrir um í greininni, að hver sá, sem lýkur einhverju stigi vélstjóranáms, eigi rétt á atvinnuheitinu vélstjóri. Sama rétt eiga þeir, sem eftir eldri reglum hafa lokið prófi frá vélskólanum eða mótorfræðinámskeiðum Fiskifélagsins. Efni greinarinnar er hliðstætt niðurlagi k-liðar 2. gr. laga um atvinnu við siglingar frá 1946, en á betur heima í lögum um vélstjóranám.

Við 4. gr.

Námskeið þetta kemur í stað hins minna mótorfræðinámskeiðs Fiskifélagsins, en verður nokkru veigameira, þar sem það á að standa einum mánuði lengur. Gera verður ráð fyrir, að Vélskólinn í Reykjavík yfirtaki þá aðstöðu til námskeiðshalds, er Fiskifélagið hafði skapað sér úti á landi.

Við 5. gr.

Inntökuskilyrðin á námskeiðið eru hin sömu og gilt hafa fyrir hið minna mótorfræðinámskeið Fiskifélagsins að því undanskildu, að aldursmarkið er lækkað um eitt ár.

Við 6. gr.

Kennslugreinarnar eru hinar sömu og kenndar voru á hinu minna mótorfræðinámskeiði Fiskifélagsins. Þó er bætt við tilsögn í meðferð og umhirðu fiskileitartækja.

Við 7. gr.

Vélskólinn skal starfa í þrem bekkjum svo sem hann hefur gert í reynd undanfarna tvo áratugi, enda hefur ákvæðum laga nr. 71 frá 1936, um kennslu í vélfræði, er kveða svo á um, að skólinn skuli starfa í þrem deildum, þ. e. minni vélstjóradeild, meiri vélstjóradeild og rafmagnsfræðideild, lítt verið framfylgt. Í greininni er getið þess viðbótarhlutverks, sem skólanum er ætlað með frumvarpinu, þ. e. að annast um vélstjóranámskeið í Reykjavík og úti á landi.

Við 8. gr.

Inntökuskilyrðin samkvæmt grein þessari eru í verulegum atriðum breytt frá því, sem áður var, en það leiðir m. a. af þeim tilgangi frumvarpsins að rýmka inntökuskilyrðin. Fallið er frá því inntökuskilyrði, sem var skólanum mestur fjötur um fót að því er aðsókn varðaði, að nemandi hafi í fjögur ár eftir 16 ára aldur stundað iðnnám í einhverri grein járniðnaðar. Í staðinn þarf umsækjandi að uppfylla eitt af þremur skilyrðum 5. tl. Það er enn fremur nýmæli að setja lágmarksaldurinn 18 ár og krefjast þess, að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.

Rétt er að vekja athygli á því, að sá sem lokið hefur vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. námskeiðsstiginu, fær ekki inngöngu í I. bekk vélskólans nema að uppfylla jafnframt skilyrði 1.—4. tl. Sama gildir að sjálfsögðu um þá, sem ekki hafa vélstjóranám 1. stigs að baki, en komast inn í skólann samkvæmt ákvæðum b- eða c-liðar 5. tl.

Niðurlag greinarinnar um heimild fyrir vélskólann til að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi og að láta alla umsækjendur ganga undir inntökupróf, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, er nýmæli.

Við 9. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er þeim, sem lokið hafa hinu minna eða hinu meira mótorfræðinámskeiði Fiskifélagsins, gefinn kostur á að komast í vélskólann til þess að afla sér meiri þekkingar og meiri réttinda. Er þetta í samræmi við ákvæði 8. gr. um breyttar inntökureglur og rýmkun þeirra. Þessi heimild er nauðsynleg og sanngjörn m. a. fyrir þá sök, að mótorfræðinámskeið fiskifélagsins verða lögð niður samkvæmt frumvarpinu.

Við 10. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur farið með yfirstjórn Vélskólans í Reykjavík og er það óbreytt samkvæmt greininni. Skipun skólanefndar er aftur á móti nýmæli, sem ætti að geta orðið til þess að efla skólann og skapa nánari tengsl milli hans annars vegar og vélstjórastéttarinnar og vinnuveitenda vélstjóra hins vegar, en báðir þessir aðilar skulu eiga fulltrúa í skólanefndinni.

Við 11. gr.

Kennslugreinarnar, sem taldar eru upp í greininni, eru að mestu hinar sömu og nú eru kenndar í vélskólanum. Sérstaklega skal þó vakin athygli á því, að tekin er upp smíðakennsla í I. og II. bekk skólans. Er þetta nauðsynlegt til þess að vega upp á móti því, að samkvæmt reglum frumvarpsins geta menn komizt inn í skólann með litla eða enga smíðakunnáttu. Greinin er fyrst og fremst rammi til leiðbeiningar, því heimilt er með reglugerðarákvæði að flytja námsgreinar milli bekkja og bæta við nýjum námsgreinum, sbr. 20. gr.

Við 12. og 13. gr.

Þess er að vænta, að margir nemendur í vélskólanum hætti námi ýmist eftir I. bekk eða II. bekk, enda er ætlunin sú, að hvert námsstig eða hver bekkur gefi tiltekin atvinnuréttindi. Atvinnuvegirnir hafa þörf fyrir menn með misjafnlega mikla vélstjóramenntun, og það nægir alveg að minni hluti þeirra ljúki 4. námsstigi, þ. e. III. bekk vélskólans. Er því eðlilegt að hafa heimild til að krefjast sérstakrar framhaldseinkunnar fyrir þá, sem ætla að halda áfram námi eftir I. eða II. bekk. Enn fremur er talið nauðsynlegt, að þeir, sem vilja setjast í III. bekk og ljúka þar með síðasta námsstiginu, hafi áður aflað sér nokkurrar starfsreynslu í meðferð véla.

Við 14. gr.

Þeir, sem ljúka 4. stigi vélstjóranáms, munu fyrst og fremst verða yfirvélstjórar á stærstu skipum flotans. Mjög mikilvægt er talið, að þessir menn hafi auk vélstjóranámsins sveinspróf í vélvirkjun. Er því eðlilegt að setja sveinsprófið sem skilyrði fyrir atvinnuréttindum út á 4. stig vélstjóranáms. Eftir núgildandi lögum þurfa menn yfirleitt sveinspróf í einhverri grein járniðnaðar, þegar þeir hefja nám við vélskólann. Því er talið sanngjarnt, að þeir, sem gert hafa námssamning fyrir gildistöku þessara laga með það í huga að læra síðar vélstjórn, verði eigi sviptir neinum möguleikum, þótt námssamningur þeirra hljóði upp á einhverja aðra grein járniðnaðarins en vélvirkjun.

Við 15. gr.

Sennilega myndi það heyra til undantekninga, þegar þetta nýja námskerfi verður komið til framkvæmda til fulls, að vélvirki byrji nám í vélskólanum. En eigi það sér stað, er sjálfsagt að hafa heimild til að veita honum undanþágu frá smíðanámi í I. og II. bekk vélskólans, enda á hann að búa yfir meiri kunnáttu í smíðum heldur en vélskólinn hefur ástæðu til að láta í té. Hins vegar myndu þeir nemendur, sem ljúka 4. stigi vélstjóranáms, þ. e. III. bekk, og þurfa á sveinsprófi í vélvirkjun að halda til þess að öðlast atvinnuréttindi, sbr. 14. gr., væntanlega í flestum tilfellum afla sér vélvirkjaréttindanna eftir að náminu við vélskólann lýkur.

Við 16. gr.

Ljóst er, að námið í vélskólanum er að sumu leyti sambærilegt við bóklegt nám vélvirkja í iðnskóla og verklegt nám hans í verkskóla eða hjá meistara. Er því réttmætt, að sá, sem lokið hefur prófi úr einhverjum bekk vélskólans, en vill síðar afla sér sveinsréttinda sem vélvirki, fái styttingu verklegs námstíma og nokkra undanþágu frá prófum og námi í iðnskóla út á námið í vélskólanum. Sérstaklega getur þetta orðið þýðingarmikið fyrir þá, sem ljúka 4. námsstigi og þurfa vegna atvinnuréttindanna að afla sér sveinsprófs í vélvirkjun.

Við 17. gr.

Heimildin til að taka I. bekk vélskólans á tveimur vetrum á kvöldnámskeiðum getur verið nauðsynleg til að auka aðsókn að vélskólanum, með því að gefa þeim kost á að mennta sig, sem þurfa að stunda vinnu á daginn. Þetta gæti t. d. komið sér mjög vel fyrir þá menn, sem þegar hafa lokið prófi frá hinu minna mótorfræðinámskeiði Fiskifélagsins, sbr. 9. gr.

Við 18. gr.

Kennsla í vélskólanum hefur venjulega byrjað 1. október, en nú er nauðsynlegt að byrja nokkru fyrr vegna lengingar skólatímans.

Við 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Við 20. gr.

Eðlilegt er, að ítarlegri reglur um kennslutilhögun, skólahald og námsefni en í frumvarpinu greinir verði settar með reglugerð, svo og reglur um próf og einkunnastiga. Í framtíðinni getur skapazt þörf fyrir breytingar í þessum efnum, og væri þá of þunglamalegt að þurfa að koma þeim breytingum á með nýrri lagasetningu. Af þeim sökum er einnig heimilað að flytja námsgreinarnar milli bekkja, taka upp nýjar námsgreinar og lengja námstímann með reglugerðarákvæði.

Við 21. gr.

Svipað ákvæði er í 1. mgr. 19. gr. laga nr. 71 frá 1936, um kennslu í vélfræði. Að öðru leyti þarfnast greinin eigi skýringa.

Við 22. gr.

Rétt er að miða gildistíma laganna við upphaf kennsluársins í vélskólanum, sem byrjar næsta haust. Þeir, sem falla undir hið nýja námskerfi, verða að byrja á upphafinu, og þess vegna getur það eigi náð nema til I. bekkjar á næsta vetri, en þeir, sem þegar hafa lokið I. bekkjar námi, verða að ljúka skólanum eftir eldra kerfinu.

Nd. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um átta nýja héraðsskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Gísli Guðmundsson, Björn Pálsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Markmið laga þessara er að jafna aðstöðu ungmenna til gagnfræðanáms.

2. gr.

Reisa skal 8 nýja héraðsskóla búna heimavist handa nemendum: í Eyjafjarðarsýslu, í Norður-Þingeyjarsýslu, á Reykhólum á Barðaströnd, í Skagafjarðarsýslu, á Suðausturlandi, að Laugum í Dalasýslu, á Snæfellsnesi og í Kjósarsýslu.

3. gr.

Menntamálaráðherra lætur gera í samráði við sýslunefndir kostnaðar- og framkvæmdaáætlun um smíði héraðsskóla samkvæmt lögum þessum. Skal áætlunin við það miðuð, að hafizt verði handa um smíði fyrsta skólans eigi síðar en á árinu 1966 og að smíði allra skólanna verði lokið í síðasta lagi fyrir upphaf skólaárs 1976.

4. gr.

Ríkissjóður ber allan kostnað af byggingu og rekstri þeirra héraðsskóla, sem lög þessi taka til. Haga skal byggingu þeirra svo, að þar megi með hægu móti reka sumargistihús. Sýslur leggja til skólastað ókeypis.

5. gr.

Námsefni og prófkröfur héraðsskóla samkvæmt lögum þessum eru hinar sömu og í hliðstæðum skólum.

6. gr.

Ráðherra ákveður nánar staðsetningu og umdæmi hvers skóla að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og hlutaðeigandi sýslunefndar.

Ríki og sýslufélög eiga samaðild að yfirstjórn hvers héraðsskóla samkvæmt lögum þessum. Menntamálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn og annan þeirra formann. Sýslunefnd kýs þrjá stjórnarmenn að fengnum tillögum fræðsluráðs. Nú teljast fleiri en ein sýsla vera um héraðsskóla, og kjósa hlutaðeigandi sýslunefndir þá á sameiginlegum fundi þrjá stjórnarmenn.

7. gr.

Unglingar, sem heima eiga í umdæmi hlutaðeigandi héraðsskóla, sbr. 6. gr., hafa forgangsrétt til skólavistar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Höfuðdrættir gildandi fræðslulaga, sem sett voru fyrir nærfellt 20 árum, hafa löngum verið taldir samræming fræðslukerfisins, 8 ára skólaskylda og jöfnuður á aðstöðu til skólagöngu. Mjög skortir á, að fræðslulögin hafi verið framkvæmd í samræmi við eðli og orðanna hljóðan. Ber þar fyrst að nefna, að skólaskylduákvæðin hafa ekki verið framkvæmd nema að takmörkuðu leyti, og er mismunur á skólaskyldu eða raunverulegri skólagöngu mjög mikill eftir því, hver sveitarfélög eiga í hlut, enda námsaðstaða mjög ójöfn. Mestur verður munurinn, þegar á öðru leitinu er borin saman skólaganga og námsaðstaða í kaupstöðum, þar sem fyrir hendi eru góðir barna- og gagnfræðaskólar með fjölmennu starfsliði, en á hinu leitinu ástand þessara mála í þeim sveitum, sem enn búa við farkennslu, er aðeins varir nokkrar vikur á vetri um 4—5 ára skeið. Að vísu virðist nú skilningur vaxandi á því, að hefja þurfi barnafræðslu í sveitum úr þeirri niðurlægingu, sem hún hefur verið í um sinn, m. a. með því að gera áætlaða og nauðsynlega sameiningu skólahverfa að veruleika, en með því skapast aðstaða til raunverulegs skólahalds, sem byggt yrði á þjálfuðu kennaraliði og fjölbreyttri kennslu.

Þótt barnaskólarnir verði efldir í sveitunum, er þó eftir að framfylgja fræðslulögunum beint og óbeint að því er tekur til aðstöðu unglinga til hins almenna framhaldsnáms, gagnfræða- eða miðskólanámsins. Aðstaða unglinga í sveitum og ýmsum sjávarþorpum til slíks náms fer síversnandi og lagast ekki, svo að viðunandi sé, nema reistir verði allmargir nýir gagnfræðaskólar í þágu sveitaæskunnar. Héraðsskólarnir í landinu, sem eru átta talsins, eru allt of fáir. Um margra ára skeið hafa skólar þessir orðið að vísa frá jafnmörgum umsækjendum og hægt var að veita skólavist. Afleiðingin hefur ýmist orðið sú, að nemendur úr sveit og ýmsum sjávarplássum hafa orðið að hætta alveg við gagnfræðanám eða fresta því til seinni tíma.

Þetta ástand er í sjálfu sér ekkert undrunarefni. Undanfarinn einn og hálfan áratug hefur ríkt alger kyrrstaða í héraðsskólamálunum. Hefur enginn nýr héraðsskóli verið reistur í landinu síðan 1949, að Skógaskóli undir Eyjafjöllum tók til starfa.

Með frv. þessu er lagt til, að ríkið láti reisa á næsta áratug, 1966—1976, átta nýja héraðsskóla, þ. e. heimavistar-gagnfræðaskóla í þágu dreifbýlisins.

Þá er gert ráð fyrir, að ríkið kosti héraðsskólana að öllu leyti, bæði byggingu þeirra og rekstur, enda hefur þróunin í fjárhagsmálefnum héraðsskólanna stefnt í þá átt. Lætur nærri, að allir héraðsskólarnir séu nú orðnir ríkiseign samkvæmt

ákvæðum laga nr. 34/1962. Að vísu voru skólar þessir á sínum tíma reistir með fjárhagslegri hluttöku viðkomandi sýslna, en það hefur sýnt sig, að sýslusjóðstekjur eru almennt ekki nægar til þess að rísa undir byggingu og rekstri dýrra framhaldsskóla, enda mun í ljós koma, þegar af alvöru verður farið að bæta alla námsaðstöðu í sveitum, að heimamönnum er það eitt ærið nóg að rísa að sínum hluta undir skólum fyrir skyldunámið, þ. e. barna- og unglingastig, enda ber að vinna að því, að allt skyldunámið fari fram í sama skóla.

Tekið er fram í frv., að byggingu héraðsskóla skuli haga svo, að þar megi auðveldlega reka sumargistihús. Með tilliti til vaxandi ferðamannastraums og þeirra vona, sem hægt er að gera sér um tekjur af ferðamönnum, innlendum og erlendum, — og raunar með tilliti til ferðamenningar í landinu, — er æskilegt að samhæfa, eftir því sem kostur er, rekstur heimavistarskóla og sumargistihúsa.

Sþ. 15. Tillaga til þingsályktunar [15. mál]

um atvinnulýðræði.

Flm.: Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar að fela 11 manna nefnd að undirbúa löggjöf um aukin áhrif verkamanna og annarra launþega á stjórn þeirra fyrirtækja, sem þeir starfa hjá. Skal löggjöf þessi vera fyrsti áfanginn í áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum, og ber sérstaklega að stefna að því í fyrstu lotu að veita launþegum ríkisfyrirtækja og þá einkum iðnfyrirtækja veruleg bein áhrif á stjórn þeirra, en starfsmönnum í einkarekstri víðtæk ráðgefandi áhrif.

Nefndin skal skipuð af ráðherra, og tilnefna samtök vinnuveitenda þrjá menn, launþegasamtökin þrjá, þingflokkarnir fjórir tilnefna hver einn mann, en ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar.

Greinargerð.

Tillaga þessi fjallar um aukið *lýðræði* í íslenzkum atvinnurekstri. Hugtakið lýðræði er bein þýðing á gríska orðinu *demokrati*, en *demos* er fólk og *krati* þýðir stjórn. Eins og orðstofnarnir í íslenzka hugtakinu bera einnig með sér, er það lýðræði, þegar alþýða manna stjórnar. Lýðræði í atvinnulífinu er í því fólgið, að launþegar, verkamenn og aðrir starfsmenn, stjórna atvinnurekstrinum.

Þessi tilhögun er í Skandinavíu oftast nefnd *industrielt demokrati* og stundum *bedriftsdemokrati*. Á Íslandi hafa ýmis orð verið notuð, en átt er við sama hugtakið í öllum tilfellum: stundum er þessi réttur kenndur við atvinnuvegina, *atvinnulífslýðræði*, stundum við reksturinn, *rekstrarlýðræði*, en þó langoftast við vinnustaðina, *atvinnulýðræði*. Einnig heyrist stundum talað um *iðnaðarlýðræði*, og er það væntanlega bein þýðing á „industrielt demokrati". Því ber ekki að neita, að lýðræði í atvinnurekstri er sjálfsagðast og auðveldast í framkvæmd í *iðnaði*, ekki sízt á fjölmennum vinnustöðum, og þar mun það fyrst hefja innreið sína. En þessi tilhögun á einnig rétt á sér við aðrar atvinnugreinar, hvort heldur er í verzlun, útgerð, landbúnaði eða þjónustustarfsemi. Iðnaðarlýðræði er því of þröngt hugtak, enda er orðið „industri" í hinu skandinavíska heiti notað í víðri merkingu og táknar atvinnurekstur almennt.

Hin þrjú orðin eru rétt hugsuð og koma öll til greina, en hér verður það valið, sem bezt fer í munni: *atvinnulýðræði*.

Krafan um lýðræði.

Krafan um fullkomið lýðræði er krafan um jafnrétti þegnanna á öllum sviðum þjóðlífsins. Jafnt og þétt hefur þessi krafa náð fram að ganga á æ fleiri sviðum og í æ fleiri löndum.

Pólitískt lýðræði og lýðræði í félagsmálum eru hvort tveggja kröfur, sem óðum eru að ná almennri viðurkenningu sem grundvallarréttindi hvers manns. Er þá átt við prentfrelsi, málfrelsi, félagsfrelsi, almennan kosningarrétt, jafnrétti kynjanna o. s. frv.

Menningarlegt lýðræði er viðurkennt takmark, þótt misjafnlega sé að því unnið. Er þá átt við jafna aðstöðu manna í uppeldis- og menntamálum án tillits til uppruna eða aðstæðna og jöfn skilyrði til að njóta gæða menningarlífsins.

Krafan um efnahagslegt lýðræði er tvíþætt: Annars vegar er átt við, að lífskjör manna og fjárhagsleg afkoma sé sem jöfnust, svo að allir hafi jafna möguleika til að njóta lífsgæðanna. Hér er því átt við fjárhagslegt jafnrétti allra manna. Hins vegar er átt við jafna aðstöðu manna til að hafa áhrif á stjórn efnahagslífsins og þá um leið til að vinna gegn fjárhagslegu misrétti. Einokun fárra manna á stjórntækjum efnahagskerfisins hefur og í för með sér drottnun þeirra yfir atvinnulífinu. Efnahagslegt lýðræði er því nátengt atvinnulýðræði. Munurinn er sá, að hið fyrra beinist að efnahags- og atvinnulífinu í heild sinni, en atvinnulýðræði er fyrst og fremst bundið við vinnustaðinn, fyrirkomulag rekstrarins á hverjum stað.

Það er vissulega óeðlilegt, að þjóðfélagið viðurkenni lýðræði sem grundvallarreglu, en neiti að framfylgja þessari reglu í mikilvægasta þætti þjóðlífsins — atvinnulífinu. Þess vegna er það ein helzta krafa verkalýðshreyfingarinnar víða um heim í dag, að sigurganga lýðræðisins sé ekki stöðvuð við dyr vinnustaðanna.

Markmið atvinnulýðræðis.

Á Íslandi hafa umræður um atvinnulýðræði verið mjög af skornum skammti. Á hinn bóginn hafa þessi mál verið á dagskrá í öllum nálægum löndum á undanförnum árum og þá ekki sízt á Norðurlöndum. Gildir einu, hvort um er að ræða flokka, sem kenna sig við íhaldsstefnu, vinstristefnu eða sósíalisma, — allir viðurkenna þeir þörfina á auknu lýðræði í atvinnulífinu. Aftur á móti er mikill ágreiningur um markmið og leiðir. Til glöggvunar mætti greina á milli þriggja hugmynda, sem allar stefna í sömu átt, en ganga þó misjafnlega langt:

1) *Samráð við starfsmenn í ákveðnum málum.* Fyrsta skrefið í átt til atvinnulýðræðis er að veita starfsmönnum íhlutunarrétt um meðferð nokkurra málaflokka, sem snerta reksturinn, t. d. varðandi vinnuskilyrði og vinnutilhögun, hagræðingu, vinnutíma, öryggisráðstafanir vegna starfsfólks, bætta þjónustu o. fl. Slík réttindi eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg fyrir launþega, en einnig er það skoðun margra, að starfsmenn, sem eiga persónulega hlut að því að leysa vandamál rekstrarins, uni sér betur á vinnustað og eigi hægara með að þroska hæfileika sína í starfinu. Víða meðal atvinnurekenda í kapítalískum löndum er vaxandi vilji til að stefna að þessu marki, þ. e. að auknum, en takmörkuðum meðráðarétti starfsmanna, enda hafa þeir rökstuddan grun um, að aukin samábyrgð og samvinna leiði til aukinna afkasta og framleiðni.

2) *Fulltrúar starfsmanna í minni hluta í stjórn fyrirtækisins.* Ráðgefandi réttindi starfsmanna, eins og lýst er í seinustu málsgrein (1), eru tæpast lokatakmark í margra augum, heldur einungis frumstig atvinnulýðræðis. Næsta skrefið er, að launþegar fá aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á ákvarðanir í öllum vandamálum rekstrarins með beinni þátttöku í stjórn fyrirtækisins. Þetta stig er þó rétt að takmarka við þá tilhögun, að starfsmenn fá að velja stóran hluta stjórnarmanna á lýðræðislegan hátt, en hafa þó ekki náð meirihlutaaðstöðu í stjórn rekstrarins.

3) *Raunveruleg stjórn starfsmanna.* Þá fyrst, þegar starfsmenn hafa öðlazt réttinn til að kjósa meiri hluta þeirra, sem sitja í stjórn fyrirtækisins, er inntak kröfunnar um lýðræði í atvinnurekstri orðið að veruleika. Þessi tilhögun mundi dreifa valdinu í þjóðfélaginu úr höndum hinna fáu til hinna mörgu, svo að efnahags- og atvinnulífið yrði undir lýðræðislegu eftirliti. Réttur löggjafans og fram-

kvæmdarvaldsins til áhrifa á stjórn rekstrarins væri þó ekki afnuminn, enda óhjákvæmilegt, að sérhvert fyrirtæki sé rekið í samræmi við hagsmuni þjóðarheildarinnar.

Erlend reynsla.

Víða um heim er atvinnulýðræði á dagskrá og þá einkum innan verkalýðshreyfingarinnar, eins og áður er sagt, en óvíða hefur orðið mikið úr framkvæmdum. Hér skulu nefnd dæmi frá þremur þjóðum, ef það mætti verða til skilningsauka á þessari tillögu:

Í *Englandi* hafa verið gerðar ýmsar tilraunir til að koma á auknu lýðræði í atvinnulífinu, en þessi viðleitni er þó skammt á veg komin. Árið 1941 voru stofnaðar framleiðslunefndir hjá öllum fyrirtækjum í málmiðnaðinum, og voru þær hugsaðar sem ráðgefandi aðili af hálfu starfsfólksins. Þessar tilraunir tókust misvel, enda voru nefndirnar valdalitlar, en merkar rannsóknir voru gerðar í þessa átt hjá fyrirtækinu Glacier Metals.

Eftir seinni heimsstyrjöldina þjóðnýtti ríkisstjórn Verkamannaflokksins ýmsar mikilvægar greinar atvinnulífsins, svo sem rafmagns-, kola- og gasiðnað og nokkra þætti flutningakerfisins. Samtímis voru gerðar ráðstafanir í lýðræðisátt með því að skipa forustumenn í verkalýðshreyfingunni í stjórn fyrirtækjanna, og komið var á fót stofnunum, sem fastir starfsmenn voru aðilar að og ætlað var einkum að fjalla um mál, sem snertu öryggi, heilsu og velferð launþeganna svo og aukna framleiðni fyrirtækjanna. Þessi tilraun í Englandi hefur gefizt vel, svo langt sem hún nær, en þróun lýðræðis í enskum atvinnuvegum er þó enn á frumstigi.

Í *Noregi* voru lög um verkamannanefndir (arbeiderutvalg) árið 1920 fyrsta viðleitnin í þessa átt. Nefndirnar áttu að vera ráðgefandi í vissum málaflokkum, en lögin komust ekki í framkvæmd.

Í sameiginlegri stefnuyfirlýsingu stjórnmálaflokkanna árið 1945 var boðað, að stofnaðar yrðu „ráðgefandi framleiðslunefndir, skipaðar vinnuveitendum, verkamönnum og öðrum starfsmönnum". Þessi tilhögun hefur síðan náð fram að ganga með heildarsamningum vinnuveitenda og verkalýðshreyfingar, en án sérstakrar lagasetningar.

Fram að þessu hefur viðleitni norskra ráðamanna til að auka lýðræði í norskum atvinnurekstri fyrst og fremst beinzt að hinu fyrsta stigi, sem nefnt var hér að framan: ráðgefandi réttindum starfsmanna. Þó eru þess mörg dæmi, að fulltrúar verkamanna eigi sæti í stjórnum norskra ríkisfyrirtækja.

Nú seinustu árin hefur verkalýðshreyfingin og ríkisstjórn Verkamannaflokksins unnið að undirbúningi nýrrar löggjafar um þessi efni og er einkum að því stefnt, að launþegar hafi veruleg ítök í stjórn rekstrarins, en verði þar í minni hluta. Var það eitt seinasta verk Stórþingsins í vor að samþykkja ný lög um atvinnulýðræði. Hvað nú verður eftir stjórnarskiptin í Noregi, verður engu um spáð.

Fæstir, sem til þekkja, munu neita því, að atvinnulýðræði hefur enn sem komið er náð mestum þroska í *Júgóslavíu*. Frá stríðslokum hefur verkamannaráðið verið sú grunneining í atvinnulífi landsins, sem stjórnað hefur rekstri flestra meiri háttar fyrirtækja. Júgóslavar hafa einbeitt sér sérstaklega að dreifingu miðstjórnar- og framkvæmdavalds með því að veita einstökum landshlutum, sveitarfélögum og þjóðnýttum stórfyrirtækjum aukið sjálfstæði. Verkamannaráðin hafa þó ekki stjórn fyrirtækjanna að öllu leyti í sínum höndum, en bein áhrif starfsmanna á reksturinn eru tvímælalaust mikil.

Enginn mun vilja halda því fram, að skipan þessara mála í Júgóslavíu sé fullkomin, enda um brautryðjandastarf að ræða. En áreiðanlega má mikið læra af Júgóslövum um framkvæmd atvinnulýðræðis. Víða um heim er fylgzt með þessum tilraunum þeirra af miklum áhuga, og til dæmis fór nefnd norskra þingmanna nýlega til Júgóslavíu til þess að kynna sér sérstaklega atvinnulýðræði þar í landi.

Ekki væri síður ástæða fyrir þá nefnd, sem þessi tillaga fjallar um, að gera ráðstafanir til að læra af reynslu Júgóslava.

Íslenzkar aðstæður.

Aukin þátttaka launþega í stjórn fyrirtækja er misjafnlega auðveld í framkvæmd. Aðstæður eru mjög ólíkar í hinum ýmsu atvinnugreinum og jafnvel mismunandi eftir því, hversu fjölmennir vinnustaðirnir eru. Einnig geta skilyrði verið hagstæðari í einu landi en öðru. Verða hér nefnd nokkur atriði, sem snerta sérstöðu íslenzkra atvinnuvega:

a) *Frumstæðir atvinnuhættir.* Íslenzkt atvinnulíf hefur verið í mótun á undanförnum áratugum. Flestar atvinnugreinar hafa tekið miklum breytingum á fáum árum, og ekki hefur enn skapazt sú festa og jafnvægi, sem ríkir í háþróuðum iðnaðarlöndum. Margs konar atvinnurekstur, bæði á vegum ríkis og einkaaðila, stendur þó traustum fótum og er undir það búinn að innleiða í rekstrinum lýðræðislegri vinnubrögð.

Í öðrum tilfellum einkennist rekstur margra einkafyrirtækja af glæfralegu kapphlaupi við skjóttekinn gróða, tilviljanir ráða miklu og framtíð rekstrarins er algerlega háð einum manni, vilja hans og dugnaði, auraráðum og persónulegum samböndum. Í slíkum rekstri, þar sem sjálfsbjargarviðleitnin ræður öllu, er ekki aðstaða til að hugsa um lýðræði.

b) *Árstíðabundin vinna.* Ein helzta forsenda þess, að starfsmenn taki þátt í stjórn fyrirtækja og hafi afskipti af rekstrinum, er sú, að þeir séu samfellt á sama vinnustað um lengri tíma og öðlist þannig nokkra reynslu og þekkingu í starfi sínu við fyrirtækið. Á Íslandi er árstíðabundin vinna fremur algeng, sérstaklega í útgerð og fiskiðnaði. Verður að hafa það í huga, að þar sem fyrirtæki er aðeins starfrækt nokkra mánuði á ári og miklar breytingar verða á starfsliði frá ári til árs, er atvinnulýðræði torveldara í framkvæmd.

c) *Smæð fyrirtækjanna.* Fjöldi starfsmanna við hvert fyrirtæki skiptir einnig nokkru máli. Starfsmennirnir verða að eiga á að skipa mönnum, sem hafa einhverja reynslu í félagsmálum og nægilega forustuhæfileika til að taka þátt í stjórn rekstrarins. Varla þarf að óttast, að á fjölmennum vinnustöðum skorti hæfa forustumenn, en meiri óvissa er um lítil fyrirtæki. Þá ber á það að líta, að þeim mun stærri, sem fyrirtækin eru, þeim mun meiri þörf er á lýðræðislegum vinnubrögðum, þ. e. meðráðaréttindi starfsmanna við stjórn þeirra.

Í Iðnaðarskýrslum 1960, sem Hagstofa Íslands gaf út 1963, eru töflur, sem gefa yfirlit um slysatryggðar vinnuvikur verkafólks og annars starfsliðs hjá íslenzkum iðnfyrirtækjum árið 1959. Þessar tölur veita upplýsingar um meðalfjölda starfsmanna í ýmsum iðngreinum, og má af þeim ráða, að meðalfjöldi starfsmanna við meðaliðnfyrirtæki á Íslandi er um 12 manns. Ekki liggja fyrir upplýsingar um aðrar atvinnugreinar.

Eftir beiðni flutningsmanns þessarar tillögu hefur Hagstofa Íslands samið yfirlit um fjölda íslenzkra iðnfyrirtækja, sem hafa 12 starfsmenn að meðaltali eða fleiri. Kemur í ljós, að af 1246 iðnfyrirtækjum hafa aðeins 362 fleiri en tólf starfsmenn að meðaltali yfir árið. Aðeins 70 iðnfyrirtæki hafa 50 starfsmenn eða fleiri.

Smæð fyrirtækjanna og fámenni á vinnustað er því sérislenzkt einkenni, sem taka verður tillit til.

d) *Ríkisfyrirtæki og samvinnufélög.* Ástæðulaust er að spá neinu um það, hvern hljómgrunn krafan um atvinnulýðræði muni fá meðal íslenzkra vinnuveitenda í einkarekstri. Einhverjir atvinnurekendur munu sjálfsagt fullyrða, að afskipti launþega af rekstrinum hafi einungis truflandi áhrif á stjórn hans, enda séu þeir að fara inn á svið, sem þeim komi ekki við, og með þessu sé verið að skerða löghelgaðan eignarrétt atvinnurekandans.

En hvað sem líður afstöðu einkaatvinnurekenda til þessa máls, er hitt ekki ósennilegt, að auðveldara verði að koma á atvinnulýðræði í ríkisrekstri en einka-

rekstri. Hæg eru heimatökin, ef ríkisvaldið fellst á breytta tilhögun í opinberum rekstri, og sú skoðun mun fljótlega ryðja sér til rúms, að starfsmenn, sem öðlazt hafa reynslu og þekkingu í starfi sínu, eigi frekar heima í stjórn fyrirtækisins en ýmsir embættismenn, pólitískir erindrekar og bitlingasnatar. Á Íslandi er hlutfallslega meira um opinberan rekstur en í flestum löndum Vestur-Evrópu, og má því segja, að skilyrði til að koma atvinnulýðræði í framkvæmd hér á landi séu að þessu leyti góð.

Þá má minna á, að samvinnuhreyfingin á Íslandi er óvenjulega öflug. Eins og fyrr segir, á atvinnulýðræði sérstakan rétt á sér í opinberum rekstri, en ekki á það síður við innan samvinnuhreyfingarinnar. Krafan um lýðræði er náskyld og raunar samofin hinni gömlu samvinnuhugsjón. Félög samvinnumanna byggðu upp starfsemi sína hér á landi með lýðræðislegu samstarfi neytenda í bæjum og framleiðenda í landbúnaði. Síðar hafa forustumenn samvinnumanna villzt nokkuð af leið með því að blanda blóði við einkaframtakið og hverfa frá lýðræðislegum vinnubrögðum í atvinnurekstri. Iðnfyrirtæki á vegum samvinnufélaganna eru mörg í hlutafélagsformi, og hafa hvorki starfsmenn né neytendur þar nokkur áhrif. Því verður þó ekki neitað, að hin styrka staða samvinnuhreyfingarinnar bætir aðstöðuna til að koma á lýðræði í íslenzkum atvinnurekstri.

Árið 1957 var hlutur einkaauðmagnsins í framleiðslufjármunum þjóðarinnar um 36%, en hlutur ríkis, bæja og samvinnufélaga um 31% (þau 33%, sem eftir eru, tilheyra bændum). Ef tekið er tillit til þess, að í hópi hlutafélaga eru allmörg félög, sem ríki, sveitarfélög og samvinnufélög eiga meiri hlutann í og ráða öllu um, hækkar hlutur þess opinbera og samvinnufélaga á kostnað einkaauðmagnsins. Ef litið er á iðnaðinn sérstaklega, eiga einstaklingar og hlutafélög 70%, en samvinnufélög og opinberir aðilar 30% (með sama fyrirvara og áður). Loks má geta þess, að samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar eru 70 af 362 iðnfyrirtækjum, sem hafa tólf starfsmenn eða fleiri, ríkisfyrirtæki, samvinnufélög eða bæjarfyrirtæki, en þar á meðal eru mörg stærstu iðnfyrirtæki landsins.

e) *Fræðslustarfsemi í molum.* Ein helzta forsenda þess að lýðræði í atvinnurekstri geti náð að dafna, er, að launþegasamtökin standi fyrir víðtækri fræðslustarfsemi meðal meðlima sinna og trúnaðarmanna á vinnustöðum, annaðhvort með eða án aðstoðar ríkisvaldsins. Slík starfsemi er skammt á veg komin hér á landi, enda enginn sérstakur skóli starfandi á vegum verkalýðshreyfingarinnar. Þó hafa menn verið sendir utan á vegum launþegasamtakanna til náms í hagræðingartækni, og öðru hvoru eru haldin námskeið fyrir verkstjóra. Hvort tveggja er spor í rétta átt, en hér þarf samt mikil breyting á að verða, jafnhliða því að spurningin um meðráðarétt starfsmanna við rekstur atvinnulífsins er tekin til umræðu innan verkalýðshreyfingarinnar.

Þessi tillaga til þingsályktunar miðar að því að skipa 11 manna nefnd til að undirbúa áætlun til næstu tveggja áratuga um aukið lýðræði í íslenzkum atvinnuvegum. Það skal fúslega viðurkennt, að þetta viðfangsefni er ekki einfalt í framkvæmd. Atvinnulýðræði mun ekki ná fram að ganga nema á löngum tíma og eftir margvíslegar tilraunir. En nauðsynlegt er að hefjast þegar handa um undirbúning: koma á stað viðræðum milli launþega og vinnuveitenda, rannsaka íslenzkar aðstæður og leita eftir reynslu annarra þjóða.

Í tillögunni er ráð fyrir því gert, að stefnt verði að markinu í nokkrum áföngum og sé athyglinni einkum beint í fyrstu lotu að fyrirtækjum í eigu ríkisins og þátttöku starfsmanna í stjórn þeirra. Einnig verði starfsmönnum í einkarekstri veitt aðstaða til að hafa ráðgefandi áhrif í vissum málaflokkum.

Sþ. 16. Fyrirspurn [16. mál]

til menntamálaráðherra um tannlæknadeild háskólans.

Frá Alfreð Gíslasyni:

1. Hvers vegna veitti tannlæknadeild háskólans ekki nýjum nemendum viðtöku nú í byrjun haustmissiris?
2. Er það rétt, að lélegt húsnæði eða annar óhæfilegur aðbúnaður valdi útilokun nýstúdenta frá þessari deild, og hver ber þá ábyrgð á því?
3. Hvenær má gera ráð fyrir, að tannlæknadeildin opni dyr sínar á ný þeim, sem þangað vilja sækja og til þess hafa rétt?

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Flm..: Jón Skaftason, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Gísli Guðmundsson, Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, svo og bæta gæðaeftirlit, þannig að sem beztum árangri verði náð með minnstum tilkostnaði, og leggja niðurstöður fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrædd þá. Allsherjarnefnd mælti öll með samþykkt hennar með nokkrum minni háttar breytingum, sem að áliti flutningsmanna eru ekki til bóta. Er því tillagan endurflutt óbreytt ásamt með greinargerð þeirri, sem henni fylgdi.

Íslendingar eiga mikið undir því að útflutningsverzlunin sé rekin á sem hagkvæmastan og árangursríkastan hátt. Aukið framleiðslumagn og fjölbreyttari framleiðslutegundir krefjast þess, að beitt sé vísindalegum aðferðum í markaðsleit og í auglýsinga- og kynningarstarfsemi. Stöðugt vaxandi samkeppni um kaupmátt neytendanna og háþróuð tækni í vörukynningarstarfsemi hinna voldugu verzlunarhringa gerir aðstöðu þeirra, sem hafa ekki bolmagn eða þekkingu til að fylgjast með þróuninni, stöðugt erfiðari.

Ekki verður hjá því komizt, að við Íslendingar nýtum nýjustu sölutækni fyrir útflutningsafurðir okkar, og sömuleiðis hlýtur stofnun nýrra fyrirtækja að grundvallast meira en verið hefur á ýtarlegum markaðsrannsóknum. Að vísu hafa stærstu útflutningsgreinar fiskiðnaðarins unnið gott starf á þessu sviði, a. m. k. á einstökum mörkuðum, en hins vegar er aðstaða smærri framleiðenda mjög erfið að þessu leyti, enda er útflutningsiðnaður okkar Íslendinga tiltölulega smár, jafnvel miðað við einstök fyrirtæki erlendis. Rétt virðist því að athuga, hvort ekki komi til greina einhvers konar sameiginleg þjónusta í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, a. m. k. fyrir þær útflutningsatvinnugreinar og þau útflutningsfyrirtæki, sem versta aðstöðu hafa til slíkrar starfsemi á eigin spýtur.

Hið opinbera getur veitt mikla og dýrmæta aðstoð í þessum efnum með því að standa fyrir þeirri athugun, sem hér er lögð til, og með því að efla hvers

konar upplýsingastarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna, bæði innanlands og á vegum utanríkisráðuneytisins, svo sem flestar menningarþjóðir hafa gert um áratuga skeið með miklum árangri. Við sendiráð flestra ríkja eru starfandi verzlunarfulltrúar, sérmenntaðir um markaðsmál, er vinna að öflun og útbreiðslu alls konar upplýsinga. Telja má, að nokkrum árangri megi ná með slíkri þjónustu.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að skipulegar markaðsrannsóknir og starfsemi til þess að vinna nýja markaði og nýta betur hina eldri, fullkomin upplýsinga-, kynningar- og auglýsingaþjónusta, ásamt sérhæfðri sölustarfsemi, séu forsendur fyrir arðbærri framleiðslu og undirstaða þess, að hún sé í sem fyllstu samræmi við kröfur markaðanna. Slík starfsemi er hins vegar ekki á færi einstakra smærri útflytjenda, og er því nauðsynlegt að athuga, á hvern hátt má veita þeim þessa nauðsynlegustu þjónustu.

Komið gæti til greina að setja á fót stofnun, sem veitti þessa þjónustu þeim, sem þess óskuðu, með markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi. Slík stofnun þyrfti að hafa á að skipa færustu sérfræðingum, og ætti hverjum útflytjanda að vera frjálst að leita þjónustu hennar fyrir hæfilegt gjald. Stofnun sem þessi, ef sett verður á fót, ætti fyrst og fremst að vera frjáls rannsóknarstofnun undir sérstakri stjórn, óháð beinum afskiptum ríkisvaldsins og án skuldbundinnar þátttöku atvinnuveganna, en veitti þeim útflytjendum þjónustu, sem þess óskuðu. Vel má vera, að stærstu útflytjendur sjávarafurða þyrftu ekki á slíkri þjónustu að halda, en því er alls ekki svo farið um marga hina minni og sérstaklega ýmsar iðngreinar, sem verið er að reyna að koma á fót til útflutningsframleiðslu. Sú athugun, sem hér er lagt til að gerð verði, ætti að leiða í ljós, hvort æskilegt sé að koma á fót slíkri stofnun, og nánar, hvert verksvið hennar ætti að verða, eða á hvern hátt annan sameina má kraftana í markaðsrannsókn, markaðsleit og sölutækni með nýjustu aðferðum.

Einnig er lagt til, að athugað sé, á hvern hátt má auka gæðaeftirlit. Ekki er það hugmynd flutningsmanna, að setja þurfi upp nýja stofnun, sem annist allt gæðaeftirlit á útflutningsvörum landsmanna. Hins vegar virðist eðlilegt, ef niðurstaðan verður sú að setja upp sameiginlega stofnun, eins og að ofan greinir, sem veiti þjónustu í markaðsrannsóknum, markaðsleit og auglýsingastarfsemi, að sú stofnun gangi úr skugga um gæði þeirrar framleiðslu, sem flutt kann að verða út fyrir hennar tilstilli. Gæti hún þá stuðzt við það gæðaeftirlit, sem fyrir er í landinu, og stuðlað á einn hátt eða annan að endurbótum og eflingu gæðaeftirlits, þar sem þess er þörf. Stofnanir sem þessar eru algengar erlendis, og leggja framleiðendur þá oft mikla áherzlu á að fá viðurkenningu slíks aðila á framleiðslu sinni, t. d. með því að prenta viðurkenningu stofnunarinnar á smekklegan hátt á merki framleiðslunnar. Gæti það orðið mjög þýðingarmikill þáttur í útflutningi íslenzkrar framleiðslu, ef einhver slíkur aðili gæti áunnið sér viðurkenningu erlendis sem tryggingu fyrir gæðum framleiðslunnar.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja áherzlu á, að máli þessu sé hraðað og niðurstöður séu lagðar fyrir næsta Alþingi.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Flm.: Skúli Guðmundsson.

1. gr.

Í stað 1.—4. mgr. 81. gr. laganna komi:

Svipta skal mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brots-

ins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi. Réttindasvipting skal vera um ákveðinn tíma, eigi skemur en 1 mánuð, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru eða um ítrekað brot er að ræða. Ef kærði hefur verið sviptur réttindum um stundarsakir samkvæmt ákvæðum 6. mgr. hér á eftir, skal ákveðið í dómi, hvort sá tími skuli dragast frá endanlegum sviptingartíma.

Nú hefur maður verið sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það um lengri tíma en 3 ár, og getur þá dómsmálaráðherra, er 3 ár eru liðin frá sviptingunni og sérstakar ástæður mæla með því, ákveðið, að honum skuli veitt ökuleyfi að nýju eða réttur til að öðlast það, enda sé sannað, að hann hafi ekki gerzt brotlegur við áfengislöggjöf um þriggja ára skeið að undanförnu. Umsókn um endurveitingu ökuleyfis samkvæmt þessari málsgrein skal fylgja vottorð tveggja valinkunnra manna um reglusemi og góða hegðun umsækjanda í næstliðin 3 ár. Slíkt leyfi má þó eigi veita sama manni oftar en einu sinni, nema 6 ár séu liðin frá síðustu réttindasviptingu.

Nú hefur stjórnandi vélknúins ökutækis gerzt brotlegur við 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr., og skal hann þá sviptur ökuleyfi eða rétti til að öðlast það að fullu og öllu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar er ráðherra ekki heimilt að veita þeim manni ökuleyfi á ný eða rétt til að öðlast það, sem hefur verið sviptur þessum réttindum vegna brota á 1. eða 2. sbr. 3. og 4. mgr. 25. greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bifreiðaárekstrar eru mjög tíðir hér á landi og valda gífurlegu tjóni. Menn láta lífið og margir verða fyrir limlestingum í bifreiðaslysum, en þar að auki er það stórkostlega fjárhagstjón, er þau valda. Oft stafa slysin af því, að menn eru ölvaðir við akstur ökutækja. Með því brjóta þeir umferðarlögin, en refsingar fyrir lagabrot af því tagi eru of vægar.

Í þessu frumvarpi er lagt til, að sú breyting verði gerð á umferðarlögunum, að þeir menn, sem aka bifreið eða öðru vélknúnu farartæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu eða rétti til að öðlast það. Ætla má, að þeim mönnum fækki, sem gera sig seka um að hreyfa ökutæki, þegar þeir hafa neytt áfengis, ef þeir eiga á hættu að tapa ökuréttindum ævilangt fyrir þann verknað, og þá mun umferðarslysunum fækka.

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera íslenzkur ríkisborgari.
2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera íslenzkir ríkisborgarar.

3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenzkir ríkisborgarar.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenzkir ríkisborgarar. Í hlutafélögum skulu ⅘ hlutar hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðherra þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem lög láta eigi öðru vísi um mælt.

2. gr.

Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafizt þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhendingu, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sé þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefur aðili eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað fasteignareiganda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt fasteignareiganda, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er eigandi fasteignar eða afnota hennar í hjúskap, en hitt hjóna fullnægir ekki skilyrðum laga þessara til að mega öðlast þess konar eignarrétt eða notkunarrétt, og skal eignarrétturinn þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála. Við slit á fjárfélagi eða búskipti telst eignarrétturinn til hjúskapareignar, nema kaupmáli standi til annars. Um málið fer síðan eftir ákvæðum 7. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða notkunarrétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkvæmt 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefur erlendur ríkisborgari fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt, ef hann er eigi sjálfur heimilisfastur hér á landi, að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú á maður, er lög þessi öðlast gildi, réttindi, sem um ræðir í 1. gr., með lögmætum hætti samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919, og raskast þau réttindi þá ekki við breytingu þessara laga á reglum þeirra laga um þetta efni.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi,
2. þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við millirikjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp, í meginatriðum samhljóða þessu frumvarpi, var lagt fyrir síðasta Alþingi sem stjórnarfrumvarp, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á 1. og 5. grein frumvarpsins, með hliðsjón af breytingartillögum, sem fram komu á síðasta Alþingi frá meirihluta og 1. minnihluta allsherjarnefndar neðri deildar og verður þeirra atriða getið á viðeigandi stað í athugasemdum. Greinargerð þessari fylgir, auk annarra fylgiskjala frumvarpsins frá síðasta Alþingi, „Lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð“, sem fylgdi nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar neðri deildar á þskj. 490 á síðasta Alþingi.

Þess má geta, að á fundi dómsmálaráðherra Norðurlanda, er haldinn var í Álaborg 19. maí 1965, voru að ósk dómsmálaráðherra Íslands teknar til umræðu reglur Norðurlandaríkjanna um heimildir útlendinga til að öðlast réttindi yfir fasteignum. Var þar gerð grein fyrir gildandi reglum, í samræmi við þær upplýsingar, sem koma fram í fskj. II með lagafrumvarpi þessu. Var þá jafnframt gerð grein fyrir reglum gildandi íslenzkra laga og frumvarps þessa, er legið hafði fyrir nýloknu Alþingi 1963—64.

Um framkvæmd laganna á hinum Norðurlöndunum var upplýst, að hún væri frjálslynd, sérstaklega gagnvart Norðurlandamönnum. — Það var upplýst um dönsku lögin, sem eru langyngst, þ. e. frá 1959, að þau eru fyrst og fremst til komin vegna vaxandi ásóknar sunnanað, eftir sumarbústaðalöndum í Danmörku, og þrátt fyrir stjórnarskrárákvæði, sem staðið hefur frá 1915 (þar mun vera fyrirmynd hins íslenzka stjórnarskrárákvæðis), fyrstu lögin um þetta efni þar í landi.

Í Noregi og Svíþjóð eru nú að störfum nefndir, sem fjalla m. a. um svið þessa frumvarps, en á víðara grundvelli (í Noregi um „koncessionslovgivningen“ í Svíþjóð „etableringsutredningen“).

Hér á eftir fylgja athugasemdir og fylgiskjöl frumvarps þessa á síðasta Alþingi, en þá fylgdi því með breytingum og viðauka, sem áður getur, svo hljóðandi greinargerð:

Á síðustu árum hafa farið fram á vegum ríkisstjórnarinnar athuganir á ýmsum löggjafaratriðum, er varða m. a. eignarréttindi og afnotarétt útlendinga yfir fasteignum. Á Alþingi 1963—1964 var til meðferðar þingsályktunartillaga um þetta efni, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar. Jóhann Hafstein dómsmála- og iðnaðarmálaráðherra hefur haft forgöngu um athugun í þeim ráðuneytum, er þessi mál varða sérstaklega, á þeim lagabreytingum, er ný viðhorf kynnu að gera æskilegar. Í athugun málsins hafa tekið þátt ráðuneytisstjórarnir Baldur Möller, dómsmálaráðuneyti, Brynjólfur Ingólfsson, iðnaðarmála- og samgöngumálaráðuneyti, Gunnlaugur Briem, atvinnumálaráðuneyti, Hjálmar Vilhjálmsson, félagsmálaráðuneyti, Sigtryggur Klemenzson, fjármálaráðuneyti og Halldór Jónatansson, deildarstjóri í viðskiptamálaráðuneyti. Jafnframt var haft samráð við hæstaréttardómarana Jónatan Hallvarðsson og Þórð Eyjólfsson. Niðurstaða framangreindra kannana hefur orðið, að rétt hefur þótt að bera fram það frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, sem hér er flutt.

Í frumvarpi þessu felast aðallega þær breytingar frá núgildandi löggjöf, að tekin eru upp ákvæði, sem miða við ríkisfang sem skilyrði fyrir réttindum yfir fasteign, í stað heimilisfangs, sem er skilyrði núgildandi laga. Jafnframt er ákvæði í frumvarpinu um, að meiri hluti hlutafjár í hlutafélögum skuli vera eign íslenzkra ríkisborgara, ef félögin eiga að geta, án ráðherraleyfis, átt fasteign hér á landi. Slíkt ákvæði er ekki í núgildandi lögum.

Þessum athugasemdum fylgja þrjú fylgiskjöl:

I. Yfirlit um réttarstöðu útlendinga með tilliti til fasteigna og atvinnureksturs á Íslandi og
II. Yfirlit um lagaskilyrði fyrireignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum.
III. Lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Hér fara á eftir athugasemdir um efni einstakra greina frumvarpsins að því leyti sem þeirra er þörf.

Um 1. gr.

Hvarvetna þar sem í þessari grein hinna núgildandi laga, þ. e. í öllum fjórum tölulíðum hennar, hafa verið ákvæði um, að heimilisfang á Íslandi sé skilyrði fyrir því að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteignum hér á landi, er í frumvarpsgreininni ákvæði um, að íslenzkur ríkisborgararéttur skuli vera skilyrði í þess stað. Enn fremur er í 4. tölulið greinarinnar nýtt ákvæði varðandi hlutafélög, þar sem það skilyrði er sett fyrir því, að hlutafélög geti átt réttindi yfir fasteign, að ⅘ hlutar hlutafjár séu eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fari með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum. Telja verður, að slík nánari afmörkun eignarheimildar hlutafélaga á fasteignum sé eðlileg, þótt ekki sé kunnugt um, að skortur á slíkri afmörkun hafi fram til þessa komið að sök.

Ekki eru í frv. ráðgerðar breytingar frá núgildandi lögum á ákvæðum um heimild ráðherra til að veita leyfi til að öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteign. Í löggjöf annarra Norðurlanda er engin slík takmörkun á leyfisheimild.

Niður er fellt sérákvæði í niðurlagi 1. gr. um námuréttindi og hagnýtingu vatns og vatnsorku í því sambandi.

Í upphafi greinarinnar kemur orðið: afnotaréttur í stað „notkunarréttur“.

Um 2.—4. gr.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 5. gr.

Á þessari grein er sú breyting gerð, að tilvitnun í lög um nauðungaruppboð frá 1949 kemur í stað tilvitnunar í tilskipun um fjárforráð ómyndugra frá 1847. Enn fremur er breytt orðalagi á nokkrum stöðum í greininni, þannig að í stað „kaupandi“ kemur: aðili, fasteignareigandi eða eigandi.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 20 20. júní 1923, um skyldur og réttindi hjóna, var gerð meginbreyting á fjármálum hjóna. Með tilliti til þeirra breytinga er í frumvarpinu lagt til, að ákvæði greinar þessarar verði samræmt því skipulagi. Er á því byggt, að þegar eigandi fasteignar eða afnota hennar er í hjúskap, þá sé eignarréttur hans í séreign, ef hitt hjóna uppfyllir ekki skilyrði laganna til að öðlast þess konar eignarrétt. Hins vegar er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að við slit á fjárfélagi eða búskipti, þá teljist eignarrétturinn til hjúskapareignar. Ef eignarréttur yfir fasteign eða notkunarrétti fellur við skipti til þess hjóna, sem ekki uppfyllir skilyrði til að eiga þann rétt, fer um það eftir ákvæðum laganna.

Um 7. og 8. gr.

Þessi ákvæði eru óbreytt frá núgildandi lögum.

Um 9. gr.

Breyting á þessari grein er í samræmi við höfuðbreytingu skv. 1. gr. frumvarpsins, er ríkisfangsviðmiðun kemur í stað heimilisfangsviðmiðunar.

Um 10. gr.

Rétt þykir að hafa bein ákvæði um, að þeir, sem öðlazt hafa réttindi yfir fasteign með lögmætum hætti samkvæmt núgildandi lögum, haldi þeim réttindum, þótt lagareglum verði nú breytt.

Um 11. gr.

Vegna hinna breyttu reglna frumvarpsins er ekki þörf á undantekningarákvæði 1. tölul. 11. gr. núgildandi laga varðandi íslenzka námsmenn, sjúklinga og aðra, sem líkt er ástatt um og dvelja erlendis. Að öðru leyti fjallar greinin um sama efni og 11. gr. núgildandi laga.

Fylgiskjal I.

Yfirlit um réttarstöðu útlendinga með tilliti til fasteigna og atvinnureksturs á Íslandi.

(Tekið saman af Halldóri Jónatanssyni).

1. Lög, sem útiloka einstaklinga og félög, án tillits til ríkisfangs, frá ákveðnum réttindum.

a. Raforkulög, nr. 12 2. apríl 1946.

Samkvæmt þessum lögum er ríkinu einu heimilt að reisa og reka raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl. Samþykki Alþingis þarf til að framselja réttindi þessi til innlendra sem erlendra aðila.

2. Lög, sem gera íslenzkt ríkisfang að skilyrði fyrir réttindum.

a. Lög um rétt til fiskveiða í landhelgi, nr. 33 19. júní 1922.

Samkvæmt lögum um fiskveiðar í landhelgi mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka fiskveiðar í landhelgi og landa afla sínum hér á landi til verkunar eða vinnslu. Hlutafélög mega reka fiskveiðar í landhelgi, enda sé meir en helmingur hlutafjárins í eigu íslenzkra ríkisborgara. Hins vegar mega þau því aðeins stunda fiskverkun í landhelgi, að hlutafé sé allt í eigu íslenzkra ríkisborgara. Samkvæmt túlkun hlutaðeigandi íslenzkra stjórnvalda gildir þetta ákvæði ekki um fiskiðnað í landi, heldur fellur slíkur atvinnurekstur undir ákvæði laganna um iðju og iðnað, nr. 18 31. maí 1927. Umrædd túlkun á lögunum hefir ekki verið borin undir dómstóla svo vitað sé. Um fiskveiðar utan landhelgi gildir sú regla, að erlendum ríkisborgurum er bannað að reka héðan fiskveiðar utan landhelgi. Lögin hafa hins vegar engin bein ákvæði um rétt félaga til fiskveiða utan landhelgi. Liggur því beinast við að ályktа, að í þessu efni gildi sömu skilyrði og lögin setja um fiskveiðar félaga í landhelgi á sama hátt og lögin láta sömu reglu gilda um fiskveiðar einstaklinga innan sem utan landhelgi.

Þeir, sem hafa samkvæmt ofangreindu rétt til fiskveiða í landhelgi sem utan hennar, mega samkvæmt lögunum aðeins nota íslenzk skip og báta til veiðanna. Með íslenzkum skipum og bátum er hér átt við skip og báta, sem íslenzkir ríkisborgarar einir eiga. Til að skip eða bátur í eigu hlutafélags geti talizt íslenzkur, virðist allt hlutaféð samkvæmt þessu þurfa að vera í eigu íslenzkra ríkisborgara. Af því leiðir, að hlutafélag, sem hefur rétt til að reka héðan fiskveiðar í landhelgi og utan hennar, getur því aðeins notað eigin skip eða báta við veiðarnar, að allt hlutaféð sé í eigu íslenzkra ríkisborgara. Sé hlutaféð að einhverju leyti í eigu erlendra ríkisborgara innan lögmætra takmarkana verður félagið að notast við íslenzkt leiguskip til veiðanna, til að lagaákvæði, sem heimilar því fiskveiðarnar, nái tilgangi sínum.

Atvinnumálaráðherra getur þó veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölsverksmiðja eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til að fiska fyrir verksmiðjur þessar utan landhelgi til eigin nota.

Erlendum fiskiskipum hefur verið leyft að kaupa hér vistir án sérstaks leyfis. Á hinn bóginn eru olíur, ís og salt fyrir erlend fiskiskip háð útflutningsleyfum, sem eru aðeins veitt til heimferðar. Beitusíld mun seld erlendum fiskiskipum sem útflutningsvara.

b. Loftferðalög, nr. 34 21. maí 1964.

Samkvæmt lögunum geta aðeins „íslenzkir aðilar“ fengið loftför skrásett hér á landi, sbr. 7. gr. laganna. Sé um hlutafélag að ræða, verður það að „hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna“ og íslenzkir ríkisborgarar að eiga ⅔ af hlutafé

og fara á aðalfundum með a. m. k. ⅔ atkvæða. Til að fá leyfi til reksturs reglubundinna loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði þarf skv. 84. gr. laganna að uppfylla sömu skilyrði og til að fá loftfar skrásett (sbr. þó 87. gr., sem heimilar frávik frá þessu „að því leyti, sem sáttmáli við erlent ríki gerir það nauðsynlegt").

c. Lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, nr. 66 17. júlí 1946.

Réttur til að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum er bundinn við íslenzka ríkisborgara og „þá erlenda ríkisborgara, sem jafnrétti hafa við íslenzka ríkisborgara að lögum".

Ákvæði um erlenda ríkisborgara hefur verið skýrt þannig, að aðeins væri átt við atvinnulegt jafnrétti, þannig að það eigi ekki aðeins við um Dani, sem hér njóta jafnréttis síðan fyrir aðskilnað Íslands og Danmerkur, heldur einnig við þá, sem hér hafa landvistar- og atvinnuleyfi.

Annars reynir afar sjaldan á þetta, þar sem lögin eiga aðeins við um skipstjórnarmenn og vélstjóra og áskilja, auk ríkisfangs eða jafnréttis, íslenzk próf.

d. Lög um skráning skipa, nr. 17 8. marz 1948.

Skip má eigi skrásetja hér á landi og skipi er óheimilt að hafa íslenzkan fána, nema fullnægt sé eftirgreindum skilyrðum, þegar einstaklingar og hlutafélög eiga í hlut:

1. Ef einstakur maður á skipið, þá skal hann eiga ríkisfang á Íslandi og hafa átt heimilisfang á Íslandi a. m. k. samfleytt síðasta árið, eða hafa átt heimilisfang á Íslandi a. m. k. 5 síðustu árin.
2. Ef skipið er eign hlutafélags, skal það eiga heimilisfang og varnarþing á Íslandi, enda fullnægi stjórnendur skilyrðum 1. töluliðs um heimilisfang og ríkisfang, og skulu þeir einnig eiga hver hlut í því.

Skip merkir hér hvert það skip, sem skylt er að skrásetja.

3. Lög, sem áskilja búsetu hér á landi sem skilyrði fyrir réttindunum.

Sameiginlegt með öllum þessum ákvæðum er, að þau krefjast án tillits til ríkisfangs búsetu samfara nýtingu réttindanna allt frá og með stofnun þeirra. Auk þess krefjast ákvæðin um atvinnurekstrarréttindi lengri eða skemmri óslitinnar búsetu, áður en til réttindanna er stofnað, en yfirleitt aðeins þegar erlendir ríkisborgarar eiga í hlut.

Upphaflega gerðu lögin þessar sömu kröfur til íslenzkra ríkisborgara, en frá þeim var fallið af sérstöku tilefni með lögum nr. 103 frá 17. desember 1954, er afnámu öll ákvæði í þágildandi lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

Lög þau, sem hér flokkast, skilgreina ekki hvað sé átt við með hugtakinu búseta. Við skilgreiningu þess verður því að styðjast við lögin um lögheimili, nr. 35 frá 30. maí 1960. Samkvæmt skilgreiningu þeirra laga er lögheimili manns þar sem hann á heimili. Heimili er svo aftur skilgreint þannig, að það sé sá staður, þar sem hann hefur bækistöð og dvelst að jafnaði í tómstundum sínum og hefur þá hluti, sem eru honum persónulega tengdir, svo sem fatnað, húsgögn, bækur o. fl. Dvalarstaður manns vegna árstíðabundinnar atvinnu telst ekki heimili hans, enda hverfi maðurinn til lögheimilis síns að slíkri dvöl lokinni.

Sérhver maður, sem dvelst eða ætlar að dveljast á Íslandi lengur en 6 mánuði, skal eiga lögheimili samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Sama gegnir um útlendinga, sem stunda hér atvinnu, þó að dvöl þeirra sé skemmri en 6 mánuðir. Ákvæðin skylda um tilkynningu aðseturs hvílir á útlendingum samkvæmt lögum um tilkynningar aðsetursskipta, nr. 73 25. nóvember 1952, sbr. lög nr. 16 29. apríl 1963.

a. Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919.

Lagagreinarnar fara hér á eftir orðréttar.

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrétt eða notkunarrétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhending eða nauðungarráðstöfun, hjónaband, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera heimilisfastur hér á landi.
2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera heimilisfastir hér á landi.
3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðuneytinu þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem sérleyfislög láta eigi öðruvísi um mælt.

Námuréttindi, svo og hagnýting vatns og vatnsorku í þarfir námuvinnslu einvörðungu, getur ráðherra undanþegið ákvæðum laga þessara.

2. gr.

Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafizt þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhending, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sé þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár.

Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefur kaupandi eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað kaupanda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um upp-

boðið fer eftir fyrirmælum 10. gr. í tilskipun um fjárforráð ómyndugra 18. febr. 1847, eftir því, sem þeim verður við komið. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum í stað skuldunauts birt kaupanda, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum.

Kaupandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er kona eigandi fasteignar eða afnota hennar, og giftist manni, sem fullnægir ekki skilyrðum þessara laga fyrir því að mega öðlast þess konar eignarrétt eða notkunarrétt, og verður hann þá eigi gerður eign félagsbúsins fyrr en maður hennar fullnægir og þessum skilyrðum, en er á meðan séreign konunnar, ef hún fullnægir skilyrðum laga þessara. Ella fer svo, sem í 8. gr. segir.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða notkunarrétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkvæmt 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefur maður heimilisfastur erlendis fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú hefur maður, sem eigi fullnægir skilyrðum 1. gr., eignazt þar greind réttindi yfir fasteign áður en lög þessi öðlast gildi, og skal honum þá settur 5 ára frestur, frá 1. jan. 1920, til þess að koma málinu í löglegt horf með þeim hætti að öðru leyti, er segir í 4. gr. Ef málinu er eigi komið í löglegt horf áður frestur sé liðinn, fer eftir ákvæðum 5. gr.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. umboðsmanna ríkisins, þótt búsettir séu erlendis, né til námsmanna, sjúklinga eða annarra, sem líkt er ástatt um.
2. annarra ríkja, sem kaupa hér á landi embættisbústað handa umboðsmönnum sínum.
3. þegna annarra ríkja, að því leyti sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

b. Lög um verzlunaratvinnu, nr. 52 27. júní 1925.

Samkvæmt lögunum má enginn reka verzlun á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi nema hann hafi fengið til þess leyfi.

I. Innlendum og erlendum einstaklingum er gert að fullnægja sömu skilyrðum til að eiga rétt á verzlunarleyfi. Samkvæmt 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 38 29. marz 1961) getur einstaklingur fengið verzlunarleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfi er veitt og hefur verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefur forræði á búi sínu og hefur haft það síðasta árið. Ekki má veita þeim verzlunarleyfi, sem tvisvar hefur orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur milli hans og lánardrottna hans.
4. Sannar, að hann hafi þá þekkingu á bókhaldi og vörum, sem telja má nauðsynlega til þess að reka verzlun. Ráðherra setur nánari fyrirmæli um það, sem hér að lýtur, eftir að hafa leitað álits Verzlunarráðsins og SÍS. Fyrirmæli þessa töluliðs taka ekki til sveitaverzlana.
5. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem eru sett eða sett kunna að verða í lögum til þess að mega reka verzlun.

Verzlunarleyfi má ekki veita skipstjórum, hafnsögumönnum, embættismönnum né sýslunar, né maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að verzlunarreksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

II. Innlendum félögum er gert að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að eiga rétt á verzlunarleyfi:

1. Ef félag er, þar sem nokkrir félagar eða allir bera fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, og félagsstjórnin öll og þeir, sem rita firmað, allir fullnægja skilyrðum 1.—3. og 6. töluliðs 3. gr. (þ. e. 1.—3. og 5. liður í I. hér að framan). Meðal þeirra, er heimilt er að rita firmað, skal vera a. m. k. einn stjórnandi eða fulltrúi, er fullnægir öllum skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. liðar í I. hér að framan).
2. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimili og varnarþing á Íslandi, framkvæmdastjórar og a. m. k. einn fulltrúi eða stjórnandi fullnægja öllum skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. lið í I. hér að framan) og hinir fulltrúarnir eða stjórnendurnir fullnægja skilyrðum 1.—3. skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. liðar í I. hér að framan).

Ef hlutafélag er, þá skal hlutaféð enn fremur vera að meira en helmingi eign manna búsettra hér á landi, enda sé ekkert í samþykktum félagsins er brjóti í bága við íslenzk lög. Ráðherra hefur ekki heimild til að veita undanþágu frá skilyrðum um íslenzkt heimilisfang stjórnanda og fulltrúa hlutafélags né frá framangreindu skilyrði um hlutafjáreign eins og honum er leyft við útgáfu iðjuleyfa.

c. Lög um iðju og iðnað, nr. 18 31. maí 1927.

Samkvæmt lögunum má enginn reka nokkurs konar iðju á Íslandi eða í íslenzkri landhelgi nema hann hafi til þess fengið sérstakt leyfi. Iðja merkir í lögum þessum allan annan iðnað en handiðnað og heimilisiðnað.

I. Innlendum og erlendum einstaklingum er gert að fullnægja sömu skilyrðum til að eiga rétt á iðjuleyfi. Samkvæmt 3. gr. laganna (sbr. lög nr. 28 24. marz 1961) getur einstaklingur fengið iðjuleyfi, ef hann:

1. Er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt og hefur verið það síðasta árið.
2. Er fjárráður.
3. Hefur forræði á búi sínu. Ekki má veita þeim iðjuleyfi, sem tvisvar hefur orðið gjaldþrota, nema komizt hafi á löglegir samningar um skuldagreiðslur hans milli hans og lánardrottna hans.
4. Fullnægir að öðru leyti þeim skilyrðum, sem sett eru eða sett kunna að verða lögum samkvæmt til þess að mega reka iðju.

Iðjuleyfi má ekki veita embættis- eða sýslunarmönnum, né maka þeirra, ef hjónin búa saman, nema ráðherra hafi úrskurðað, að iðjureksturinn megi samrýma stöðu þeirra.

II. Innlendum félögum er gert að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að eiga rétt á iðjuleyfi.

1. Ef nokkrir félagar eða allir bera ábyrgð á skuldbindingum félags, skulu þeir allir, sem fulla ábyrgð bera, vera þeim kostum búnir sem í 3. gr. segir (þ. e. skilyrðum 3. gr. (þ. e. 1.—5. liðar í I. hér að framan).
2. Ef enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félags, þá skal það eiga heimilisfang og varnarþing á landi hér, enda fullnægi framkvæmdastjórar, stjórnendur félagsins og fulltrúar skilyrðum 3. gr. (þ. e. skilyrðum samkvæmt lið 1.—4. í I. hér að framan). Ef félag er hlutafélag, þá skal enn fremur meir en helmingur hlutafjárins vera eign manna búsettra á Íslandi, enda sé ekkert það í samþykktum félagsins, er brjóti í bága við íslenzk lög. Ráðherra er heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum um heimilisfang stjórnenda eða fulltrúa og hlutafjáreign, enda standi sérstaklega á.

d. Lög um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi, nr. 39 15. marz 1951.

Samkvæmt lögunum er erlendum mönnum óheimilt að vinna sjálfstætt eða starfrækja atvinnufyrirtæki án leyfis félagsmálaráðherra, nema þar sem starfinn er framkvæmdur samkvæmt sérstakri löggildingu eða leyfi annarra stjórnarvalda lögum samkvæmt. Leyfi til atvinnurekstrar skal aðeins veita, að:

1. Umsækjandi sé heimilisfastur á Íslandi og hafi verið það síðasta árið.
2. Um nytsamlegan atvinnurekstur sé að ræða.
3. Umsækjandi sé fjárráður og hafi forræði á búi sínu.
4. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð.

Atvinnurekstrarleyfi má ekki veita til lengri tíma en 3 ára í senn.

e. Lög um veitingasölu, gististaðahald o. fl., nr. 53 20. apríl 1963.

Skilyrði til að öðlast veitingaleyfi eða önnur leyfi samkv. lögunum er m. a. heimilisfesti „síðasta ár".

f. Lög um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Skilyrði til að geta öðlazt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu er m. a. búseta á Íslandi, sbr. 4. gr. laganna. Leyfi má veita félagi eða fyrirtæki, enda sé stjórn þess innlend og aðsetur hér á landi. Sá, sem hefur á hendi daglega stjórn, skal m. a. vera búsettur á Íslandi.

4. Lög, sem áskilja, að erlendis búsettir menn hafi umboðsmenn hér á landi til að geta öðlast viss réttindi.

a. Námulög, nr. 50 30. júlí 1909.

Samkvæmt lögunum er sérhverjum heimilt að leita málma og málmblendinga í jörðu eða landi, sem er óskipt eign landssjóðs eða lénskirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afréttum, enda hafi hann til þess málmleitarbréf, sem lögreglustjóri gefur út. Slík bréf geta erlendir ríkisborgarar og íslenzkir fengið, enda tilkynni þeir erlendis búsettu hver sé umboðsmaður þeirra hér á landi. Sama máli gegnir um leyfi til málmgraftar. Lögreglustjóri gefur það út að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðuneytisins, sem getur bundið það þeim skilyrðum, sem það telur með þurfa. Engum, sem tilkynnt hefur málmfund, má neita um leyfi til málmgraftar.

b. Lög um ábyrgðarfélög, nr. 62 22. nóvember 1913.

Samkvæmt lögunum mega innlend sem erlend hlutafélög reka ábyrgðarstarfsemi hér á landi svo og félög með gagnkvæmri ábyrgð, enda fullnægi þau skilyrðum

laganna. Útlendu ábyrgðarfélagi er gert að hafa hér aðalumboðsmann, löggiltan af stjórnarráðinu, búsettan hér og varnarþing hér á landi á þeim stað, þar sem aðalumboðsmaður þess er búsettur.

Fylgiskjal II.

Yfirlit um lagaskilyrði fyrir eignarrétti og afnotarétti útlendinga á fasteignum á Norðurlöndum.

I. Danmörk, lög nr. 344 23. desember 1959.

1. Ríkisborgararéttur ekki skilyrði.
2. Búseta er skilyrði, en með ýmsum undantekningum, sem ekki eru í ísl. lögum, svo sem viðtaka á grundvelli arfs, setu í óskiptu búi, búskipta eða vegna gjafar til tilgreindra náinna ættingja. Enn fremur undanþiggur samtals 5 ára fyrri búseta leyfisskyldu. Búseta þarf ekki að hafa verið um neinn tiltekinn tíma, þegar leyfi er veitt. Ef um félag er að ræða, þarf það að hafa heimilisfang í landinu, en ekki sett slík skilyrði um stjórn, hluthafa eða framkvæmdastjórn.
3. Engar reglur eða takmarkanir eru settar varðandi leyfisheimild dómsmálaráðherrans, en tekið fram, að leyfin geti verið skilyrt og tímabundin.
4. Frestir til að koma heimildum í löglegt horf og ráðstafa eign, ef leyfi fengist ekki, eru all ríflegir, þ. e. 6 mánuðir til 1 ár.
5. Lögin taka ekki til afnotaréttar almennt nema um sé að ræða ráðstafanir gerðar til lagabrigða („in fraudem legis"). — Afnotaveð má þó ekki hafa lengur en 6 mánuði án leyfis.

II. Noregur, lög nr. 16 14. desember 1917, III. kafli.

1. Ríkisborgararéttur er skilyrði, en búseta ekki.
2. Þegar (hluta)félag á í hlut, er það skilyrði, að $^{9}/_{10}$ hlutafjár sé norskt og stjórn félagsins öll norsk.
3. Engar beinar takmarkanir eru settar um leyfisheimild iðnaðarmálaráðuneytisins, en tekið fram, að leyfi geti verið skilyrt og tímabundið, og tekið fram, að leyfi megi veita, ef ekki sé gegn almannahagsmunum.
4. Frestir eru skemmst 6 mánuðir, en lengst 3 ár.
5. Lögin taka á sama hátt til afnotaréttar og eignarréttar.

III. Svíþjóð, lög nr. 156 30. maí 1916, sbr. lög nr. 275 28. maí 1948.

1. Ríkisborgararéttur er skilyrði en búseta ekki almennt.
2. Þegar félög eiga í hlut, sem einhver útlendingur er í, þarf leyfi, nema það skilyrði sé í lögum félags að minna en ýmist $^{2}/_{5}$ eða $^{1}/_{5}$ hlutafjár eða atkvæðamagns megi vera í höndum útlendinga.
3. Ef viss aukin skilyrði eru fyrir hendi má veita leyfi í viðkomandi léni, en almenn leyfisheimild, ótakmörkuð, er hjá konungi. Ekki þarf leyfi fyrir viðtöku á grundvelli arfs, búskipta eða setu í óskiptu búi.
4. Frestir eru yfirleitt langir til þess að koma í löglegt horf fasteignarréttindum.

IV. Finnland, lög nr. 219 28. júlí 1939.

1. Ríkisborgararéttur er skilyrði, en búseta ekki, fyrir eignarrétti yfir fasteignum og afnotarétti til lengri tíma en 5 ára, þó nær 5 ára takmörkunin ekki til leigu, sem fellur undir húsaleigulög.

2. Þegar um hlutafélög er að ræða er það skilyrði, að ekki minna en ⅘ hlutar hlutafjár séu eign finnskra ríkisborgara og að finnskir ríkisborgarar fari með ekki minna en ⅘ atkvæða og að ákvæði um þetta sé í lögum félags og áritun um þetta á minnst ⅘ hlutabréfanna.
3. Ekki eru settar neinar takmarkanir á heimild ráðherra til að veita leyfi, en þegar leyfi er veitt útlendum atvinurekanda eða félagi (innlendu eða útlendu), sem leyfi þarf, má ekki breyta verksviði atvinnurekstursins eða tilgangi félags án leyfis ráðherra.
4. Ef réttindi eru fengin við (lög)arf, erfðaskrá eða hjúskap, þarf ekki leyfi, þótt útlendingur eigi í hlut. Réttindum, sem menn höfðu eignazt með lögmætum hætti fyrir tilkomu gildandi laga, mega menn halda, þótt ekki samrýmist reglunum, að þeir öðlist slík réttindi eftir setningu þeirra.
5. Leyfi veitast af ráðherra, en umsóknir skulu sendar viðkomandi lénsstjórn.
6. Frestur til að leita leyfis er 3 mánuðir og innan 6 mánaða frá því, að leyfis hefur verið leitað eða leyfis skyldi hafa verið leitað, verða réttindi að vera komin í löglegt horf, en að öðrum kosti skal eign seld á opinberu uppboði.

Fylgiskjal III.

Lauslegt yfirlit yfir gildandi lagaákvæði um rétt útlendinga til að stunda atvinnurekstur í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Danmörk:

Samkvæmt lögum (Næringslov nr. 138/1931 með síðari breytingum) þarf sérstakt leyfi til þess að stunda sjálfstæðan atvinnurekstur í hinum ýmsu greinum iðnaðar og verzlunar. Til þess að fá slíkt leyfisbréf þarf umsækjandi að vera danskur ríkisborgari búsettur í landinu, tuttugu og eins árs að aldri og hafa forræði á búi sínu.

Útlendingar, sem uppfylla þessi skilyrði, önnur en skilyrðið um ríkisborgararétt, geta fengið umrædd leyfi, eftir því sem heimilt kann að vera samkvæmt samningum við önnur ríki eða auglýsingu frá verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytinu. Sama ráðuneyti getur einnig að fenginni yfirlýsingu staðaryfirvalda veitt undanþágur frá áðurnefndum skilyrðum, en slík leyfisbréf skulu eigi gefin út til lengri tíma en 5 ára í senn.

Til þess að sameignarfélag megi reka atvinnu í þeim greinum, sem hér um ræðir, verða allir þeir félagsmenn, sem bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, að fá leyfisbréf samkvæmt ákvæðum nefndra laga.

Erlend hlutafélög, sem látið hafa skrásetja útibú í hlutafélagaskrá, svo og önnur erlend félög með takmarkaðri ábyrgð, geta fengið leyfisbréf til atvinnurekstrar fyrir útibú sín, eftir því sem heimilt er samkvæmt samningum við önnur ríki eða auglýsingu verzlunar- og iðnaðarmálaráðuneytisins, eða samkvæmt sérstöku leyfi. Útibú erlendra hlutafélaga mega einungis selja atvinnurekendum, í hverra fyrirtæki er þörf fyrir þá vöru, sem um er að ræða. Með atvinnurekendum er hér einnig átt við samvinnufélög og opinberar stofnanir.

Hverjum þeim, sem er danskur ríkisborgari eða hefur dvalið í Danmörku samfellt í tvö ár, er heimilt að stunda fiskveiðar í danskri landhelgi, með þeim almennu takmörkunum, sem leiða kann af ákvæðum laga (l. nr. 500/1951). Ef félag rekur fiskveiðar, skal stjórn þess hafa aðsetur í landinu og meðlimir þess uppfylla framangreind skilyrði. Ef fiskveiðar eru stundaðar á skipi, skal það fullnægja þeim skilyrðum, sem krafizt er til að sigla undir dönskum fána, og skulu ⅔ hlutar áhafnarinnar uppfylla skilyrðin um ríkisborgararétt eða tveggja ára búsetu. Ríkisborgurum allra Norðurlanda er heimilt að stunda sportveiði með stöng, dorg eða öðrum handverkfærum á sama hátt og dönskum þegnum.

Noregur:

Í útlendingalögum (l. 27. júlí 1956) er svo kveðið á, að útlendingur, sem ætlar að reka sjálfstæða atvinnu í landinu, verði að fá til þess leyfi fyrir fram. Þetta tekur ekki til umferðarsala á vegum erlendra fyrirtækja. Þeir útlendingar, sem hyggjast setja á svið eða taka þátt í leiksýningum eða öðrum opinberum sýningum listræns eðlis, þurfa til þess leyfi aðeins eftir því sem konungur ákveður.

Til þess að fá leyfi til verzlunarrekstrar í Noregi þarf útlendingur, auk almennra skilyrða um menntun o. fl., að vera búsettur í landinu og hafa verið það s. l. 2 ár a. m. k. Hægt er þó, þegar sérstaklega stendur á, að veita undanþágu frá skilyrðinu um tveggja ára búsetu.

Að því er félög varðar, telst búsetuskilyrðinu fullnægt ef tiltekinn fjöldi meðlimanna uppfylla það. Þegar um er að ræða sameignarfélög, skulu ⅔ þeirra félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera, uppfylla búsetuskilyrðið, en ef um er að ræða félag, þar sem sumir bera takmarkaða ábyrgð, þurfa einnig ⅔ hlutar stjórnarinnar (tilsynsrådet) að upfylla það. Um hlutafélög og önnur félög með takmarkaða ábyrgð gildir sú regla, að þau teljast uppfylla búsetuskilyrðið, ef ⅔ stjórnar þess gera það.

Til þess að félag geti fengið verzlunarleyfi, þarf tiltekinn hluti félagsmanna og fyrirsvarsmanna félagsins að hafa verzlunarleyfi.

Leyfi til iðnrekstrar (iðnbréf) má veita þeim, sem búsettir eru í landinu og hafa verið það a. m. k. eitt ár samfleytt, enda uppfylli þeir hin almennu skilyrði til að stunda slíka atvinnu.

Öðrum en norskum ríkisborgurum og mönnum búsettum í landinu er óheimilt að stunda fiskveiðar innan norskrar landhelgi. Sama gildir um verkun, pökkun eða umhleðslu á fiski eða vörum unnum úr fiski, nema sérstakt leyfi hlutaðeigandi ráðuneytis komi til. Slíkt leyfi er ekki gefið, nema sérstaklega standi á, svo sem vegna skipskaða. Þeir, sem leyfi hafa til fiskveiða samkvæmt framansögðu, mega ekki án sérstaks leyfis stunda fiskveiðar með erlendum skipum, og ávallt verður a. m. k. helmingur áhafnarinnar að vera norskur.

Svíþjóð:

Útlendingar mega ekki án sérstaks leyfis stunda atvinnu eða inna af hendi starfsemi, sem leiðir af stöðu þeirra eða starfi erlendis. Undanþegnir eru þegnar Norðurlandanna allra. Undanþegnir eru einnig þeir útlendingar, sem hafa búsetuleyfi í landinu.

Útlendingi er heimilt að stunda útgerð skips, en hlutur hans í útgerðinni má aldrei vera heimi en ⅓, og aldrei má hann vera aðalútgerðarmaðurinn.

Heimilt er að veita útlendingum leyfi til að stunda verzlunar- og verksmiðjurekstur svo og iðngreinar, enda sé hann myndugur, og setja skal hann tryggingu fyrir greiðslu opinberra gjalda til ríkis og sveitarfélags fyrir þrjú ár. Verzlunarleyfi útlendings veitir honum ekki heimild til farandsölu. Við veitingu leyfa samkvæmt framansögðu skulu hlutaðeigandi stjórnvöld kanna og meta þörfina fyrir slíkan atvinnurekstur á þeim stað, sem hann er fyrirhugaður. Undanfarandi búsetu virðist ekki vera krafizt.

Heimilt er að veita erlendum fyrirtækjum, sem löglega eru stofnuð í heimalandinu, leyfi til að setja upp útibú. Forstjóri slíks útibús skal vera búsettur í landinu, og hann skal hafa umboð fyrirtækisins til þess að koma fram fyrir þess hönd í öllum málum og svara til saka fyrir það.

Nd. **20. Frumvarp til laga** [20. mál]

um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Eigi er heimilt frekar en leyft er í lögum þessum að stofna til fjárskuldbindinga í íslenzkum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölum, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmælis.

Ákvæði í fjárskuldbindingum, sem brjóta í bága við ákvæði 1. málsgreinar, eru ógild.

Ákvæði 1. og 2. málsgreinar eiga þó ekki við þær lögmætu fjárskuldbindingar, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, heimilt að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innan lands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því, miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd laga þessara. Veitir hann heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Umsóknir um heimildir til verðtryggingar skulu sendar bankaeftirliti Seðlabankans.

4. gr.

Almenn skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum skulu vera þessi:

a) Verðtrygging skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma. Seðlabankanum skal þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu. Sé ekki um opinbera, skráða vísitölu eða verðlag að ræða, skal Seðlabankinn, í samráði við Hagstofu Íslands, setja sérstakar reglur um þann verðtryggingargrundvöll, sem miðað sé við.

b) Verðtrygging skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum.

c) Fjárskuldbindingin skal vera gerð til eigi skemmri tíma en þriggja ára, og er þá miðað við greiðslu í einu lagi eftir á. Sé samið svo um, að greiðslur hefjist áður en þrjú ár eru liðin, skal fjárskuldbindingin vera gerð til lengri tíma, eða sem því nemur, að hún standi eigi skemur en þrjú ár að meðaltali. Þannig sé lán með jöfnum árlegum afborgunum skemmst til 5 ára. Skal ekki miðað við samningstíma heldur þann tíma, sem skuldbindingin raunverulega stendur, nema hún sé eindöguð innan samningstímans vegna verulegra vanefnda. Reikna skal lánstíma frá því að lán var útborgað og þar til það er endurgreitt, en greiðslufrest kaupsamnings frá afhendingu hins selda.

d) Eigi má reka peningaviðskipti með þeim hætti að endurlána með verðtryggingu fé, sem fengið er með öðrum kjörum. Sé um endurlán að ræða, skal það vera meginregla, að verðtryggingarákvæðin standist á í báðum samningunum.
e) Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu ætíð skráðar á nafn.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurlán erlends fjár samkv. 2. gr.

5. gr.

Seðlabankinn getur heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé auk jafnvirðis eigin fjár með verðtryggingu. Er Seðlabankinn ekki bundinn af ákvæðum 4. gr. c. við veitingu slíkra heimilda, þegar um innstæðufé við innlánsstofnanir er að ræða. Seðlabankanum ber að tilkynna ákvarðanir í þessu efni á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

6. gr.

Opinberar fjárfestingalánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skulu hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu ákveðin af stjórn stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðherra þess, sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans.

7. gr.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Önnur verðtryggð lán lífeyrissjóða eru því aðeins heimil, að samþykki Seðlabankans komi til.

Seðlabankinn getur heimilað líftryggingarfélögum að veita lán með verðtryggingu, enda njóti eigendur líftryggingarsamninga alls hags af þeim verðbótum, sem um kann að verða að ræða.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar og getur þá hver málsaðili vísað honum til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Ef breyting verður gerð á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

9. gr.

Verðtryggingarákvæði í fjárskuldbindingum öðrum en innlánum, sbr. 5. gr., eru því aðeins gild, að viðeigandi skjöl séu skráð við hlutaðeigandi embætti, sem annast þinglýsingar. Á þetta einnig við skuldaskjöl vegna endurlánaðs fjár skv. 4. gr. d., ef ný skjöl eru útgefin vegna endurlánsins. Skrásetning skal fara fram innan tveggja mánaða frá útgáfu skjals og gegn þóknun, sem ráðherra ákveður. Hlutaðeigandi embættismaður staðfestir með áritun á samning eða skuldbindingu, að skrásetning hafi farið fram. Hann heldur sérstaka skrá um öll árituð skjöl. Hann skal einnig sjá um, að verðtryggingar sé getið í veðbókarvottorðum, ef slíkri kvöð hefur verið þinglýst á eign.

10. gr.

Almennar heimildir til verðtryggingar, svo og leiðbeiningar til embættismanna, sem annast skrásetningar samkv. 9. gr., skulu auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

11. gr.

Seðlabankinn getur krafið hvern þann, er fengið hefur heimild til verðtryggingar, um skýrslur og gögn, sem hana varða. Sé slíkum skýrslum og gögnum eigi skilað innan tilsetts tíma, má beita dagsektum allt að 5000 krónum eftir ákvörðun ráðherra. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi öll fyrri lagaákvæði um verðtryggingu fjárskuldbindinga, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi. Þegar áunnin réttindi og skyldur samkv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu.

Haldast skulu ákvæði eftirtalinna laga:

Lög nr. 17/1953, 10. gr., um Framkvæmdabanka Íslands.

Lög nr. 17/1961, 2. gr., um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands.

Lög nr. 59/1964, 2. gr., um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, með áorðnum breytingum í lögum nr. 23/1965.

Lög nr. 19/1965, 5. og 10. gr. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðfylgjandi frumvarp hefur verið samið í Seðlabankanum í framhaldi hinnar almennu vaxtabreytingar, sem tók gildi í upphafi ársins, en þá beindi bankastjórn hans þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að undirbúin yrði almenn löggjöf um notkun verðtryggingarákvæða í samningum, eftir því sem heilbrigt væri talið á hverjum tíma og undir traustu eftirliti.

Frumvarpinu er ætlað að vera almenn löggjöf um hvers konar verðtryggingu í viðskiptum, öðrum en kaupgjaldsmálum, en um þau gilda sérstök lög. Hefur þótt rétt að taka upp í það gildandi ákvæði um samninga með gengisákvæði, sbr. 1. og 2. gr. frumvarpsins. Efnislega er hér um að ræða sömu ákvæði og í lögum um efnahagsmál nr. 4 frá 1960, 6. gr. Tilraun hefur þó verið gerð til þess að gera lögin í þessu efni nokkru skýrari en verið hefur.

Meginefni frumvarpsins er verðtrygging, þar sem annað hvort er miðað við vísitölu eða annan hliðstæðan grundvöll, og nær það til fjárskuldbindinga, bæði þeirra, sem ákveðnar eru í peningum, svo og í öðrum verðmæli. Það er meginstefna frumvarpsins, að verðtrygging sé aðeins leyfð, þegar ákveðnum skilyrðum er fullnægt. Gert er ráð fyrir sjálfstæðri en takmarkaðri heimild til verðtryggingar hjá lífeyrissjóðum og fjárfestingarlánastofnunum. Verðtrygging á innlánum eða útlánum innlánsstofnana yrði háð ákvörðun Seðlabankans, svo og verðtrygging í samningum milli annarra aðila.

Hér er í raun og veru mörkuð leið til þess að draga úr einni tegund áhættu, þ. e. a. s. óvissunni um framtíðarverðgildi peninga, í viðskiptum sparifjáreigenda og annarra eigenda fjármagns annars vegar og lántakenda hins vegar. Stefnt er að því að skapa svipaðar aðstæður að þessu leyti og við stöðugt verðlag. Í reynd hefur óvissunni um framtíðina verið mætt með hærri vöxtum. Að öðru jöfnu er því erfiðara að meta hana því lengra sem horft er, og er því ávinningur að verðtryggingu samanborið við hærri vexti því meiri því lengri sem fjárskuldbinding er. Er því lagt til að heimila verðtryggingu í fjárskuldbindingum til langs tíma. Líklegt er, að við það örvist sparnaður og framboð lánsfjár aukist, en jafnframt dragi úr verðbólgufjárfestingu.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að verðtrygging sé því aðeins leyfð, að fjárskuldbinding standi í a. m. k. þrjú ár, en með því mundi komið í veg fyrir, að „vísitölukrónan“ ryðji sér til rúms í almennum peningaviðskiptum. Til greina kemur að heimila styttri tíma í verðtryggðum innlánum við innlánsstofnanir. Einnig hefur frumvarpið að geyma margvísleg ákvæði, er koma eiga í veg fyrir misnotkun verðtryggingar og tryggja nauðsynlegt eftirlit með henni. Þar sem hér er farið inn á nýtt svið, ekki aðeins í löggjöf, heldur í öllu skipulagi peningamála, er vafasamt að binda öll atriði fast í löggjöf. Er því gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn geti haft veruleg áhrif á, hve ört verðtryggingarákvæði í samningum verði tekin upp og í hvaða formi. Mundi þá verða hægt að láta reynsluna skera úr því, hve hratt skuli farið og hvaða fyrirkomulag endanlega valið.

Um 1. gr.

Hér er að finna grundvallarákvæði hinnar almennu verðtryggingar. Verðtryggingarákvæði í hvers konar fjárskuldbindingum, sem brjóta í bága við ákvæði laganna, eru ógild eftir gildistöku þeirra. Með fjárskuldbindingu er átt við hvers konar greiðsluskyldu, hvort sem hún er ákveðin í peningum, þjónustu, fríðu eða annarri mynd.

Hugtakið verðtrygging er tekið í víðri merkingu og á við hvers konar tilvik, þar sem um er að ræða, að greiðsla eða fullnæging sé tengd breytingu á vísitölu, vöruverði, gengi gjaldeyris eða annarri viðmiðun.

Um 2. gr.

Hér er heimilað að endurlána erlent lánsfé með gengiskvöð. Sambærileg ákvæði voru í 11. gr. laga nr. 80/1961 og 6. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál. Er hér veitt almenn heimild til þeirrar verðtryggingar, sem hér um ræðir, án sérstakrar heimildar Seðlabankans. Grundvöllur ákvæðisins er, að hinn innlendi kröfuhafi hvorki hagnist né skaðist af gengisbreytingum, sem eiga sér stað á lánstímanum.

Um 3. gr.

Ljóst er, að hér er farið inn á nýtt svið, þar sem erfitt er að sjá fyrir um ýmis tæknileg atriði. Er óumflýjanlegt að fela opinberum aðila eftirlit með framkvæmd laganna og setningu reglna um verðtryggingu. Seðlabankinn er hinn rétti aðili til að hafa þetta verkefni með höndum. Honum hefur verið falin yfirumsjón peningamála og fengið í því sambandi m. a. ákvörðunarvald um vexti, bæði innan sem utan bankakerfisins. Líkt er farið um vexti og verðbætur. Við framkvæmd laganna yrði bankinn að ákveða vaxtakjör í verðtryggðum samningum með hliðsjón af aðstæðum hverju sinni, þ. á m. verðtryggingu þeirri, sem í hlut á, tímalengd samninga og til hvaða hluta hið verðtryggða fé skuli notað. Ætla má, að vextir í verðtryggðum samningum verði að öðru jöfnu aðrir og lægri en í óverðtryggðum samningum.

Sparisjóðseftirlitið skv. lögum um sparisjóði frá 1941 var falið Seðlabankanum 1961 og heitir nú bankaeftirlit. Er hagkvæmast, að þessi deild bankans fylgist með framkvæmd verðtryggingar skv. lögunum.

Um 4. gr.

Í þessari grein er að finna grundvallaratriði varðandi framkvæmd verðtryggingar.

a) Ætla má, að meginreglan verði sú, að vísitala framfærslukostnaðar verði notuð sem verðmælir í verðtryggðum samningum og skuldbindingum. Vísitala framfærslukostnaðar er nú algengasti verðlagsmælirinn, enda er kaupgjald tengt breytingum á henni.

b) Ákvæði þetta er m. a. til verndar skuldara, til þess að verðtrygging út af fyrir sig geti ekki orðið til þess að stefna fjárhag hans í hættu. Enn fremur felst í greininni það undirstöðuatriði, sem sett er fram til leiðbeiningar fyrir Seðlabankann, að verðtrygging eigi fyrst og fremst við, þegar um er að ræða lántökur, sem opna leið til öflunar eigna, sem hækka í verði við almennar verðlagsbreytingar. Af eftirlits- og öryggisástæðum er sett fram sú krafa, að verðtryggð lán skuli vera með veði í fasteignum eða öðrum verðtryggðum kröfum, þegar um endurlán er að ræða.

c) Með þessu ákvæði er sett sú meginregla að takmarka verðtryggingu við samninga til langs tíma og mörkin dregin við þrjú ár. Mikilvæga undantekningu er þó heimilt að gera um sparifé, sbr. 5. gr. Takmörkun þessi er sett til þess að koma í veg fyrir, að „vísitölukrónan“ geti rutt sér til rúms í almennum peningaviðskiptum. Með þessu er þó ekki dregið úr þýðingu verðtryggingar, þar sem þörfin á verðtryggingu stuttra samninga er miklu minni en langra, og fyrirhöfn, kostnaður og ýmis vandamál samfara verðtryggingu svipuð, hvort sem samningurinn er til langs eða skamms tíma. Vafasamur ávinningur væri því af verðtryggingu stuttra samninga.

d) Hér er stefnt að því að hindra misnotkun verðtryggingar og óábyrg peningaviðskipti.

e) Ákvæði þetta er sett, til þess að unnt sé að koma við nauðsynlegu eftirliti með verðtryggðum kröfum og tryggja framkvæmd laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er Seðlabankanum heimilað að leyfa innlánsstofnunum að verðtryggja sparifé. Við það er miðað, að útlán með verðtryggingu samsvari að fjárhæð og vaxtakjörum þeim verðtryggðu innlánum, sem skapast. Um vaxtamismun verður að sjálfsögðu að ræða vegna rekstrar stofnunarinnar. Hins vegar er fyrirsjáanlegt, að binding innlána verður að öðru jöfnu til styttri tíma en útlánin, og því er veitt undanþága frá ákvæðum 4. gr. c, að því er þau varðar.

Sanngjarnt þykir, að innlánsstofnanir fái að lána út eigið fé sitt með verðtryggingu, enda séu skilyrði um lánstíma og vexti þau sömu og koma til með að gilda um önnur verðtryggð útlán.

Um 6. gr.

Hér er opinberum fjárfestingarlánastofnunum veitt heimild til að áskilja verðtryggingu í útlánum sínum. Þær þurfa þó að leita samþykkis hlutaðeigandi ráðherra og Seðlabankans um lánskjörin, og verður að ganga út frá því, að leitað sé samþykkis um lánaflokka, en ekki einstök lán.

Um 7. gr.

Lífeyrissjóðir, sem viðurkenndir eru af hinu opinbera, fá hér heimild til að áskilja verðtryggingu í lánssamningum, en þó því aðeins, að um sé að ræða lán til íbúðarhúsa og lánskjör, þ. m. t. verðtrygging, lánstími og vextir séu hin sömu og í verðtryggðum lánum, sem Húsnæðismálastofnun ríkisins veitir á vegum veðdeildar Landsbankans.

Um önnur verðtryggð lán lífeyrissjóða verður að leita heimildar Seðlabankans.

Í annarri málsgrein greinarinnar er opnuð leið fyrir líftryggingarfélög til að setja verðtryggingarákvæði í líftryggingarsamninga. Það mikilvæga sparnaðarform, sem hér um ræðir, hefur sem næst lagzt niður vegna verðbólguþróunar. Er brýn nauðsyn að endurvekja þetta form í höndum innlendra vátryggingarfélaga.

Um 8. gr.

Mörg vafaatriði geta komið upp í sambandi við notkun verðtryggingarákvæða í samningum, einkum ef um það verður að ræða, að verðtryggingargrundvelli er breytt, t. d. með setningu nýrrar löggjafar um opinberar vísitölur. Er nauðsynlegt, að nefnd sérfræðinga fjalli um þessi mál, eins og gert er ráð fyrir í greininni.

Um 9. gr.

Nauðsynlegt er að taka upp sérstaka skráningu verðtryggðra samninga og skuldbindinga, annarra en innlána hjá innlánsstofnunum. Er eðlilegast, að sýslumenn og bæjarfógetar og yfirborgarfógeti í Reykjavík hafi hana með höndum og áriti skjöl þar um, þegar skrásetning hefur farið fram. Dómstólar mundu ekki dæma verðbætur, nema að þessu formskilyrði væri fullnægt. Nauðsynlegt er, að nefndir embættismenn komi upp sérstökum skrám um verðtryggð skjöl, bæði veðskjöl og önnur. Auk þess verða þeir að skrá í veðmálabækur um verðtryggingu í þinglesnu veðskjali. Verðtryggingarkvaðar skal ávallt getið í veðbókarvottorðum. Hafa þinglýsingaryfirvöld þegar tekið upp þennan sið, þegar um er að ræða erlend lán, sem hvíla á eignum. Ljóst er, að öðrum veðhöfum er nauðsyn á að vita um verðtryggingarákvæði í áhvílandi veðskuldabréfum.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að Seðlabankinn auglýsi almennar heimildir til verðtryggingar, en að hlutaðeigandi ráðuneyti auglýsi fyrirmæli og leiðbeiningar til embættismanna, sem annast skrásetningar.

Um 11. til 14. gr.

Þessar greinar þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 21. Tillaga til þingsályktunar [21. mál]

um athugun á samdrætti í iðnaði.

Flm.: Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram í samráði við Félag íslenzkra iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum að undanförnu. Athugun þessi skal beinast að því að finna þær orsakir, sem samdrættinum valda, og hvaða ráðstafanir megi gera til þess að koma í veg fyrir hann.

Greinargerð.

Verulegur samdráttur hefur orðið undanfarið í ýmsum iðnaði. Nokkur fyrirtæki hafa alveg hætt rekstri en önnur dregið rekstur sinn saman og fækkað starfsfólki. Margir þeirra, sem þessum málum eru kunnugastir, eins og forvígismenn iðnrekenda og iðnverkafólks, óttast, að þetta haldist áfram, nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir til styrktar iðnaðinum.

Ýmsir kunna að segja, að þetta komi ekki að sök, meðan atvinna er næg í landinu af völdum hagstæðs sjávarafla. Enginn veit hins vegar með vissu, hve

lengi það kann að haldast. Þjóðinni fjölgar einnig ört. Hér getur orðið skammt til atvinnuleysis, ef iðnaðurinn dregst mikið saman, eins og nú virðast verulegar horfur á.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er þessi tillaga flutt. Margar og mismunandi ástæður virðast valda samdrættinum í iðnaðinum. Sagt er, að í vissum tilfellum sé undirboðum á erlendum iðnaðarvörum um að kenna. Í öðrum tilfellum er um að kenna óhagstæðum lánskjörum og skattakjörum. Eðlilegt er, að það verði athugað til hlítar, hvaða orsakir valda hér mestu og hvernig unnt sé að styrkja samkeppnisstöðu iðnaðarins. Sjálfsagt er, að Félag ísl. iðnrekenda og fulltrúar iðnverkafólks eigi aðild að þessari athugun.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem vaaraþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðslu víxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú meira en sjö ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárþörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir sjö árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu, eins og hún var upphaflega orðuð, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir sjö árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Sþ. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um, að framfylgt verði lögum um það hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum hæfilegt lánsfé.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Seðlabanki Íslands kappkosti að fullnægja því hlutverki, sem honum er ætlað í lögum frá 24. marz 1961, að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, að „framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Greinargerð.

Í lögum um Seðlabanka Íslands frá 24. marz 1961 er honum ætlað það m. a. sem aðalhlutverk að koma í veg fyrir, að atvinnuvegirnir búi við lánsfjárskort. 2. gr. laganna hefst á þessa leið:

„Hlutverk Seðlabanka Íslands er:

1. að annast seðlaútgáfu og vinna að því, að peningamagn í umferð og framboð lánsfjár sé hæfilegt miðað við það, að verðlag haldist stöðugt og framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt."

Það er kunnara en rekja þurfi, að atvinnuvegir landsins búa við stórfelldasta lánsfjárskort og stendur hann framar öðru í vegi þess, að framleiðslugeta þeirra „sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt".

Þessi mikli lánsfjárskortur atvinnuveganna stafar ekki af því, að lánsfé vanti, heldur hinu, að ríflegur hluti sparifjárins — eða yfir 1000 millj. kr. — hefur verið frystur í Seðlabanka Íslands. Seðlabanka Íslands er því vel mögulegt að fullnægja miklu betur en nú á sér stað því hlutverki sínu að vinna að því, að framboð lánsfjár sé hæfilegt, miðað við það, „að framleiðslugeta atvinnuveganna sé hagnýtt á sem fyllstan og hagkvæmastan hátt." Það er því meira en ærin ástæða til þess fyrir Alþingi að beina athygli ríkisstjórnar og bankastjórnar að þessu hlutverki bankans.

Rétt er að geta þess, að sparifjárfrystingin hefur stundum verið rökstudd með því, að hún stuðli að því að halda verðlagi stöðugu. Reynslan hefur hins vegar sýnt, að verðþensla hefur aldrei verið meiri en síðan frystingin kom til sögunnar, og hefur hún því bersýnilega engan árangur borið á því sviði. Hins vegar hefur hún orsakað þann lánsfjárskort, sem stendur auknum afköstum og aukinni framleiðni atvinnuveganna meira fyrir þrifum en nokkuð annað.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um sérstakar ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Sigurvin Einarsson.

I. KAFLI

Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar

atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni sjö manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þörf krefur.

4. gr.

Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar jafnvægissjóði og ráðstafar eignar- og umráðafé hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI

Um jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jafnvægissjóður, og sé hann undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. 2% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1965.
2. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fimm nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Jafnvægisnefnd er heimilt að afla sjóðnum lánsfjár til starfsemi sinnar, allt að 200 millj. kr. á ári á árunum 1966—70, gegn ábyrgð ríkissjóðs.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum jafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu, og getur þá jafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem jafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er jafnvægisnefnd heimilt að veita honum sem lán eða framlag þá fjárupphæð árlega, sem rétt telst að úthluta á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum jafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Nú ákveða sveitarstjórnir eða sýslunefndir að skipa sérstaka nefnd til þess að gera áætlun um framkvæmdir í umdæmum sínum í samræmi við tilgang þessara laga, og er jafnvægisnefnd þá heimilt að veita slíkri áætlunarnefnd fé úr jafnvægissjóði til að greiða kostnað eða hluta af kostnaði við áætlunargerðina. Sama gildir um fjórðungsnefnd, sem skipuð er af fjórðungssambandi til að annast áætlunargerð fyrir fjórðunginn.

15. gr.

Heimilt er jafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 5 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

16. gr.

Þegar komið er upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkisvaldsins, skal ríkisstjórnin leita álits jafnvægisnefndar um staðsetningu þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er setur lögin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Jafnvægisnefnd skal þegar eftir gildistöku þessara laga, í samráði við Landnám ríkisins, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem

dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fari í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar að dómi Landnámsins vel viðunandi atvinnurekstrarskilyrði frá náttúrunnar hendi á landi eða sjó. Leita skal, eftir því sem þurfa þykir, álits Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Landssambands iðnaðarmanna um úrræði á hverjum stað. Til framkvæmdar bráðabirgðaáætluninni er nefndinni heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum, allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1968. Framlögin skulu veitt sveitar- eða sýslufélögum með fyrirmælum, sem nefndin setur um notkun þeirra.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1964 var hann 190 230. Fjölgun 68 756 eða 56.6%.

Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1964:

	1940:	1964:	
Kjalarnesþing (vestan Fjalls) ...	47460	108045	Fjölgun ca 127.6%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar ..	9936	12794	— — 28.8%
Vestfirðir	12953	10532	Fækkun — 18.7%
Norðurland	27406	31228	Fjölgun — 13.9%
Austurland	10123	10812	— — 6.8%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	16819	— — 23.7%
	121474	190230	

Þessar tölur bera vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið síðustu áratugi á jafnvæginu í byggð landsins. Á Vestfjörðum var bein fólksfækkun um 18.7%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 6.8%, 13.9%, 23.7% og 28.8%, á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um rúml. 56.6%, þ. e. hlutfallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um ca. 127.6% á tímabilinu 1941—63. Í sex samliggjandi sveitarfélögum við innanverðan Faxaflóa hækkaði íbúatalan úr ca. 43400 upp í ca 97700. Á því litla landssvæði á nú rúmlega helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og stuðla að því, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því ekki, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins

og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregs-áætlunar er nú lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki. Í fleiri löndum eru nú gerðar opinberar ráðstafanir til að draga úr vexti stórborga og efla landsbyggð utan þeirra.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „atvinnu- og framleiðsluaukningar", sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur umsjón með og að því átti að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla, en af sjálfu atvinnuaukningarfénu hefur lítið runnið til sveitabyggðanna. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr., en var í fjárlögum fyrir árið 1962 aðeins 10 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—1960 og 1960—1961 flutt frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á þingi 1961—62 voru sett lög um atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og núverandi verðlag, og það lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kýs í upphafi kjörtímabils, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu. Framkvæmdin mun vera á þá leið, að sjóðsstjórnin kemur saman nokkra daga ár hvert, lítur yfir þann mikla fjölda umsókna, sem borizt hefur — án þess að eftir þeim sé auglýst —, og úthlutar 10 milljónunum — aðallega í einni lotu. Um skipulagða jafnvægisstarfsemi, byggða á fyrirframgerðri áætlun, er varla að ræða. Tilgangur sjóðsins er ekki glöggt markaður í lögunum. Sum ákvæði þeirra benda til þess, að hér sé aðallega um að ræða ráðstafanir gegn atvinnuleysi — eins konar útibú frá atvinnuleysistryggingasjóðnum —, en reyndin virðist vera sú í bili, að meiri hluti úthlutunarfjárins sé lánaður til fiskiskipa um land allt, út á síðari veðrétt, án sérstaks tillits til jafnvægissjónarmiðs. Er það út af fyrir sig gagnleg starfsemi, enda ekki við henni hróflað í þessu frumvarpi. En í lögunum um atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra felst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna er gert.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að ekki megi lengur dragast að koma á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að sú starfsemi verði að hafa við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér er um svo stórt og umfangsmikið verkefni að ræða, að engin von er til þess, að venjuleg úthlutunarnefnd, sem kemur saman á 1—2 skyndifundi árlega og skortir aðstöðu til að afla sér þekkingar á högum byggðarlaganna víðs vegar um land, geti innt það af hendi, svo að viðhlítandi sé, með þeim takmörkuðu fjármunum, sem lögin um atvinnubótasjóð gera ráð fyrir. Hér þarf að koma til föst stofnun með starfsmanni eða starfsmönnum, sem geta helgað sig viðfangsefninu, og sjóðsstjórn, sem innir af hendi annars konar starf en nú er

gert ráð fyrir. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa í atvinnulífinu á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni. Og hér þarf að koma til fjármagn, sem um munar.

Gert er ráð fyrir, að jafnvægissjóður fá til umráða 2% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1965. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1965 yrðu tekjur jafnvægissjóðs í fyrsta sinn um 70 millj. kr., og samkv. fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir þinginu, um 75 millj. kr., en breytast síðan í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega þessum lága hundraðshluta af tekjum sínum til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Rétt er líka að hafa það í huga, að ýmis framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga. Í 12. gr. frv. er gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái lántökuheimild allt að 200 millj. kr. á ári í 5 ár, og er gert ráð fyrir, að ríkissjóður ábyrgist þau lán, er sjóðsstjórnin tekur samkv. þeirri heimild.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn, sem að miklu leyti er sniðinn eftir frv., er efri deild Alþingis samþykkti árið 1956, um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdabankann. Á það skal minnt, að sú ríkisstofnun þykir víst ekki stór í sniðum nú á tímum, sem engan fastan starfsmann fær að hafa í þjónustu sinni. Jafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir jafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr jafnvægissjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að jafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun og það mál verður ekki leyst á annan hátt. — Er áður að því efni vikið. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram nokkurt fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið fé úr jafnvægissjóði á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr jafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Þá þykir og rétt að gera ráð fyrir, að svæða- eða fjórðungsnefndir, sem skipaðar

eru af sveitarstjórnum, sýslunefndum eða fjórðungsþingum til þess að gera áætlanir um framkvæmdir í samræmi við tilgang þessara laga í landsfjórðungi eða á nánar tilteknu svæði, geti fengið styrk úr jafnvægissjóði til starfsemi sinnar.

Algengt er, að komið sé upp atvinnufyrirtækjum með fjárhagslegum stuðningi ríkissjóðs, t. d. með ríkisábyrgð eða ríkisláni. Æskilegt er, að jafnvægissjónarmið komi til greina við staðsetningu slíkra fyrirtækja og að fjárhagsleg aðstoð ríkisins sé hverju sinni því skilyrði bundin, að jafnvægisnefnd hafi látið í ljós álit sitt um möguleika á því að koma staðsetningunni í samræmi við tilgang þessa frv., ef að lögum verður.

Lagt er til, að Framkvæmdabanki Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir jafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ekki tímabært að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum jafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. — Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. — Í öðrum landshlutum mundi jafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann og koma í veg fyrir yfirvofandi eyðileggingu verðmæta. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygginguna ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið meðal annars í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá jafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að jafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Jafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu með stuðningi við hana, heldur í því að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragist svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli

vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Í ákvæði til bráðabirgða er svo fyrir mælt, að jafnvægisnefnd skuli þegar eftir gildistöku frv., ef að lögum verður, gera bráðabirgðaáætlun um sérstaka aðstoð við þau byggðarlög, sem dregizt hafa aftur úr eða yfirvofandi hætta er á, að dragist aftur úr því, sem almennt er, að því er varðar aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, eða fara í eyði að verulegu eða öllu leyti, enda séu þar frá náttúrunnar hendi vel viðunandi skilyrði til atvinnurekstrar á landi eða sjó. Til þess er ætlazt, að bráðabirgðaáætlunin sé gerð í samráði við Landnám ríkisins, sem hefur þegar í höndum mikilsverðar upplýsingar á þessu sviði og þar með aðstöðu til að gera sér grein fyrir atvinnuskilyrðum frá náttúrunnar hendi í einstökum byggðarlögum. Lagt er til, að jafnvægisnefnd hafi heimild til að veita hlutaðeigandi sveitarfélögum óafturkræf framlög og verja til þess allt að þriðjungi af tekjum sjóðsins til ársloka 1968. Kæmi þá til álita að framlengja heimildina. Í ljós kemur, að sum byggðarlög eru nú þannig á vegi stödd, að hafa verður hraðan á, ef þær sérstöku ráðstafanir, sem þjóðfélagið kann að vilja gera þeim til aðstoðar, eiga ekki að verða um seinan. Í þessu sambandi skal minnzt á fundarsamþykktir um þetta efni, er birtar hafa verið opinberlega, t. d. frá aðalfundi Stéttarsambands bænda, kjördæmaþingum framsóknarmanna og fjórðungsþingi Vestfirðinga. Á fundi á Egilsstöðum á Fljótsdalshéraði var og um þetta efni rætt 1963, að viðstöddum ýmsum forustumönnum búnaðarmála, og 1964 á almennum héraðsmálafundi í Skúlagarði í Norður-Þingeyjarsýslu. Samdráttur byggðar í Flatey á Skjálfanda hefur verið í sérstakri athugun á vegum stjórnarvalda. Fleiri dæmi mætti nefna, er sýna aðkallandi nauðsyn þessa máls.

Þótt hér virðist einkum um að ræða byggarlög, sem styðjast við landbúnað eingöngu eða mestmegnis, er það þó ekki alltaf svo, og gera verður ráð fyrir, að allir aðalatvinnuvegir landsins komi til greina, er leita skal úrræða til eflingar þessum byggðarlögum. Því þykir rétt, að leitað sé álits landssambanda aðalatvinnuveganna, eftir því sem þurfa þykir, áður en úrræði eru ákveðin.

Kaupstaða- og kauptúnaráðstefnan á Akureyri s. l. vor bar vott um vaxandi viðnám í þeim landsfjórðungi, sem þar átti hlut að máli, gegn jafnvægisröskuninni. Fullvíst má telja, að sveitarstjórnir og sýslunefndir um land allt séu nú reiðubúnar til samstarfs við þjóðfélagið til verndar landsbyggð og til að afstýra yfirvofandi hættu.

Nd. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um verkfræðiráðunauta ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Ráða skal þrjá verkfræðiráðunauta til starfa í tilteknum umdæmum samkvæmt lögum þessum, einn í Norðurlandsumdæmi, annan í Austurlandsumdæmi, þriðja í Vesturlandsumdæmi. Verkfræðiráðunautur Norðurlandsumdæmis hefur aðsetur á Akureyri, og tekur umdæmi hans yfir Norðlendingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Austurlandsumdæmis hefur aðsetur í Egilsstaðakauptúni, og tekur umdæmi hans yfir Austfirðingafjórðung. Verkfræðiráðunautur Vesturlandsumdæmis hefur aðsetur á Ísafirði, og tekur umdæmi hans yfir Vestfirðingafjórðung, norðan Gilsfjarðar.

2. gr.

Verkfræðiráðunautur skal hafa lokið byggingarverkfræðiprófi, sem Verkfræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgilt próf í verkfræði. Við ráðningu í störf verkfræðiráðunauta skulu þeir umsækjendur sitja fyrir, sem hafa sérþekkingu á hafnagerð og vegagerð.

3. gr.

Verkfræðiráðunautur hefur, undir yfirumsjón vega- og vitamálastjóra, umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu og hefur á sama hátt með höndum undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við slík mannvirki, svo og viðhald þeirra að því leyti, sem ríkið lætur slíkt til sín taka.

4. gr.

Verkfræðiráðunautur skal, gegn hæfilegri þóknun til ríkisins, vera til ráðuneytis bæjarstjórnum, sýslunefndum og sveitarstjórnum við mannvirkjagerð í umdæmi sínu, eftir því sem því verður við komið og ríkisstjórnin samþykkir.

5. gr.

Ráðherra sá, er fer með vega- og hafnamál, ræður verkfræðiráðunauta og setur þeim erindisbréf, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Séu þessi mál ekki í höndum sama ráðherra, annast hlutaðeigandi ráðherrar ráðningu sameiginlega og gefa út erindisbréf. Laun verkfræðiráðunauta samkvæmt ráðningarsamningi skal greiða úr ríkissjóði, svo og aðstoð, annan skrifstofukostnað og ferðakostnað, eftir því sem fé er til þess veitt í fjárlögum. Semja má um það, að verkfræðiráðunautur fái laun sín og skrifstofukostnað að einhverju leyti hjá sveitarfélögum þeim, er njóta aðstoðar hans.

6. gr.

Ríkisstjórnin, sbr. 5. gr., gefur út reglugerð samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum vegamála- og vitamálastjóra. Skal þar m. a. ákveða, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar skuli hafa með höndum fjárreiður í sambandi við störf sín. Í reglugerðinni má, með samþykki hlutaðeigandi ráðuneytis, fela verkfræðiráðunaut, í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og húsameistara ríkisins, umsjón með hvers konar opinberri byggingarstarfsemi í umdæminu, svo sem skipulagi, byggingu skólahúsa, sjúkrahúsa, læknisbústaða, kirkna, embættisbústaða, félagsheimila o. s. frv., að svo miklu leyti sem ríkissjóður á þar hagsmuna að gæta.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er samið af Staðsetningarnefnd ríkisstofnana, sem skipuð var fyrir nokkrum árum, og var á sínum tíma afgreitt til ríkisstjórnarinnar. Í nefndinni áttu sæti Ágúst Þorvaldsson alþm., Ásgrímur Hartmannsson bæjarstjóri á Ólafsfirði, Gísli Guðmundsson alþm., sem var formaður nefndarinnar, Gunnlaugur Jónsson bankaritari á Seyðisfirði, ritari nefndarinnar, Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga og Jóhann Gunnar Ólafsson sýslumaður og bæjarfógeti á Ísafirði en síðar í hans stað Sturla Jónsson hreppstjóri á Suðureyri.

Greinargerð sú, er fylgdi frv. frá nefndinni, er svo hljóðandi:

„Frv. þetta er byggt á þeirri skoðun, að æskilegt sé, að opinberar framkvæmdir séu, eftir því sem við verður komið, sjálfstæð starfsemi í hverjum landsfjórðungi eða landshluta, og þá jafnframt því áliti, að stjórn þessara mála og sérþekkingu á þeim sé nú um of safnað saman í höfuðstað landsins. Með frv., ef að lögum yrði, væri gerð tilraun til úrbóta á þessu sviði.

Í frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir verkfræðiráðunautar í þjónustu ríkisins, einn fyrir Norðurland, annar fyrir Austurland og þriðji fyrir Vestfirði, enda hafi þeir fast aðsetur hver í sínu umdæmi. Ætlazt er til, að verkfræðiráðunautur lúti sameiginlegri yfirstjórn vegamálastjóra og vitamálastjóra á svipaðan hátt og t. d. sýslumaður lýtur sameiginlegri yfirstjórn a. m. k. tveggja ráðuneyta, en sé að öðru leyti sjálfstæður í starfi. Honum er ætlað að hafa umsjón með vega- og hafnarmannvirkjagerð í umdæmi sínu, svo og undirbúningsrannsóknir og áætlanagerð í sambandi við vegi og hafnir og að sjá um viðhald það, er ríkið lætur fram fara á slíkum mannvirkjum. Enn fremur er talið rétt, að heimilt sé að fela verkfræðiráðunaut hliðstæða umsjón með skipulagi og húsagerð á vegum hins opinbera í umdæmi hans. Loks er svo gert ráð fyrir þeim möguleika, að verkfræðiráðunautur og skrifstofa hans veiti bæjar- og sveitarfélögum verkfræðilega aðstoð, ef þess er óskað, gegn hæfilegri greiðslu, sem gangi til ríkisins eða verkfræðiráðunautar, eftir því, sem um semst. Telur nefndin, að það mundi vera mjög hagkvæmt fyrir bæjar- og sveitarstjórnir að geta hvenær sem er leitað til slíkrar stofnunar nærlendis í sambandi við ýmiss konar framkvæmdir á þeirra vegum, svo sem vatnsveitur, gatnagerð o. s. frv.

Að sjálfsögðu yrði ríkið að sjá verkfræðiráðunautunum fyrir hæfilegum starfsskilyrðum á hverjum stað, svo sem skrifstofuhúsnæði og starfskröftum til aðstoðar eftir því, hve mikil verkefnin reynast, m. a. sérfræðilegri aðstoð, ef á henni þarf að halda. Á það verður að leggja áherzlu, ef til kemur, að þannig verði að þessari starfsemi búið, að hægt sé að fá vel hæfa menn og áhugasama til að gerast verkfræðiráðunautar. Er sennilegt, að samvinna sú milli ríkis og sveitarfélaga, sem frv. gerir ráð fyrir, geti miðað í þá átt, ef vel er á haldið. En árangur af þeim ráðstöfunum, sem hér er um að ræða, verður að miklu leyti undir því kominn, hvernig til tekst um val ráðunautanna. Verkfræðingar þeir, sem skipa sæti verkfræðiráðunauta á Akureyri, Ísafirði og Egilsstöðum, verða að vera þess umkomnir að vera sjálfstæðir í starfi, þannig að þeim megi yfirleitt treysta eigi síður en hinum, sem starfa í aðalstöðvunum í Reykjavík, enda þótt yfirstjórnin syðra hafi úrskurðarvald og gefi fyrirmæli, ef á þarf að halda.

Í frv. er gert ráð fyrir, að sett verði ákvæði um það í reglugerð, að hve miklu leyti verkfræðiráðunautar eða skrifstofur þeirra skuli hafa með höndum fjármál í sambandi við störf sín. Er þar einkum átt við útborganir vegna framkvæmda. Hér er um mikilsvert mál að ræða, sem nefndin telur ekki rétt að gera ákveðnari tillögur um að svo stöddu. Hún telur það aðalatriði í þessu máli, að verkfræðistofnunum á Akureyri, Ísafirði og á Egilsstöðum verði komið á fót á þann hátt, sem um er rætt í frv. þessu og greinargerð, en að starfshættir þeirra og verksvið verði síðan að skapast smátt og smátt með hliðsjón af reynslu. Mætti þá svo fara, að stofnanir þessar yrðu, er tímar líða, alveg sjálfstæðir aðilar hver í sínum landshluta gagnvart fjárveitingavaldi og ríkisstjórn.

Í frv. þessu er ekki gert ráð fyrir sérstökum verkfræðiráðunautum á Suður- og Suðvesturlandi. Gert er ráð fyrir, að hinar opinberu framkvæmdir þar verði áfram í beinni umsjá hlutaðeigandi ríkisstofnana í Reykjavík.

Ef sæmilega tekst til, verður að ganga út frá því, að verkfræðiráðunautar á Ísafirði, Akureyri og Egilsstöðum létti störfum af hlutaðeigandi yfirstofnunum í Reykjavík, og að ekki þurfi því að verða verulegur kostnaðarauki að því fyrirkomulagi, sem hér er stungið upp á. Hins vegar telur nefndin, að því mundi verða vel tekið af mörgum og að mikið gagn ætti að geta að því orðið fyrir hlutaðeigandi landshluta, ef rétt er á haldið.“

Nefndarmenn þeir, er sæti eiga á Alþingi, telja nú rétt að hlutast til um, að þingið eigi þess kost að taka afstöðu til frv.

Nd. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 skal byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964, sem hér segir: Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkvæmt bókun í fundargerðabók Sexmannanefndar 24. febrúar 1965, og við það hvort tveggja leggst viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965, vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 20/1965, um breyting á lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar. Við aðkeypta vinnu bætist viðbót, sem er hlutfallslega hin sama og nefnd hækkun á bótaupphæðum almannatrygginga. Við fjárhæðir vinnuliða, þannig reiknaðar, bætist verðlagsuppbót, sbr. ákvæði 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa. — Aðrir útgjaldaliðir verðlagsgrundvallar 1964 skulu færðir fram til verðlags á hausti 1965 og eftir þeim reglum, sem gilda, þegar grundvelli hefur ekki verið sagt upp. Sama gildir um tekjuhlið verðlagsgrundvallar. Verð á ull og gærum í verðlagsgrundvelli 1965—1966 skal vera meðalútflutningsverð þessara afurða 1964—1965 að frádregnum áföllnum kostnaði, er útflutningur á sér stað, samkvæmt mati Hagstofunnar.

Þá er Hagstofan hefur reiknað verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, afhendir hún hann nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. til frekari meðferðar.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara 1965—1966 samkvæmt útreikningi Hagstofunnar skal gilda á allan hátt eins og hann hefði verið ákveðinn samkvæmt fyrirmælum II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

2. gr.

Á verðlagsárinu 1965—1966 skal nefnd þriggja manna fara með þau verkefni, sem samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, eru í höndum Sexmannanefndar og yfirnefndar hennar. Þetta tekur þó ekki til ákvörðunar á verðlagsgrundvelli, sem Hagstofan reiknar, sbr. 1. gr. þessara laga.

Í nefnd þessari skulu eftirtaldir menn eiga sæti: Ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hver nefndarmaður tilnefnir varamann, og starfar hann í nefndinni á eigin ábyrgð í forföllum aðal manns.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefnd þessari. Þó getur hver hinna þriggja nefndarmanna krafizt þess, að ákvæði fyrri málsliðs 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa, séu látin koma til framkvæmda hverju sinni, sem breyting verður á kaupgreiðsluvísitölu á verðlagsárinu 1965—1966. Sömuleiðis getur hver nefndarmaður krafizt þess, að ákvæði 1. og 2. málsgr. 9. gr. framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, um breytt afurðaverð til framleiðenda, séu látin koma til framkvæmda, þegar breyting hefur orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Nefndinni er heimilt að framkvæma verðtilfærslur milli einstakra afurðaliða í tekjuhlið verðlagsgrundvallar, enda haldist niðurstöðufjárhæð grundvallarins óbreytt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal starfa með nefndinni að verðlagningu landbúnaðarvara 1965—1966 á sama hátt og það starfar með Sexmannanefnd samkvæmt fyrirmælum í II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir nefndina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—66.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Landbúnaðarráðherra hefur tjáð oss, að miðstjórn Alþýðusambands Íslands hafi, með ákvörðun sinni um að hætta aðild að störfum Sexmannanefndar, komið í veg fyrir verðlagningu landbúnaðarvara á þessu hausti í samræmi við ákvæði II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, og að því sé nauðsynlegt að gefa út bráðabirgðalög um aðra skipun þessara mála, er gildi á verðlagsárinu 1965—1966.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Afurðaverð til framleiðenda landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 skal byggt á verðlagsgrundvelli, er Hagstofa Íslands reiknar eftir verðlagsgrundvelli haustsins 1964, sem hér segir: Við laun bónda og sjúkrasjóðsgjald bætist geymd hækkun samkvæmt bókun í fundargerðabók Sexmannanefndar 24. febrúar 1965, og við það hvort tveggja leggst viðbót, sem er að hundraðshluta jöfn þeirri hækkun, er verður á bótaupphæðum almannatrygginga á síðari hluta árs 1965, vegna ákvæða 3. gr. laga nr. 20/1965, um breyting á lögum nr. 40/1963, um almannatryggingar. Við aðkeypta vinnu bætist viðbót, sem er hlutfallslega hin sama og nefnd hækkun á bótaupphæðum almannatrygginga. Við fjárhæðir vinnuliða, þannig reiknaðar, bætist verðlagsuppbót, sbr. ákvæði 1. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa. — Aðrir útgjaldaliðir verðlagsgrundvallar 1964 skulu færðir fram til verðlags á hausti 1965 og eftir þeim reglum, sem gilda, þegar grundvelli hefur ekki verið sagt upp. Sama gildir um tekjuhlið verðlagsgrundvallar. Verð á ull og gærum í verðlagsgrundvelli 1965—1966 skal vera meðalútflutningsverð þessara afurða 1964—1965 að frádregnum áföllnum kostnaði, er útflutningur á sér stað, samkvæmt mati Hagstofunnar.

Þá er Hagstofan hefur reiknað verðlagsgrundvöll landbúnaðarvara samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, afhendir hún hann nefnd þeirri, er um ræðir í 2. gr. til frekari meðferðar.

Verðlagsgrundvöllur landbúnaðarvara 1965—1966 samkvæmt útreikningi Hagstofunnar skal gilda á allan hátt eins og hann hefði verið ákveðinn samkvæmt fyrirmælum II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

2. gr.

Á verðlagsárinu 1965—1966 skal nefnd þriggja manna fara með þau verkefni, sem samkvæmt II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, eru í höndum Sexmannanefndar og yfirnefndar hennar. Þetta tekur þó ekki til ákvörðunar á verðlagsgrundvelli, sem Hagstofan reiknar, sbr. 1. gr. þessara laga.

Í nefnd þessari skulu eftirtaldir menn eiga sæti: Ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Hver nefndarmaður tilnefnir varamann, og starfar hann í nefndinni á eigin ábyrgð í forföllum aðal manns.

Afl atkvæða ræður úrslitum í nefnd þessari. Þó getur hver hinna þriggja nefndarmanna krafizt þess, að ákvæði fyrri málsliðs 4. gr. laga nr. 63/1964, um verðtryggingu launa, séu látin koma til framkvæmda hverju sinni, sem breyting verður á kaupgreiðsluvísitölu á verðlagsárinu 1965—1966. Sömuleiðis getur hver nefndarmaður krafizt þess, að ákvæði 1. og 2. málsgr. 9. gr. framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960, um breytt afurðaverð til framleiðenda, séu látin koma til framkvæmda, þegar breyting hefur orðið á kaupi í almennri verkamannavinnu í Reykjavík.

Nefndinni er heimilt að framkvæma verðtilfærslur milli einstakra afurðaliða í tekjuhlið verðlagsgrundvallar, enda haldist niðurstöðufjárhæð grundvallarins óbreytt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal starfa með nefndinni að verðlagningu landbúnaðarvara 1965—1966 á sama hátt og það starfar með Sexmannanefnd samkvæmt fyrirmælum í II. kafla framleiðsluráðslaga, nr. 59/1960.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Þó skal Framleiðsluráð landbúnaðarins standa straum af kostnaði við öflun og úrvinnslu gagna, sem það leggur fyrir nefndina.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Akureyri og í Reykjavík, 11. september 1965.

Bjarni Benediktsson. Birgir Finnsson. Þórður Eyjólfsson.

Ingólfur Jónsson.

Ed. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um bygging skólamannvirkja.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til bygginga þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að til þess að ljúka þeim sem fyrst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG
um bygging skólamannvirkja.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um bygging skólamannvirkja, þar sem samin hefur verið framkvæmdaáætlun um skólabyggingar í því skyni, að þær byggingar verði látnar sitja fyrir, sem þörf er mest á, og til þess að byggingartími styttist frá því, sem verið hefur. Til þess að hægt sé að nota geymdar fjárveitingar til ákveðinna skólamannvirkja til framkvæmda við önnur skólamannvirki er óhjákvæmilegt að fá sérstaka lagaheimild til þess að fresta greiðslu fjárveitinga til þeirra bygginga, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu með þeim né að nothæfum áfanga og jafnframt að lána slíkt fé til þess að hraða byggingu annarra skólamannvirkja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fresta greiðslu fjárveitinga að einhverju eða öllu leyti til bygginga þeirra skólamannvirkja, sem fyrirsjáanlegt er, að hvorki er hægt að ljúka að fullu né að nothæfum áfanga með fjárveitingum Alþingis, sem fyrir hendi eru, og framlögum sveitarfélaga. Skulu þá slíkar fjárveitingar geymdar í ríkissjóði, en jafnframt heimilt að veita lán af þeim til þess að hraða byggingu þeirra skólamannvirkja, sem unnið er að til þess að ljúka þeim sem fyrst.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 28. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

Sþ. 28. Fyrirspurn [28. mál]

til samgöngumálaráðherra um vegaskatt.

Frá Gils Guðmundssyni og Geir Gunnarssyni.

1. Hefur samgöngumálaráðherra ákveðið að láta innheimta vegaskatt af bifreiðum, sem aka hina nýju Reykjanesbraut?
2. Ef svo er, hve hár verður sá skattur?
3. Hefur verið gerð áætlun um árlegar tekjur af slíkum skatti og kostnað við innheimtu hans?
4. Er fyrirhugað að taka upp þá reglu, að innheimta vegaskatt af umferð um aðra þjóðvegi, sem kunna að verða steinsteyptir eða malbikaðir á næstu árum?

Nd. 29. Frumvarp til laga [29. mál]

um raforkuveitur.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Á árunum 1966—1968 skal leggja rafmagnslínur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Skal framkvæmdunum skipt sem jafnast á árin og hagað þannig, að línur verði fyrst lagðar um sveitir, þar sem skemmst er milli býla, en síðan áfram í röð eftir vegalengdum og síðast um þau svæði, þar sem meðallínulengdin er mest.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmdir samkv. 1. gr. greiðist úr ríkissjóði, en ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til framkvæmdanna allt að 100 millj. kr.

3. gr.

Til þess að undirbúa ákvarðanir um, að hve miklu leyti raforkuþörf sveitanna verði fullnægt með línum frá samveitum, láti raforkuráð gera kostnaðaráætlanir um raflínulagnir frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðallínulengd milli býla er 2—2.5 km og 2.5—3 km. Einnig geri ráðið tillögur um aukna aðstoð til þeirra, er koma upp vatnsaflsstöðvum til heimilisnota utan samveitusvæðanna, t. d. með meiri og hagstæðari lánum. Þá geri raforkuráð tillögur um uppsetningu dísilstöðva til rafmagnsframleiðslu á þeim heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, og ekki hafa hagstæð skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, og séu tillögurnar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum.

Áætlanir þessar og tillögur verði fullgerðar fyrir 1. okt. 1966.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir 11—12 árum var ákveðið með lögum frá Alþingi, að gera skyldi áætlun um raforkuframkvæmdir á árunum 1954—1963, og að verja til þeirra a. m. k. 250 millj. kr., auk framlaga úr héruðum. Áætlun þessi hefur verið nefnd 10 ára áætlunin, og mun nú vera talið, að framkvæmdum samkvæmt henni sé um það bil lokið.

Það var aðalreglan við framkvæmd 10 ára áætlunarinnar að leggja rafmagnslínur um þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla var 1 km eða þar fyrir neðan.

Raforkumálaskrifstofan telur, að í árslok 1964 hafi rúmlega 2900 sveitabýli haft rafmagn frá almenningsveitum. Auk þeirra voru þá 480—490 býli, sem höfðu rafmagn frá sérstökum vatnsaflsstöðvum. Eftir þeim upplýsingum um heildartölu sveitabýla á landinu, sem fyrir liggja, má telja, að fjöldi þeirra býla, sem hvorki höfðu rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum, hafi verið hátt á annað þúsund í árslok 1964.

Á síðustu árum hafa verið fluttar tillögur á Alþingi um, að ljúka skyldi áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu sveitanna. Þær tillögur hafa ekki fengizt samþykktar í þinginu, og raforkuráð hefur ekki enn gengið frá slíkum áætlunum. En í lok júnímánaðar 1964 hafði raforkumálaskrifstofan lokið við að gera áætlun um raflínulagnir um þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er 1—2 km. Þegar frá eru talin þau býli, sem samkvæmt þeirri áætlun áttu að fá rafmagn árið 1965, náði áætlunin til samtals 774 býla, og var talið, að kostnaðurinn við raflínulagnir til þeirra mundi nema 147 millj. króna. Við þessa áætlun er þó það að athuga, að inn á hana vantar allmörg býli hér og þar á landinu, þar sem línulengd er innan við 2 km að meðaltali milli bæja.

Um árið 1965 er það að segja, að talið er, að í lok þess árs muni verða ólokið eftirtöldum veitum, sem samþykkt var að byggja á því ári, en ákveðið mun vera að koma þeim upp á árinu 1966:

Borðeyrarlínu, Reynihóla-, Hrísa- og Litluhlíðarlínu í V.-Húnavatnssýslu, Núpalínu og Gautlandalínu í S.-Þing., Kelduhverfislínu (33 býli) í N.-Þing., Fljótsdalslínu frá Hallormsstað (18 býli: Efni komið), og Snæhvammslínu í Breiðdal (Efni komið).

Hér að auki eru nokkrar línur, sem voru á áætlun 1965, enn í byggingu, misjafnlega langt á veg komnar.

Í 1. gr. frv., sem hér er fram borið, eru fyrirmæli um raflínulagnir á næstu 3 árum til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflsstöðvum, á þeim landssvæðum, þar sem meðallínulengd milli býla er allt að 2 km. Það má teljast auðvelt að ljúka þessu verkefni á 3 árum, eins og lagt er til í frumvarpsgreininni, en þess er brýn þörf, að hraðað verði svo sem unnt er að ljúka rafvæðingu allra byggða.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að ríkisstjórnin fái heimild til að taka lán til þeirra framkvæmda, er um ræðir í frv., að fjárhæð allt að 100 millj. kr. Eins og áður segir, áætlaði raforkumálaskrifstofan á miðju ári 1964, að kostnaður við þær rafmagnsveitur, sem áætlun hennar náði til eftir árslok 1965, mundi nema 147 millj. króna. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir 1966 eru ætlaðar 21.6 millj. kr. til rafvæðingar í sveitum. Verði svipaðar fjárveitingar til þeirra framkvæmda á árunum 1967 og 1968, vantar um 82 millj. kr. til að ljúka verkinu á næstu 3 árum. Þar koma til frádráttar heimtaugagjöld úr héruðunum, en hins vegar má búast við hækkun á framkvæmdakostnaði á þessu sviði sem öðrum, og þar sem inn á áætlunina vantar línur til allmargra heimila, sem þar ætti að taka með, þykir rétt að miða lántökuheimildina við 100 millj. kr.

Eins og áður segir, munu þau heimili hafa verið hátt á annað þúsund, sem ekki höfðu rafmagn frá samveitum né sérstökum vatnsaflsstöðvum í árslok 1964. En talið er, að þá hafi um 560 heimili haft rafmagn frá mótorstöðvum. Mjög víða er þar aðeins um að ræða ófullkomna úrlausn til bráðabirgða, meðan beðið er eftir raflínum frá samveitum. Raforkuþörf fólksins þarf að fullnægja með línum frá almenningsveitum, að svo miklu leyti sem mögulegt er, því að á þann hátt fæst bezt og öruggust þjónusta.

Til undirbúnings ákvörðunum um það, að hve miklu leyti rafmagnsþörfinni verður fullnægt með línum frá samveitum, þarf að gera áætlanir um kostnað við línulagnir um svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er yfir 2 km. Rétt þykir að fá þær kostnaðaráætlanir í tvennu lagi, þ. e. um byggðir, þar sem meðallínulengdin er 2—2.5 km, og aðra áætlun um þau svæði, þar sem línulengdin er 2.5—3 km að meðaltali.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um að fela raforkuráði að gera þær kostnaðaráætlanir, er um getur hér að framan. Það verk ætti að vera fremur auðunnið, þar sem raforkumálaskrifstofan mun hafa það yfirlit um byggðirnar, sem þörf er fyrir til að gera slíka áætlun. Þegar þessar kostnaðaráætlanir liggja fyrir, þarf Alþingi að ákveða, á hvern hátt þau svæði, er þær ná yfir, verða rafvædd.

Samkvæmt 3. gr. frv. er raforkuráði einnig ætlað það verkefni að gera áætlanir um meiri aðstoð en nú er veitt við byggingu vatnsaflsstöðva fyrir einstök heimili eða fleiri saman, t. d. með auknum hagstæðum lánum. Enn fremur að gera áætlanir um uppsetningu dísilstöðva, þar sem önnur úrræði eru ekki fyrir hendi, og verði áætlanir þessar við það miðaðar, að notendur slíkra stöðva njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Þetta gæti orðið annað hvort á þann hátt, að hið opinbera kæmi stöðvunum upp og leigði þær fyrir hóflegt gjald, eða að veitt yrðu ríflég lán með lágum vöxtum og jafnvel beinn stuðningur til kaupa á stöðvunum.

Lagt er til, að áætlanagerð þeirri, er um ræðir í 3. gr., verði lokið fyrir 1. október næsta ár. Getur þá næsta Alþingi tekið þetta þýðingarmikla mál til úrlausnar.

Það er í beinu framhaldi af því, sem áður var samþykkt um 10 ára áætlunina og framkvæmd hennar, að nú þegar séu gerðar og staðfestar nýjar áætlanir um að ljúka rafvæðingu landsins að fullu á svo skömmum tíma sem unnt er. Það fólk, sem enn er án þeirra miklu þæginda, sem rafmagnið veitir, á fullan rétt á því, að eftir því sé munað og að það fái að vita, án óþarfrar tafar, hvenær rafmagnið verður flutt inn á heimili þess. Örugg vitneskja um þetta er mikils virði fyrir þá, sem bíða eftir rafmagninu, og ákvarðanir í málinu hafa þegar dregizt of lengi.

Fylgiskjal.

Áætlanir raforkumálaskrifstofunnar frá 30. júní 1964, sem vitnað er til í framanritaðri greinargerð, eru birtar hér sem fylgiskjal með frumvarpinu. En í sambandi við þær áætlanir vilja flutningsmenn frumvarpsins taka þetta fram:

1. Áætlanir raforkumálaskrifstofunnar gera ráð fyrir, að framkvæmdirnar skiptist á 5 ár frá árslokum 1965, þ. e. á árin 1966—1970. En í þessu frumvarpi er lagt til, að verkinu verði lokið á næstu 3 árum, 1966—1968, þannig, að í árslok 1968 hafi raflínur verið lagðar um öll þau svæði, þar sem meðallínulengd milli býla er 2 km eða minni. Þetta má telja vel framkvæmanlegt.
2. Áætlanirnar munu mega teljast frumdrög, sem eftir er að endurskoða, og inn á þær vantar allmörg býli, sem frumvarp þetta tekur til, þar sem línur til þeirra eru ekki yfir 2 km að meðaltali. Verður þetta atriði athugað sérstaklega við meðferð málsins.
3. Áætlanir þessar hafa ekki enn hlotið samþykki raforkuráðs.

Með þessum athugasemdum eru birtar áætlanir raforkumálaskrifstofunnar hér á eftir.

Framkvæmdaáætlun Héraðsrafmagnsveitna ríkisins árin 1965—1970.

Framkvæmdaáætlun árið 1966	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Óseyrarl. Stöðvarf. S-Múl.	2	–	2	1.0	0.50	
Eyvindarmúlal. Fljótshl. Árness.	3	–	2	2.5	0.83	
Langadalsl. u. Holtast. A-Hún.	5	–	5	5.3	1.06	
Hrafnhólsl. frá Hólum í Hjaltadal	4	–	3	4.3	1.07	
Lækslína Holtum Rang.	2	–	1	2.2	1.10	
Sauðadalsárl. Vatnsn. V-Hún.	7	–	3	7.8	1.12	
Köldukinnarlína S-Þing.	14	1	13	16.2	1.16	
Laxárdalslína Dalasýslu	12	–	9	14.0	1.17	
Kelduhverfislína II N-Þing.	12	–	7	14.0	1.17	
Blöndudalslína I A-Hún.	10	–	9	12.0	1.20	
Álfgeirsvallal. Lýt. Skagafjarðars.	3	–	3	3.6	1.20	
Rauðabergslína Mýrahr. A-Skaftaf.	6	–	4	7.2	1.20	

Framkvæmdaáætlun árið 1966	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Tungufellsl. Hrunamannahr. Árn.	13	–	7	15.6	1.20	
Hólsl. við Bíldudal Barðastrandars.	1	–	1	1.2	1.20	
Vaðsl. frá Köldukinn S-Þing.	2	–	1	2.5	1.25	
Húsabakkal. Aðaldal S-Þing.	2	–	2	2.5	1.25	
Þverárhlíðarlína Mýrasýslu	13	–	12	16.4	1.26	
Flókadalslína Borgarf.	12	–	11	15.4	1.28	
Hálsasveitarlína Hvítársíða I	15	3	13	19.3	1.29	
Heiðarlína Rangárvöllum	2	–	1	2.6	1.30	
Innstalandsl. Reykjastr. Skagaf.	5	1	4	6.6	1.32	
Hurðarbaksl. Torfalækjarhr. A-Hún.	4	–	3	5.3	1.33	
Staðarsveitarlína II Snæfellsn.	31	5	24	41.4	1.34	
Samtals	179	10	140	218.9		28.27

Framkvæmdaáætlun árið 1967	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Miklaholts- Eyja- Kolbeinst.hr.lína	27	5	22	36.4	1.34	
Urriðafosslína Árnessýslu	5	–	4	7.0	1.40	
Bjarghúslína Þorkelshólshr. V-Hún.	2	–	2	2.8	1.40	
Seljavallalína Eyjafjallahr. R.	1	–	1	1.4	1.40	
Austureyjarlína Laugardal Árn.	2	–	2	2.8	1.40	
Tungulækjarl. Borgarhr. Mýras.	8	1	6	11.3	1.41	
Lundarreykjadalslína I Borgarfj.	17	3	14	24.6	1.42	
Álftafjarðarlína frá Súðav. N-Ís.	7	–	6	10.0	1.43	
Þverárlína frá Urðarbaki V-Hún.	10	–	8	14.3	1.43	
Reyðarfjarðarlína (út)	5	–	5	7.2	1.44	
Valbjarnarvallalína Mýrasýslu	3	–	2	4.3	1.44	
Vopnafjarðarlína I og II	25	3	19	36.1	1.45	
Fellalína frá Ekkjuf. N-Múl.	16	2	10	23.5	1.47	
Fitjadalsl. Fr.-Torf. V-Hún.	8	–	5	12.0	1.50	
Hjallalandslína Vatnsd. A-Hún.	3	–	3	4.5	1.50	
Hofslína Svartárdal Skagaf.	14	1	12	21.0	1.50	
Flatatungulína frá Silfrastöðum Skagaf.	2	–	2	3.0	1.50	
Kjóastaðalína Bisk. Árnessýslu	7	1	6	10.5	1.50	
Hraunsmúlalína Kolbeinsstaðahr.	2	–	2	3.0	1.50	
Hofstaðalína frá Bjarkal. Barðast.	2	–	2	3.0	1.50	
Samtals	162	16	133	238.7		29.50

Framkvæmdaáætlun árið 1968	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Ingjaldssandslína V-Ís.	8	1	4	12.0	1.50	
Fnjóskadalslína suðurhluti S-Þing.	6	–	6	9.1	1.52	
Kelduhverfislína III N-Þing.	12	–	10	18.4	1.53	
Haukadalslína Dalasýslu	11	1	10	16.9	1.54	
Bæjarhreppslína frá Borðeyri	20	1	13	31.4	1.55	
Skeggjastaðalína frá Höfn N-Múl.	6	3	4	9.3	1.55	
Helgafellslína Snæfellsness.	16	1	14	25.5	1.59	
Sólheimalína Svínavatnshr. A-Hún.	6	1	5	9.5	1.59	
Skagalína frá Höfðakaupstað	9	1	9	14.3	1.59	
Vatnsneslína að Tjörn V-Hún.	12	1	9	19.4	1.60	

Framkvæmdaáætlun árið 1968	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Vopnafjarðarlína III N-Múl.	10	1	8	16.0	1.60	
Fljótsdalsl. II að Þuríðarst. N-Múl.	4	–	3	6.4	1.60	
Breiðdalslína II S-Múl.	4	–	4	6.4	1.60	
Skriðdalslína S-Múl.	13	1	17	29.1	1.62	
Þjórsárholtslína Gnúpverjahr. Árn.	3	–	3	4.9	1.63	
Helgustaðahreppslína Eskif. S-Múl.	6	1	6	10.0	1.67	
Lundarreykjadalslína II Borg.	11	1	10	18.8	1.67	
Samtals	162	14	135	257.4		30.97

Framkvæmdaáætlun árið 1969	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Áreyjalína Reyðarf.	5	–	5	8.4	1.68	
Stóra-Vatnsskarðslína Skagaf.	3	–	2	5.1	1.70	
Þingeyrarhreppslína V-Ís.	8	–	6	13.6	1.70	
Miðfjarðarlína V-Hún.	9	1	9	15.3	1.70	
Kollafjarðarlína Strandasýslu	14	1	10	24.0	1.71	
Herríðarhólslína Holtahr. R.	4	–	4	6.9	1.73	
Hjaltastaðalína I og II N-Múl.	19	2	18	33.5	1.76	
Hálsasveit Hvítársíða II Borg.	8	–	7	14.1	1.77	
Hvammslína Dalasýslu	16	2	16	28.6	1.77	
Hafnarneslína frá Stöðvarf.	4	2	2	7.6	1.79	
Miðfjarðarneslína frá Skeggjast. N-Múl.	8	–	5	14.4	1.80	
Gufuárlína Borgarhr. Mýrasýslu	1	–	1	1.8	1.80	
Berufjarðarlína frá Lágaf. Breiðdals.	22	1	17	39.7	1.80	
Svínadalslína A-Hún.	15	1	13	27.3	1.82	
Grafningslína frá Bildsf. Árn.	4	–	3	7.3	1.83	
Mánaskálarlína Vindh.hr. A-Hún.	3	–	3	5.5	1.83	
Stóra-Hraunslína Kolb. Snæf.	2	–	2	3.6	1.83	
Samtals	145	10	123	256.0		29.88

Framkvæmdaáætlun árið 1970	Býli	Aðrir not.	Spst	km	km/ býli	Kostn. Mkr.
Bárðardalslína S-Þing.	23	3	19	42.0	1.83	
Súluvallal. Vatnsn. V-Hún.	7	–	7	13.0	1.86	
Blöndudalsl. II A-Hún.	3	–	3	5.7	1.90	
Múlal. v. Gilsfj. A-Barðas.	3	1	3	5.7	1.90	
Barðastrandarl. frá Patr.	29	2	25	56.0	1.93	
Kalmanstungul. frá Gilsb. Mýrasýslu	6	–	5	11.6	1.94	
Staðarfellsl. Dalasýslu	18	2	18	36.5	2.04	
Hólsl. Önundarf. V-Ísaf.s.	2	–	2	4.0	2.00	
Valdasteinsst.l. frá Stað Hrútafirði	3	–	3	6.0	2.00	
Grænumýrart.l. Hrútafirði	2	–	2	4.0	2.00	
Bjarnarfjarðarl. Strandas.	9	4	7	19.2	2.14	
Holtsl. Þistilf. N-Þing.	2	–	2	4.0	2.00	
Breiðdalsl. III S-Múlas.	16	–	15	31.8	2.00	
Villingavatnsl. Grafningi Árn.	2	–	2	4.0	2.00	
Brúsastaðalína Þingvallas. Árnessýslu	1	–	1	2.0	2.00	
Samtals	126	12	114	245.5		28.27

Ed. 30. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 5000 kr., og auk þess allt að 1000 kr. fyrir hvert barn, sem er á skyldufamfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 1000 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgrein.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefur ekki falið það öðrum.

Ekki má undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 18 frá 23. júní 1932.

Greinargerð.

Í 27. gr. aðfararlaganna, eins og henni var breytt með lögum 18/1932, er ákveðið, að skuldunautur megi undanskilja fjárnámi nauðsynjar, er nema 100 kr., ef sá á í hlut, sem ekki á fyrir heimili að sjá, en ella 500 kr., og auk þess 100 kr. fyrir hvert barn. Vegna verðlagsbreytinga frá því fjárhæðir þessar voru ákveðnar 1932 eru undanþáguákvæði þessi nær einskis virði, ef bókstaflega væru skilin. Hér er því lagt til að hækka þessar fjárhæðir, þannig að sá, sem á fyrir heimili að sjá, megi undanskilja 5000 kr. og auk þess 1000 kr. fyrir hvert barn, en einhleypir menn 1000 kr. svo og sömu upphæð fyrir börn eins og áður getur, ef þeir eiga fyrir þeim að sjá.

Í frumvarpi þessu felst einnig sú breyting, að framangreindar undanþágur eiga einnig að koma til greina, þegar heimtir eru skattar eða önnur opinber gjöld, en samkvæmt gildandi lögum má ekki undanþiggja fjárnámi nauðsynjar samkvæmt 27. gr., þegar opinber gjöld eru innheimt með aðför.

Ed. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um breyting á lögum nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbanka Íslands.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Karl Kristjánsson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

3. málsgr. 16. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Á eftir 17. gr. laganna komi fjórar nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (18. gr.) Tekjur veðdeildarinnar aðrar en þær, er um ræðir í 16. og 17. gr., eru þessar:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs 20 millj. kr.
2. Árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt 13. gr. laga nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
3. Framlag samkvæmt 9. gr. laga nr. 44 1957, um skatt á stóreignir.
4. Vaxtatekjur.

b. (19. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, allt að 100 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.

c. (20. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa, sbr. 16. gr.

Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem veðdeild Búnaðarbankans veitir.

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

d. (21. gr.) Heimilt er veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greitt í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 20. gr. Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

3. gr.

21. gr. laganna orðist svo:

Lán vegna jarðakaupa mega nema allt að 70% virðingarverðs fasteignar. Önnur lán mega ekki vera hærri en ⅗ af virðingarverði fasteignar.

Nú er veitt lán vegna jarðakaupa og jörðin er veðsett til tryggingar lánum úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar á jörðinni, og má þá lækka veðdeildarlán miðað við hlutfall virðingarverðs fasteignarinnar samkvæmt 1. málsgr. um þá fjárhæð, sem nemur stofnlánadeildarlánum, er á jörðinni hvíla, þegar sala fer fram.

Að jafnaði skal lána gegn 1. veðrétti. Heimilt er þó að taka gildan 2. eða síðari veðrétti, ef opinberir sjóðir einir eiga forgangsveð.

Lánstími má vera allt að 40 ár, en nánari ákvæði um lánstíma eftir því, hverrar tegundar veðið er, má setja með reglugerð.

Lán vegna jarðakaupa skulu vera afborgunarlaus fyrstu 2 árin.

Vextir af lánum vegna jarðakaupa skulu eigi vera hærri en 4%.

4. gr.

Síðari málsl. 23. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Í stað 1. málsgr. 24. gr. laganna komi tvær málsgr., svo hljóðandi:

Lán, sem veðdeildin veitir til kaupa á jörð, greiðir hún í peningum að ⅗ hlutum, en ⅖ hluta lánsfjárhæðarinnar greiðir veðdeildin í peningum eða bankavaxtabréfum, sem gefin eru út samkvæmt 20. gr. (sbr. 21. gr.)

Önnur lán, sem veðdeildin veitir, greiðir hún í vaxtabréfum sínum eftir ákvæðisverði þeirra eða í peningum með þeirri upphæð, sem hún getur fengið fyrir bréfin að frádregnum sölukostnaði. Semja má um sölu vaxtabréfa hvers flokks fyrir fram í einu eða fleira lagi, enda samþykki ráðherra söluverðið.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í landbúnaðinum hafa orðið miklar framfarir á undanförnum árum, og á því sviði er ör þróun. Ræktunin eykst ár frá ári, og í löggjöfinni er stefnt að því, að túnstærð á jörðum yfirleitt verði ekki undir 25 ha. Ný og fullkomin hús eru reist á hverri jörð og vélarafli beitt við framleiðsluna.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast. En hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga með því að veita lán með góðum kjörum þeim, er kaupa jarðir. Með hagkvæmum lánum í þessu skyni verður ungu kynslóðinni kleift án þess að reisa sér hurðarás um öxl að eignast jarðir og hefja atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Ríkisvaldinu ber, að dómi flm., að stuðla að því, að sem minnst röskun verði á búsetu fólks í sveitum. En þótt löggjöfin sé við það miðuð, hljóta alltaf að verða árlega ábúenda- og eigendaskipti á allmörgum jörðum á landinu. Það er varhugaverð þróun, að fésterkir aðilar, sem hafa ekki atvinnu við búskap, kaupi hlunnindajarðir einungis vegna hlunnindanna, hagnýti þau, en nytji jarðirnar lítt eða ekki að öðru leyti. Hins vegar sé fólki, sem hefur hug á að hefja búskap, örðugt eða jafnvel ókleift að komast yfir jarðnæði, af því að lán til jarðakaupa eru alls kostar ófullnægjandi. Brýna nauðsyn ber til þess, að með löggjöf sé lagður grundvöllur að fullnægjandi lánastarfsemi á þessu viðskiptasviði, og að því er stefnt með þessu frumvarpi.

Lán eru veitt til íbúðarhúsa hvar sem er á landinu og stefnt að því, að þau nemi allt að ⅔ hlutum byggingarkostnaðar. Lán til verkamannabústaða eru þó mun hærri en íbúðarlán Húsnæðismálastofnunar ríkisins og með mjög góðum kjörum. Stofnlán til fiskiskipa, sem keypt eru til landsins, nema ⅔ kaupverðs, og til skipa, sem smíðuð eru innanlands, allt að 75% kostnaðarverðs. Samkvæmt þessu skipta nokkrum milljónum stofnlán út á meðalfiskiskip. En sökum fjárskorts hefur veðdeild Búnaðarbankans til þessa ekki veitt hærri jarðakaupalán en 100 þús. kr. út á bújörð, sem keypt er, og þó hefur veðdeildin ekki getað fullnægt eftirspurn lána.

Í frv. þessu er svo fyrir mælt, að lán, sem veðdeildin veitir vegna jarðakaupa, megi nema allt að 70% af virðingarverði fasteignar. Miðað er við, að í framkvæmd verði tekið tillit til lána úr Stofnlánadeild Búnaðarbankans, sem á hlutaðeigandi jörð hvíla og veitt hafa verið til bygginga eða ræktunar, þannig að lán úr veðdeild megi lækka miðað við þetta hlutfall virðingarverðs sem stofnlánadeildarlánum nemur.

Í frv. þessu er kveðið á um að stórauka fjármagn veðdeildarinnar frá því, sem nú er. Samkvæmt frv. verða tekjur veðdeildarinnar árlegt ríkisframlag 20 millj. kr., 10 millj. kr. árlegt framlag frá Stofnlánadeild landbúnaðarins samkvæmt heimild í stofnlánadeildarlögunum, enn fremur hluti af stóreignaskatti samkvæmt lögum nr. 44/1957, um skatt á stóreignir, svo og vaxtatekjur.

Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána veðdeild Búnaðarbankans allt að 100 millj. kr. Samkvæmt frv. skal veðdeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að nokkur hluti lánsfjárhæðarinnar sé greiddur í bankavaxtabréfum.

Sþ. **32. Tillaga til þingsályktunar** [32. mál]

um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrumvörp um það efni. Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber nefndinni að athuga eftirtalin atriði:

a. hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;
b. hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og
c. hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar.

Greinargerð.

Í ýmsum löndum gætir þjóðaratkvæðis talsvert sem löggjafaraðila. Þjóðaratkvæði mun t. d. allmikið notað í Sviss, Kanada og sumum öðrum brezku samveldislöndunum og í einstökum fylkjum Bandaríkjanna. Heimild til þjóðaratkvæðis er í stjórnlögum margra ríkja, svo sem Austurríkis, Tékkóslóvakíu, Danmerkur o. fl. Í sumum löndum er beinlínis stjórnarskrárbundið, að almenn atkvæðagreiðsla kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrumvörp. Annars staðar veita stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis, þ. e. a. s. veita tilteknum aðilum svo sem ákveðinni tölu þingmanna eða tilteknum fjölda kjósenda, rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar geta ýmist verið ákvarðandi um gildi þeirra laga eða lagafrumvarpa eða aðeins til leiðsagnar fyrir löggjafann.

Í þessum tilvikum byggist bein þátttaka kjósenda í löggjafarstarfi — hvernig svo sem henni er nánar fyrir komið — á stjórnarskrárákvæðum. En auk þess mun sums staðar nokkuð tíðkast, að svo sé mælt fyrir í einstökum lögum, að þau skuli ekki koma til framkvæmda eða jafnvel ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér á landi hefur kveðið lítið að þjóðaratkvæði. Samkvæmt stjórnarskránni er þó skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmál í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarp, sem horfir til breytinga á kirkjuskipuninni, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 62. gr. stjskr. Í hinu tilvikinu er um að tefla lög, sem forseti hefur synjað staðfestingar samkvæmt 26. gr. stjskr. Á hvorugt þessara tilvika hefur reynt í framkvæmd, og hefur þjóðaratkvæðagreiðsla því aldrei farið fram samkvæmt þeim. Engin ákvæði eru til í stjórnarskránni um skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. Hafa slík heimildarákvæði aldrei verið í íslenzku stjórnarskránni.

Það er að ýmissa dómi illa farið, að þjóðaratkvæði skuli ekki hafa verið notað hér meir en raun ber vitni. Eru sumir þeirrar skoðunar, að við getum þar lært af þeim þjóðum, sem áður eru nefndar. Hér skal að svo stöddu enginn dómur á það lagður, hvort aukin notkun þjóðaratkvæðis muni henta hér á landi. En það er ástæða til að taka það efni til rækilegrar rannsóknar. Og það er vissulega athugandi, hvort ekki sé rétt að breyta hér um stefnu og nota þjóðaratkvæði meira í framtíðinni en að undanförnu til þess að kanna afstöðu landsmanna til mikilvægra þjóðmála. Þjóðaratkvæði getur, ef vel tekst til, verið mikilsverður þáttur í lýðræðislegum

stjórnarháttum. Má raunar segja, að í því sé fólgið hið fyllsta lýðræði að veita kjósendum þannig beina þátttöku í löggjafarstarfi. Það virðist að minnsta kosti fullkomin ástæða til að athuga, hvort ekki sé skynsamlegt að taka upp í stjórnarskrána skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. En þá rís sú spurning, hverjum nánari skilyrðum sú heimild eigi að vera bundin. Og þegar hér á að athuga möguleika til aukinnar notkunar þjóðaratkvæðis, þarf margs að gæta. Það þarf meðal annars að kynna sér löggjöf og reynslu annarra þjóða í þessu efni. Það þarf að átti sig á, hvort heppilegra sé, að þjóðaratkvæði sé ákvarðandi eða aðeins ráðgefandi. Enn fremur er spurningin, hvaða aðilar eigi að hafa rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá koma og auðvitað til athugunar hin neikvæðu atriði í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem fyrirhöfn, kostnaður, dreifing ábyrgðar o. fl., o. fl.

Það er af greindum ástæðum tímabært að dómi flutningsmanna þessarar tillögu, að fram fari rækileg rannsókn á þessu sviði. Það er eðlilegt, að sú rannsókn sé framkvæmd af þingkjörinni nefnd, sem vitaskuld yrði að njóta aðstoðar sérfróðra manna.

Tillaga sama efnis var flutt á Alþingi fyrir þremur árum síðan, en náði þá eigi fram að ganga. Nú þykir flutningsmönnum rétt að hreyfa málinu á ný.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.

Ed. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að af allri bræðslusíld, sem veiðist frá og með 15. júní til 31. desember 1965 á svæðinu frá Rit norður og austur að Stokksnesi við Hornafjörð, greiðist sérstakt gjald, kr. 15.00 á hvert landað mál bræðslusíldar, hvar sem henni er landað. Af hausum og slógi frá síldarsöltunarstöðvum greiðist hálft gjald. Síldarverksmiðjur þær, sem veita síldinni móttöku, inna gjaldið af hendi til sjóðsstjórnar samkvæmt 3. gr.

2. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt 1. gr. er heimilt að verja sem hér segir:

a) Til að hækka fersksíldarverð til söltunar greiðist uppbót, er nemi allt að kr. 30.00 á hverja uppsaltaða síldartunnu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar sbr. 3. gr.

b) Til að greiða síldveiðiskipum, sem sigla með eigin afla frá veiðisvæðum sunnan Bakkaflóadýpis til hafna vestan Tjörness, 15.00 kr. flutningastyrk á hvert mál bræðslusíldar. Þessi styrkur skal því aðeins greiddur, að þrær síldarverksmiðja á Austfjörðum séu fullar eða að fyllast og löndunartöf á Raufarhöfn. Styrkurinn er þar að auki bundinn því skilyrði, að sú verksmiðja, sem síldinni veitir móttöku, greiði kr. 10.00 fyrir hvert mál umfram hið almenna bræðslusíldarverð til hlutaðeigandi fiskiskips, þannig að heildarflutningsgjald til síldveiðiskipanna nemi kr. 25.00 á mál.

c) Heimilt skal að verja allt að 4 millj. króna:

1) Til að standa straum af útgerð sérstaks flutningaskips, er flytji kælda síld til söltunar eða frystingar til Norðurlandshafna vestan Tjörness og til hafna við Steingrímsfjörð.

2) Til að veita sérstakan stuðning þeim síldveiðiskipum, sem skila eigin afla, veiddum sunnan Bakkaflóadýpis, af söltunar- og frystingarhæfri síld, til hafna á því svæði sem að framan greinir.

Styrkur sá, sem um ræðir í þessum lið, má nema allt að kr. 50.00 á hverja uppsaltaða tunnu eða kr. 34.00 á hverja uppmælda tunnu til frystingar. Styrkurinn skal aðeins greiddur síldveiðiskipum samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi við sérstaka nefnd, sem skipuð verður til að framkvæma ráðstafanir þær er um getur í c-lið þessarar greinar.

3. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna sjóðsstjórn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Síldarverksmiðja ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi, einn samkvæmt tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn skipaður án tilnefningar af ríkisstjórninni. Nefndin kýs sér formann.

Verkefni sjóðsstjórnarinnar er að sjá um innheimtu gjalds samkvæmt 1. gr. þessara laga, ráðstöfun þess samkvæmt 2. gr., a. og b., þar á meðal hvenær flutningastyrkur á bræðslusíld skuli greiddur samkvæmt b. lið 2. gr.

Verði mismunur á milli tekna og gjalda sjóðsins færist hann til næsta árs.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf sjóðsins, þar á meðal laun nefndarmanna, skulu greiðast af fé hans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins, sem fer hér á eftir:

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um verðjöfnunar- og flutningasjóð síldveiða árið 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að verðþróun á síld til söltunar og bræðslu, hafi orðið sú undanfarið að hætt sé við, að örðugt reynist að fá síld til söltunar á komandi sumri að óbreyttum aðstæðum. Geti þetta ástand dregið verulega úr síldarsöltun og þannig haft alvarleg áhrif á aðstöðu Íslands á erlendum mörkuðum fyrir saltsíld og stórspillt afkomumöguleikum þeirra, sem atvinnu hafa af síldarsöltun. Því beri brýna nauðsyn til að komið verði á verðjöfnun milli síldar í bræðslu og síldar í salt.

Þá sé enn fremur nauðsynlegt að draga úr bið fiskiskipa í Austfjarðahöfnum og greiða jafnframt fyrir siglingum síldveiðiskipa með eigin afla til hafna norðanlands.

Loks hafi atvinnurekstur á undanförnum árum átt örðugt uppdráttar í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum norðanlands, vegna aflaleysis og af öðrum ástæðum. Til að bæta úr þessu ástandi sé ráðgert að hefja sérstakar aðgerðir, sem hafi í för með sér nokkurn kostnað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða að af allri bræðslusíld, sem veiðist frá og með 15. júní til 31. desember 1965 á svæðinu frá Rit norður og austur að Stokksnesi við Hornafjörð, greiðist sérstakt gjald, kr. 15.00 á hvert landað mál bræðslusíldar, hvar sem henni er landað. Af hausum og slógi frá síldarsöltunarstöðvum greiðist hálft gjald. Síldarverksmiðjur þær, sem veita síldinni móttöku, inna gjaldið af hendi til sjóðsstjórnar samkvæmt 3. gr.

2. gr.

Fé því, sem innheimtist samkvæmt 1. gr. er heimilt að verja sem hér segir:

a) Til að hækka fersksíldarverð til söltunar greiðist uppbót, er nemi allt að kr. 30.00 á hverja uppsaltaða síldartunnu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar sbr. 3. gr.

b) Til að greiða síldveiðiskipum, sem sigla með eigin afla frá veiðisvæðum sunnan Bakkaflóadýpis til hafna vestan Tjörness, 15.00 kr. flutningastyrk á hvert mál bræðslusíldar. Þessi styrkur skal því aðeins greiddur, að þrær síldarverksmiðja á Austfjörðum séu fullar eða að fyllast og löndunartöf á Raufarhöfn. Styrkurinn er þar að auki bundinn því skilyrði, að sú verksmiðja, sem síldinni veitir móttöku, greiði kr. 10.00 fyrir hvert mál umfram hið almenna bræðslusíldarverð til hlutaðeigandi fiskiskips, þannig að heildarflutningsgjald til síldveiðiskipanna nemi kr. 25.00 á mál.

c) Heimilt skal að verja allt að 4 millj. króna:

1) Til að standa straum af útgerð sérstaks flutningaskips, er flytji kælda síld til söltunar eða frystingar til Norðurlandshafna vestan Tjörness og til hafna við Steingrímsfjörð.

2) Til að veita sérstakan stuðning þeim síldveiðiskipum, sem skila eigin afla, veiddum sunnan Bakkaflóadýpis, af söltunar- og frystingarhæfri síld, til hafna á því svæði sem að framan greinir.

Styrkur sá, sem um ræðir í þessum lið, má nema allt að kr. 50.00 á hverja uppsaltaða tunnu eða kr. 34.00 á hverja uppmælda tunnu til frystingar. Styrkurinn skal aðeins greiddur síldveiðiskipum samkvæmt fyrirfram gerðu samkomulagi við sérstaka nefnd, sem skipuð verður til að framkvæma ráðstafanir þær er um getur í c-lið þessarar greinar.

3. gr.

Ríkisstjórnin skipar 7 manna sjóðsstjórn. Einn stjórnarmanna skal tilnefndur af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, einn samkvæmt tilnefningu Sjómannasambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Síldarverksmiðja ríkisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands síldarverksmiðja á Norður- og Austurlandi, einn samkvæmt tilnefningu Félags síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og einn skipaður án tilnefningar af ríkisstjórninni. Nefndin kýs sér formann.

Verkefni sjóðsstjórnarinnar er að sjá um innheimtu gjalds samkvæmt 1. gr. þessara laga, ráðstöfun þess samkvæmt 2. gr., a. og b., þar á meðal hvenær flutningastyrkur á bræðslusíld skuli greiddur samkvæmt b. lið 2. gr.

Verði mismunur á milli tekna og gjalda sjóðsins færist hann til næsta árs.

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Kostnaður við störf sjóðsins, þar á meðal laun nefndarmanna, skulu greiðast af fé hans.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. júní 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Sigurður Bjarnason, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ásgeiri Svanbergssyni bónda að Þúfum í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu eyðijörðina Hálshús í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk bóndans að Þúfum í Reykjarfjarðarhreppi.

Lönd jarðanna Þúfna og Hálshúsa liggja saman. Hálshús eru lítið kot, og hafa þau um margra ára skeið verið í eyði, og eru öll jarðarhús fyrir löngu fallin. Bæði núverandi bóndi á Þúfum og fyrirrennari hans hafa haft leiguafnot af Hálshúsum.

Leitað hefur verið umsagnar héraðsráðunautarins í Norður-Ísafjarðarsýslu um sölu þessarar jarðar, og telur hann fráleitt að mæla með því, að Hálshús endurbyggist. — Umsögn hans er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu.

Þá mælir hreppsnefnd Reykjarfjarðarhrepps einnig með því, að Ásgeiri bónda Svanbergssyni, Þúfum, verði gefinn kostur á að kaupa umrætt kot og bæta þannig nokkuð úr þörf Þúfna fyrir aukið landrými til ræktunar.

Fylgiskjal I.

Bréf héraðsráðunautar.

Ísafirði, 24. sept. 1965.

Herra Ásgeir Svanbergsson, bóndi, Þúfum.

Með tilvísun til bréfs þíns, dags. 28/8 '65, þar sem þú leitar álits míns um, hvort nauðsynlegt sé, að þú eignist eyðijörðina Hálshús, hef ég þetta að segja:

I. Búrekstrargildi Hálshúsa er það lítið, að fráleitt er að mæla með því, að þau endurbyggist, auk þess sem engin mannvirki, hvorki hús né ræktun, mæla með endurbyggingu jarðarinnar.

II. Með tilliti til nærliggjandi byggðar er hagstæðast og eðlilegast, að Hálshús falli undir Þúfur, sem sökum ónógra landgæða eru vafasamar sem framtíðarbýli. Þótt Þúfur eigi gott beitarland, þá vegur það ekki á móti því, sem jörðina vantar af ræktanlegu landi til túnauka í framtíðinni, — en þar mundu Hálshús geta orðið til allgóðrar uppfyllingar.

Virðingarfyllst,

Jón Guðjónsson.

Fylgiskjal II.

Útdráttur úr gjörðabók hreppsnefndar Reykjarfjarðarhrepps.

Á hreppsnefndarfundi 5. sept. 1965 var tekið fyrir eftirfarandi: ...

Lögð fram beiðni frá Ásgeiri Svanbergssyni, Þúfum, um, að hreppsnefndin mæli með því, að honum verði veitt kaupheimild á kirkjujörðinni Hálshúsum í Reykjarfjarðarhreppi, sem hann hefur haft ábúðarrétt á undanfarin ár.

Hreppsnefndin samþykkti í einu hljóði að mæla með þessari beiðni.

Réttan útdrátt úr fundargerðabók hreppsnefndar Reykjarfjarðarhrepps staðfestir

Þúfum, 6. sept. 1965,

Páll Pálsson
oddviti.

Ed. 35. Frumvarp til laga [35. mál]

um breyting á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Hermann Jónasson, Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs.

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi 5 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (5. gr.) Landinu skal skipt í íþróttaumdæmi, og skal miða skiptinguna við landsfjórðunga. Í hverju íþróttaumdæmi starfar íþróttanámsstjóri. Hann skal ráðinn af menntamálaráðuneyti til þriggja ára í senn að fengnum tillögum íþróttanefndar.
b. (6. gr.) Íþróttafulltrúi hefur umsjón með starfi íþróttanámsstjóra.
c. (7. gr.) Íþróttanámsstjóri skal hafa lokið prófi frá Íþróttakennaraskóla Íslands eða hlotið menntun, sem jafngildir því, að dómi ráðherra.
d. (8. gr.) Íþróttanámsstjóri skal hafa á hendi þessi störf:
   1. Að vera íþróttafulltrúa og íþróttanefnd til aðstoðar um stjórn og framkvæmd íþróttamála í íþróttaumdæminu.
   2. Að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar um íþróttamál.
   3. Að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast.
   4. Að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks.
e. (9. gr.) Laun íþróttanámsstjóra greiðast úr ríkissjóði, og skal ákveða þau samkvæmt lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með íþróttalögunum 1940 var stigið stórt skref og heillaríkt á sviði uppeldismála. Tilgangur íþróttalaganna er að auka heilbrigði manna og hreysti, líkamsfegurð, vinnuþrek og táp. Síðan íþróttalögin voru sett, hafa verið gerð með fjárhagslegum stuðningi íþróttasjóðs margs konar íþróttamannvirki. Við það hafa skilyrði til íþróttaiðkana batnað að miklum mun. Kostað er kapps um að miða húsnæði skólanna við það, að nemendum gefist kostur á íþróttanámi, enda hefur sund verið gert að skyldunámi unglinga, svo og fleiri íþróttir. Af hinu almenna íþróttanámi sprettur áhugi og þjálfun þeirra, er fram úr skara og unnið hafa íþróttaafrek á undanförnum árum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Íþróttir auka vissulega heilbrigði og táp hinnar ungu kynslóðar. Atvinnuhættir þjóðarinnar taka breytingum, þannig að þeim mönnum fjölgar sífellt, er vinna innanhúss, annaðhvort þjónustustörf, skrifstofustörf eða við iðnað, en þeir verða æ færri í hlutfalli við fólksfjölda, er hafa við störf sín útivist og hreyfingu. Af því leiðir, að íþróttir hafa nú og framvegis mikilvægu og auknu hlutverki að gegna á sviði uppeldis og menntunar þjóðarinnar og að þær þarf að efla.

Samkvæmt íþróttalögunum er stjórn íþróttamála falin íþróttafulltrúa og íþróttanefnd með yfirumsjón menntamálaráðuneytis. Til þess hafa valizt áhugasamir menn, og hefur starf þeirra þegar borið góðan árangur. En á sviði íþrótta eins og annarra kennslumála er ekki um það að ræða að ná lokamarki í eitt skipti. Í þeim efnum þarf að vera samfelld þróun, þar sem hæfilegt tillit sé tekið til breytinga á þjóðlífinu og þess jafnan gætt að veita uppvaxandi kynslóð sem bezta aðstöðu til menntunar og þroska.

Með aukinni íþróttastarfsemi og vaxandi fólksfjölda verður það fullt starf fyrir íþróttafulltrúa að hafa á hendi stjórn íþróttamála. Að dómi flm. er rétt að ráða til starfa menn með sérþekkingu á íþróttum, einn í hverjum landsfjórðungi, er gegni þar námsstjórastarfi í þeirri grein með umsjá og eftir nánari fyrirmælum íþróttafulltrúa.

Íþróttanámsstjóri mundi veita íþróttafulltrúa og íþróttanefnd aðstoð við stjórn og framkvæmd íþróttamála í umdæminu, þar sem hann starfar og er búsettur. Starf hans ætti og að vera í því fólgið að efla frjálsa íþróttastarfsemi og veita íþróttafélögum og einstaklingum aðstoð og leiðbeiningar við íþróttaiðkanir. Hann ætti einnig að hafa eftirlit með íþróttanámi í skólum og vinna að því að gera það sem fjölbreyttast og vera í hvívetna forustumaður íþróttamála á sínu svæði.

Áfengisnautn fer vaxandi með þjóðinni og hefur í för með sér margvísleg vandamál. Ekki er þess að vænta, að ein ráðstöfun eða aðferð reynist fullnægjandi til þess að koma í veg fyrir áfengisnautn æskufólks. En íþróttaiðkanir hafa mikil áhrif og góð í því efni. Íþróttamaðurinn, sem stefnir að því að auka hreysti sína, vinnuþrek og táp, á ekki samleið með þeim, er oft neytir áfengis. Alkunnugt er, að félagsskapurinn, sem æskumaðurinn tekur þátt í, er áhrifaríkur. Samkvæmt frv. ber íþróttanámsstjóra að leitast við að efla hollt félagsstarf og reglusemi æskufólks. Flm. telja, að það geti samrýmzt öðrum störfum hans og að af því megi vænta góðs árangurs.

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um Landsspítala Íslands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Auk Landsspítalans í Reykjavík skal ríkið reka fjórðungsdeildir Landsspítalans í öllum landsfjórðungum. Skal ein fjórðungsdeild vera á Vestfjörðum, ein eða

tvær á Norðurlandi, sú þriðja á Austfjörðum, en hin fjórða á Suðurlandsundirlendinu, ef heilbrigðismálastjórnin telur ástæðu til að staðsetja þar landsspítaladeild, sökum nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

2. gr.

Fjórðungsdeildir Landsspítalans skulu vera búnar fullkomnustu lækningatækjum og vera undir stjórn vel menntaðra sérfræðinga í skurðlækningum og lyflækningum.

3. gr.

Nú er starfandi sjúkrahús í einhverjum landsfjórðungi þannig búið eða staðsett, að það þyki vel fallið til að verða fjórðungsdeild Landsspítalans, og skal þá ríkið semja um yfirtöku þess við eiganda sjúkrahússins.

4. gr.

Heimilt er stjórn ríkisspítalanna að fela Tryggingastofnun ríkisins að sjá um hagkvæman rekstur fjórðungsdeildar, ef heilbrigðismálaráðherra óskar þess.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt á tveimur seinustu þingum, en hefur eigi fengið afgreiðslu. Þó hefur þess orðið vart, að málið hefur fengið mikinn hljómgrunn og þykir stefna í jafnréttisátt og réttlætisátt.

Málinu hefur fylgt svo hljóðandi greinargerð:

Það nýmæli í skipan heilbrigðismála felst í þessu frumvarpi, að Landsspítala Íslands sé skipt í deildir þannig, að auk Landsspítalans í Reykjavík reki ríkið einnig landsspítaladeild á Vestfjörðum, á Norðurlandi og Austfjörðum, svo og á Suðurlandi, ef ástæða væri talin til þess, sakir nálægðar og góðra samgangna við aðalspítalann í Reykjavík.

Frumvarpið byggir á þeirri hugsun, að ríkinu bera skylda til að tryggja þegnunum sem jafnast öryggi í heilbrigðismálum, án tillits til búsetu.

Það getur naumast réttlátt talizt, að ríkið reki stórt og fullkomið sjúkrahús í Reykjavík og létti þannig miklum útgjöldum af herðum skattborgara höfuðborgarinnar, en ætli hins vegar tiltölulega fámennum bæjarfélögum úti á landi að leggja á gjaldþegna sína þungar byrðar, vegna rekstrarhalla sjúkrahúsa. Með þessu er freklega gert upp á milli þegnanna eftir því, hvort þeir hafa valið sér búsetu í höfuðborginni eða ekki.

Í gildandi löggjöf er viðurkennd nauðsyn þess að efla eitt tiltölulega fullkomið sjúkrahús í hverjum landsfjórðungi. Þetta er gert með ákvæðunum um nokkuð ríflegri rekstrarfjárframlög úr ríkissjóði til þeirra sjúkrahúsa, sem fullkomnust eru og bezt búin lækningatækjum og sérfræðilegri kunnáttu. Þannig eru fjórðungssjúkrahúsin á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað til komin. Þessi sjúkrahús fá aðsókn og taka við sjúklingum langt út fyrir lögsagnarumdæmi heimahéraðsins, sem gert er að standa undir rekstri þeirra, að frátöldum smávægilegum styrk frá ríkinu. Öll eru þessi sjúkrahús rekin með miklum rekstrarhalla, og leggst sú byrði á gjaldþegna viðkomandi bæjarfélags. Þetta er í fyrsta lagi ranglátt vegna þess, að meira en helmingur sjúklinganna er utanbæjarfólk. Og í annan stað er þetta sérstaklega ósanngjarnt vegna þess, að bæjarfélögin, sem sjúkrahúsin eiga, fá ekki sjálf að ákveða sjúkradaggjöldin eftir tilkostnaði við rekstur sjúkrahúsanna og eru þannig dæmd til að standa undir rekstrarhallanum. Þetta er, eins og fyrr segir, í fullu

ósamræmi við það, að ríkið rekur sjálft Landsspítalann í Reykjavík. Með því tekur ríkið ekki aðeins á sig að bera hallann af heilbrigðisþjónustu vegna utanborgarsjúklinga á Landsspítalanum, heldur einnig vegna Reykvíkinga sjálfra.

Að vísu yrði fullum jöfnuði ekki náð í þessum efnum með neinu öðru móti en því, að ríkið tæki að sér rekstur allra sjúkrahúsa. En hér er farin sú millileið, að ríkið reki stærstu sjúkrahúsin, sem mestar kröfur eru gerðar til, þannig að eitt ríkisrekið sjúkrahús a. m. k. sé í hverjum landsfjórðungi. Þó er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, vegna fjölmennis í Norðlendingafjórðungi, að þar kynni að verða talið við hæfi, að ríkið ræki tvö sjúkrahús. Engu er þó slegið föstu um það.

Á því er full hætta, að bæjarsjúkrahús, sem rekin eru til lengdar með stórfelldum halla, fái ekki fullnægjandi viðhald og verði ekki eins vel búin lækningatækjum og sérfræðilegu starfsliði og æskilegt er. Er það trú flutningsmanna, að þessari hlið málsins ætti að vera betur borgið með deildskiptum landsspítala. Sama er að segja um dreifingu hinnar fullkomnustu læknisfræðilegu sérþekkingar. Þegar aðalsjúkrahúsin í öllum landshlutum væru orðin deildir einnar og sömu stofnunar, verður ekki séð, að neitt væri því til fyrirstöðu, að færustu læknar Landsspítalans í Reykjavík tækju sér ferð á hendur til fjórðungsdeildanna, þegar mikið þætti við liggja, eða jafnvel, að hægt væri að skáka sérfræðingum stofnunarinnar til eftir atvikum, eða til tímabundinnar dvalar í fjórðungsdeildunum.

Með deildskiptum landsspítala í öllum landsfjórðungum er fólkinu úti um byggðir landsins gert jafnhátt undir höfði og íbúum höfuðborgarinnar. Fólkið fengi aukið öryggi í heilbrigðismálum, og hin fullkomnasta læknisfræðilega sérþekking notaðist betur en með núverandi fyrirkomulagi.

Þess vegna er það sannfæring okkar, flutningsmanna þessa frumvarps, að auk Landsspítalans í Reykjavík eigi Vestfirðingar að fá sína fjórðungsdeild Landsspítala, Austfirðingar með sama hætti sína landsspítaladeild, Norðlendingar sína — e. t. v. tvær — svo og Sunnlendingar sína, ef heilbrigðisyfirvöld telja, að með því verði íbúum Suðurlandsundirlendisins veitt betri og öruggari heilbrigðisþjónusta en með núverandi skipan, þ. e. beinni þjónustu Landsspítalans í Reykjavík.

Fjórðungssjúkrahúsin, sem nú starfa, hafa innt merkilegt hlutverk af hendi og sannað nauðsyn þess, að a. m. k. eitt vel búið sjúkrahús sé í hverjum landsfjórðungi.

En þetta fyrirkomulag hefur þá meginannmarka, að rekstur þeirra hefur reynzt ofviða bæjarfélögunum, eigendum þeirra. Það býður aftur heim þeirri hættu, að viðhald þeirra og tæknilegur og fræðilegur búnaður svari eigi ávallt kröfum tímans. Eigi getur heldur réttlátt talizt, að lítil bæjarfélög beri halla af rekstri sjúkrahúsa, sem að miklum minni hluta eru sótt af innanbæjarsjúklingum.

Við, flutningsmennirnir, teljum, að fram hjá þessum annmörkum verði bezt sneitt með landsspítaladeildum í öllum landsfjórðungum í stað fjórðungssjúkrahúsanna, sem nú starfa og eru í eigu einstakra bæjarfélaga. Jafnframt teljum við, að með þeirri skipan sjúkrahúsmála, sem til er lagt í frumvarpinu, sé stefnt að auknu jafnrétti og öryggi í heilbrigðismálum.

Nd. 37. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá Benedikt Gröndal.

Við 4. gr. Aftan við b-lið bætist: Þó má eigi verðtryggja lán til íbúða, ef endursala þeirra með verðhækkun á hverjum tíma er takmörkuð í lögum.

Nd. **38. Frumvarp til laga** [37. mál]

um skrásetningu réttinda í loftförum.

Frá samgöngumálanefnd.

I. KAFLI

1. gr.

Réttindi í loftfari, sem skráð er í þjóðernisskrá samkvæmt lögum um loftferðir, skulu skrásett til þess að njóta verndar gegn samningum um loftfarið og gegn lögsókn. Skrásetja ber í réttindaskrá, sem gilda skal fyrir allt landið og halda ber við borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Skilyrði þess, að réttindi geti rýmt burt óskrásettum réttindum, er, að þau séu sjálf skrásett og aflandi þeirra samkvæmt samningi hafi öðlazt þau í grandleysi.

Nú er eigandi skrásettra réttinda í loftfari sviptur lögræði, og skal skrásetja athugasemd um það, til þess að lögræðisvöntunina megi hafa uppi gegn samningi um loftfarið, sem maður gerir í grandleysi við hinn lögræðissvipta mann. Sama gildir, þá er réttindahafi hlítir meðráðamennsku.

2. gr.

Skrásetja má einkaskjal, ef það eftir efni sínu kveður á um, stofnar, breytir eða fellir niður einhver eftirtalinna réttinda:

1. eignarrétt, hvort heldur hann er óskilyrtur eða bundinn skilyrði um greiðslu kaupverðs eða öðrum skildögum,
2. leiguréttindi, þá er þau eru veitt fyrir sex mánaða tímabili eða lengri tíma,
3. veðréttindi og áþekk tryggingarréttindi í loftförum, sem samkvæmt samningi skulu tryggja greiðslu skuldar, enda sé fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð fastákveðin. Veðréttindi og tryggingarréttindi, sem hafa eigi áður verið viðurkennd í íslenzkum rétti, má því aðeins skrásetja, að þau fullnægi framangreindum skilyrðum og flugmálaráðherra samþykki skrásetninguna.

3. gr.

Nú er veðréttur eða áþekkur tryggingarréttur skrásettur, og er endurnýjuð skrásetning óþörf, þótt aðiljaskipti verði að réttinum.

4. gr.

Forgangsréttur krafna um opinber afgjöld af loftförum, sem skrásett eru hér á landi, er gildur gegnt þriðja manni án skrásetningar, enda sé kveðið á um hann í íslenzkum lögum.

5. gr.

Kröfur um bjarglaun samkvæmt lögum um loftferðir og endurgjald fyrir útgjöld til varðveizlu loftfars eru tryggð með veði í loftfarinu.

Slíkur veðréttur gengur fyrir öllum öðrum réttindum í loftfari. Veðrétturinn fellur niður, ef hann er ekki skrásettur, áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því krafan varð til.

Nú er um að tefla fleiri en ein réttindi nefndrar tegundar, og skal fullnægja þeim í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til réttindanna.

6. gr.

Önnur lögákveðin tryggingarréttindi en þau, sem greinir í 5. gr., verða eigi skrásett.

7. gr.

Skjöl, sem berast til skrásetningar, skal samdægurs rita í dagbók, þar sem m. a. sé tilgreint loftfar það, sem tilkynningin varðar, skráningarmerki þess, hvers konar réttindi um er að tefla, og svo nafn tilkynnanda og heimilisfang. Vísa skal frá skjölum, sem eigi fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru samkvæmt 16. gr. fyrir skrásetningu. Árita skal skjal um, hvenær það var ritað í dagbók.

8. gr.

Nú hefur skjal verið ritað í dagbók, og skal kanna, hvort skjal megi skrásetja. Ef skjalið varðar réttindi, sem eigi má skrásetja samkvæmt ofantöldum ákvæðum, eða tilkynnandi færir eigi fram nauðsynleg skilríki fyrir rétti sínum til að krefjast skrásetningar, ber að vísa skjali frá skrásetningu og strika það út í dagbók. Rétt er skrásetjara þó að setja frest til öflunar nefndra skilríkja, enda skal frávísa skjali að útrunnum þeim fresti, ef skilríkin hafa þá enn eigi verið lögð fram. Skrásetja skal þá skjalið og tilgreina hinn ákveðna frest.

Skrásetning í réttindaskrá eða frávísun skjalsins skal fara fram, svo fljótt sem kostur er, og eigi síðar en 10 dögum eftir tilkynningu til skrásetningar.

9. gr.

Nú er loftfar skrásett í réttindaskrá eða samsvarandi skrá í ríki, sem er aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og er rétt að skrásetja eignarrétt á því samkvæmt:

1. afsali, sem tjáist útgefið af réttbærum aðilja til að ráðstafa loftfarinu eftir réttindaskrá þeirri, sem um er að tefla, eða afsalið er gefið út með samþykki þess aðilja, eða
2. vottorði skiptaréttar, sem lýsir því, að aðili, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, hafi fengið bú hins skrásetta eiganda framselt til setu í því óskiptu eða til einkaskipta, eða
3. endurriti af dómi eða annarri opinberri réttarathöfn, sem veitir aðilja, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, eignarrétt til loftfarsins eða kveður á um eignarrétt hans gegnt hinum skrásetta eiganda.

Nú stendur loftfar eigi á réttindaskrá eða samsvarandi skrá í erlendu sáttmálaríki, og er rétt að skrásetja eignarrétt samkvæmt skilríki um, að aðili, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, hafi á sjálfs sín spýtur látið smíða loftfarið eða hafi hann eignazt loftfarið á annan hátt, samkvæmt skilríki, er dómari metur gilt, að hann hafi eignazt loftfarið með tilgreindum hætti.

10. gr.

Rétt er, að skrásetning annarra réttinda fari fram samkvæmt

1. skjali, er varðar réttindin og tjáist vera útgefið af réttbærum aðilja eftir réttindaskránni til að ráðstafa réttinum, eða framsali hans, sé um veðrétt að tefla, eða það er gefið út með samþykki nefnds aðilja, eða
2. endurriti dóms, aðfarargerðar eða annarrar opinberrar réttarathafnar, sem veitir aðilja, er beiðzt er skrásetningar á rétti hans, réttindin eða kveður á um aðild hans að réttindunum gegnt þeim, sem umráð þeirra hefur eftir ákvæði 1. tl.

Nú hefur eigi verið kveðið á um veðréttindi þau, sem í 5. gr. getur, né fjárhæð þeirra í dómi né samningi, og er rétt að skrásetja þau samkvæmt fullnægjandi skilríkjum um, að lögsókn sé hafin gegn hinum skrásetta eiganda til heimtu þeirra. Skilríki skulu greina glöggt, til hverrar fjárhæðar lögsóknin tekur.

11. gr.

Nú er loftfar, sem skrásett er í þjóðernisskrána, selt á nauðungaruppboði eða tekið með beinni fógetagerð, og ber fógeta að senda skrásetjara tilkynningu um það til skrásetningar í réttindaskrá.

Nú er bú eiganda loftfars tekið til gjaldþrotaskipta eða annarrar opinberrar skiptameðferðar, og ber skiptaráðanda (skiptaforstjóra) að láta skrásetja þetta í réttindaskrá.

Nú eignast ólögráða maður loftfar fyrir arf eða á annan hátt, og ber lögráðamanni að tilkynna það til skrásetningar.

Í tilkynningu skal tilgreina fæðingardag hins ólögráða manns.

12. gr.

Nú tálmar ekkert skrásetningu hins tilkynnta skjals, og skal skrásetja það í réttindaskrá og árita um skrásetninguna.

Nú greinir skjal eigi stöðu rétthafa í réttindastiga eða greinir hana þannig, að í bága fer við efni réttindaskrár, eða eigi ber saman í einhverjum minni háttar atriðum efni skjalsins, efni framlagðra skilríkja eða efni réttindaskrár, og skal rita athugasemd á skjalið um þetta og svo skrá athugasemdina í réttindaskrána.

13. gr.

Loftfar hvert skal í réttindaskrá hafa blað í þeirri röð, sem skrásetningartala loftfars í þjóðernisskrá segir til um. Blað loftfars skal greina í þrjá dálka, sem í skal skrá sundurgreint:

1. eignarheimildir;
2. veðréttindi og önnur tryggingarréttindi, þar með eignarréttarfyrirvara;
3. forkaupsrétt, leiguréttindi og önnur réttindi.

Í réttindaskrá skal skrá stuttlega efni skjals. Greina skal útgáfudag þess og tilkynningarstund, nafn og heimili útgefanda þess og nafn og heimili rétthafa, tegund réttinda þeirra, sem um er að tefla, ásamt skilyrðum og frestum, sem þau eru bundin. Tilgreina ber fjárhæð eða hámarksfjárhæð skuldar, sem tryggð er með veði eða öðrum tryggingarrétti í loftfari, stöðu veðbréfs í veðstiga og hvort veðréttur tekur yfir varahluti, sbr. 24. gr.

14. gr.

Ákvörðun borgarfógeta, er varðar skrásetningu, má kæra til Hæstréttar innan tveggja vikna, frá því að sá, er í hlut á, hefur fengið tilkynningu um ákvörðunina. Rétt er dómsmálaráðherra, þá er sérstakar ástæður mæla með því, að veita leyfi til kæru á 6 mánaða tíma frá tilkynningu, enda sé þá kært innan tveggja vikna frá viðtöku leyfis. Nú er kært, og ber að skrásetja þegar um það athugasemd í dagbók eða réttindaskrá.

15. gr.

Leggja skal í skjalasafn borgarfógeta endurrit af skrásettu skjali með sömu áritun, sem er á hinu skrásetta skjali.

16. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að setja reglur um ritun réttindaskrár og um birtingu hins skrásetta efnis, hverjar skýrslur um loftför skal í té láta, áður en skrásetning er framkvæmd, og hver skilríki skuli fylgja skjali, sem afhent er til skrásetningar. Flugmálaráðherra er einnig rétt að setja reglur um form skjalanna og með hverjum hætti útgefandi skuli sanna deili á sér og lögræði sitt og svo hvernig sanna skuli falsleysi skjalsins og framlagðra skilríkja.

17. gr.

Útstrikun skrásetts réttar úr réttindaskrá fer fram samkvæmt samþykki skrásetts rétthafa eða sönnun um, að rétturinn sé niður fallinn eftir efni sínu eða samkvæmt dómi eða annarri réttargerð.

Skilyrði fyrir útstrikun veðbréfs er framlagning þess með áritaðri kvittun eða sönnun fyrir því, að veðrétturinn sé niður fallinn samkvæmt dómsákvæði.

Útstrikun skal framkvæma með þeim hætti, að strika ber yfir það, sem skrásett er í réttindaskrá, þó þannig að það sé áfram læsilegt.

18. gr.

Borgarfógeti skal láta að beiðni í té endurrit úr réttindaskránni og dagbókinni eða endurrit skrásettra og tilkynntra skjala gegn gjaldi, sem flugmálaráðherra ákveður. Staðfesta skal borgarfógeti með undirskrift sinni, að endurrit séu rétt, og er undirritun hans sönnun fyrir réttleik endurrits, unz annað sannast.

19. gr.

Nú er loftfar strikað af þjóðernisskrá, og skal þá einnig strika það af réttindaskrá.

Nú er rituð í þjóðernisskrá athugasemd um tilvik, sem leitt hefði til útstrikunar, ef eigi hefði hvílt skrásett réttindi á loftfarinu, og skal rita samsvarandi athugasemd í réttindaskrána.

20. gr.

Réttarverkanir skrásetningar teljast frá þeim degi, er skjalið er tilkynnt til skrásetningar, enda sé eigi öðruvísi mælt. Skjöl, sem tilkynnt eru sama dag, eru jafnrétthá.

Nú hafa réttindi á loftfari, þeirra tegundar sem í 2. gr. getur, hingað til verið skrásett í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og halda þau stöðu sinni í réttindastiga, þá er loftfarið er fært yfir á réttindaskrá hér á landi. Skrásetja skal nefnd réttindi í réttindaskrá samtímis því, að eignarheimildin er skrásett.

21. gr.

Nú hefur skjal verið skrásett í réttindaskrá, og verður engin mótbára höfð uppi um gildi þess gegn grandlausum manni, sem öðlazt hefur það samkvæmt skrásettum samningi. Þó á rétt á sér sú mótbára, að skjalið sé falsað að nokkru eða öllu eða útgáfa þess hafi verið knúin fram með líkamlegu ofbeldi eða ógnun um beiting slíks ofbeldis þegar í stað eða útgefandi þess hafi verið ólögráða, þá er hann gaf það út. Nú hefur loftfarið áður verið skrásett í réttindaskrá ríkis, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og hefur skrásetning loftfarsins í hina íslenzku réttindaskrá eigi í för með sér, að ónýtist mótbára sú, er áður mátti hafa uppi gegn grandlausum manni, er öðlaðist loftfarið eða skrásett réttindi í því.

22. gr.

Réttindi þau, sem greinir í 2. og 5. gr., taka einnig yfir búnað, sem komið er fyrir í loftfari, þ. á m. hreyfla, skrúfur, útvarpsbúnað, tæki og svo slíkan loftfarsbúnað, sem einungis um stundarsakir er skilinn frá loftfarinu.

Sérstök réttindi verða eigi stofnuð eða áskilin, að því er varðar slíkan búnað eða slíka hluta loftfars, er getur í 1. mgr.

23. gr.

Nú eru tvö loftför eða fleiri sett í einu að tryggingu fyrir sömu kröfu, og er hvert þeirra að veði fyrir allri veðskuldinni.

Nú er hluti loftfars settur að veði eða til tryggingar, og verður slík setning veðs eða tryggingar eigi skrásett.

24. gr.

Skrásetja má veðrétt eða áþekkan tryggingarrétt, sem einnig tekur yfir varahluti í eigu eiganda loftfars, enda séu þeir eigi áður sérstaklega veðbundnir, þeir séu í birgðageymslu hér á landi eða í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og tegund þeirra, tala þeirra hér um bil og geymslustaður sé tilgreint í skjalinu eða í fylgiskjali þess. Við hverja slíka birgðastöð skal vera uppfest auglýsing, sem greini haftið, nafn lánardrottins og svo hvar rétturinn er skrásettur.

Nú hefur slík veðsetning farið fram, og er veðsala skylt að sjá um, að magn birgðanna skerðist ekki að mun. Eigi verður beint lögsókn gegn hluta birgðanna, nema til komi samþykki rétthafa, sem ofar standa í réttindastiga.

Tryggingarréttur í varahlutabirgðum fellur niður í síðasta lagi, þremur mánuðum eftir að hann er fallinn niður í loftfari því, sem um er að tefla, nema handhafi tryggingarréttarins hafi fyrir lok nefnds tímabils hafið lögsókn til heimtu kröfu sinnar og leiðir hana til lykta án tafar til öflunar fullnustu.

Til varahluta teljast hlutar loftfars, hreyflar, skrúfur, útvarpstæki, önnur tæki og aðrir hlutir, sem geymt er og ætlað er til setningar í loftför í staðinn fyrir hluta eða búnað, sem tekinn er úr notkun.

25. gr.

Að öðru ber að beita reglum þeim, sem gilda um veðréttindi í fasteignum, um rétt veðhafa og handhafa áþekkra tryggingarréttinda í loftförum til fullnustu á undan öðrum kröfuhöfum með þeim tilslökunum, sem leiðir af séreðli slíkra tryggingarréttinda.

II. KAFLI

Sérstakar reglur um erlend loftför.

26. gr.

Um réttindi í loftförum, sem eru skrásett í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, gilda ákvæði 22., 27.—30. og 33.—35. gr.

27. gr.

Nú eru réttindi þau, sem um er að tefla, stofnuð samkvæmt þeim reglum, er um það gilda í ríki, er loftfarið þá var skrásett í þjóðernisskrá þess, og réttindin eru löglega skrásett í opinberri skrá í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og njóta réttinda, sem hér á eftir eru talin, verndar á Íslandi:

1. eignarréttur til loftfars;
2. réttur vörzluhafa loftfars til að kaupa það;
3. leiguréttur til loftfars, svo fremi hann er veittur fyrir eigi styttri tíma en sex mánuði, og
4. veðréttindi og önnur áþekk tryggingarréttindi í loftfari, sem samkvæmt samningi eiga að tryggja efnd skuldbindingar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð er fastákveðin. Verndin tekur einungis til vaxta, sem fallið hafa á í allt að þrjú ár fyrir upphaf lögsóknar eða meðan á lögsókn stendur.

Efni réttarverndar ákveðst, að því er varðar loftför þau, sem í 26. gr. getur, samkvæmt reglum þeim, er um það gilda í ríki því, þar sem réttindin eru skrásett, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum eða réttarfarslögum.

Nú eru réttindi þeirrar tegundar er getur í 1. mgr. 1.—4. tl. þessarar gr., skrásett í sama loftfari í fleiri ríkjum en einu, sem hafa gerzt aðiljar að Genfsáttmálanum frá 1948, og skal meta lögmæti hverrar einstakrar skrásetningar samkvæmt lögum þess ríkis, er loftfarið var þá skrásett í þjóðernisskrá þess.

Nú eru birgðir af varahlutum, sem geymdar eru hér á landi, settar til tryggingar ásamt loftfari eða loftförum, sem tekin eru á þjóðernisskrá í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og ber að gæta reglna 1. mgr. 24. gr.

28. gr.

Nú hefur eigandi loftfars selt það eða stofnað í því einhver þau réttindi, sem greinir í 2.—4. tl. 1. mgr. 27. gr., eða handhafi einhverra þessarra réttinda hefur framselt þau þriðja manni, þótt eigandi loftfars eða framseljandi réttinda vissi, að framkvæmd hefði verið kyrrsetning, fjárnám eða nauðungarsala á loftfarinu eða nefndum réttindum, og nýtur kaupunautur eigi réttarverndar gegn lánardrottni þeim, sem framkvæmir lögsóknina, né gegn kaupanda við nauðungarsölu.

29. gr.

Nú hefur stofnazt krafa um bjarglaun eða endurgjald fyrir óvenjuleg útgjöld, sem hafa verið algerlega nauðsynleg til þess að varðveita loftfar, og þessar aðgerðir hafa verið til lykta leiddar í ríki, sem aðili hefur gerzt að Genfsáttmálanum frá 1948, og krafan er samkvæmt reglum þeim, sem gilda í ríki þessu, tryggð með veði í loftfarinu, og gengur slíkur veðréttur fyrir réttindum þeim, sem greinir í 27. gr.

Nú eru fleiri en ein slík réttindi í loftfari, og skal fullnægja þeim í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til þeirra.

Nú eru liðnir þrír mánuðir frá aðgerðum þeim, sem getur í 1. mgr., og fellur rétturinn niður, nema hann sé skráður í réttindaskrána og fjárhæð kröfunnar fastákveðin í samningi aðilja eða lögsókn sé hafin. Það fer eftir lögum þess lands, þar sem lögsókn er hafin, hvort rjúfa má nefndan tveggja mánaða frest, eða láta hann hætta að líða um stundarsakir.

30. gr.

Nú er annars einhver réttur, tryggður í loftfari, skrásettur í ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, og víkur hann fyrir réttindum þeim, sem greinir í 27. gr., jafnvel þótt hann gangi í ríki því, sem í hlut á, fyrir nefndum réttindum. Nú veldur erlent loftfar tjóni á mönnum eða munum hér á landi, og gilda ákvæði sérlaga um lögsókn til heimtu skaðabóta fyrir tjónið.

III. KAFLI

31. gr.

Fyrir skrásetningu á eignarrétti á loftfari greiðist kr. 50.00 fyrir hver byrjuð 200 kg af leyfilegum hámarksþunga loftfars fullhlaðins, þó eigi minna en kr. 300.00.

Fyrir aðra skrásetningu, þar á meðal útstrikun, greiðist kr. 500.00 fyrir hvert loftfar, er skrásetningin varðar.

Ekkert gjald greiðist fyrir útstrikun veðréttinda, sem eigi hefur fengizt greiðsla á við nauðungaruppboð.

32. gr.

Gjald er kræft við tilkynningu. Gjaldið má heimta fyrirfram. Nú er skjali vísað frá, og ber að endurgreiða gjaldið.

Ábyrgur fyrir greiðslu gjaldsins er sá, sem krefst skrásetningar, hvort sem hann kemur fram í sjálfs sín þágu eða þágu annars aðilja. Í síðara tilvikinu er einnig sá, sem í hlut á, ábyrgur.

IV. KAFLI

33. gr.

Í lögum þessum merkir ríki, sem gerzt hefur aðili að Genfsáttmálanum frá 1948, ríki, er hefur gerzt aðili að sáttmála þeim, sem samþykktur var í Genf 19. júní 1948 um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum, eða landsvæði, er slíkt ríki fer með málefni þess gegnt öðrum ríkjum, enda hafi ríkið eigi undanskilið nefnt landsvæði reglum sáttmálans.

34. gr.

Ákvæði laga þessara skulu eigi vera til fyrirstöðu beitingu þeirra lagaaðgerða, sem heimilaðar eru í lögum um toll og loftferðir og svo komu manna hingað til lands.

35. gr.

Lögin gilda eigi um loftför hers, tollyfirvalda né lögreglu.

36. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá þeim tíma eru úr gildi numin lög nr. 49 17. maí 1947.

V. KAFLI

37. gr.

Þegar eftir gildistöku laga þessara skulu þinglýsingardómarar utan Reykjavíkur senda borgarfógetanum í Reykjavík frumrit eða staðfest eftirrit af öllum skjölum, er þinglýst hefur verið um loftför í umdæmum þeirra.

Eftir viðtöku skjalanna kannar borgarfógti eftir föngum, hvort hin þinglesnu réttindi verði skrásett eftir lögum þessum. Ber borgarfógeta, ef því er að skipta, að kveðja í ábyrgðarbréfi þá, sem hlut eiga, fyrir sig til að sanna rétt sinn. Rétt er borgarfógeta einnig að kveðja þá, er í hlut eiga, með áskorun í Lögbirtingablaði, er sé birt þrisvar, að sanna rétt sinn innan tveggja mánaða frá síðustu birtingu áskorunar að viðlagðri niðurfellingu af skrá.

Um málsskot fer sem segir í 14. gr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk samgmrh. Það var flutt á síðasta Alþingi sem stjórnarfrv., en varð ekki útrætt. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Á síðasta ári voru sett lög um loftferðir, nr. 34/1964. Frumvarp þetta er samið í framhaldi af þeim lögum og með sama hætti og þau.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 49/1947 skal um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu loftfari fara eftir reglunum um fasteignir, að svo miklu leyti sem þeim verður við komið. Nú eru loftför alþjóðleg samgöngutæki. Er auðsætt að móta ber reglur um eignarrétt og eignarhöft í loftförum með hliðsjón af því. Genfsáttmálinn frá 19. júní 1948 geymir reglur um þessi efni. Er sáttmálinn reistur á málamiðlun milli lögskipana sáttmálaríkjanna. Ísland undirritaði sáttmálann, en hefur eigi fullgilt hann. Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er við það miðað, að Ísland staðfesti sáttmálann og öðlist þar með þá vernd fyrir loftför sín í sáttmálaríkjunum, sem sáttmálinn veitir. En sáttmálinn geymir reglur um, að hve miklu leyti sáttmálaríki ber að virða réttindi í loftförum, er heima eiga í öðrum sáttmálaríkjum. Koma slíkar reglur einkum til greina, þá er innlendur aðili eignast erlent loftfar og svo er lögsókn er hafin gegn fyrirsvarsaðilja erlends loftfars hér á landi. Sérstaklega má benda á, að aðild ríkis að sáttmálanum veitir hagræði, þá er leitað er láns gegn veði í loftförum.

Sáttmálinn mælir svo fyrir í 2. gr., að allar skrásetningar, er varða eitt og sama loftfar, skuli rita í eina og sömu skrá, sé slík skrá haldin. Tekur þetta ákvæði til innlendra loftfara. Sérstaklega ber að leiða athygli að IX. gr. sáttmálans, þar sem svo er kveðið á, að þá er frá er skilin nauðungarsala, samkvæmt VII. gr., skuli enginn flutningur frá þjóðernisskrá eins sáttmálaríkis til sams konar skrár í öðru sáttmálaríki eiga sér stað, nema allir handhafar skrásettra réttinda hafi hlotið fullnustu eða veiti samþykki sitt til flutningsins. Í sáttmálanum er kröfum um bjarglaun og varðveizlulaun loftfars veitt forgengi fyrir öllum öðrum skrásettum réttindum, án tillits til innanlandslaga sáttmálaríkis, nema björgunar eða varðveizluráðstafanir séu til lykta leiddar á yfirráðasvæði tiltekins sáttmálaríkis. Þá er svo stendur á, er því sáttmálaríki rétt að beita frábrigðilegum lögum sínum, er þeim er til að dreifa.

Dönsk lög, nr. 135/1960, hafa verið tekin sem fyrirmynd að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, þar sem þau lög þykja gera efninu bezt skil þeirra erlendra laga, sem völ hefur verið á. Kostur þeirra er m. a. sá, hversu vel þau eru samræmd hinum alþjóðlegu reglum.

Um 1. gr.

Loftför sæta samkvæmt frumvarpinu meðferð að mestu sem fasteignir. Ákvæði 1. gr. tekur yfir öll réttindi, hvort þau eru stofnuð með samningi, lögsókn, þ. á m. gjaldþroti, eða á annan hátt. Önnur ákvæði frv. takmarka nokkuð þau réttindi í loftfari, sem skrásetja má.

Af ákvæði 2. mgr. 1. gr. frv. leiðir, að óskrásett réttindi skuli eigi rýma fyrir skrásettum réttindum, er aflandi hinna skrásettu réttinda vissi um betri rétt óskráðan. Hér er um grundvallarreglu að tefla, sem þykir rétt að halda fast við, hvernig sem skilja ber ákvæði I. gr. (2) og II. gr. (2) sáttmálans.

Samkvæmt 1. mgr. verður loftfar þá fyrst skrásett í réttindaskrá, er það hefur verið skrásett í þjóðernisskrá. Skrásetjari þjóðernisskrár verður því að gæta vandlega ákvæði IX. gr. Genfsáttmálans um, að flutningur frá þjóðernis- eða réttindaskrá eins sáttmálaríkis til sams konar skrár í öðru sáttmálaríki, skuli eigi fram fara, nema allir handhafar skrásettra réttinda hafi hlotið fullnustu eða veiti samþykki sitt til flutningsins.

Um nauðungarsölu, sjá VII. gr. Genfsáttmálans og sérlög.

Samkvæmt II. kafla laga nr. 34/1964 skal flugmálastjórnin halda skrá um loftför (þjóðernisskráning). Það þykir horfa til bóta að hafa einnig eina og sömu réttindaskrána fyrir allt landið, svo sem mælt er í 1. gr. frv. Telst eðlilegt, að réttindaskráin sé haldin við borgarfógetaembættið í Reykjavík.

Um 2. gr.

Frv. takmarkar eigi rétt aðilja til að skrásetja lögsóknarathafnir.

Annars telur greinin upp þau viljaákveðnu réttindi, sem skrásetja má, og er í því efni í samræmi við Genfsáttmálann. Þar við bætist tryggingarréttindi samkvæmt 4.—6. gr. frv. Skrásetja má eignarrétt með fyrirvara. Frv. gengur hér nokkru lengra en I. gr. b. Genfsáttmálans.

Leiguréttindi verða því aðeins skrásett, að þau séu gerð til 6 mánaða eða lengri tíma. Ef leigutími er styttri, getur þetta leitt til þess, að leigutaki verði að víkja fyrir lánardrottnum, leigusala eða kaupunautum.

Veðréttindi og tryggingarréttindi verða skrásett, svo sem sáttmálinn segir til um. Svonefnt skaðleysisbréf má skrásetja. Orðin „áþekk tryggingarréttindi“ taka yfir handveð, en eigi yfir haldsrétt.

Lokaákvæði 2. gr. er öryggisákvæði.

Þá er loftför eru keypt til landsins, kunna að hvíla á þeim tryggingarréttindi, sem óþekkt eru samkvæmt íslenzkum rétti.

Um 3. gr.

Skrásetning er eigi nauðsynleg við aðiljaskipti að tryggingarrétti, en skrásetja má aðiljaskipti, ef krafizt er. Er þá hægt að senda framsalshafa ýmsar tilkynningar, t. d. um nauðungaruppboð o. s. frv.

Um 4. gr.

Skilyrði þess, að ákvæði gr. þessarar verði beitt, er, að loftfarið hafi verið tekið á íslenzka þjóðernisskrá, þar sem það væri andstætt Genfsáttmálanum að beita ákvæðinu um loftför, sem skrásett eru í öðrum sáttmálaríkjum. Almennar reglur alþjóðlegs einkamálaréttar skera úr því, hvort lögákveðin tryggingarréttindi á loftförum, sem skrásett eru í löndum utan sáttmálans, skuli njóta verndar.

Um 5. gr.

Ákvæðið er í samræmi við 140. gr. laga nr. 34/1964 og IV. gr. Genfsáttmálans og svo við reglur þær, sem gilda í siglingaréttinum.

Um 6. gr.

Ráða má af ákvæði 6. gr. og 1. gr., að önnur lögákveðin tryggingarréttindi en þau, sem í 4. og 5. gr. getur, njóti eigi verndar gegn grandlausum kaupunautum og lögsækjendum.

Um 7. gr.

Gera má ráð fyrir, að skjöl, sem koma til skrásetningar, svo sem afsöl fyrir loftförum, séu oft útgefin erlendis. Þurfa þau oft gaumgæfilegrar athugunar, sem eigi getur fram farið, áður en skráð er í dagbók. Verður skjölum því vísað frá dagbók einungis af formsökum.

Um 8. gr.

Frestur sá, 10 dagar, er í greininni getur, lengist, ef skrásetjari veitir sérstakan frest, samkvæmt greininni til að afla skilríkja, sem ef til vill verður að afla erlendis.

Um 9. gr.

Sá, er æskir skrásetningar, verður að sanna eftirtalin atriði:

1. Að hann hafi látið smíða loftfarið. Setja má samkvæmt 16. gr. reglur um þá sönnun, sem færa skal.
2. Að hann hafi fengið afsal fyrir loftfarinu úr hendi þess aðilja, sem áður var skrásettur eigandi þess í íslenzkri réttindaskrá eða í réttindaskrá annars sáttmálaríkis samkvæmt Genfsáttmálanum. Einnig ber að gæta þess, að skilyrðum IX. gr. Genfsáttmálans sé fullnægt.

   Nú er loftfarið keypt frá ríki, sem er utan Genfsáttmálans, og skal skrásetjari meta, hvort eignarheimild seljanda eða afhendanda sé í lagi.

   Ef vafi er, er ástæða til að láta ganga dóm um þessi efni.
3. Að hann hafi fengið loftfarið fyrir arf eða setu í óskiptu búi.
4. Að hann hafi öðlazt loftfarið með lögsókn eða annarri opinberri réttarathöfn.

Um 10. gr.

Sá, sem tekið hefur á leigu loftfar um sex mánaða tíma eða lengur og vill skrásetja rétt sinn, verður að leggja fram skjal, sem sé útgefið af hinum skrásetta eiganda sjálfum eða útgefið með samþykki hans og sanni leiguréttinn. Nægja mundi, að fram sé lagður leigusamningur, sem hinn skrásetti eigandi hefur ritað á samþykki sitt, enda geymi leigusamningurinn heimild til framleigu. Þarf þá einnig að færa sönnur á framleiguréttinn.

Veðhafi getur fengið rétt sinn skrásettan samkvæmt framsalsáritun á veðbréfið. Ef veðhafi skrásetur rétt sinn, tryggir hann sér að fá vitneskju um nauðungaruppboð, sem kynni að vera haldið á loftfarinu, sbr. 3. gr. frv.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eiga að girða fyrir, að fyrri eigandi hafi ráðstöfunarvald á loftfarinu, sem selt hefur verið á uppboði. Erlendur uppboðskaupandi getur t. d. eigi tryggt rétt sinn með skrásetningu, en ákvæði 11. gr. kemur honum til hjálpar. Líklega má skrásetja kröfu um gjaldþrotaskipti.

Um 12. gr.

Loftför taka ýmsum breytingum með tímanum, svo að skjölum, er þau varða, ber eigi fyllilega saman. Leiðir slíkt eigi til synjunar á skrásetningu, heldur til athugasemda.

Um 13. gr.

Kaupandi loftfars með eignarréttarfyrirvara getur látið skrásetja eignarrétt sinn í eignarheimildardálk, þar sem fyrirvarans skal geta. Jafnframt skal skrásetja eignarréttarfyrirvara í veðréttindadálk. Lokaákvæði greinarinnar svarar til X. gr. Genfsáttmálans.

Um 14. gr.

Ákvæðið er í samræmi við venjulegar kærureglur að öðru leyti en því, að heimild dómsmálaráðherra er nokkru víðtækari.

Um 15. gr.

Þess er eigi krafizt, að endurrit séu geymd í sérstökum skjalahylkjum.

Þeir, sem það skiptir máli, eiga rétt á að fá að kynna sér endurrit.

Um 16. gr.

Í 22. gr. frv. til þinglýsingarlaga segir: „Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirstkriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hilðstæðum hætti".

Fyrirmynd að ákvæði þessu er sótt í 17. gr. norsku þinglýsingalaganna. Þá er um loftför er að tefla, eru skjöl þau, sem skrásetja skal, oft gefin út erlendis og form þeirra og snið annað en tíðkast hér á landi. Er ætlazt til, að dómsmálaráðherra hafi hönd í bagga með, hverra skilríkja skuli krefjast um áreiðanleik og falsleysi slíkra skjala. Þyrfti flugmálaráðherra að hafa samráð við viðkomandi erlend yfirvöld um þessi efni.

Skrásetjari verður vitaskuld alltaf að vera á verði.

Um 17. gr.

Áhrif upptöku loftfars á réttindi á því fer eftir almennum reglum, sbr. 34. gr. frv. Nú er veðréttur í loftfari dæmdur niður fallinn, og ber að strika hann út. Hins vegar kemur eigi til útstrikunar, þótt dæmt sé, að veðbréf sé eigi skilríki veðréttar, sem sjálfur stendur áfram.

Um 18. gr.

Ákvæðið er í samræmi við III. gr. (2) og (3) Genfsáttmálans.

Um 19. gr.

Samkvæmt 1. gr. verður loftfar því aðeins skrásett í réttindaskrá, að það hafi verið skrásett í þjóðernisskrá. Nú eru efni til að strika loftfar af þjóðernisskrá af ástæðum, sem eigi hrófla við höftum á því, og leiðir þetta til þess samkvæmt 19.

gr., að eiginleg útstrikun fer eigi fram, heldur er rituð athugasemd um tilvik það, sem leiða hefði átt til útstrikunar, í skránnar. Ákvæðið er í samræmi við 14. gr. laga nr. 34/1964.

Um 20. gr.

Ákvæði 1. mgr. miðar að því að varðveita þau réttindi sem eru í loftfari.

Samkvæmt II. gr. (2) Genfsáttmálans skulu verkanir skrásetningar á réttindi, þau sem getur í I. gr. (1), ráðast gegn þriðja manni samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem skrásetningin hefur farið fram. Þetta leiðir til þess, að eigi skal hrófla við stöðu réttinda í loftfari í réttindastiga, þótt loftfar sé fært af þjóðernisskrá eins sáttmálaríkis til annars. Nú hefur loftfar verið fært af réttindaskrá ríkis, sem ekki er sáttmálaríki, til íslenzkrar þjóðernisskrár, og ræðst það eftir íslenzkum alþjóðlegum einkamálarétti, að hve miklu leyti réttindi þau, sem eru í loftfarinu njóta viðurkenningar hér á landi. Samkvæmt 1. gr. frv. þarf að skrásetja slík réttindi til þess að þau njóti verndar gegn grandlausum kaupunautum og lögsókn, en 2. gr. kveður á um, hver réttindi samkvæmt viljayfirlýsingu verða skrásett.

Nú hefur loftfar áður verið skrásett í sáttmálaríki, og kunna þá að hvíla á því eignarhöft, sem eigi eru vernduð samkvæmt sáttmálanum, t. d. skrásettar lögsóknaraðgerðir eða tryggingarréttindi fyrir opinberum gjöldum. Skrásetja má slík réttindi í íslenzka réttindaskrá, en þau mega eigi njóta forgengis fyrir þeim réttindum, sem greinir í 2. gr. frv., jafnvel þótt þau hafi staðið þeim framar að lögum fyrra skrásetningarlands, sbr. I. gr. (2) Genfsáttmálans.

Um 21. gr.

Samkvæmt þessu ákvæði varðveitast hinar svonefndu algeru mótbárur, án þess að grandlaus kaupunautur eða eignartökuaðili eignist skaðabótakröfu á ríkið af þeim sökum umfram það, sem leiða kann af almennum reglum um skaðabótaábyrgð opinberra aðilja. Það er eðlilegt, að mótbárur, sem hafa má uppi gegn grandlausum eignartökuaðilja að loftfari, sem skrásett er erlendis, eða rétthafa í því, haldist, þótt loftfarið sé tekið á þjóðernis- eða réttindaskrá á Íslandi.

Um 22. gr.

Hvað telst til búnaðar loftfars, skiptir máli um réttindi yfir loftfari, sem rót sína eiga að rekja til viljagernings, og einnig um bjarglaun og bætur fyrir sérstakt framlag og tilkostnað. Afmörkun hugtaksins er í samræmi við XVI. gr. Genfsáttmálans. Búnaður tekur yfir öll tæki, sem eru nauðsynleg til rekstrar loftfars, og einnig birgðir af olíu og benzíni í loftfari. Einnig tekur búnaður yfir loftfarshluta eða loftfarstæki, sem um stundarsakir eru tekin úr því, t. d. hreyfil, sem er til viðgerðar.

Um 23. gr.

Hér er um að tefla hið svonefnda fleet-mortgage, sem nú er mikið notað í Bandaríkjunum. Sérgreina ber hvert loftfar, sem veðsett er, þannig að veðrétturinn verði skrásettur, að því er það varðar. Veðhafi getur vitaskuld eigi á eigin spýtur tekið eitt loftfar úr veðsetningu og sett annað í staðinn.

Um 24. gr.

Ákvæði greinarinnar eru samin í samræmi við X. gr. Genfsáttmálans, en Bandaríki Norður-Ameríku áttu frumkvæði að ákvæðum X. gr. hans. Tryggingin í varahlutabirgðum fylgir tryggingu í loftfari, þannig að falli tryggingin niður í loftfari, fellur hún einnig niður í varahlutunum, þó eigi fyrr en þremur mánuðum eftir að hún er fallin niður í loftfarinu, enda hafi handhafi tryggingarréttarins eigi fyrir þann tíma hafizt handa um lögsókn og fylgi henni fram án tafar til fullnustu. Halda má tryggingarrétti varahlutabirgðanna við, enda sé annað loftfar

á nefndu þriggja mánaða tímabili veðsett ásamt þeim, eða stofnað er lausafjárveð í þeim á sama tíma.

Ákvæði er sett í 24. gr. til tryggingar því, að varahlutabirgðirnar rýrni eigi, meðan á veðsetningu stendur. Rýrnun hefur vanefndarverkanir í för með sér.

Nú er hlutur tekinn úr varahlutabirgðum og skeyttur í óveðsett loftfar, og myndi eigandi þess loftfars eignast traustnámsrétt á varahlutnum, enda mætti hann eigi sjá, að verið væri að skerða veðréttinn í varahlutabirgðunum um skör fram. Þrátt fyrir það þótt varahlutabirgðirnar séu að veðrétti fylgiveð hins veðsetta loftfars, mætti ganga að varahlutabirgðunum í heild sinni, án þess gengið væri að loftfarinu, til fullnustu veðkröfu í loftfari og varahlutabirgðum eða til fullnustu annarrar kröfu, t. d. lögtakskröfu. Hins vegar verður lögsókn eigi beint gegn hluta af birgðunum.

Um 25. gr.

Ákvæðið er, svo langt sem það nær, í samræmi við lög nr. 49/1947.

Um 26. gr.

Það leiðir eigi af ákvæði 26. gr., að 15. gr. laga nr. 29/1885 gildi um veðbréf í loftfari. Eigi gildir heldur um loftför ákvæði 32. gr. laga nr. 57/1949 um útlagning eignar til veðhafa.

Um II. kafla.

Kafli þessi geymir lögtöku á ákvæðum Genfsáttmálans frá 1948.

Um 27. gr.

Réttindi þau, sem greinin tekur yfir, eru nokkuð sömu og þau, er í 2. gr. frv. getur.

Eignarréttur samkvæmt greininni tekur einnig yfir réttarskipun þá, sem til er í Bandaríkjum Norður-Ameríku og nefnist „equipment trust“. Er þá lánveitandi talinn vera eigandi loftfars, en lántakandi fær afnotarétt þess og heimild til að öðlazt eignarréttinn á því, þá er lánið er greitt. Það er skilyrði fyrir réttarvernd réttinda þeirra, sem 27. gr. frv. getur, að þau séu löglega stofnuð og auk þess skrásett í sáttmálaríki samkvæmt reglum, er um það gilda.

Ákvæði 3. tl. 27. gr. frv. samsvarar I. gr. (1) í sáttmálanum.

Hugtakið varahlutir verður skv. ákvæði 4. mgr. 27. gr. frv. að skilja á sama hátt og greint er í 4. tl. 24. gr. frv. Hér er að athuga, að X. gr. Genfsáttmálans kveður svo á, að beita skuli um birgðir varahluta lögum þess ríkis, þar sem loftfar það, sem veðsett er ásamt birgðunum, er skrásett þjóðernisskráningu.

Um 28. gr.

Hér er lögtekin regla VI. gr. Genfsáttmálans um vernd til handa lögsækjendum og kaupendum á nauðungaruppboði gegnt þeim, sem öðlazt hefur einhver þau réttindi, sem í 27. gr. getur, og það án tillits til þess, hvort hann hefur fengið rétt sinn skrásettan. Það skiptir hér eigi máli, hvort aflandi réttar samkvæmt samningi var grandlaus eða eigi, heldur hitt, hvort framseljandi loftfars eða réttinda í því vissi um lögsókn þá, sem fram hafði farið.

Þetta ákvæði er undantekning frá þeirri skipan Genfsáttmálans, að lögsóknaraðgerðir verða að víkja fyrir réttindum þeim, sem í sáttmálanum greinir, ef þau fullnægja skilyrðum sáttmálans til réttarverndar. Þótti rétt að rétta nokkuð hlut þeirra, er leita réttar síns gegnt loftförum. Það athugast að sáttmálaríki er í sjálfsvald sett, hvort það tekur þessa reglu í lög sín.

Um 29. gr.

Ákvæði greinar þessarar lögfestir IV. gr. Genfsáttmálans.

Um 30. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru í samræmi við I. gr. (2) Genfsáttmálans. Ekkert er því til fyrirstöðu að alþjóðlegum einkamálarétti að viðurkenna önnur réttindi í loftförum en greinir í sáttmálanum, sbr. 27. gr. 1. mgr. frv., enda gangi réttindi samkvæmt sáttmálanum fyrir.

Sérlög ber að setja um réttindastigann, er saman lendir réttindum í loftfari, vernduðum samkvæmt sáttmálanum, og skaðabótakröfum vegna tjóns, er loftfarið veldur á mönnum eða munum hér á landi.

Fylgir frumvarp til laga um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Um 31. og 32. gr.

Sérreglur þarf að setja um gjald fyrir skráningu og afskráningu réttinda í loftförum. Reglur laga um gjöld fyrir þinglýsingar eiga hér eigi við, þar sem loftför eru annars vegar oft geysidýr, en hins vegar skammlíf.

Um 33.—35. gr.

Ákvæði greina þessara lögfestu reglur XXIII. (1) og (3), XII. og XIII. gr. Genfsáttmálans.

Sáttmáli um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum, gerður í Genf 19. júní 1948.

I. gr.

(1) Sáttmálaríkin skuldbinda sig til að viðurkenna:
   a. eignarrétt á loftförum,
   b. rétt vörzluhafa loftfars til að eignast það með kaupum,
   c. rétt til að hafa vörzlu loftfars samkvæmt leigusamningi, er gerður sé fyrir sex mánaða leigutíma eða lengur,
   d. veðréttindi og áþekk réttindi í loftfari, sem eru samkvæmt samningi til tryggingar á greiðslu skuldar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð er fastákveðin, enda séu nefnd réttindi:
      1. stofnuð samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem loftfarið við stofnun réttindanna var skrásett þjóðernisskráningu,
      2. löglega skráð í opinbera skrá í því ríki, þar sem loftfarið er skrásett þjóðernisskráningu.

      Lögmæti skrásetninga, er framkvæmdar eru hver eftir aðra í ýmsum ríkjum, skal meta samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem loftfarið var skrásett þjóðernisskráningu á þeim tíma, er hver einstök skrásetning fór fram.

(2) Ekkert ákvæði sáttmála þessa skal vera því til fyrirstöðu, að viðurkennd séu í löggjöf einhvers sáttmálaríkis önnur réttindi í loftfari, en sáttmálaríkin skulu eigi leyfa eða viðurkenna, að nokkur réttur gangi fyrir réttindum þeim, sem greinir í (1) mgr.

II. gr.

(1) Allar skrásetningar, er varða eitt og sama loftfar, skal rita á eina og sömu skrá.

(2) Nú er eigi öðruvísi mælt í sáttmála þessum, og skulu verkanir skrásetningar á réttindum þeim, sem getur í I. gr. (1) mgr., ráðast gegnt þriðja manni samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem skrásetning hefur farið fram.

(3) Sáttmálaríki getur lagt bann við skrásetningu hvers konar réttinda, sem eigi verða löglega stofnuð samkvæmt sjálfs þess löggjöf.

III. gr.

(1) Þjóðernisskírteini sérhvers loftfars skal greina skýrt heimilisfang stjórnvalds þess, sem skrásetninguna hefur á hendi.
(2) Hver, sem er, á rétt á því að fá hjá stjórnvaldi því, sem fer með skrásetninguna, staðfest endurrit af eða útdrátt úr því, sem skrásett er. Slík endurrit eða útdrættir teljast full sönnun fyrir efni skrárinnar, unz annað sannast.
(3) Nú mæla lög sáttmálaríkis, að afhending skjals til skrásetningar skuli hafa sömu réttarverkun sem skrásetning, og skal sama gilda innan marka þessa sáttmála. Ef tilvikum er þannig farið, skulu gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til tryggingar því, að almenningur eigi þess kost að kynna sér skjalið.
(4) Krefjast má sanngjarns gjalds fyrir aðstoð skrásetningarvaldsins.

IV. gr.

(1) Nú eru kröfur hafðar uppi um:
a. laun fyrir björgun loftfars, eða
að varðveita loftfarið,
og kröfur þessar eru samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem björgunin eða varðveizluráðstafanirnar eru til lykta leiddar, tryggðar með hlutbundnum rétti í loftfarinu, og skulu sáttmálaríkin viðurkenna slíkan rétt og láta hann ganga fyrir öllum öðrum réttindum í loftfarinu.
(2) Réttindum þeim, sem í (1) mgr. getur, skal fullnægja í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til réttindanna.
(3) Greina má sérhver nefndra réttinda í réttindaskránni innan þriggja mánaða frá lokum björgunar eða varðveizluaðgerða.
(4) Önnur sáttmálaríki skulu eigi viðurkenna nefnd réttindi, að liðnum þeim þriggja mánaða fresti, sem í (3) mgr. getur, nema fyrir lok frests þessa:
a. hafi farið fram skrásetning réttarins samkvæmt (3) mgr., og
b. fjárhæðin hafi verið ákveðin í samningi eða mál höfðað til ákvörðunar á nefndum rétti. Nú er mál höfðað, og sker löggjöf á varnarþinginu úr um, með hvaða skilorði þriggja mánaða fresturinn rofnar eða stöðvast.
(5) Beita skal ákvæðum greinar þessarar án tillits til ákvæða I. gr. (2) mgr.

V. gr.

Forgengi einhverra réttinda þeirra, sem talin eru í I. gr. (1) mgr. d., tekur til allra þeirra fjárhæða, sem réttindin tryggja. Forgengis njóta þó einungis þeir vextir, sem fallið hafa á í þrjú næstu ár fyrir upphaf lögsóknar, og svo þeir vextir, sem falla á, meðan á lögsókn stendur.

VI. gr.

Nú er loftfar eða einhver réttindi í því kyrrsett, tekin fjárnámi eða seld nauðungarsölu, og er sáttmálaríkjum eigi skylt að viðurkenna, þannig að lánardrottinn sá, sem framkvæmir kyrrsetninguna eða fjárnámið, eða kaupandi bíði tjón af, nein þau réttindi, sem getur í I. gr. (1) mgr., eða aðiljaskipti slíkra réttinda, svo fremi réttindin eru stofnuð eða yfirfærð af þeim aðilja, sem lögsókninni er beint gegn, eftir að hann hefur öðlazt vitneskju um söluna eða aðförina.

VII. gr.

(1) Tilhögun nauðungarsölu á loftfari fer að lögum þess sáttmálaríkis, þar sem salan fer fram.
(2) Gæta ber þó eftirtalinna reglna:
a. Stund og stað sölunnar og skal tiltaka eigi skemmri tíma en 6 vikur fyrir fram.
b. Lánardrottinn sá, sem framkvæmir fjárnámið, skal afhenda dóminum eða öðru bæru stjórnvaldi staðfestan útdrátt af því, sem skrásett hefur verið

um loftfarið. Hann skal auglýsa uppboðið opinberlega á þeim stað, þar sem loftfarið er skrásett þjóðernisskráningu samkvæmt lögum þeim, er þar gilda, a. m. k. einn mánuð fyrir hinn fastákveðna dag. Hann skal jafnan tilkynna hina ákveðnu sölu í ábyrgðarbréfi, ef unnt er í loftpósti, hinum skrásetta eiganda og handhöfum skrásettra réttinda í loftfarinu og svo handhöfum réttinda, sem skrásett eru samkvæmt IV. gr. (3) mgr., enda skal senda hina bréflegu tilkynningu til heimilisfangs þeirra samkvæmt réttindaskrá.

(3) Nú er eigi farið eftir reglum þeim, sem greinir í (2) mgr. að ofan, og hefur það þær afleiðingar, er mæla lög þess sáttmálaríkis, þar sem salan fer fram. Þó má ómerkja hverja þá sölu, sem fram hefur farið andstætt nefndum reglum, samkvæmt kröfu hvers þess aðilja, sem tjón bíður við slík afbrigði, enda beri hann kröfu sína fram, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá söludegi.

(4) Enga nauðungarsölu má til lykta leiða, nema öll réttindi, sem ganga samkvæmt sáttmála þessum fyrir kröfu lánardrottins þess, sem lögsækir, og leiddar eru sönnur að fyrir bæru stjórnvaldi, greiðist af söluverðinu eða kaupandi viðurkennir, að þau séu tryggð í loftfarinu.

(5) Nú hefur loftfar, sem á hvíla réttindi samkvæmt I. gr. til tryggingar kröfu, ákveðinni að fjárhæð eða hámarksfjárhæð, valdið tjóni á mönnum eða fémunum á jörðu niðri í sáttmálaríki því, þar sem nauðungarsalan fer fram, og hald er lagt á nefnt loftfar eða annað loftfar sama eiganda, sem á hvíla sams konar réttindi í þágu sama lánardrottins, og má í lögum nefnds ríkis kveða svo á:

a. að ákvæði ofanskráðrar (4) mgr. skuli eigi beita gegn tjónþolanda eða réttartökum hans, svo fremi hann eða þeir eru lögsækjendur,

b. að engin réttindi þeirra, sem getur í I. gr. og eru til tryggingar skuldbindingu, ákveðinni að fjárhæð eða hámarksfjárhæð, og hvíla á loftfarinu, skuli njóta forgengis gegnt tjónþolanda eða réttartaka hans umfram 80% söluverðsins.

Eigi skal þó beita þessum ákvæðum, þá er notandi sá, sem er ábyrgur fyrir loftfarinu, hefur tekið nægilega og virka vátryggingu eða tekin er á hans vegum slík vátrygging hjá ríki eða vátryggingarfélagi í einhverju ríki til greiðslu slíks tjóns á mönnum eða fémunum.

Nú setja lög sáttmálaríkis, þar sem sala fer fram, eigi önnur mörk, og ber að telja vátryggingu nægilega í merkingu ofangreinds ákvæðis, ef vátryggingarfjárhæðin jafngildir að verðmæti því loftfari nýju, sem aðför er gerð í.

(6) Útgjöld, sem kræf eru að lögum þess sáttmálaríkis, þar sem sala fer fram, og innt hafa verið af hendi í sameiginlega þágu lánardrottna við lögsókn þá, sem til sölu leiddi, skal greiða af söluverði á undan hverri annarri kröfu, þar með töldum þeim, sem forgengis njóta samkvæmt IV. gr.

VIII. gr.

Nauðungarsala loftfars samkvæmt VII. gr. hefur í för með sér, að eignarréttur að loftfarinu flytzt til kaupanda án allra hafta, sem hann tekur eigi á sig.

IX. gr.

Þá er frá er skilin nauðungarsala samkvæmt VII. gr., skal enginn flutningur loftfars frá þjóðernisskrá eða réttindaskrá eins sáttmálaríkis til sams konar skrár í öðru sáttmálaríki eiga sér stað, nema allir handhafar skrásettra réttinda hafi hlotið fullnustu eða veiti samþykki sitt til flutningsins.

X. gr.

(1) Nú taka skrásett réttindi í loftfari, sem getur í I. gr. og eru til tryggingar á efnd skuldbindingar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð er ákveðin, samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem loftfarið stendur á þjóðernisskrá, yfir varahluti, sem eru í birgðageymslu á einum eða fleirum tilteknum stöðum,

og skulu öll sáttmálaríki viðurkenna slík réttindi, meðan varahlutirnir eru á þessum stað eða stöðum, enda sé fyrir hendi á þeim stað, þar sem varahlutirnir eru geymdir, hentanleg auglýsing, sem tilgreinir tegund réttindanna, nafn og heimilisfang réttindahafa og þá skrá, þar sem réttindin eru skrásett, þannig að þriðji aðili megi glögglega sjá, að veðband hvílir á varahlutunum.

(2) Listi, sem greinir tegund og tölu varahlutanna hér um bil, skal fylgja eða vera tekinn upp í hið skrásetta skjal. Skipta má á varahlutunum og öðrum áþekkum varahlutum, án þess réttur lánardrottins skerðist við það.

(3) Ákvæðum í VII. gr. (1) mgr. og (4) mgr. og ákvæðum VIII. gr. skal beita um nauðungarsölu varahluta. Nú hefur lánardrottinn sá, sem aðför gerir, enga hlutbundna tryggingu í þeim, og skal beita ákvæðum VII. gr. (4) mgr., að því leyti, að sala má samkvæmt nefndu ákvæði fram fara, svo fremi gert er boð, sem nemur eigi minna en ⅔ af verðmæti varahlutanna samkvæmt mati sérfróðra manna, sem skipaðir eru til matsstarfans af stjórnvaldi því, sem framkvæmir söluna. Þá er og hinu bæra stjórnvaldi rétt að takmarka í þágu lánardrottins þess, sem stendur að aðförinni, þá fjárhæð, sem koma á í hlut réttindahafa, er á undan ganga, við ⅔ sölufjárhæðar, þá er frá hefur verið dreginn kostnaður sá, sem greinir í VII. gr. (6) mgr.

(4) Varahlutir taka í merkingu greinar þessarar yfir hluta loftfara, hreyfla, skrúfur, útvarpstæki, áhöld, innanbúnað og fylgitæki og svo hluta þeirra og alla aðra hluti, hverrar tegundar sem er, sem geymdir eru í því skyni að verða settir í loftför í staðinn fyrir hluta eða hluti, sem teknir eru úr þeim.

XI. gr.

(1) Ákvæðum sáttmála þessa skal í hverju sáttmálaríki beita um öll loftför, sem skrásett eru þjóðerniskrásetningu í öðru sáttmálaríki.

(2) Sérhvert sáttmálaríki skal enn fremur beita um loftför, sem þar í ríki eru skrásett þjóðernisskrásetningu:
   a. ákvæðum II., III. og IX. gr., og svo
   b. ákvæðum IV. gr., nema björgunar- og varðveizluráðstafanirnar séu til lykta leiddar á yfirráðasvæði þess ríkis sjálfs.

XII. gr.

Ekkert ákvæði sáttmála þessa skal vera því til fyrirstöðu, að nokkurt sáttmálaríki beiti lögum sínum um innflutning fólks, toll og loftferðir um loftfar.

XIII. gr.

Sáttmála þessum skal eigi beita um loftför hers, tollyfirvalda eða lögreglu.

XIV. gr.

Bærir handhafar dómgæzlu og framkvæmdarvalds í sáttmálaríkjum geta með þeim takmörkunum, sem lög í heimalöndum þeirra setja, haft beint samstarf um framkvæmd á ákvæðum sáttmála þessa.

XV. gr.

Sáttmálaríkin skulu gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að framkvæma ákvæði þessa sáttmála, og samstundis tilkynna aðalritara Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um slíkar ráðstafanir.

XVI. gr.

Orðið „loftfar“ skal í merkingu sáttmála þessa taka yfir loftfarsskrokkinn, hreyfla, skrúfur, útvarpstæki og alla aðra hluti, sem ætlaðir eru til nota í loftfarinu, hvort heldur þeir eru skeyttir í það eða teknir um stundarsakir úr sambandi við það.

XVII. gr.

Nú er sjálfstæð þjóðernisskrá haldin á nokkru landssvæði, sem sáttmálaríki ber gegnt erlendum ríkjum ábyrgð á, og skulu tilvísanir í sáttmála þessum til laga sáttmálaríkis þá taka, að því er landssvæðið varðar, yfir tilvísanir til laga þess.

XVIII. gr.

Heimilt skal að undirrita sáttmála þenna, unz hann tekur gildi samkvæmt ákvæðum XX. gr.

XIX. gr.

(1) Sáttmáli þessi þarfnast fullgildingar af hendi ríkja þeirra, sem hafa undirritað hann.
(2) Fullgildingarskjölum skal koma til varðveizlu í skjalavörzlu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem tilkynnir varðveizlutökuna hverju ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerzt aðili að honum.

XX. gr.

(1) Nú hafa tvö ríki, sem undirritað hafa sáttmálann, komið fullgildingarskjölum á sáttmála þessum til varðveizlu, og gengur hann í gildi milli ríkja þessara á nítugasta degi frá setningu seinna fullgildingarskjalsins í varðveizlu. Að því er varðar hvert það ríki, sem eftir nefndan tíma setur fullgildingarskjal sitt í varðveizlu, gengur sáttmálinn í gildi á nítugasta degi frá setningu fullgildingarskjalsins í varðveizlu.
(2) Alþjóðaflugmálastofnunin skal tilkynna hverju undirritunarríki, hvaða dag sáttmálinn tekur gildi.
(3) Aðalritari Alþjóðaflugmálastofnunarinnar skal skrásetja sáttmálann þegar eftir gildistöku hans hjá Sameinuðu þjóðunum.

XXI. gr.

(1) Rétt er ríkjum, sem eigi hafa undirritað sáttmála þenna, að gerast aðiljar að honum, eftir að hann hefur gengið í gildi.
(2) Ríki gerist aðili með því að koma aðildartökuskjali sínu til varðveizlu í skjalavörzlu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem síðan tilkynnir hverju því ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerzt hefur aðili að honum, um dag varðveizlusetningar.
(3) Aðildin verður virk á nítugasta degi frá varðveizlusetningu aðildartökuskjalsins í skjalavörzlu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

XXII. gr.

(1) Aðildarríki hvert getur sagt upp aðild sinni með tilkynningu til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, sem tilkynnir hverju því ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerzt hefur aðili að honum, um dag þann, er henni barst uppsögnin.
(2) Uppsögn verður virk eftir sex mánuði frá þeim degi, er hún barst Alþjóðaflugmálastofnuninni.

XXIII. gr.

(1) Rétt er ríki hverju, þá er það kemur fullgildingar- eða aðildartökuskjali sínu til varðveizlu, að lýsa því, að aðild þess að sáttmála þessum skuli eigi taka til eins eða fleiri yfirráðasvæða, er ríkið ber ábyrgð á gegnt öðrum ríkjum.
(2) Alþjóðaflugmálastofnunin tilkynnir hverju því ríki, sem undirritað hefur sáttmálann eða gerzt hefur aðili að honum, yfirlýsingu þessa.
(3) Sáttmáli þessi gildir fyrir öll yfirráðasvæði, er sáttmálaríki ber ábyrgð á gegnt öðrum ríkjum, að undanskildum þeim yfirráðasvæðum, sem yfirlýsing samkvæmt (1) þessarar greinar tekur til.

(4) Hverju ríki er rétt að gerast aðili að sáttmála þessum sér í lagi, að því er varðar eitt eða öll þeirra yfirráðasvæða, er það hefur gefið yfirlýsingu fyrir samkvæmt (1) greinar þessarar, og skulu ákvæði (2) og (3) XXI. gr. gilda um slíka aðildartöku.
(5) Rétt er ríki hverju að segja upp sáttmála þessum samkvæmt ákvæðum XXII. gr. sér í lagi fyrir öll eða eitthvert þeirra yfirráðasvæða, er það ber ábyrgð á gegnt öðrum ríkjum.

Þessu til staðfestu hafa stjórnarfulltrúar samkvæmt fullri heimild undirritað sáttmála þenna.

Gert í Genf 19. júní 1948 á ensku, frönsku og spönsku, og eru allir textar jafngildir.

Sáttmála þessum skal koma til varðveizlu í skjalavörzlu í Alþjóðaflugmálastofnuninni, og er heimilt að undirrita hann þar samkvæmt XVIII. gr.

Um Genfsáttmálann.

I.

Þá er menn tóku að stunda loftferðir milli ríkja, varð þeim ljóst, að brýna nauðsyn bar til, að ríki gerðu með sér sáttmála um réttindi í loftförum, til þess að menn ættu nokkurn veginn að vísu að ganga um það, hvaða réttindi í loftförum héldu gildi sínu, þótt loftför flytjist frá einu yfirráðasvæði til annars, hvort heldur þau eru seld úr einu landi í annað eða eru í förum sem samgöngutæki.

Nefnd sérfræðinga í loftrétti (Citeja) hóf þegar á þriðja tug þessarar aldar að vinna að máli þessu og gekk 1931 frá uppköstum að tveimur sáttmálum. Alþjóðaráðstefnur voru eigi haldnar um uppköst þessi. Leið síðan og beið til ársins 1944, en þá var haldin ráðstefna í Chicago um borgaralegar loftferðir. Leiddi sú ráðstefna til stofnunar Alþjóðaflugmálastofnunar (ICAO). Ráðstefnan taldi nauðsynlegt að hefjast handa um samningu sáttmála um viðurkenningu á eignarrétti og tryggingarréttindum í loftförum. Bráðabirgðaflugmálastofnunin (PICAO) lét síðan nefnd vinna að sáttmálauppköstum.

Á fyrsta fundi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar 1947 var enn samið uppkast. Þá samdi og lögfræðinganefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar uppkast 1947. Loks var á öðrum fundi nefndrar stofnunar, hinn 19. júní 1948, gengið frá sáttmála og hann samþykktur og undirritaður af 20 ríkjum, þ. á m. Íslandi. Síðar bættust fleiri ríki í hópinn. Ísland hefur eigi enn fullgilt sáttmálann.

II.

Með sáttmálanum er eigi sköpuð réttareining. Höfuðmarkmið hans er að kveða á um, í hvaða tilvikum og með hverjum skilyrðum sáttmálaríki skuli viðurkenna tiltekin réttindi í loftförum, sem skrásett hafa verið í öðrum sáttmálaríkjum, og svo stöðu réttindanna í réttindastiganum.

Í XI. gr. Genfsáttmálans segir, að ákvæðum hans skuli beita í sáttmálaríki um öll loftför, sem skrásett eru að þjóðerni í öðru sáttmálaríki, og auk þess ákvæðum II., III. og IX. gr. og loks ákvæðum IV. gr., nema björgunar- og varðveizluráðstafanirnar séu leiddar til lykta á yfirráðasvæði ríkisins. Samkvæmt I. gr. sáttmálans er það skilyrði viðurkenningar á réttindum og forstöðu þeirra í réttindastiga, að þau séu:

1. stofnuð samkvæmt lögum þess sáttmálaríkis, þar sem loftfarið er skrásett þjóðernisskráningu, og
2. löglega skráð í opinbera skrá í því ríki, þar sem loftfarið er skrásett þjóðernisskráningu.

Þjóðerni þeirra aðilja, sem hlut eiga að loftfari, ræður í þessu sambandi eigi úrslitum, en lög um loftför geyma oft ákvæði um, hverjir megi skrásetja loftför

í þjóðernisskrá, og venjulega er eigandi loftfars sama þjóðernis og loftfarið. Lánardrottinn, sem tryggingu hefur í loftfari, er hins vegar oft borgari annars ríkis en þess, sem loftfarið á heima í, t. d. seljandi loftfars, sem búsettur er í Bretlandi, selur loftfar til Íslands og fær veðrétt sinn í því skrásettan á Íslandi.

Samkvæmt XVI. gr. Genfsáttmálans tekur loftfar í merkingu sáttmálans yfir loftfarsskrokkinn, skrúfur, útvarpstæki og alla aðra hluti, sem nota skal í loftfarinu, hvort heldur þeir eru skeyttir í það eða teknir um stundarsakir úr sambandi við það.

Sáttmálinn mælir eigi fyrir um, að opinbera skrá skuli halda í sáttmálaríki um réttindi í loftförum, en sé slík skrá eigi haldin, njóta réttindi, stofnuð í því sáttmálaríki, eigi forréttar samkvæmt sáttmálanum í hinum sáttmálaríkjunum. Um tilhögun réttindaskrár segir í sáttmálanum það eitt, að allar skrásetningar um eitt og sama loftfar skuli rita í eina og sömu skrá, II. gr. (1). Þá skal stjórnvaldi hvers sáttmálaríkis vera skylt að gefa endurrit af því, sem skrásett er, III. gr. (2).

III.

Sáttmálinn setur einungis það skilyrði, að samningur um réttindi í loftfari sé löglega gerður eftir lögum skrásetningarlandsins. Hins vegar mælir sáttmálinn eigi fyrir, í hvaða varnarþingi mál skuli sækja. Nú er leitað fullnustu í loftfari í öðru sáttmálaríki en heimalandi þess, og eru dómstólar, þar sem mál er höfðað, bærir að fjalla um málið, og beita skulu þeir lögum skrásetningarríkisins, enda sé það eitt sáttmálaríkja. Ef því er eigi til að dreifa, skera alþjóðlegar einkamálareglur dómstólsríkisins úr, hvaða lögum beita skal.

IV.

Þau réttindi, sem sáttmálinn samkvæmt I. gr. og XI. gr. hans verndar, eru:

a. Eignarréttur á loftfari. Eignarréttur í merkingu sáttmálans tekur bæði yfir algildan og raunkvæman eignarrétt og yfir eignarréttarfyrirvara í tryggingarskyni, t. d. þá er selt er að áskildum eignarrétti, unz kaupverð er greitt. Enn fremur tekur eignarréttur til conditional sale, Bill of sale í tryggingarskyni og equipment trust samkvæmt enskum og amerískum lögum. Lög skrásetningarríkis skera úr um efni og vernd, öflun og missi eignarréttar, en samkvæmt XVI. gr. sáttmálans skulu fylgitæki loftfarsins hlíta sömu reglum sáttmálans og loftfarið sjálft, jafnvel þá er þau eru tekin úr loftfarinu um stundarsakir.
b. Réttur vörzluhafa loftfars til að eignast það með kaupum. Regla þessi er reist á reglum ensks og amerísks réttar um conditional sale og hire purchase agreement. Ákvæðið tekur eigi yfir kaupsamning um loftfar, er kaupandi hefur ekki fengið vörzlu þess.
c. Réttur til að hafa loftför í vörzlum samkvæmt leigusamningi, sem gerður sé fyrir sex mánaða leigutíma eða lengur. Regla þessi stafar frá reglum amerísks réttar um hire purchase og equipment trust.
d. Veðréttindi og áþekk réttindi í loftfari, sem eru samkvæmt samningi til tryggingar á greiðslu skuldar, er fjárhæð hennar eða hámarksfjárhæð hennar er fastákveðin. Lögveð og dómveð falla eigi undir ákvæðið, sbr. þó IV. gr. um bjarglaun. Stofnun veðréttar í loftfari, verkun skrásetningar hans gegnt þriðja aðilja, staða hans í réttindastiganum og slokknun hans fer að lögum þess lands, þar sem loftfarið var skrásett, er til veðréttar var stofnað, II. gr. (2). Veðhafi skal hafa sama veðrétt í loftfarinu sjálfu og fylgitækjum þess, XVI. gr., og svo í varahlutum þess, sem eru í birgðageymslu, ef lög skrásetningarríkis ákveða það, X. gr.

Sáttmálaríki er samkvæmt VI. gr. eigi skylt að hlíta því, að eigandi eða forráðaaðili stofni nein þau réttindi, sem í I. gr. (1) getur, í loftfari, eftir að hann fékk vitneskju um kyrrsetninguna, fjárnám eða nauðungarsölu loftfarsins, ef lánardrottinn sá, sem framkvæmir kyrrsetninguna eða fjárnámið, eða kaupandi bíður tjón

við það. Hér nægir til véfengingar, að gerðarþolandi sé í vondri trú. Véfengja má þá, þótt kaupandi eða viðtakandi réttinda sé grandlaus.

Í IX. gr. segir: Þá er frá er skilin nauðungarsala, skal enginn flutningur frá þjóðernisskrá eða réttindaskrá eins sáttmálaríkis til sams konar skrár í öðru sáttmálaríki eiga sér stað, nema allir handhafar skrásettra réttinda hafi hlotið fullnustu eða veiti samþykki sitt til flutnings.

Dómstólar í sáttmálaríki, þar sem nauðungarsala fer fram, myndu og geta hrundið réttindum í loftfari, ef þau eru vefengjanleg utan gjaldþrotaskipta í því sáttmálaríki, þar sem þau voru skrásett. Ef eigi er um sáttmálaríki að tefla, gilda alþjóðlegar einkamálareglur.

V.

Fyrir sáttmálavernduðum kröfum, sem í I. gr. getur, ganga samkvæmt IV. gr. (5) og XI. gr. laun fyrir björgun loftfars og endurgjald fyrir afbrigðileg útgjöld, sem hafa verið algerlega nauðsynleg til að varðveita loftfarið, IV. gr. a. og b., enda séu kröfur þessar samkvæmt lögum þess ríkis, þar sem björgunin eða varðveizluráðstafanirnar eru til lykta leiddar, tryggðar með hlutbundnum rétti í loftfarinu. Ef kröfur þessar eru tryggðar lögveði í því sáttmálaríki, þar sem björgun eða varðveizla er til lykta leidd, skulu sáttmálaríki sín á milli viðurkenna lögveðið. Sáttmálaríki skal einnig þá viðurkenna réttindi þessi í sjálfs sín loftförum. Þessar kröfur skulu því eigi hlíta lögum skráningarríkisins, eins og getur samkvæmt I. gr., heldur ríkis þess, þar sem varðveizlan var veitt.

Réttindum samkvæmt IV. gr. (1) skal fullnægja í öfugri röð við þá atburði, sem leiddu til réttindanna.

Fyrir verður að liggja viðurkenning eiganda loftfars á veðrétti eða mál vera höfðað um hann og svo skrásetning hans að hafa farið fram, allt innan þriggja mánaða frá lokum björgunar- eða varðveizluathafnar til þess að hann haldizt, IV. gr. (4) a. og b.

Nú er rétt að benda á, að sáttmálinn geymir reglur um duldar forréttindakröfur:

a. Í VII. gr. (6) er svo mælt, að kostnað, sem er kræfur að lögum þess sáttmálaríkis, þar sem nauðungarsala fer fram, og orðið hefur í sameiginlega þágu lánardrottna við lögsókn þá, er til sölu leiddi, skuli greiða af söluandvirði á undan hverri annarri kröfu, þar með töldum þeim kröfum, sem forgengis njóta samkvæmt IV. gr.

   Í XII. gr. segir, að ekkert ákvæði sáttmálans skuli vera því til fyrirstöðu, að nokkurt sáttmálaríki beiti lögum sínum um innflutning fólks, toll og loftferðir um loftför. Samkvæmt þessu er rétt að láta fésektir og févíti fyrir brot á nefndum lagaákvæðum njóta forgengis fyrir öðrum réttindum í loftfari.

b. Gild skulu vera samkvæmt VII. gr. (5) ákvæði í ríki, þar sem nauðungarsala loftfars fer fram, þess efnis, að forgangsréttindi í loftfari samkvæmt I. gr. skuli víkja um 20% af söluverði loftfars fyrir kröfum tjónþolanda, sem hlotið hefur tjón af völdum loftfarsins eða annars loftfars sama eiganda á jörðu niðri.

   Eigi skal beita þessari reglu ef sá, sem ábyrgur er fyrir loftfarinu, hefur tekið eða tekinn er á hans vegum nægileg og virk vátrygging til greiðslu slíks tjóns á mönnum og munum.

c. Nú eru birgðir varahluta veðsettar með loftfari samkvæmt X. gr. sáttmálans, og er rétt að veita fjárnámshafa, sem veðréttar nýtur eigi, rétt til forgangs að ⅓ uppboðsandvirðis að frádregnum kostnaði, enda nemi boð í varahlutina að fjárhæð a. m. k. ⅔ af verðmæti þeirra.

VI.

Sáttmálinn veitir eigi forgangsrétt kröfum fyrir ríkissjóðsgjöldum annars né heldur fyrir kröfum um skaðabætur fyrir spjöll á flugvöllum, gjöldum vegna brennis (eldsneytis) né fyrir launakröfum áhafnar.

VII.

Samkvæmt IX. gr. er það skilyrði fyrir flutningi loftfars frá þjóðernis- eða réttindaskrá eins sáttmálaríkis til annars, að allir handhafar skrásettra réttinda í fyrra ríkinu hafi hlotið fullnustu eða veiti samþykki sitt til flutningsins. Regla þessi, getur oft leitt til þess, að erfitt er að selja útlendingum loftfar, sem á hvíla skuldir, jafnvel vegna margra loftfara. Útlendingur má eigi eiga loftfar í því ríki, þar sem það er skrásett, og eigi fæst samþykki lánardrottna, er eigi hafa fengið fullnustu, til að flytja það yfir á skrá í heimalandi kaupanda.

VIII.

Um framkvæmd nauðungarsölu gilda ákvæði V., VII. og VIII. gr. Er vísað til hinna ýtarlegu reglna þar. Nauðungarsala í heimalandi loftfars fer eftir lögum þess lands, XI. gr. Ákvæði VII. gr. sáttmálans geymir ýtarlegar formreglur um framkvæmd uppboðs. Ber sáttmálaríki nauðsyn til að samræma lög sín þessum reglum. Ómerkja skal nauðungarsölu, sem fram fer andstætt reglunum, samkvæmt kröfu þess aðilja, sem tjón bíður við það, enda beri hann fram kröfu sína, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá söludegi.

Í VIII. gr. er svo mælt, að nauðungarsala hafi í för með sér, að eignarréttur að loftfarinu flytjist til kaupanda án allra hafta, sem hann tekur eigi á sig. Jafnframt segir í VII. gr., að enga nauðungarsölu megi til lykta leiða, nema réttindi, sem ganga samkvæmt sáttmálanum fyrir kröfu lánardrottins þess, er lögsækir, greiðist af söluverðinu eða kaupandi viðurkenni, að þau séu tryggð í loftfarinu.

Þetta tekur til skrásettra réttinda og svo til forgangsréttinda samkvæmt IV. gr. Vextir af forgangskröfum um þriggja ára bil fyrir upphaf aðfarar njóta forgangsréttar þessa, V. gr. Aðili, sem beðið hefur tjón á jörðu niðri af völdum loftfars, getur, ef lög standa til þess í ríki, þar sem skaðinn varð, krafizt að ganga fyrir rétthöfum samkvæmt I. gr., að því er varðar allt að 20% uppboðsandvirðis. Hér má enn nefna heimild X. gr. (3) til að veita óveðtryggðum fjárnámshafa forgangsrétt til ⅓ uppboðsandvirðis varahlutabirgða sem seldar eru í heild sérstaklega.

IX.

Sáttmálaríki getur lagt bann við skrásetningu réttinda, sem eigi verða löglega stofnuð að sjálfs þess rétti, II. gr. (3). Takmarkast reglur sáttmálans af þessu ákvæði.

Svo sem áður var sagt, skal samkvæmt XI. gr. beita ákvæðum sáttmálans í hverju sáttmálaríki um öll loftför, sem skrásett eru þjóðernisskráningu í öðru sáttmálaríki. Hins vegar taka ákvæði sáttmálans almennt eigi til loftfars hvers sáttmálaríkis sjálfs innan lands, þ. e. sáttmálaríki þarf eigi að beita sáttmálanum um sjálfs sín loftför, en undantekningar eru frá þessari reglu. Sáttmálaríki ber í eftirtöldum tilvikum að beita sáttmálanum um sjálfs sín loftför.

Í II. gr. (1) segir: Allar skrásetningar, er varða eitt og sama loftfar, skal rita á eina og sömu skrá.

Í III. gr. (1) segir: Greina skal skýrt í þjóðernisskírteini heimilisfang stjórnvalds þess, sem skrásetningu hefur á hendi.

IV. gr. kveður á um forgengi bjarglauna og varðveizlukostnaðar. Þó er sáttmálaríki eigi skylt að beita þessum ákvæðum um sjálfs sín loftför, ef björgun eða varðveizluathöfnum lýkur á yfirráðasvæði þess sjálfs, XI. gr.

X.

Ákvæðum sáttmálans skal eigi beita um loftför hers, tollyfirvalda eða lögreglu, XII. gr.

Bærir handhafar dómgæzlu og framkvæmdarvalds í sáttmálaríkjunum geta með þeim takmörkunum, sem lög í heimalöndum þeirra setja, haft beint samstarf um framkvæmd á ákvæðum sáttmála þessa, XIV. gr.

Sáttmálaríkin annast framkvæmd sáttmálans og tilkynna aðalritara Alþjóðaflugmálastofnunarinnar þær ráðstafanir, sem þau gera í því skyni, XV. gr.

Sjá ákvæði XVIII. gr. um beiting sáttmálans á yfirráðasvæðum, er hlíta sérlögum.

Nd. 39. Frumvarp til laga [38. mál]

um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Auglýsingu um uppboð á loftfari skal birta fyrir fram þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði, þannig að eigi líði skemmri tími en 6 vikur milli fyrstu birtingar og uppboðs, og í einu öðru blaði einu sinni eða oftar, ef uppboðshaldari telur það heppilegt, og með þeim fyrirvara, er hann ákveður. Tilkynna skal uppboð með 6 vikna fyrirvara skrásetningaryfirvöldum þeim, sem í hlut eiga. Nú er um að tefla loftfar, sem skrásett er í erlendu ríki, og skal einnig birta uppboðið, a. m. k. einum mánuði áður en það fer fram, á þeim stað, þar sem loftfarið er skrásett, og samkvæmt reglum þeim, er þar gilda um opinbera birtingu á nauðungaruppboðum. Uppboðsbeiðandi skal láta uppboðskröfu sinni fylgja staðfest endurrit úr hinni íslenzku eða erlendu réttindaskrá, er veiti vitneskju um skrásett réttindi í loftfarinu. Samtímis auglýsingu um uppboðið í Lögbirtingablaði eða uppboðsauglýsingu erlendis, skal fógeti tilkynna uppboðið í ábyrgðarbréfi, ef unnt er í loftpósti, eiganda loftfars og handhöfum nefndra réttinda, enda sé heimilisfang þeirra tilgreint í réttindaskránni. Sams konar reglum skal beita um uppboð á varahlutabirgðum, sem veðsettar hafa verið ásamt loftfari.

2. gr.

Nú er uppboð haldið á loftfari, og ber að greiða kostnað, sem á hefur fallið í sameiginlega þágu lánardrottna við lögsóknina, af uppboðsandvirði á undan öllum öðrum kröfum, þar á meðal kröfum um bjarglaun og kröfum settum á bekk með þeim.

3. gr.

Nú er uppboð haldið á skrásettu loftfari, og er rétt, að sala fari fram, svo fremi öll réttindi í loftfarinu, sem ganga fyrir kröfu fjárnámshafa og leiddar eru sönnur að fyrir fógeta, greiðast af uppboðsandvirðinu eða kaupandi tekur að sér greiðslu þeirra, að því leyti sem hann á rétt til þess.

Nú er fjárnám gert í skrásettu loftfari til tryggingar bótakröfu vegna tjóns, sem beðið hafa menn eða fémunir á jörðu niðri hér á landi, og tjóninu hefur valdið téð loftfar eða annað loftfar sama eiganda, sem á hvíla sömu veðréttindi eða tryggingarréttindi fyrir kröfum, sem stofnaðar eru með samningi og hljóða á ákveðna fjárhæð eða hámarksfjárhæð, og getur sala farið fram, enda þótt uppboðsandvirðið hrökkvi eigi til fullrar greiðslu á kröfu fjárnámshafa og kröfum þeirra, sem ofar honum standa í réttindastiga, enda ber þá að færa niður þá fjárhæð, sem kemur í hlut handhafa síðastnefndra réttinda, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er, til þess að fjárnámshafi hljóti fullnustu, en nema skal þó fjárhæð forgangsaðilja a. m. k. 80% uppboðsandvirðis að frádregnum kostnaði.

Eigi skal beita ákvæðum þeim, er mælt eru í 2. mgr., ef sá, sem ber ábyrgð á tjóninu eða einhver á hans vegum, hefur tekið ábyrgðartryggingu, sem nægilega og virkt stendur undir skaðabótaskyldu hans.

Nú eru varahlutabirgðir veðbundnar ásamt loftfari, og háð er nauðungaruppboð samkvæmt fjárnámi, gerðu fyrir kröfu, sem eigi er tryggt á sama hátt, og má

sala eigi fara fram, nema á uppboðinu komi fram boð, er nemi ⅔ af verðmæti birgðanna að mati tveggja sérfróðra matsmanna, sem fógeti kveður.

Nú hrekkur uppboðsandvirði eigi til greiðslu á kröfum, sem ganga fyrir kröfu fjárnámshafa, og svo fyrir kröfum fjárnámshafa, og má, ef nauðsyn ber til færa þá fjárhæð, sem fer til greiðslu forgangskrafnanna, niður í ⅔ uppboðsandvirðis að frádregnum kostnaði.

4. gr.

Að öðru leyti taka ákvæði II. kafla laga nr. 57 25. maí 1949 svo og önnur ákvæði laganna, eftir því sem við á, til uppboða á loftförum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að ósk samgmrh. Það var flutt á síðasta Alþingi sem stjórnarfrv., en varð ekki útrætt. Fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er undirbúið með sama hætti og önnur frumvörp um loftferðamál.

Frumvarp þetta miðar að því að veita ákvæðum Genfsáttmálans frá 1948, um uppboð á loftförum, lagagildi. Ákvæðin eru þó eigi takmörkuð við sáttmálaríki, þar sem þau þykja eiga við um önnur loftför.

Sáttmáli um alþjóða viðurkenningu á réttindum í loftförum, gerður í Genf 19. júní 1948, er fylgiskjal með frumvarpi til laga um skrásetningu réttinda í loftförum.

Um 1. gr.

Ákvæðið er samið í samræmi við VII. gr. (2) Genfsáttmálans, en er eigi bundið við sáttmálaríki.

Um 2. gr.

Ákvæðið er lagað eftir VII. gr. (6) Genfsáttmálans.

Um 3. gr.

Ákvæðið er lagað eftir VII. gr. (4) og (5) og X. gr. (3) Genfsáttmálans, en er eigi bundið við sáttmálaríkin. Af ákvæði 1. mgr. 3. gr. frv. leiðir það skilyrði uppboðssölu, að uppboðsbeiðandi fái greiðslu að einhverju eða öllu leyti af uppboðsandvirði. Veðhafar, sem framar uppboðsbeiðanda standa í veðstiga, geta eigi varnað því, að uppboðið fari fram, ef skilyrði eru til uppboðs.

Íslenzk loftför eru samkvæmt ákvæðinu sett á bekk með erlendum loftförum.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. frv. er í samræmi við VII. gr. (5) Genfsáttmálans.

Ákvæði 3. mgr. 3. gr. frv. er í samræmi við X. gr. (3) Genfsáttmálans og tekur yfir varahlutabirgðir, sem getur í 24. gr. og 27. gr. frv. um skráningu réttinda í loftförum.

Hér er lánardrottnum, sem eigi njóta veðréttar í varahlutabirgðum, veittur réttur til að hljóta af ⅓ uppboðsandvirðis að frádregnum kostnaði. Ákvæðið gerir ráð fyrir, að gert hafi verið fjárnám í varahlutabirgðunum öllum og þeim einum. Það er eigi takmarkað við lánardrottna, sem beðið hafa tjón á sjálfum sér eða fémunum sínum.

Sþ. 40. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um lagningu Vesturlandsvegar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að nota lántökuheimild í III. kafla vegáætlunar fyrir árin 1965—1968 vegna Vesturlandsvegar, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.

Greinargerð.

Vesturlandsvegur er annar af tveim fjölförnustu þjóðvegum landsins. Í vegáætlun er hann talinn frá Reykjavík við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, að sýslumörkum Borgarfjarðarsýslu í Hvalfjarðarbotni.

Öll umferð frá höfuðborginni til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, er um þennan veg. Auk þess er mestallt byggingarefni, möl og sandur, sem Reykjavík og nálæg sveitarfélög þarfnast, flutt eftir honum á stórum og þungum bifreiðum. Álagið á veginn er því allt of mikið, og ástand hans undanfarna votviðrisdaga hefur verið slíkt, að nær ómögulegt er að aka hann með skaplegum hætti.

Ákvörðun um sjálft vegarstæðið frá Reykjavík og í gegnum Mosfellssveit hefur nú verið tekin, og í vegáætlun þeirri fyrir árin 1965—1968, sem samþykkt var á síðasta þingi, eru ríkisstjórninni veittar eftirtaldar lántökuheimildir vegna lagningar vegarins:

Árið 1966	25.8	millj. kr.
— 1967	24.3	— —
— 1968	12.4	— —

Með flutningi þessar tillögu til þingsályktunar á að freista þess að kanna, hvort ekki sé þingmeirihluti fyrir hendi við tillöguna. Engan veginn verður talið, að endurbygging vegarins sé eingöngu sérmál þeirra, sem í Kjósarsýslu búa, því að umferðin frá höfuðborginni til nálega allra hluta landsins liggur um þennan veg, eins og fyrr er bent á.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um þjóðaratkvæðagreiðslu um samkomustað Alþingis.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta samtímis sveitarstjórnarkosningum árið 1966 fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um það, hvort stefna skuli að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum.

Greinargerð.

Alþingi Íslendinga var háð á Þingvöllum við Öxará frá 930 til 1798, að báðum árum meðtöldum, eða hátt á níunda hundrað ára. En þá, um aldamótin 1800, var „lögréttuhúsið rifið og burtu flutt, selt á uppboði 31. maí 1805 fyrir 35 ríkisdali“, svo segir í VII. bindi Íslendingasögu.

Á árunum 1799 og 1800 var þingið háð í Hólavallaskóla í Reykjavík, en þegar sól 19. aldar rann upp, var Alþingi „horfið á braut“ af Íslandi, eins og skáldið Jónas kvað.

Svo liðu 40 ár. Þá var það hinn 20. maí 1840, að Kristján konungur VIII gaf út að áeggjan íslenzkra manna tilskipan þess efnis, að hin svokallaða embættismannanefnd á Íslandi skyldi „ráðgast um á sumri komanda, hvort ekki muni vel til fallið að stofna ráðgjafarþing á Íslandi og láta þar eiga setu menn þá, er landsmenn hafa sjálfir til kjörið, svo marga, sem þurfa þykir, auk nokkurra þeirra manna, er mesta hafa þar sýslu fyrir vora hönd og vér munum sjálfir til nefna. Það mál skulu þeir íhuga, hvað oft menn skuli til þings koma. — — — Enn eiga þeir sér í lagi að því hyggja, hvort ekki sé réttast að nefna fulltrúaþingið Alþing og halda það á Þingvöllum, eins og Alþingi hið forna, og laga það eftir því svo mikið, sem verða má — — —“.

Í embættismannanefndinni áttu 10 embættismenn sæti, stiftamtmaður, sem var danskur, landfógeti, amtmenn tveir, biskup, dómstjóri landsyfirréttar, þrír sýslumenn og einn prófastur. Nefndin mælti árið 1841 með endurreisn Alþingis, en um þingstaðinn varð ekki samkomulag. Fimm nefndarmenn mæltu með Reykjavík. Aðrir fimm mæltu með því, að þingið kæmi saman í Reykjavík í fyrsta sinn og ákvæði síðan sjálft þingstaðinn. Síðari tillagan var samkomulagstillaga 5 nefndarmanna. En tveir þeirra voru því eindregið fylgjandi í nefndinni, að þingið yrði háð á hinum forna þingstað. Annar þessara tveggja var þjóðskáldið Bjarni Thorarensen, amtmaður á Möðruvöllum. Hinn var Jón Jónsson á Melum, sýslumaður Strandamanna.

Sú varð niðurstaðan, að hið endurreista Alþingi skyldi háð í Reykjavík, og kom það saman í fyrsta sinn árið 1845. En mjög voru skoðanir skiptar um þetta mál. Í greinargerð þeirra Bjarna Thorarensens og Jóns á Melum segir svo: „Þjóðin æskir þess, að Alþingið verði á Þingvöllum, og það er aðeins við fortölur orðið, að einstakir menn eru komnir á annað mál.“ Réttmæti þessara ummæla um þjóðarvilja á þeirri tíð staðfestir dr. Páll E. Ólason í ævisögu Jóns Sigurðssonar og kveðst þá styðjast við mikinn fjölda sendibréfa, er geymzt hafa. Nokkur áhrif kann það að hafa haft á úrslit, að tveir harðfylgnustu talsmenn Þingvalla, þeir Bjarni Thorarensen og Tómas Sæmundsson, féllu frá sama árið og embættismannafundurinn var haldinn, og var Tómas látinn fyrir fundinn. Til þess hefur oft verið vitnað, að Jón Sigurðsson hafi verið því fylgjandi, að þingið yrði háð í Reykjavík, og er það rétt. Greinar Tómasar og Jóns um málið birtust á prenti, og voru þeir ósammála. Eigi að síður komst Jón svo að orði í II. árg. Nýrra félagsrita:

„Ég hefði tekið það sem merki til þjóðaranda og þjóðarkjarks, ef alþýða hefði almennt tekið sig fram um að beiðast þess, að Alþingi væri sett á Þingvelli, og ekki horft í kostnað þann og ónæði, sem þar við hefði aukizt.“

Það virðist koma glöggt fram, hvers vegna Jón Sigurðsson vildi gera Reykjavík að þingstað. Hann taldi Íslendingum nauðsyn að eignast höfuðstað og vildi stuðla að því m. a. með því að láta þingið hafa aðsetur á þeim stað. „Til þvílíks staðar virðist mér Reykjavík allvel fallin,“ segir hann. Í Reykjavík voru þá ekki nema um 900 íbúar, og margir þeir, er þar máttu sín einhvers, voru útlendir menn. Til þess þurfti vissulega átak, að hún gæti orðið viðunandi höfuðstaður Íslendinga, svo fámenn sem hún þá var og fátækleg. Eins og nú er ástatt á Íslandi, munu margir telja, að þessi 120 ára gamla jákvæða röksemd Jóns Sigurðssonar sé úrelt orðin vegna byggðaþróunarinnar í landinu. Þá er hitt ekki síður úrelt orðið, sem um 1840 var fært fram gegn þinghaldi á Þingvöllum t. d., að það tæki 2 daga að fara fram og aftur milli Reykjavíkur og Þingvalla og að þingmenn yrðu að lifa á skrínukosti þar eystra.

Er líða tók að 1000 ára afmæli Alþingis (1930), kom í ljós, að áhugi á því að heyja þingið á Þingvöllum við Öxará var enn vakandi hér á landi. Ýmsir gerðust þá til að rita um málið í blöð eða tímarit. Einn af þáverandi þingmönnum höfuðstaðarins (Magnús Jónsson prófessor) skrifaði árið 1923:

„Það er nokkurs konar prófsteinn á þjóðina, hvenær hún er orðin fullvaxin

og veit, hver hún er, að þá flytur hún Alþingi á Þingvöll við Öxará. Annars staðar getur það ekki átt heima.“

Þá minntust menn þess einnig, að þjóðin hafði aldrei átt þess kost að ráða sjálf þingstað sínum og að álits hennar hafði ekki verið leitað. Og á Alþingi 1925 fluttu þrír þingmenn (Sveinn Ólafsson, Ásgeir Ásgeirsson og Benedikt Sveinsson) í neðri deild svo hljóðandi tillögu til þingsályktunar:

„Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu á sumri komanda, jafnhliða landskjörinu, um það, hvort samkomustaður Alþingis skuli vera á Þingvöllum við Öxará frá 1930. Skal við atkvæðagreiðsluna farið eftir nýjum kjörskrám til alþingiskosninga fyrir sérstök kjördæmi.“

Þessi tillaga var felld með litlum atkvæðamun. Með henni voru greidd í Nd. 12 atkvæði, en 14 á móti. Árið 1929 var svipuð tillaga aftur flutt í Nd., þá af 10 þingmönnum, og enn árið 1930, þá af 9 þingmönnum. Í þessi tvö skipti varð hún ekki útrædd. En árið 1929 bárust þinginu áskoranir frá mörgum ungmennafélögum og ungmannasamböndum um að láta þjóðaratkvæðagreiðsluna fara fram. Eftir alþingishátíðina féll málið niður um sinn.

Á það var bent í umræðum á Alþingi 1926—30, að oft, þegar mikils hefði þótt við þurfa í sjálfstæðisbaráttunni, hefðu þeir, er þar voru á oddi, túlkað hug þjóðarinnar til Þingvalla með því að boða þar — en ekki í höfuðstaðnum — til fulltrúafunda, er sóttir voru hvaðanæva af landinu. Nú eftir 35 ár mætti bæta því við, að árið 1944 þótti öllum það eitt hlýða, að yfirlýsingin um stofnun lýðveldisins væri birt á hinum forna þingstað.

Ásgeir Ásgeirsson sagði í umræðunum á Alþingi 1926:

„Þingvellir eru einstakur staður, og ég skil ekki þá þjóð, sem ekki vill nota sér þá fágætu eign til að halda erfikenningum í þingmálum og stjórnmálum betur vakandi en nú — — — það er sagan, sem heimtar, að Alþingi verði háð á Þingvöllum.“

Eins og kunnugt er, var það eitt af stefnumálum Fjölnismanna, að endurreisa skyldi Alþingi á Þingvöllum. Jónas Hallgrímsson mælti fyrir þessari stefnu í ljóði, sem ekki gleymist, meðan íslenzk tunga er töluð: „Ísland farsælda frón“. Vel færi á því, að komandi kynslóð auðnaðist að minnast tveggja alda afmælis „listaskáldsins góða“ í þinghöll framtíðarinnar við Öxará.

Hér er þó ekki farið fram á það, að Alþingi taki nú ákvörðun um flutning Alþingis til Þingvalla. Aðeins er hér lagt til, eins og fyrir 3—4 áratugum, að þjóðinni verði leyft að greiða atkvæði um stefnuna í þessu máli, láta í ljós álit sitt á lýðræðislegan hátt. Þótt ákveðið yrði að stefna að því, að Alþingi verði háð á Þingvöllum, má vissulega gera ráð fyrir, að á því geti orðið nokkur bið, því að þar er margs að gæta og það skal vel vanda, sem lengi á að standa. En einmitt nú stendur svo á, að ekki mun verða hjá því komizt að auka á einhvern hátt húsrými það, er þingið hefur til umráða. Þetta er hægt að gera á ýmsan hátt, til bráðabirgða eða til langrar frambúðar. Af þessari ástæðu meðal annars er nú fullkomlega tímabært að gera það upp við sig, hvort stefna skuli að því eða ekki, að þingið starfi á hinum forna helgistað sínum á komandi tímum. Og þetta mál er þess eðlis, að ekki fer vel á því, að þingmenn ráði því til lykta án þess að vita vilja þjóðarinnar — eða geri kostnaðarsamar ráðstafanir, sem kynnu að gera þjóðinni eða þjóðfulltrúum síðari tíma erfitt fyrir að framkvæma þá hugsjón, sem hér er um að ræða. Vel fer á því, að alþingismenn, sem telja skynsamlegt að flytja sumar ríkisstofnanir burt úr höfuðborginni, eins og nú er víða rætt erlendis, tjái sig sjálfir reiðubúna til að gefa fordæmi á sínu sviði.

Þegar litið er á hina öru þróun í samgöngumálum og annars staðar á sviði tækninnar, verður að teljast ákaflega ósennilegt, að það þurfi að hafa í för með sér meiri háttar erfiðleika eða kostnað fyrir þjóðfélagið eða fulltrúa þess og emb-

ættismenn á komandi tímum, að Alþingi starfi á Þingvöllum. Aðstaðan til þess er þegar gerbreytt og á eftir að breytast enn meir. En atburðir liðinna alda breytast ekki eða sú söguhelgi og sá þjóðernis-, sjálfstæðis- og menningarmáttur, sem við þá er tengt. Margt þarf þó íhugunar við í þessu sambandi, og gert er ráð fyrir, að rúmur tími verði til íhugunar og umræðu manna á meðal um þessi mál, áður en þjóðaratkvæðagreiðslan fer fram.

Þess skal að lokum getið, að stjórnskipuð nefnd, sem fjallaði um staðsetningu ríkisstofnana, gerði það að tillögu sinni haustið 1962, að þjóðaratkvæðagreiðsla sú, sem hér er um að ræða, yrði látin fara fram. En flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu áttu sæti í þessari nefnd og vilja nú beita sér fyrir því, að málið verði tekið til meðferðar á Alþingi, á þann hátt, sem hér er lagt til.

Eftir 9 ár eru ellefu aldir síðan fyrsti landnámsmaðurinn tók sér fastan bústað á Íslandi. Vel gæti farið á því, að þá flyttist Alþingi aftur á hinn fornhelga stað Þingvelli, ef þjóðin hefði með atkvæðagreiðslu sýnt meirihlutavilja fyrir því, að þar ætti Alþingi að starfa.

Ed. 42. Frumvarp til laga [41. mál]

um breyting á lögum nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. jan. til 1. okt. 1965 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Frá 1. okt. 1965 og til 31 des. 1966 skal þessi verðuppbót vera 75 aurar á hvert kíló, enda greiði fiskkaupendur fiskseljendum á sama tímabili 25 aura verðuppbót umfram gildandi fiskverð samkv. ákvörðunum verðlagsráðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fiskveiðar með línu hafa löngum verið mjög veigamikill þáttur í fiskveiðum þjóðarinnar, og þótt aðrar veiðiaðferðir hafi á síðari tímum þokað þeim nokkuð um set, er enn aflað mjög verulegs hluta af þeim bolfiski, sem færður er að landi, með þessu veiðitæki. Meginhluti af veiði einstakra fisktegunda, svo sem ýsu, verður enn aðeins fenginn með þessari aðferð. Tækniframfarir hafa litlar orðið í þessum veiðum og hvergi sambærilegar við þær, sem orðið hafa við ýmsar aðrar veiðar. Þær krefjast mikillar vinnu og eru á ýmsan hátt óaðgengilegri en aðrar veiðar, og nú orðið er aflavonin suma árstíma minni en ef veitt er með öðrum aðferðum, sem minna þarf til að kosta.

Því fer þó mjög fjarri, að tímabært sé að leggja þessa veiðiaðferð niður, og er raunar einnig ólíklegt, að hagkvæmt sé, þegar á allt er litið, að draga úr notkun hennar frá því, sem verið hefur. Ástæður fyrir því eru m. a. þessar:

1. Á allt að 5 mánaða tímabili árlega, frá október til febrúarloka, eru veiðar með línu nálega eina veiðiaðferðin, önnur en veiðar með botnvörpu, sem fært getur bolfiskafla að landi. Aðrar veiðiaðferðir, sem yfirgnæfandi eru notaðar á vetrarvertíð við Suður- og Suðvesturland, eru að miklu háðar því, að um þéttar fiskgöngur sé að ræða fyrir og um hrygningartímann, en duga miður eða ekki á öðrum tímum og við aðrar aðstæður.

2. Veiðar með línu og handfæri eru einu veiðarnar, sem að jafnaði henta verulegum hluta bátaflotans í flestum sjávarbyggðum landsins. Dragnót kemur þar að vísu til greina, en reynslan sannar, að ekki er fært að stunda þær veiðar með árangri nema mjög takmarkað. Rekstrarmöguleikar bátaflotans og fiskimiðin verða því ekki nýtt eðlilega, nema línu- og handfæraveiðar séu stundaðar, bæði þann árstíma, þegar slíkar veiðar henta einar, og einnig að hæfilegu leyti á vetrarvertíð.
3. Fjöldi frystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva í þrem landsfjórðungum á starfsemi sína og afkomu að langmestu leyti undir því komna, að línuveiðar séu stundaðar í engu minna mæli en verið hefur. En það eru einmitt þau atvinnutæki, sem hafa úrslitaþýðingu fyrir atvinnulíf í flestum sjávarbyggðum Vestfjarða og Norðurlands árið um kring og einnig Austfjarða, þegar síldveiðum lýkur.
4. Veiðar með línu hafa undanfarin ár gefið um og yfir 100 þús. tonn upp úr sjó, en það svarar til um helmings þess hráefnis, sem frystihúsin þarfnast til framleiðslu þeirra fiskflaka, sem flutt hafa verið út síðustu árin. Útflutningsverðmætið, sem línuveiðarnar hafa staðið undir, má því áætla 500—600 millj. kr. Ef stórlega drægi úr þessum veiðum eða þær legðust að mestu niður, má fullyrða, að það skarð, sem eftir yrði skilið í gjaldeyrisöfluninni, yrði ekki fyllt með annarri veiði, svo að nokkru verulegu næmi, af ástæðum, sem þegar eru greindar.

Að þessu athuguðu verður að álykta, að það væri hið mesta tjón jafnt fyrir þjóðarheildina sem þá, er eiga atvinnu og afkomu undir öruggum rekstri smáútgerðar og fiskvinnslu í sambandi við hana, ef sá samdráttur, sem þegar gerir vart við sig í fiskveiðum með línu, héldi hraðbyri áfram — en á því eru allar horfur, nema sérstakar ráðstafanir komi til af opinberri hálfu.

Með lögum nr. 34 1965 var viðurkennt, að fiskveiðar með línu væru rekstrarlega óhagstæðari en aðrar veiðar, að botnvörpuveiðum togara undanskildum, og að nauðsyn bæri til að styrkja þær af opinberu fé. Var sá styrkur þá ákveðinn kr. 0.25 á kg. Reynslan hefur nú sannað það, sem flestir, er til bátaútgerðar þekkja, sáu fyrir, að þessi viðurkenning var ófullnægjandi og fékk ekki hindrað stöðugt minnkandi athafnasemi við þessar veiðar og vaxandi erfiðleika hennar. En síðan lög þessi voru samþykkt, hefur tilkostnaður enn aukizt og gert þessar veiðar óhagstæðari en áður miðað við fiskverð. Má því enn búast við minnkandi línuveiðum á haustvertíð, og er líklegt, að þátttaka í þeim verði hverfandi á komandi vetrarvertíð.

Á hinn bóginn blasir það við, að þjóðarbúið, gjaldeyrisöflunin og ríkissjóður mega engan veginn við því, að þessi þáttur í fiskframleiðslunni hverfi eða minnki mjög verulega, og atvinnulíf Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða að nokkru má enn síður við slíkum búsifjum, sem leiða mundu af sér atvinnuleysi og margvíslega erfiðleika í sjávarbyggðunum.

Hér ber Alþingi og ríkisstjórn vafalaust að koma til skjalanna og gera tafarlausar ráðstafanir til hjálpar, — viðurkenna, að rekstrargrundvöllur smáútgerðarinnar, sem aðallega byggir á þeirri veiðiaðferð, sem hér um ræðir, er sízt betri en togaranna, en það hefur raunar lengi verið ljóst. Opinber aðstoð við togaraútgerðina svarar nú til u. þ. b. 1 krónu styrks á kg fisks upp úr sjó, og má ætla, að hliðstæð aðstoð við veiðar með línu yrði til verulegrar örvunar þeirri atvinnugrein. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að verðuppbót ríkissjóðs verði hækkuð í 75 aura á kíló með því skilyrði, að fiskkaupendur greiði á móti 25 aura á kíló til viðbótar hinu almenna fiskverði. Ætti það skilyrði að vera réttlætanlegt með hliðsjón af þeim hagnaði, sem fiskkaupendur nytu vegna tryggari hráefnisöflunar og betri nýtingar framleiðslutækja sinna en ella yrði.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um dreifingu framkvæmdavalds og eflingu á sjálfstjórn héraða.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Ragnar Arnalds, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd, sem hafi það verkefni að athuga, með hvaða hætti bezt verði unnið að dreifingu framkvæmdavalds til fleiri staða en nú er og til eflingar á sjálfstjórn í landsfjórðungunum eða öðrum stórum landssvæðum.

Nefndin athugi sérstaklega um möguleika á að flytja að meira eða minna leyti ýmsar ríkisstofnanir eða mikilvægar þjónustustofnanir frá höfuðborginni til staða úti á landi í þeim tilgangi að auðvelda afgreiðslu mála og skapa meira jafnvægi í landinu.

Þá verði einnig athugað gaumgæfilega um möguleika á að veita héraðsstjórnum rétt til fjármálalegrar yfirstjórnar og ráðstöfunar á tilteknum fjárveitingum, sem varða viðkomandi hérað eða umdæmi.

Tillögur nefndarinnar skulu við það miðast, að dregið verði úr því mikla miðstöðvarvaldi, sem orðið er í Reykjavík, og komið í veg fyrir áframhaldandi ofvöxt þess.

Nefndin skal skila tillögum sínum og álitsgerð til Alþingis fyrir 1. janúar 1967.

Allur kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga þessari var flutt á síðasta þingi af þremur þingmönnum Alþýðubandalagsins. Þannig greinargerð fylgdi tillögunni:

Mikið hefur verið rætt að undanförnu um jafnvægisleysið í byggð landsins. Allir virðast vera á þeirri skoðun, að hinn öri vöxtur höfuðborgarinnar og nágrannabyggða hennar á kostnað ýmissa byggðarlaga úti á landi sé ekki æskilegur. Ýmsar tillögur hafa verið uppi um það, hvað tiltækilegast væri að gera til þess að hamla gegn fólksflutningum úr vissum byggðarlögum.

Oftast hefur því verið haldið fram, að fólksflutningarnir utan af landi til höfuðborgarinnar og nágrennis hennar stöfuðu af ótryggri atvinnu, lægri launum eða verri lífskjörum úti á landi, en hér væru í þéttbýlinu við Faxaflóa. Mörg dæmi eru þó til, sem sýna á ótvíræðan hátt, að þessar ástæður eru ekki fyrir hendi, þar sem byggðin úti á landi á þó greinilega í vök að verjast fyrir aðdráttarafli höfuðborgarinnar.

Opinberar skýrslur sýna t. d., að atvinnutekjur verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna hafa verið hærri í nokkur undanfarin ár í ýmsum byggðarlögum úti á landi en í Reykjavík. Vöxtur þeirra byggðarlaga hefur þó ekki orðið teljandi á þessum árum og lítill í samanburði við nágrannabyggðir Reykjavíkur. Þó að á þessar staðreyndir sé bent, skal ekki úr því dregið á neinn hátt, að auðvitað hefur atvinnuöryggi og góð lífsafkoma úrslitaáhrif á þróun hvers byggðarlags. En fram hjá hinu má ekki líta, að ýmis önnur atriði en launakjörin og atvinnumöguleikar hafa einnig mikil áhrif á vaxtarskilyrði nútímabyggðar. Góðar samgöngur hafa mikil áhrif. Skilyrði til menntunar skipta líka máli. Og yfirleitt skiptir miklu máli aðstaðan til þess að lifa menningarlífi og til þess að geta komið áhugamálum sínum og hugðarefnum fram.

Aðstaðan í þessum efnum er í mörgum tilfellum mjög léleg úti á landi og allt önnur og verri en í Reykjavík og nágrannabyggðum hennar. Þróunin hefur orðið sú um nokkurra ára skeið, að í Reykjavík hefur setzt að svo að segja allt miðstöðvar- og framkvæmdavald landsins. Þar eru allir stjórnendur fræðslumála,

vegamála og hafnarmála. Þar er tryggingastofnun alls landsins. Þar eru lánveitingasjóðir alls landsins. Og þar eru miðstöðvar allra samgangna. Í Reykjavík er fjárveitingavaldið og allar framkvæmdastofnanir þess.

Samþjöppun þessa mikla valds í Reykjavík hefur í ýmsum tilfellum leitt til algerrar ofstjórnar, sem sárlega hefur hvílt á athafnasemi þess fólks, sem heima á úti á landi. Skýrt dæmi um slíka ofstjórn er sú skipan, sem nú er ráðandi í úthlutun og afgreiðslu íbúðarhúsalána, landbúnaðarlána og stofnlána sjávarútvegsins.

Nú er t. d. þannig um hnútana búið varðandi úthlutun og afgreiðslu íbúðarlána, að lánsumsækjandi, sem býr í smáþorpi austur á landi eða vestur á fjörðum, verður að senda vandútfyllta skýrslu um fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir sínar til stofnunar í Reykjavík. Sú stofnun þarf fyrst að samþykkja bygginguna, stærð, gerð og skipulag, áður en til lánveitingar getur komið. Þessi byggingarlánastofnun í Reykjavík getur síðan ákveðið, að Páll Pálsson á Raufarhöfn skuli fremur fá umbeðið lán en Jón Jónsson á Flateyri. Þegar byggingarlánastofnunin hefur ákveðið að veita umsækjanda íbúðarlán, verður hann enn á ný að senda margvísleg skjöl og skilríki og umboð til einhvers aðila í Reykjavík, til þess að þar sé hægt að ganga formlega frá láninu og greiða lánið út; annars staðar virðist ekki vera mögulegt að ganga formlega frá því.

Allt er þetta skipulag með þeim hætti, að líkast er því, að verið sé að hræða fólk úti á landi frá því að sækja um lán til íbúðarhúsabygginga.

Svipað fyrirkomulag þessu er einnig ríkjandi hjá stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, sem krefjast þess skilyrðislaust, að aðeins hér í Reykjavík sé formlega gengið frá öllum lánum þeirra sjóða.

Reglur sem þessar eru til orðnar í samræmi við hina ríku tilhneigingu til samþjöppunar valds í Reykjavík og til þess, að hér skuli öll stjórnun og öll framkvæmdastjórn vera. Hér er um ofstjórnun að ræða, sem veldur þeim, sem heima eiga fjarri Reykjavík, margvíslegum erfiðleikum. Oft leiðir skipulag eins og þetta til þess, að fólk úti á landi nýtur í framkvæmd minni réttar en þeir, sem auðveldast eiga með að sækja til framkvæmdavaldsins.

Full ástæða er til, að komið verði upp því lánveitingakerfi, sem geri það mögulegt, að íbúar í hverjum landsfjórðungi eða hverri sýslu geti í sínu heimahéraði gengið frá almennum lánum og fengið þau þar greidd út.

Vissulega kæmi til greina að haga veitingu íbúðarhúsalána þannig, að yfirstjórn húsnæðismálalána í Reykjavík veitti hverju sinni heildarlánveitingarfjárhæð í hvert lánaumdæmi (sem mættu vera nokkur í landinu) og síðan úthlutaði sérstök nefnd í hverju umdæmi lánunum þar á milli umsækjenda í umdæminu.

Nú er öll yfirstjórn vegagerðar ríkisins staðsett í Reykjavík. Í Reykjavík eru allar brýr, sem ráðgert er að byggja, teiknaðar, og hið sama er að segja um önnur mannvirki, sem vegagerðin sér um. Allir, sem ræða vilja við yfirvöldin um framkvæmdir í vegamálum, verða að leggja leið sína til Reykjavíkur. Auðvitað væri hægt að hafa undirbúnings- og framkvæmdaskrifstofur vegagerðarinnar á nokkrum stöðum á landinu. Hvers vegna ætti t. d. ekki að vera hægt að hafa sérstaka vegagerðarskrifstofu staðsetta á Norður- og Austurlandi fyrir þau verkefni, sem þessum landshlutum tilheyra? Þar ætti að teikna þær brýr, sem þar eiga að byggjast, og undirbúa á verkfræðilegan hátt þau verk, sem þar eiga að vinnast. Aðalskrifstofa vegamálastjóra gæti eftir sem áður verið í Reykjavík.

Hið sama er að segja um skipulag vitamálaskrifstofunnar. Hún gæti einnig verið í nokkrum deildum, tengd við hin ýmsu landssvæði.

Nú er öll yfirstjórn fræðslumála staðsett í Reykjavík. Margt sýnist mæla með því, að framkvæmdastjórn þeirra mála yrði skipt í landsfjórðungadeildir undir einni yfirstjórn úr höfuðborginni.

Þannig mætti nefna margar aðrar greinar framkvæmdavaldsins, sem nú hafa alla yfirstjórn í Reykjavík, en æskilegt og eðlilegt væri að deila niður í nokkur umdæmi.

Staðsetning menntastofnana getur haft mikið að segja um þróun byggðarinnar í landinu. Samþjöppun framhaldsskólanna í Reykjavík hefur verið allt of mikil og í mörgum tilfellum óeðlileg.

Þegar menntaskóla var komið á fót á Akureyri, var talsverð andstaða gegn því hjá ýmsum aðilum í Reykjavík. Sams konar andstaða gerði vart við sig, þegar menntaskóli var stofnaður að Laugarvatni. Þá var því beinlínis haldið fram, að menntaskóli í sveit hlyti að verða lélegur skóli. Nú er sótt um, að komið verði upp menntaskólum á Vestfjörðum og Austurlandi. Andstaða er gegn því, og enn hefur það mál ekki fengið stuðning ríkisvaldsins, þó að á sama tíma sé talið sjálfsagt að koma upp tveimur menntaskólum í Reykjavík til viðbótar þeim, sem fyrir eru.

Í tillögu þeirri, sem hér er flutt, er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna milliþinganefnd, sem taki til sérstakrar athugunar, með hvaða hætti mætti draga úr óeðlilegri samþjöppun valds í Reykjavík og með hvaða hætti yrði bezt unnið að dreifingu valds og framkvæmdastjórnar í ýmsum málefnum til staða úti á landi. Jafnframt er lagt til, að nefndin athugi, hvernig helzt megi efla sjálfstjórn héraða eða stærri umdæma úti á landi.

Meginverkefni nefndarinnar yrði að gera tillögur um leiðir til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvar- og framkvæmdavaldi í Reykjavík og til þess að snúa við þeirri þróun, að svo að segja allar meiri háttar þjónustustofnanir, opinber fyrirtæki, skólar og menningarstofnanir á vegum ríkisins séu staðsettar í höfuðborginni.

Tillaga þessi er á engan hátt flutt vegna fjandskapar við höfuðborgina. Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir því óhjákvæmilega forustuhlutverki, sem hún hlýtur að hafa, og því gildi, sem glæsileg höfuðborg getur haft fyrir landið allt. En ofvöxtur höfuðborgarinnar og of mikil samþjöppun valds þar er jafnhættuleg hér og í öðrum löndum, en sama vandamál og um er rætt í þessari tillögu er nú mjög á dagskrá í mörgum löndum.

Ed. 44. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Ásgeir Bjarnason, var fjarstaddur, er málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 25. okt. 1965.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Bjartmar Guðmundsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Alfreð Gíslason.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 45. Frumvarp til laga [43. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963.

Flm.: Alfreð Gíslason.

1. gr.

Aftan við staflið g í 49. gr. laganna kemur nýr stafliður, þannig:

h. Tannlækningar að ¾ hlutum, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, og skal setja um það nánari ákvæði í reglugerð.

Orðin „svo og greiðslu fyrir tannlækningar“ í síðustu málsgrein sömu greinar falla niður.

2. gr.

Fyrsti málsliður 51. gr. laganna orðast svo:

Leita skal staðfestingar Tryggingastofnunar ríkisins á samningum, sem sjúkrasamlög gera við lækna, tannlækna, lyfjabúðir og sjúkrahús um greiðslur til fullnægingar ákvæðum 49. gr.

Fyrsti málsliður 2. málsgr. 51. gr. orðast þannig:

Náist ekki samkomulag við lækna eða tannlækna, skal gerðardómur ákveða samningskjörin.

Í stað orðanna „samkvæmt 49. gr. b og c“ á tveim stöðum síðar í 51. gr. kemur: samkvæmt 49. gr. b, c og h.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967.

Greinargerð.

Í lagafrumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að tannlæknishjálp skuli vera meðal þeirra réttinda, sem sjúkrasamlagsmenn njóta. Ákvæði um þetta hefur áður verið lögfest hér, en kom aldrei til framkvæmda. Í lögum um almannatryggingar 1946 segir svo í 79. gr.: „Hlutverk lækningastöðva er að veita, hver í sínu umdæmi, almenna og sérfræðilega læknishjálp sjúklingum utan sjúkrahúsa, þar með taldar tannlækningar, svo og nuddlækningar og fæðingarhjálp.“ Síðar í sömu lögum (85. gr.) er ákveðið, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða kostnað við tannlækningar eingöngu vegna þeirra, sem eru innan 18 ára aldurs, og að þessi læknishjálp skuli ekki veitt umfram beina heilsufarslega nauðsyn.

Það var sem sagt horfið frá framkvæmd þessa lagaákvæðis, og í gildandi lögum um almannatryggingar finnst einungis marklítil heimild, sem er orðuð svo: „Í samþykktum samlaga er heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda, svo og greiðslu fyrir tannlækningar.“ Þessa heimild hafa sjúkrasamlög ekki notfært sér og litlar horfur á, að þau muni gera það.

Löggjöf um sjúkratryggingar er áfátt að verulegu leyti, ef í hana vantar skylduákvæði um tannlækningar, svo veigamikill þáttur er tannvernd og tannlæknishjálp í almennri heilsugæzlu nútímans. Um þetta verður vart deilt, enda hafa þær þjóðir, sem við fullkomnast tryggingakerfi búa, þegar fyrir löngu tekið tannlækningar inn í sjúkralöggjöf sína.

Fyrir 20 árum bentu tveir tryggingafróðir menn, þeir Jón Blöndal og Jóhann Sæmundsson, á nauðsyn þess, að tryggingarnar sæju hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp. Þetta er enn ekki orðið að veruleika hér, og er þó nauðsynin ekki minni en fyrir 20 árum og raunar hverjum manni auðsærri nú. Ástæðan til þessa seinlætis er að öllum líkindum fjárhagslegs eðlis eingöngu, og ef svo er, þá er afsökunin harla léttvæg, því að sannarlega verður heilsan aldrei virt til fjár.

Það er alkunna, að efnahagur ræður nokkuð um, hve fljótt menn leita tannlæknis. Fátækt fólk gengur lengur með tannskemmdir, án þess að leita læknis, en þeir, sem betur eru efnum búnir. Slíkt er ekki í anda almannatrygginga, og ber að leiðrétta það með viðeigandi ákvæðum í sjúkralöggjöf.

Samkvæmt frumvarpinu skulu sjúkrasamlög sjá hinum tryggðu fyrir tannlæknishjálp að ¾ kostnaðar. Undanskildar eru þó vissar aðgerðir, sem ekki teljast bein heilsufarsleg nauðsyn, svo sem tannfyllingar með gulli og fegrunaraðgerðir. Greiðslutaxti skal ákveðinn með samningum við stéttarsamtök tannlækna, og takist samningar ekki, skal með mál farið á sama hátt og um lækna væri að ræða. Rétt þykir, að Tryggingastofnuninni og sjúkrasamlögunum gefist tóm til undirbúnings þeirrar breytingar, sem af samþykkt frumvarpsins leiðir, og því er svo ákveðið, að lög um tannlæknishjálp öðlist ekki gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Sþ. 46. Fyrirspurn [44. mál]

til menntamálaráðherra um byggingu menntaskóla á Ísafirði.

Frá Sigurvin Einarssyni.

Hefur ríkisstjórnin ákveðið að fresta fyrst um sinn að hefja byggingu menntaskóla á Ísafirði?

Ed. 47. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallagerða.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. okt. 1965.

Ólafur Björnsson, form. — Jón Þorsteinsson, fundaskr. — Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.

Helgi Bergs. — Björn Jónsson. — Karl Kristjánsson.

Sv. Guðmundsson.

Nd. 48. Frumvarp til laga [45. mál]

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn 1. gr. varða sektum, 1000—2000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestum brúttó að stærð, en 20000—40000 kr., ef skipið er 200 til 600 rúmlestir brúttó að stærð, og 40000—70000 kr., ef skipið er yfir 600 rúmlestir brúttó að stærð. Skulu þá og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli

innanborðs, upptæk. Óheimilt skal að selja eða láta af hendi upptæk veiðarfæri fyrr en að minnsta kosti mánuður er liðinn frá uppkvaðningu dóms.

Brot gegn 2. gr. varða sektum, 200—1000 kr., ef um er að ræða skip allt að 200 rúmlestir brúttó að stærð, en 4000—20000, ef skipið er yfir 200 rúmlestir brúttó að stærð. Um upptekt afla og veiðarfæra fer sem um brot gegn 1. gr., ef um ítrekað brot er að ræða.

Nú er það ljóst af öllum atvikum, að skipið hefur hvorki verið að veiðum í landhelgi né undirbúningur gerður í því skyni, og má þá lúka málinu með áminningu, þegar um fyrsta brot er að ræða, en ef um ítrekað brot er að ræða, með sektum, 400—4000 kr.

Allar sektir samkvæmt grein þessari eru miðaðar við gullkrónur, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

Leggja má löghald á skipið og selja það, að undangengnu fjárnámi, til lúkningar sektum samkvæmt þessari grein og kostnaði.

Nú reynist ekki kleift að ná í skipstjóra þess skips, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum í landhelgi, eða hann neitar að mæta fyrir rétti, og er þá heimilt að stefna útgerðarfélagi skipsins, sem bera skal alla ábyrgð á brotinu.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 5 29. jan. 1951.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að gerðar verði þrjár breytingar á gildandi lögum um bann við botnvörpuveiðum í landhelgi:

Í fyrsta lagi er lagt til, að sektir fyrir landhelgisbrot verði hækkaðar verulega.

Í öðru lagi er lagt til, að bannað verði að láta af hendi eða selja upptæk veiðarfæri þeirra, sem sekir hafa gerzt um botnvörpuveiðar í landhelgi, fyrr en í fyrsta lagi einum mánuði eftir að sektardómur hefur verið kveðinn upp.

Í þriðja lagi er lagt til, að sett verði ótvírætt ákvæði í lögin um það, að náist ekki í sekan skipstjóra á veiðiskipi, sem tekið hefur verið að ólöglegum veiðum, sé heimilt að dæma útgerðarfyrirtæki skipsins og gera það á allan hátt ábyrgt fyrir landhelgisbrotinu.

Skal nú vikið nokkru nánar að hverri þessari breytingu um sig.

Ákvæði um sektir fyrir landhelgisbrot eru í lögum frá árinu 1951. Þau eru tvímælalaust orðin úrelt og ekki í samræmi við þær breytingar, sem orðið hafa á verðgildi fiskiskipa og verðmæti þess afla, sem skipin nú flytja á markað.

Þegar þær sektarupphæðir, sem nú eru í lögum, voru ákveðnar, voru flestir togarar, sem veiðar stunduðu hér við land, 300—500 rúmlesta skip. Nú er mikill hluti togaraflotans, sem hér stundar veiðar, 600—1000 rúmlesta skip og útbúin margfalt fullkomnari og dýrmætari fastatækjum til veiðanna en þá þekktust. Skip þau, sem aðallega leita til ólöglegra fiskveiða í íslenzkri landhelgi nú, eru því margfalt verðmeiri tæki en þau skip voru, sem hér stunduðu veiðar fyrir 12—15 árum og landhelgissektirnar þá voru miðaðar við. Svipað er að segja um verðmæti þess fiskafla, sem skipin nú hafa möguleika á að veiða.

Að vísu má segja, að sektir fyrir landhelgisbrot hafi hækkað allmikið á síðustu árum, þar sem sektirnar eru miðaðar við gullkrónur og hækka þannig í samræmi við breytt gengi krónunnar. En verðmæti aflans hefur hækkað um meira en sem nemur beinni verðbreytingu íslenzku krónunnar, og verðmæti skipanna hefur þó breytzt enn meir.

Nú eru algengustu landhelgissektir togara um 240—260 þús. kr., auk upptektar á afla og veiðarfærum. Sektarfjárhæð þessi er mjög lág, þegar þess er gætt, að verðmæti margra þeirra skipa, sem tekin eru að ólöglegum veiðum, er orðið 40—50 millj. kr., og þegar þess er gætt, að aflaverðmæti eins fiskitúrs er orðið 1.5—2 millj. kr.

Tökur brezkra togara að ólöglegum veiðum eru orðnar ótrúlega tíðar. Lítill vafi er þó á því, að eins margir togarar, sem verið hafa að ólöglegum veiðum, sleppa undan réttmætri refsingu landhelgisgæzlunnar eins og þeir, sem teknir eru. Landhelgisbrot erlendra togara eru því vafalítið orðin mjög algeng og valda þegar miklu tjóni á fiskimiðum bátanna. Sektarfjárhæðin er því tvímælalaust orðin of lág og refsingin sem heild orðin svo væg, að hún býður jafnvel upp á aukinn ágang veiðiþjófa.

Í gildandi lögum eru sektarákvæði miðuð við tvo stærðarflokka fiskiskipa, þ. e. a. s. skip undir 200 rúmlestum brúttó og skip yfir 200 rúmlestir brúttó. Í frumvarpi þessu er lagt til, að miðað verði við þrjá stærðarflokka: skip undir 200 rúmlestum, skip 200—600 rúmlestir að stærð brúttó og skip yfir 600 rúmlestir. Í frumvarpi þessu er lagt til, að sektir skipa 200—600 rúmlestir að stærð verði 20000—40000 gullkrónur, en fyrir skip yfir 600 rúmlestir að stærð verði sektir 40000—70000 gullkrónur. Hér er um verulega hækkun að ræða, þar sem í gildandi lögum er miðað við, að sektir skipa yfir 200 rúmlestir séu 10000—20000 gullkrónur. Samkvæmt frumvarpinu yrðu sektir togara, sem eru yfir 600 rúmlestir að stærð, miðað við núverandi gullgengi íslenzkrar krónu, 780—1365 þús. kr. Sektir togara, sem eru 200—600 rúmlestir að stærð, yrðu samkv. frumv. 390—780 þús. kr.


27. gr.

Fyrir skjöl, sem þinglýst eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, skal greiða ofanrituð gjöld í hverju lögsagnarumdæmi fyrir sig.

28. gr.

Fyrir þinglýsingu á skjali, þar sem ríkissjóði er sett veð fyrir innheimtu á tekjum hans, skal ekkert greiða. Eigi greiðist heldur gjald fyrir þinglýsingu úrskurða um sviptingu sjálfræðis eða fjárræðis, né fyrir aflýsingu slíkra úrskurða.

VII. KAFLI

Gjöld fyrir leyfisbréf, skírteini o. fl.

29.gr.

Leyfisgjald skal greiða sem hér segir:

1.	Áfrýjunarleyfi	kr.	400.00
2.	Nóvaleyfi	—	400.00
3.	Hjónavígslubréf (undanþága frá lýsingu)	—	200.00
4.	Önnur leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígsluskilyrðum	—	200.00
5.	Lögskilnaðarleyfi	—	400.00
6.	Ættleiðingarleyfi	—	200.00
7.	Leyfisbréf til heildsölu	—	20 000.00
8.	Leyfisbréf til umboðssölu	—	10 000.00
9.	Leyfisbréf til tilboðasöfnunar	—	4 000.00
10.	Leyfisbréf til smásölu	—	5 000.00
11.	Leyfisbréf til lausaverzlunar	—	4 000.00
12.	Leyfisbréf til gistihússhalds, veitinga o. fl., sjá lög nr. 53/1963, 22. gr.		
13.	Iðjuleyfi	—	2 000.00
14.	Einkaleyfi samkv. lögum nr. 12/1923:		
	fyrir fyrstu 5 ár	—	2 000.00
	fyrir næstu 5 ár	—	6 000.00
	fyrir síðustu 5 ár	—	12 000.00
15.	Einkaleyfi á skipsnafni samkv. lögum nr. 17/1948, sjá lög nr. 100/1961.		
16.	Leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti	—	6 000.00
17.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	—	600.00
18.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	—	600.00
19.	Leyfi til að stunda sérlækningar	—	2 000.00
20.	Önnur leyfisbréf, er valdsmenn eða stjórnarráðið gefa út, nema gjald fyrir þau sé ákveðið í sérstökum lögum eða reglugerðum	—	200.00

30. gr.

Skírteinagjöld skal greiða sem hér segir:

1.	Vegabréf til útlanda	kr.	200.00
2.	Ökuskírteini bifreiðarstjóra	—	100.00
3.	Ökuskírteini alþjóðlegt	—	200.00
4.	Bifreiðaskírteini alþjóðlegt	—	200.00
5.	Skírteini til aksturs bifhjóls	—	75.00
6.	Meistarabréf	—	1000.00
7.	Sveinsbréf	—	200.00
8.	Formannsskírteini (6—15 rúml.)	—	50.00
9.	Skipstjóraskírteini (allt að 30 rúml.)	—	100.00
10.	Skipstjóraskírteini á fiskiskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	—	600.00
11.	Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið minna (allt að 400 rúml.)	—	600.00
12.	Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	—	1000.00
13.	Skipstjóraskírteini á varðskipi hið minna (allt að 100 rúml.)	—	400.00
14.	Skipstjóraskírteini á varðskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	—	1000.00
15.	Stýrimannsskírteini á fiskiskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	—	300.00
16.	Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið minna (allt að 400 rúml.)	—	300.00
17.	Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið meira (af hvaða stærð sem er)	—	600.00
18.	Vélavarðarskírteini (mótorvél allt að 15 ha.)	—	50.00
19.	Vélstjóraskírteini (mótorvél allt að 50 ha.)	—	50.00
20.	Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 250 ha.)	—	100.00
21.	Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 600 ha.)	—	300.00
22.	Aðstoðarvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað)	—	300.00
23.	Undirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 1300 ha.)	—	500.00
24.	Undirvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað)	—	600.00
25.	Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 250 ha.)	—	400.00
26.	Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 600 ha.)	—	500.00
27.	Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél allt að 1300 ha.)	—	600.00
28.	Yfirvélstjóraskírteini (mótorvél, ótakmarkað)	—	800.00
29.	Aðstoðarvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað)	—	300.00
30.	Undirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 600 ha.)	—	300.00
31.	Undirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 1200 ha.)	—	500.00
32.	Undirvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað)	—	600.00
33.	Yfirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 600 ha.)	—	500.00
34.	Yfirvélstjóraskírteini (eimvél allt að 1200 ha.)	—	600.00
35.	Yfirvélstjóraskírteini (eimvél, ótakmarkað)	—	800.00
36.	Flugnemaskírteini	—	50.00
37.	Einkaflugmannsskírteini	—	200.00
38.	Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	—	300.00
39.	Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	—	400.00
40.	Flugstjóraskírteini	—	800.00
41.	Flugvélstjóraskírteini	—	600.00
42.	Flugleiðsögumannsskírteini	—	600.00
43.	Flugloftskeytamannsskírteini	—	600.00
44.	Flugumferðarstjóraskírteini	—	800.00

31. gr.

Af veitingabréfum fyrir embættum og sýslunum í þarfir ríkisins greiðist gjald, er ákveðst eftir launaflokkum kjarsamninga opinberra starfsmanna, þannig:

Embætti í I.—IV. flokki	kr.	400.00
Embætti í V.—XIII. flokki	—	600.00

Embætti í XIV.—XXIII. flokki	kr.	800.00
Embætti í XXIV.—XXVIII. flokki	—	1000.00

VIII. KAFLI
Gjöld fyrir skrásetningar.

32. gr.

Fyrir skrásetningar, sem lögboðnar eru og eigi ákveðið gjald fyrir í öðrum köflum þessara laga, skal greiða sem hér segir:

1.	Skrásetning hlutafélags	kr.	1500.00
2.	Skrásetning samvinnufélags	—	1500.00
3.	Skrásetning útibús	—	750.00
4.	Skrásetning starfsstöðva erlendra félaga	—	1000.00
5.	Skrásetning firma eins manns	—	600.00
6.	Skrásetning firma tveggja manna eða fleiri	—	1000.00
7.	Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu	—	200.00
8.	Tilkynning um prókúru — sérstök —	—	200.00
9.	Afturköllun prókúru	—	100.00
10.	Skrásetning vörumerkis	—	500.00
11.	Skrásetning vörumerkis, endurnýjun	—	200.00
12.	Skrásetning skipa, skírteinagjöld o. fl., sjá lög nr. 100/1961.		
13.	Skrásetning bifreiðar — nýskráning —	—	400.00
14.	Skrásetning bifreiðar — endurskráning —	—	200.00
15.	Skrásetning eigendaskipta að bifreið	—	200.00
16.	Skrásetning bifhjóls — nýskráning —	—	200.00
17.	Skrásetning bifhjóls — endurskráning —	—	100.00
18.	Skrásetning eigendaskipta að bifhjóli	—	200.00
19.	Skrásetning og umskráning reiðhjóls með hjálparvél	—	50.00
20.	Skrásetning dráttarvélar	—	100.00
21.	Skrásetning flugvélar — atvinnu —	—	1000.00
22.	Skrásetning flugvélar — einka —	—	400.00
23.	Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu flugvélar (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.)	—	400.00
24.	Skrásetning skotvopns	—	50.00

IX. KAFLI
Ýmis gjöld.

33. gr.

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki, er skipið á að fá hér á landi, skal greiða 6.00 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest, eða þar yfir, telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn, er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

34. gr.

Fyrir að afgreiða útlend fiskiskip, sem koma hingað eingöngu vegna fiskveiða, skal greiða 4.00 kr. af hverri nettósmálest skipsins á fyrstu höfn, er það tekur, þó eigi nema einu sinni á almanaksári. Hálf smálest, eða þar yfir, telst heil.

Ennfremur skal, í hvert sinn er slíkt fiskiskip tekur höfn hér á landi síðar á árinu, greiða áritunargjald kr. 0.50 af nettósmálest, auk tollgæzlu- og sóttvarnargjalds.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að áritunargjald samkv. síðustu málsgrein, skuli renna til hreppstjóra, ef hann afgreiðir skipið.

35. gr.

Fyrir löggildingu manns til starfs, sem veitt er samkv. heimild í lögum eða reglugerðum, skal greiða:

1. Löggilding manns um ævitíð (dómtúlkar, skjalaþýðendur, endurskoðendur o. fl.) ..... kr. 1000.00
2. Löggilding manns um óákveðinn tíma (skiptaforstjóra o. fl.) ... — 200.00

Undanþegnir gjaldi þessu eru mats- og vigtarmenn löggiltir í þágu atvinnuveganna.

36. gr.

1. Fyrir borgaralega hjónavígslu skal greiða ..... kr. 150.00
2. Fyrir löggildingu verzlunarbókar ..... — 200.00
3. Fyrir löggildingu leiðarbókar eða véladagbókar ..... — 100.00
4. Fyrir útnefningu matsmanna — fyrir hvern mann — ..... — 25.00
5. Fyrir vottorð, er einstakir menn æskja í þágu verzlunar eða atvinnu (vöruvottorð) ..... — 20.00
6. Fyrir sakavottorð gefin samkv. beiðni einstakra manna ..... — 35.00
7. Fyrir önnur embættisvottorð ..... — 30.00
8. Fyrir lögskráning skipshafnar — fyrir hvern mann — ..... — 4.00

37. gr.

Fyrir endurrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða folíósíðu ..... kr. 15.00

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru 30.00 kr.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrargjald, 4.00 kr. af hverri síðu.

X. KAFLI
Ýmis ákvæði.

38. gr.

Innheimtu gjalda samkv. lögum þessum hafa á hendi sýslumenn og bæjarfógetar og hliðstæðir embættismenn, svo og fjármálaráðuneytið.

39. gr.

Innheimtumanni ber, er hann afgreiðir skjal, sem gjald er fyrir að gefa út eða rita á, að rita hið greidda gjald á skjalið.

Gjald fyrir embættisgerð skal skrá í gerðabók, er gerð lýkur.

Ef gjald fyrir eða samkvæmt embættisgerð er eigi skráð í aukatekjubók samtímis og gerðin fer fram, skal innheimtumaður skrá í gerðabókina hvenær gjaldið er innfært í aukatekjubók.

40. gr.

Það varðar sektum eigi undir 500 kr. að gefa rangar skýrslur um þau atriði, er máli skipta við ákvörðun gjalds samkvæmt lögum þessum.

41. gr.

Fjármálaráðuneytið ákveður, hvort ríkissjóður skuli greiða gjald samkvæmt lögum þessum af gerðum og skjölum, er hann varða.

42. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem opinber mál.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:
Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr.. 40/1954.
Lög nr. 23/1964.
Lög nr. 4/1960 21. gr.
Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtalinna laga, að því er gjöld til ríkissjóðs snertir:
Lög nr. 52/1925, 13. gr.
Lög nr. 18/1927, 26. gr.
Lög nr. 12/1923, 7. gr.
Lög nr. 66/1946, 50. gr.
Lög nr. 77/1921, 60. gr.
Lög nr. 46/1937, 44. gr.
Lög nr. 42/1903, 36. gr.
Lög nr. 43/1903, 3. gr.
Lög nr. 33/1951, 13. gr.
Lög nr. 39/1921, 25. gr.
Lög nr. 89/1953, 4. gr.
Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 21. gr. laga nr. 4 frá 20. febrúar 1960, um efnahagsmál, eru ýmis gjöld samkvæmt lögum nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, innheimt með 50% viðauka nema gjöld samkvæmt 33. og 34. gr. laganna, sem innheimt eru með 100% viðauka. Nær viðauki þessi yfirleitt til fastákveðinna gjalda laganna, en ekki til „prósentu"gjalda þeirra, sem hækka með hækkandi verðlagi.

Með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á verðlagi og kaupgjaldi undanfarin ár og þarfa ríkissjóðs fyrir auknar tekjur, þykir nú nauðsynlegt að hækka ýmsa tekjuliði aukatekjulaganna einkum þá, sem eru fastákveðnir í lögunum en fylgja ekki breyttu verðlagi á hverjum tíma.

Slíka breytingu mætti gera með því að breyta 21. gr. laga nr. 4/1960, en hentugra þykir að fella lög nr. 40/1954, um aukatekjur ríkissjóðs, úr gildi og fá önnur í staðinn, og því er þetta frumvarp flutt.

Við samningu þessa frumvarps hefur það verið aðalreglan að tvöfalda þau föstu gjöld, sem í aukatekjulögunum greinir, en þau gjöld eru nú flest innheimt með 50% álagi samkvæmt 21. gr. laga nr. 4/1960, þ. e. að í slíkum tilfellum myndu þau gjöld hækka um ⅓ frá því, sem nú er. — Þó er vikið frá þessu í nokkrum tilfellum þar sem hækkun þykir eftir atvikum mega vera meiri, og verður vikið að því í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Lagt er til, að dómsmálagjöld fyrir héraðsdómi verði með 200% álagi, nema fyrirtekt máls með 150% álagi, en dómsmálagjöld fyrir Hæstarétti verði með 100% álagi.

Gjöld þessi eru nú innheimt með 50% álagi.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 3. gr.

Lagt er til, að grunngjald sé hækkað úr kr. 60.00 í kr. 120.00, þ. e. gjald fyrir hverja slíka gerð myndi hækka um kr. 60.00.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru nú ekki innheimt með álagi.

Um 4. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru skv. frv. með 200% álagi, en eru nú innheimt með 50% álagi, þ. e. gjöldin myndu hækka úr kr. 150.00 í kr. 300.00

Um 5.—8. gr.

Þarfnast ekki skýringa. (Samhljóða sömu gr. í L. 40/1954.)

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa. (Samhljóða sömu gr. í L. 40/1954.)

Um 12. gr.

Lagt er til, að álagið verði 100%, en er nú 50%. Gjald fyrir innköllun myndi því hækka úr kr. 75.00 í kr. 100.00.

Um 13.—14. gr.

Þarfnast ekki skýringa. (Samhljóða sömu gr. í L. 40/1954.)

Um 15. gr.

Álagið verður 300%, en er nú 50%. Gjald fyrir uppboðsauglýsingu myndi því hækka úr kr. 37.50 í kr. 100.00.

Um 16. gr.

Álagið verður 200%, en er nú 50%. Gjald fyrir árangurslaust uppboð myndi því hækka úr kr. 150.00 í kr. 300.00.

Um 17. gr.

Lagt er til, að álagið verði 200%, en er nú 50%. Gjaldið myndi því hækka úr kr. 150.00 í kr. 300.00.

Um 18. gr.

Álagið verði 100%, en er nú 50%. Gjald fyrir útgáfu afsalsbréfs myndi því hækka úr kr. 150.00 í kr. 200.00.

Um 19. gr.

Lagt er til, að álagið verði 100%, en er nú 50%. Gjald fyrir undirboðsþing myndi því hækka úr kr. 150.00 i kr. 200.00.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa. (Samhljóða sömu gr. í L. 40/1954.)

Um 21. gr.

Grunngjald fyrir víxilafsagnir er hækkað með frv. úr kr. 30.00 í kr. 60.00.

Gjald samkvæmt grein þessari er nú ekki innheimt með álagi.

Um 22. gr.

Álagið verði 100%, en álag á notarialstaðfestingu á arfleiðsluskrám verður 200%. — Samkvæmt 2. tölulið 22. gr. aukatekjulaganna er ákveðið sama gjald fyrir notarialvottorð á arfleiðsluskrá eins og á samninga, umboðsskjöl og aðra slíka

gerninga. — Yfirleitt þarf að leggja miklu meiri vinnu við að staðfesta undirskrift á arfleiðsluskrá, sem þar að auki er oft færð inn í notarialbókina, heldur en að staðfesta undirskrift á umræddum skjölum, og þykir því rétt, að hækka meira gjaldið fyrir staðfestingu á undirskrift arfleiðsluskráa.

Gjöld samkvæmt grein þessari eru nú innheimt með 50% álagi.

Um 23. gr.

Grunngjald samkvæmt 2. mgr. greinarinnar er hækkað úr kr. 50.00 í kr. 100.00. Er þetta gert til samræmis við gjöld samkvæmt 24. gr., því að óeðlilegt væri, að þinglýsingargjald skjala, sem féllu undir 2. mgr. 23. gr., gæti í vissum tilfellum orðið hið sama og þinglýsingargjald skjala, sem falla undir 24. gr. (Umboð, veðleyfi, veðbandsleysingar o. þ. h.).

Gjald samkvæmt 3. mgr. hækkar úr kr. 100.00 í kr. 200.00.

Gjald samkv. 3. mgr. hækkar úr kr. 100.00 í kr. 200.00.

Gjöld samkvæmt grein þessari eru nú ekki innheimt með álagi.

Um 24.—25. gr.

Álagið verður 100%, en er nú 50%. — Gjöldin myndu því hækka úr kr. 37.50 í kr. 50.00, en þinglýsing við Hæstarétt úr kr. 75.00 í kr. 100.00.

Um 26. gr.

Orðalagi 26. gr. laga nr. 40/1954 er breytt, því að auk vottorða um fasteignir eru a. m.k. gefin veðbókarvottorð fyrir skip, flugvélar og bifreiðir.

Veðbókarvottorð um ýmsar fasteignir eru, a. m. k. í Reykjavík, að verða mjög vinnufrek, og þykir því rétt að leggja til, að veðbókarvottorð kosti kr. 50.00, en þau kosta nú með 50% álagi kr. 22.50.

Um 27.—28. gr.

Þarfnast ekki skýringa. (Samhljóða sömu gr. í L. 40/1954.)

Um 29. gr.

Álag á gjöld samkvæmt þessari gr. verður 100%, en gjöld þessi eru nú innheimt með 50% álagi. Þó er lagt til að smásöluleyfi hækki úr kr. 3000.00 í kr. 5000.00 og að hjónavígslubréf hækki úr kr. 75.00 í kr. 200.00.

Í 29. gr. laga nr. 40/1954 voru ákvæði um gjöld fyrir leyfi til gistihúsahalds og veitinga, en ákvæði um gjöld þessi eru nú í 22. gr. laga nr. 53/1963 um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., og þykir rétt að láta þau ákvæði haldast.

Í sömu grein var og ákvæði um gjald fyrir einkaleyfi á skipsnafni. — Ákvæði þetta var fellt niður með lögum nr. 100/1961. Er gjaldið því nú ákveðið með þeim lögum og rgj. nr. 22/1964. Ekki þykir ástæða til að víkja frá þessari skipan.

Um 30. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru nú innheimt með 50% álagi, en hér er lagt til, að þau verði með 100% álagi. Þó er lagt til, að gjald fyrir einkaflugmannsskírteini hækki úr kr. 75.00 í kr. 200.00, og gjald fyrir flugstjóraskírteini hækki úr kr. 450.00 í kr. 800.00.

Í greinina er tekinn nýr liður: leyfi til aksturs bifhjóls kr. 75.00, en slíkt leyfi kostar nú kr. 50.00, sbr. rgj. nr. 57 frá 12. apríl 1960, 52. gr.

Um 31. gr.

31. gr. laga nr. 40/1954 var breytt með lögum nr. 23/1964, og var það nauðsynlegt vegna fjölgunar launaflokka í sambandi við kjarasamninga opinberra starfsmanna. Rétt þykir að fella lög þessi úr gildi, en taka efni þeirra upp í aukatekjulögin.

Með því að lagt er til, að á fastagjöld aukatekjulaganna komi yfirleitt 100% álag í stað 50% álags, en gjöld samkvæmt umræddum lögum nr. 23/1964 virðast hafa verið ákveðin þannig, að umrædd gjöld af skipunarbréfum hækkuðu um 50% eins og önnur gjöld samkvæmt VII. kafla laga nr. 40/1954, hefur þótt rétt til samræmis við önnur gjöld frumvarpsins að hækka gjöldin um ⅓ frá því sem nú er, þ. e. að gjald af skipunarbréfum hækki þannig: Í I.—IV. flokki úr kr. 300.00 í kr. 400.00, í V.—XIII. flokki úr kr. 450.00 í kr. 600.00, í XIV.—XXIII. flokki úr kr. 600.00 í kr. 800.00 og í XXIV.—XXVIII. úr kr. 750.00 í kr. 1000.00.

Um 32. gr.

Gjöld samkvæmt 1.—11. lið þessarar greinar eru nú innheimt með 50% álagi, en þau gjöld eru varðandi skrásetningu hlutafélaga, samvinnufélaga, firma og vörumerkja. Lagt er til, að hækkun á gjöldum þessum svari til 100% álags en þó til 300% álags fyrir skrásetningu hlutafélaga, samvinnufélaga og útibúa með tilliti til þeirrar vinnu, sem fylgir skrásetningu þeirra.

Í 32. gr. laga nr. 40/1954 voru ákvæði um gjöld fyrir skrásetningu skipa, nafnbreytingu o. fl. Um þetta efni gilda nú lög nr. 100/1961 og rgj. nr. 22/1964, og þykir ekki ástæða til að víkja frá þeirri skipan.

Gjöld fyrir skrásetningu bifreiða, flugvéla, dráttarvéla og skotvopna eru nú ekki innheimt með álagi.

Sömu gjöld eru nú tekin fyrir skrásetningu á bifreiðum og bifhjólum. Gjöld fyrir skrásetningu bifhjóla eru óbreytt samkvæmt frumvarpi þessu. Hins vegar er lagt til, að gjald fyrir nýskráningu á bifreið hækki úr kr. 200.00 í kr. 400.00, gjald fyrir umskráningu bifreiðar hækki úr kr. 100.00 í kr. 200.00, en að gjald fyrir skrásetningu á eigendaskiptum að bifreið verði óbreytt, kr. 200.00 Er þetta gert til þess, að kostnaður við skrásetningu á eigendaskiptum að bifreið geti ekki talizt til afsökunar fyrir því, að eigendaskipti að bifreið séu ekki tilkynnt þegar í stað.

Lagt er til, að gjald fyrir skrásetningu dráttarvélar hækki úr kr. 25.00 í kr. 100.00.

Í greinina er bætt nýjum lið, gjaldi fyrir skrásetningu og umskráningu reiðhjóls með hjálparvél kr. 50.00, og er það sama og ákveðið var með rgj. nr. 82/1955.

Lagt er til, að gjöld fyrir skrásetningu flugvéla tvöfaldist. Að vísu má segja, að gjöld þessi séu tiltölulega lág, en með því að eignarheimild fyrir flugvél þarf að þinglýsa, þykir ekki rétt að leggja til að skrásetningargjöld þeirra hækki meira en sem nemi 100%.

Lagt er til, að gjald fyrir skrásetningu skotvopns hækki úr kr. 25.00 í kr. 50.00.

Um 33.—34. gr.

Gjöld samkvæmt þessum greinum eru nú innheimt með 100% álagi, og verður óbreytt samkvæmt frumvarpinu.

Um 35. gr.

Gjöld samkvæmt þessari gr. eru nú innheimt með 50% álagi, en lagt er til í frumvarpi þessu, að gjöldin hækki þannig að álagið verði 100%.

Um 36. gr.

Gjöld samkvæmt þessari grein eru nú innheimt með 50% álagi. Lagt er þó til, að gjald fyrir borgaralega hjónavígslu hækki úr kr. 75.00 í kr. 150.00, gjald fyrir útnefningu matsmanna hækki úr kr. 15.00 í kr. 25.00 fyrir hvern mann, sakavottorð hækki úr kr. 22.50 í kr. 35.00, en að önnur gjöld samkvæmt greininni hækki hlutfallslega minna, þ. e. að gjald fyrir löggildingu verzlunarbókar hækki úr kr. 150.00 í kr. 200.00, gjald fyrir löggildingu leiðarbókar og véladagbókar hækki úr

kr. 75.00 í kr. 100.00, vöruvottorð hækki úr kr. 15.00 í kr. 20.00, og lögskráning sjómanna hækki úr kr. 3.00 í kr. 4.00 fyrir hvern mann.

Þá er tekinn upp í greinina nýr liður, að fyrir önnur embættisvottorð (þ. e. fyrir önnur vottorð en vöruvottorð, sakavottorð og að sjálfsögðu veðbókarvottorð), skuli greiða kr. 30.00. — Fyrir slík vottorð hafa verið greiddar kr. 15.00.

Um 37. gr.

Gjöld samkvæmt þessari gr. eru nú innheimt með 50% álagi. Samkvæmt því eru nú ritlaun fyrir vélritaða fólíósíðu kr. 7.50, en brot úr síðu telst heil síða og lægstu ritlaun ákveðin kr. 15.00. — Þetta gjald verður nú orðið að teljast óeðlilega lágt. Samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, mega lögmenn taka sérstaklega fyrir vélritun allt að kr. 30.00 fyrir hverja síðu, og mun það vera svipað gjald og vélritunarstofurnar í Reykjavík taka nú fyrir vélritun.

Er því lagt til, að gjald fyrir vélritun hækki úr kr. 7.50 í kr. 15.00 fyrir hverja síðu og brot úr síðu, en að lægstu ritlaun verði kr. 30.00, og að samlestursgjald hækki úr kr. 3.00 í kr. 4.00 fyrir hverja síðu.

Um 38.—42. gr.

Greinar þessar eru samhljóða tilsvarandi greinum í lögum nr. 40/1954 og þykja ekki þurfa skýringa við.

Lög nr. 40/1954 um aukatekjur ríkissjóðs hafa nú verið í gildi frá 1. maí 1954, og er því komin löng reynsla í framkvæmd þeirra. Þar eð frumvarp þetta hefur svo til engin nýmæli að geyma, heldur aðeins breytingar á ýmsum gjöldum aukatekjulaganna, þykir ekki ástæða til frekari greinargerðar í þessu sambandi.

Sþ. 55. Fyrirspurnir [52. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um rannsóknarskip í þágu sjávarútvegsins.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Hafa verið gerðir samningar um smíði rannsóknarskips í þágu sjávarútvegsins?
2. Hve mikið fé er fyrir hendi til smíði skipsins?
3. Hvað er talið að vel búið rannsóknarskip kosti nú?

II. Til dómsmálaráðherra um endurskoðun laga um hlutafélög.

Frá Jónasi G. Rafnar.

Hvað líður endurskoðun laga um hlutafélög?

III. Til menntamálaráðherra um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl.

Frá Þórarni Þórarinssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma ályktun Alþingis frá 29. maí 1957 um sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns o. fl.?

Ed. **56. Frumvarp til laga** [53. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bannað er að kveikja í sinu og brenna sinu innan kaupstaða eða kauptúna eða í þéttbýli, er til kauptúna má jafna. Þó getur lögreglustjóri eða hreppstjóri veitt leyfi til sinubrennslu á tilteknu svæði innan nefndra staða, ef sérstakar ástæður liggja til, enda hafi slökkviliði staðarins þá verið gert viðvart með þeim fyrirvara, er yfirvaldið ákveður.

2. gr.

Í sveitum er ábúendum einstakra jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða heimilt að brenna sinu á jörðum sínum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

a. að takmörk svæðis þess, er brenna skal, séu fyrir fram ákveðin,
b. að eigi séu á því svæði mannvirki, trjágróður eða önnur ræktun, er eldur getur grandað, eða nær brunasvæðinu en í 200 metra fjarlægð frá yztu mörkum þess,
c. að jarðvegur sé eigi svo þurr, að hætta sé á, að hann spillist af eldinum,
d. að eigendum eða umráðamönnum landsvæða og mannvirkja, sem liggja nær yztu mörkum lands þess, er brenna skal, en 1000 metra, hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða sinubrennu a. m. k. 6 klst. áður en hún skal hefjast,
e. að sá, er brennu framkvæmir, hafi nægan mannafla og tæki til þess að ráða við eldinn, eða hafi áður gert fullnægjandi ráðstafanir með jarðrásum eða á annan hátt, til þess að halda sinueldinum innan þeirra marka, sem honum eru í upphafi sett, sbr. a.-lið.

3. gr.

Skylt er hverjum þeim, er sinubrennu framkvæmir, að sjá um, að stöðug gát sé höfð á sinueldinum og útbreiðslu hans.

4. gr.

Leita skal leyfis hreppstjóra, áður en sinubrenna er framkvæmd. Skal hreppstjóri gæta þess, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 2. gr. getur, og má hann eigi leyfa brennuna, nema svo sé. Hreppstjóri getur og um stundarsakir synjað um leyfi til sinubrennu, ef hann vegna veðurs eða annarra mikilvægra ástæðna telur sérstaka hættu samfara framkvæmd fyrirhugaðrar brennu.

5. gr.

Hvarvetna skal óheimilt að brenna lyng- eða kjarrgróður, nema taka eigi land til ræktunar eða sérstakrar beitarræktunar, enda brjóti brennsla slíks gróðurs eigi í bág við ákvæði II. kafla laga nr. 3/1955, um skógrækt.

6. gr.

Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí ár hvert. Þó má veita leyfi til brennslu sinu og gróðurs þess, sem í 5. gr. getur, til 15. maí á svæðinu norðan Ísafjarðardjúps og norðan heiða allt austur að Fjarðarheiði og Breiðdalsheiði, ef veðrátta hamlar því, að mati hreppstjóra, að brenna sé framkvæmd fyrr, enda mæli sérstakar ástæður eigi gegn því.

7. gr.

Skylt er öllum þeim, sem ferðast um eða dvelja á jörðum eða lendum einstakra aðilja, almenningum, afréttum, þjóðgörðum eða öðrum þess konar friðuð-

um eða friðlýstum svæðum, að fara varlega með eld. Er óheimilt að gera eld á nefndum svæðum, nema tryggilega sé um hann búið í eldstæði eða hann kveiktur á þess konar jarðvegi, að ekki sé hætta á því, að hann breiðist út. Skal öllum skylt að gæta þess vandlega, að eldur sé að fullu kulnaður, áður en eldstæði er yfirgefið.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim, er þess verður var, að eldur er laus á þeim svæðum, er í 7. gr. getur, að tilkynna það umráðamanni lands eða því yfirvaldi, sem auðveldast er að ná til.

9. gr.

Ef tjón hlýzt á eign annars manns af völdum sinubruna, fer um bótaábyrgð eftir almenum reglum.

Sama gildir um bótaábyrgð þeirra, sem með gálausri meðferð elds verða valdir að tjóni á svæðum þeim, er í 7. gr. getur.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum kr. 200.00—20 000.00, er renni í ríkissjóð.

11. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði 29. kap. Llb. Jónsbókar um elds ábyrgð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðuneytisins. Nefndin hefur rætt það lauslega á nefndarfundi, sem ekki var fullskipaður, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til þess. Svofelld greinargerð fylgdi frumv. frá ráðuneytinu:

Það mun vera forn siður hér á landi að brenna að vorlagi sinu, mosa og jafnvel lyng, í því skyni að létta komandi gróðri leið sína og gera beit betri og notadrýgri. Sér þessa merki í fornum lögum. Er gert ráð fyrir því í Grágás, að þeir, sem sinu brenna á jörðum sínum, fái samþykki nágranna sinna, og enn eru í gildi forn ákvæði Jónsbókar, að sá bæti skaða þann allan, er öðrum mönnum verður af sinubrennu hans, ef hann hefur eigi fengið leyfi eða samþykki þeirra, er næstir búa.

Enn tíðkast sinubrennur töluvert hérlendis, og munu að líkindum hafa farið heldur vaxandi hin síðari ár.

Sökum aukins þéttbýlis, fjölbreyttari ræktunar, margs konar mannvirkjagerðar og sumarbústaða á svæðum, sem áður voru eingöngu beitilönd, er vaxandi hætta á því, að sinueldar geti valdið tjóni. Eru þess og dæmi nú á síðari árum, að svo hefur farið, því stundum hefur það komið fyrir, að eldur frá sinubrennum hefur hlaupið í skógarteiga, skaddað girðingar og raflínur og önnur mannvirki.

Í kauptúnum og þéttbýli kaupstaða kveður mikið að því, að unglingar kveiki eld í sinu, og eru dæmi þess, að kviknað hefur í húsum af þeim sökum.

Enn er þess að geta, að iðulega hafa orðið stórbrunar í mosaþembum og gróðri í almenningum og friðuðum svæðum vegna ógætilegrar meðferðar elds af hálfu vegfarenda, en hætta á slíku vex nú árlega vegna vaxandi fólksfjölda og eðlilegrar og óhjákvæmilegrar umferðar fjölmargra kaupstaðarbúa, sem ferðast um lönd og lendur í sumarleyfum sínum og frístundum.

Réttmætt er að gera ráð fyrir því, að hverjum meðalmanni sé ljós sú hætta, sem af eldi getur stafað. Dæmin sýna þó, að út af getur brugðið, og hefur því þótt rétt að taka til íhugunar, hvort eigi gæti orðið til bóta að setja í lög ákvæði um meðferð elds á víðavangi til aðhalds og eftirbreytni og til að auðvelda í þessum efnum nauðsynlegt eftirlit af hálfu yfirvalda. Er frv. það, er hér liggur fyrir, árangur slíkrar athugunar.

Að því er sinubrennur varðar, hefur verið leitazt við að kanna, hvort gagnsemi þeirra væri svo mikil, að ástæða væri yfirleitt til að leyfa þær. Niðurstaða þeirrar könnunar, og er þá byggt á áliti sérfróðra manna um gróður og ræktun, er, að þær séu í mörgum tilfellum heppilegar og til gagns, ef þær eru framkvæmdar á réttum tíma. Er bæði talið, að þær geti komið að gagni við ræktun lands og einnig aukið notagildi lands til beitar. Þar sem mikill grasvöxtur er, en land lítið eða ekki nýtt á því ári, sem hann fellur til. Telja sérfræðingar, að lítil hætta sé á uppblæstri eða eyðingu jarðvegs, ef þess er gætt, að hann sé ekki orðinn of þurr, þegar sinan er brennd. Þá er það samhljóða álit þeirra, sem til þekkja, að eigi sé vandkvæðum bundið að halda sinueldi í skefjum, ef nægilegrar aðgæzlu er gætt. Getur þar margt orðið til varnar, svo sem framræsluskurðir, plógstrengjarásir, viðbúnaður um tæki til að stöðva útbreiðslu eldsins, og sitthvað fleira, svo sem hæfilegt tillit til vindáttar og styrkleika vinds, þegar brennsla fer fram.

Af hálfu fuglafræðinga og dýraverndunarmanna hefur komið fram rökstudd gagnrýni á því, að sinubrennur séu framkvæmdar, eftir að eggtíð mófugla hefst, og hafa þeir lagt áherzlu á það, að þær væru eigi leyfðar eftir 1. maí. Ólík veðrátta sunnanlands og norðan veldur því hins vegar, að í sumum árum a. m. k. verður sinubrennum eigi komið við norðanlands fyrr en eftir 1. maí.

Við samningu frv. þessa hefur niðurstaðan því orðið sú, að rétt sé að leyfa almennt sinubrennur á jörðum og öðrum lendum í dreifbýlinu, en þær skorður settar við framkvæmd þeirra, að gætt sé ákveðinna skilyrða. Hefur verið talið réttast, að það félli í hlut hreppstjóra að gæta þess, að fylgt sé settum reglum, og sinubrennur háðar leyfi þeirra. Að því er tímamörkin á vorin snertir, hefur sú leið verið valin, að veita meira svigrúm á norðan- og austanverðu landinu og leyfa brennur þar til 15. maí, ef hreppstjóri telur ekki sérstakar ástæður mæla gegn því.

Um sinubrennur í þéttbýli gegnir hins vegar öðru máli. Þar er tæplega til að dreifa neinum þeim hagsmunum, að þörf sé á að leyfa þær almennt þar. Hins vegar er alkunn hin mikla árátta unglinga til að kveikja eld. Stafar oft af henni mikil hætta á trjárækt og jafnvel byggingum, einkum í útjöðrum bæja og kauptúna. Gerir frv. því ráð fyrir, að sinubrennur séu algerlega bannaðar á þeim stöðum með þeirri undantekningu þó, að lögreglustjóri geti í einstaka tilvikum veitt sérstakt leyfi, ef gildar ástæður liggja til, svo sem vegna ræktunar á löndum kaupstaðar eða kauptúns.

Þá hefur einnig þótt rétt að taka með í frv. ákvæði um meðferð elds í almenningum, afréttum og þjóðgörðum vegna þeirrar eldhættu, sem reynslan hefur sýnt, að stafað getur af vaxandi umferð manna um slík svæði.

Loks eru tekin í frv. ákvæði um bótaskyldu vegna tjóns, sem hlýzt af sinubrennslu og gálausri meðferð elds.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Vegna eldhættu þeirrar, sem stafar af tíðum íkveikjum barna og unglinga í bæjum og kaupstöðum, og til að auðvelda aðhald í þeim efnum eru slíkar íkveikjur bannaðar með öllu. Venjulegar sinubrennur á sömu stöðum eru og í flestum tilfellum algerlega óþarfar. Rétt þykir, að sömu reglur gildi um þéttbýli, sem jafna má til kauptúna, enda er hætta af eldi hin sama þar. Gert er þó ráð fyrir því, að fá megi sérstakt leyfi lögreglustjóra eða hreppstjóra til sinubrennu og meta þeir þá, hvort gild ástæða sé til að veita slíkt leyfi. Er sérstaklega við það miðað, að heppilegt

þyki að brenna tiltekið svæði, sem legið hefur ónotað, en taka skal til ræktunar. Eigi er gert ráð fyrir sérstöku leyfi slökkviliðsstjórnar, en tilkynna skal henni fyrirhugaða brennu.

Um 2. gr.

Hér eru talin upp þau skilyrði, sem sá umráðamaður lands, er ætlar að framkvæma sinubrennu, verður að fullnægja. Eigi er krafizt samþykkis nágranna, en það lagt á vald þess yfirvalds, sem hlut á að máli, að meta, hvort settum skilyrðum sé fullnægt, t. d. um útbúnað til þess að halda sinubrennu í skefjum, en útvegun slíkra tækja, svo sem stálkústa, er nú auðveld. Við mat þess, hvort fullnægjandi skilyrði séu fyrir hendi, koma að sjálfsögðu náttúrlegar hindranir, svo sem gróðurlaus svæði, ár og lækir, til álita.

Um 3. gr.

Grein þessi kveður á um sérstaka eftirlitsskyldu þess, er sinubrennu framkvæmir.

Um 4. gr.

Eðlilegast þykir, að hreppstjórar veiti leyfi til sinubrennu og hafi eftirlit með því, að þær séu framkvæmdar samkvæmt settum reglum. Er hreppstjóra og í grein þessari veitt vald til þess að synja um leyfi til brennu um stundarsakir, ef hann telur rika ástæðu til þess og ætla má, að sérstök hætta geti, eins og á stendur, verið samfara brennu. Er úrskurður hreppstjóra í þessum efnum endanlegur úrskurður.

Um 5. gr.

Eigi er gert ráð fyrir, að fyrirmæli 5. gr. taki til fjalldrapagróðurs í mýrum, en því aðeins er brennsla lyngs eða kjarrgróðurs heimil, að taka eigi land það, sem brennt er, til ræktunar og að ræktun sé hafin innan þess tíma er 6. gr. laga nr. 3/1955 um skógrækt ákveður.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar miða að því, að eigi sé með sinubrennum spillt varpi mófugla eða jarðvegur í hættu settur, ef klaki fer snemma úr jörðu, en tíðarfar með þeim hætti, að jarðvegur hafi þornað svo, að hann geti brunnið. Vegna mismunar á veðráttu norðanlands og sunnan er miðað við, að brennur séu leyfðar til 15. maí norðanlands. Þó getur hreppstjóri stytt þann tíma, ef tíðarfar er með þeim hætti norðan heiða, að ástæðulaust sé að draga framkvæmd sinubrennu fram yfir 1. maí, enda er við þann dag miðað sem aðalreglu. Með hliðsjón af þessu valdi hreppstjóra þykir eigi ástæða til að skilgreina nánar en gert er svæði þau, þar sem sinubrennur mega fara fram eftir 1. maí.

Um 7. gr.

Greinin setur reglur um meðferð elds almennt á svæðum þeim, sem upp eru talin.

Um 8. gr.

Miklu varðar, þegar eldur er laus í gróðri, að hafizt sé sem fyrst handa um að hefta útbreiðslu hans. Er í því skyni með grein þessari lögð sérstök skylda á vegfarendur um að gera viðvart, ef þeir verða elds varir, og mundi vanræksla í því efni geta varðað refsingu samkvæmt 10. gr.

Um 9. gr.

Hér er kveðið á um bótaskyldu þeirra, sem með sinubrennu eða annarri meðferð elds á víðavangi valda tjóni á eignum annarra.

Um 10. gr.

Grein þessi kveður á um refsingar fyrir brot á ákvæðum laganna.

Nd. 57. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og fengið á sinn fund dr. Finn Guðmundsson, sem veitti margvíslegar upplýsingar um málið.

Flestar þær breytingar, sem frv. gerir á gildandi lögum, virðast sjálfsagðar. Rýmkað er verulega á hömlum á baráttu gegn grágæs, sem valdið hefur bændum vaxandi tjóni. Veiði svartfugls á snörufleka er bönnuð. Veiðitíma fugla er breytt hvað nokkrar tegundir snertir, en reglur gerðar einfaldari en áður.

Þá er gert ráð fyrir breyttum baráttuaðferðum gegn svartbak og lagt til, að lög um eyðingu hans verði úr gildi felld, en reglugerðir samkvæmt þessum lögum komi í staðinn. Færa vísindamenn fram sannfærandi rök fyrir því, að svartbak verði ekki eytt með skotum, og telja þeir opinberu fé illa varið til verðlauna á því sviði. Hins vegar sé hægt að beita öðrum ráðum, sem lýst er í greinargerð frumvarpsins.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem hún gerir tillögu um á öðru þingskjali.

Alþingi, 2. nóv. 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Axel Jónsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, með fyrirvara.
Einar Olgeirsson.	Björn Fr. Björnsson.	Sigurvin Einarsson, með fyrirvara.
	Óskar E. Levy, með fyrirvara.	

Nd. 58. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Í stað orðanna „Náttúrugripasafns Íslands“ komi: Náttúrufræðistofnunar Íslands.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.
3. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt skal að trufla erni, fálka, snæuglu eða haftyrðla á varpstöðvum þeirra, og mynda- eða kvikmyndataka við hreiður þeirra skal óheimil nema með leyfi ráðuneytisins, að fenginni umsögn fuglafriðunarnefndar.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [54. mál]

um aðgerðir til þess að auka vatnsrennsli í Tungulæk í Landbroti.

Flm.: Ragnar Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta svo fljótt sem unnt er framkvæma fullnaðarrannsókn og gera kostnaðaráætlun varðandi aðgerðir til aukningar vatnsrennslis í Tungulæk í Landbroti á grundvelli þeirra frumrannsókna, sem fyrir liggja.

Greinargerð.

Á árunum 1946—48 var reist myndarleg rafstöð við Tungulæk í Landbroti. Framleiddi stöð þessi nóg rafmagn fyrir 5—6 heimili og átti að geta verið framtíðarmannvirki. En nokkrum árum eftir að stöðin var reist fór að bera á vatnsskorti í læknum til mikilla óþæginda fyrir fólkið, sem fær rafmagn frá umræddri stöð. Vatnsskorturinn í læknum mun að mestu leyti stafa af því, að Skaftá hefur hin síðari ár fallið meira vestur með Skaftártungu í Eldvatnið en áður var.

Árið 1957 framkvæmdi Jón Jónsson jarðfræðingur rannsókn á vatnsskortinum í Tungulæk skv. ósk raforkumálastjóra og lagði fram tillögur til aukningar vatnsins. Tókst að auka vatnsrennslið í læknum um skeið með tiltölulega litlum kostnaði. En nú hefur aftur sótt í sama horf. Kveður svo mjög að vatnsskortinum, að rafstöðin er næstum óvirk tímunum saman.

Á s. l. sumri framkvæmdi Jón Jónsson jarðfræðingur á ný rannsóknir á þessu vandamáli á vegum raforkumálaskrifstofunnar. Hefur hann skilað áliti og lagt fram ákveðnar tillögur til úrbóta. Er það á grundvelli þeirra, sem þingsályktunartillagan er flutt.

Nd. 60. Frumvarp til laga [55. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

95. gr. vegalaga, nr. 71/1963, orðist svo:

Heimilt er að ákveða í vegáætlun, að greiða skuli sérstakt umferðargjald af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem fara um tiltekna vegi og brýr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð frá 18. okt. 1965, um innheimtu umferðargjalds af bifreiðum og öðrum ökutækjum, sem aka um Reykjanesbraut.

Greinargerð.

Með 95. gr. vegalaga var ráðherra veitt ótakmörkuð heimild til þess að leggja sérstakt umferðargjald á umferðina á tilteknum vegum og brúm. Með reglugerð frá 18. okt. s. l. var heimild þessi notuð gagnvart Reykjanesbraut. Umferðargjaldið þar er að flestra dómi mjög hátt, og engan veginn er tryggt, að notkun heimildarinnar verði ekki þannig, að misrétti valdi milli notenda dýrra vega, er byggðir kunna að verða fyrir lánsfé. Auk þess veitir heimildin ráðherra óeðlilega mikið vald. Þykir

því eðlilegt, að valdið til skattaálagningar þessarar sem annarra verði í verkahring Alþingis, sem væntanlega mundi þá ákveða þær meginreglur, sem fara bæri eftir við álagningu þess.

Ed. 61. Tillaga til þingsályktunar [56. mál]

um setningu húsaleigulaga.

Flm.: Alfreð Gíslason.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Húsnæðismálastjórn að undirbúa frumvarp til húsaleigulaga og að leggja slíkt frumvarp fyrir Alþingi það, er nú situr.

Greinargerð.

Lög nr. 30 4. febr. 1952, um hámark húsaleigu o. fl., eru fyrir löngu orðin úrelt og afnám þeirra því hin mesta nauðsyn. Um það munu allir vera á einu máli, en hitt getur frekar orðið deiluefni, hvað koma skuli í staðinn. Á að setja ný húsaleigulög, og hver eiga þá ákvæði þeirra að vera, eða skulu ekki höfð í landinu nein lög um leigu íbúðarhúsnæðis?

Fyrir þinginu liggur nú stjórnarfrumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðismálastofnun ríkisins. Í 6. gr. þess er ákveðið, að lög um hámark húsaleigu o. fl. falli úr gildi, um leið og frumvarpið verður að lögum. Afnám laganna er þar ákveðið og ekki ráðgert, að ný lög komi í staðinn. Leiga íbúðarhúsnæðis skal vera frjáls og óbundin af öðru en lögmáli framboðs og eftirspurnar. Þessi er þá stefna ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar í húsnæðismálum, ef marka má áðurnefnt frumvarp.

Þetta sjónarmið stjórnarinnar er að sjálfsögðu gleðiefni eigendum leiguhúsnæðis, en leigjendum verður það ekki að sama skapi hagstætt. Framboð á leiguhúsnæði er lítið, eftirspurn mikil, og því meiri sem hún er, því hærri er húsaleigan. Sú regla gildir miskunnarlaust, ef ekki eru lög um leiguhámark eða ekki önnur lög en þau, sem eru úrelt og óframkvæmanleg.

Sanngjörn og raunhæf ákvæði þarf að setja í húsaleigulög til þess að reisa skorður við leiguokri í skjóli íbúðaskortsins. Það er í þágu þeirra mörgu, sem neyðast til að búa í leiguhúsnæði. Þeir eru flestir efnalitlir og þarfnast því verndar þjóðfélagsins. Afnám hinna úreltu húsaleigulaga, sem enginn ætlast til að virt séu, er nauðsyn, en jafnbrýnt er, að ný lög komi í þeirra stað. Það tvennt á að haldast í hendur.

Fyrir einu ári — hinn 19. nóv. 1964 — gerði borgarstjórn Reykjavíkur einróma svofellda samþykkt:

„Borgarstjórn telur rétt að beita sér fyrir því, að sett verði ný lög um leigu íbúðarhúsnæðis, og felur borgarráði að fylgja málinu eftir við Alþingi og ríkisstjórn. Borgarstjórn leggur jafnframt áherzlu á nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja framkvæmd slíkrar lagasetningar".

Er það til of mikils mælzt, að þingmenn Reykjavíkur a. m. k. styðji tillögu, sem fer í sömu átt og þessi samþykkt borgarstjórnarinnar?

Ed. 62. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 3. gr. 2. efnismálsgrein orðast svo:
   Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru skv. 3. mgr. 3. gr. laga þessara, og eiga rétt á láni, sem nemur ⅘ hlutum af verðmæti íbúðanna, og skal þá telja gatnagerðargjald með verðmæti þeirra.
3. Við 6. gr. Síðari málsliður orðast þannig:
   Lög nr. 30 4. febr. 1952, um hámark húsaleigu o. fl., falli úr gildi jafnskjótt og ný húsaleigulög hafa verið sett.

Ed. 63. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumv. og ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. nóv. 1965.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Geir Hallgrímsson, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.

Bjartmar Guðmundsson.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans.

Flm.: Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að dráttarvextir í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans verði lækkaðir úr 1% á mánuði í ¾% á mánuði, eða sem svarar í 9% á ári.

Greinargerð.

Árið 1960 voru vextir af víxlum hækkaðir um 4%, en vextir af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs um 2½%. Vextir af víxlum hafa verið lækkaðir úr 12% í 9%, en vextir af stofnlánum til landbúnaðar og sjávarútvegs hafa ekki verið lækkaðir. Dráttarvextir af stofnlánum hafa einnig haldizt óbreyttir og eru nú 1% á mánuði. Lítil vanskil eru við stofnlánadeild Búnaðarbankans, og þar hafa dráttarvextir verið innheimtir með nokkurri vægð. Við fiskveiðasjóð hefur hins vegar verið

mikill dráttur á greiðslum, og þar er ríkt eftir því gengið, að dráttarvextir séu greiddir að fullu, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum. Vafalaust er tilgangurinn með háum dráttarvöxtum að ýta á eftir lánþegum með skilsemi. Flestir eru þannig gerðir, að þeir reyna að greiða umsamdar skuldir, ef þeir geta. Bankastjórar vita oftast um, hvort getuleysi veldur vanskilum eða hirðuleysi er um að kenna. Valdi vanræksla vanskilum, er þeim í sjálfsvald sett að ganga að veðinu og þurfa ekki á háum dráttarvöxtum að halda til þess að knýja lánþega til að inna greiðslur af hendi. Valdi getuleysi vanskilum, gera óhóflegir dráttarvextir aðstöðu lánþegans erfiðari, draga úr kjarki og valda vonleysi, sem er það lakasta bæði fyrir lánþega og lánardrottin.

Bændur og útgerðarmenn greiða árlega ríflegar fjárhæðir í stofnlánasjóði landbúnaðar og sjávarútvegs. Sanngjarnt er því, að hófs sé gætt í vöxtum af stofnlánum til þeirra. Þeir, sem eru fjárhagslega vel stæðir, greiða umsamda vexti og afborganir í flestum eða öllum tilfellum, þá skiptir það engu, hve háir dráttarvextir eru. Án efa eru útvegsmenn mishæfir til að stjórna atvinnufyrirtækjum, en aðstaða þeirra er einnig mjög misjöfn og breytileg. Með háum dráttarvöxtum er í flestum tilfellum níðzt á þeim, sem lakasta aðstöðu hafa. Alþingi og ríkisstjórn ber því að hlutast til um, að því verði breytt, því að þar er um óviturlegan og ómannlegan verknað að ræða.

Ed. 65. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 1. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi þetta frv. á aðeins tveim fundum, og tókst ekki fullt samkomulag um afgreiðslu þess. Mælir meiri hluti hennar með samþykkt þess eins og það liggur fyrir, en minni hlutinn æskir á því nokkurra breytinga.

Í athugasemdum við frv. er staðhæft, að það sé í samræmi við yfirlýsingu, sem ríkisstjórnin gaf á s.l. sumri að loknum samningum verkalýðsfélaganna um kjaramál. Þetta er ekki alls kostar rétt. Í einu atriði a. m. k. er vikið efnislega frá því, sem segir í yfirlýsingunni, og er það láglaunafólki verkalýðsfélaganna heldur í óhag. Auk þess finnast í frv. tvö veigamikil ákvæði, sem ekki eru í yfirlýsingunni og skipta launafólk við sjávarsíðuna miklu máli. Skal nú nánari grein gerð fyrir þessum frávikum.

Handahóf í skattlagningu. Í júní-samkomulaginu 1964 var Byggingarsjóði ríkisins heitið 40 millj. kr. árlegu stofnframlagi og skyldi þess aflað „með framlagi úr ríkissjóði, álagningu nýs skatts á fasteignir eða með öðrum hætti“. Niðurstaðan varð sú, að nýr skattur á vissar fasteignir var lögfestur á Alþingi í maí s.l. Samkvæmt þeim lögum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Þessi nýja sköttun tekur þó ekki til bújarða í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum.

Í 2. gr. frumvarps þess, sem hér liggur fyrir, er ákveðið, að eignarskatt í þéttbýlinu skuli eftirleiðis miða við fasteignamat sexfaldað. Um þessa breytingu finnst ekki stafur í fyrrnefndri stjórnaryfirlýsingu. Hún kemur eins og skollinn úr sauðarleggnum og er afsökuð með því, að þreföldunin gefi sennilega ekki af sér nema tæpan helming þess, sem áætlað var fyrir hálfu ári.

Það er ekki ætlunin hér að mótmæla hækkun eignarskatts almennt, en eins og í frv. er að farið, er vissulega sitthvað við hana að athuga.

Í fyrsta lagi virðist rennt blint í sjóinn hvað þörf þessarar skatthækkunar snertir. Engir útreikningar liggja fyrir. Í maí er þreföldun fasteignamats talin nægileg, en sexföldun álitin óumflýjanleg í október. Hvernig þetta er reiknað, fékk nefndin enga vitneskju um. Víst er þó, að ef tæpur helmingur þeirra 40 millj. kr.,

sem afla þarf, fæst með fasteignamati þeföldu, þá gefur sexföldunin af sér miklu meira en 40 millj. Hækkunin getur því reynzt langt um þarfir fram.

Í öðru lagi krefst skattlagning sem þessi endurskoðunar laga um tekjuskatt og eignarskatt. Samkvæmt þeim lögum skulu fasteignir metnar eftir gildandi fasteignamati. Þetta er grundvöllur, sem reglur um útreikning eignarskatts eru síðan reistar á. Raskist þessi grundvöllur, t. d. við margföldun fasteignamatsins, riða reglurnar til falls. Þess vegna er endurskoðun eignarskattslaganna óhjákvæmileg, ef miða á skattinn við það stórhækkaða fasteignamat, sem nú er áformað. Ef reglum um álagningu verður í engu breytt, hlýtur það að koma óþægilega við suma þá skattborgara, sem hækkunin bitnar á.

Loks er sú spurning ekki út í hött, hvort sanngjarnt sé að afla 40 millj. kr. stofnframlagsins einvörðungu með þeim hætti, sem fyrirhugaður er í frv., úr því að þeföldunin frá í vor hrekkur ekki til. Fjarstæða er það ekki, að nokkur hluti þessa fjár komi sem beint framlag úr ríkissjóði, enda hálft í hvoru ráð fyrir því gert í júní-samkomulaginu 1964.

Heimild og skylda sitt hvort. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sagt, að 200 íbúðir skuli árlega næstu ár „ætlaðar til sölu til láglaunafólks í verkalýðsfélögum", og skal það launafólk „eiga kost á allt að 80% láni út á verðmæti íbúðanna að meðtöldu gatnagerðargjaldi". Í frv., 2. mgr. 3. gr., er húsnæðismálastjórn hins vegar aðeins heimilað að veita lán með þessum kjörum. Rétti þessara íbúðakaupenda er þannig varpað fyrir borð og í staðinn sett vald húsnæðismálastofnunar til ákvörðunar. Þetta misræmi milli stjórnaryfirlýsingar og frv. þarf að leiðrétta.

Afnám húsaleigulaga. Í 6. gr. er svo kveðið á, að lög um hámark húsaleigu falli úr gildi, um leið og frv. verður að lögum. Þetta væri góðra gjalda vert, ef skrefið væri stigið til fulls og ný húsaleigulög sett í staðinn. En svo er ekki. Gömlu lögin, sem heita má að enginn fari eftir, skulu afnumin, án þess að ný taki við. Hér er skakkt að farið. Setning nýrra húsaleigulaga er brýn nauðsyn, og hitt leiðir af sjálfu sér, að samtímis falla gömlu og úreltu lögin úr gildi.

Í samræmi við það, sem nú hefur verið sagt, leggur 1. minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar til:

1) að 2. gr. frv. falli niður, í trausti þess, að skattlagningin, sem þar er ákveðin, verði endurskoðuð og samræmd ákvæðum laga um eignarskatt;
2) að í stað orðalagsins: „heimilt að veita meðlimum verkalýðsfélaga lán" í 2. mgr. 3. gr. komi efnislega það, að þessir aðilar skuli eiga rétt á láni o. s. frv.; og
3) að 6. gr. breytist á þann veg, að lög um hámark húsaleigu o. fl. falli úr gildi jafnskjótt og ný húsaleigulög hafi verið sett.

Auk þessara breytingartillagna, sem er að finna á þskj. 62, flytur 1. minni hluti nefndarinnar á þskj. 61 tillögu til þingsályktunar um setningu húsaleigulaga. Í henni felst áskorun um undirbúning frumvarps til húsaleigulaga og þar lögð áherzla á, að frumvarpið verði lagt fyrir þing nú í vetur. Setning nýrra laga samtímis afnámi hinna gömlu er rökrétt málsmeðferð. Afnámið eitt, eins og ráðgert er í frv., vekur þá grunsemd, að framvegis eigi ekki að gilda nein lagaákvæði um leigu íbúðarhúsnæðis, enda kunnugt um tilhneigingu í þá átt innan stjórnarherbúðanna.

Alþingi, 6. nóv. 1965.

Alfreð Gíslason.

Nd. 66. Frumvarp til laga [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þótt eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur þetta frv. að beiðni samgöngumálaráðuneytisins, og fylgdi því af þess hálfu svo hljóðandi greinargerð:

„H.f. Hvalur hefur farið þess á leit að fá að flytja inn hvalveiðiskip eldra en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959. Kveðst félagið eiga kost á að kaupa nú slíkt skip í Noregi, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en nauðsynlegt sé að endurnýja hvalveiðiskipaflotann, og enn fremur, að þar sem hið umrædda skip sé eldra en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngra skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til, að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 35. gr. fyrrnefndra laga, nr. 50 31. júlí 1959, um eftirlit með skipum."

Einnig fylgdi bréf ráðuneytisins umsögn skipaskoðunarstjóra, sem prentuð er hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

SKIPASKOÐUNARSTJÓRINN

Reykjavík, 27. október 1965.

Til mín hefur leitað Loftur Bjarnason útgerðarmaður, Hafnarfirði, og óskað umsagnar minnar varðandi hvalveiðaskipið „TIGER" (LANF), sem Hvalur h/f., Miðsandi, hyggst kaupa.

„TIGER" er smíðaður árið 1952 í Langesund, Noregi. Er hann í flokki Det Norske Veritas + IAI. Hann er búinn 1900 IHK compound gufuvél og katli frá Forter Wheeler Corp. og er 631 brml. að stærð.

Í septembermánuði 1964 fór fram tólf ára flokkunarviðgerð á skipi, vél og katli. Nú útheimtir aldur skipsins, að um innflutning þess verði gerð sérstök lög, en af hálfu skipaskoðunar ríkisins er ekkert því til fyrirstöðu, að skipið verði keypt til landsins, verði fyrrnefnd lög gerð, enda verði öryggisbúnaður þess allur samkvæmt íslenzkum reglum.

Páll Ragnarsson,
f. h. skipaskoðunarstjóra.

Til sjávarútvegsmálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 67. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Óskari E. Levy, Guðlaugi Gíslasyni og Sigurvin Einarssyni.

1. Við 25. gr. Niður falli úr fyrsta málslið greinarinnar orðin „og sömuleiðis skal óheimilt að greiða verðlaun fyrir eyðingu þeirra".
2. Við 44. gr. Niður falli málsgr. „Lög nr. 50/1965, um eyðingu svartbaks".

Sþ. **68. Fyrirspurnir.** [59. mál]

I. Til viðskiptamálaráðherra um setningu reglna um tilboð í verk samkvæmt útboðum.

Frá Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, Sveini Guðmundssyni og Jónasi G. Rafnar.

Hvað líður störfum nefndar, sem viðskiptamálaráðherra skipaði 18. desember 1959 til að athuga þann hátt, sem á er um tilboð í verk samkvæmt útboðum, og gera tillögur um leiðir til úrbóta með það fyrir augum, að reglur verði settar um þau mál?

II. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd áætlana um sjálfvirkt símakerfi.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Hvenær fá eftirtaldir staðir sjálfvirkar símstöðvar og þar með símaþjónustu allan sólarhringinn: Ísafjörður, Brú, Borðeyri, Hólmavík, Bolungarvík, Hnífsdalur, Súðavík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bíldudalur, Innri-Tunga og Patreksfjörður?
2. Hvað líður að öðru leyti framkvæmd áætlunar póst- og símamálastjórnarinnar um sjálfvirkt símakerfi?

III. Til samgöngumálaráðherra um sérleyfissjóð og umferðarmiðstöð.

Frá Inga R. Helgasyni.

1. Hversu mikið fé hefur innheimzt í sérleyfisgjöldum og hópferðagjöldum, frá því að sú innheimta byrjaði til 1. október 1965?
2. Á hvern veg hefur því fé verið varið, sem spurt var um í fyrstu fyrirspurn?
3. Hvenær var byrjað að byggja umferðarmiðstöðina í Reykjavík?
4. Hversu mikið fé hefur Reykjavíkurborg lagt af mörkum til byggingar umferðarmiðstöðvarinnar?
5. Hver var byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar orðinn 1. okt. 1965:
   a) í heild;
   b) miðað við rúmmetra?
6. Hvað er áætlað að kostnaðurinn verði mikill við þær framkvæmdir, sem ólokið er við byggingu umferðarmiðstöðvarinnar, og hvenær má búast við því, að hún verði fullfrágengin?
7. Hverjum hefur verið veitt aðstaða til rekstrar hótels og verzlunar í umferðarmiðstöðinni?
8. Hver verður aðstaða sérleyfishafa í umferðarmiðstöðinni, og hvað þurfa þeir að greiða fyrir þá aðstöðu á mánuði?
9. Má búast við því, að byggingarkostnaður umferðarmiðstöðvarinnar leiði til fargjaldahækkunar á sérleyfisleiðum?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um framkvæmd laga um fávitahæli.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Hefur eftirlitsnefnd fávitahæla verið skipuð, sbr. 6. gr. laganna, og ef svo er, hverjir eiga sæti í henni nú?
2. Hafa með sérstakri reglugerð verið sett ákvæði um skýrslusöfnun, aðgreiningu og eftirlit, svo sem fyrir er mælt í 8. gr. laganna?

V. Til menntamálaráðherra um sjónvarpsmál.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hvenær er gert ráð fyrir, að íslenzkt sjónvarp, sem undirbúið hefur verið á vegum Ríkisútvarpsins, taki til starfa?
2. Hvenær er áætlað, að íslenzkt sjónvarpskerfi verði komið í það horf, að sjónvarpssendingar geti náð til allra landsbúa?
3. Hvaða áætlanir liggja nú fyrir um stofnkostnað og rekstrarkostnað íslenzks sjónvarps?
4. Hefur ríkisstjórnin látið semja frumvarp til laga um íslenzkt sjónvarp?
5. Hefur ríkisstjórnin, með hliðsjón af tilkomu íslenzks sjónvarps, endurskoðað afstöðu sína til sjónvarpsrekstrar varnarliðsins svonefnda, í því skyni að banna þann rekstur eða takmarka útsendingar Keflavíkursjónvarpsins við herstöðina eina?

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um 18 ára kosningaaldur.

Flm.: Benedikt Gröndal, Birgir Finnsson, Friðjón Skarphéðinsson, Jón Þorsteinsson, Sigurður Ingimundarson.

Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að taka upp 18 ára kosningaaldur á Íslandi.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin skal skila áliti fyrir setningu reglulegs Alþingis 1966.

Greinargerð.

Snemma á árinu 1963 hélt Alþýðuflokkurinn aukaþing, þar sem afgreidd var ný og endurskoðuð stefnuskrá flokksins. Eitt þeirra nýmæla, sem flokkurinn þá samþykkti, var að hefja baráttu fyrir 18 ára kosningaaldri.

Alþýðuflokkurinn vekur nú máls á þessari hugmynd við hina flokkana með því að flytja ofangreinda þingsályktunartillögu. Einfalt væri að flytja frumvarp um breytingu á stjórnarskránni, þar sem aldrinum 21 væri breytt í 18. Þar sem hinir flokkarnir hafa enn ekki látið opinberlega í ljós skoðun á málinu, þykir eðlilegra að fara fram á skipun nefndar til að fjalla um það og veita þannig svigrúm til athugunar og umræðu. Fari svo, að hugmyndin fái stuðning, er óþarft að láta samþykkt stjórnarskrárbreytingar af þessu tagi leiða til þingslita og kosninga, heldur rétt að afgreiða málið á síðasta þingi fyrir reglulegar kosningar. Slíkt þing verður að öðru jöfnu veturinn 1966—67.

Þegar Alþýðuflokksmenn voru fyrst kosnir á þing fyrir tæplega hálfri öld, höfðu þeir einir atkvæðisrétt við kjördæmakosningar, sem voru 25 ára og stóðu ekki í skuld fyrir þeginn sveitastyrk. Við landskjör giltu sömu skilyrði og 35 ára aldursmark.

Það var frá öndverðu eitt af mestu áhugamálum Alþýðuflokksins að berjast fyrir rýmkun kosningarréttarins. Var markið sett við 21 ár og afnám skilyrðisins um sveitastyrk. Var það í samræmi við þær reglur, sem þá giltu í frjálslyndum löndum og gilda víðast enn.

Þessi barátta mætti allmikilli andstöðu, en þó náðist áfanginn með stuðningi víðsýnna manna í öllum flokkum. Árið 1929 var lögfestur 21 árs kosningaaldur og

sveitastyrksákvæðið afnumið í kosningum til sveitarstjórna, og með stjórnarskrárbreytingunni 1934 voru sömu ákvæði tekin upp við þingkosningar.

Síðan hafa miklar breytingar orðið á lífskjörum og lifnaðarháttum menningarþjóða. Velmegun er meiri og æskan virðist fá bráðari þroska en áður. Skólaganga er almennari en áður tíðkaðist og mun meira um framhaldsmenntun. Hin hraða uppbygging nútíma þjóðfélags á Íslandi hefur leitt til þess, að ungt fólk er kallað til margvíslegra ábyrgðarstarfa mun fyrr en áður.

Því er haldið fram gegn 18 ára kosningaaldri, að ungt fólk hneigist til ofstækis, öfga og yfirborðsmennsku. Þetta er sleggjudómur, og mundi ráðlegra að sýna æskunni fullkomið traust. Þá fyrst mun reyna á þroska hennar, og hann mun ekki bregðast í þessu efni, frekar en hjá hinum eldri. Mikið er talað um vandamál æskunnar, ekki síst í velferðarríkjum. Mun ekkert ráð betra í þeim efnum en að veita æskufólki sinn sess í þjóðfélaginu með fullri ábyrgð og trausti.

Mikil hreyfing er nú víða um lönd um að koma á 18 ára kosningaaldri. Stórveldin tvö, Bandaríkin og Sovétríkin, riðu á vaðið í þessum efnum. Í Sovétríkjunum er kosningarréttur miðaður við þann aldur, er búast má við fullum vinnuafköstum af hverjum borgara, og var 18 ára markið valið frá því sjónarmiði. Í Bandaríkjunum var meira hugsað um margvíslega ábyrgð, sem lögð er á 18 ára fólk, svo sem að því er ætlað að berjast og jafnvel fórna lífi sínu fyrir land sitt. Var 18 ára kosningaaldur fyrst tekinn upp í fylkinu Georgíu, en nú hafa mörg fleiri fylki 18, 19 eða 20 ára kosningaaldur.

Íslenzka lýðveldið þarf á hverjum manni og konu að halda, og það krefst félagslegs þroska af hverjum einstaklingi. Því er tími til kominn að sýna hinni fjölmennu kynslóð, sem innan skamms á að erfa landið, það traust að veita henni fulla íhlutun um stjórn landsins við 18 ára aldur.

Nd. 70. Frumvarp til laga [61. mál]

um breyting á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Setning í opinbera stöðu skal jafnan vera til bráðabirgða og aldrei lengur en til fjögurra ára. Skal staðan jafnan auglýst laus til umsóknar, er sett hefur verið í hana í fjögur ár.

Sá, sem settur hefur verið til þess að gegna stöðu í forföllum þess, er skipun hefur í hana, getur þó krafizt þess, að staðan sé auglýst laus til umsóknar, er hann hefur gegnt henni í tvö ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nauðsynlegt er, að opinberir starfsmenn njóti almennt fyllsta öryggis í starfi og þurfi ekki að eiga það á hættu, að veitingavaldið geti látið þá víkja fyrirvaralaust úr starfi að geðþótta.

Þess vegna er æskilegt, að opinberir starfmenn fái skipun í embætti, en séu ekki settir til bráðabirgða og óákveðið. Sé mikið gert að því að setja þá í stað þess að skipa, getur það leitt til misnotkunar og óréttlætis við veitingu embætta.

Sérstaklega er þetta varhugavert um þá embættismenn, sem þurfa að vera fullkomlega óháðir veitingavaldinu í störfum, svo sem er um héraðsdómara, og auðvitað því varhugaverðara sem óvissuástandið — setningin — stendur lengur. Þannig mun lögtekið í Danmörku, að ekki megi setja dómara lengur en til eins árs, en ef sérstakar ástæður liggja til, þá má framlengja þá setningu um eitt ár í senn tvisvar sinnum. Þannig getur setningartími danskra dómara lengstur orðið þrjú ár við sérstakar aðstæður, og sýnir þetta vel, hversu Danir leggja mikið upp úr því að gera réttarstöðu dómara sem bezta og þá sem óháðasta veitingavaldinu.

Hér á landi hefur það hins vegar tíðkazt nokkuð, að menn séu settir í embætti um langan og ótiltekinn tíma og svo gengið fram hjá þeim, þegar kom að því að skipa í embættið. Þannig var fyrir nokkrum dögum við skipun í embætti bæjarfógeta í Hafnarfirði og sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu gengið fram hjá settum bæjarfógeta og sýslumanni Birni Sveinbjörnssyni, sem gegnt hafði embætti þessu í níu og hálft ár í fjarveru hins skipaða embættismanns.

Tilgangurinn með frumvarpsflutningi þessum er sá að setja skorður við því, að slíkt endurtaki sig, og tryggja þannig réttarstöðu embættismanna.

Ed. 71. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Við undirritaðir fulltrúar Framsóknarflokksins í heilbrigðis- og félagsmálanefnd getum ekki tekið þátt í því með meiri hluta nefndarinnar að mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Við erum því mótfallnir, að fasteignamat undir álagningu eignarskatts verði sexfaldað. Nógu fráleitt að setja, eins og gert var á síðasta Alþingi, ákvæði í löggjöf um Húsnæðismálastofnun ríkisins til breytinga á eignarskattslögunum, þótt ekki sé nú gengið á sama lagið og þau ákvæði færð í aukana.

Þá er einnig á það að líta, að sveitarfélög landsins hafa ástæðu til þess að telja, að þeim hafi fyrir stuttu verið gefið fyrirheit um að mega sitja að fasteignaskatti, en með þessari innheimtu ríkissjóðs er fyrirheitið sniðgengið.

Þessi sexföldun er eitt rangskefta útispjótið, sem ríkisstjórnin ber fyrir sig í hildarleik dýrtíðarinnar. Þetta spjót á að höggva af skafti.

Þess vegna leggjum við til, að 2. gr. frv. falli niður.

Í 6. gr. frumvarpsins er ákvæði um, að húsaleigulögin falli úr gildi.

Rétt er, að þau lög munu ekki almennt virt mikils, enda margt breytt síðan þau voru sett. Reykjavíkurborg kvað þó fara eftir þeim um hámark leigu þess húsnæðis, er hún selur á leigu.

Við teljum illa fara á því að afnema lögin og óvíst um afleiðingar þess. Hins vegar nauðsynlegt að endurskoða þau og breyta þeim.

Okkur skilst, að ákvæðið um afnám þeirra nú þegar, án ráðrúms til endurskoðunar, sé sprottið af því, að gera þurfi strax löglegt að setja með reglugerð sérstök ákvæði vegna leiguhúsnæðis, sem sveitarfélög og Öryrkjabandalag Íslands reisa fyrir lán frá húsnæðismálastjórn skv. 7. gr. laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins. Taka má þetta til greina.

Með tilliti til þessa leggjum við til, að ákvæði 6. gr. um afnám húsaleigulaganna falli niður, en aftur á móti komi bráðabirgðaákvæði, sem lögleyfi reglugerðarákvæði um húsaleigu skv. 7. gr. Húsnæðismálastofnunarlaganna, — og geri ráð fyrir endurskoðun húsaleigulaganna.

Breytingartillögur okkar flytjum við á sérstöku þingskjali og verður nánari grein fyrir tillögunum gerð í framsögu.

Alþingi, 9. nóv. 1965.

Karl Kristjánsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 72. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Karli Kristjánssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 6. gr. Síðari málsliður („Jafnframt eru" o. s. frv.) fellur niður.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Nýr tölulíður komi svo hljóðandi:
   3. Reglugerð sú, er um ræðir í síðustu málsgr. A-liðar 7. gr. laganna, er óbundin af hámarksleiguákvæðum laga nr. 30. 4. febr. 1952, þar til þau lög hafa verið endurskoðuð.

Sþ. 73. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um endurskoðun skólalöggjafarinnar.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu 7 manna nefnd til þess að annast — í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld og kennarasamtökin — endurskoðun á allri skólalöggjöf landsins, nema löggjöf um Háskóla Íslands.

Endurskoðunin miðist fyrst og fremst við, að samhæft verði hið opinbera fræðslustarf í almennum skólum og sérskólum aðkallandi þörfum þjóðlífsins á hverjum tíma og allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu.

Leita skal nefndin aðstoðar sérfræðinga eftir þörfum við endurskoðunina.

Nefndin kýs sér sjálf formann.

Áliti og tillögum skili nefndin til Alþingis, svo fljótt sem hún fær við komið.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja, að aðkallandi sé að endurskoða rækilega allt fræðslukerfi landsins, bæði í heild og einstaka þætti.

Markmið heildarendurskoðunar skólalöggjafarinnar á að vera það, að fullnægt verði þörfum einstaklinga og þjóðfélagsheildar fyrir almenna menntun og sérfræðikunnáttu í þjóðfélagi nútímans og tryggja sem framast má verða jafnréttisaðstöðu í skólamálum, þannig að allir fái sem jafnasta aðstöðu til náms, hvar sem þeir búa á landinu.

Þróunin er mjög ör á sviði vísinda og tækni, og veldur hún miklum breytingum á atvinnuháttum. Þjóðir, sem fylgjast ekki með þessari hröun, dragast aftur úr öðrum óðar en varir. Við endurskoðun skólalöggjafarinnar þarf að taka tillit til þessa.

Endurskoðunin á því ekki að vera einungis miðuð við barnafræðslustigið, hún þarf að grípa inn á svið allrar framhaldsmenntunar, bæði gagnfræðaskóla og

menntaskóla, þar sem ekki sé einvörðungu fjallað um fjölda skólanna og stærð, heldur og um námsefni og kennsluhætti. Þá telja flutningsmenn ekki sízt nauðsynlegt að kanna rækilega þörf þjóðfélagsins fyrir hina ýmsu sérskóla, svo sem í tækni, iðnfræðum og öðrum hagnýtum greinum, sem snerta atvinnuvegi landsins, og gera tillögur um skipan þeirra og stöðu innan fræðslukerfisins. Fræðslukerfið verður að miða við það, að þar gæti samræmis og samvirkni milli einstakra stiga þess og greina.

Menntakerfi þjóðarinnar er ein mikilvægasta stoð almennra framfara og bætts efnahags, og hefur svo í rauninni verið frá fyrstu tíð. En hinar öru breytingar á atvinnu- og þjóðfélagsháttum nútímans hafa stórum aukið kröfurnar um almenna menntun og sérfræðiþekkingu á mörgum sviðum. Þeim kröfum verður ekki fullnægt með öðru móti en uppbyggingu samvirks og víðtæks skólakerfis. Þar sem efnahagslegar framfarir hvíla í vaxandi mæli á þeirri stoð, sem menntakerfið er, þá er það nauðsyn hverri þjóð, sem stefnir að framförum, að treysta sem bezt þennan mikilvæga undirstöðuþátt þjóðfélagsins. Því fé, sem varið er til uppbyggingar traustu menntakerfi, er áreiðanlega vel varið frá efnahagslegu sjónarmiði séð. Þar er um arðvænlega fjárfestingu að ræða. Menntunina ber þó alls ekki að skoða einvörðungu frá hagnýtu sjónarmiði í þrengstu merkingu. Menntun er framar öðru manngildisefling, þáttur í fegurra og frjórra mannlífi. Með tilliti til þess ber að varast allt ofmat á „hagnýtum“ námsgreinum og vísindum. Fræðslukerfi framtíðarinnar verður að hafa rúm fyrir fleiri námsgreinar en þær, sem líklegastar eru til þess að bera útreiknanlegan fjárhagsarð.

Gildandi lög um fræðslukerfi og skólaskyldu kveða að vísu á um skólaskyldu allra barna á aldrinum 7—15 ára. Frá því eru þó gerðar vissar undantekningar. Undanþáguákvæði laganna um framkvæmd skólaskyldu ber að líta á sem bráðabirgðaákvæði, sem nauðsynleg voru á sínum tíma og réttmætt að framkvæma um sinn. Nú eru fræðslukröfur vaxandi, en skilyrði til viðunandi heimakennslu mjög erfið. Hins vegar er nú orðinn mikill aðstöðumunur til skólagöngu eftir því, hvort í hlut á dreifbýli eða kaupstaðir, þannig að stórlega hallar á dreifbýlið, þ. e. sveitir og hinar smærri byggðir við sjávarsíðuna. Hafa flutningsmenn ekki sízt í huga þá staðreynd, að skólaskylda barna og unglinga í sveitum er enn í framkvæmd verulegum mun skemmri og námsgreinar þar oft fábreyttari en í kaupstöðum og hinum stærri kauptúnum. Vilja flutningsmenn benda á, að jöfnun þessa aðstöðumunar sækist allt of hægt.

Þá vilja flutningsmenn sérstaklega benda á vaxandi erfiðleika unglinga í sveitum og þorpum til gagnfræðanáms og nauðsyn þess flestu öðru fremur að gera mjög verulegt átak í því skyni að ryðja þeim erfiðleikum úr vegi, einkum með því að fjölga héraðsskólum í landinu. Flutningsmenn telja rétt að láta endurskoða frá rótum þessa þætti fræðslukerfisins ásamt öðrum greinum þess á þann hátt, sem í tillögunni segir.

Nd. 74. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Flm.: Matthías Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Skarsúðarbyrt skip eru undanþegin tryggingu þessari.

Hafi skip eigi fengið haffærisskírteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu, eftir að eitt ár er liðið frá því að haffærisskírteini rann út. Fái skipið haffærisskírteini að nýju, skal það tekið að nýju í tryggingu að lokinni fúaskoðun.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist: samþykktum af sjávarútvegsmálaráðuneytinu.

3. gr.

Í stað orðsins „tjónmatsins“ í 5. mgr. 4. gr. laganna komi: tjónbóta.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Greinargerð.

Á árinu 1958 voru sett lög um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip, þar sem allir eigendur tréskipa, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland og hafa þilfar, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum gegn skemmdum af bráðafúa. Með viðaukalögum þessum var ákveðið, að þessar tryggingar skyldu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með sérgreindu reikningshaldi.

Þau ár, sem þessi deild hefur starfað, hefur komið í ljós, að enginn skarsúðarbyggður bátur hefur orðið fyrir skemmdum af bráðafúa, og telja sérfróðir menn ekki líkur til, að bráðafúi komi upp í skarsúðarbyggðum bátum, og þess vegna ekki ástæða til að skylda eigendur þessara skipa til að kaupa bráðafúatryggingu og baka þeim á þann hátt aukin útgjöld við rekstur skipa sinna.

Með þessu frumvarpi er því lagt til, að skarsúðarbyggð skip séu undanþegin þessari tryggingu. Jafnframt þessari breytingu á lögunum eru gerðar nokkrar aðrar breytingar, sem talið er nauðsynlegt að gera vegna fenginnar reynslu af þessum tryggingum.

Efni þessa frumvarps hefur flm. borið undir stjórn Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og er hún fyrir sitt leyti því meðmælt, að þessi breyting á lögunum verði gerð.

Sþ. 75. Tillaga til þingsályktunar [64. mál]

um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson, Bjartmar Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.

Greinargerð.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en náði ekki afgreiðslu.

Tillögunni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Lax- og silungsveiðar eiga sem fyrst að verða gildur tekjuliður víðs vegar um Ísland og almennt og heilsusamlegt sport landsmanna. Ræktun þessara fiska á að verða hagnýt atvinnugrein.

Með starfsemi laxeldisstöðvarinnar í Kollafirði, sem ríkið rekur, er að sögn þegar fengin mikilsverð innlend reynsla um það, hvers þarf með og hvað þarf að varast á byrjunarstigum slíkrar starfsemi. Sums staðar erlendis er framkvæmd þessara mála orðin mótuð og hægt að fá fræðslu þaðan til hliðsjónar.

Ætlazt er til þess, að Kollafjarðarstöðin, auk þess að vera skóli í fiskeldi, selji í stórum stíl í framtíðinni seiði til annarra eldisstöðva og eigenda eða umráðamanna veiðivatna. Hins vegar er engan veginn hægt að gera ráð fyrir því, að hún geti séð fyrir þörfum allra landsmanna í þessum efnum, enda vafasamt, að slíkt fyrirtæki aðeins á einum stað í landinu væri æskilegt.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja, að tímabært sé, að ríkið komi upp annarri klak- og eldisstöð laxfiska eða beiti áhrifum sínum til, að hún verði stofnsett.

Leggja flutningsmenn til, að sú stöð verði reist á Norðurlandi og athugað verði þá sérstaklega, hvort ekki sé heppilegt, að hún verði staðsett við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Telja má víst, að þar sé hægt að fá frá jarðhitalindum volgt vatn til afnota fyrir stöðina eftir þörfum.

Á Norðurlandi eru margar laxveiðiár og ótal smærri silungsár og stöðuvötn með silungi. Þar eru því geysileg fiskræktarskilyrði, sem bíða framkvæmdar. Í Norðurlandskjördæmi eystra hefur á mannfundum komið fram mikill áhugi á máli þessu.

Ed. 76. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum og er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 11. nóv. 1965.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Helgi Bergs.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Nd. 77. Frumvarp til laga [65. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.

d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skylt er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
e. Aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
f. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um reksturinn.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara.

Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn, einn án tilnefningar og er hann formaður, og tvo eftir tilnefningu Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjá varamenn í stjórn.

Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr.

Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrenni.

Stjórnin velur sér varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundi skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir eigi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrír stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein tryggginga fyrir sig, eins og þær eru aðgreindar í 2. gr., stafliðum a.—e.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafund.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni tryggginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

7. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir vátryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að vátryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins.

II. KAFLI

Bráðafúatryggingar.

8. gr.

Allir eigendur tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eru skyldir til að vátryggja þau hjá Samábyrgðinni gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum Coniophora cerebella, Poria og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins.

Þegar skip eru smíðuð eða skipshlutar endurnýjaðir, skal eigandi skips hlíta þeim fyrirmælum, sem Samábyrgðin setur til varnar gegn hættu af bráðafúa.

9. gr.

Eigi er skylt að vátryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir að gert verði við skipið eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

10. gr.

Nú óskar eigandi skips, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að vátryggja skip sitt gegn bráðafúa, og er þá Samábyrgðin skyld að vátryggja skipið, enda hafi skipið ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri tryggingu.

11. gr.

Neiti eða vanræki skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og vátryggt af Samábyrgðinni, allt eftir ákvörðun þessara laga svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

12. gr.

Vátryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Skulu þeir við matið fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur.

13. gr.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

14. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmdar varð vart, og vátryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Vátryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema vátryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð fer fram, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að vátryggða og vátryggjanda komi saman um, að skipið skuli rifið, skal tjónið bætt aðeins að tveim þriðju hlutum tjónmatsins.

Með reglugerð skal ákveða hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

15. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi og síðan 1. janúar ár hvert.

16. gr.

Ágreiningur milli vátryggða og vátryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip ásamt síðari breytingum og viðauka.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ráðherra skal í fyrstu skipa þrjá menn án tilnefningar í stjórn Samábyrgðarinnar, þar til stjórnarmenn hafa verið kosnir á fulltrúafundi skv. 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögum þeim, sem drög eru lögð að með þessu frumvarpi, er ætlað að koma í staðinn fyrir lög nr. 23 27. júní 1921 um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip ásamt viðauka í lögum nr. 24 29. apríl 1958. Lög þessi eru nú svo úrelt orðin, að nauðsyn þykir að setja ný lög um sama efni. Frumvarpið verður að skoða í samhengi við frv. til laga um bátaábyrgðarfélög, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi.

Frumvarpið er samið á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins af Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingafræðingi.

Til hliðsjónar við samningu frumvarpsins var höfð ályktun, sem gerð var á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna í nóvember 1964, en ályktunin er svohljóðandi:

„Aðalfundur L. Í. Ú., haldinn 26.—28. nóvember, telur, að ekki megi lengur dragast að setja ný lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, þar sem gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og á margan hátt ógerlegt að starfa eftir þeim.

Fundurinn telur æskilegt, að skyldutrygging fiskiskipa verði miðuð við allt að 400 rúmlestir brúttó, og bátaábyrgðarfélögin verði efld frá því sem nú er og verksvið þeirra fært út þannig, að þau annist allar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann.

Það er álit fundarins, að stjórn Samábyrgðar Íslands eða sambands bátaábyrgðarfélaganna eigi að vera í höndum útvegsmanna sjálfra að verulegu leyti, en telur eðlilegt, að ríkisvaldið eigi þar einnig sinn fulltrúa. Fundurinn skorar á sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram á Alþingi því, sem nú situr, frumvarp til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip."

Helztu efnisbreytingar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Stjórn Samábyrgðarinnar verði skipuð fimm mönnum, formanni tilnefndum af ráðherra, tveimur mönnum tilnefndum af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og tveimur kosnum af bátaábyrgðarfélögunum. Framkvæmdastjóri sé ekki jafnframt í stjórn félagsins. Nú eru þrír menn í stjórn, tveir skipaðir af ráðherra, þ. á m. formaðurinn, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, en einn er tilnefndur af bátaábyrgðarfélögunum.
2. Samábyrgðin fái heimild til að taka að sér slysa- og ábyrgðartryggingar fyrir útgerðina, ýmist sem endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélög, sem taka slíka tryggingu að sér, eða sem frumtryggjandi, ef bátaábyrgðarfélag á viðkomandi tryggingasvæði tekur ekki að sér slíkar tryggingar.
3. Sett eru ákvæði um, að Samábyrgðin boði til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögunum eigi sjaldnar en þriðja hvert ár, þar sem kosnir séu tveir menn í stjórn Samábyrgðarinnar, skipzt á skoðunum og gerðar ályktanir um málefni tryggginganna.
4. Ákvæði núgildandi laga um ábyrgð ríkissjóðs á skulbindingum Samábyrgðarinnar verði fellt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

1. mgr., a.-liður. Kemur í staðinn fyrir a.-lið 2. gr. l. nr. 23/1921. Núgildandi ákvæði um, að Samábyrgðin taki ekki ábyrgð á meira en helmingi af vátryggingarverði skips, er ónothæft, enda hefur ekki verið farið eftir því.

b.-liður. Þetta er nýmæli. Hér er átt við endurtryggingu á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar, sem bátaábyrgðarfélögin kunna að taka að sér, sbr. frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög. Sjá einnig e.-lið hér að neðan.

c.-liður. Þessi liður er efnislega samhljóða b-lið 2. gr. l. nr. 23/1921.

d.-liður. Þessi liður kemur í stað 3. mgr. 2. gr. l. nr. 23/1921, sbr. l. nr. 28/1948, og er ekki um að ræða efnisbreytingu.

e.-liður. Þessi liður kemur í stað c.-liðar 2. gr. l. nr. 23/1921.

Samábyrgðin hefur nú heimild til að taka að sér tryggingu á afla, veiðarfærum og útbúnaði „ef um algeran skiptapa er að ræða." Þessi heimild er of bundin, þar sem t. d. veiðarfæratryggingar þær, sem útgerðarmenn kaupa nú, ná einnig til

tjóna, sem verða án þess að skipið týnist jafnframt. Hér er einnig bætt við heimild til, að Samábyrgðin taki að sér aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, en þar er aðallega um að ræða slysatryggingar sjómanna og ábyrðartryggingar, sem eru bundnar samningum milli útvegsmanna og sjómanna. Með síðasta málsliðnum: „Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar", er átt við, að ef bátaábyrgðarfélag gefur skipaeigendum á sínu félagssvæði kost á umræddum tryggingum, þá skuli Samábyrgðin ekki starfa sem frumtryggjandi á sama sviði á félagssvæðinu. Slíkt væri óheppilegt, þar sem þá er gert ráð fyrir, að Samábyrgðin sé endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélagið, sbr. b.-lið. Taki einhver bátaábyrgðarfélög ekki að sér þessar tryggingar, en um hugsanlega starfsemi þeirra á því sviði er fjallað í frumvarpi um bátaábyrgðarfélög, þá væri eðlilegt og æskilegt, að Samábyrgðin kæmi til skjalanna sem frumtryggjandi.

f.-liður. Um bráðafúatryggingar gilda nú l. nr. 24/1958 um viðauka við l. nr. 23/1921.

2. mgr. Hliðstætt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Samábyrgðin á að vera miðstöð fyrir bátaábyrgðarfélögin, og þangað eiga þau að geta sótt ráð og leiðbeiningar.

Um 3. gr.

Um ákvæði þessarar greinar vísast til þess, sem sagt er í almennu athugasemdunum hér að framan. Tilsvarandi ákvæði eru nú í 12. gr. l. nr. 23/1921.

Um 4. gr.

Hér eru sett ákvæði um stjórnarfundi, en hliðstæð ákvæði eru ekki í núgildandi lögum.

Þá er gerð sú breyting, sem áður var getið um, að stjórnin ráði framkvæmdastjóra, og að hann skuli ekki eiga sæti í stjórn félagsins. Í svo stóru og þýðingarmiklu fyrirtæki, sem Samábyrgðin er, þykir það ekki hæfa, að framkvæmdastjórinn sé jafnframt í stjórn félagsins.

Um 5. gr.

1. mgr. Þarfnast ekki skýringa. Hliðstæð ákvæði eru ekki í lögum nú, en í framkvæmdinni hefur reikningsár félagsins verið almanaksárið.

2. mgr. Nauðsynlegt þykir, að tekjur og gjöld vegna hverrar tryggingargreinar fyrir sig komi fram, og hefur það verið svo í framkvæmd.

3. mgr. Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. l. nr. 24/1958. Ákvæði þeirrar greinar um endurtryggingu áhættunnar eru felld niður. Áhættan hefur ekki verið endurtryggð hingað til og virðist ekki ástæða til að gera það framvegis, en um það mundi stjórn Samábyrgðarinnar hafa frjálsar hendur.

4. mgr. Ákvæðið um endurskoðanda er ekki í núgildandi lögum, en skv. 3. gr. rgj. nr. 88/1921 skipar stjórnarráðið endurskoðanda.

5. mgr. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 12. gr. l. nr. 23/1921, sbr. l. nr. 28/1948. Gamla ákvæðið um ársfjórðungslegar skýrslur er úrelt, og hefur því ekki verið framfylgt. Ekki hefur heldur verið framfylgt því ákvæði, að Samábyrgðin skili reikningum innan þriggja mánaða frá árslokum, enda er sá frestur of skammur.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sjá almennu athugasemdirnar.

Slíkir fundir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi nauðsynlegir til að kjósa menn í stjórn Samábyrgðarinnar, sbr.3. gr. Í öðru lagi ætti það að vera mjög gagnlegt, að þeir menn, sem að þessum málum vinna í hinum ýmsu landshlutum, hittist og beri saman bækur sínar. Slíkt eykur áhuga á starfinu og víkkar sjónarsviðið.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. eru að mestu efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum í 10. gr. l. nr. 23/1921. Síðasti málsliður þeirrar greinar er felldur niður, enda er hann ó-

þarfur, þar sem hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum um bátaábyrgðarfélögin og gert ráð fyrir, að það haldist.

3. mgr. er samhljóða 9. gr. l. nr. 23/1921.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958. Síðari málsgrein er þó viðbót.

Um 9. gr.

Í núgildandi lög um bráðafúatryggingar vantar ákvæði um, hvenær skip verði talið ónýtt í þeim mæli, að bráðafúatryggingin eigi að falla niður, og hefur þetta verið bagalegt. Með ákvæði 1. mgr. er reynt að bæta úr þessu.

Kunnugir telja, að súðbyrt skip skemmist aldrei af bráðafúa, og því þykir rétt að þau séu undanþegin tryggingunni.

Um 10. gr.

Þessi grein kemur í stað 3. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958. Ákvæði niðurlags greinarinnar: „enda hafi skipið ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri tryggingu", er nýmæli, sem þýðir, að réttur til að tryggja skipið glatast, ef hann hefur ekki ætíð verið notaður, þegar hann var fyrir hendi. Ákvæðið er sett til að hindra, að eigandi óski þá fyrst tryggingar á skipinu, þegar hann fær grun um, að bráðafúi sé að koma upp í því.

Um 11. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958.

Um 12. gr.

Þessi grein kemur í stað 2. gr l. nr. 24/1958. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá því, sem verið hefur í framkvæmd.

Um 13. gr.

Þessi grein er samhljóða síðustu málsgrein 4. gr. l. nr. 24/1958.

Um 14. gr.

1.—5. mgr. eru efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum 4. gr. l. nr. 24/1958.

6. mgr. kemur í stað síðustu mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958.

Um 15. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958.

2. mgr. kemur í stað 1. málsliðar 2. mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958. Um efnisbreytingu er ekki að ræða.

Um 16. gr.

Þessi grein er samhljóða 6. gr. l. nr. 24/1958.

Um 17. gr.

Í núgildandi lögum um Samábyrgðina eru engin ákvæði um fríðindi varðandi skattskyldu eða stimpilgjald, en í framkvæmdinni hefur þeim málum verið háttað eins og segir í greininni. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd.

Flm.: Karl Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Gísli Guðmundsson, Björn Jónsson, Ingvar Gíslason, Bjartmar Guðmundsson, Friðjón Skarphéðinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Skal þeirri athugun lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi lögðu þingmenn úr Norðurlandskjördæmi eystra fram tillögu til þingsályktunar um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð frá flutningsmönnum:

„Ríkið hefur rekið garðyrkjuskóla að Reykjum í Ölfusi síðan 1939. Þetta er þörf stofnun, en fullnægir alls ekki, a. m. k. nú orðið, öllu landinu. Auk þess er af mörgum ástæðum æskilegra, að garðyrkjuskólarnir séu heldur tveir en einn fyrir landið.

Þjóðin þarf að auka garðyrkju sína. Garðyrkjugreinar eru orðnar margar. Mikil sérhæfing komin til sögunnar. Verkaskipting milli garðyrkjuskóla gæti verið hagkvæm.

Á Norðurlandi er mikil garðyrkja og áhugi á því að auka hana enn meir. Þar er aðkallandi þörf fyrir garðyrkjuskóla.

Flutningsmenn tillögunnar telja rétt að staðsetja skólann á Akureyri eða í nágrenni hennar, af því að á Akureyri eða í námunda við hana muni hann njóta sín bezt. Jarðvegsskilyrði eru þar góð og veðurfarsskilyrði einnig heppileg með tilliti til þess, sem rækta þarf við slíkan skóla.

Garðmenning á Akureyri er eldri og rótgrónari en almennt gerist í landinu. Þar eru margir garðar einstakir í sinni röð, fjölbreyttir og vænlegir til kynningar við kennslu. Þar er grasgarður, sem veitt gæti góð skilyrði til náms með kynningu á plöntugróðri, og mætti hugsa sér, að þar fari fram einhver hluti verknáms í skrúðgarðyrkju.

Þar — eða í nánd — er hægt að fá jarðhita til ylræktar.

Á Akureyri eru skilyrði til að fá sérmenntaða kennara, sem starfa við aðra skóla, til kennslu í ýmsum undirbúningsgreinum við garðyrkjuskóla.

Tillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin undirbúi löggjöf um skólann og leggi frumvarp að þeirri löggjöf fyrir næsta reglulegt Alþingi, en einnig er ætlazt til, að hún undirbúi framkvæmdir eftir því, sem við getur átt, að öðru leyti samhliða, t. d. tryggi skólanum stað.“

Tillögunni var vísað til fjárveitinganefndar til athugunar.

Fjárveitinganefnd skilaði eftirfarandi áliti:

„Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum sínum og fengið um hana umsögn Búnaðarfélags Íslands. Aðrir, sem leitað var álits hjá, hafa ekki svarað.

Í umsögn Búnaðarfélagsins kemur fram, að hafin sé endurbygging garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi og að takmarkið sé, að skólinn fullbyggður taki 40 nemendur, en hægt verði að hafa 12 nemendur í skólanum næsta vetur. Muni það að öllum líkindum fullnægja þörfinni fyrst um sinn, ef fullbyggt yrði á Reykjum. Hins vegar kveðst stjórn Búnaðarfélagsins eigi vita, hvað líði undirbúningi eða framkvæmd fjörutíu nemenda skóla á Reykjum, og „væri svo, að það mál væri enn skammt á veg komið, gæti það verið til athugunar, að ganga eigi svo langt í stækkun skólans, en taka heldur til athugunar byggingu nýs garðyrkjuskóla á Norðurlandi í þess stað“.

Nefndin er sammála um, að hér sé hreyft máli, sem rétt sé að athuga ýtarlega, og mælir með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort eigi sé grundvöllur fyrir stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd. Verði leitazt við að ljúka þeirri athugun fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 5. maí 1965.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Halldór E. Sigurðsson.	Geir Gunnarsson.	Jónas Pétursson.
Óskar E. Levy.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.“

Komið var svo nærri þinglokum, þegar fjárveitinganefnd skilaði álitinu og tillögu sinni, að Alþingi vannst ekki tími til þess að afgreiða málið.

Nú hafa flutningsmenn tekið upp — nálega óbreytta — breytingartillöguna, sem fjárveitinganefndin stóð einróma að, og vænta þess því, að málið geti fengið fljóta afgreiðslu á þessu þingi.

Nd. 79. Frumvarp til laga [67. mál]

um bátaábyrgðarfélög.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Skip merkir í lögum þessum öll fljótandi för, stór og smá, sem sigla undir íslenzkum fána, innan þeirra takmarka, sem lögin setja.

2. gr.

Allir skipaeigendur, sem eiga vélskip með þilfari allt að 400 rúml. brúttó að stærð, sem aðallega eru ætluð til fiskveiða við Ísland, skulu skyldir að vátryggja þau hjá bátaábyrgðarfélagi, sem starfar samkvæmt lögum þessum innan þess svæðis, sem skipið er skrásett í, og með þeim skilmálum, sem settir eru í lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim.

Neiti einhver skipseigandi að vátryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður skoðað og metið af skoðunar- og virðingarmönnum hlutaðeigandi félags og vátryggt sem önnur tryggingarskyld skip og iðgjaldið innheimt með lögtaki skv. 17. gr., ef þörf krefur.

Heimilt er bátaábyrgðarfélögunum að vátryggja fiskiskip, sem eru yfir 400 rúml. brúttó, en ávallt skal leita samþykkis Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en slík skip eru tekin í tryggingu, og skal ákveða iðgjöld fyrir þau í samráði við Samábyrgðina. Einnig er félögunum heimilt að taka til tryggingar opna vélbáta, að fengnu samþykki Samábyrgðarinnar.

3. gr.

Eigi er skylt að vátryggja skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að eigi sé útlit fyrir að gert verði við skipið eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal bátaábyrgðarfélag segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

4. gr.

Ráðherra getur heimilað bátaábyrgðarfélagi að taka að sér endurtryggingu á hluta þeirrar áhættu, sem Samábyrgðin yfirtekur frá öðrum bátaábyrgðarfélögum.

5. gr.

Ráðherra getur heimilað, að bátaábyrgðarfélögin taki að sér aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar á sjómönnum og ábyrgðartryggingar.

Slíka heimild skal því aðeins veita, að löglegur félagsfundur, þar sem mætt er með a. m. k. helming allra atkvæða í félaginu, hafi samþykkt að óska heimildarinnar, enda hafi þess verið getið í fundarboði, að málið yrði á dagskrá.

Heimild skal binda þeim skilyrðum, sem þurfa þykir til þess að fjárhag félaganna verði ekki stofnað í hættu, og skal leita álits Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum áður en heimildin er veitt.

Í reikningum félaganna skal tilgreina sérstaklega tekjur og gjöld vegna þeirra trygginga, sem um ræðir í þessari grein.

6. gr.

Bátaábyrgðarfélag það, sem nú starfar í Vestmannaeyjum, er undanþegið ákvæðum þessara laga. Þó skal því skylt að tryggja fiskiskip, sem skrásett eru í Vestmannaeyjum og eru innan þeirra stærðartakmarka, sem ákveðin eru í 2. gr. laganna. Einnig skal það háð ákvæðum 14. gr. laganna um aðstoð.

Ákvæði laga þessara taka ekki til hvalveiðiskipa.

7. gr.

Landinu skal skipt í vátryggingarsvæði. Ráðherra ákveður takmörk þeirra í samráði við Samábyrgðina.

Á hverju vátryggingarsvæði skal vera eitt bátaábyrgðarfélag. Allir eigendur vátryggingarskyldra fiskiskipa á hverju vátryggingarsvæði eru skyldir að vera í félagi því, sem þar starfar. Þó skal með samþykki hlutaðeigandi bátaábyrgðarfélaga og Samábyrgðarinnar heimilt að vátryggja skip hjá öðru bátaábyrgðarfélagi, er starfar samkvæmt lögum þessum.

Nú er skip flutt á annað tryggingarsvæði, og skal þá eigandi, skrásetningarstjóri og bátaábyrgðarfélag á því svæði, er skipið flyzt frá, tilkynna það bátaábyrgðarfélagi á því svæði, sem skipið flytzt á, og Samábyrgðinni. Vanræksla á tilkynningu varðar sektum frá 1000—25000 krónum. Sömu viðurlögum varðar það eiganda, ef hann vanrækir að skrásetja skipið tafarlaust á hinu nýja tryggingarsvæði. Ábyrgð fyrra félags fellur niður jafnskjótt og skip hefur verið skrásett á öðru félagssvæði.

8. gr.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna, hámark þeirrar áhættu, sem hvert bátaábyrgðarfélag tekur á eigin reikning í hverju skipi.

Félögin skulu endurtryggja hjá Samábyrgðinni þann hluta áhættunnar í hinum vátryggðu skipum, sem þau bera ekki sjálf, og getur hún ekki undan því skorast.

Verði ágreiningur milli bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðarinnar um endurtryggingariðgjöld, sker ráðherra úr.

9. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags skal skipuð fimm mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Skulu þeir ganga úr stjórninni til skiptis, tveir annað árið og þrír hitt árið.

Aðalfundur ákveður þóknun stjórnarinnar.

Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Stjórnarfundi skal halda þegar formaður telur þess þörf eða þegar tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaðurinn, ef formaður er ekki mættur. Stjórnin er ályktunarfær, ef þrír stjórnarmenn eru mættir, þar á meðal formaður eða varaformaður. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnarmaður má ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega.

Stjórnin skal halda fundabók og skrá í hana allar ákvarðanir sínar.

Stjórnin hefur æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum félagsins innan takmarka þessara laga. Hún úrskurðar skaðabótagreiðslur, en þó þarf jafnan samþykki Samábyrgðarinnar, ef bótaupphæð nemur 20000 kr. eða meiru.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir félagið og ákveður starfssvið hans og laun. Einnig ræður stjórnin annað starfsfólk eftir því, sem þörf er á.

10. gr.

Reikningar bátaábyrgðarfélaganna skulu endurskoðaðir af tveimur endurskoðendum, sem kosnir eru á aðalfundi til tveggja ára í senn. Þeir ganga úr til skiptis. Á sama hátt skulu kosnir tveir endurskoðendur til vara til sama tíma. Aðalfundur ákveður þóknun endurskoðenda.

Endurskoðendur skulu hafa lokið endurskoðun sinni í síðasta lagi 5 dögum fyrir aðalfund, og skulu reikningar félaganna liggja frammi hjá fundarstjóra frá því endurskoðun er lokið og þar til aðalfundur hefst.

11. gr.

Aðalfund skal halda fyrir hvert einstakt félag fyrir lok júnímánaðar ár hvert og aukafund, þegar stjórnin telur þess þörf eða ⅕ hluti skipaeigenda fer þess á leit.

Til aðalfundar skal boðað með auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag, og aukafund skal halda svo fljótt sem auðið er eftir að stjórnin hefur fengið tilmæli um fundinn. Boða skal til aukafundar með viku fyrirvara.

Á aðalfundi skal lagður fram endurskoðaður reikningur félagsins og kosin stjórn og endurskoðendur skv. 9. og 10. gr.

Atkvæðisrétt á fundum hafa allir skipaeigendur, sem eiga skip í frumtryggingu hjá félaginu, og skulu þeir hafa eitt atkvæði fyrir hverjar 500 000 kr. eða minni upphæð í einu skipi, sem þeir hafa tryggt hjá félaginu.

Ef fleiri en einn eru eigendur að sama skipi, skulu þeir fela einum sameignarmanni að fara með atkvæði skipsins, og skal tilkynna það stjórn félagsins.

Félagsmaður getur farið með atkvæðisrétt fyrir aðra félagsmenn, enda hafi hann fengið til þess skriflegt umboð. Þó má enginn fara með meira atkvæðamagn en 10% af heildaratkvæðamagni félagsins.

Fundur er lögmætur, ef mætt er með helming allra atkvæða í félaginu. Verði fundur ekki lögmætur, skal svo fljótt sem auðið er boða til nýs fundar með viku fyrirvara, og er sá fundur ályktunarfær án tillits til þess, með hve mörg atkvæði er mætt á þeim fundi.

Senda skal ráðuneytinu og Samábyrgðinni afrit af ársreikningum félagsins að afloknum aðalfundi ár hvert. Skulu reikningarnir vera í því formi, sem ráðuneytið ákveður.

12. gr.

Eignum félaganna má eingöngu verja skv. tilgangi þeirra, og skulu þær ávaxtaðar í innlendum bönkum eða sparisjóðum, er ráðherra samþykkir.

13. gr.

Stjórn bátaábyrgðarfélags og Samábyrgðin skipa hvor um sig einn skoðunar- og virðingarmann fyrir hvert félag og einn til vara til að framkvæma skoðunar-

og virðingargerðir samkvæmt fyrirmælum þessara laga. Þeir skulu, áður en skip er tekið í tryggingu, skoða og meta skipið og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um matið.

Ef skoða skal skip, sem skoðunar- og virðingarmaður á að öllu eða nokkru leyti, skal varamaður framkvæma skoðun og mat.

Skoðun skipa gildir til tveggja ára í senn. Þó er aðilum heimilt að krefjast þess, að skoðun og mat fari fram, hvenær sem þeim þykir ástæða til.

Stjórn félagsins ákveður þóknun skoðunarmanna, og greiðist hún af eiganda skipsins.

Bátaábyrgðarfélag, vátryggður og Samábyrgðin geta hvert um sig krafizt yfirmats, og skal það framkvæmt af þremur dómkvöddum, sérfróðum mönnum.

Sé skipi í einhverju ábótavant, er skoðun fer fram, skal úr því bætt, áður en skipið er tekið í tryggingu.

Vátryggingarverð skipanna skal miða við matsverð eftir nánari fyrirmælum, sem sett verða í reglugerð.

Skoðunar- og virðingarmenn skulu einnig skoða og meta hvert það tjón, sem vátryggt skip verður fyrir, áður en viðgerð á skipinu hefst, og gefa skriflega, sundurliðaða skýrslu um mat sitt á tjóninu. Þeir skulu einnig skoða sömu skipin, eftir að viðgerð hefur farið fram, og gefa skriflega skýrslu um, hvort þau eru komin í samt lag aftur eftir viðgerðina.

14. gr.

Öll skip, sem tryggð eru samkvæmt lögum þessum eða af Samábyrgðinni, svo og öll þau skip, sem ríkisstofnanir eða ríkissjóður gera út eða sjá um útgerð á, eru skyld til að hjálpa hvert öðru úr háska. Greiðslu fyrir slíka hjálp verður ekki krafizt eftir venjulegum björgunarreglum, heldur skal hún ákveðin af stjórn hlutaðeigandi félags, ef bæði skipin eru tryggð hjá sama félagi, ella af stjórn Samábyrgðarinnar. Greiða skal aðeins það fjártjón og þann tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti, og aldrei getur greiðslan orðið hærri en vátryggingarfjárhæð skipsins, sem hjálpina þáði. Ákvæði laga nr. 32 9. jan. 1935 um hlutdeild skipshafnar í björgunarlaunum breytist í samræmi við ákvæði greinar þessarar.

15. gr.

Iðgjöld skulu á hverjum tíma ákveðin af ráðuneytinu, að fengnum tillögum Samábyrgðarinnar og bátaábyrgðarfélaganna.

16. gr.

Ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, getur ráðherra ákveðið, að lagt skuli aukaiðgjald á vátryggðu. Gjald þetta má eigi vera hærra en 20% af iðgjöldum af vátryggðum skipum og 100% af iðgjöldum trygginga skv. 5. gr. Gjald þetta renni í sjóð félaganna.

Aukaiðgjald verður eigi lagt á iðgjöld tiltekins árs, nema ákvörðun um það hafi verið tekin áður en 2 mánuðir eru liðnir frá lokum ársins.

17. gr.

Bátaábyrgðarfélag hefur lögveð í skipi og lögtaksrétt fyrir skoðunarkostnaði og vátryggingariðgjöldum af skipum, þó eigi fyrir lengra tímabil en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja. Sama gildir um aukaiðgjöld, sem reiknuð eru af vátryggingariðgjöldum skipa.

18 gr.

Nú hefur bátaábyrgðarfélag ekki innheimt vátryggingariðgjöld og stendur jafnframt ekki í skilum við Samábyrgðina með endurtryggingariðgjöldin, og skal þá ráðuneytinu heimilt að leggja félagið niður og ráðstafa tryggingunum yfir á annað félagssvæði eða beint til Samábyrgðarinnar. Öðlast þá sá aðili, sem tekur við tryggingunum, allar eignir félagsins, kröfur og réttindi.

19. gr.

Ágreining milli félags og skipseiganda, milli félaga, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni, og milli félaganna og Samábyrgðarinnar, annan en þann, sem um ræðir í 8. gr. laga þessara, skal leggja í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

Gerðardómur skal háður í Reykjavík.

Í gerðardómnum skal ákveðið, hvort málskostnaður skuli að öllu eða nokkru leyti falla á annan málsaðila, eða hvernig skuli skipta honum milli málsaðila.

Gerðardómur uppkveðinn samkvæmt þessum ákvæðum er óraskanlegur.

20. gr.

Þegar vátryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til vátryggingarfjárins. Þegar vátryggingarfé er útborgað, ber félaginu skylda til þess að rannsaka, hverjir hafi þinglesin veð í skipinu, og að haga útborgun fjárins eftir því.

21. gr.

Bátaábyrgðarfélög, sem starfa samkvæmt lögum þessum, eru undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi samkv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Vátryggingarskírteini, sem bátaábyrgðarfélögin gefa út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

22. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þar á meðal um vátryggingarskilmála, að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

23. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 61 31. maí 1947.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði:

Ákvæði 6. gr. l. nr. 61/1947, um stjórn félaganna skulu halda gildi sínu, þar til ný stjórn hefur verið kosin skv. 9. gr. þessara laga.

Núgildandi vátryggingarskilmálar skyldutryggðra skipa skulu haldast, þar til nýir skilmálar hafa verið ákveðnir, og skulu þeir gagnvart skipum, sem nú eru tryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, taka gildi um áramót.

Skip undir 400 rúml. að stærð, sem nú eru vátryggð utan bátaábyrgðarfélaganna, skulu tekin í tryggingu hjá bátaábyrgðarfélögunum jafnskjótt og vátryggingartímabili hjá núverandi vátryggjanda lýkur, þó eigi fyrr en vátryggingarskilmálar hafa verið ákveðnir í reglugerð og eigi síðar en einu ári eftir gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögum þeim, sem drög eru lögð að með þessu frumvarpi, er ætlað að koma í staðinn fyrir lög nr. 61 31. maí 1947 um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip. Frumvarpið er samið á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins af Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingafræðingi.

Þýðingarmestu breytingar, sem í frumvarpinu felast, eru sem hér segir:

1. Fiskiskip, sem eru allt að 400 rúml. brúttó að stærð, verði skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, en nú nær skyldutryggingin til skipa allt að 100 rúml.
2. Bátaábyrgðarfélögunum verði með vissum skilyrðum heimilað að taka að sér aðrar tryggingar fyrir útgerðina, aðallega slysatryggingar og ábyrgðartryggingar, sem útgerðarmenn hafa með samningum við sjómannasamtökin skuldbundið sig til að kaupa.

3. Vátryggingarskilmálar verði ekki lengur ákveðnir í lögum, heldur með reglugerð að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

Samkvæmt l. nr. 61/1947 eru öll fiskiskip með þilfari allt að 100 lestir að stærð skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum, en félögin eru aftur skyld að endurtryggja skipin hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, sem er miðstöð fyrir bátaábyrgðarfélögin. Um þá stofnun gilda nú lög nr. 23 1921, en samhliða þessu frumvarpi er lagt fram frumvarp til nýrra laga um Samábyrgðina.

Bátaábyrgðarfélögin, sem nú eru starfandi, eru þessi:

1. Vélbátatrygging Reykjaness.
   Félagssvæði: Frá Krísuvíkurbergi að Keilisnesi.
2. Vélbátaábyrgðarfélagið Grótta.
   Félagssvæði: Frá Keilisnesi í Hvalfjarðarbotn.
3. Vélbátaábyrgðarfélag Akurnesinga.
   Félagssvæði: Frá Hvalfjarðarbotni að Búðum (Búðir ekki með).
4. Bátatrygging Breiðafjarðar.
   Félagssvæði: Frá Búðum að Brjánslæk.
5. Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga.
   Félagssvæði: Frá Brjánslæk að Skagatá.
6. Vélbátatrygging Eyjafjarðar.
   Félagssvæði: Frá Skagatá að Digranesi.
7. Skipatrygging Austfjarða.
   Félagssvæði: Frá Digranesi til Hornafjarðar.
8. Vélbátaábyrgðarfélagið Hekla.
   Félagssvæði: Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
9. Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja.
   Félagssvæði: Vestmannaeyjar.

Skyldutryggingu á fiskiskipum var fyrst komið á með l. nr. 27 1938, og náði tryggingarskyldan þá til skipa allt að 70 rúml. að stærð, en takmarkið var fært upp í 100 lestir með l. nr. 31 1942. Þá var langmestur hluti fiskiflotans, nema togararnir, undir 100 lestum að stærð, þar sem einungis rúm 20 skip voru stærri, flest gömul skip.

Á undanförnum árum hefur þróunin orðið sú, að ný skip, sem bætzt hafa í flotann, hafa langflest verið yfir 100 lestir að stærð, og er ekki útlit fyrir, að breyting verði á því á næstunni. Þessi skip eru flest vátryggð hjá einkafélögum.

Hér fer á eftir yfirlit um fjölda skipa, sem vátryggð eru hjá hverju bátaábyrgðarfélagi, vátryggingarfjárhæðir og iðgjöld, og í öðru lagi þau skip yfir 100 lestir, sem skrásett eru á félagssvæði hvers félags og munu koma í tryggingu hjá viðkomandi félagi, ef frumvarpið verður að lögum. Nokkrir bátar yfir 100 lestir eru nú tryggðir hjá bátaábyrgðarfélögunum.

	Nú í tryggingu hjá bátaábyrgðarfél.			Nú tryggð hjá einkafél.		
Bátaábyrgðarfélag	Tala skipa	Vátr. fjárh. þús. kr.	Iðgjald þús. kr.	Tala skipa	Vátr. fjárh. þús. kr.	Iðgjald þús. kr.
Reykjanes	84	240 707	13 886	27	254 836	8 381
Grótta	91	146 980	8 132	41	390 677	15 830
Akranes	21	66 949	3 568	9	74 756	2 820
Breiðafjörður	52	98 669	5 827	6	50 005	1 693
Ísafjörður	156	207 161	10 823	19	181 993	5 654
Eyjafjörður	105	137 620	8 673	23	226 906	7 494
Austfirðir	74	111 676	6 485	22	215 945	7 134
Vestmannaeyjar	81	159 896	9 426	8	84 428	2 666
Hekla	18	52 217	4 073	0		
	682	1 221 875	70 893	155	1 479 546	51 672

Yfirlitið ber það með sér, að nú eru 155 bátar yfir 100 lestir tryggðir hjá einkafélögunum og að vátryggingarverð þessara báta er meira samtals en allra báta, sem tryggðir eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Það er því augljóst, að bátaábyrgðarfélögin gegna ekki nú nema að nokkru leyti því hlutverki, sem þeim var ætlað, þegar núgildandi lög voru sett.

Á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna í nóv. s. l. var gerð svohljóðandi samþykkt:

„Aðalfundur L. Í. Ú., haldinn 26.—28. nóvember, telur, að ekki megi lengur dragast að setja ný lög um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, þar sem gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og á margan hátt ógerlegt að starfa eftir þeim.

Fundurinn telur æskilegt að skyldutrygging fiskiskipa verði miðuð við allt að 400 rúmlestir brúttó og bátaábyrgðarfélögin verði efld frá því sem nú er og verksvið þeirra fært út þannig, að þau annist allar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann.

Það er álit fundarins, að stjórn Samábyrgðar Íslands eða sambands bátaábyrgðarfélaganna eigi að vera í höndum útvegsmanna sjálfra að verulegu leyti, en telur eðlilegt að ríkisvaldið eigi þar einnig sinn fulltrúa. Fundurinn skorar á sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram á Alþingi því, sem nú situr, frumvarp til laga um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip."

Framangreind samþykkt aðalfundar Landssambandsins var höfð til hliðsjónar við samning frumvarpsins.

Bátaábyrgðarfélögin hafa nú auk skipatryggginganna heimild til að taka að sér tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar með samþykki Samábyrgðarinnar og samkvæmt nánari fyrirmælum, sem hún kann að setja, sbr. 5. málsgr. 2 gr. l. nr. 61/1947. Ekki hefur þó orðið af framkvæmdum í þessu efni, nema hjá Bátaábyrgðarfélagi Vestmannaeyja, sem er að mestu undanþegið ákvæðum laganna.

Útgerðarmenn hafa á seinni árum skuldbundið sig með samningum við sjómannasamtökin til að kaupa sérstaka slysatryggingu að upphæð kr. 200 þús. á hvern skipverja og ábyrgðartryggingu að upphæð allt að kr. 1 250 000 fyrir hvert einstakt tjón með hámarksgreiðslu kr. 500 000 til hvers einstaklings. Þessar tryggingar kaupa útgerðarmenn nú hjá einkafélögunum, venjulega hjá því félagi, sem vátryggir skipið, ef um er að ræða skip í frjálsri tryggingu. Æskilegt er, að bátaábyrgðarfélögin geti tekið þessar tryggingar að sér, þar sem þau ættu að geta boðið hagstæðari kjör, auk þess sem það er hagræði fyrir útgerðarmanninn að geta haft þær tryggingar, sem hann þarf á að halda, á sama stað, í stað þess að verða að skipta við fleiri félög.

Vátryggingarskilmálar stærri skipanna, sem tryggð eru á frjálsum markaði, eru aðrir og víðtækari en á minni skipunum. Stóru skipin eru t. d. tryggð 100% og tryggingin nær að nokkru til véltjóna og fleiri atriða, sem trygging bátaábyrgðarfélaganna bætir ekki. Ef þessi skip verða tekin inn í skyldutrygginguna, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er óhjákvæmilegt að tryggja þau með víðtækari skilmálum en nú eru hjá bátaábyrgðarfélögunum. Hins vegar er óvíst og raunar ólíklegt, að heppilegt verði talið að nota sömu skilmála fyrir smá skip og stór.

Vátryggingarskilmálar skyldutryggðu skipanna eru nú ákveðnir með lögunum frá 1947. Þeir eru orðnir úreltir í mörgum greinum. Það er t. d. orðið óraunhæft, að skipseigandi hafi 10% af verði skips í eigin áhættu. Einnig eru reglur um frádrátt frá tjónbótum úreltar.

Það hefur alltaf verið álitamál, hvort rétt væri að ákveða vátryggingarskilmálana með lögum. Slíkt er þungt í vöfum, en æskilegt er að breyta skilmálunum eftir því sem breyttar aðstæður krefjast. Ef nú þar við bætist, að sömu skilmálar geta ekki gilt fyrir öll skipin, þá má telja sjálfsagt að binda skilmálana ekki lengur með lögum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samhljóða 1. gr. l. nr. 61/1947.

Um 2. gr.

Efnislega samhljóða 1.—4. málsgr. 2. gr. l. nr. 61/1947 að öðru leyti en því, að hér er gert ráð fyrir að öll skip allt að 400 rúmlesta að stærð verði skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögunum í stað allt að 100 lesta skipa nú.

Í frumvarpi þessu er notað orðið „bátaábyrgðarfélög“ um þau gagnkvæmu tryggingarfélög, sem um er að ræða. Þannig eru þau aðgreind frá öðrum vátryggingarfélögum. Athugandi væri að breyta nöfnum félaganna þannig að orðið bátaábyrgðarfélag kæmi fyrir í nöfnum þeirra allra.

Um 3. gr.

Það er ekki óalgengt, þegar skip eru orðin gömul og léleg, að þeim er lagt við festar eða dregin á land og ekki hirt um þau framar. Þegar svo er komið er nauðsynlegt, að skipin séu felld úr tryggingu. Um þetta eru ekki sérstök ákvæði í núgildandi lögum, og hefur það valdið erfiðleikum. Hér er reynt að bæta úr því.

Um 4. gr.

Ákvæði þessarar greinar er nýmæli. Með því er opnuð leið til þess að Samábyrgðin dreifi áhættunni milli bátaábyrgðarfélaganna. Þannig má auka hlutdeild þessa tryggingakerfis í áhættunni og spara endurtryggingar út úr kerfinu. Í Noregi er þessi háttur hafður á og hefur gefizt vel.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ráðherra geti heimilað bátaábyrgðarfélögunum að taka að sér aðrar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann, og er þetta í samræmi við ályktun aðalfundar Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem getið er um að framan. Hér er aðallega um að ræða slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar, auk trygginga á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, sem félögunum er nú þegar heimilt að taka að sér með samþykki Samábyrgðarinnar, og vísast til þess, sem sagt er í almenna hluta athugasemdanna.

Gæta verður að því, að slysa- og ábyrgðartryggingarnar fela í sér mikla áhættu, og stórtjón veiða gjarnan samtímis tjóni á skipinu sjálfu (ef áhöfnin ferst, týnist skipið einnig). Þess vegna þarf að fara með gát í þessu efni, og verður óhjákvæmilegt að félögin endurtryggi mikinn hluta þeirrar áhættu, sem þau taka að sér í þessum tryggingum, enda er gert ráð fyrir því í öðru frumvarpi, að Samábyrgðin geti tekið endurtrygginguna að sér. Af sömu ástæðum þykir rétt að gera það að skilyrði fyrir því, að bátaábyrgðarfélag fái heimild til að taka þessar tryggingar að sér, að félagsmenn hafi almennt áhuga á því, sjá 2. mgr.

Sjálfsagt er að halda þessum tryggingum sér í reikningum félaganna. Hins vegar þykir ekki ráðlegt að ákveða, að aðalsjóður félags beri ekki ábyrgð á skuldbindingum vegna þessarar starfsemi, þar sem það mundi gera fjárhagslegan grundvöll hennar of veikan.

Um 6. gr.

1. mgr. er efnislega samhljóða síðustu mgr. 2. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 110/1949.

Útgerð hvalveiðiskipa er svo frábrugðin útgerð annarra fiskiskipa, að sjálfsagt þykir að þau falli utan við skyldutrygginguna.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. málsgr. 3. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

3. mgr. er efnislega samhljóða 12. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952. Þó er hámark sektar hækkað úr 5000 kr. í 25000 kr. vegna breytts peningagildis.

Um 8. gr.

Þessi grein kemur í stað 5. gr. l. nr. 61/1947.

Bátaábyrgðarfélögin hafa nú öll 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin áhættu, þó aldrei yfir ákveðið hámark, sem nú er þannig:

Reykjanes	150 þús.
Grótta	100 —
Akranes	100 —
Breiðafjörður	200 —
Ísafjörður	300 —
Eyjafjörður	500 —
Austfirðir	200 —
Hekla	100 —

Eyjafjarðarfélagið kaupir sérstaka toppatryggingu vegna tjóna, sem ella færu yfir 200 000 kr. í ábyrgð félagsins.

Vestmannaeyjafélagið, sem er undanþegið ákvæðum laganna, endurtryggir aðeins helming af totaltjónum og björgunarkostnaði, en ekkert af öðrum tjónum.

Óheppilegt verður að telja að binda það í lögum, að félögin megi ekki hafa nema 15% af vátryggingarupphæð hvers skips í eigin áhættu. Frá áhættusjónarmiði gætu a. m. k. stærri félögin haft í eigin áhættu stærri hluta í litlum bátum. Þess vegna er betra að binda hámarksáhættu félags eingöngu við ákveðna upphæð í hverju skipi, en ekki hundraðshluta af vátryggingarfjárhæð. Eðlilegt er að slík hámarksupphæð sé mismunandi eftir félögum, þar sem félögin eru misjafnlega öflug.

Af 2. mgr. leiðir, að ekki er ætlunin að skylda bátaábyrgðarfélögin til að endurtryggja hjá Samábyrgðinni þær áhættur, sem þau kunna að taka að sér skv. 5. gr., heldur er hugmyndin að þau ráði því, hvar slík endurtrygging er keypt.

Um 9. gr.

Þessi grein kemur í stað tilsvarandi ákvæða í 6. gr. l. nr. 61/1947.

Hér er gert ráð fyrir, að stjórn bátaábyrgðarfélags sé skipuð 5 mönnum, sem kosnir eru á aðalfundi, en nú eru stjórnarmenn þrír, þar af einn skipaður af Samábyrgðinni, auk þriggja varamanna. Jafnframt eru sett fyllri ákvæði um stjórnarfundi og að stjórnarmaður megi ekki taka þátt í afgreiðslu máls, sem snertir hann sjálfan fjárhagslega, og má það teljast sjálfsagt. En þetta mælir aftur með því, að stjórnarmenn séu fleiri en þrír. Hins vegar er lagt til, að stjórnin sé ályktunarfær ef þrír mæta, og þá á ekki að vera þörf á varamönnum.

Um 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum í 6. gr. l. nr. 61/1947.

Um 11. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru að mestu efnislega samhljóða ákvæðum 8. gr. l. nr. 61/1947. Helzta breytingin er sú, að eitt atkvæði er fyrir hverjar 500 000 kr. eða minni upphæð í hverju skipi, en skv. núgildandi lögum er eitt atkvæði fyrir hverjar 5000 kr., sem er orðið fráleitt. Einnig er hér gert ráð fyrir að fundur sé boðaður með „auglýsingum í blöðum og útvarpi eða á annan öruggan hátt", en skv. gömlu lögunum á að boða fund með skriflegri eða símaðri tilkynningu til skipaeigenda.

Um 12. gr.

Þessi grein er samhljóða 9. gr. l. nr. 61/1947

Um 13. gr.

1. og 2. málsgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. mgr. 7. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

3. mgr. er samhljóða 1. og 2. málslið 4. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

4. mgr. er efnislega samhljóða 2. málslið 3. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

5. mgr. er efnislega samhljóða 5. málsgrein 11. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

6. mgr. er samhljóða 2. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

7. mgr. kemur í stað 7. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947 (sjá breytingu á númerum málsgreina með l. nr. 103/1952). Fellt er niður ákvæðið um, að aðeins skuli vátryggja 9/10 af virðingarverði skips. Hins vegar þurfa að koma í reglugerð ákvæði um frádrátt frá tjónbótum, sem væntanlega ná einnig til alskaða, og því er orðalag málsgreinarinnar haft svo.

8. mgr. er efnislega samhljóða 3. mgr. 7. gr. l. nr. 61/1947.

Um 14. gr.

Þessi grein er eftir því sem við á samhljóða 2. mgr. 22. gr. l. nr. 61/1947 að öðru leyti en því, að niður er fellt ákvæði um, að eigi megi greiða meira en 50% af afla- og veiðarfæratjóni, sem skip, er kemur til hjálpar, verður fyrir, en það ákvæði er óheppilegt.

Þar sem 2. gr. frv. gerir ráð fyrir, að tryggingarskyldan nái framvegis til skipa allt að 400 rúmlestir í stað 100 rúmlesta áður, ná ákvæði þessarar greinar að sjálfsögðu einnig yfir þeim mun víðtækara svið. Ætti það að stuðla verulega að ódýrari tryggingu skipanna.

Um 15. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 1. mgr. 30. gr. l. nr. 61/1947.

Um 16. gr.

Ákvæði þessarar greinar koma í stað ákvæða 4. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952.

Samkvæmt gömlu lögunum ber ríkissjóður vissa ábyrgð á skuldbindingum félaganna, þó hámark kr. 800 000, sem síðan á að endurgreiðast. Auk þess er heimild til að veita félögunum ríkisábyrgð fyrir lánum allt að 1 millj. króna. Lagt er til, að þessi ákvæði falli niður, enda hafa þau litla þýðingu nú orðið vegna verðfalls krónunnar. Auk þess er eðlilegt að ganga út frá því, að félögin verði að standa á eigin fótum fjárhagslega án aðstoðar ríkisins.

Samkvæmt núgildandi lögum er heimilt að innheimta allt að 1% aukagjald á ári af vátryggingarverði skipanna, ef fjárhagur félags telst ekki sæmilega traustur, og renni gjaldið í sjóð félagsins. Þetta ákvæði hefur verið notað talsvert, en frá og með 1964 er aukaiðgjald ekki innheimt.

Nú er lagt til, að heimild til álagningar aukaiðgjalds sé miðað við 20% af iðgjöldum skipanna sem hámark, en eðlilegra verður að telja, að miðað sé við hundraðshluta af iðgjöldum heldur en hundraðshluta af vátryggingarverði. Þá er lagt til að leggja megi allt að 100% aukaiðgjald á tryggingar skv. 5. gr., þ. e. tryggingar á afla og veiðarfærum, slysa- og ábyrgðartryggingar, og er að sjálfsögðu til þess ætlazt, að aukaiðgjald verði því aðeins lagt á þessar tryggingar, að halli hafi orðið á þeim. Til samanburðar má geta þess, að í lögum norskra bátaábyrgðarfélaga er heimild til álagningar allt að 200% aukaiðgjalds.

Af síðustu málsgreininni leiðir, að unnt er að ákveða aukaiðgjald eftir á, þ. e. þegar séð er nokkurn veginn, hvernig útkoma ársins hefur orðið, þó eigi síðar en 2 mánuðum eftir lok ársins.

Heimildin til álagningar augaiðgjalds hefur það markmið að gera félögunum kleift að taka meiri áhættu á eigin reikning en ella, og á það að geta stuðlað að lægri iðgjöldum.

Um 17. gr.

Fyrri málsliður er efnislega samhljóða 1. málslið 3. mgr. 30. gr. l. nr. 61/1947. Síðari málsliður er hliðstæður síðustu mgr. 4. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 103/1952. Hér er ekki minnst á inntökugjald, enda er ætlazt til að það falli niður.

Ekki er gert ráð fyrir, að félag eigi lögveð í skipi fyrir iðgjöldum af tryggingum samkv. 5. gr.

Um 18. gr.

Þessi gr. er efnislega samhljóða síðustu mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947.

Um 19. gr.

Þessi gr. er efnislega samhljóða 32. gr. l. nr. 61/1947, eftir því sem við á. Þó þykir ekki ástæða til að undanþiggja ágreining út af þóknun fyrir aðstoð gerðardómsmeðferð, eins og gert er í núgildandi lögum.

Um 20. gr.

Þessi gr. er samhljóða 33. gr. l. nr. 61/1947.

Um 21. gr.

Fyrri mgr. er efnislega samhljóða 35. gr. l. nr. 61/1947, sjá l. nr. 44/1962. Síðari mgr. er hliðstæð 2. málslið 8. mgr. 11. gr. l. nr. 61/1947. Hér er gert ráð fyrir, að vátryggingarskírteini vegna trygginga skv. 5. gr. séu einnig undanþegin stimpilgjaldi.

Um 22. gr.

Eins og áður var nefnt eru vátryggingarskilmálar ekki teknir upp í frumvarp þetta nema að litlu leyti, heldur gert ráð fyrir að þeir verði ákveðnir með reglugerð. Þær greinar l. nr. 61/1947, sem falla niður af þessum sökum, eru 7. mgr. 11. gr., 13.—21. gr., 1. mgr. 22. gr., 23.—29. gr., 4. mgr. 30. gr.

Um 23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 80. Frumvarp til laga [68. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Á eftir a-lið 45. gr. komi nýr stafliður, svo hljóðandi, en aðrir stafliðir breytast eftir því:

b. Að endurgreiða sjúkrasamlögum ¾ hluta kostnaðar, samkvæmt h-lið og i-lið 49. gr. Nú hrekkur framlag lífeyrisdeildar, samkvæmt 78. gr. d-lið, ekki til greiðslu þessa kostnaðar, og skal þá jafna hallann af framlagi ríkissjóðs til sjúkrasamlaganna og skipta honum á samlögin í réttu hlutfalli við fjölda samlagsmanna.

2. gr.

Á eftir g-lið 49. gr. komi tveir stafliðir, svo hljóðandi:

h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað samlagslæknis til þeirra samlagssjúklinga, sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, ef um lengri vegalengd en 10 km er að ræða á landi, eða nota verður skip eða flugvélar við flutninga. Ferðakostnað þenna skal greiða að hálfu, ef læknir notar eigið faratæki, ella að ¾ hlutum.

i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns í sjúkrahús innanlands að ¾ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúka svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.

3. gr.

d-liður 78. gr. orðist svo:

Framlög til héraðssamlaga, sbr. 45. gr. b, og til sjúkrasamlaga í kaupstöðum, samkvæmt fjárhagsáætlun lífeyrisdeildar. Enn fremur allt að tvöföldu framlagi ríkissjóðs til ferðastyrks sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun fjár samkvæmt þessum staflið.

Á eftir d-lið komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

e. Styrk til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum utan sjúkrahúsa. Reglur um greiðslu styrkjanna setur tryggingaráð.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1966. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði. Læknisvitjanasjóðir þeir, sem nú eru, skulu renna til hlutaðeigandi héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til:

1. *að* sjúkrasamlögum verði skylt að greiða verulegan hluta af óhjákvæmilegum ferðakostnaði lækna, þegar ferð læknis til sjúklings er meiri en 10 km, eða nota verður skip eða flugvélar við ferðina, og flutningskostnað sjúklinga í sjúkrahús innanlands, ef flutningsþörf er brýn og líðan sjúklings svo varið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum.
2. *að* Tryggingastofnun ríkisins annist styrkveitingar til örkumla manna eða fatlaðra, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og til lamaðra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum, utan sjúkrahúsa, sbr. annað stjórnarfrumvarp um breyting á lögum nr. 78/1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Um 1.

Kostnaður sá, sem hér um ræðir, er oft mjög tilfinnanlegur og stundum mun meiri, en læknisþjónustan eða sjúkrahúsvistin, sem sjúkrasamlögum er skylt að greiða. Gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að þær ferðir einar verði greiddar af tryggingunum, sem nauðsynlegar eru. Virðist því óeðlilegt, að sjúkratryggingarnar taki ekki þátt í þessum kostnaði, þar eð hann er óhjákvæmilegur liður í því, að sjúklingurinn fái notið nauðsynlegrar hjúkrunarþjónustu.

Með lögum nr. 59/1942 var stofnað til læknisvitjanasjóða, sem hefðu það markmið að styrkja til læknisvitjana héraðsbúa, sem eiga erfiða læknisókn, eða létta þeim læknissóknina.

Reynslan af þessum lögum hefur orðið sú, að sjóðir þessir hafa aldrei náð verulegum viðgangi og því lítið stoðað til lausnar þessa vandamáls. Þar að auki má teljast óeðlilegt, að fleiri stofnanir séu starfræktar til þess að leysa sama vandann. Hlutverk sjúkratrygginganna er *að aðstoða sjúka*. Eins og áður segir eru flutningar þeir, sem hér um ræðir, aðeins liður í þeirri aðstoð og því sjálfsagt, að tryggingarnar leysi þenna vanda. Með frumvarpi þessu er því lagt til, að lögin frá 1942, um læknisvitjanasjóði, verði numin úr gildi og að þeir sjóðir, sem stofnaðir hafa verið, verði látnir renna til héraðssamlaga eða sjúkrasamlaga.

Vegna þess, að mörg sjúkrasamlögin eru svo fámenn, að gera verður ráð fyrir, að þau geti ekki ávallt risið undir þeim kostnaði, sem leitt gæti af ákvæðum þessa frumvarps, er lagt til, að héraðssamlögin greiði sjúkrasamlögunum ¾ hluta þess kostnaðar, sem af 2. gr. frumvarpsins leiðir. Jafnframt er lagt til, að aðstoð sú, sem lífeyrisdeild almannatrygginga hefur veitt til sjúkraflutninga samkvæmt d-lið 78. gr. almannatryggingalaga verði látin renna til héraðssamlaganna, samkvæmt reglum um úthlutun, sem Tryggingaráð setur. Fjárhæð sú, sem lífeyrisdeild veitir framvegis í þessu skyni verði ákveðin í fjárhagsáætlun Tryggingastofnunarinnar á ári hverju. Ef greiðslur lífeyrisdeildar hrökkva ekki fyrir útgjöldum héraðssamlaga, er lagt til, að mismunurinn verði tekinn af framlagi ríkissjóðs til samlaganna og honum skipt á sjúkrasamlögin í hverju héraðssamlagi í réttu hlutfalli við meðlimatölu hvers sjúkrasamlags.

Eftirfarandi skrá sýnir hver framlög hafa verið veitt til sjúkraflutninga, annars vegar úr ríkissjóði til læknisvitjanasjóða og hins vegar frá lífeyrisdeild almannatrygginganna á árunum 1955—1964.

	Skv. lögum um læknisvitjanasjóði	Frá lífeyrisdeild almannatrygginga
1955	kr. 17 490.00	kr. 100 018.65
1956	— 12 600.00	— 110 722.16
1957	— 13 372.00	— 108 096.94
1958	— 28 046.00	— 100 447.43
1959	— 9 920.00	— 97 352.96
1960	— 14 504.00	— 135 426.47
1961	— 9 370.00	— 145 945.83
1962	— 54 454.91	— 190 618.90
1963	— 5 862.00	— 224 709.57
1964	— 24 240.00	— 320 162.60
Samtals	kr. 189 858.91	kr. 1 533 501.51

Samkvæmt fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins er áætlað framlag lífeyrisdeildar árið 1966 700 þús. krónur. Það er fremur ósennilegt að kostnaður héraðssamlaga vegna þessa frumvarps verði hærri en sú fjárhæð á næsta ári.

Um 2.

Þar eð Tryggingastofnun ríkisins veitir lífeyri og styrk til öryrkja, virðist eðlilegt, að hún veiti einnig styrki þá til örkumla manna og fatlaðra, sem hér um ræðir.

Hingað til hafa hlutaðeigandi sveitarfélög veitt styrki í þessu skyni á móti styrknum frá ríkisframfærslunni, en þar eð sveitarfélögin standa straum af kostnaði við Tryggingastofnun ríkisins að vissum hluta, verður þátttaka þeirra við þessa styrki sjálfkrafa, svo að ekki virðist ástæða til, að krefja þau sérstaklega vegna þeirra styrkja, sem veittir verða framvegis af stofnuninni. Af þessu leiðir einnig, að styrkir stofnunarinnar verða ekki takmarkaðir við ⅘ hluta eins og verið hefur um styrki af hálfu ríkisframfærslunnar, heldur fer það eftir mati stofnunarinnar,

í einstökum tilvikum, hvort hún veitir styrki og þá hve háa. Þessi kostnaður var áætlaður á 2.2 milljónir króna hjá ríkisframfærslunni á þessu ári, en gera verður ráð fyrir að kostnaður Tryggingastofnunar ríkisins verði nokkru hærri, eða sem svarar þeirri fjárhæð, sem sveitarfélögin hafa greitt beint í þessu skyni, sem virðist mega áætla ca. 600 þús. kr. miðað við yfirstandandi ár.

Ed. 81. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

3. tl. 1. gr. falli niður.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið veitir styrk samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum landlæknis. Ráðuneytið lætur gera í samráði við landlækni eyðublöð fyrir læknisvottorð, sem veita fullnægjandi upplýsingar um sjúklinginn.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Niður falli orðin: „— nudd- og rafmagnsaðgerðir mænusóttarsjúklinga —“ í 6. gr. 2. tl. Enn fremur falli niður 4. tl. og síðasta málsgrein greinarinnar.

5. gr.

Orðin „— eða 4. —“ í 7. gr. falli niður.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að framfærslusveit styrkþegans greiði það, sem á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður samkvæmt 4., 5. og 6. gr., er ríkissjóðsstyrkurinn hefur verið greiddur. Þessi greiðsla framfærslusveitar telst ekki veittur sveitarstyrkur.

7. gr.

9. gr. falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að horfið verði frá efnahagsviðmiðun í sambandi við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þá er enn fremur lagt til,

að niður verði felldir styrkir þeir, sem ríkisframfærslan hefur veitt til örkumla fólks, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og styrkir til þeirra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum. Í öðru stjórnarfrumvarpi, um breyting á lögum um almannatryggingar, er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins veiti þessa styrki framvegis.

Um afnám efnahagsviðmiðunarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

Það er meginregla í lögum um almannatryggingar hér á landi, að efnahagur bótaþega hefur ekki áhrif á fjárhæðir bóta. Þessi regla var staðfest með afnámi skerðingarákvæðanna, sbr. lög nr. 86 28. des. 1960.

Svo sem kunnugt er annast sjúkrasamlögin tryggingar vegna sjúkra. Frá þeirri reglu er þó mikilvæg undantekning, þar eð verulegur hluti sjúklinga er á ríkisframfæri, samkvæmt lögum nr. 78 23. júní 1963, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Kostnaður vegna þeirra, sem eru á ríkisframfærslunni er yfirleitt greiddur að ⅘ hlutum úr ríkissjóði og að ⅕ hluta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Sjúkrabætur, sem greiddar eru af sjúkrasamlögum eru greiddar án tillits til efnahags sjúklinganna. Hins vegar er fyrirgreiðsla ríkisframfærslunnar miðuð við efnahag og háð því, að hlutaðeigandi sjúklingur eða framfærandi hans sé ekki fær um að standast kostnaðinn án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu. Í framkvæmd hefur verið reynt að setja ákveðnar reglur um þessa efnahagsviðmiðun, en þrátt fyrir það verður slíkt mat nokkuð handahófskennt. Áætlað hefur verið, að sá sparnaður, sem fæst með þessari efnahagsviðmiðun nemi ca. kr. 700 000.00 til kr. 900 000.00 á ári fyrir ríkissjóð. Þá er miðað við daggjöld og annan kostnað eins og hann var á þessu ári. Þar eð líta verður á ríkisframfærsluna, sem lið í sjúkratryggingum þjóðarinnar er mjög óviðfeldið, að þeir sem fá sína fyrirgreiðslu hjá henni, skuli látnir sæta ákvæðum um algera synjun bóta af efnahagsástæðum, þó að sjúkdómar þeirra séu einmitt yfirleitt alvarlegri en þeir sjúkdómar, sem kostaðir eru alveg af sjúkrasamlögunum. Virðist því rétt að falla frá efnahagsviðmiðun í sambandi við ríkisframfærsluna, svo sem lagt er til í frv. þessu.

Á sínum tíma var ríkisframfærslan sett á fót til þess fyrst og fremst að vinnna bug á berklaveikinni. Síðar var verksviðið stækkað vegna þess, að sjúkratryggingar voru annað hvort engar eða alveg ófullnægjandi. Sú skipting, sem hér hefur þróazt varðandi hjálp til sjúkra, er í sjálfu sér óeðlileg og hefur aðeins orðið til af framangreindum ástæðum. Takmarkið er ótvírætt það, að sjúkrasamlögin taki alveg að sér hjálp vegna sjúkra og að þessi skipting verði afnumin. Þessi breyting virðist hafa í för með sér verulegan vinnusparnað.

Síðarnefnda breytingin varðar gervilimastyrki og styrki vegna æfingameðferðar. Þar eð Tryggingastofnun ríkisins veitir lífeyri og styrki til öryrkja, virðist eðlilegt, að hún annist einnig þær styrkveitingar vegna örkumla, sem hingað til hafa verið veittar af ríkisframfærslunni. Kostnaður við gervilimi var áætlaður 2.2 milljónir króna á árinu 1965. Er nú lagt til, að þessum kostnaði verði létt af ríkissjóði, en Tryggingastofnun ríkisins taki að sér þessar greiðslur. Frumvarp þetta virðist því ekki auka útgjöld ríkissjóðs. Munurinn, sem verða kann, verður ríkissjóði fremur í hag. Nánar er fjallað um þessa breytingu í frumvarpinu um breyting á lögum um almannatryggingar, sem áður er getið.

Að lokum skal þess getið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna að því, að ríkisframfærslan verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún er nú og að fela Tryggingastofnun ríkisins að hefja undirbúning að því, að sjúkratryggingar og lífeyristryggingar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar eigi síðar en á árinu 1967, þó þannig, að kostnaður vegna berklasjúklinga, geðveikra og fávita yrði áfram greiddur af ríkisframfærslunni, ef það þætti betur henta.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í samræmi við aðra breytingu frumvarpsins, sbr. framanritað.

Um 2. gr.

Fyrri mgr. núgildandi laga fellur niður samkvæmt þeirri breytingu, sem áður er lýst, um afnám efnahagsviðmiðunarinnar.

Um 3. gr.

Breyting sú, sem hér um ræðir, er af sömu rót runnin og breytingin á 2. gr. frumvarpsins.

Heimildin til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðisins er m. a. vegna þess, að með afnámi efnahagsviðmiðunar, er ekki lengur þörf fyrir efnahagsskýrslur, sem sveitarstjórnir hafa sent ráðuneytinu, en setja verður reglur um tilkynningu til sveitarstjórnanna, um úrskurði, sem skylda þau til greiðslu á ⅕ hluta kostnaðarins.

Um 4. gr.

Niðurfellingar þær, sem greinin fjallar um, eru gerðar í samræmi við þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við gerfilimi og æfingarmeðferðir.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Fyrsti málsliður greinarinnar er samhljóða 1. málslið 8. gr. Önnur ákvæði 8. gr., sem lagt er til, að niður verði felld, eru nátengd afnámi efnahagsviðmiðunarinnar og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Vísast til athugasemdar við 6. gr.

Um 8. gr.

Breytingar þær, sem felast í frumvarpi þessu, er hagkvæmast að miða við áramót af ástæðum, sem snerta bókhald og reikningsskil.

Ed. 82. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á tveimur fundum og orðið ásátt um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn, þeir Alfreð Gíslason og Geir Hallgrímsson, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt frá nefndinni.

Alþingi, 15. nóv. 1965.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Bjartmar Guðmundsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 83. Fyrirspurnir. [70. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um sjálfvirkar símstöðvar í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Hvenær má búast við, að símkerfi neðangreindra sveitarfélaga verði tengd sjálfvirka símkerfinu:

I. Gullbringusýsla:
   a) Hafnahreppur,
   b) Vatnsleysustrandarhreppur.
II. Kjósarsýsla:
   a) Mosfellshreppur,
   b) Kjalarneshreppur,
   c) Kjósarhreppur?

II. Til ríkisstjórnarinnar um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá Karli Kristjánssyni og Halldóri E. Sigurðssyni.

Ætlar ríkisstjórnin ekki að endurflytja „frumvarp til laga um Lánasjóð sveitarfélaga“, sem kom fram sem stjórnarfrumvarp á síðasta þingi, en var af einhverjum ástæðum ekki fylgt eftir til afgreiðslu? — Og ef hún ætlar að endurflytja frumvarpið, hvers vegna lætur hún það dragast?

Ed. 84. Lög [58. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

(Afgreidd frá Ed. 15. nóv.)

Samhljóða þskj. 66.

Nd. 85. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Halldóri E. Sigurðssyni.

Við 5. gr. 2. málsgr. hljóði þannig:

Fuglaveiðar á afréttum utan landareigna lögbýla eru háðar leyfum sveitarstjórna eða upprekstrarfélaga, sem afréttirnar eiga eða nota.

Sþ. 86. Tillaga til þingsályktunar [71. mál]

um skýrslugjafir fulltrúa Íslands á þjóðaráðstefnum.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að setja reglur um það, með hverjum hætti fulltrúar Íslands á þjóðaráðstefnum gefi Alþingi skýrslu um störf og ályktanir á þeim fundum, er þeir sækja, eða að láta, ef þörf krefur, undirbúa löggjöf um þvílíkar skýrslugjafir.

Greinargerð.

Það fer mjög í vöxt, að Ísland taki þátt í alþjóðasamtökum og sendi fulltrúa á fjölþjóðlegar ráðstefnur. Fulltrúar landsins á slíkum ráðstefnum gefa sjálfsagt ríkisstjórninni skýrslur. Hins vegar hefur það hingað til ekki tíðkazt, að skýrslur þeirra væru lagðar fyrir Alþingi. Á því þarf að verða breyting, því að á ráðstefnum þessum er oft fjallað um mikilvæg utanríkismál og alþjóðaskipti, sem æskilegt er, að Alþingi geti fylgzt með. Það sýnist t. d. sjálfsagt, að Alþingi eigi þess kost að kynna sér, hvað hinir íslenzku fulltrúar hafa lagt til mála á þvílíkum ráðstefnum og hver hafi verið afstaða þeirra til tillagna, sem þar komu fram og afgreiddar voru.

Það verður varla um það deilt, að Alþingi á að réttu lagi að ráða mestu um utanríkisstefnu landsins. Þess vegna er það tryggt með 21. gr. stjórnarskrárinnar, að mikilvægir milliríkjasamningar séu ekki gerðir án vitunar og vilja Alþingis. Þess vegna hefur hér einnig verið sett á stofn sérstök þingnefnd, utanríkismálanefnd, til þess að fjalla um utanríkismál almennt. Á því hefur þó orðið mikill misbrestur, bæði fyrr og síðar, að utanríkismálanefnd hafi fengið þau málefni til meðferðar, sem rétt hefði verið. Og skýrslur frá fulltrúum landsins á alþjóðlegum þingum og ráðstefnum munu alls ekki hafa verið fyrir hana lagðar. Hér er þó í fæstum tilfellum um leyndarmál að ræða. Hér þarf að breyta um starfshætti. Alþingi á að fá tækifæri til að skoða og ræða slíkar skýrslur, enda sé þar ekki um leyndarmál að ræða.

Í þessari þingsályktunartillögu er því lagt til, að ríkisstjórninni sé falið að setja reglur um þessar skýrslugjafir til Alþingis eða undirbúa löggjöf um það efni. Sjálfsagt mætti setja slíkar reglur í forsetaúrskurði, en e. t. v. verður álitið eðlilegra að taka þær upp í lög. Er gert ráð fyrir því, að stjórnin velji þann kostinn, sem álitinn verður eðlilegri að athuguðu máli. Jafnframt yrði að athuga, hver háttur á framlagningu væri heppilegastur, t. d. hvort leggja ætti skýrslurnar beint fyrir Alþingi og þá í hvaða formi, eða hvort leggja ætti þær fyrst fyrir utanríkismálanefnd, sem síðan gæti e. t. v. lagt starfsskýrslu fyrir þingið, og gæti þá slík skýrsla orðið grundvöllur að almennum árlegum umræðum um utanríkismál.

Hér er ekki um að ræða kröfur um óeðlilega skriffinnsku, heldur um sjálfsagða starfshætti í þingstjórnarlandi.

Fyrir tillögunni verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 87. Frumvarp til laga [72. mál]

um hægri handar umferð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI

1. gr.

Á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, sbr. lög nr. 26 14. maí 1960, eru gerðar þessar breytingar:

a. Í stað „vinstri“ í 45., 46., 47., 48., 51., 61. og 63. gr. komi: hægri.
b. Í stað „vinstra“ í 45., 46. og 47. gr. komi: hægra.
c. Í stað „hægri“ í 46., 47., 61. og 63. gr. komi: vinstri.
d. Í stað „hægra“ í 47. gr. komi: vinstra.

II. KAFLI

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd, er hafi á hendi undirbúning og stjórn framkvæmda við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Framkvæmdanefndin ræður sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið að þörfum með samþykki nefndarinnar.

3. gr.

Starfssvið framkvæmdanefndar skal meðal annars vera þetta:

1. að kanna og sannreyna eftir því sem unnt er áætlanir um framkvæmdir og kostnað, sem leiðir af breytingu umferðarreglnanna, sbr. 1. gr., og bæta ber samkvæmt 6. gr.
2. að stuðla að því, að nýtt verði svo sem unnt er afkastageta fyrirtækja til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á bifreiðum.
3. að fylgjast með, að framkvæmdar verði nauðsynlegar breytingar á vega- og gatnakerfi landsins, þar með taldar breytingar á umferðarljósum og umferðarmerkjum.
4. að undirbúa og framkvæma í samráði við yfirvöld, félög og stofnanir þá fræðslu og upplýsingastarfsemi, sem telja má nauðsynlega, svo og stuðla að því, að ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir umferðarslys í sambandi við breytingu umferðarreglnanna.
5. að ákveða greiðslur samkvæmt 6. gr.
6. að gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar stjórnvaldsráðstafanir í sambandi við breytingu umferðarreglnanna.

4. gr.

Framkvæmdanefndinni ber að leita aðstoðar þeirra embættismanna, stofnana og félagasamtaka, sem að liði geta orðið við úrlausn einstakra viðfangsefna í sambandi við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar, kvatt henni til ráðuneytis ráðgjafarnefnd, sem skipuð verði fulltrúum þeirra aðila, sem breytingin varðar sérstaklega, eða stuðlað geta að farsælli framkvæmd hennar.

III. KAFLI

5. gr.

Kostnaður, sem leiðir af breytingu úr vinstri í hægri handar umferð, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt því, sem nánar segir í lögum þessum.

6. gr.

Bæta skal kostnað vegna eftirtalinna framkvæmda:

1. Kostnað við nauðsynlegar breytingar á vega- og gatnakerfi landsins, þar með taldar breytingar á umferðarljósum og umferðarmerkjum.
2. Kostnað við nauðsynlegar breytingar á bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum.
3. Annan óhjákvæmilegan beinan kostnað, sem leiðir af breytingu umferðarreglnanna.

Eigi skal bæta annað en beinan kostnað. Eigi skal heldur bæta fyrstu kr. 1000.00 af kostnaði við breytingu á hverju ökutæki.

7. gr.

Bótarétt samkvæmt 6. gr. eiga veghaldarar, skráðir eigendur ökutækja, svo og aðrir þeir, sem eins stendur á um.

8. gr.

Hver sá, sem telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt 6. gr., skal, áður en framkvæmdir hefjast, senda framkvæmdanefnd nákvæma greinargerð um þær breytingar, er framkvæma skal, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Eigi skal bæta kostnað nema framkvæmdanefnd hafi fallizt á nauðsyn breytingar og kostnaðaráætlun áður en ráðizt er í framkvæmd.

9. gr.

Bætur skal að jafnaði greiða eftir á, þegar framkvæmd er að fullu lokið. Heimilt er þó að greiða bætur að nokkru eða öllu leyti fyrr, ef um meiri háttar framkvæmd er að ræða, gegn tryggingu, sem framkvæmdanefnd tekur gilda.

10. gr.

Greinargerðir og áætlanir samkvæmt 8. gr. skulu hafa borizt framkvæmdanefnd eigi síðar en 1. janúar 1968.

Kröfur um greiðslu bóta skulu hafa borizt framkvæmdanefnd innan þriggja mánaða frá því er verki lauk.

Framkvæmdanefnd getur þó í einstökum tilvikum veitt undanþágu frá ofangreindum frestum, þannig að frestur samkvæmt 1. mgr. geti orðið til ársloka 1968, en frestur samkvæmt 2. mgr. lengist í allt að sex mánuði frá því verki lauk.

Kröfur, sem berast síðar en að framan getur, verða eigi teknar til greina.

11. gr.

Ákvörðun framkvæmdanefndar um það, hvort bæta skuli kostnað vegna framkvæmdar og um bótafjárhæð má skjóta til dómnefndar innan þriggja mánaða frá því ákvörðun barst aðila.

Dómsmálaráðherra skipar tvo menn í dómnefnd þessa. Skal annar þeirra vera lögfræðingur, er fullnægi almennum dómaraskilyrðum, og skal hann vera forseti dómsins. Við meðferð hvers máls skulu dómendur kveðja til hinn þriðja dómara, og skal hann vera sérfróður á því sviði, sem um er fjallað.

Um meðferð mála fyrir dómi þessum gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði eftir því, sem við á.

Úrskurður dómnefndar skal vera fullnaðarúrskurður í málinu.

IV. KAFLI

12. gr.

Á árunum 1966—1969 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: kr. 200.00 árið 1966, kr. 300.00 árið 1967, kr. 400.00 árið 1968 og kr. 200.00 árið 1969.
b. Af öðrum bifreiðum: kr. 350.00 árið 1966, kr. 550.00 árið 1967, kr. 750.00 árið 1968 og kr. 350.00 árið 1969.

13. gr.

Skattur þessi greiðist af hverri bifreið, sem er á ökutækjaskrá í upphafi árs, og af hverri bifreið, sem skráð er fyrsta sinni síðar á árinu. Eigi kemur til endurgreiðslu á skatti þessum, þótt skattskyld bifreið ónýtist eða skráningarmerki bifreiðar sé afhent lögreglustjóra til geymslu.

14. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru þær bifreiðir, sem taldar eru í 1. málsgr. 88. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963.

15. gr.

Um innheimtu skatts þessa fer að öðru leyti á sama hátt og um innheimtu þungaskatts af bifreiðum samkvæmt vegalögum.

V. KAFLI

16. gr.

Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett bráðabirgðareglur um umferð, svo og önnur nánari ákvæði um skipan mála samkvæmt lögum þessum.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en á þeim degi apríl, maí eða júní mánaðar 1968, sem dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar.

19. gr.

Þegar ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda, skal fella ákvæði þeirrar greinar, svo og aðrar breytingar á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, inn í meginmál þeirra laga og gefa lögin út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af umferðarlaganefnd samkvæmt beiðni dómsmálaráðuneytisins.

Frumvarpinu fylgdi frá nefndinni svofelld greinargerð:

I.

Þegar athugað er, hvers vegna vinstri eða hægri handar umferð tíðkast í hinum ýmsu löndum, kemur í ljós, að svo virðist sem þróun á hverjum stað hafi mótazt af gömlum venjum, er áttu rót sína að rekja til umferðar á hestum, vopnabúnaðar o. fl. Reglan um hægri handar umferð er runnin frá Rómarétti, en áhrifa hans gætti mjög í lagasetningu margra Evrópuríkja. Hér á landi varð vinstri handar umferð ríkjandi, og er talið, að þar hafi ráðið miklu, að fótaskör kvensöðla var á vinstri hlið hestsins.

Þegar hraðgengum vélknúnum ökutækjum fjölgaði og ferðir manna landa á milli urðu tíðari en áður, komu upp úrlausnarefni og vandamál. Á meginlandi Evrópu varð þróunin á þann veg, að hægri handar umferð varð ríkjandi í flestum hinna stærri landa, t. d. Frakklandi, Rússlandi og Þýzkalandi. Vinstri handar umferð var þó í ýmsum löndum, en smám saman var horfið að hægri handar umferð í flestum þeirra. Má nefna, að Austurríki, Tékkóslóvakía, Ungverjaland og Portúgal hafa á síðustu áratugum tekið upp hægri handar umferð. Er nú svo komið, að hægri handar umferð tíðkast alls staðar á meginlandi Evrópu nema í Sviþjóð. Í Vesturheimi er hægri handar umferð ríkjandi. Meðal ríkja utan Evrópu, sem tekið hafa upp hægri handar umferð, má nefna Argentínu, Eþíopíu, Kamerún, Kanada og Kína. Vinstri handar umferð tíðkast enn hér á landi, í Stóra-Bretlandi, ýmsum löndum brezka samveldisins, Írlandi og Japan. Eru Bretland, Írland, Ísland, Kýpur, Malta og Svíþjóð nú einu löndin í Evrópu með vinstri handar umferð. Í Svíþjóð hefur verið ákveðið að taka upp hægri handar umferð 3. september 1967. (Sjá fylgiskjal II). Nokkrar umræður um hægri handar umferð hafa og farið fram í Bretlandi, en engin ákvörðun liggur fyrir um, hvort hún verði tekin upp þar.

II.

Fyrstu lögboðnar umferðarreglur hér á landi eru í lögum um vegi, nr. 57 22. nóvember 1907. Í 56. gr. þeirra laga segir: „Vegfarendur, hvort heldur eru gang-

andi, ríðandi eða á vagni eða á hjólum, skulu, þá er þeir mæta einhverjum, eða einhver vill komast fram fyrir þá, halda sér og gripum sínum á vinstri helmingi vegarins eingöngu.“ Þessi ákvæði voru tekin efnislega óbreytt í síðari vegalög. Þegar bifreiðaumferð hófst hér voru sett bifreiðalög, nr. 21 2. nóvember 1914. Í 7. gr. þeirra laga er reglan um vinstri handar umferð lögfest um bifreiðir. Á bifreiðalögunum voru síðar gerðar ýmsar breytingar, en ekki að þessu leyti.

Á árinu 1940 voru sett hér á landi fyrsta sinni sérstök umferðarlög, nr. 110 30. maí 1940. Einnig voru þá sett ný bifreiðalög, nr. 75 7. maí 1940. Hvoru tveggja þessi lög höfðu að geyma ný ákvæði um umferð, þar sem ákveðið var að taka upp hægri handar umferð hér á landi 1. janúar 1941. Til þess kom þó aldrei, að þau ákvæði kæmu til framkvæmda. Ástæðan var sú, að brezkur her kom hingað til lands og jókst umferð þá mjög á vegum landsins. Var búizt við, að breytingin mundi geta valdið sérstakri slysahættu, sem ekki var fyrirsjáanleg, þegar lögin voru sett. Voru gefin út bráðabirgðalög, þar sem gildistöku nefndra laga var frestað um óákveðinn tíma, og á næsta ári voru sett ný lög, þar sem miðað var við vinstri handar umferð. Litlu síðar kom einnig til landsins herlið frá Bandaríkjum Norður-Ameríku, en þar er hægri handar umferð. Hefði þá mátt búast við, að andstæðar umferðarreglur mundu valda aukinni slysahættu. Reynslan sýndi þó, að þessi hætta var ofmetin, og bendir það óneitanlega til þess, að breytingin, sem fyrirhuguð var, hefði áhættulítið mátt ganga fram.

III.

Árið 1955 skipar dómsmálaráðherra nefnd til þess að gera tillögur um endurskoðun löggjafar um umferðarmál og bifreiðamál, svo og reglugerða um sömu málefni. Nefnd þessi samdi m. a. frumvarp að gildandi umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958. Jafnframt samdi nefndin allítarlega greinargerð um vinstri og hægri handar umferð, og var hún birt sem fylgiskjal með ofangreindu frumvarpi. (Sjá Alþingistíðindi 1956, þingskjal 258).

Allir nefndarmenn voru sammála um, að kostnaður við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð mundi aukast stórlega með hverju ári sem liði, og væri því sjálfsagt að breyta til þá þegar, með nokkrum biðtíma þó, ef kostir breytingar yrðu taldir þyngri á metunum en kostnaður sá, áhætta og óþægindi, sem vitað var, eða líklegt mátti telja, að yrði breytingunni samfara. Nefndarmenn voru einnig sammála um, að frá umferðarlegu sjónarmiði væri æskilegt að koma hér á sömu umferðarreglum og gilda í flestum nágrannalöndum vorum. Þótt nefndarmenn væru þannig sammála um, að breytingin væri æskileg, hlaut fjárhagshlið málsins alltaf að vera álitamál og skipta ríkissjóð og aðra talsverðu máli. Treysti nefndin sér því ekki til þess að mæla einróma með breytingunni. Umferðarlagafrumvarpið var því samið miðað við vinstri handar umferð, en þannig, að ekki þurfti nema smá orðabreytingar á fáum greinum, ef Alþingi vildi lögleiða hægri handar umferð. Ríkisstjórnin, sem lagði frumvarp umferðarlaganefndar fyrir Alþingi, var að svo komnu máli ekki reiðubúin til að mæla með, að hægri handar umferð yrði tekin upp, og engin tillaga þess efnis kom fram við meðferð málsins á Alþingi.

Á Alþingi 1962—63 kom fram svofelld tillaga til þingsályktunar: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi, og enn fremur að láta gera áætlun um framkvæmdir í því sambandi.“ Tillögu þessari var vísað til allsherjarnefndar, sem mælti einróma með því, að Alþingi gerði ályktun í málinu á þessa leið: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort tímabært sé að taka upp hægri handar akstur hér á landi.“ Tillagan fékk eigi fullnaðarafgreiðslu á því þingi.

Á Alþingi 1963—64 var málið aftur tekið upp. Kom þá fram svofelld tillaga til þingsályktunar, sem samþykkt var 13. maí 1964: „Alþingi ályktar að skora á

ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi.“ Við meðferð málsins á Alþingi hafði verið leitað umsagnar ýmissa aðila, m. a. vegamálastjóra, Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, Landssambands vörubifreiðastjóra og umferðarnefndar Reykjavíkur. Allir þessir aðilar lýstu stuðningi við hægri handar umferð. Vitað er, að ýmsir aðrir aðilar, sem láta sig þessi mál skipta, hafa lýst yfir stuðningi við hægri handar umferð.

IV.

Eftir samþykkt þingsályktunar þessarar sendi dómsmálaráðuneytið hinn 13. ágúst 1964 umferðarlaganefnd ályktunina og óskaði þess, með skírskotun til fyrri greinargerðar nefndarinnar, að hún léti í té endurnýjaða greinargerð um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru til þess að komið yrði á hægri handar umferð hér á landi, svo og yfirlitsáætlun um kostnað, sem því væri samfara. Umferðarlaganefnd skilaði álitsgerð 4. febrúar 1965, og fylgir hún greinargerð þessari. (Sjá fylgiskjal I).

Ríkisstjórnin ákvað síðan að beita sér fyrir því, að upp yrði tekin hægri handar umferð hér á landi og skyldi að því stefnt, að breytingin kæmi til framkvæmda vorið 1968. Með bréfi 14. apríl 1965 fól dómsmálaráðuneytið umferðarlaganefnd að semja frumvarp til laga um hægri handar umferð. Jafnframt ákvað ráðuneytið, að við samningu frumvarpsins skyldu starfa með nefndnni þeir Arinbjörn Kolbeinsson læknir, formaður Félags íslenzkra bifreiðaeigenda og Eiríkur Ásgeirsson forstjóri, formaður Skipulagsnefndar fólksflutninga.

V.

Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina. Vandamál skapast hins vegar af því, að umferðarreglur á landi eru mismunandi meðal þjóða, þó að hægri handar umferð sé lang algengust. Við umferð í lofti og á legi er hægri handar umferð hins vegar gildandi regla um allan heim. Á þessu sviði skiptir og máli mismunandi búnaður tækja, sem notuð eru í umferðinni.

Skal þá vikið að þeim atriðum, sem helzt skipta máli í þessu sambandi.

1. Verksmiðjur framleiða bifreiðir að jafnaði ýmist með hægri eða vinstri handar stýri. Aðalreglan er, að í löndum með hægri handar umferð eru bifreiðir framleiddar með vinstri handar stýri, en í löndum með vinstri handar umferð með hægri handar stýri. Er það og aðalreglan, að bifreiðir séu notaðar samkvæmt því. Á það skal bent, að telja má óhjákvæmilegt af fjárhags og öryggis ástæðum, að í strætisvögnum sé stýri nær vegmiðju. Langflestar bifreiðir hér á landi, aðrar en strætisvagnar, eru þó með vinstri handar stýri. Ef óskað er eftir því að fá bifreiðir með hægri handar stýri, eru þær í mörgum tilvikum nokkru dýrari, og veigra menn sér við að leggja í þann aukakostnað. Enn fremur má geta þess, að æ örðugra verður að afla bifreiða með hægri handar stýri.

Álit manna á því, hvor gerðin henti betur hvorri umferðarreglunni, hægri handar eða vinstri, er nokkuð mismunandi. Þykir sumum betra að hafa vinstri handar stýri, þar sem hægri handar umferð er. Gildir þetta sérstaklega þar sem vegir eru góðir og umferð mikil. Með því móti gefst ökumönnum betra færi á að sjá fram á veginn í tæka tíð og athuga, hvort ökutæki komi á móti eða hvort önnur hætta sé framundan. Gefst þá og betra færi á því að fylgjast með bifreiðum, sem koma á eftir og ætla fram úr. Í þéttbýli er talið hentugra að aka bifreið með stýri nær miðju vegar. Við gatnamót sést þá betur til þeirrar áttar, sem rétthærri umferðar má vænta úr. Einnig gefst ökumanni, sem ekur frá vegbrún, betra færi að fylgjast með umferðinni, ef stýri er staðsett nær miðju vegar. Að því er farþega í bifreið varðar, skapast einnig aukið öryggi, þar sem allir farþegar eiga þá kost

á að fara út þeim megin, sem gangbraut er. Loks má nefna, að unnt er að gefa umferðarmerki með hendi, ef stýri er nær miðju vegar, en það getur undir mörgum kringumstæðum verið öryggisatriði og er víða mikið notað, t. d. í Bretlandi.

Á hinn bóginn telja margir, að betra sé að hafa stýri þeim megin, sem ökuregla býður að ekið sé, þar sem þá sé betra að gæta vegbrúnar, t. d. þegar farartæki mætast. Gildir þetta sérstaklega, þar sem umferð er lítil, vegir mjóir og vegbrúnir varhugaverðar. Hins er þó að gæta, að árekstrar hafa farið í vöxt á vegum hér á landi, þar sem erfitt er að mætast, og er líklegt, að komast hefði mátt hjá sumum af þeim slysum, ef stýri hefði verið nær vegmiðju. Loks er þess að geta, að þegar umferð fer að verða hröð, þá eru árekstrar í mörgum tilvikum hættulegri en akstur út af vegi.

2. Hér að framan var þess getið, að hægri handar umferð hefur unnið mjög á, og verður að telja hana aðalreglu í alþjóðaumferð. Eru þess eigi dæmi, að breytt hafi verið úr hægri í vinstri handar umferð um langt árabil. Sú staðreynd skiptir að sjálfsögðu meginmáli, því að eins og samgöngum á vegum er nú háttað, er nauðsynlegt að samræmis sé gætt í reglum þeim, sem fylgt er. Segja má, að mikilvægi þessa sé þó ekki hið sama alls staðar. Mestu máli skiptir það, er vegir liggja yfir landamæri og mismundandi umferðarreglur gilda. Sýna athuganir, sem fram hafa farið á hinum Norðurlöndunum, að verulega aukin slysahætta stafar af mismunandi umferðarreglum við sameiginleg landamæri. Af þessum sökum hafa alþjóðastofnanir lagt á það áherzlu, að upp verði tekin hægri handar umferð. Þannig hefur Ráðgjafarþing Evrópuráðsins gert ályktun, þar sem athygli ríkisstjórna landanna hefur verið vakin á því, að æskilegt sé, að sömu reglur gildi um umferðarstefnu í Evrópu. Á fundum Norðurlandaráðs hefur því og verið beint til sænsku ríkisstjórnarinnar að taka upp hægri handar umferð.

Hér á landi er nauðsyn samræmingar umferðarreglnanna að vísu eigi jafn mikil og á meginlandi Evrópu. Hins vegar ber á það að líta, að tími sá, sem til ferðar milli landa fer, verður stöðugt skemmri með auknum hraða. Skiptir það miklu máli, þegar þess er gætt, að sívaxandi fólksstraumur er landa á milli, og hafa menn því æ skemmri tíma til að aðlaga sig breyttum umferðarháttum. Á þetta við um þá, sem taka með sér eigin bifreiðir og þann vaxandi fjölda manna, sem tekur á leigu bifreið án ökumanns, en e. t. v. er þyngstur á metunum sá mikli fjöldi gangandi fólks, sem milli landa fer.

3. Alþjóðareglur, sem gilda um umferð í lofti og á sjó gera ráð fyrir hægri handar umferð. Af þeim ástæðum má segja, að æskilegt sé, að sömu reglur gildi einnig á landi. Þeir menn, sem stýra skipum og loftförum venjast hægri handar umferð í starfi, en er á land kemur, þurfa þeir að hlíta vinstri handar umferð. Benda má og á, að til eru farartæki, sem nota má jöfnum höndum á sjó og landi, og gilda þá mismunandi reglur um umferð þeirra eftir því, hvort þau fara á láði eða legi. Þá gilda og aðrar reglur fyrir loftför, þegar þeim er ekið innan flugvallarsvæðis, en um önnur farartæki.

VI.

Veigamestu rök gegn umferðarbreytingu hafa einkum verið talin þau, að breytingin hafi í för með sér aukna slysahættu, svo og að hún hafi allmikinn kostnað í för með sér.

1. Í þeim löndum, sem breytt hafa úr vinstri í hægri handar umferð, sýnir reynslan, að eigi er ástæða til að gera mikið úr slysahættu í sambandi við breytingu, þó að viðurkenna verði, að hún sé nokkur. Með því að velja hentugan tíma árs til breytingar, miðað við veðurfar og umferð, svo og með víðtækri kynningarstarfsemi, er talið, að draga megi mjög úr slysahættu. Talið er, að rosknir ökumenn og gangandi vegfarendur almennt eigi erfiðast með að aðlagast breyttum umferðarháttum. Því þarf að beina kynningarstarfsemi sérstaklega til þeirra. Er í því sambandi rétt að benda á, að tala roskinna ökumanna er nú tiltölulega lág,

en hún fer ört vaxandi. Hér ber og að hafa í huga, að slysahætta í sambandi við umferðarbreytingu er aðeins tímabundin, en hins vegar er hættan vegna mismunandi umferðarreglna stöðug og fer vaxandi við aukna fólksflutninga landa á milli. Einnig ber að hafa í huga, að kynningarstarfsemi í sambandi við umferðarbreytingu hefur eigi gildi eingöngu í sambandi við breytinguna sjálfa, heldur getur sú starfsemi haft miklu víðtækari og varanlegri áhrif. Mun breytingin þannig stuðla almennt að bættri umferð í landinu.

2. Þegar litið er til þess kostnaðar, sem af breytingunni leiðir, hér á landi, má benda á, að gerð var áætlun um það efni árið 1940. Var þá fyrst og fremst um að ræða kostnað við breytingu strætisvagna í Reykjavík, er var áætlaður allt að 50 þús. kr. Þegar umferðarlaganefnd skilaði greinargerð sinni árið 1956 var kostnaðurinn áætlaður 5.6 millj. kr. Meginkostnaðurinn var þá talinn felast í breytingu á dyrabúnaði almenningsbifreiða og flutningi á stýri nokkurra þeirra, en breytingar á umferðarmerkjum eða umferðarmannvirkjum voru hins vegar ekki reiknaðar til gjalda.

Í álitsgerð umferðarlaganefndar frá 4. febrúar s. l., er gerð grein fyrir þeim framkvæmdum, sem breytingin krefst nú, svo og kostnaði við þær. Er kostnaðurinn þar áætlaður samtals 43 millj. kr. miðað við verðlag í árslok 1964. (Sjá fylgiskjal I). Vegna verðlagsbreytinga, sem síðan hafa orðið, hefur þótt rétt að endurskoða þá áætlun.

Er kostnaðurinn nú áætlaður þessi:

1.	Breytingar á vegakerfinu	kr.	4 000 000.00
2.	Áætlað vegna nýrra vegamerkja	—	1 100 000.00
3.	Breytingar á almenningsbifreiðum	—	36 300 000.00
4.	Kostnaður vegna skiptibifreiða	—	1 000 000.00
5.	Kostnaður við undirbúning	—	3 000 000.00
6.	Ófyrirséð	—	4 000 000.00
		Samtals kr.	49 400 000.00

Fyrstu fjórir liðirnir eru þannig hækkaðir um ca. 10%, enda er þar bæði um efni og vinnu að ræða. 5. liðurinn er að mestu vinnulaun í einhverju formi og er hann því hækkaður um 20%. Að því er varðar 6. liðinn þykir óvarlegt að áætla hann lægri en 4 millj. kr.

Ekki er gert ráð fyrir því, að kostnaður við breytingu aukist að neinu ráði, miðað við óbreytt verðlag, þótt breytingin fari eigi fram fyrr en á árinu 1968, enda verði ákvörðun tekin nú. Talið er, að bifreiðakostur, einkum strætisvagna, sé nú það góður og mikill, að hægt sé að láta þá vagna, sem nú eru í umferð, duga næstu 2—3 árin. Einnig er talið, að ný umferðarmannvirki megi skipuleggja þannig, að þau henti frá upphafi hægri handar umferð, svo að eigi þurfi að verða kostnaðarsamt að breyta þeim síðar. Í sambandi við ákvörðun aðalumferðaræða og gatnakerfis í heildarskipulagi Reykjavíkur og nágrennis er gert ráð fyrir því, að byggð verði dýr umferðarmannvirki á tveimur hæðum við mörg aðalgatnamót. Kostnaður við þau mun nema tugum eða hundruðum milljóna króna. Ef mannvirki verða byggð fyrir vinstri handar umferð og síðar þarf að breyta þeim svo að henti hægri handar umferð mun það kosta mikið fé. Það er því ljóst, að verði ákvörðun um breytingu tekin nú, er kostnaður tiltölulega lítill miðað við, ef breyta þyrfti dýrum umferðarmannvirkjum síðar.

VII.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan eru helztu rök fyrir breytingu úr vinstri í hægri handar umferð þessi:

1. Hægri handar umferð er meginreglan í umferð á landi.
2. Mörg lönd með vinstri handar umferð hafa á síðari áratugum skipt í hægri handar umferð.

3. Alþjóðareglur um umferð á sjó og í lofti miðast við hægri handar umferð.
4. Bifreiðir eru yfirleitt framleiddar með stýri vinstra megin og veitir sá búnaður ökumönnum betri yfirsýn og meira öryggi í hægri handar umferð. Eigi eru allar gerðir bifreiða framleiddar þannig að henti vinstri handar umferð. Í sumum tilvikum eru bifreiðir, er henta vinstri handar umferð, nú þegar dýrari.
5. Slysahætta er mikil af því að hafa mismunandi umferðarreglur, og er stöðug og vaxandi, en hættan af breytingu er hins vegar tímabundin. Ef vel er á haldið mun kynningarstarfsemi í sambandi við breytinguna hafa varanleg áhrif til að bæta umferðina.
6. Kostnaður við breytingu vex ört, ef dregið verður að framkvæma hana. Sá kostnaðarauki verður einkum vegna væntanlegra umferðarmannvirkja.

VIII.

Með frumvarpi þessu fylgir álitsgerð umferðarlaganefndar vegna þingsályktunar frá 13. maí 1964 um hægri handar umferð hér á landi, svo og greinargerð frá „Statens högertrafikkommission" í Svíþjóð: Nokkrar staðreyndir, er breyting í hægri handar umferð stendur fyrir dyrum í Svíþjóð.

Við samningu frumvarps þessa hefur umferðarlaganefnd stuðst við upplýsingar frá Svíþjóð um fyrirhugaða breytingu á umferðarreglum þar í landi.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Meginregla umferðarlaganna um vinstri handar umferð kemur fram í 45., 46., 47., 48., 51., 61. og 63. gr. laganna. Samkvæmt henni ber ökumönnum að halda ökutækjum sínum vinstra megin á akbraut, aka fram úr öðrum ökutækjum hægra megin, og þegar tveir ökumenn stefna svo, að leiðir þeirra skerast, skal sá víkja, sem hefur hinn á vinstri hönd. Meginregla þessi gildir á sama hátt um aðra vegfarendur.

Við breytingu í hægri handar umferð snýst regla þessi við. Kemur þá hægri í stað vinstri og gagnstætt. Um aðrar breytingar á umferðarlögunum en þær, sem beinlínis stafa af umferðarbreytingunni, er eigi að ræða í frumvarpi þessu.

Um 2. gr.

Til þess að hafa á hendi undirbúning og stjórn framkvæmda við umferðarbreytinguna, er lagt til, að dómsmálaráðherra skipi þriggja manna framkvæmdanefnd, enda er hér um mikið og vandasamt starf að ræða. Gert er ráð fyrir því, að framkvæmdanefndin ráði sér framkvæmdastjóra, sem hafi með höndum daglegan rekstur, en framkvæmdastjórinn ráði annað starfslið að þörfum með samþykki nefndarinnar.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um, hver skulu vera helztu verkefni framkvæmdanefndarinnar, og þarfnast hún eigi skýringa.

Um 4. gr.

Við úrlausn einstakra viðfangsefna í sambandi við umferðarbreytinguna mun framkvæmdanefndin þurfa á aðstoð ýmissa embættismanna, stofnana og félagasamtaka að halda. Er því í greininni lagt til, að nefndin eigi rétt á aðstoð þeirra aðila.

Gert er ráð fyrir, að ráðherra geti skipað sérstaka nefnd framkvæmdanefndinni til ráðuneytis. Er ætlast til, að nefnd þessi verði skipuð fulltrúum þeirra aðila, sem breytingin varðar sérstaklega, eða stuðlað geta að farsælli lausn hennar. Þeir aðilar, sem hér koma einkum til álita, eru: lögreglustjórn, fræðslumálastjórn, slysavarnafélög, blöð, útvarp og sjónvarp, samtök bifreiðastjóra og bifreiðaeigenda, skipulagsnefnd fólksflutninga, vátryggingafélög, vegagerð ríkisins, sveitarstjórnir og fyrirsvarsmenn bifreiðasmiðja.

Gert er ráð fyrir því, að ráðherra kveði að öðru leyti á um skipan nefndar þessarar.

Um 5. gr.

Breyting sú á umferðarreglunum, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, hlýtur að hafa nokkurn kostnað í för með sér. Hér er þó ekki um að ræða skerðingu hagsmuna, sem almennt séð er skylt að bæta. Þeir, sem hagsmuna hafa að gæta í þessu sambandi, mundu því sjálfir verða að bera tjón sitt. Sanngirnissjónarmið leiða þó til þess, að bætur verði greiddar að nokkru, og er eðlilegt, að þær bætur verði greiddar úr ríkisjóði.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að kveða á um, hvern kostnað skuli bæta. Eins og fram kemur í greininni ber eigi að bæta annað en beinan kostnað. Kemur því eigi til að bætt verði óbeint tjón í sambandi við breytinguna, t. d. afnotamissir. Eigi ber heldur að bæta annan kostnað en þann, sem leiðir af framkvæmdum, sem nauðsynlegar eru vegna breytingarinnar. Þótt um beinan og nauðsynlegan kostnað sé að ræða, verður hann þó því aðeins bættur, að um sé að ræða kostnað við breytingar á vega- og gatnakerfi landsins og á vélknúnum ökutækjum. Hugsanlegt er, að um geti verið að ræða kostnað, sem öldungis má jafna til kostnaðar samkvæmt ákvæðum 1. og 2. töluliðar, og er því, varúðar vegna, heimilað að greiða bætur í slíkum tilvikum. Hins vegar er ætlazt til, að ákvæði þetta verði skýrt mjög þröngt.

Þótt gert sé ráð fyrir því, að kostnaður við breytinguna verði að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, þykir nauðsynlegt að setja nokkrar skorður við greiðslu bóta vegna ýmissa smábreytinga. Eru þá fyrst og fremst hafðar í huga breytingar, sem nauðsynlegar eru á flest öllum vélknúnum ökutækjum, svo sem breytingar á ljósabúnaði og aðrar smávægilegar breytingar.

Um 7. gr.

Orðið veghaldari er hér notað í sömu merkingu og í 3. gr. vegalaga. Með því að nota orðið skráður eigandi er átt við, að rétt sé að greiða skráðum eiganda bætur, nema því aðeins, að annar aðili sanni tilkall sitt til þeirra.

Um 8. gr.

Til þess að tryggja það, að unnt sé að meta, hvort um sé að ræða breytingar, sem beinlínis eru nauðsynlegar í sambandi við umferðarbreytinguna, og bæta skal, er lagt til, að hver sá, sem telur sig eiga rétt til bóta, fái fyrirfram samþykki framkvæmdanefndar til breytingar. Eigi verður greiddur annar kostnaður en sá, sem framkvæmdanefndin hefur fallizt á.

Um 9. gr.

Heimild til fyrirframgreiðslu er miðuð við, að sá, sem bótarétt á, eigi erfitt um vik að fá breytingu gerða vegna skorts á reiðufé, og geta þá sanngirnisástæður mælt með því, að bætur verði greiddar í áföngum áður en verki er að fullu lokið.

Um 10. gr.

Æskilegt er, að unnt verði að gera reikningsskil vegna umferðarbreytingarinnar innan hæfilegs tíma. Er því lagt til, að frestur til að skila greinargerðum, áætlunum og bótakröfum verði hafðir tiltölulega stuttir, og eru frestir þeir, sem veittir eru, eftir atvikum taldir hæfilegir. Rétt þykir þó, að framkvæmdanefnd geti í einstökum tilvikum, er sérstaklega stendur á, lengt fresti þessa.

Um 11. gr.

Kostnaður, sem leiðir af umferðarbreytingunni, og bæta ber samkv. 6. gr., fellur á um það leyti, sem hún kemur til framkvæmda, enda mega lagfæringar á tækjum og öðru sem breyta þarf, ekki dragast um of. Greiðslur ríkissjóðs þarf því að inna af hendi eins fljótt og auðið er. Jafnframt er það og hagkvæmt fyrir ríkissjóð að reikningsskilum verði hraðað.

Hér er um sérstætt tímabundið ástand að ræða og hæfir því sérstök málsmeðferð.

Í greininni felst, að ágreiningi um greiðsluskyldu og fjárhæð bóta verður ekki skotið til almennra dómstóla, heldur dómnefndar, sem er sérdómstóll á því sviði, er lögin ná til. Þá kemur og fram, að úrskurðum dómnefndar verður ekki áfrýjað.

Áður en mál kemur til kasta dómnefndar á það að hafa fengið þá undirbúningsmeðferð hjá framkvæmdanefnd, að störf dómnefndar geti gengið greiðlega.

Allmiklir fjárhagslegir hagsmunir geta verið í húfi, er umferðarbreytingin kemur til framkvæmda. Því verður að vanda til dómenda og hafa þá hvoru tveggja í huga nauðsyn almennrar lagaþekkingar og sérfræðikunnáttu á því efni, sem um er fjallað hverju sinni.

Framangreindum sjónarmiðum á að vera fullnægt með ákvæðum greinarinnar.

Um 12. gr.

Til þess að greiða kostnað þann, sem breytingin hefur í för með sér fyrir ríkissjóð, er lagt til, að lagður verði á bifreiðir sérstakur skattur. Er bifreiðum skipt í tvo flokka, annars vegar fólksbifreiðir fyrir 8 farþega eða færri, og hins vegar allar aðrar bifreiðir. Gert er ráð fyrir, að af bifreiðum verði greitt mismunandi gjald eftir þessari flokkun. Álitamál er, hvar mörk skuli draga, en eftir atvikum hefur þótt rétt að miða við þessa flokkun, enda er hún í samræmi við það sem tíðkast á öðrum sviðum.

Lagt er til, að gjald þetta verði innheimt á fjórum árum, 1966—1969. Gjaldið er haft mismunandi hátt eftir árum, lægst fyrst, en hæst árið 1968, er breytingin á að fara fram. Miðað við áætlun Efnahagsstofnunarinnar um bifreiðafjölda í lok hvers árs er gert ráð fyrir, að tekjur af gjaldi þessu verði sem hér segir:

	Fólksbifr.			Aðrar bifr.			Tekjur alls
Ár	árslok	Gjald kr.	Alls þús. kr.	árslok	Gjald kr.	Alls þús. kr.	þús. kr.
1966	30600	200.00	6 120	6300	350.00	2 200	8 320
1967	33500	300.00	10 500	6300	550.00	3 460	13 960
1968	36600	400.00	14 640	6300	750.00	4 720	19 360
1969	39800	200.00	7 960	6300	350.00	2 200	10 160
			39 220			12 580	51 800

Þar sem tekjur eru miðaðar við bifreiðafjölda fjögur ár fram í tímann þykir varlegra að hafa tekjuáætlunina heldur hærri en nemur áætluðum kostnaði.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir því, að skatturinn verði óbreyttur, þótt bifreið sé eigi í notkun allt árið. Kemur því eigi til lækkunar, þótt bifreið sé ekki tekin í notkun fyrr en síðar á ári. Eigi kemur heldur til endurgreiðslu í sambandi við afskráningu bifreiðar eða þegar skráningarmerki er afhent lögreglustjóra til geymslu.

Um 14. gr.

Ekki er gert ráð fyrir, að til endurgreiðslu á skatti þessum komi, þótt um sé að ræða jeppabifreiðir, sem þungaskattur er endurgreiddur af, sbr. 2. málsgr. 88. gr. vegalaga.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast eigi skýringa.

Um 17. gr.

Samkvæmt 50. gr. umferðarlaga hefur dómsmálaráðherra heimild til að setja reglur um hámarkshraða. Samkvæmt 65. gr. sömu laga geta lögreglustjórar sett bráðabirgðaákvæði um akstur á vegi í öryggisskyni eða til þess að halda uppi greiðri

umferð. Í sambandi við umferðarbreytinguna þarf að setja ýmis ákvæði til takmörkunar á umferð. Telja má nauðsynlegt, að slíkar reglur gildi fyrir allt landið, og er því lagt til, að dómsmálaráðherra verði veitt heimild til að setja slíkar reglur.

Nauðsynlegt kann að verða að setja nánari ákvæði um skipan mála samkvæmt frumvarpinu, og er dómsmálaráðherra veitt heimild til þess. Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringa.

Um 18. gr.

Breytingu úr vinstri í hægri handar umferð verður ekki komið á án nokkurs aðdraganda. Veldur þar mestu, að talið er, að tími til nauðsynlegra breytinga á almenningsvögnum sé 2—2½ ár frá því breyting hefur verið ákveðin. Álitið er, að heppilegasti tími til breytingar hér á landi sé að vorlagi, en á þeim árstíma má búast við, að veður- og birtuskilyrði séu einna hagstæðust. Á vorin er og auðveldast að fá aðstoðarfólk, sem með þarf. Þá verður og nauðsynlegri kynningarstarfsemi í skólum bezt við komið. Með tilliti til alls þessa er lagt til, að breytingin fari fram í apríl, maí eða júní mánuði 1968. Hins vegar þykir eigi að svo stöddu tímabært að ákveða breytingardaginn, og er lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði hann síðar, að fengnum tillögum framkvæmdanefndar samkvæmt 2. gr.

Um 19. gr.

Breytingar samkvæmt 1. gr. eru svo veigamiklar, að rétt þykir að ákveða nú þegar, að þær verði felldar inn í umferðarlögin, og þau gefin út að nýju, þegar breytingarnar koma til framkvæmda, enda þótt það verði eigi fyrr en á árinu 1968.

Reykjavík, 8. nóvember 1965.

Sigurjón Sigurðsson. Ben. Sigurjónsson. Ólafur W. Stefánsson.
Theodór B. Líndal. Arinbjörn Kolbeinsson. Eiríkur Ásgeirsson.
Sigurður Jóhannsson.

Fylgiskjal I.

Álitsgerð umferðarlaganefndar vegna þingsályktunar frá 13. maí 1964 um hægri handar umferð hér á landi, sbr. bréf dómsmálaráðuneytisins til nefndarinnar 13. ágúst 1964.

Hinn 13. maí 1964 samþykkti Alþingi eftirfarandi þingsályktun um hægri handar akstur:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi."

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 13. ágúst 1964 var þess óskað, með skírskotun til fyrri greinargerðar umferðarlaganefndar, að nefndin „láti í té endurnýjaða greinargerð um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar væru til þess að komið yrði á hægri handar akstri, svo og yfirlitsáætlun um kostnað, sem því væri samfara."

Umferðarlaganefnd hefur nú aflað ýmissa nýrra og frekari upplýsinga um þau atriði, sem skipta máli við breytingu úr vinstri handar umferð í hægri handar umferð. Með frumvarpi til núgildandi umferðarlaga, sem umferðarlaganefnd samdi, fylgdi sem fylgiskjal sérstök greinargerð um vinstri og hægri handar umferð, dags. 31. ágúst 1956, og eru flest þau atriði, sem þar eru greind, að sjálfsögðu í fullu gildi enn.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir þeim aðgerðum, sem nauðsynlegar eru, ef koma á hægri handar umferð hér á landi.

A.

Umferðarlaganefnd leitaði upplýsinga hjá vegamálastjóra, bæjarstjórnum utan Reykjavíkur og borgarverkfræðingi í Reykjavík um það, hverjar breytingar þurfi að gera á vegakerfinu. Af svörum þessara aðila kemur fram, að hér er fyrst og fremst um flutning umferðarmerkja að ræða, frá vinstri vegarbrún að hægri. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem nefndinni hafa borizt, hafa verið sett upp yfir 5000 ný umferðarmerki, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra nr. 61/1959. Auk flutnings og nokkurra breytinga á umferðarmerkjum þarf að gera breytingar á umferðarljósum í Reykjavík. Þörf á breytingum á götunum sjálfum er hins vegar talin hverfandi lítil. Í sambandi við rekstur strætisvagna þarf að gera nokkrar breytingar á viðkomustöðum, flytja til biðskýli, merki o. þ. h.

Samkvæmt upplýsingum fyrrnefndra aðila má ætla, að kostnaður við að framkvæma ofangreindar breytingar, verði þessi:

1. Reykjavík:		
a. umferðarmerki	kr.	500 000.00
b. umferðarljós	—	500 000.00
c. biðskýli o. þ. h. (SVR)	—	400 000.00
2. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur	—	600 000.00
3. Á þjóðvegum utan þéttbýlis	—	1 300 000.00
4. Á öðrum vegum (áætlað af nefndinni)	—	300 000.00
Samtals	kr.	3 600 000.00

Þessar tölur eru miðaðar við núverandi vegakerfi og verðlag síðari hluta árs 1964.

B.

Bifreiðir þær, sem í notkun eru hér á landi, eru að nokkru leyti þannig útbúnar, að þeim verður að breyta, ef upp verður tekin hægri handar umferð.

Ljósabúnaður allra bifreiða er þannig, að lágljós lýsa til vinstri. Þessum búnaði þarf að breyta, og þarf því að skipta um framljósker eða gler í öllum bifreiðum. Hefur verið áætlað, að kostnaður við þetta nemi um kr. 350.00 á bifreið með ísetningu og stillingu nýrra ljósa.

Samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja o. fl., nr. 51/1964, skulu aðaldyr fólksbifreiða, sem ætlaðar eru til flutnings 16 farþega eða fleiri, vera á vinstri hlið. Við breytingu er æskilegt og oft nauðsynlegt að flytja þessar aðaldyr, og þarf þá jafnframt að breyta sætaskipun í bifreiðunum. Enn fremur þarf að flytja stjórntæki nokkurra bifreiða, fyrst og fremst strætisvagnanna, einkum vegna innheimtufyrirkomulags.

Samkvæmt skýrslu bifreiðaeftirlits ríkisins eru skráðar 280 almenningsbifreiðir (10 farþega og meira). Af þessum bifreiðum eru 68 strætisvagnar (í Reykjavík, Akureyri, Kópavogi og á Hafnarfjarðarleið). Kostnaður við breytingar á þessum bifreiðum er lang mestur. Síðan koma 28 bifreiðir, þar sem breyta þarf dyrabúnaði. Eru þær allar notaðar á sérleyfisleiðum í næsta nágrenni Reykjavíkur. Að því er aðrar almenningsbifreiðir varðar, þá er það álit sérfróðra manna, að ekki sé þörf verulegra breytinga á þeim. Þessar bifreiðir eru fyrst og fremst notaðar til farþegaflutninga í hópferðum eða á sérleyfisleiðum, þar sem ekki er mjög mikil umferð og langt er á milli viðkomustaða. Er talið, að komast megi hjá því að leggja í breytingar á þeim vegna kostnaðar. All margar bifreiðir hafa og verið keyptar notaðar til landsins frá löndum með hægri handar umferð, og hafa því dyr hægra megin. Nauðsynlegt verður að auðkenna þær bifreiðir, sem eftir breytingu verða með aðaldyr vinstra megin, og setja að öðru leyti sérstakar reglur til öryggis farþegum í þeim.

Leitað hefur verið upplýsinga hjá sérfróðum mönnum í bifreiðasmíði og hjá eigendum strætisvagna um það, hver kostnaður verði við breytingar þessar. Miðað er við verðlag í árslok 1964:

68 strætisvagnar	kr.	27 200 000.00
28 almenningsbifreiðir á mesta þéttbýlissvæðinu	—	3 800 000.00
Breytingar á öðrum almenningsbifreiðum og ófyrirséð	—	2 000 000.00
Samtals	kr.	33 000 000.00

Framkvæmd breytinga þessara mun taka nokkurn tíma, en gert er ráð fyrir því, að breytingarnar fari allar fram hér á landi. Ætla má, að í sambandi við breytingar á strætisvögnum þurfi að kaupa 9 nýja skiptivagna með dyrabúnaði á báðum hliðum. Bifreiðir þessar yrði vegna breytinganna að kaupa fyrr en ella, en að öðru leyti verður að líta á kaupin sem eðlilega endurnýjun eða aukningu. Kostnaðarauki vegna dyrabúnaðar á báðum hliðum þessara bifreiða er áætlaður allt að kr. 100 000.00 á hverja bifreið. Er þá ekki reiknað með vöxtum af stofnkostnaði.

C.

Áætlun um kostnað við breytingar, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, miðast við vegakerfi og bifreiðakost um s. l. áramót. Hins vegar er ekki hægt að koma hægri handar umferð á nema með nokkuð löngum fyrirvara, vegna þess tíma, sem breytingar á vegakerfi (umferðarmerkjum o. fl.) og bifreiðum taka.

Áætlað hefur verið, að bifreiðasmiðjur hérlendis geti á tveimur árum framkvæmt breytingar á þeim bifreiðum, sem nauðsynlegt reynist að breyta, en hálft ár munu smiðjurnar þurfa til þess að undirbúa framkvæmdir, annast innkaup o. þ. h. Á sama tíma myndi nýsmíði í bifreiðasmiðjunum að mestu leyti falla niður. Eftir að ákvörðun hefur verið tekin um hægri handar umferð, verður að miða við, að allar bifreiðir, sem fluttar verða til landsins, verði útbúnar fyrir hægri handar umferð, annað hvort eingöngu eða jafnframt með búnaði fyrir vinstri handar umferð. Á sama hátt og gert er ráð fyrir því, að eldri bifreiðir verði notaðar óbreyttar eftir breytingu, má nota bifreiðir eingöngu fyrir hægri handar umferð fyrir breytingu utan aðalumferðarsvæðisins, enda verði þá viðhafðar sérstakar öryggisráðstafanir. Með tilliti til þessa er ekki ástæða til að reikna með verulegum kostnaðarauka vegna innfluttra bifreiða frá því að ákvörðun um breytingu verður tekin, þar til hún kemur til framkvæmda.

Uppsetningu merkja á þjóðvegum landsins er hvergi nærri lokið, og þarf fyrirsjáanlega að setja þar upp allmikið af umferðarmerkjum á næstu árum. Einnig þarf að bæta við merkjum vegna aukningar á vegakerfi, bæði í þéttbýli og utan þess, svo og vegna aukinnar umferðar. Ef breyting á vinstri umferð yfir í hægri verður ekki framkvæmd, fyrr en fyrri hluta árs 1968, má áætla, að kostnaður vegna þessa aukist um allt að 1 milljón króna, miðað við núverandi verðlag. Lækka má þennan kostnað með því að hefja strax uppsetningu nýrra merkja miðað við hægri handar umferð.

Nú er verið að ganga frá tillögum að heildarskipulagi fyrir Reykjavík og næsta nágrenni. Þess vegna hefur verið frestað ýmsum framkvæmdum, sem ekki þola bið, þegar heildarskipulag hefur verið ákveðið. Ætla má, að þegar á þessu ári verði gerð umferðarmannvirki í Reykjavík og nágrenni, sem háð eru umferðarreglum meira en hingað til. Skiptir þá máli, hvort miða skal við vinstri eða hægri handar umferð, en mjög kostnaðarsamt getur orðið að breyta mannvirkjunum, ef þau verða frá upphafi eingöngu miðuð við vinstri handar umferð. Verði hins vegar ákveðið nú á næstunni að breyta til, er hægt að gera mannvirki þessi fyrst og fremst fyrir hægri handar umferð, og þarf þá ekki að reikna með miklum kostnaði vegna þess, þótt breytingin verði ekki fyrr en að nokkrum árum liðnum.

D.

Breyting frá vinstri handar umferð í hægri krefst, svo sem rakið hefur verið, breytinga á ökutækjum, umferðarmerkjum o. fl. Þessar framkvæmdir er nauðsynlegt að skipuleggja fyrir fram, svo að þeim verði lokið á réttum tíma. Enn fremur þarf að undirbúa breytinguna með alls konar upplýsingastarfsemi, bæði fyrir breytingu og eftir. Gert er ráð fyrir því, að þessi upplýsingastarfsemi fari fram jöfnum höndum á vegum hins opinbera (ríkis og sveitarfélaga) og annarra aðila, svo sem slysavarnafélaga, samtaka bifreiðaeigenda og vátryggingafélaga. Náið samstarf þarf að hafa við þá, sem um fræðslumál fjalla. Endurskoða þarf kennslubækur um umferðarmál og jafnframt er nauðsynlegt að hagnýta skólakerfið til hins ýtrasta til umferðarfræðslu. Loks þarf að skipuleggja starfsemi löggæzlunnar í sambandi við umferðarstjórn og aðrar ráðstafanir til að draga úr slysahættu vegna breytingarinnar.

Til þess að annast þennan undirbúning er lagt til, að skipuð verði sérstök nefnd, sem hafi með höndum skipulagningu á þessari starfsemi. Nefndin hafi það hlutverk að samræma aðgerðir þeirra aðila, sem framkvæmdir annast, svo sem bifreiðasmiðja, sveitarstjórna, vegagerðar, fræðslumálastjórnar, löggæzlu o. s. frv. Það verði og hlutverk nefndarinnar að skera úr um, hverjar breytingar séu nauðsynlegar og að meta kostnað af þeim. Úrskurði nefndarinnar ættu aðiljar á tilteknum fresti að geta skotið til yfirnefndar eða gerðardóms til lokaúrskurðar.

Gera verður ráð fyrir, að nefndin þurfi eitthvert fast starfslið.

Áætlað er, að kostnaður vegna þessa verði um 2.5 millj. króna.

E.

Hér að framan hefur verið gerð áætlun um kostnað, sem breyting úr vinstri handar umferð í hægri hefur í för með sér, miðað við að breytingin verði framkvæmd á fyrri hluta árs 1968. Hins vegar er miðað við verðlag í árslok 1964.

Heildarkostnaður áætlast því þannig:

1.	Breytingar á vegakerfinu	kr.	3 600 000.00
2.	Áætlað vegna nýrra vegamerkja	—	1 000 000.00
3.	Breytingar á almenningsbifreiðum	—	33 000 000.00
4.	Kostnaður vegna skiptibifreiða	—	900 000.00
5.	Kostnaður við undirbúning	—	2 500 000.00
6.	Ófyrirséð	—	2 000 000.00
		Samtals kr.	43 000 000.00

Umferðarlaganefnd gerir ráð fyrir því, að kostnaðurinn verði aðallega greiddur úr ríkissjóði, þar sem breytingin er miðuð við hagsmuni almennings. Eigi er þó gert ráð fyrir, að bættur verði úr ríkissjóði kostnaður, sem leggst jafnt á svo til allar bifreiðir, svo sem kostnaður við breytingar á ljósabúnaði, en áætlað er, að hann nemi alls 12—13 milljónum króna, miðað við áætlaðan bifreiðafjölda árið 1968.

Eigi er gert ráð fyrir, að óbeint tjón verði bætt, heldur einungis útgjöld, er beinlínis stafa af nauðsynlegum breytingum. Áður en hafizt er handa um breytingar, skal nefnd þeirri, er um ræðir í D-lið, send lýsing á þeim og metur hún síðan, hvort þær eru nauðsynlegar. Þegar nefnd þessari hafa borizt þau gögn, er þurfa þykir, metur hún kostnaðinn að því leyti, sem hann skal greiða úr ríkissjóði. Óskylt er að bæta kostnað af breytingum, sem hafnar eru án samþykkis nefndarinnar.

Að því er snertir fjáröflun til að standast kostnað af breytingu úr vinstri umferð í hægri, vill umferðarlaganefnd benda á, að í Svíþjóð hefur sú leið verið valin að leggja sérstakan skatt á ökutæki í fjögur ár. Er árlegur skattur þar s.kr. 20.00 af

bifhjólum, s.kr. 40.00 af fólksbifreiðum allt að 1100 kg og s.kr. 75.00 af öðrum bifreiðum. Athugað hefur verið, að með hliðstæðri skattheimtu á bifreiðar hér á landi, kr. 350.00 af venjulegum fólksbifreiðum og kr. 650.00 af öðrum bifreiðum í þrjú ár, 1966—1968, má afla tekna til greiðslu á þeim kostnaði, sem ríkissjóður þyrfti að greiða, og er þá miðað við áætlaða bifreiðafjölgun til ársloka 1968 samkvæmt áætlun Efnahagsstofnunarinnar.

F.

Samkvæmt því, sem rakið var hér að framan, kemur fram, að eigi er unnt að breyta úr vinstri umferð í hægri án nokkurs aðdraganda. Kemur þar helzt til, að tími til breytinga á almenningsvögnum þarf að vera 2—2½ ár frá því að endanleg ákvörðun er tekin. Heppilegasti tíminn til breytingar er að vorlagi og yrði því eigi unnt að koma á hægri handar umferð, fyrr en á fyrri hluta ársins 1968.

Svo sem kunnugt er hafa Svíar ákveðið að taka upp hægri handar umferð sunnudaginn 3. september 1967, og hafa þeir þegar hafið víðtækan undirbúning að þeirri breytingu. Þótt aðstæður í Svíþjóð séu að mörgu leyti ólíkar því, sem gerist hér á landi, má án efa læra margt af því, hvernig þeir hyggjast haga framkvæmdum við breytinguna, og hvernig hún tekst.

G.

Ef ákvörðun verður tekin um að taka upp hægri handar umferð hér á landi, þarf að gera nokkrar breytingar á umferðarlögunum og nokkrum reglugerðum.

Umferðarlögin nr. 26 2. maí 1958, sbr. lög nr. 26 14. maí 1960, gera að sjálfsögðu ráð fyrir vinstri handar umferð. Hins vegar þarf ekki að gera nema smá orðalagsbreytingar á fáum greinum, ef til breytingar kemur. Eru þær allar þess eðlis, að þar sem stendur vinstri (vinstra) í lögunum kemur hægri (hægra) í staðinn, og þar sem stendur hægri (hægra) kemur vinstri (vinstra). Þessar breytingar eru á 45., 46., 47., 48., 51., 61. og 63. gr. laganna.

Af breytingunum á umferðarlögunum leiðir svo, að breyta þarf nokkrum ákvæðum í reglugerðum. Koma þar til reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra, nr. 61 24. marz 1959, og reglugerð um gerð og búnað ökutækja o. fl., nr. 51. 15. maí 1964.

Reykjavík, 4. febrúar 1965.

Sigurjón Sigurðsson. Ólafur W. Stefánsson. Theodór B. Líndal.
Sigurður Jóhannsson. Ben. Sigurjónsson.

Fylgiskjal II. (Lausleg þýðing).

Greinargerð frá Statens Högertrafikkommissionen, nóvember 1964.

Nokkrar staðreyndir, er breyting í hægri handar umferð stendur fyrir dyrum í Svíþjóð.

Svíþjóð er eina landið á meginlandi Evrópu, sem hefur vinstri handar umferð. Auk þess er vinstri handar umferð m. a. í Stóra-Bretlandi, Írlandi og á Íslandi. Í 40 ár hefur verið rætt um það, hvort breyting í hægri handar umferð skuli framkvæmd.

Saga málsins.

Í tilskipun, sem gefin var út 1718, var hægri handar umferð lögfest í Svíþjóð. Þar stóð nefnilega: „Ef hraðpóstmenn mætast, skulu þeir víkja til hægri hver fyrir öðrum, en á mjóum vegum, brúm og þvílíku, á sá réttinn, sem fyrst blæs í hornið."

Frá og með 1734, er ný tilskipun gekk í gildi, hefur vinstri handar umferð hins vegar verið í gildi. Fyrstu lög um vinstri handar umferð fyrir bifreiðastjóra

eru frá 1916. Ellefu árum síðar lagði stjórnskipuð nefnd til við þingið, að rannsakað yrði, hve mikill kostnaður yrði af breytingu í hægri handar umferð. Aðrar tillögur um hægri handar umferð hafa síðan verið bornar fram í þinginu árin 1934, 1939, 1941, 1943, 1945 og 1953.

Eftir að rannsókn hafði farið fram, mælti nefnd með því árið 1954, að breytt yrði í hægri handar umferð í vega- og gatnaumferð, en ekki í járnbrautarkerfinu. Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um málið fór fram í október 1955. Meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiddu, óskaði að halda vinstri handar umferðinni, og þingið tók ákvörðun í samræmi við ósk meiri hlutans.

Umferðin yfir landamæri okkar, sem óx hröðum skrefum, gerði það hins vegar að verkum, að enn á ný varð að taka afstöðu til málsins. Í desember 1960 fól samgöngumálaráðuneytið Gösta Hall, yfirforstjóra vegamálastjórnarinnar, sem dómbærum manni á þessu sviði, að rannsaka, hve mikill kostnaður yrði af breytingu í hægri handar umferð. Árangurinn af rannsókninni lá fyrir 31. október 1961.

Sama ár var lagt til í Norðurlandaráði, að mælt yrði með því við Svía, að þeir breyttu yfir í hægri handar umferð vegna hins mikla mikilvægis þessa fyrir Norðurlönd. Ráðgjafarþing Evrópuráðsins samþykkti ályktun þar sem athygli ríkisstjórnanna var vakin á því, að æskilegt væri, að sama umferðarregla gilti í allri Evrópu.

Fram til 1963 var spurningin um hægri handar umferð rædd ítarlega innan stjórnmálaflokkanna og ríkisstjórnarinnar. Samgöngumálaráðherra lagði til í frumvarpi á þingi 1963, að tekin yrði grundvallar ákvörðun um að breyta yfir í hægri handar umferð. Hinn 10. maí leystist málið endanlega með því, að þingið tók ákvörðun um að taka upp hægri handar umferð árið 1967.

Alþjóðleg aðlögun — aukið öryggi.

Breytingin í hægri handar umferð skal gilda fyrir umferð á vegum og götum, svo og umferð sporvagna. Breytingin nær ekki til járnbrautanna. Breytingin í hægri handar umferð er gerð til þess að auðvelda alþjóðaumferð á vegum og útiloka þau slys og þá slysahættu, sem er afleiðing þess, að við höfum aðrar umferðarreglur en nágrannalönd okkar og næstum öll önnur lönd Evrópu.

Svíþjóð er ekki fyrsta landið, sem breytir úr vinstri handar umferð í hægri handar. Kanada, Austurríki, Tékkóslóvakía, Ungverjaland, Portúgal, Argentína og Etíópía eru nokkur þeirra landa, sem áður hafa framkvæmt samsvarandi breytingu.

Skipulagning.

Ríkisstjórnin hefur skipað nefnd (statens högertrafikkommission), sem í er formaður og 6 nefndarmenn. Hefur hún fengið það verkefni að skipuleggja og framkvæma umferðarbreytinguna. Formaður nefndarinnar er Bertil Fallenius landshöfðingi. Varaformaður og framkvæmdastjóri er Gösta Hall yfirforstjóri.

Tvær ráðgefandi nefndir, hvor um sig skipuð 10 mönnum, eru aðalnefndinni til aðstoðar. Í annarri þeirra eru sérfræðingar í tækni- og fjárhagsmálum. Eru þar fulltrúar frá vinnumálastjórninni, strætis- og sporvagnafyrirtækjum, fjármála- og samgöngumálaráðuneytunum, samtökum bifreiðaeigenda, bæjarfélögum, bifreiðaverksmiðjuiðnaði og verkstæðum og vegamálastjórninni. Í hinni, umferðaröryggisnefndinni, eru fulltrúar frá landssambandi eftirlaunafólks, alþýðusambandinu, læknasamtökum, samtökum bifreiðaeigenda, landssambandinu til aukningar öryggis í umferðinni, stjórn ríkislögreglunnar, fræðslumálastjórninni, umferðaröryggisnefnd ríkisins, ríkisútvarpi og -sjónvarpi og samtökum vátryggingafélaga.

Þetta á að gerast fyrir H daginn.

Ekkert annað land, sem breytt hefur úr vinstri í hægri handar umferð, hefur gert það við eins flóknar aðstæður og hinar sænsku. Í Svíþjóð er tiltölulegur fjöldi

ökutækja (1 bíll á hverja 5 íbúa) mun meiri og kröfur til umferðaröryggisins mun strangari en í þeim löndum, sem áður hafa framkvæmt samsvarandi umferðarbreytingu. Þess vegna er ekki unnt að meta mikils reynsluna af þessum breytingum.

Tíminn milli ákvörðunar þingsins og framkvæmda umferðarbreytingarinnar verður um það bil 4 ár. Þessi langi undirbúningstími er nauðsynlegur til þess, að unnt sé að gera hinar mörgu, óhjákvæmilegu, tæknilegu breytingarráðstafanir og skipuleggja upplýsinga- og áróðursstarfsemi þannig, að árangurinn verði sem mestur fyrir umferðaröryggið.

Tæknilegur undirbúningur.

Strætisvagnar og langferðabifreiðir.

Það, sem tekur mestan tíma og er kostnaðarsamast, er vinnan við að breyta hinum 7000 strætisvögnum og langferðabifreiðum, sem í landinu eru, þannig að þá megi nota í hægri handar umferð. Yfirleitt hafa bifreiðirnar nú inn- og útgöngudyr aðeins á vinstri hlið. Þess vegna verður að setja hægri dyr á þær bifreiðir, sem á einnig að nota eftir H daginn. Í mörgum bifreiðum, sem aðeins einn maður sér um, verður að flytja vagnstjórarýmið frá hægri til vinstri. Sumar tegundir þarfnast svo dýrra breytinga, að það verður ódýrara að taka vagna af þeim gerðum úr umferð og setja nýja vagna í stað þeirra, fyrr en ella hefði orðið, ef áætlaður notkunartími hinna fyrri eftir H daginn er tiltölulega stuttur. Vinnan við breytingarnar og framleiðslu nýrra vagna er svo umfangsmikil, að öll þau verkstæði, sem aðgengileg eru til þessa, verða notuð allan tímann fram til H dagsins.

Nú þegar eru mörg hundruð svokallaðra breytingarvagna í umferð. Þeir eru byggðir fyrir hægri handar umferð, en hafa einnig dyr á vinstri hlið. Vinstri dyrnar verða notaðar fram að H deginum.

Á ýmsum strjálbýlisleiðum munu hreinir hægrivagnar, þ. e. vagnar með dyrum eingöngu á hægri hlið, verða notaðir þegar fyrir breytinguna. Sérstök öryggisákvæði verða sett vegna þeirra til þess að auka öryggi farþega, sem fara í þá og úr, frá veginum.

Stöðvunarskylda mun verða fyrir alla umferð, þegar þannig svonefndur undanþáguvagn nemur staðar við biðstöð. Einnig mun verða nauðsynlegt að nota mikinn fjölda vinstrivagna eftir breytinguna. Sömu reglur munu þá gilda fyrir þá.

Sporvagnar.

Sporvagnaumferð er nú í 5 stærstu borgum okkar. Í Stokkhólmi og Helsingjaborg munu strætisvagnar koma í stað sporvagna frá og með deginum, sem breytingin fer fram. Í Málmey verður aðeins haldið áfram að starfrækja eina sporvagnaleið. Í Gautaborg og Norrköping mun sporvagnaumferðin halda áfram og hún verða aukin. Því verður að gera vissar breytingar á sporvögnum í þessum borgum.

Götur og vegir.

Götur og vegir eru yfirleitt jafn nothæfir fyrir vinstri og hægri handar umferð. Hins vegar verður að breyta allmörgum umferðarsvæðum og gatnamótum. Mikinn hluta þeirra umferðarmerkja, umferðarljósa og merkja á akbrautum, sem eru í notkun, verður að flytja eða breyta, og snúa verður öllum skásettum bifreiðastæðum, svo að þau verði notkunarhæf með nýju aksturstefnunni. Ýmsar vegavélar, eins og snjóplógar og grassláttuvélar, eru gerðar fyrir vinstri handar umferð eingöngu, og verður því að breyta þeim eða fá nýjar.

Flest vandamálin munu skapast í borgum og stærri bæjum. Þar er fyrst athugað, hvernig einstefnuaksturskerfið muni reynast í hægri handar umferð og hvernig því þurfi ef til vill að breyta, þar sem það hefur bein áhrif á skipulag umferðarsvæðanna. Síðan eru gerðar vinnu- og tímaáætlanir.

Þar sem umferðin verður að vera óhindruð með vinstri handar umferð fram að H deginum og í hægri handar umferð strax á eftir, verður að gera ýmsar bráðabirgðaráðstafanir til þess að auðvelda breytinguna. M. a. gera sérfræðingar ráð fyrir að geta notað færanleg sporvagnabiðstæði.

Breytingarvinnan verður unnin í áföngum. Fyrir H daginn verða gerðar allar þær breytingar, sem framkvæmanlegar eru, þrátt fyrir vinstri handar umferðina. Við umferðarbreytinguna verða framkvæmdar breytingar á umferðarmerkjum og ljósum, svo og ýmsar bráðabirgðaráðstafanir á vegaframkvæmdum, er síðan verða fullgerðar eftir H daginn.

Upplýsingastarfsemi.

Við umferðarbreytinguna verður það hinn mannlegi þáttur fyrst og fremst, sem ákveður umferðaröryggið. Það ríður á því, að allt verði gert, sem unnt er, til að koma í veg fyrir slys með nákvæmri fræðslu og áhrifamiklum áróðri. Það er mjög mikilvægt, að eins margir og unnt er, hafi jákvæð viðhorf til breytingarinnar. Jákvætt viðhorf auðveldar þá venjubreytingu, sem verður nauðsynleg öllum í umferðinni. Þess vegna verður að reka víðtæka upplýsingastarfsemi til að hafa áhrif á skoðanir fólks í þessa átt.

Fræðsla um reglur þær, sem gilda við hægri handar umferð, mun ekki verða veitt, fyrr en stuttu fyrir breytinguna. Þá mun hún hins vegar verða eins öflug og áhrifamikil og unnt er.

Nú þegar er hafin barátta, m. a. í umsjá NTF, fyrir því að bæta hina almennu umferðarmenningu fyrir breytinguna í hægri handar umferð.

Erfiðustu verkefnin vegna umferðaröryggisins eru að ná til þeirra, sem stríða við sérstök vandamál í umferðinni og að minnka áhættuna fyrir þá hópa í umferðinni, sem einkum verða fyrir óhöppum, svo sem gangandi vegfarendur, fólk á reiðhjólum og reiðhjólum með hjálparvél.

Eitt skilyrði þess, að breytingin komist hnökralaust á, er, að eins margir og unnt er, hjálpi til við undirbúninginn. Blöðin, útvarp, sjónvarp, skólar, hernaðaryfirvöld, vinnumálasamtökin, NTF og hin mörgu samtök þjóðfélagsins geta veitt mikilvæga aðstoð.

H dagurinn.

Þau atriði, sem hafa áhrif á umferðaröryggið við framkvæmd breytingarinnar, eru m. a. möguleikarnir á að dreifa upplýsingum, menntun og umferðareftirlit. Rannsókn sérfræðinganefndar, sem er statens högertrafikkommission til aðstoðar, hefur leitt í ljós, að hentugasti tíminn með tilliti til þessara atriða er byrjun septembermánaðar. Septembermánuður er einnig álitinn hentugur tími fyrir umferðarbreytinguna frá tæknilegu og fjárhagslegu sjónarmiði.

Högertraffikkommissionen hefur þess vegna lagt til við konung, að dagurinn til breytingarinnar í hægri handar umferð verði ákveðinn **sunnudagurinn 3. september 1967.** Breytingin mun verða gerð snemma á sunnudagsmorgninum, og gert er ráð fyrir, að nauðsynlegt verði að takmarka umferð á vegum í nokkrar klst. um nóttina, til þess að unnt verði að gera síðustu breytingarnar, svo sem flutning ýmissa umferðarmerkja, afhjúpun götuljósmerkja o. fl., á sem liprastan hátt.

Þegar umferðin fer síðan í gang aftur, verður það undir mjög ströngu eftirliti. Lögreglan verður styrkt með hermönnum og sjálfboðaliðum, sem munu verða látnir leiðbeina bæði bifreiðastjórum og fótgangandi fólki. Þar að auki verður sennilega sett tímabundin hraðatakmörkun til þess að minnka framúrakstur og tjón af þeim óhöppum, sem kunna að verða þrátt fyrir allt. Allar hugsanlegar aðferðir verða notaðar til að minna á nýju umferðarregluna og koma í veg fyrir, að fólk taki upp gamla háttu, þangað til það hefur fullkomlega aðlagazt hinu nýja umferðarkerfi.

Kostnaður og bætur.

Þegar þingið ákvað að koma á hægri handar umferð, var gert ráð fyrir, að kostnaðurinn myndi verða 400 milljónir sænskra króna. Um helmingur þessa kostnaðar er vegna breytinga á strætisvögnum og langferðabifreiðum. Breytingar á götum og vegum krefjast um það bil fjórðungs fjárhæðarinnar. Breytingar vegna sporvagna, landvarna og skógræktar munu ásamt upplýsingum, menntun o. fl. krefjast eftirstöðva fjárhæðarinnar.

Bætur verða greiddar af ríkisfé vegna nauðsynlegs kostnaðar, sem er bein afleiðing af breytingunni í hægri handar umferð og ekki getur talizt óverulegur. Bætur verða greiddar, hvort sem það er ríkið, sveitarfélag, einkafyrirtæki eða einstaklingar, sem fyrir kostnaðinum verða. Skilyrði þess, að bætur fáist, er. að áætlun um nauðsynlegar ráðstafanir hafi verið gerð fyrirfram og viðurkennd af högertrafikkommissionen.

Fjáröflun.

Fjár til breytingarinnar verður aflað með aukaskatti af skráðum, vélknúnum ökutækjum á árunum 1964—1967. Auka umferðarbreytingarskatt skal greiða með hinum venjulega skatti af ökutækjum, 20 sænskar kr. af bifhjólum, 40 sænskar kr. af fólksbifreiðum, sem ekki vega meira en 1100 kg með ökumanni, og 75 sænskar kr. af öðrum vélknúnum ökutækjum. Meginreglan verður sú, að sá, sem á ökutækið í ársbyrjun, borgi skattinn.

Takmark — öruggari umferð.

Þörfin á breytingu í hægri handar umferð í Svíþjóð hefur orðið brýnni með hverju árinu. Umferðin yfir landamærin, sem hefur aukizt hröðum skrefum, hefur aukið áhættuna og fjöldi slysa, sem hafa orðið vegna óvana við hægri eða vinstri handar umferð, hefur aukizt. Fjöldi bifreiða, sem fóru yfir landamærin árið 1963, var um það bil 5 milljónir. Gert er ráð fyrir, að þessi tala muni tvöfaldast í byrjun 8. tugs aldarinnar. Þar við bætist hinn mikli fjöldi ferðafólks, sem fer inn í og út úr landinu með lestum, flugvélum eða skipum.

Í hvert skipti, sem bifreið er nú ekið yfir landamæri okkar, fylgir aðlögun að öðru umferðarkerfi og því einnig aukin áhætta. Til þess að ryðja þessari áhættu úr vegi, að svo miklu leyti sem unnt er, hefur þingið ákveðið að breyta yfir í hægri handar umferð í Svíþjóð. Takmark vinnnunnar við breytinguna er ekki einungis að minnka tölu slysa, er breytingin fer fram, og útiloka slys, sem verða vegna óvana við nýju umferðarregluna. Lokatakmarkið er að koma á varanlegri bót á umferðaröryggginu í landinu.

Nokkrar mikilvægar tölur, er breyting í hægri handar umferð stendur fyrir dyrum í Svíþjóð.

Tiltölulegur fjöldi ökutækja	Fjöldi íbúa á hvern bil
1945	70
1950	20
1955	10
1960	5.7
1963	5
1975 (áætlaður)	3

Fjöldi bifreiða, sem fara yfir landamærin	Milljónir (um það bil)
1953	1.1
1960	3.7
1963	5.0
1970 (áætlaður)	10.0

Fjöldi slysa:

Sænsk ökutæki erlendis		Erlend ökutæki í Svíþjóð	
1959	1 770	1959	716
1960	1 822	1960	966
1961	2 217	1961	1 271
1962	2 918	1962	1 361
1963	3 506	1963	1 668

Áætlaður kostnaður vegna breytingar í hægri handar umferð 1967:

	Milljónir (um það bil)
Breytingar vegna strætisvagna og langferðabifreiða	200
Aðlögun gatna og vega	100
Breytingar vegna sporvagnaumferðarinnar	50
Skógrækt, landvarnir, benzínstöðvar, menntun og upplýsingastarfsemi, skipulagsvinna, óvænt	50
Samtals	400

Fjáröflun. — Umferðarbreytingarskattur 1964—1967:

	kr. á ári
Bifhjól	20
Fólksbifreið, sem ekki vegur meira en 1100 kg með ökumanni	40
Annað vélknúið ökutæki	75

Sþ. 88. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands.

Flm.: Ragnar Jónsson, Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka til fullnustu, hvernig hagkvæmast muni vera að leysa raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga þeirra, sem búa austan Mýrdalssands, og vinna að framgangi þess máls svo fljótt sem auðið er.

Greinargerð.

Í Vestur-Skaftafellssýslu eru sjö hreppsfélög. Þar af eru tvö vestan Mýrdalssands, en fimm fyrir austan sandinn.

Hrepparnir tveir í Mýrdal, Dyrhólahreppur og Hvammshreppur, hafa þegar fengið rafmagn frá Soginu.

Hin langa leið úr Mýrdalnum til byggðanna austans Sands er án efa meginorsök þess, að raflínan er ekki komin austar en til Víkur.

Íbúar sveitanna í austurhluta Vestur-Skaftafellssýslu eru því mjög afskiptir hvað raforku snertir og una því að vonum illa.

Litlar einkarafstöðvar, sem reistar voru við bæjarlækina fyrir mörgum áratugum allvíða á bæjum í héraðinu, eru flestar orðnar mjög úr sér gengnar og ófullnægjandi með öllu. Sama máli gegnir um dísilstöðvar, sem menn hafa verið að koma upp hver hjá sér. Þá eru og allmörg heimili, sem ekkert rafmagn hafa, og er þeirra hlutur vitanlega verstur.

Við flutningsmenn þessarar tillögu teljum, að við núverandi ástand verði vart unað öllu lengur. En engra úrbóta er að vænta, fyrr en fullnaðarrannsókn liggur fyrir um það, hvernig bezt verður að málinu unnið.

Engum kunnugum blandast hugur um það, að skjótra aðgerða er þörf.

Nd. 89. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá forsætisráðherra.

Við 36. gr. Seinni málsliðurinn falli niður.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um endurskoðun á reglum um verkefna- og tekjustofnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Flm.: Karl Kristjánsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Ásgeir Bjarnason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa sex manna nefnd til að endurskoða núgildandi reglur um verkefnaskiptingu milli ríkisins og sveitarfélaganna, svo og í því sambandi tekjustofnaskiptinguna, eins og hún nú er orðin milli þessara aðila.

Þingflokkarnir tilnefni fjóra nefndarmennina, — sinn manninn hver. Samband íslenzkra sveitarfélaga tilnefni einn manninn í nefndina. Ríkisstjórnin skipi sjötta manninn án tilefningar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt sem hún telur sig geta.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á síðari árum hafa orðið miklar breytingar á starfsemi þjóðfélagsins, jafnvel árlega. Yfir þessari þróun er síður en svo ástæða til að kvarta, af því að tilgangurinn með breytingunum er framfarir.

Þjóðfélagið er sífellt að fjölga verkefnum sínum í þágu þegna sinna og stækka þau.

Samfélagsverkefnin, sem hér um ræðir, skiptast mörg og á ýmsan hátt milli ríkisheildarinnar og sveitarfélaganna að kostnaðarþunga og til umsjónar einnig. Alþingi hefur ákvörðunarvaldið um skiptinguna.

Hinum öru breytingum í þjóðfélaginu fylgir sú hætta, að hlutföll raskist milli eðlilegrar þátttöku þjóðfélagsheildarinnar og sveitarfélaganna í samfélagsmálunum. Þess er ekki alltaf gætt við lagasetningu, að sveitarfélögin, sem ekki hafa vald til að ákveða sér tekjustofna, verði ekki ofhlaðin skyldum miðað við rétt og aðstöðu til tekjuöflunar.

Nauðsynlegt er, að gerð sé við og við athugun á því, hvernig sakir standa í þessum efnum, og lagfært það, sem úrskeiðis hefur farið í flaumi breytinganna. Vegið og metið, hvernig skiptingin er orðin og hvernig hún má vera eða væri heppilegust.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja áríðandi vegna sveitarfélaganna, að slík athugun fari fram nú þegar. Til þess að gera þá athugun álíta þeir rétt, að menn verði valdir af þeim aðilum, sem tillagan greinir.

Sþ. 91. Fyrirspurnir. [75. mál]

I. Til iðnaðarmálaráðherra um kísilgúrverksmiðju.

Frá Birni Jónssyni.

1. Hafa verið teknir upp samningar við aðra erlenda aðila um þátttöku í kísilgúrvinnslu og sölu en ráð var fyrir gert í rökstuðningi fyrir lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og ef svo er, hve langt eru þeir samningar á veg komnir og hver eru meginatriði þeirra?
2. Er fyrirhugað að leggja samninga, ef gerðir verða við aðra aðila og á öðrum grundvelli en ráð var fyrir gert í grg. ríkisstjórnarinnar með frv. til l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, fyrir Alþingi?
3. Hvað líður athugunum á þeim hættum og vörnum gegn þeim, sem leiða kann af byggingu kísilgúrverksmiðju við Mývatn fyrir dýralíf í Mývatni og við Mývatn?
4. Hvaða samráð hefur verið haft, eða er fyrirhugað, við Mývetninga og þ. á m. við landeigendur og eigendur veiðiréttar í Mývatni um starfrækslu fyrirhugaðrar kísilgúrverksmiðju?

II. Til ríkisstjórnarinnar um lýsisherzluverksmiðju.

Frá Skúla Guðmundssyni, Einari Ingimundarsyni, Óskari E. Levy, Ólafi Jóhannessyni, Jóni Þorsteinssyni og Birni Pálssyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til framkvæmda á ályktun Alþingis frá 5. maí 1965 um lýsisherzluverksmiðju?

Nd. 92. Frumvarp til laga [76. mál]

um breyting á vegalögum nr. 71 30. des. 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

85 gr. laganna orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 3.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sbr. þó 92. gr.

2. gr.

b-liður 87. gr. laganna orðist svo:

Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín:

Þungi bifreiðar, kg	Þungaskattur, kr.
0—2000	11 050
2000—2200	11 290
2200—2400	11 530

Þungi bifreiðar, kg	Þungaskattur, kr.
2400—2600	11 770
2600—2800	12 010
2800—3000	12 260
3000—3200	12 500
3200—3400	12 750
3400—3600	13 000
3600—3800	13 250
3800—4000	13 500
4000—4100	13 635
4100—4200	13 770
4200—4300	13 905
4300—4400	14 040
4400—4500	14 175
4500—4600	14 310
4600—4700	14 445
4700—4800	14 580
4800—4900	14 715
4900—5000	14 850
5000—5100	14 985
5100—5200	15 120
5200—5300	15 255
5300—5400	15 390
5400—5500	15 525
5500—5600	15 660
5600—5700	15 795
5700—5800	15 930
5800—5900	16 065
5900—6000	16 200

Fyrir hver 100 kg yfir 6000 kg greiðast kr. 270.00.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt að afla fjár til vegaframkvæmda í þeim mæli, sem gildandi vegáætlun gerir ráð fyrir árin 1965 og 1966. Er lagt til að hækka innflutningsgjald af benzíni, sem í 85. gr. vegalaga er ákveðið kr. 2.77 pr. l. í kr. 3.67 pr. l. og þungaskatt af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, samkvæmt b-lið 87. gr. laganna, um 30—35 af hundraði.

Að fenginni reynslu þessa árs má gera ráð fyrir, að sala á benzíni verði um 65 millj. l. á komandi ári. Með 90 aura hækkun á innflutningsgjaldinu verður tekjuaukningin af þessum lið því 58,5 millj. kr.

Brúttótekjur samkvæmt b-lið 87. gr. vegalaga, þ. e. tekjur af þungaskatti bifreiða, sem nota annað eldsneyti en benzín, munu á þessu ári nema sem næst 32.9 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir því að slíkum bifreiðum sé lagt að jafnaði 1/10 hluta ársins. Brúttótekjur af þessum lið ættu því að verða um 45.1 millj. kr.

Hér fer á eftir yfirlit yfir áætlaða tekjuaukningu árið 1966 af innflutningsgjaldi og þungaskatti, ef frumvarp þetta verður að lögum:

	Áætlaðar tekjur '66 skv. gildandi lögum		Áætlaðar tekjur '66 skv. frumvarpi	
Brúttótekjur af benzíngjaldi miðað við 65 millj. l. sölu	180.1		238.6	
Brúttótekjur af þungaskatti dieselbifreiða	32.9		45.1	
Tekjur af þungaskatti benzínbifreiða	16.0		16.0	
Tekjur af gúmmígjaldi	9.0		9.0	
	238.0		308.7	
Frá dregst:				
Endurgreiðsla benzíngjalds	14.8		19.6	
Endurgreiðsla þungaskatts	4.5		6.2	
		19.3		25.8
	218.7		282.9	
Tekjuaukning	64.2			
	282.9		282.9	

Sú tekjuaukning, sem hér um ræðir, kemur þó eigi öll fram á næsta ári. Stafar það af því, að innheimtu innflutningsgjalds af benzíni er þannig háttað, að því er skilað af innflytjendum á öðrum mánuði frá því að það var selt. Ef lögin taka gildi hinn 1. janúar 1966, svo sem ráðgert er, mun hækkunar innflutningsgjaldsins eigi gæta fyrr en í marz n. k. Innflutningsgjald það, sem inn kemur í mánuðunum janúar og febrúar af benzínsölu mánaðanna nóvember og desember, verður að sjálfsögðu samkvæmt núgildandi lögum, kr. 2.77 pr. l. Sala benzíns tvo síðustu mánuði ársins er áætluð um 8.5 millj. l. og tekjumissir ársins 1966 því um 7.7 millj. kr. Raunveruleg tekjuaukning almanaksársins 1966 verður því um 56.5 millj. kr.

Tekjuöflun til vegamála samkvæmt vegáætlun mun hins vegar, ef frumvarp þetta verður að lögum, verða allmiklu meiri síðari tvö ár þess tímabils, sem vegáætlun nær yfir, þar eð þar er reiknað með föstu og jöfnu framlagi úr ríkissjóði bæði árin, en þær tekjur, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, nokkru hærri en ráðgert var að það framlag næmi. Verða þessar umfram-tekjur, ásamt öðrum fjáröflunum til aukningar framkvæmdafjár vegamála, lagðar til grundvallar við endurskoðun vegáætlunar, sem heimilt er að fari fram fyrir árslok 1966. Hefur ríkisstjórnin gert ráðstafanir til þess að rækileg athugun fari fram á því hvernig afla megi fjár til vegasjóðs og með því ýta á auknar framkvæmdir í hraðbrautum og öðrum vegum, sem mest nauðsyn er að hraða, svo og til aukins vegaviðhalds.

Verði frumvarp þetta að lögum, mun benzínverð á Íslandi verða svipað því, sem gerist í nágrannalöndunum, enda vart við því að búast að notendur þessarar vöru geti fengið hana á lægra verði hér en almennt gerist annars staðar.

Nd. 93. Frumvarp til laga [77. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar 9 manna ráð, er nefnist áætlunarráð ríkisins, samkvæmt tilnefningu svo sem hér segir: Fjórir menn skulu tilnefndir einn af hverjum nú-

verandi þingflokka, en aðrir fjórir einn af hverju eftirgreindra samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Stéttarsambandi bænda, Landssambandi ísl. útvegsmanna og Félagi ísl. iðnrekenda. Einn skipar ríkisstjórn án tilnefningar, og skal hann að öðru jöfnu skipaður úr hópi þeirra sérfræðinga, sem eru vísindalega menntaðir um áætlanagerð, hagfræði eða í höfuðgreinum íslenzks þjóðarbúskapar. Ríkisstjórnin skipar formann ráðsins. Allir ráðsmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna og batnandi raunveruleg lífskjör á grundvelli aukinnar framleiðslu, betri skipulagningar þjóðarbúskaparins og réttlátari skiptingar verðmætanna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga og varðveita og efla sjálfstæði þjóðarinnar.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðaþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Þá skal og áætlunarráð gera sér sem gleggsta grein fyrir þörf íslenzks atvinnulífs á sérmenntuðum mönnum á hverjum tíma og vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, að ráðstafanir séu gerðar til að sérmennta íslenzka menn og tryggja þjóðfélaginu starfskrafta þeirra.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtinu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, samtök atvinnurekenda og fulltrúa atvinnurekstrar, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Áætlunarráð skal við gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar hafa þá höfuðstefnu, er hér segir:

Á fyrri hluta þessa tímabils skal einbeita sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenzkra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Samtímis skal efla þá atvinnuvegi, er fyrir eru, og stuðla að uppkomu nýrra atvinnutækja, er ætla má að hafi heilbrigðan grundvöll.

Á fyrri hluta tímabilsins skal undirbúa áætlanir um að framkvæma á síðari hluta tímabilsins stórvirkjun fallvatna og rannsaka til hlítar, hvers konar iðnaði í allstórum stíl yrði bezt upp komið á því skeiði til hagnýtingar raforkunnar, þannig að slík fyrirtæki séu í senn undir yfirráðum Íslendinga, hagnýti vinnuafl og fjármagn haganlegast í þágu þjóðar og einstaklinga og hægt sé um leið að tryggja sem allra mesta sölu á framleiðslu þeirra úr landi til langs tíma, svo að áhætta þjóðarinnar verði sem minnst.

8. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Ríkisstjórn skal kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárlögum sem fylgiskjal, en áætlanir til lengri tíma séu lagðar fram með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstjórnar, hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum og utanríkisviðskiptum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess.

Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Fela skal áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur að lögum um áætlanir í fjárfestingarmálum og ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Íslandi verður ekki stjórnað, svo að vel fari og frelsi landsbúa og velferð sé tryggð, nema hugsað sé um land vort sem eitt þjóðarbú, þannig að þjóðin skipuleggi aðalsölu útflutningsafurðanna, stjórni innkaupum þjóðarbúsins í samræmi við nauðsyn útflutningsins og hagsmuni þjóðarheildarinnar, ráði í aðalatriðum stefnu fjárfestingarinnar til þess að tryggja undirstöðu framleiðslunnar og hraða og rétta þróun hennar. Innan slíks heildarskipulags verður svo að tryggja og hagnýta í þjóðarþágu jafnt framtak einstaklinga, félaga sem annarra heilda.

Það stjórnleysisástand, sem ríkt hefur undanfarin ár undir nafni verzlunarfrelsisins, hefur einkennzt af því að beygja allan þjóðarbúskapinn, allt efnahagslífið undir sérhagsmuni verzlunarauðvaldsins. Innflutningur bílþúsundanna og bygging bílaumboðshallanna við Suðurlandsbraut í Reykjavík, ásamt sölu nýjustu togaranna úr landi, munu verða minnisvarði efnahagsstefnu verzlunarauðvaldsins og forsjár þess fyrir þjóðinni. Það hefur verið ógæfa Íslands, hve sterkt einmitt þetta auðvald hefur verið hér og hvernig það hvað eftir annað hefur komið efnahagslífi Íslands í öngþveiti með yfirdrottnun sinni.

Á meðan alþýðan tekur ekki sjálf um stjórnvölinn og tekur að leiða Ísland fram til þjóðnýtingar, samvinnu og sameignar sem aðaleinkenna þjóðarbúskaparins, þ. e. fram til þjóðfélags sósíalismans, þá er aðeins um tvær höfuðstefnur að ræða í íslenzku efnahagslífi:

Önnur er sú stefna verzlunarauðvaldsins, sem nú ríkir. Sé henni haldið áfram rökrétt og hún framkvæmd út í yztu æsar, verður að innlima Ísland í einhverja stóra viðskiptaheild, leyfa frjálsan innflutning erlends auðmagns og ef með þarf erlends verkafólks og láta lögmál hins óhefta peningavalds fá að ráða á öllum

sviðum þjóðarbúskaparins. Af því leiddi drottnun erlendra auðhringa yfir Íslandi. Afl fossanna, hiti jarðarinnar, auður fiskimiðanna, allt yrði þetta þá gert að auðsuppsprettu fyrir nokkra fáa fjármáladrottna erlenda, er hagnýttu framleiðslutækin og vinnuaflið einvörðungu í gróðaskyni. Þessi stefna er í rökréttri framkvæmd sinni **innlimunarstefna**, er jafngildir tortímingu íslenzks sjálfstæðis. Til lítils höfum vér þá endurreist lýðveldi á Íslandi eftir 600 ára nýlendukúgun, ef land vort og þjóð á aftur að verða erlendu auðvaldi að bráð, jafnvel með þeim afleiðingum að glata þjóðerninu, sem varðveittist þó gegnum allar aldir og þrengingar fornu nýlendukúgunarinnar.

Hin stefnan er að sameina þjóðina og þá fyrst og fremst höfuðstéttir hennar í framleiðslulífinu um að reka þjóðarbúskap vor Íslendinga sem fullkomnast og viturlegast í eigin þágu. Það er íslenzk **sjálfstæðisstefna**. Öld vor er öld hinna miklu samsteypna í efnahagslífinu. Hin hraða þróun tækninnar knýr fram vaxandi stórrekstur og aukna samvinnu hinna smærri í atvinnulífinu. Vér erum allt of fámennir til þess að hafa efni á þeim allsherjar glundroða brasksins, sem nú einkennir þjóðlífið. Allir íslenzkir verkamenn eru vart fleiri en þeir verkamenn, sem starfa hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Til þess að geta haldið sjálfstæði voru í þessum frumskógi risafyrirtækjanna, sem vér verðum að berjast í, verðum vér sjálfir að vera sterkir og sameinaðir, hafa heildarstjórn á efnahagslífi voru út á við: áætlunarbúskap. En innbyrðis geta öll hin gömlu, hefðbundnu form íslenzks þjóðarbúskapar þrifizt: einstaklingsrekstur, samvinnurekstur, bæjarrekstur, ríkisrekstur o. s. frv. Slíkt er ekki aðeins íslenzkri alþýðu og þjóðarheildinni fyrir beztu, heldur og þeim íslenzkum atvinnurekendum, sem undanfarið hafa látið heillast af „viðskiptafrelsinu“, því að þeir eru flestir það smáir á alþjóðamælikvarða, að þeir yrðu flestir troðnir undir járnhælum erlendu auðhringanna, ef Ísland yrði þeim að bráð.

Til þess að hægt sé að framkvæma þennan takmarkaða áætlunarbúskap, sem frv. þetta leggur til, þarf í þjóðfélagi voru, eins og það er nú, gagnkvæman skilning og helzt samstarf höfuðstéttanna í framleiðslunni: **verkalýðs á sjó og landi, atvinnurekenda** í sjávarútvegi og iðnaði og **bænda**. Alveg sérstaklega er það nauðsynlegt, að þær höfuðvaldsstéttirnar, sem andvígastar eru og andstæðastra hagsmuna hafa að gæta, verkalýðurinn og atvinnurekendur í framleiðslunni, geti lagzt á eitt um framkvæmd slíkra áætlana fyrir þjóðarbúskapinn sem hér er gert ráð fyrir. Það hefur verið mikil ógæfa Íslendingum, að á því tveggja áratuga tímabili, sem þetta valdajafnvægi hefur raunverulega verið á milli þessara höfuðstétta, hefur auðmannastéttin hvað eftir annað undir leiðsögn óraunsærra aðila og sumpart sakir óhollra erlendra áhrifa lagt út í dýrar, en árangurslausar tilraunir til þess að koma á harðstjórn auðvalds gegn verkalýð, allt frá gerðardómslögunum illræmdu 1942 og fram til hins ljóta gengisfellingar- og verðbólguleiks síðustu ára. Það er orðin mikil nauðsyn þjóð vorri, að í stað þess að gera landið að vettvangi sífelldra hjaðningavíga og ríkisvaldið að ránstæki yfirstéttar til þess að ræna almenning kaupgjaldi hans, þá sé tekið höndum saman um skipulega eflingu framleiðslulífsins samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum og ríkisvaldinu beitt til þess að skipuleggja framfarirnar og raunhæfar, varanlegar lífskjarabætur almennings, sem hljóta að vera höfuðtilgangur framleiðslustarfseminnar. Frv. þetta stefnir að því, að svo megi verða.

Frv. þetta hefur, í nokkuð breyttum myndum, verið flutt á flestum þingum síðasta hálfan annan áratug. Sjálft er þetta mál miklu eldra sem baráttumál íslenzkrar verkalýðshreyfingar, og rek ég það að nokkru í fskj. I. En um nokkrar af einstökum greinum frv. skulu fylgja eftirfarandi athugasemdir og skýringar. Í fskj. II er að finna yfirlit yfir þróun kaupmáttar lægsta Dagsbrúnarkaups á síðustu tveim áratugum. Sú tafla sýnir með vissum takmörkunum þróun lífskjaranna hjá ófaglærðum verkamönnum. Þessar takmarkanir eru fyrst og fremst eftirfarandi: Taflan sýnir þróun lífskjaranna eingöngu miðað við 8 tíma vinnudag og án þess

tillit sé tekið til húsnæðiskostnaðar og skatta, sem vissulega er ákaflega stór þáttur útgjaldanna hjá verkamannafjölskyldu, en mjög misjafn hvað húsnæðisútgjöld snertir. Þá ber þess að gæta við þessa töflu, að frá 1942 til júníloka 1965 er kaupmáttur tímakaups og kaupmáttur vikukaups hinn sami, þar sem allt þetta tímabil var 8 tíma vinnudagur, 48 tíma vinnuvika. Frá júnílokum 1965 kemst hins vegar á 44 tíma vinnuvika, og verður því taflan tvískipt frá þeim tíma: annars vegar kaupmáttur tímakaups, hins vegar kaupmáttur hinnar nýju styttu vinnuviku. Þá tekur þessi tafla ekki heldur tillit til atvinnuleysis, þar sem það er. Þess skal getið, að á síðustu árum hafa hafnarverkamenn og ýmsir fleiri verkamenn fengið „flokka"-hækkanir, sem gerir kaup þeirra 3—5% hærra en lægsti taxtinn er.

Um einstakar greinar frv.

Um 1. gr.

Það þykir rétt, að í ráðinu eigi sæti bæði fulltrúar stjórnmálaflokkanna og þýðingarmestu stéttarsamtakanna í framleiðslulífinu.

Um 3. gr.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélagsfríðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og um nokkurt skeið lækkað niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Kaupgeta lægstu tímakaups-Dagsbrúnarmanna var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en var í des. 1963 komin niður í 81 stig.) Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýðan varð að bæta sér upp minnkaða kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþrældómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnazt fyrir í höndum sérréttindamanna til bankalána.

Það leiðir af sjálfu sér, að slík beiting ríkisvaldsins til arðráns á alþýðustéttunum verður að hætta, en í staðinn sé tekinn upp sú stefna að beita ríkisvaldinu til eflingar þjóðarframleiðslunni og til þess að tryggja það, að vaxandi afköst og auðlegð þjóðarbúsins verði launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar.

Ef samkomulag það, sem Alþýðusambandið, ríkisstjórnin og atvinnurekendur gerðu í júní 1964, er tryggja skyldi vísitöluuppbót á kaupgjald, reynist farsælt og dýrtíðin verður stöðvuð, gæti það samkomulag orðið upphaf breyttrar stefnu í þessum málum.

Þá skal sérstaklega undirstrika gildi síðustu málsgreinarinnar um staðsetningu atvinnutækja, byggðaþróun o. s. frv. Það er mikil nauðsyn, eigi aðeins þjóðarbúskap vorum, heldur og þjóðerni voru og þjóðarerfðum, að breytt verði um frá því, sem nú er, að láta blint lögmál peninganna ráða byggðaþróun í landinu með þeim afleiðingum, að öll aukning þjóðarinnar safnast á einn stað: Reykjavík og nágrenni og Reykjanes. Með viturlegum áætlunarbúskap getur þjóðin sjálf stjórnað þessari þróun, látið allstóra bæi rísa í hinum ýmsu fjórðungum landsins, þar sem skilyrði eru hagstæðust, með því að beina þangað fjármagni og framleiðslutækjum. Að nokkru var þetta reynt með nýsköpunarstefnunni 1944 til 1946. Án þess að þannig sé gripið í taumana, mun sú samþjöppun þjóðarinnar á einn stað, sem

einkennt hefur alla 20. öldina hér, halda áfram skefjalaust. Er það jafnt íbúum Reykjavíkur sem öðrum landsmönnum hagsmunaatriði, að höfð sé viturleg stjórn og fyrirhyggja á um þessi mál, en blint samþjöppunarlögmál peningavalds ekki látið ráða.

Um 4. gr.

Vér Íslendingar flytjum út 40% allrar framleiðslu vorrar, og mun vart nokkur önnur þjóð í heiminum eiga afkomu sína í svo ríkum mæli undir utanríkisverzlun sem vér. Oss er því lífsnauðsyn að geta útilokað alla hættu á viðskiptakreppum og markaðsvandræðum. Það gerum vér bezt með því annars vegar að tryggja útflutning vorn sem bezt með viðskiptum við hin sósíalistisku lönd, sem gera stóra fyrirframsamninga við oss, og hins vegar með því að skipuleggja sem bezt baráttu vora fyrir mörkuðum í auðvaldslöndunum. Það sýnir sig bezt í sambandi við freðfiskútflutninginn, hvílíkt öryggi það er framleiðslunni að geta selt t. d. meiri hluta hennar til landa sósíalismans fyrirfram gegn greiðslu við afskipun og geta svo með þessa tryggingu sem bakhjarl rutt vörunni til rúms, eins og þegar hefur gerzt í Bandaríkjum Norður-Ameríku. En til þess að geta stjórnað þessum viðskiptum í heild er sú yfirstjórn á utanríkisverzluninni, sem felst í þessu frv. um áætlunarráð, einkum 4. og 8. gr., alveg óhjákvæmileg.

Um 7. gr.

Það er nauðsynlegt, að Alþingi mæli fyrir um það í lögum, hver skuli vera höfuðstefnan í aukningu framleiðslunnar. Vitað er, að langsamlega mestu vinnuafköst á Íslandi eru í sjálfum aflabrögðunum. Vér Íslendingar eigum þar heimsmet, þannig að fiskimagn vort miðað við hvern sjómann er miklu hærra en nokkurrar annarrar þjóðar, jafnvel fjórfalt og stundum allt að sjöfalt meira en þeirrar þjóðar, er næst kemur. Það leiðir af sjálfu sér, að efling sjávarútvegsins hlýtur því áfram að vera höfuðstefnan. Bendir og allt til þess, að þörfin og markaðurinn fyrir matvæli, — ekki sízt svo ágæt sem vor, — fari hraðvaxandi og sé oss því að öllu leyti hentugast að einbeita oss að matvælaframleiðslunni. En jafnframt er hin brýnasta nauðsyn að margfalda fullvinnslu hennar og gera oss vöruna þannig dýrmætari. Vér höfum að miklu leyti verið hráefnaframleiðendur. **Iðnbylting í matvælaframleiðslu vorri** á að vera höfuðverkefni fyrstu fimm ára áætlunar Íslendinga. Fiskurinn, síldin, laxinn (sem margfalda má með klaki), allt bíður þetta enn í ríkum mæli verksmiðjuiðnaðar til fullvinnslu, þ. á m. niðursuðu og niðurlagningar. Sama gildir um ýmsar landbúnaðarafurðir, þ. á m. ullina, svo sem þegar er byrjað. — Hér er því megináherzla lögð á fullvinnslu hinna innlendu afurða og aukna framleiðslu þeirra til að byrja með.

Um 8. gr.

Það leiðir af sjálfu sér, að áætlunin, sem samin er í samráði við hin ýmsu ráðuneyti, leggst fyrir ríkisstjórn á eftir til þess að fá samþykki hennar. Síðan leggur ríkisstjórn áætlanirnar fyrir Alþingi. Þegar Alþingi hefur samþykkt þær, er litið á þær sem framkvæmdastefnu ríkisins á öllum sviðum efnahagslífsins og öllum stofnunum ríkisins falið það verkefni að sjá um framkvæmd þeirra undir yfirstjórn ríkisstjórnar.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerð-

um áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfiskútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting" gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvaldsskipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni" hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta" gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun" hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun*, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn*, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit."

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka", ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin" á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegun nýrra skipa, að taka við af því „framtaki" útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun" atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um, að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska."

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi. en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósíalistaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenzka stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli ameríkskra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó engin árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins", ráða, hvaða tæki Ís-

lendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni."

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil."

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sinnt.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sem hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Fjárfesting Íslendinga hefur lengst af verið eins og mest er hjá öðrum þjóðum. 1955—57 var fjárfesting t. d. 30—34% af þjóðarframleiðslunni. En hlutfallið milli fjárfestingar til neyzlu og til framleiðslu er á Íslandi að því leyti frábrugðið öllum öðrum Vestur-Evrópulöndum, að þar sem framleiðslufjárfesting t. d. í Noregi og Danmörku er 75%, en neyzlufjárfesting 25% (miðað við árin 1950—54), þá er sama hlutfall á Íslandi 44% framleiðslufjárfesting (1956) og 56% neyzlufjárfesting.

Nauðsynin á skipulagningu fjárfestingarinnar á Íslandi er því svo brýn, að meðan ekki verður orðið við þeirri kröfu, fer allur þjóðarbúskapur vor á einn eða annan hátt úr skorðum.

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

4. Sporin aftur á bak 1959 til 1963.

Þegar ekki hafði tekizt að koma á áætlunarbúskap í tíð vinstri stjórnarinnar, notuðu afturhaldsöflin sér óþolinmæði og óánægju meðal þjóðarinnar með ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar og lofuðu „frelsi“ á öllum sviðum efnahagslífsins.

Reynslan af því varð sú á árunum 1959—63, að að vísu varð nokkurt frelsi um innflutning vara — í krafti útlendra lána, sem urðu þjóðinni dýr, en einokunin á útflutningnum hélzt, — „þjóðnýtingin“ á gjaldeyri útvegsins hélzt, — og harðstjórn og kúgun var tekin upp gagnvart launþegum, ríkisvaldinu beitt með tveim gengislækkunum og vægðarlausri verðbólgu til þess að ræna verkamenn og aðra launþega með þeim árangri, að kaupgeta tímakaups var í desember 1963 81 stig (miðað við 100 árið 1945), eða hin lægsta, sem hún hefur verið í 20 ár. Á fskj. II má sjá þróun kaupmáttarins.

Er nú orðin brýn þörf breytingar og jafnvel greinilegt, að á ýmsum sviðum telja stjórnarvöld ófært að vinna án áætlana, en skilja enn eigi þörfina á heildaráætlun alls þjóðarbúskaparins.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt lægsta dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna árin 1945—1964 og enn fremur tafla um mánaðarlegar breytingar árin 1947, 1955 og 1958—1965.

Kaupmáttur tímakaups 1. taxta Dagsbrúnar með orlofi 1945—1964.

Ár	Meðaltímakaup skv. 1. taxta Dagsbrúnar í dagvinnu	Vísitala tímakaups 1945 = 100	Vísitala neyzluvöruverðs 1945 = 100	Kaupmáttur tímakaupsins 1945 = 100
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	126.1	122.6	102.9
1948	8.74	124.1	125.9	98.6
1949	9.17	130.3	129.0	101.6
1950	10.39	147.6	159.8	92.4
1951	12.59	178.8	210.8	84.5
1952	14.30	203.1	239.1	84.9
1953	15.26	216.7	236.8	91.5
1954	15.34	217.9	239.7	90.9
1955	17.04	242.0	250.9	96.5
1956	19.11	271.4	279.3	97.2
1957	19.67	279.4	291.6	95.8
1958	21.30	302.5	312.5	96.8
1959	22.19	315.2	314.8	101.1
1960	21.91	311.2	344.7	90.3
1961	23.02	327.0	383.1	85.4
1962	25.38	360.5	428.1	84.2
1963	28.82	409.4	482.4	85.4
1964	35.16	499.4	576.2	86.7

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar tímakaups árin 1947, 1955 og 1958—1965 ásamt kaupmætti vikukaups 1965.

Mánuðir	Kaupmáttur tímakaups 1. taxta Dagsbrúnar										Kaupmáttur vikukaups 1. taxta Dagsbrúnar (byrjunart.)
	1947	1955	1958	1959	1960	1961	1962	1963	1964	1965	1965
Janúar	100	90	97	109	99	85	83	85	92	87	87
Febrúar	99	90	97	97	99	85	83	86	89	86	86
Marz	103	91	96	99	98	85	83	85	86	88	88
Apríl	101	92	96	99	94	85	82	84	84	88	88
Maí	101	102	96	100	92	84	82	84	83	87	87
Júní	101	101	100	100	89	85	89	86	83	88	88
Júlí	107	100	97	99	89	92	88	90	88	96	88
Ágúst	106	100	95	99	88	91	86	88	88	98	90
September	107	102	97	99	88	89	87	87	89	99	91
Október	103	97	97	99	86	84	84	82	89	95	87
Nóvember	105	96	96	99	86	83	84	82	88	93	86
Desember	104	100	104	99	85	83	83	86	88		

Skýringar:

Dagvinnukaup: Miðað við lægsta Dagsbrúnartaxta. Sjúkrapeningar og orlofsfé er innifalið.

Vísitala neyzluvöru: Miðað við gömlu vísitöluna án húsnæðisliðar til marz 1959, eftir þann tíma við A-lið nýju vísitölunnar, þ. e. a. s. *án* húsnæðisliðar og *án* beinna skatta og fjölskyldubóta.

Kaupmáttur dagvinnukaups: Með því að deila vísitölu verðlags í vísitölu kaups fæst mælikvarði á kaupmátt þess.

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Nd. 94. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundi sínum. Hún varð ekki á eitt sátt. Tveir nefndarmenn, Hannibal Valdimarsson og Ágúst Þorvaldsson, lýstu sig andvíga frv., Björn Pálsson tók ekki afstöðu, en meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. nóv. 1965.

Óskar E. Levy, form.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Jónas Pétursson, frsm.
Ásgeir Pétursson.

Nd. 95. Frumvarp til laga [78. mál]

um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ákveða skal heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík og gerð þeirra höfuðbygginga, sem ákveðið verður að reisa þar, með þeim hætti, er segir í lögum þessum.

Gera skal uppdrátt af heildarskipulaginu, svo og teikningu af öllum höfuðbyggingum, er þar skulu vera. Skal uppdráttur sá gerður með hvort tveggja fyrir augum að varðveita gamlar, sögulegar byggingar miðbæjarins og svip hans, eftir því sem við á, og að tryggja fegurð og samræmi í þeim byggingum, sem reistar verða, sérstaklega þó hinum opinberu byggingum.

Heildarskipulag þetta skal miðast við svæði, sem takmarkast af Hringbraut að sunnan, af Suðurgötu og Garðastræti að vestan, af Tryggvagötu að norðan og af Sóleyjargötu, Skothúsvegi, Þingholtsstræti og (frá Bankastræti) Ingólfsstræti og Sölfhólsgötu að austan.

2. gr.

Ákvörðun þessa heildarskipulags skal sérstök nefnd annast: skipulagsnefnd miðbæjarins. Skal hún skipuð með þeim hætti, er hér segir:

1. 4 menn skulu skipaðir af Alþingi, einn tilnefndur af hverjum þingflokki.
2. 4 menn tilnefndir af ríkisstjórn.
3. 4 menn tilnefndir af borgarstjórn Reykjavíkur, einn frá hverjum flokki.
4. 4 menn tilnefndir af Arkitektafélagi Íslands.

Þá skulu og eftirfarandi menn eiga sæti í nefndinni án tilnefningar: skipulagsnefndarmenn ríkisins, borgarstjóri Reykjavíkur, þjóðminjavörður og skipulagsstjóri ríkisins.

Þessi nefnd skal kjósa sér framkvæmdanefnd. Heimilt er skipulagsnefnd miðbæjarins að ráða í þjónustu sína sérfræðinga og aðra starfsmenn, láta gera teikningar og líkön og gangast fyrir hugmyndasamkeppni, einnig með þátttöku erlendra manna. Félagsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starf nefndarinnar. Hafa skal hún aðgang að öllum þeim teikningum, uppdráttum og öðru, sem unnið hefur verið að áður á þessu sviði. Kostnaður við nefndarstörf greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Skipulagsnefnd miðbæjarins skal alveg sérstaklega vinna að staðsetningu og teikningu alþingishúss — til viðbótar eða í stað hins núverandi, stjórnarráðshúss og ráðhúss Reykjavíkur, ef ráðlegt þykir, að allar þessar stórbyggingar verði innan þessa svæðis. Þá skal hún og ákveða, hvort ráðlegt sé að listasafn ríkisins og aðrar opinberar byggingar verði innan þessa svæðis. Það er og í hennar verkahring að ákveða um, hverjar einkabyggingar verði á þessu svæði, og að móta í aðalatriðum gerð þeirra, sem og torga þeirra og opinberra garða, er þar skal hafa.

Bannað er að rífa eða breyta hið ytra menntaskólahúsinu, alþingishúsinu, dómkirkjunni og stjórnarráðshúsinu, né nokkru því inni í þessum húsum, er raskar sögulegum minjum tengdum þeim.

Nefndin skal ákveða, hvaða aðrar gamlar byggingar skuli standa og bannað sé að fjarlægja eða rífa.

4. gr.

Þar til skipulagsnefnd miðbæjarins hefur lokið störfum og heildarskipulag miðbæjarins verið endanlega ákveðið, er bannað að reisa varanlegar byggingar innan þessa svæðis. Ljúka má þó byggingum þeim, sem byrjað var á fyrir 31. des. 1963.

Engar bráðabirgðabyggingar má reisa á þessu svæði, nema með einróma samþykki skipulagsnefndar miðbæjarins.

5. gr.

Þegar starfi nefndarinnar er lokið og endanlegar tillögur gerðar um allt heildarskipulag miðbæjarins og höfuðbygginga hans, skal nefndin leggja tillögur sínar fyrir Alþingi, ríkisstjórn og borgarstjórn Reykjavíkur. Fallist allir þessir aðilar á sömu tillögu, er heildarskipulagið þar með ákveðið. Verði ágreiningur milli þeirra, tekur ríkisstjórn endanlega ákvörðun. Félagsmálaráðuneytið setur með reglugerð ströng skipulagsákvæði til þess að tryggja, að framkvæmd skipulagsuppdráttarins verði í föstum skorðum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sem stendur er um það rætt að byggja allar helztu opinberar byggingar ríkis og höfuðborgar, þær er venjulega þykja svipmestar í höfuðborgum, á einum og sama stað: í „kvosinni", hinum gamla miðbæ Reykjavíkur. Er hér um að ræða stjórnarráðshús, alþingishús og ráðhús Reykjavíkur. Eru starfandi sérstakar nefndir í öllum þessum byggingarmálum, ein í hverju. Hins vegar er enn ekkert heildarskipulag ákveðið.

Samtímis er það svo, að enn standa á þessu sama svæði sögulegar byggingar, sem hver menningarþjóð mundi setja stolt sitt í að varðveita sem bezt til síðari tíma án þess að breyta þeim. Er hér um að ræða hús eins og menntaskólahúsið, alþingishúsið, dómkirkjuna og stjórnarráðshúsið, eða af yngri byggingum Iðnó og gamla Búnaðarfélagshúsið, — sérkennilega fulltrúa horfins byggingarstíls, geymandi einnig sögulegar minjar. Öll þessi hús og ótal fleiri á þessum stað og víðar í Reykjavík, ekki sízt í Vesturbænum, mundu aðrar þjóðir reyna að varðveita sem lengst á þeim stað, þar sem þau eru. Komandi kynslóðir verða ekki í neinum vandræðum með að byggja hús, þær munu búa við allsnægtir í þeim efnum, sem við vart gerum okkur grein fyrir. En eitt geta þær ekki gert: þær geta ekki byggt gömul hús. Þau sögulegu hús, sem nú verða rifin, verða aldrei byggð aftur. Núverandi kynslóð er stundum orðhvöss gagnvart fátækum forfeðrum, er glatað hafi dýrmætum skrifuðum söguminjum, en hún má gæta þess, að komandi kynslóðir dæmi hana ekki harðar fyrir að hafa vísvitandi eyðilagt í bráðræði, steigurlæti eða gróðabraski sögulegar minjar, sem eigi verða endurheimtar.

Það þarf að vanda það vel, hvernig miðbærinn gamli í Reykjavík verður, hvernig hið gamla, sem á að haldast, og hið nýja, sem á að rísa, fari bezt saman, án þess að eyðileggja öll hlutföll og skemma heildarmynd. Það er algerlega ófært að ákveða skipulag hvers húss út af fyrir sig án þess að hafa þegar ákveðið heildarmyndina. Þess vegna er höfuðtilgangur þessa frv. að gera ráðstafanir til þess, að slíkt heildarskipulag sé ákveðið fyrir miðbik höfuðborgarinnar, áður en farið er að gera óafturkallanlegar ráðstafanir um einstök hús. Er því m. a. lagt til að banna að reisa varanlegar byggingar í miðbænum, unz heildarskipulag hefur verið ákveðið.

Það er þegar búið að spilla mikið útliti Reykjavíkur sökum skorts á yfirsýn, og miðbærinn hefur ekki heldur farið varhluta af slíkri eyðileggingu.

Allar menningarþjóðir sýna höfuðborg sinni sérstaka rækt í þessum efnum.

Vér Íslendingar eigum að gera það líka. Og það eru síðustu forvöð að taka í taumana.

Það kann vel svo að fara, ef þetta frv. verður samþykkt, að lóðir í miðbænum kynnu að lækka nokkuð í verði, þegar bannað yrði um nokkurt skeið að reisa varanlegar byggingar á þeim.

Áætlað er, að söluverð aðeins lóðanna við Austurstræti, Bankastræti og upp að Laugaveg 99 sé a. m. k. 335 millj. kr. (hins vegar eru allar jarðir á landinu líklega undir 200 millj. kr. virði til sölu). Lóðaverðið í miðbænum er baggi á heilbrigðu

efnahagslífi. Það væri því til góðs fyrir heildina, ef bann um tíma við byggingum í aðalmiðbænum gæti orðið til að draga úr miskunnarlausu gróðabraski með lóðir þar, svo að ekki sé talað um, að það gæti ef til vill orðið til þess að forða Reykjavíkurborg frá því a. m. k. um tíma að kasta út hundruðum milljóna króna í eyðslu, sem sumir mundu kalla flottræfilsbátt, en eyðilegði um leið óafturkallanlega þá aðstöðu, sem þorra bæjarbúa er nú mjög kær við tjarnarendann hjá Vonarstræti.

En þetta eru góðar afleiðingar, sem af samþykkt frv. gætu orðið auk aðaltilgangsins: að tryggja í senn fegurð og þjóðlega ræktarsemi í miðbæ höfuðborgarinnar.

Ed. 96. Breytingartillaga [53. mál]

við frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 6. gr. Orðin „Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. marz til 1. maí ár hvert" falli burt. Í staðinn komi: Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí.

Ed. 97. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja slíkum tillögum, ef fram koma.

Einn nefndarmanna, Þ. G. K., var fjarverandi, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 23. nóv. 1965.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Bjartmar Guðmundsson.
Ásgeir Bjarnason.	Karl Kristjánsson.	Alfreð Gíslason.

Ed. 98. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Þ. G. K., var fjarverandi, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 23. nóv. 1965.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Bjartmar Guðmundsson.
Ásgeir Bjarnason.	Karl Kristjánsson.	Alfreð Gíslason.

Ed. 99. Frumvarp til laga [79. mál]

um breyting á lögum nr. 73 31. des. 1964, um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Síðari málsgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Skólastjóri og fastir kennarar eru opinberir starfsmenn og taka laun samkvæmt kjarasamningum þeirra.

2. gr.

Síðasta málsgr. 11. gr. laganna falli niður.

3. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við stofnun skólans og rekstur greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1966.

Greinargerð.

Á seinasta þingi voru samþykkt lög um stýrimannaskóla í Vestmannaeyjum. Var um það full samstaða á Alþingi, að eðlilegt væri, að sjómannaskóli til fiskimannaprófs væri staðsettur þar.

Á hinn bóginn eru í lögunum ákvæði um það, að bæjarsjóður Vestmannaeyja skuli greiða kostnað við stofnun og rekstur skólans. Um það atriði var ágreiningur. Þótti mörgum óeðlilegt, að ríkið skyti sér undan því að greiða kostnað af sjómannafræðslunni eins og verið hefur og notaði sér þann áhuga, sem er fyrir skólanum meðal Vestmannaeyinga, til að koma kostnaðinum af þessum hluta sjómannafræðslunnar yfir á þá eina.

Nú hefur skólinn útskrifað fyrsta nemendahópinn og hefur þar með sannað tilverurétt sinn í sjómannafræðslukerfinu.

Flutningsmanni þykir því rétt að kanna, hvort ekki sé nú orðinn meiri hluti fyrir því á Alþingi, að ríkið taki að sér kostnað af skólanum eins og öðrum þáttum sjómannafræðslunnar. Frumvarp þetta miðar að því, og eru ekki fólgnar í því aðrar breytingar á lögunum.

Sþ. 100. Tillaga til þingsályktunar [80. mál]

um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það frumvarp síðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Það tíðkast í æ ríkara mæli hér á landi, að lausafjárkaup fari fram með þeim hætti, að kaupandi gjaldi aðeins lítinn hluta kaupverðs þegar í stað, en greiði síðan eftirstöðvarnar með tilteknum afborgunum á ákveðnum gjalddögum. Jafnframt er svo oft um samið, að seljandi haldi eignarrétti sínum að hinum selda hlut, þar til

kaupverðið er að fullu greitt. Sem dæmi lausafjármuna, sem oft eru seldir með afborgunarkjörum, má nefna notaðar bifreiðar, húsgögn, heimilistæki, hljóðfæri, sjónvarpstæki, bækur og margt fleira. Er enginn vafi á, að slík afborgunarkaup hafa færzt hér mjög í vöxt á síðustu árum. Er og efalaust, að þessi samningskjör hafa greitt fyrir viðskiptum og stuðlað að því, að menn eignuðust lausafjármuni, sem þeir ella hefðu orðið að vera án. Við slík afborgunarkaup reynir á ýmis atriði, sem ekki koma til, þegar um venjuleg lausafjárkaup er að ræða. Hér á landi eru samt engin sérstök lagaákvæði um sölu lausafjár með afborgunarkjörum. Slík lög hafa þó verið sett fyrir löngu í nágrannalöndum okkar, og voru raunar upphaflega sett þar um svipað leyti og lög um lausafjárkaup. Voru þau undirbúin af norrænni samstarfsnefnd. Þau lagaákvæði voru síðan endurskoðuð fyrir um það bil fimmtán árum. Að áliti flutningsmanna er fyllilega tímabært, að sett séu hér á landi sérstök lög um afborgunarkaup. Er æskilegt, að sem allra fyrst verði settar fastar reglur um þessa tegund lausafjárkaupa. Því er þessi þingsályktunartillaga flutt. — Nánar í framsögu.

Nd. 101. Frumvarp til laga [81. mál]

um loðdýrarækt.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Ingvar Gíslason, Jónas Pétursson, Geir Gunnarsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

5. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarð hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins, um gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

Leyfi til minkaeldis má þó aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra.

7. gr.

Um gerð loðdýragarða, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af loðdýraskinnum eða lifandi loðdýrum, 4.2% af fob-verði. Gjaldið skal renna til vísindalegra rannsókna á lifnaðarháttum villiminks og til sérstakra ráðstafana til útrýmingar honum.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu tvö árin frá gildistöku laganna og eigi fleiri en 5 minkabúum.

Greinargerð.

Á s. l. þingi var lagt fram frv. til laga um loðdýrarækt.

Frv. var afgreitt frá Nd. með nokkrum breytingum, en hlaut ekki afgreiðslu í Ed.

Frv. er nú flutt að nýju eins og það var afgreitt frá Nd.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Núgildandi lög frá 8. marz 1951 um loðdýrarækt eru allflókin og í þeim ákvæði, sem betur ættu heima í reglugerð. Frumvarpið miðar að því að gera þessa löggjöf einfaldari, og er þá gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg reglugerð um framkvæmd hennar.

Í frumvarpinu er kveðið á um það, að landbúnaðarráðuneytið ákveði, hvort veitt skuli leyfi til þess að koma upp loðdýragörðum, en varðandi hverja umsókn ber því að leita álits veiðistjóra, sem kynnir sér öll gögn umsækjenda. Þá er lagt til í frumvarpinu, að embætti veiðistjóra annist eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé fylgt.

Fyrir nokkrum árum var bannað með lögum að reisa minkabú hér á landi og þá jafnframt ákveðið, að þau minkabú, sem fyrir voru, skyldu lögð niður innan ákveðins frests. Tilgangurinn með þessu mun hafa verið sá að útrýma villiminknum, sem þá hafði gert allmikinn usla víða um land. Reynslan hefur nú sýnt, að varla má búast við því, að gereyðing villiminksins takist hér á landi.

Á síðari árum hefur framleiðsla minkaskinna stóraukizt og margar þjóðir, m. a. frændur okkar á Norðurlöndum, haft stórfelldar tekjur af minkaeldi. Virðist margt benda til þess, að eftirspurn eftir minkaskinnum muni aukast.

Óvíða munu vera fyrir hendi jafngóð skilyrði til minkaeldis og hér á landi, þar sem fiskúrgangur er aðalfóður minka. Haft er eftir dönskum kunnáttumanni á sviði fóðurtilrauna, að engin þjóð muni geta keppt við Íslendinga á sviði minkaeldis.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja ástæðulaust og til stórtjóns að hafa lengur í gildi bannið gegn minkaeldi hér á landi og leggja því til í frumvarpinu, að það

verði afnumið. Hins vegar telja þeir rétt að fara hægt í sakirnar fyrst í stað við uppbyggingu þessa nýja atvinnuvegar, þar til nokkur reynsla er fengin. Er því gengið út frá því, að eigi fleiri en 5 aðilum verði veitt leyfi til minkaeldis á næstu tveimur árum eftir gildistöku laganna.

Ed. 102. Frumvarp til laga [82. mál]

um rafvæðingu Vestur-Skaftafellssýslu.

Flm.: Helgi Bergs.

1. gr.

Héraðsrafmagnsveitur ríkisins skulu leggja rafmagnslínu frá Vík í Mýrdal, er nái til allra byggðra býla í Álftaveri, Leiðvallarhreppi, Skaftártungu, Kirkjubæjarhreppi og Hörgslandshreppi, og skal þeirri framkvæmd lokið eigi síðar en á árinu 1968.

2. gr.

Kostnaður við framkvæmd samkvæmt 1. gr. greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í þeim drögum að vinnuáætlun um framhald rafvæðingaráætlunarinnar, sem lögð hafa verið fyrir raforkuráð, er Vestur-Skaftafellssýsla alls ekki á blaði, enda vitað, að enn þá hefur ekkert verið ákveðið um frekari rafvæðingu þessa landshluta. Eru þó aðeins tveir af sjö hreppum sýslunnar, sem hafa rafmagn frá samveitum. Hrepparnir fimm austan Mýrdalssands hafa ekki samband við almenningsveitur.

Síðan teknir voru upp mjólkurflutningar frá þessu svæði fyrir allmörgum árum, hefur búskapur aukizt mjög og blómgazt í þessum sveitum. Nauðsynin á öruggri og nægri raforku er því enn brýnni en áður.

Meðallínulengd til bæja hefur verið látin ráða um röðun á rafvæðingaráætlanir, og er það eðlileg meginregla, en ekki einhlít. Fleiri atriði eiga að koma til athugunar í því sambandi. Óeðlilegt virðist með öllu að láta svo fjölmennt og blómlegt landssvæði sem austanverða Vestur-Skaftafellssýslu mæta afgangi, þó að meðallínulengd á bæ sé í lengra lagi.

Lína frá Vík austur í Fljótshverfi yrði 233 km á lengd og næði til 115 bæja. Meðalvegalengd á býli er því 2.03 km eða svipuð og á sumum þeirra svæða, sem eru á fyrrnefndum drögum að rafvæðingaráætlun.

Skaftfellingar voru brautryðjendur um rafvæðingu í sveitum. Löngu áður en almenn rafvæðing á opinberum vegum hófst, byggðu þeir einkavatnsaflsstöðvar víða í héraðinu og raunar einnig annars staðar á landinu. Búa þeir að því leyti enn að þessu brautryðjendastarfi, að af þessum 115 býlum, sem hér um ræðir, hafa 70 einkarafstöðvar, en þær eru flestar of litlar og ófullkomnar, margar gamlar, enda munu nær allir bændur í héraðinu reiðubúnir að lýsa yfir, að þeir muni vilja taka rafmagn frá héraðsrafmagnsveitu.

Með lögunum um Landsvirkjun frá s. l. ári var því endanlega slegið föstu, að rafvæðing landsins skyldi byggð á stórum vatnsaflsstöðvum með víðfeðmum línunetum, en svonefndri smávirkjanaleið hafnað. Er því ljóst, að ekki kemur önnur leið til greina til úrlausnar raforkumálum þessa byggðarlags en sú, sem hér er gert ráð fyrir.

Ed. 103. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála.

Frumvarpið fjallar um að hækka verulega hinar svonefndu aukatekjur ríkissjóðs, en þar er um að ræða m. a. dómsmálagjöld, gjöld fyrir fógetagerðir, skiptagjöld og gjöld fyrir uppboðsgerðir, þinglýsingar, leyfisbréf o. fl. Við teljum, að sumt af því, sem hér er um að ræða, orki verulega tvímælis sem tekjustofnar fyrir ríkissjóð, og því fremur teljum við óeðlilegt, að þessi gjöld séu stórlega hækkuð. Annað vegur þó meira við mótun afstöðu okkar til frumvarpsins.

Við teljum óhjákvæmilegt að breyta nú um stefnu í fjármálum ríkisins. Stóraukin skattheimta undanfarandi ára leiddi í fyrstu til mikilla greiðsluafganga hjá ríkissjóði, en nú er komið í ljós, að þannig hefur verið haldið á fjármálastjórninni, að á s. l. ári nam greiðsluhalli ríkissjóðs á þriðja hundrað milljóna króna, og aftur er boðaður greiðsluhalli á þessu ári, þrátt fyrir það að framlög til opinberra framkvæmda hafi verið verulega skorin niður.

Frumvarp þetta er tilraun til að sækja meira fé í vasa almennings til þess að geta haldið áfram slíkri fjármálastefnu.

Að þeirri stefnu óbreyttri viljum við ekki taka þátt í því að fela ríkissjóði meiri fjármuni til að ráðsmennskast með, en lýsum eftir marglofuðum tillögum um sparnað í ríkisrekstrinum.

Í hvert sinn, sem ríkisstjórnin hefur talið sig vanta fé, hefur hún farið sömu leiðina, dýpra í vasa almennings. Þannig hefur þjóðin á undanförnum árum kynnzt endurteknum söluskattshækkunum, hækkuðum eignarskatti á fasteignir, sérskatti á bændur, iðnlánasjóðsskatti, launaskatti, sérskatti á sement, sérskatti á timbur, sérskatti á steypustyrktarjárn, aðgönguskatti á veitingahús, ríkisábyrgðarskatti, vegaskatti o. fl. Nú liggja fyrir Alþingi eða eru boðuð frumvörp um að hækka eignarskatt af fasteignum, um farmiðaskatt, um nýjan skatt á bifreiðar og um hækkaðan benzínskatt og þungaskatt, sem vegasjóður á að fá í staðinn fyrir ríkisframlagið, sem lofað var, en nú hefur verið boðað, að ætlunin sé að svíkja það loforð.

Ríkisstjórnina skortir ekki hugmyndaflug, þegar hún vill finna upp nýja skatta, en við teljum þarfara að beita því að öðru. Það er ekki nóg að líta á tekjuhliðina eina, gjaldahliðin þarf einnig að skoðast, og það er ekki seinna vænna.

Það fer ekki milli mála, að sú fjármálastefna, sem á fáum árum hefur breytt stórfelldum greiðsluafgöngum í greiðsluhalla, þarf endurskoðunar frá rótum. Nú er fram undan afgreiðsla fjárlaga, og er þess þá að vænta, að í ljós komi, hvort ríkisstjórnin hefur í hyggju að beita sér fyrir bættri fjármálastjórn. Teljum við því engan veginn tímabært að samþykkja þetta frumvarp og leggjum til, að það verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Nd. 104. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá 1. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur tekið til athugunar frumv. um staðfestingu á bráðabirgðalögum um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966 og varð

ekki sammála um afgreiðslu þess. Þeir fjórir nefndarmenn, sem styðja ríkisstjórnina, vilja, að frumvarpið verði samþykkt. Einn nefndarmaður lýsti hlutleysi við málið. En tveir nefndarmenn, Hannibal Valdimarsson og undirritaður, eru frumv. andvígir og vilja láta fella það.

Andstaða mín við frumv. er byggð á því, að bráðabirgðalögin sviptu bændur öllum rétti til áhrifa og samninga um kaup sitt og kjör. Er slíkt harkaleg aðferð gagnvart bændastéttinni, að hún skuli án saka ein allra starfsstétta í landinu vera með lögum svipt þeim sjálfsögðu mannréttindum að fá sjálf að semja um launakjör sín.

Tel ég, að slík meðferð á bændastéttinni hafi verið með öllu óþörf, því að hægt hafi verið að leysa þann vanda, sem skapaðist, þegar Alþýðusamband Íslands illu heilli neitaði að láta fulltrúa sinn í sexmannanefndinni halda áfram störfum, á þann hátt, að ríkisstjórnin tæki upp samninga við Stéttarsamband bænda, og ef samningar hefðu ekki getað tekizt, þá hefði ríkisstjórnin átt að beita sér fyrir skipun yfirnefndar, t. d. með tilnefningu frá hæstarétti, Stéttarsambandi bænda og ríkisstjórninni, til úrskurðar í málinu, og var allt annað að gefa út bráðabirgðalög um slíka lausn á málinu, ef það hefði þótt nauðsynlegt.

Þá tel ég, að hið nýja viðmiðunarákvæði, sem bráðabirgðalögin hafa að geyma, sé mjög óeðlilegt, svo að ekki sé meira sagt, þar sem hækkun á kaupi bænda er miðuð við hækkun á bótum almannatrygginga til elli- og örorkulífeyrisþega, en lagaákvæðið um hækkun bótanna er aðeins heimildarákvæði.

Þetta nýja viðmiðunarákvæði tel ég bændum jafnhættulegt, ef það ætti eftir að festast í lögum, eins og ég tel það óeðlilegan viðmiðunargrundvöll til þess að miða kaup þeirra við, en bændur eru samkv. opinberum skýrslum tekjulægsta stétt á Íslandi.

Nú hefur verið skipuð nefnd manna frá sömu aðilum og áður áttu sæti í sexmannanefnd til þess að finna nýjan grundvöll fyrir verðlagningu landbúnaðarvara og þar með til þess, að bændastéttin geti áfram haft fullan íhlutunar- og samningsrétt um sín kjör. Það verður að gera ráð fyrir því, að samkomulag náist um þessi mál og að lagafrumvarp verði lagt fyrir þetta þing um verðlagningargrundvöll landbúnaðarvara.

Samkvæmt framanrituðu legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 105. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.

Hannibal Valdimarsson. Axel Jónsson. Jón Skaftason.

Matthías Bjarnason.

Nd. 106. Frumvarp til laga [83. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi. Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Reyðarfjarðarkauptún er í örum vexti. Kauptúnið er að miklu leyti byggt í landi Kollaleiru, en það er ríkisjörð.

Augljóst er, að kauptúnið mun enn vaxa mjög í landi Kollaleiru og í landi þeirrar jarðar verða aðalathafnasvæði staðarins. Eðlilegast er, að Reyðarfjarðarhreppur eignist jörðina Kollaleiru og fái þannig umráð þess lands, sem framtíð staðarins er að verulegu leyti bundin við.

Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps hefur einróma farið þess á leit að fá Kollaleiru keypta.

Nd. 107. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun og við brtt. á þskj. 58.

Frá meiri hl. menntamálanefndar (BGr, BFB, EOl, SE).

1. Við brtt. 58, 2. tölulið. Aftan við till. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.
2. Við 36. gr. Greinin orðist svo:
   Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.
   Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.

Ed. 108. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum, og mætti yfirborgardómarinn í Reykjavík, Hákon Guðmundsson, á einum þeirra og gaf nefndinni ýmsar upplýsingar. Nefndin hefur ekki getað náð samstöðu um málið, þannig að undirritaður meiri hl. n. mælir með samþykkt þess með breytingartill., er fluttar eru á sérstöku

þingskjali. Einstakir nm., er að áliti meiri hl. standa, áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. Tveir nm., þeir HB og KK, skila séráliti, og einn nm., BJ, var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 26. nóv. 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 109. Breytingartillaga [51. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá Jóni Þorsteinssyni.

1. Við 1. gr. A. Í stað „kr. 250.00“ í 2. tölulið (Fyrirtekt máls) komi: kr. 500.00.
2. Við 1. gr. B. Í stað „kr. 400.00“ í 2. tölulið (Fyrirtekt máls) komi: kr. 600.00.

Ed. 110. Breytingartillögur [51. mál]

við frv. til l. um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (ÓB, JÞ, SvG, ÞK).

1. Á eftir orðinu „barnsfaðernismálum“ í 1. málsl. 2. mgr. 2. gr. komi: málum um innheimtu vinnulauna.
2. Við 22. gr.
   a. Orðið „svarkröfur“ í 1. tölul. falli niður.
   b. 4. tölul. falli niður, og breytast 5.—7. tölul. samkv. því.
3. Við 37. gr.
   a. Á eftir orðinu „endurrit“ komi: eða ljósrit.
   b. Fyrir orðið „foliósíðu“ komi: síðu.
4. Fyrsti málsl. 43. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Sþ. 111. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 10. gr. III. 26. (Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967).
   Fyrir „500 000“ kemur 1 500 000
2. — 10. — III. 29. Nýr liður:
   Til þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og á alþjóðaþingi fuglafræðinga 30 000

3. Við 12. gr. IX. Liðurinn orðast svo:
Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa:

1.	Álafoss	310 000
2.	Akranes	2 000 000
3.	Borgarnes	260 000
4.	Stykkishólmur	115 800
5.	Patreksfjörður	128 993
6.	Suðureyri	75 000
7.	Hvammstangi	100 000
8.	Blönduós	36 400
9.	Skagaströnd	230 000
10.	Siglufjörður (læknisbústaður)	33 340
11.	Siglufjörður (sjúkrahús)	1 200 000
12.	Akureyri	100 000
13.	Húsavík (læknisbústaður)	160 000
14.	Húsavík (sjúkrahús)	1 300 000
15.	Þórshöfn	300 000
16.	Vopnafjörður	350 000
17.	Seyðisfjörður	300 000
18.	Neskaupstaður	106 000
19.	Eskifjörður	350 000
20.	Reyðarfjörður	109 073
21.	Vestmannaeyjar	1 500 000
22.	Vík	300 000
23.	Laugarás	320 000
24.	Selfoss	200 000
25.	Kópavogur	100 000
26.	Reykjavík	8 000 000
		17 984 606

4. — 12. — XIV. (Til rannsókna á geislavirkni í matvælum).
Orðin „í matvælum“ falli brott.

5. — 12. — XV. (Til lækningaferða sérfræðinga).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000

6. — 12. — XVIII. Nýir liðir:

a.	Til námslána læknastúdenta gegn skuldbindingu um læknisþjónustu í héraði að loknu námi, samkv. 13. gr. læknaskipunarlaga, nr. 43/1965	300 000
b.	Til að bæta þjónustu í læknishéruðum, samkv. 16. gr. læknaskipunarlaga, nr. 43/1965	100 000
c.	Stofnframlag til Bifreiðalánasjóðs héraðslækna, skv. 14. gr. læknaskipunarlaga, nr. 43/1965 (fyrri greiðsla af tveim)	500 000

7. — 12. — XXII. (Styrkur til ýmissa sjúklinga).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000

8. — 12. — XXIII. (Styrkur samkv. ákvörðun landlæknis).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

9. — 12. — XXXIV. Nýr liður:
Eftirlit með deyfilyfjum 110 000

10. — 13. — C. I. 1. (Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála, laun).
Fyrir „3 463 224“ kemur 3 608 232

11. Við 13. gr. C. VII. Liðurinn orðist svo:

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1.	Akranes	700 000
2.	Akureyri	700 000
3.	Alviðruvör	50 000
4.	Arnarstapi	100 000
5.	Árskógssandur	50 000
6.	Bakkafjörður	50 000
7.	Bíldudalur	400 000
8.	Bolungarvík	200 000
9.	Borgarfjörður eystri	150 000
10.	Breiðdalsvík	300 000
11.	Búðareyri við Reyðarfjörð	350 000
12.	Dalvík	100 000
13.	Djúpivogur	150 000
14.	Drangsnes	100 000
15.	Eskifjörður	700 000
16.	Eyrarbakki	450 000
17.	Fáskrúðsfjörður	350 000
18.	Flatey á Skjálfanda	350 000
19.	Gerðavör	100 000
20.	Grafarnes	350 000
21.	Grenivík	250 000
22.	Hafnarfjörður	700 000
23.	Hauganes	250 000
24.	Hellissandur	200 000
25.	Hellnar	100 000
26.	Hofsós	200 000
27.	Hólmavík	50 000
28.	Hrísey	50 000
29.	Húsavík	350 000
30.	Hvammstangi	50 000
31.	Höfn, Hornafirði	600 000
32.	Ísafjörður	300 000
33.	Járngerðarstaðir	600 000
34.	Kaldrananes	50 000
35.	Kópavogur	100 000
36.	Mjóifjörður	100 000
37.	Neskaupstaður	700 000
38.	Norðurfjörður	100 000
39.	Ólafsfjörður	200 000
40.	Ólafsvík	600 000
41.	Patreksfjörður	450 000
42.	Raufarhöfn	350 000
43.	Sandgerði	350 000
44.	Sauðárkrókur	250 000
45.	Seyðisfjörður	500 000
46.	Siglufjörður	250 000
47.	Skagaströnd	50 000
48.	Stokkseyri	250 000
49.	Stykkishólmur	300 000
50.	Stöðvarfjörður	100 000
51.	Súðavík	100 000

		52. Suðureyri	300 000	
		53. Tálknafjörður	50 000	
		54. Vestmannaeyjar	700 000	
		55. Vogar	100 000	
		56. Vopnafjörður	350 000	
		57. Þingeyri	450 000	
		58. Þórshöfn	450 000	
				16 600 000
12.	Við 13. gr.	C. VIII. Liðurinn orðast svo:		
		Ferjubryggjur:		
		1. Ögur	320 000	
		2. Reykjanes	80 000	
		3. Staður á Reykjanesi	50 000	
				450 000
13.	— 13. —	D. II. 6. c. (Reykjavíkurflugvöllur, viðhald húsa og flugvallarsvæðis).		
		Fyrir „500 000“ kemur		1 000 000
14.	— 13. —	D. XI. Liðurinn orðast svo:		
		Alþjóðaflugþjónustan:		
		1. Flugfjarskiptaþjónustan	24 807 036	
		2. Flugveðurþjónustan	13 728 742	
		3. Flugumferðarstjórn	10 727 204	
		4. Sæsímakostnaður	15 986 622	
			65 249 604	
		÷ Alþjóðatillag	60 140 560	
				5 109 044
15.	— 13. —	D. (Tekjur af flugvöllum).		
		a. Við 1. (Af Reykjavíkurflugvelli).		
		Fyrir „4 000 000“ kemur		3 500 000
		b. Við 2. (Keflavíkurflugvelli).		
		Fyrir „16 000 000“ kemur		17 000 000
16.	— 13. —	E. I. A. 2. (Yfirstjórn og skrifstofa veðurþjónustu, aukavinna).		
		Fyrir „30 000“ kemur		50 000
17.	— 13. —	E. I. D. 4. (Veðurfarsdeild, annar kostnaður).		
		Fyrir „660 000“ kemur		800 000
18.	— 13. —	E. I. E. 2. (Áhaldadeild, aukavinna).		
		Fyrir „55 000“ kemur		100 000
19.	— 13. —	F. III. 4. (Skipaskoðun ríkisins). Nýr liður:		
		Til áhaldakaupa		100 000
20.	— 13. —	F. IV. 5. (Stýrimannaskólinn, til áhaldakaupa).		
		Fyrir „155 000“ kemur		350 000
21.	— 13. —	F. VIII. 1. e. (Sjómælingar). Nýr liður:		
		Vegna námskeiðs í mælingatækni		175 000
22.	— 13. —	F. XII. Nýr liður:		
		Til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík		500 000
23.	— 14. —	A. I. a. 1. (Háskólinn, laun).		
		Fyrir „14 395 792“		14 440 132
24.	— 14. —	A. I. a. 21. (Háskólinn, námskeið fyrir norræna stúdenta).		
		Fyrir „100 000“ kemur		148 000

25. Við 14. gr. A. 1. d. (Háskólinn). Nýr liður:
Til Reiknistofnunar háskólans 250 000
26. — 14. — A. IV. (Fræðslumálastjóraembættið).
a. Við c. (Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting).
Fyrir „300 000“ kemur 350 000
b. Við e. (Símakostnaður, burðargjöld og auglýsingar).
Fyrir „220 000“ kemur 255 000
27. — 14. — A. XI. 3.
Fyrir „Til listiðnaðardeildar handíðaskólans“ komi:
Til Handíða- og myndlistarskólans.
28. — 14. — A. XII. 26. Nýr liður:
Styrkur til tímaritsins „Heimili og skóli“ 15 000
29. — 14. — A. XIII. 1. (Til alþýðuskólans á Eiðum).
a. Við b. (Stundakennsla og umsjón).
Fyrir „290 000“ kemur 340 000
b. Við c. (Hiti, ljós og ræsting).
Fyrir „450 000“ kemur 550 000
30. — 14. — A. XIII. 2. f. (Héraðsskólinn í Reykholti, viðhald).
Fyrir „250 000 kemur 425 000
31. — 14. — A. XVIII. 1. h. (Íþróttakennarskóli, viðhald á íþróttahúsi).
Fyrir „150 000“ kemur 215 000
32. — 14. — A. XVIII. 7. Nýr liður:
Vegna Evrópumóts í frjálsum íþróttum 120 000
33. — 14. — A. XLVII. Nýr liður:
Til fræðslu- og kynningarmóta íslenzkra skólastjóra .. 30 000
34. — 14. — B. I. (Landsbókasafnið).
a. Við 4. (Til árbókar).
Fyrir „35 000“ kemur 70 000
b. Við 5. (Til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár).
Fyrir „150 000“ kemur 210 000
35. — 14. — B. III. (Þjóðminjasafnið).
a. Við 2. (Til aðstoðar, tímavinnu o. fl.).
Fyrir „460 000“ kemur 500 000
b. Við 3. (Til rannsókna og ferðalaga).
Fyrir „75 000“ kemur 100 000
c. Við 5. (Til hljómplötusafns).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000
d. Við 10. (Til þjóðháttadeildar).
Fyrir „270 000“ kemur 290 000
36. — 14. — B. VIII. Nýr liður:
Til Listasafns Ísafjarðar 25 000
37. — 14. — B. X. (Fræðslumyndasafn).
a. Við 2. Textinn orðist svo:
Til kaupa á filmum og framleiðslu á kyrrmyndum.
b. Við 4. (Annar kostnaður).
Fyrir „125 000“ kemur 175 000
38. — 14. — B. XI.
Fyrir „Náttúrugripasafnið“ kemur: Náttúrufræðistofnun Íslands.
39. — 14. — B. XI. 9. (Náttúrugripasafnið). Nýr liður:
Vegna flutnings safnsins 50 000

40.	Við	14. gr.	B. XIX. (Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi o. fl.). Fyrir „1 680 400“ kemur		1 830 400
41.	—	14. —	B. XXVII. a. (Til tónlistarskóla samkv. lögum). Fyrir „3 000 000“ kemur		3 228 606
42.	—	14. —	B. XXVIII. (Styrkur til tónlistarstarfsemi). Fyrir „1 122 500“ kemur		1 262 500
43.	—	14. —	B. XXIX. (Styrkur til lúðrasveita). Fyrir „320 000“ kemur		335 000
44.	—	14. —	B. XXIX. Nýir liðir:		
			a. Hluti ríkissjóðs í rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands		2 850 000
			b. Þjóðleikhúsið:		
			Gjöld:		
			1. Laun	14 172 000	
			2. Kostnaður við leiksýningar	1 715 000	
			3. Hljómlistarkostnaður	1 800 000	
			4. Höfundalaun og þýðingar	650 000	
			5. Skrifstofukostnaður	280 000	
			6. Auglýsingar	525 000	
			7. Ferðakostnaður, risna og bifreiðakostnaður	220 000	
			8. Leik- og listdansskólar	400 000	
			9. Framlag til lífeyrissjóðs og launaskattur	520 000	
			10. Trygginga- og fasteignagjöld	650 000	
			11. Húsaleiga, ljós, hiti, ræsting o. fl.	1 835 000	
			12. Annar kostnaður	250 000	
					23 017 000
			÷ Tekjur:		
			1. Seldir aðgöngumiðar	12 630 000	
			2. Skólagjöld leik- og listdansskóla	255 000	
			3. Húsaleiga	410 000	
			4. Ýmsar tekjur	570 000	
			5. Skemmtanaskattur	7 500 000	
					21 365 000
					1 652 000
45.	—	14. —	B. XXXI. (Til Leikfélags Reykjavíkur). Fyrir „200 000“ kemur		300 000
46.	—	14. —	B. XXX. (Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn). Fyrir „5 000“ kemur		10 000
47.	—	14. —	B. LI. Nýr liður: Til kaupa á íslenzkum bókum og hljómplötum til kennslu við háskólann í Osló		10 000
48.	—	14. —	B. LIII. Nýr liður: Til Nonnahúss á Akureyri		50 000
49.	—	15. —	I. 4. (Biskupsembættið, skrifstofukostnaður). Fyrir „345 000“ kemur		380 000
50.	—	15. —	II. 4. (Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum). Fyrir „3 500 000“ kemur		4 000 000
51.	—	15. —	X. (Til að gefa út ársskýrslu þjóðkirkjunnar). Fyrir „7 000“ kemur		10 000

52. Við 15. gr. XI. (Til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju).
Fyrir „12 000“ kemur 25 000

53. — 15. — XVII. (Eftirlitsmaður með prestssetrum, annar kostnaður).
Fyrir „95 000“ kemur 100 000

54. — 15. — XVIII. 2. (Umsjónarmaður með kirkjugörðum, annar kostnaður).
Fyrir „95 000“ kemur 100 000

55. — 16. — A. 1. Liðurinn orðist svo:
a. Til Búnaðarfélags Íslands, enda samþykki landbúnaðarráðherra fjárhagsáætlun félagsins 9 285 000
b. Lífeyrissjóðsframlag vegna gamalla starfsmanna (fyrsta greiðsla af þremur) 158 000

56. — 16. — A. 20. Liðurinn orðist svo:
Til sjóvarnargarða:

a. Akranes	250 000
b. Álftanes	100 000
c. Borgarfjörður eystri	50 000
d. Búðardalur	50 000
e. Flateyri	200 000
f. Garðskagi	100 000
g. Grenivík	50 000
h. Grótta	100 000
i. Seltjarnarnes	180 000
j. Þórshöfn	200 000
	1 280 000

57. — 16. — A. 21.
Fyrir orðin „Til sandgræðslu“ kemur: til landgræðslu.

58. — 16. — A. 21. a. (Til sandgræðslu, laun).
Fyrir „428 836“ kemur 619 186

59. — 16. — A. 23. a. (Til skógræktar, laun).
Fyrir „1 638 572“ kemur 1 658 572

60. — 16. — A. 23. (Til skógræktar).
Liður j. (Til skógræktarfélaga) verði k, en liður k (Fjárfestingarliðir) verði j.

61. — 16. — A. 42. a. 3. (Húsmæðraskólinn að Varmalandi, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 480 000

62. — 16. — A. 42. e. 3. (Húsmæðraskólinn að Laugalandi, viðhald og annar kostnaður).
Fyrir „300 000“ kemur 480 000

63. — 16. — A. 45. (Heimilisiðnaðarfélag Íslands).
Fyrir „35 000“ kemur 50 000

64. — 16. — A. 53. Nýr liður:
Til Efnarannsóknarstofu Norðurlands 150 000

65. — 16. — C. 1. (Til Landssambands iðnaðarmanna).
Fyrir „300 000“ kemur 600 000

66. — 16. — D. III. (Rafmagnsveitur ríkisins).
a. Við gjöld. 2. (Aukningar).
Fyrir „90 000 000“ kemur 84 000 000
b. Við tekjur.
1. Við 1. (Rekstrartekjur veitna).
Fyrir „160 800 000“ kemur 162 800 000

2. Við 5. (Framlög).
Fyrir „33 000 000“ kemur 25 000 000

67. Við 16. gr. E. I. 3 b. (Rannsóknarstofnun fiskiðnaðarins). Nýr liður:
Til rannsókna vegna rotvarnar bræðslusíldar með natrium nitrit 280 000

68. — 16. — E. I. 5. a. (Rannsóknastofnun landbúnaðarins, laun).
Fyrir „2 491 264“ kemur 2 350 914

69. — 16. — E. I. 5. b. (Rannsóknastofnun landbúnaðarins, annar kostnaður).
Fyrir „2 650 000“ kemur 2 710 000

70. — 16. — E. IV. 1. (Til Verzlunarskóla Íslands).
Fyrir „2 695 000“ kemur 2 898 500

71. — 17. — I. 4. Nýr liður:
Til vatnsöflunar fyrir Leirá í Melasveit 25 000

72. — 17. — III. 4. Nýr liður:
Til Iðnnemasambands Íslands 50 000

73. — 17. — V. 10. Liðurinn orðast svo:
Til dagheimila, byggingarstyrkir:

a. Á Egilsá	50 000	
b. Á Eskifirði	75 000	
c. Í Húsavík	75 000	
d. Í Kópavogi	100 000	
e. Í Kumbaravogi	50 000	
f. Í Neskaupstað	75 000	
g. Á Seyðisfirði	75 000	
		500 000

74. — 17. — V. 19. c. Nýr liður:
Til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði (önnur greiðsla af þremur) 100 000

75. — 17. — V. 19. f. Nýr liður:
Til Æskulýðssambands Íslands til greiðslu á kostnaði vegna söfnunar Herferðar gegn hungri 150 000

76. — 17. — V. 19. h. Nýir liðir:
a. Til hjálparsveitar skáta í Reykjavík 50 000
b. Til hjálparsveitar Einherja á Ísafirði 50 000

77. — 17. — V. 20. Nýr liður:
Til rekstrar sjómannaheimilis í Neskaupstað 25 000

78. — 20. — Út. XLII. Nýr liður:
Til byggingar íbúðarhúss fyrir forstöðumann vinnuhælisins að Kvíabryggju 250 000

79. — 20. — Út. XLIV. Nýr liður:
Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akurevri 140 000

80. — 22. — XV. (Rekstrarhalli Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar).
Liðurinn fellur niður.

81. — 22. — XVI. (Rekstrarkostnaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands).
Liðurinn fellur niður.

82. — 22. — XIX. Nýr liður:
Að ábyrgjast lán, allt að 18 millj. kr., vegna byggingar fyrir rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti.

83. — 22. — XXIV. Nýir liðir:
a. Að selja eignarhluta Landssmiðjunnar í húseigninni Hagamel 21, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
b. Að leyfa vita- og hafnarmálastjóra að festa kaup á sanddælingartækjum.

Sþ. 112. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Varðandi breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 111 vilja fulltrúar Framsóknarflokksins og fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefndinni taka það fram, að fyrrnefndar breytingartillögur, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóta ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins. — Þeir munu því skila séráliti.

Auk fjárlagafrumvarpsins hefur nefndin haft til athugunar og afgreiðslu 440 erindi, sem til hennar hafa borizt frá fjölmörgum aðilum.

Þá hefur nefndin, svo sem jafnan áður, átt viðræður við forstöðumenn hinna ýmsu ríkisstofnana og félagssamtaka, sem fé er veitt til í fjárlögum. Settur forstöðumaður Efnahagsstofnunar ríkisins, hr. Torfi Ásgeirsson, hefur látið nefndinni í té bráðabirgðayfirlit um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári eða hvernig hinir einstöku tekjuliðir fjárlaganna hafa reynzt á fyrstu 10 mánuðum ársins og hvers sé að vænta, að þeir skili ríkissjóði við lok ársins. Þá hefur stofnunin látið nefndinni í té nýtt yfirlit, dags. 8. nóv. s. l., um áætlaðar tekjur ársins 1966. Heildarmyndin af þeim upplýsingum bendir ekki til þess, að tekjur ríkissjóðs verði meiri á árinu 1966 en gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Meiri hluti nefndarinnar hefur miðað tillögur sínar um afgreiðslu breytingartillagna við framangreindar upplýsingar, en það er álit undirritaðra nefndarmanna, að fjárlögin beri að afgreiða greiðsluhallalaus.

Vinnubrögð nefndarinnar hafa verið með sama hætti og áður, þannig, að hún hefur skipt með sér verkum og unnið milli funda að athugun sérstakra málaflokka. Hefur það létt nefndinni störfin og flýtt fyrir afgreiðslu frumvarpsins.

Að þessu sinni hefur nefndin ekki að fullu lokið athugun sinni á nokkrum málaflokkum, sem frestað verður til 3. umræðu. Eru það tillögur um skiptingu á fé til nýrra skólahúsa og skólastjórabústaða, fjárveitingar til fyrirhleðslna og enn fremur, svo sem venja er, tillögur um breytingar á 18. gr. — Þá eru enn hjá nefndinni nokkur óafgreidd erindi, sem hún mun taka til frekari athugunar og afgreiðslu á milli umræðna.

Samvinnunefnd samgöngumála mun nú sem fyrr skila sérstökum tillögum um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar:

Um 10. gr.

Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967 hækkar um 1 millj. kr., þar sem kostnaðaráætlun reyndist of lág. — Nýr liður: Til þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og á alþjóðaþingi fuglafræðinga. Ísland er aðili að fyrrgreinda sambandinu, og á dr. Finnur Guðmundsson sæti í stjórn þess. Hann hefur og jafnan sótt alþjóðaþing fuglafræðinga.

Um 12. gr.

Styrkur til byggingar sjúkrahúsa, sjúkraskýla og læknisbústaða, annarra en ríkissjúkrahúsa, hækkar um 334 606 kr. Heildaruphæðinni er skipt niður á staði samkvæmt l. nr. 54/1964. Tillögur þessar eru miðaðar við, að styrkir til sjúkrahúsa og sjúkraskýla greiðist á átta árum, en til læknisbústaða á fimm árum. — Styrkur til lækningaferða sérfræðinga hækkar um 30 þús. kr. — Nýir liðir koma inn samkvæmt læknaskipunarlögum, nr. 43/1965, samtals 900 þús. kr. — Lagt er til, að styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun tryggingaráðs, að fengnum tillögum land-

læknis, gegn tvöföldu framlagi frá Tryggingastofnun ríkisins, og að styrkur samkvæmt ákvörðun landlæknis til sjúklinga, sem leita þurfa læknishjálpar erlendis, hækki hvor um sig um 100 þús. kr. — Tekinn er upp nýr liður samkvæmt ósk landlæknis, eftirlit með deyfilyfjum 110 þús. kr.

Um 13. gr. C.

Launaliður hjá vita- og hafnarmálastjóra hækkar um 145 008 kr. vegna ráðningar aðalbókara. — Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 1 millj. kr. — Ferjubryggjur hækka um 50 þús. kr.

Um 13. gr. D.

Viðhald húsa og flugvallarsvæðis á Reykjavíkurflugvelli hækkar um 500 þús. kr. — Endanleg fjárhagsáætlun alþjóðaflugþjónustunnar lá ekki fyrir, er fjárlagafrumvarpið var samið. Nú hefur komið í ljós, að hlutur Íslendinga í flugferðum yfir Norður-Atlantshafið fer vaxandi og er áætlaður 7,83% á komandi ári. Hækkun frá frv. nemur 208 945 kr. — Þar sem millilandaflugið hefur í vaxandi mæli færzt til Keflavíkurflugvallar, eru tekjur af Reykjavíkurflugvelli lækkaðar um 500 þús. kr. Tekjur af Keflavíkurflugvelli hækka hins vegar um 1 millj. kr.

Um 13. gr. E.

Lagt er til, að aukavinna hjá yfirstjórn og skrifstofu veðurþjónustu hækki um 20 þús. kr. — Annar kostnaður hjá veðurfarsdeild hækkar um 140 þús. kr. — Aukavinna hjá áhaldadeild hækkar um 45 þús. kr.

Um 13. gr. F.

Tekinn er upp nýr liður hjá Skipaskoðun ríkisins: Til áhaldakaupa 100 þús. kr., til kaupa á tæki, er mælir ryðmyndun í stálskipum. — Liðurinn til áhaldakaupa hjá stýrimannaskólanum hækkar um 195 þús. kr. Er þá sérstaklega haft í huga asdic-fiskleitartæki til kennslu, sem kostar nú um 700 þús. kr. Er þetta fyrri greiðsla af tveimur. — Nýr liður, vegna námskeiðs í mælingatækni 175 þús. kr., stafar af því að maður er nú í Bandaríkjunum við nám í mælingatækni. — Nýr liður: Til byggingar umferðarmiðstöðvar í Reykjavík 500 þús. kr.

Um 14. gr. A.

Laun hjá Háskóla Íslands hækka um 44 340 kr. — Til námskeiðs fyrir norræna stúdenta hækkar um 48 þús. kr. — Til Reiknistofnunar háskólans, nýr liður, sem nemur 250 þús. kr., er tekinn upp, þar sem stofnunin stendur ekki undir sér. — Hjá fræðslumálastjóraembættinu hækkar húsaleiga, ljós, hiti og ræsting um 50 þús. kr. og símakostnaður, burðargjöld og auglýsingar um 35 þús. kr. — Tekinn er upp styrkur til tímaritsins „Heimili og skóli“, 15 þús. kr. — Stundakennsla og umsjón alþýðuskólans á Eiðum hækkar um 50 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 100 þús. kr. — Viðhaldskostnaður héraðsskólans í Reykholti hækkar um 175 þús. kr. — Viðhald á íþróttahúsi Íþróttakennaraskóla Íslands hækkar um 65 þús. kr. vegna endurbóta. — Teknir eru upp nýir liðir: Vegna Evrópumóts í frjálsum íþróttum 120 þús. kr. og til fræðslu og kynningarmóta skólastjóra 30 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Hjá Landsbókasafninu hækka tveir liðir, til árbókar um 35 þús. kr. og til samningar og prentunar íslenzkrar bókaskrár um 60 þús. kr. Samningu handrits bókaskrárinnar er lokið, og bíður það prentunar. — Lagt er til að hækka fjóra liði hjá

Þjóðminjasafninu: Til aðstoðar, tímavinnu o. fl. um 40 þús. kr., til rannsókna og ferðalaga um 25 þús. kr., til hljómplötusafns um 10 þús. kr. og til þjóðháttadeildar um 20 þús. kr. — Tekinn er upp nýr liður: Til Listasafns Ísafjarðar 25 þús. kr. — Samkvæmt ósk forstöðumanns Fræðslumyndasafns er texta 2. liðar breytt. Þá hækkar annar kostnaður um 50 þús. kr., en nauðsynlegt er að verja auknu fé til viðgerða á filmum. Í stað orðsins „Náttúrugripasafnið“ kemur: Náttúrufræðistofnun Íslands. Hér er um leiðréttingu að ræða. Þá er tekinn upp nýr liður vegna flutnings safnsins, 50 þús. kr., til að skapa sérfræðingum stofnunarinnar starfsaðstöðu. — Lagt er til að hækka styrk til ritstarfa, útgáfustarfsemi o. fl. um 150 þús. kr. Af því mun Sögufélagið fá 100 þús. kr. til útgáfu Alþingisbóka, og 50 þús. kr. verður varið til útgáfu á „Stöðufræði og þolfræði“ eftir Ásgeir Bjarnason. — Framlög til tónlistarskóla samkvæmt lögum hækka um 228 606. — Lagt er til að hækka styrk til tónlistarstarfsemi samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins um 140 þús. kr. Gert er ráð fyrir, að 40 þús. kr. renni til Sigursveins D. Kristinssonar vegna rekstrar tónskóla hans, 25 þús. kr. séu veittar Sybil Urbancic til að ljúka framhaldsnámi í orgelleik í Vínarborg, og 75 þús. kr. eru teknar upp í tillögurnar vegna söngmóts lögreglukóra frá höfuðborgum Norðurlanda, en það verður haldið í Reykjavík. — Styrkur til lúðrasveita er hækkaður um 15 þús. kr., enda hækki fjárveiting til Lúðrasveitarinnar Svanur sem því nemur. — Fram að þessu hefur verið heimild á 22. gr. til að greiða rekstrarhalla Sinfóníuhljómsveitarinnar og Þjóðleikhússins. Þar sem hér virðist um árviss útgjöld að ræða, er lagt til að taka þau inn í fjárlögin, enda falli heimildargreinarnar niður. — Lagt er til að hækka fjárveitingu til Leikfélags Reykjavíkur um 100 þús. kr. — Til íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn hækkar um 5 þús. kr. — 10 þús. kr. eru teknar upp til kaupa á íslenzkum bókum og hljómplötum til kennslu við háskólann í Osló. — Nýr liður, til Nonnasafns á Akureyri, 50 þús. kr., er tekinn upp til að standa straum af kaupum á lóð og húseign við Aðalstræti 54, Akureyri.

Um 15. gr.

Skrifstofukostnaður biskupsembættisins hækkar um 35 þús. kr. — Fjárveiting til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum er hækkuð um 500 þús. kr. — Þá er lagt til að hækka framlag til ársskýrslu þjóðkirkjunnar um 3 þús. kr. og um 13 þús. kr. til styrktar málgagni fyrir hina íslenzku þjóðkirkju. — Annar kostnaður hjá eftirlitsmanni með prestssetrum og hjá umsjónarmanni með kirkjugörðum hækkar um 5 þús. kr. hjá hvorum um sig.

Um 16. gr. A.

Hækkun til Búnaðarfélags Íslands, 85 þús. kr., er lögð til vegna erindis Sambands garðyrkjubænda, þar sem farið er fram á aukna fjárveitingu til Búnaðarfélagsins, er nemi hálfum launum og kostnaði eins garðyrkjuráðunauts. Félagssamtök garðyrkjubænda bjóðast til að greiða hálfan kostnað af ráðunautnum. — Nýr liður, lífeyrissjóðsframlag vegna gamalla starfsmanna, er tekinn upp, til þess að fimm gamlir starfsmenn Búnaðarfélagsins öðlist rétt á eftirlaunum úr lífeyrissjóði ríkisstarfsmanna. — Skipting á fé til sjóvarnargarða er í breytingartillögum nefndarinnar á þingskjali 111. — Þá er orðalagsbreyting: Fyrir orðin „til sandgræðslu“ kemur: til landgræðslu. Hér er um leiðréttingu að ræða. — Launaliður landgræðslunnar hækkar um 190 350 kr. vegna ráðningar fulltrúa landgræðslustjóra. — Launaliður skógræktarinnar hækkar um 20 þús. kr., svo að skógarvörðurinn í Ásbyrði fái nelming launa í stað þriðjungs. Þá er og lagt til að breyta röð tveggja neðstu liðanna samkvæmt ósk skógræktarstjóra. — Vegna of lágrar áætlunar hækkar viðhaldskostnaður húsmæðraskólanna að Laugalandi og að Varmalandi um 180 þús. kr. í hvorum skóla. — Lagt er til að hækka fjárveitingu til Heimilisiðnaðarfélags Íslands um 15 þús. kr. — Loks er nýr liður: Til Efnarannsóknastofu Norðurlands 150 þús. kr. Ræktunarfélag Norðurlands hefur ásamt búnaðarsamböndum í Norðlendinga-

fjórðungi, kaupfélögum á Norðurlandi og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga komið á stofn efnarannsóknarstofu á Akureyri, sem tekin er til starfa.

Um 16. gr. C.

Lagt er til að hækka framlag til Landssambands iðnaðarmanna um 300 þús. kr.

Um 16. gr. D.

„Aukningar" á gjaldalið Rafmagnsveitna ríkisins lækka um 6 millj. kr., og tekjur af framlögum lækka um 8 millj. kr. Hins vegar hækka rekstrartekjur veitna um 2 millj. kr. Hér er um leiðréttingu að ræða, sem byggist á upplýsingum raforkumálastjóra.

Um 16. gr. E.

Hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er tekinn upp nýr liður: Til rannsókna vegna rotvarnar bræðslusíldar með natrium nitrit 280 þús. kr. — Breytingar verða á tveim liðum hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Launaliðurinn lækkar um 140 350 kr., en annar kostnaður hækkar um 60 þús. kr. vegna kalrannsókna á Austurlandi. — Fjárveiting til Verzlunarskóla Íslands hækkar um 203 500 kr. vegna fjölgunar nemenda.

Um 17. gr.

Inn kemur nýr liður: Til vatnsöflunar vegna vatnsveitu í Melasveit 25 þús. kr. — Lagt er til, að Iðnnemasamband Íslands haldi þeirri fjárveitingu, sem er í fjárlögum, 50 þús. kr. — Fjárveitinganefnd hefur skipt byggingarstyrkjum til dagheimila, og er lagt til, að liðurinn hækki um 200 þús. kr. — Vegna misgánings féll niður fjárveiting til Bandalags íslenzkra skáta til kaupa á húsnæði, önnur greiðsla af þremur, 100 þús. kr. — Lagt er til, að Æskulýðssambandi Íslands verði veittar 150 þús. kr. til að standa undir kostnaði við söfnunina „Herferð gegn hungri". — Hjálparsveitir skáta í Reykjavík og á Ísafirði eru teknar inn í tillögur nefndarinnar með 50 þús. kr. fjárveitingu hvor, en það er sama upphæð og hjálparsveit skáta í Hafnarfirði er veitt í frv. — Loks er nýr liður, rekstrarstyrkur til sjómannaheimilis í Neskaupstað 25 þús. kr.

Um 20. gr.

Lagt er til, að nýr liður, 250 þús. kr., verði tekinn inn í frv. til byggingar íbúðarhúss fyrir forstöðumann vinnuhælisins að Kvíabryggju. Reiknað er með, að byggingarkostnaður nemi 500 þús. kr. — Samkvæmt tillögu veðurstofustjóra er tekin 140 þús. kr. fjárveiting inn í frv. til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri.

Um 22. gr.

Lagt er til, að liðir XV og XVI falli niður, þar sem fjárveitingar til Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar eru teknar inn á 14. gr. B. — Heimild til að ábyrgjast lán allt að 18 millj. kr. vegna byggingar fyrir Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti er tekin inn samkvæmt ósk fjármálaráðuneytisins. — Atvinnumálaráðuneytið mælir með því, að Landssmiðjunni verði heimilað að selja húseignina Hagamel 21 í Reykjavík. — Samkvæmt ósk vita- og hafnarmálastjóra er tekin inn heimild til að festa kaup á sanddælingartækjum, er kosta munu um 10 millj. kr.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Jón Árnason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Einar Ingimundarson.
Jónas Pétursson.
Matthías Bjarnason.

Sþ. **113. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlög eru spegilmynd þeirrar stefnu, sem á hverjum tíma er fylgt í efnahags- og fjármálum þjóðarinnar. Þetta fjárlagafrv. ber glöggt einkenni þeirrar stefnu, er ríkisstjórnin hefur fylgt dyggilega á valdatíma sínum, það er dýrtíðin og aftur dýrtíðin, sem setur sinn svip á fjárlagafrv. Ríkisstjórnin tók í sínar hendur, með breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, stjórn á peningamálum og bankamálum þjóðarinnar, og með þeim ráðstöfunum, sem hún hefur látið stjórn Seðlabankans gera með sparifjárbindingunni, vaxtahækkuninni og styttingu á lánstíma fjárfestingalána, hefur hún sýnt stefnu sína í framkvæmd.

Ríkisstjórnin hefur tvö síðustu árin, þ. e. árin 1964—1965, svo að segja staðið sjálf í beinum samningum við verkalýðsfélögin um kaup og kjör félagsmanna þeirra. Hún ákvað síldarverðið á s. l. sumri og stóð að samningum við útgerðarmenn um fiskverðið. Og nú s. l. haust var landbúnaðarverðið einnig ákveðið af stjórnskipaðri nefnd.

Ríkisstjórnin hefur því haft í sínum höndum þau atriði, er efnahagsmál þjóðarinnar hvíla á, þ. e.: fjármál ríkissjóðs, stjórn banka og peningamála, kaupgjald og verðlagsmál.

Allt stjórnartímabil núverandi valdhafa hefur árferði verið með eindæmum gott, aflabrögð og framleiðsla meiri en nokkru sinni fyrr. Ríkistekjur hafa verið í samræmi við þetta góða árferði og farið langt fram úr áætlun, og það svo, að samanlagt hafa ríkistekjur farið 1021 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga síðustu fimm árin.

Það er ljóst af því, sem hér hefur verið fram tekið, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur getað notið sín. Ríkisstjórnin hefur því ekki við neinn að sakast nema sjálfa sig um, hvernig farið hefur um stjórn hennar í fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar.

Skal nú gerð nokkur grein fyrir, hvernig fjármálum ríkisins er nú komið.

Þrátt fyrir það, þó að tekjur ríkissjóðs færu 313 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga 1964, varð halli hjá ríkissjóði á rekstrarreikningi og eignahreyfingum 256 millj. kr. og greiðsluhalli 220 millj. kr. á því ári. Það er að vísu augljóst við athugun á ríkisreikningum fyrri ára, að sparnaðarfyrirheit ríkisstjórnarinnar höfðu gleymzt, er til framkvæmda átti að koma, og „hagsýslan“ aðeins orðið til að auka útgjöld ríkissjóðs, en ekki til sparnaðar. Það veldur þó ekki því, hvernig komið er um fjárhag ríkisins, heldur dýrtíðin, sem ríkisstjórnin hefur magnað ár frá ári með ofsköttun og stjórnleysi á fjárfestingu og á vinnumarkaðinum.

Ríkissjóður, sem bjó að 458 millj. kr. greiðsluafgangi frá fjórum síðustu árum, var orðinn skuldugur við Seðlabanka Íslands um 220 millj. í árslok 1964, og lítið útlit er fyrir bata hjá ríkissjóði á stöðunni hjá Seðlabankanum á þessu ári. Hvernig tók ríkisstjórnin á þessum vanda? Þegar hún birti þjóðinni stefnuyfirlýsingu sína um afgreiðslu fjárlaga í fjárlagaræðu 1960, þá var meðal annars þannig komizt að orði:

„Og það ætla ég, að allir góðir Íslendingar séu sammála um, að nauðsynlegt sé að hafa sívökult auga á öllu því, er til sparnaðar má horfa, bættra vinnubragða og aukinnar hagsýni.“

Það hefði mátt ætla ríkisstjórninni, að hún tæki þessa rykföllnu yfirlýsingu af hillunni og kynnti sér það, er til sparnaðar mætti horfa í ríkisrekstrinum, t. d. með því að draga úr ferðakostnaði ráðherra, embættismanna og sendinefnda. Þessi sparnaður hefði átt að vera henni nærtækur. En svo reyndist ekki, heldur ákvað hún að lækka fjárveitingu til að byggja sjúkrahús, skóla, hafnir, raflagnir og vegi og til fleiri verklegra framkvæmda um 20%. Það voru hennar viðbrögð við vand-

anum. Þau eru í fullu samræmi við útþenslu og eyðslu hennar í ríkisrekstrinum og það ráðleysi, sem fá dæmi munu vera til um, að etnar séu upp fyrningar í mesta góðæri, er um getur í sögu þjóðarinnar.

Það hefði verið eðlilegt, þegar ríkisstjórnin undirbjó fjárlagafrv. það, sem nú liggur fyrir til afgreiðslu, að hún hefði reynt að gera sér grein fyrir vandanum og snúa sér að meininu sjálfu, dýrtíðinni, og takast með festu á við hana og auk þess að sýna einhverja viðleitni til sparnaðar í ríkisrekstrinum. En því fer víðs fjarri, að svo sé. Fjárlagafrv. fyrir árið 1966 ber öll einkenni fyrri fjárlagafrv. þessarar valdasamsteypu, svo sem:

Það er hærra en nokkru sinni fyrr.
Nýjum sköttum er bætt ofan á þá, sem fyrir eru.
Minna varið til uppbyggingar en áður.
Hærri rekstrarkostnaður og eyðsla.

Útgjöld samkvæmt þessu fjárlagafrumvarpi munu verða um 4 milljarðar, er til framkvæmda kemur, og er þó engu varið til vegamála, eins og síðar verður að vikið. Hækkun fjárlaga er orðin 4—5-föld frá 1958 og nærri þreföld frá 1960. Nýjar álögur í sambandi við fjárlögin verða um 230 millj. kr., og hafa því skattar og tollar hækkað um 380% síðan 1958, og þetta gerist á sama tíma sem fjárveitingar til verklegra framkvæmda lækka hlutfallslega ár frá ári og nú í krónutölu, eins og síðar verður að vikið. Fjárlagafrv. greinir þó ekki frá öllum hækkunum, sem í vændum eru og raunverulega hanga þó á spýtum.

Samkvæmt upplýsingum, er póst- og símamálastjóri veitti fjárveitinganefnd, vantar, að hans dómi, a. m. k. 60 millj. kr., svo að póstur og sími verði rekinn hallalaust á næsta ári, þó að verulega verði dregið úr uppbyggingu þeirri, er Landssíminn hefur haldið uppi, og verður að halda áfram, ef starfsemi stofnunarinnar á að verða með eðlilegum hætti. Þessar upplýsingar þýða það, að stofnunin verður að hækka gjaldskrá sína. Sömu sögu er að segja af rekstri Ríkisútvarpsins. Þar verður að hækka gjaldskrána, ef stofnunin á að vera rekin hallalaust á næsta ári. Þannig sogar dýrtíðin til sín og eyðir þeim möguleikum, er stofnanirnar höfðu til sæmilegrar afkomu, og ráðstafanirnar til bjargar þeim verða svo til að auka hraða dýrtíðarhjólsins.

Hvernig er tekið á nauðsynlegum verkefnum með þessu fjárlagafrumvarpi? Skal hér gerð grein fyrir því.

Afgreiðsla á fjárveitingum til stofnkostnaðar skóla er látin bíða til þriðju umræðu, svo að ekki er enn þá vonlaust, að einhver leiðrétting verði á þeim málum. En eins og málin standa nú, vantar 58 millj. kr., til þess að fjárveiting til þeirra skóla, sem eru í byggingu, verði hliðstæð því, sem verið hefur á fjárlögum um nokkurra ára bil, þ. e. að áætlaður stofnkostnaður verði greiddur á fimm árum, svo sem lög mæla fyrir, og leiðréttingar og verðhækkanir, sem þekktar eru, á þremur árum. Það er augljóst, hvaða ástand það skapar hjá sveitarfélögum landsins, er að þessum byggingum standa, ef 5 ára greiðslufyrirheitin verða enn skorin niður um 20% og engar leiðréttingar gerðar, svo sem nú horfir, og þar við bætist, að veita á aðeins 6.5 millj. kr. til nýrra barnaskólabygginga og 4.8 millj. kr. til nýrra gagnfræðaskóla. Þessar fjárveitingar þýða það, að hægt verður að samþykkja fjárveitingu til að hefja byggingu þriggja barnaskóla og einnar skólastjóraíbúðar, af þeim 25 framkvæmdum í barnaskólum, er umsóknir liggja fyrir um. Þar við bætist, að samkvæmt stjórnarboði er ekki farið að hefja 25 framkvæmdir í barnaskólum, sem Alþingi hefur þó samþykkt fjárveitingar til og forráðamenn heima í héruðum hafa sótt fast á að fá að hefja. Sést á þessu yfirliti, á hverjum stendur um það að koma skólaframkvæmdum í samræmi við þörf og kröfur nútímans. Þar liggur hlutur ríkissjóðs eftir, og horfa þessi mál verr nú en áður hefur verið. Sama er um gagnfræðaskóla og héraðsskóla að segja og um barnaskólana, ástandið er þar mjög svipað.

Til þess að útgerð landsmanna geti færzt í aukana og flotanum bætzt stærri og stærri skip, þurfa hafnarframkvæmdir að fylgjast með þessari þróun. Hvernig stendur ríkisstjórnin um fjárveitingar til þessara framkvæmda? Þannig, að fjár-

veitingar eru lækkaðar um ca. 15—20% frá fjárlögum þessa árs. Til hvers leiðir þetta?

Ríkissjóður skuldaði að sínum hluta til hafnarframkvæmda 24 millj. kr. í árslok 1964, en kemur til með að skulda ca. 60 millj. kr. í árslok 1966 samkv. yfirliti vita- og hafnarmálastjóra.

Flugmálin eru eitt af óskamálum þjóðarinnar. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að standa að þeim á næsta ári? Flugmálastjóri upplýsti, að búið er að vinna fyrir 10 millj. kr. af fjárveitingu næsta árs. Þá eru eftir til framkvæmda á árinu 1966 4.580 millj. kr. En auk þessa eru svo felldir niður á 13. gr. fjárlagafrv. til Reykjavíkurflugvallar liðirnir: endurbætur og lenging flugbrauta og malbikun flugbrauta 3.3 millj. kr., og talið er, að það eigi að greiðast af fjárveitingum á 20. gr., svo að þá eru eftir 1.3 millj. kr. til framkvæmda í öllum flugvöllum landsins. Augljóst er, að Íslendingar hefðu ekki náð þeim árangri í flugmálum, sem raun ber vitni um, ef ráðamenn þjóðarinnar hefðu ekki sýnt meiri skilning á nauðsyn flugsins í okkar samgöngu- og atvinnulífi en hér er gert.

Fjárveiting til framkvæmda í rafvæðingu við lagningu út um sveitir landsins er lækkuð um 20% frá núgildandi fjárlögum, þrátt fyrir brýna nauðsyn og þann geysiáhuga, sem fólkið úti um landsbyggðina sýnir á rafveituframkvæmdum. Þetta er gert jafnhliða því, að lagður er 40 millj. kr. skattur á rafmagnsverðið. Að jarðhitasjóðnum er þannig búið með fjárveitingu, að hann getur ekki tekið að sér neinar jarðboranir á næsta ári, aðeins sinnt lítils háttar rannsóknum, að því er raforkumálastjóri upplýsti í viðtali við fjárveitinganefnd.

Það tekur svo steininn úr, að felldar eru niður af 13. gr. fjárlagafrv. þær 47 millj. kr., sem veittar voru til vegamála samkvæmt fjárlögum. Munu þetta verða fyrstu fjárlögin í sögu íslenzku þjóðarinnar, þar sem engin fjárveiting er til framkvæmda í þjóðvegum.

Þegar ríkisútgjöldin voru um 900 millj. kr., eins og þau urðu 1958, var hægt að veita til vegamála 83 millj. En nú, þegar þau verða um 4 milljarðar, er svo komið, að ekki er hægt að sjá af einum eyri til þjóðvega landsins. Þar fann ríkisstjórnin leið til að spara útgjöld ríkissjóðs, ekki skortir hugkvæmni á þeim bæ.

Hér hefur þó ekki verið sagt allt, er þetta mál varðar. Þegar vegalögin voru afgreidd á Alþingi fyrir tveimur árum, varð samkomulag um þá afgreiðslu. Með þeim voru þó lagðar á þjóðina 100 millj. kr. í nýjum sköttum. Ástæðan til þessa samkomulags var sú, að þingmenn töldu, sem rétt var, að svo brýna nauðsyn bæri til stórátaka í vegamálum, að þetta yrði að gera. Fjárveiting samkvæmt fjárlögum var þá ákveðin 47 millj. kr. Nokkrar umræður urðu um það, hvort tryggt væri, að þessi fjárveiting yrði ekki skert, og vildu sumir, að það yrði bundið í lögum, hver hún ætti að vera. Samgöngumálaráðherra, sem að sjálfsögðu stóð fyrir þessu samkomulagi af hálfu ríkisstjórnarinnar, staðfesti það, að þessi fjárveiting yrði ekki skert eða felld niður, m. a. með þessari yfirlýsingu: „Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkisframlag til veganna verði lækkað, **það er alveg útilokað.**“ Þetta sagði ráðherrann í þingræðu hinn 17. des. 1963.

Samkomulagið um vegalögin byggðist á því, að þetta væri tryggt. En hverjar eru efndirnar hjá ríkisstjórninni? Á árinu 1965 var þetta framlag skert um 20%, og nú á að fella það algerlega niður. Við það verður ekki unað og því ekki trúað, að samgöngumálaráðherra láti fara þannig með sig, að ekki verði staðið við það samkomulag, sem hann hefur gert við stjórnarandstöðuna. Það mun verða okkar eina brtt. að þessu sinni, að þessi fjárveiting verði tekin upp.

Eitt dæmi viljum við tilgreina enn um framlag á fjárlagafrv. til nauðsynjamála. Íþróttakennaraskóli Íslands hefur um langt árabil sótt um að mega byggja heimavistarhús, þar sem skólinn er í algeru húsnæðishraki og verður að láta nemendur sína búa í vinnuskúr. Á fjárlögum ársins 1963 fékk skólinn 500 þús. kr. fjárveitingu og 700 þús. kr. á árinu 1964. Var verkið þá hafið samkvæmt leyfi ráð-

herra og kjallari steyptur, mótatimbur var þá keypt til að steypa húsið upp. Farið var fram á 2.5 millj. kr. fjárveitingu 1965 til að gera húsið fokhelt. Því var synjað og fjárveitingin lækkuð með 20% niðurskurði í 560 þús., og tillaga er um sömu upphæð nú. Með því að hækka fjárveitingu um 1.5 millj. kr. væri hægt að leysa þetta mál. Það er ekki slík reisn yfir þessari fjárlagaafgreiðslu, að á 4 milljarða greiðslubálki þess sé rúm fyrir 2 millj. kr. vegna menntunar íþróttakennara á Íslandi.

Rétt þykir okkur að gera grein fyrir því, hvernig þróun í útgjöldum fjárlagafrv. er. Skulu hér nefnd örfá dæmi til að sýna, hvert stefnir: Til ríkisstjórnarinnar hækkar um 14 millj. kr. frá núgildandi fjárlögum og hefur hækkað um 230% frá 1958. Kostnaður við álagningu og innheimtu skatta og tolla hækkar um 16 millj. Kostnaður við skattanefndir og skattstofur hefur nærri fjórfaldazt, síðan breytingin til „sparnaðar" var gerð með stofnun skattstofanna. Fjárveiting til niðurgreiðslu hefur hækkað um 385% síðan 1958. Getur þjóðin af því séð, hvort það sé ofsögum sagt, að dýrtíðin setji heildarsvipinn á fjárlagafrv. fyrir árið 1966.

Í nefndaráliti okkar hér að framan höfum við sýnt fram á, hvernig stefna ríkisstjórnarinnar, dýrtíðarstefnan, hefur leikið fjárhag ríkissjóðs. Hann er nú rekinn með halla, og þær framkvæmdir, sem áður voru greiddar jafnharðan af tekjum hans, svo sem vegagerð, eru nú greiddar með lánsfé, sbr. Keflavíkurveginn o. fl., og tafið fyrir öðrum nauðsynlegum framkvæmdum, svo sem skólabyggingum, sem Alþingi hefur þó veitt fé til og samþykkt að hafnar yrðu framkvæmdir við.

Við höfum hér í nefndaráliti okkar skýrt frá því, að við flytjum ekki brtt. við fjárlagafrv. við 2. umræðu þess, aðrar en þá einu, að staðið verði við samkomulag um fjárveitingu ríkissjóðs til vegaframkvæmda, sem við höfum þegar greint frá. Það er þó venja, að stjórnarandstaða flytji nauðsynlegar breytingartillögur við afgreiðslu fjárlaga. Þörf var á því nú, ekki sízt þegar það er haft í huga, hvernig að þeim málaflokkum er búið, er til framfara horfa, svo sem við höfum greint í nefndaráliti okkar, og svo er um aðra málaflokka, þó að frekari grein verði ekki gerð fyrir þeim hér. Ástæðan fyrir þessari afstöðu okkar nú er það ástand, er ríkir um fjárhag ríkissjóðs, þó að það sé undrunarefni, að svo geti verið í slíku góðæri er nú ríkir.

Við viljum taka það fram og undirstrika, að við viljum ekki standa að fjárlagaafgreiðslu með halla á ríkisrekstrinum, og skulum engu um það spá, hvort þetta fjárlagafrv. tryggir það.

Það eitt, sem skiptir máli um afkomu ríkissjóðs, er stefnubreyting hjá þeim, sem málefnum þjóðarinnar stjórna, þar sem horfið yrði frá þeirri ofsköttun, sem nú er ríkjandi, svo að segja má, að nýr skattur fylgi hverju máli. Þessi ofsköttunarstefna ásamt algeru stjórnleysi á fjárfestingarmálum er rótin að þeirri dýrtíð, sem nú er að grafa undan grunni efnahagslífsins, svo sem sýnt hefur verið fram á um ríkisfjármálin. Á næsta leiti er úrskurður kjaradóms um laun opinberra starfsmanna, sem litlar líkur eru til annars en eigi eftir að hafa veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs og e. t. v. á efnahagslífið í landinu. Kröfur útgerðarmanna um hækkað fiskverð og síðar frystihúsanna um þeirra rekstur eru allar óleystar, og enginn afgangur hjá ríkissjóði til að mæta þeim. Er af þessu ljóst, að ríkisstjórnin ræður ekki við vandann, svo sem komið hefur í ljós undanfarandi ár. Hún mun þó sem fyrr reyna að halda sér í ráðherrastólunum og leggja nýjan skatt á hér og annan þar, og þannig tína saman 50 millj. kr. hér, 25 þar og 22 millj. í þriðja staðnum, svo sem gert er nú við þessa fjárlagaafgreiðslu. En allt er þetta unnið fyrir gýg. Dýrtíðin krefst af stjórnarherrunum 50 millj. kr. á næsta ári, þar sem 30 millj. dugðu á þessu ári. Aðeins baráttan við vandamálið sjálft, dýrtíðina, hefur þýðingu. Til þess verður að endurskipuleggja rekstur ríkissjóðs, draga úr rekstrarkostnaði, þar sem því verður við komið. Og það, sem mestu varðar þó, er, að velja verður verkefnin eftir gildi þeirra fyrir þjóðarbúið í heild. Öllum má vera ljóst, að verkefnin verða ekki öll leyst í einu. Í kapphlaupi því, er nú á sér stað, fer svo sem nú, að

þau verkefni troðast undir, er í fremstu röð þurfa að vera, svo sem skólabyggingar, hafnir, vegir o. fl. Til þess að skipulag megi komast á í framkvæmd þjóðmálanna, þurfa þeir, sem siglt hafa fjármálum ríkisins á grynningar í góðviðri og heiðríkju, að láta af völdum. Þeir hafa nú þegar sannað getuleysi sitt til að stjórna fjármálum ríkisins og efnahagsmálum þjóðarinnar, enda getur þjóðin ekki treyst þeim fyrir fjármálum sínum, er standa fyrir hallarekstri, þegar tekjur fara hundruð milljónir króna fram úr áætlun fjárlaga, eins og átti sér stað 1964. Baráttuna við dýrtíðina verður að fela þeim, er þegar hafa áttað sig á því, að þar er meinsemdina að finna í efnahagslífi íslenzku þjóðarinnar. Því fyrr sem þjóðin kemur því í verk að leysa núverandi valdhafa úr valdastólum, því betra.

Að lokum viljum við taka fram, að við höfum gert svofelldan fyrirvara um aðild okkar að þeim tillögum, sem fluttar eru af nefndinni og meiri hluti gerir grein fyrir:

„Fulltrúar Framsóknarflokksins og fulltrúi Alþýðubandalagsins vilja taka fram, að breytingartillögur þær, sem fluttar eru í nafni nefndarinnar, njóta ekki allar stuðnings þeirra. Áskilja þeir sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins."

Alþingi, 28. nóv. 1965.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. 114. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

um embættisbústaði.

Flm.: Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um embættisbústaði. Undirbúningur löggjafarinnar skal miða að því að endurskoða og samræma gildandi lagafyrirmæli, reglur og venjur varðandi skyldur ríkisins til að sjá embættismönnum fyrir bústöðum, að því að firra ríkissjóð óþörfum útgjöldum vegna bygginga, kaupa og viðhalds embættisbústaða og að því að leyst verði á viðunandi hátt þau húsnæðismál starfsmanna ríkisins, sem nauðsynlegt verður talið að hið opinbera hafi með höndum.

Greinargerð.

Miklir fjármunir hafa á síðari tímum verið festir í byggingum, kaupum og endurbótum á embættis- og starfsmannabústöðum ríkisins, og árleg útgjöld vegna nýbygginga og viðhalds þeirra nema nú milljónatugum króna. Er því tvímælalaust fyllsta ástæða til að gefa því fullan gaum, hvort skipan þessara mála er með þeim hætti, að ekki verði verulega um bætt bæði frá fjárhagssjónarmiði ríkisins og með tilliti til þess, að fullnægt sé eðlilegri skyldu ríkisins til að sjá ýmsum starfsmönnum sínum fyrir viðunandi bústöðum.

Lagafyrirmæli, er varða embættisbústaði, eru allmörg og sundurleit, enda sett á ýmsum tímum og við ólíkar aðstæður. Þá hafa og skapazt um þessi efni reglur og venjur, sem vafasamt er að eigi sér fullgildar stoðir í lögum, og framkvæmdir oft verið handahófskenndar.

Afleiðingar þessa hafa svo orðið þær, að mikillar mismununar gætir varðandi fyrirgreiðslu til handa starfsmönnum ríkisins að þessu leyti, að ríkið eyðir stórfé umfram þarfir til embættisbústaða, sem kostaðir eru að nauðsynjalausu í mesta

fjölbýli þjóðarinnar, og svo á hinn bóginn, að skyldur ríkisins eru ýmist ekki viðurkenndar eða vanræktar í ýmsum þeim tilvikum, þar sem bráðnauðsynlegt er, að séð sé sómasamlega fyrir bústöðum þeirra, er starfa í þjónustu ríkisins eða stofnana þess. Eru um þetta harla nærtæk dæmi, ekki sízt um fjársóun, sem viðgengizt hefur bæði í sambandi við nýbyggingar og kaup á embættisbústöðum.

Eftirlit allt með nýbyggingum og viðhaldi bústaða í eigu ríkisins er nú á mörgum höndum í stað þess að fela það einni ríkisstofnun, sem vafalaust væri hvort tveggja kostnaðarminna og skapaði meira samræmi í framkvæmdum.

Það er skoðun flm. þessarar till. til þál., að tímabært sé að taka þessi mál til gagngerðrar athugunar og skipa þeim í samræmi við nútímaaðstæður og almenna hagsmuni, og er till. flutt í þeim tilgangi, að svo verði gert. Mundi þá trúlega sannast, að unnt væri að losa miklar fjárhæðir, sem að ástæðulausu hafa þegar verið festar í embættisbústöðum í fjölbýlinu, og firra ríkissjóð frekari byrðum af þeim og nýjum útgjöldum, sem fylgja mundu óbreyttri skipan að þessu leyti. Þetta fjármagn væri síðan eðlilegt að nota til átaks í þeim húsnæðismálum ríkis og ríkisstofnana, sem óhjákvæmilegt er að sinna betur en gert hefur verið, jafnframt því sem sparað yrði í ríkisútgjöldum.

Ed. 115. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með þessu frv. er ætlun hv. ríkisstjórnar að hækka ýmiss konar gjöld, sem standa í sambandi við réttarfarsaðgerðir, viðskipti, leyfisveitingar o. fl., um ⅓ hið minnsta, en miklum mun meira í einstökum tilvikum. Gert er ráð fyrir, að þessar gjaldahækkanir nemi samanlagt a. m. k. 22 millj. kr.

Þessar gjaldahækkanir eru einn þáttur þeirra handahófsskattlagninga, sem boðaðar voru með fjárlagafrv. í þingbyrjun og voru þá nefndar „skattahækkanir á takmörkuðum sviðum“. Aðrir þættir þessara handahófsskattlagninga eru svo fyrirhugaður farmiðaskattur, skattur á raforkunotkun, hækkaður benzínskattur o. fl. Enda þótt látið sé í veðri vaka, að þessar skattlagningar séu almenningi léttbærari en þær aðrar, sem núv. ríkisstjórn hefur aðallega beitt á valdatíð sinni og nú eru nefndar „almennar skattahækkanir“ til aðgreiningar frá þeim, sem nú eru teknar í tízku, verður að telja vafasamt, að svo sé. Meginhluti þeirra gjalda, sem hér um ræðir, er greiddur af öllum almenningi, þótt ekki sé um dagleg útgjöld að ræða, og að verulegu leyti er hér um að ræða greiðslur fyrir þjónustu, sem veitt er til þess að menn nái rétti sínum lögum samkvæmt eða réttindum á ýmsum sviðum. Upphaflega mun svo hafa verið til ætlazt, að gjöldin svöruðu til sanngjarnrar greiðslu fyrir tiltekna veitta þjónustu, fremur en að þau væru hugsuð sem tekjulind til almennra þarfa ríkissjóðs, enda næsta hæpið, að hið opinbera geri sér að féþúfu sókn manna fyrir rétti sínum. Er vissulega illa komið, ef slíkt er nauðsynlegt til þess að rétta við fjárhag ríkisins, og óumdeilanlega eru því takmörk sett, hve langt er verjandi að ganga á þeirri leið.

Sameiginlegt er það hinum nýju skattlagningaraðgerðum „á takmörkuðum sviðum“, að þær snerta ýmist ekki eða lítið vísitöluútreikninga, sem kaupgjald er nú miðað við lögum samkvæmt. Er hér greinilega á ferðinni hin gamalkunna tilhneiging stjórnarvalda til þess að rangfæra vísitöluna og færa vöxt dýrtíðar yfir á herðar almennings bótalaust. Er slíkt sízt til meðmæla með þessum skatthækkunaraðferðum.

Ljóst er, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, ekki sízt að því er snertir umbyltingu hennar í skattamálum og stjórn á ríkisrekstrinum, hefur leitt til þess, að

þrátt fyrir einstök góðæri, mikinn vöxt þjóðartekna og góða gjaldeyrisafkomu stendur hún nú í rauninni ráðþrota gagnvart því skylduverki sínu að ná endum saman við afgreiðslu fjárlaga. Þrátt fyrir hina nýju skattheimtu, sem boðuð hefur verið, skortir mikið á, að þau verði afgreidd tekjuhallalaus í reynd, þótt reynt sé nú að leyna þeirri staðreynd með því að taka út úr fjárlögum útgjaldaupphæðir, sem öllum er ljóst að ekki verður komizt hjá að sinna. Handahófsskattlagningin, sem nú er viðhöfð, leysir því ekki þann vanda, sem nú er við að fást í fjármálum ríkisins. Hún er kákið eitt og gefur engar tryggingar fyrir því, að ekki verði stefnt „almennum skattahækkunum" í kjölfarið á næsta fjárlagaári.

Af framangreindum ástæðum er undirritaður andvígur frv. og leggur til, að það verði fellt.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Björn Jónsson.

Nd. 116. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin ræddi málið á tveimur fundum og fékk umsögn um það frá Pálma Einarssyni landnámsstjóra. Mælti hann eindregið með samþykkt frumvarpsins.

Áður hafði málið verið stutt meðmælum hreppsnefndarinnar í Reykjarfjarðarhreppi og héraðsráðunautarins í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Með hliðsjón af framansögðu eru allir nefndarmenn sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 25. nóv. 1965.

Óskar E. Levy, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson frsm.
Jónas Pétursson.	Ásgeir Pétursson.	Ágúst Þorvaldsson.
	Björn Pálsson.	

Sþ. 117. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í stjórnartíð núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur ríkt algert stjórnleysi í fjárfestingarmálum, þannig að verulegan hluta af þeim verðmætum, sem starfsstéttirnar skapa, fjárfesta einkaaðilar með eigin gróðahvöt að leiðarljósi, án tillits til þess, hvað þjóðinni er hagkvæmast og nauðsynlegast. Jafnframt forðast ríkisstjórnin að hafa nokkra stjórn á verðlagsmálum, en gefur hinum sömu einkaaðilum sífellt lausari tauminn í þeim efnum. Af þessari stjórnarstefnu hefur leitt öra verðbólguþróun, sem auk alls annars leikur hag ríkissjóðs svo, að við afgreiðslu hverra nýrra fjárlaga hafa stjórnarvöldin þurft að streitast við að ná endum saman, annars vegar með sífellt nýjum skattaálögum og hins vegar með því að skera niður framlög til þjóðnauðsynlegustu framkvæmda í mestu góðærum til lands og sjávar, sem þjóðin hefur lifað.

Það fjárlagafrumvarp, sem hér liggur fyrir, er ekki undantekning í þessu efni, heldur staðfestir þessa þróun svo greinilega sem verða má, að sífellt vex vandamálið og sífellt er gripið til meiri óyndisúrræða. Svo ör hefur verðbólguþróunin verið og svo haldlaus úrræði ríkisstjórnarinnar, að á milli fjárlagaafgreiðslna hefur orðið að grípa til nýrra úrræða, þar sem hin fyrri hafa ekki enzt til næstu fjárlagaafgreiðslu. Þannig hefur söluskattur verið hækkaður, og þannig hefur verið framkvæmdur niðurskurður á þeim upphæðum, sem veittar voru til verklegra framkvæmda á fjárlögum.

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1966 er svo komið, að þær niðurskurðaraðgerðir, sem í upphafi voru boðaðar sem bráðabirgðaráðstafanir, eru nú staðfestar sem varanleg ákvörðun. Fjárhæðir til einstakra verklegra framkvæmda eru nú teknar inn á fjárlagafrumvarpið stýfðar eftir niðurskurðinn og geta nú orðið grundvöllur að nýjum niðurskurði. Á sparnaði í rekstrarkostnaði örlar hins vegar hvergi. Niðurskurðurinn nær ekki til ónauðsynlegra eða lítt nauðsynlegra rekstrarliða, heldur einungis til hinna nauðsynlegustu framkvæmda: skólabygginga, sjúkrahúsbygginga, hafnarframkvæmda, flugvallagerða o. fl.

Fjárlagafrumvarpið staðfestir einnig, að auk niðurskurðar á nauðsynlegustu framkvæmdum grípur ríkisstjórnin sem jafnan fyrr ekki til annarra úrræða, þegar hún á við að etja afleiðingarnar af fyrri skattahækkunum sínum, en að leggja enn nýja skatta á landsmenn.

Árvissar skattahækkanir ríkisstjórnarinnar hafa jafnan kallað á nýjar, og nú er svo komið, að ríkisstjórnin telur sig tilneydda að breyta um skattstofna, þar sem verkalýðssamtökin hafa tryggt sér vísitölubætur á laun að nýju. Þess vegna veigra stjórnarflokkarnir sér við að hækka söluskatt að þessu sinni, heldur er nú gripið til þess ráðs að losa ríkissjóð við ýmsar greiðslur, sem hann hefur innt af hendi til þessa, og velta þeim upphæðum yfir á almenning. Þannig er ætlunin að létta af ríkissjóði greiðsluhalla Rafmagnsveitna ríkisins, en hækka raforkuverð í staðinn. Þá er beinlínis rofið það samkomulag, sem varð milli allra þingflokka um fjárframlag ríkissjóðs til vegamála og það fellt niður, en benzíngjald og þungaskattur hækkað að sama skapi. Er þá ekki hlífzt við að ómerkja orð samgöngumálaráðherra, er hann margítrekaði við setningu vegalaga fyrir tveimur árum, að framlag ríkisjóðs til vegamála yrði alls ekki lækkað, en fremur hækkað.

Enn fremur er á fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 25 millj. kr. nýjum skatti á selda farmiða frá landinu, enda þótt Ísland muni vera aðili að alþjóðasamþykkt, þar sem ákvæði er um, að slíkir skattar skuli óheimilir.

Það er því ekki að undra, þótt almenningur í landinu spyrji: Hversu lengi verður haldið áfram á þessari braut stjórnleysis og beinnar verðbólgufram leiðslu? Hversu lengi verður haldið áfram að draga úr þeim opinberu framkvæmdum, sem þjóðinni eru nauðsynlegastar, en kynda undir braskframkvæmdum einkaaðila, sem nota verðbólguna til eignasöfnunar? Hversu lengi verður afleiðingunum af verðbólgustefnunni mætt með því að þjarma fjárlögum saman með hækkun fyrri skatta og nýjum tegundum skatta? Verður það skattavandamál ríkisstjórnarinnar leyst lengi enn með nýjum fjármálaráðherrum, þegar hinir eldri eru þurrausnir að hugmyndum um nýja skatta? Hversu lengi getur það viðgengizt, að mestu góðæri þjóðarinnar í aflabrögðum og viðskiptakjörum séu látin líða hjá samtímis því, að ríkið sinnir í engu síaukinni þörf á nauðsynlegum framkvæmdum í menningar- og atvinnumálum, heldur sker beinlínis niður þær framkvæmdir, svo að algert vandræðaástand er að skapast í þessum efnum?

Alþýðubandalagið getur að sjálfsögðu ekki átt hlut að fjárlagasetningu, sem byggð er á slíkri óheillastefnu og miðar að því að viðhalda henni og auka. 2. minni hl. fjárveitinganefndar telur höfuðnauðsyn, að stefnan í fjármálum þjóðarinnar sé sú, að þau góðæri, sem þjóðin upplifir nú í aflabrögðum og viðskiptakjörum, séu notuð til þess að gera sérstakt átak í þeim atvinnu- og menningarmálum, sem ekki hefur verið sinnt sem skyldi undanfarin ár, vegna þess að afleiðingarnar af stefnu við-

reisnarstjórnarinnar eru þær, að hún hefur ekki reynzt fær um að nýta góðærin til framkvæmda í þessu efni.

Í skólamálum hefur sú alvarlega þróun átt sér stað, að samhliða því að öllum er ljóst, að grundvallarkrafa framtíðarinnar er aukin menntun hvers þjóðfélagsþegns, og sú krafa kemur fram í síaukinni aðsókn ungmenna í skóla, eftir að skyldunámi lýkur, þá skortir húsnæði og alla aðstöðu til að mæta þessari þróun. Einkum er algerlega ófullnægjandi aðstaða til að mæta þörfinni fyrir aukna verklega kennslu í skólum.

Samtímis því, að árlega þyrfti að verja stórauknum upphæðum í þessu skyni, sker viðreisnarstjórnin fjárveitingarnar niður, þegar hún stendur ráðþrota frammi fyrir afleiðingunum af stefnu sinni. Slíkar aðfarir eru í algeru ósamræmi við það, sem er að gerast með öðrum þjóðum, sem gera sér ljóst, að bættur þjóðarhagur í framtíðinni helzt algerlega í hendur við það, hvernig ríkisvaldið sinnir fjárveitingum til menntamála og vísinda í dag.

Hér virðast þær hugmyndir vera allsráðandi hjá stjórnarvöldunum, að eina hlutverk þeirra sé að tryggja, að verðbólguspekúlantar hafi sem frjálsastar hendur til að njóta góðæranna, og að því verði að aðlaga þjóðfélagið.

Fjárveitingar til hafnarframkvæmda eru enn skornar niður. Þrátt fyrir að ýmsir aðilar hafi hafið undirbúning að byggingu dráttarbrauta, til þess að þeir vélbátar, sem eru uppistaðan í síldveiðiflotanum, þurfi ekki að fara til útlanda til eftirlits og viðgerða, eru fjárlög afgreidd, án þess að fyrir fjármagni til þessara þjóðnauðsynlegu framkvæmda sé séð.

Fjár til þess að auka þjóðnauðsynlegar framkvæmdir í stað þess að skera þær niður á ríkisvaldið kost á að afla með því m. a. að tryggja mun betur en nú er gert, að skilað sé í ríkissjóð álögðum söluskatti, en fullvíst er, að árlega greiðir almenningur hundruð milljóna króna í söluskatt, sem aldrei kemur til skila í ríkissjóð. Á sama hátt sleppa óhemjuupphæðir undan álagningu söluskatts á ári hverju hjá aðilum, sem aðstöðu hafa til að skjóta tekjum undan skatti. Þá er ljóst, að verðbólgugróði þeirra, sem ríkisstjórnarstefnan hefur gefið frjálsastar hendur undanfarin ár og hlíft hefur verið við eðlilegum sköttum með sérstökum ákvæðum í skattalögum um skatta á fyrirtæki, er hinn eðlilegi skattstofn til þess að standa undir auknum verklegum framkvæmdum, t. d. sérstakur skattur á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

Ef vilji væri fyrir hendi hjá stjórnarvöldunum, þyrfti hvorki að grípa til niðurskurðar á verklegum framkvæmdum né til nýrrar skattlagningar á almenning. Fyrir þeim aðgerðum, sem með þarf, er ekki þingfylgi og því ekki tök á að breyta fjárlagafrumvarpinu svo, sem með þyrfti, og einungis unnt að gera tilögur um nokkrar lagfæringar.

2. minni hl. fjárveitinganefndar leggur fram nokkrar tillögur um sparnað á rekstrarliðum, án þess að þær séu á nokkurn hátt tæmandi, en afdrif þeirra ættu þó að leiða í ljós, hvort nokkur minnsti vilji fyrirfinnst hjá stjórnarliðinu að spara ónauðsynleg útgjöld. Tillögur eru gerðar um nokkra hækkun verklegra framkvæmda, án þess að þau framlög, sem gerðar eru tillögur um, væru samt fullnægjandi.

Nokkrir málaflokkar hafa enn ekki verið afgreiddir í fjárveitinganefnd og bíða 3. umr., þar á meðal framlög til nýrra skólabygginga. Leggur 2. minni hl. ekki fram breytingartilögur við þau mál, fyrr en sýnt er, hvernig þau verða afgreidd í nefndinni.

Um breytingartillögur, sem fluttar eru í nafni fjárveitinganefndar, er það að segja, að 2. minni hl. hefur óbundna afstöðu um fylgi við einstakar tillögur og um flutning á breytingartillögum eða fylgi við breytingartillögur, sem fram kunna að koma við þær eða einstaka liði frumvarpsins.

Um breytingartillögur, sem fylgja nefndaráliti þessu, skal eftirfarandi tekið fram:

Brtt. við 2. gr.

9. liður tekjuhliðar fjárlagafrumv. er farmiðaskattur, 25 millj. kr. Ekkert ákvæði er í lögum um heimild til slíkrar skattálagningar, og lagafrumvarp hefur ekki verið lagt fram um slíkan skatt.

Óeðlilegt er, að nýja skatta beri að með ákvæðum í fjárlögum, og er lagt til, að liðurinn falli niður.

Brtt. við 10. gr.

Lagt er til, að sparaðar verði á næsta ári 1.7 millj. kr. með því að sameina sendiráð Íslands á Norðurlöndum í eitt. Sparnaðurinn yrði meiri, þegar tilhögun þessi yrði og fullu komin á, en öllum ætti að vera ljóst, að það er bruðl, að Íslendingar kosti sendiráð í hverju þessara landa, þegar eitt sendiráð gæti hæglega annazt störf þeirra allra.

Lagt er til, að liðirnir: ferðakostnaður utanríkisráðuneytisins, kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins og kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins verði sameinaðir í einn og þau útgjöld lækkuð um 1.6 millj. kr., í 2.5 millj. kr., sem virðist ærin upphæð til þessara þarfa.

Á fjárlagafrumvarpinu eru 200 þús. kr. ætlaðar til greiðslu á kostnaði vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins. Fulltrúar Alþingis eiga ekkert erindi á hernaðarráðstefnur. Er því lagt til, að þessi liður falli niður.

Brtt. við 11. gr.

Íslendingar hafa af því síaukinn kostnað að gæta herliðsins á Keflavíkurflugvelli. Alls er á fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir 8.5 millj. kr. kostnaði í þessu skyni. Lagt er til, að þessi upphæð verði lækkuð um 4.8 millj. kr. á næsta ári.

Þegar fé fæst ekki veitt til hinna nauðsynlegustu hluta, sýnist ástæðulaust að eyða 2.7 millj. kr. á ári í svokallaðar almannavarnir. Er því lagt til, að liðurinn verði lækkaður í 500 þús. kr. og sú upphæð miðuð við hugsanlegar varnir gegn hættum af náttúruhamförum.

Brtt. við 13. gr.

Vegalög voru sett 1963 með samkomulagi allra þingflokka. Einn veigamikill þáttur þess samkomulags var, að jafnframt því, að hækkuð voru gjöld á bifreiðaeigendur skyldi ríkissjóður leggja fram fé á fjárlögum til vegamála. Var sú skylda ríkissjóðs staðfest með ákvæði 89. gr. laganna. Í umræðum við setningu laganna gaf hæstv. samgöngumálaráðherra fyrirheit um, að framlag ríkissjóðs myndi á næstu árum fremur hækka en lækka. Samt sem áður hefur nú verið fellt niður af fjárlagafrumv. allt framlag ríkissjóðs til vegamála skv. 89. gr. vegalaga, en þeirri upphæð velt yfir á bifreiðaeigendur í staðinn, til viðbótar þeim hækkunum, sem ákveðnar voru á benzíngjaldi, þungaskatti o. fl. 1963. Er hér gerð tillaga um, að með 60 millj. kr. framlagi verði staðið við það samkomulag, sem gert var við setningu vegalaga, að því er varðar framlag ríkissjóðs, og að farið verði eftir ótvíræðum ákvæðum 89. gr. vegalaga.

Skuld ríkissjóðs við hinar ýmsu hafnir í landinu nam um 23 millj. kr. um síðustu áramót og mun nema um 41 millj. kr. við hin næstu, og ljóst er, að skuldin mun enn hækka á næsta ári, ef ekki er veitt meira fé til greiðslu skuldanna en gert er ráð fyrir á fjárlagafrumv. Vegna þess ástands reynist sveitarfélögunum æ erfiðara að koma fram hinum nauðsynlegustu hafnarbótum. Á fjárlagafrv. er upphæð sú, sem ætluð er til greiðslu á skuld ríkissjóðs vegna hafnarframkvæmda, lækkuð frá núgildandi fjárlögum, en hér er um svo mikilsvert málefni að ræða, að þessi liður má sízt lækka. Er lagt til, að hann hækki úr 6.4 millj. kr. í 15 millj. kr., og þyrfti sú upphæð þó að vera stórum hærri.

Brtt. við 14. gr.

Samkv. lögum ber íþróttasjóði að greiða ákveðinn hluta af kostnaði íþróttamannvirkja. Vegna lágra fjárveitinga til sjóðsins undanfarin ár er hagur sjóðsins orðinn svo slæmur, að hann skuldaði að lokinni úthlutun 1965 um 26,5 millj. kr. Er gerð tillaga um hækkun framlags til íþróttasjóðs úr 3.4 millj. kr. í 6 millj. kr.

Aðbúnaður íslenzkra myndlistarmanna til sýninga á verkum sínum er þjóðarsmán. Félag ísl. myndlistarmanna hefur hafið undirbúning að byggingarframkvæmdum og sækir um styrk til ríkisins til framkvæmdanna til móts við styrk frá Reykjavíkurborg. Er lagt til, að félaginu verði á fjárl. 1965 veitt byrjunarframlag 1 millj. kr.

Brtt. við 16. gr.

Fjárveitingar til síldar- og fiskileitar og veiðitilrauna geta ráðið úrslitum um afrakstur þeirrar framleiðslu, sem er undirstaða þjóðarbúsins. Það er því ekki sparnaður að skera þær fjáveitingar við nögl, heldur hið gagnstæða. Fjárveitingar til þessara mála voru of naumar á núgildandi fjárlögum, síldarleit var t. d. ekki sinnt sem skyldi allt veiðitímabilið vegna fjárskorts. Sjávarútvegsmálaráðuneytið telur, að veita þurfi 27 270 500 kr. til þessa liðar í fjárlögum, og er lagt til, að svo verði gert.

Ríkissjóður hefur til þessa greitt rekstrarhalla Rafmagnsveitna ríkisins, en í fjárlagafrumv. fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir framlagi í þessu skyni, en ætlunin mun vera að hækka rafmagnsverð sem þessu nemur. Lagt er til, að sami háttur verði hafður á um greiðslu rekstrarhalla rafveitnanna og verið hefur og rekstrartekjur veitnanna áætlaðar 120.8 millj. kr. í stað 160.8 millj. kr.

Lagt er til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað úr 7.2 millj. kr. í 10.7 millj. kr. Verði framlagið ekki hækkað frá því, sem það er ákveðið í fjárlagafrumv., getur ekki orðið af neinum jarðborunum á næsta ári. Fáar framkvæmdir geta stuðlað eins að gjaldeyrissparnaði og hitaveitur á þéttbýlum svæðum, og algerlega er óviðunandi, að stöðvun verði á svo þjóhagslega nauðsynlegum framkvæmdum sem jarðborunum. Er því lagt til, að framlag til jarðhitasjóðs verði hækkað um 3.5 millj. kr. og 2 millj. kr. af þeirri upphæð verði varið til jarðborana á Reykjanesskaga í þeim tilgangi að finna nýtilegan jarðhita fyrir þéttbýlið á Suðurnesjum. Í framkvæmdaáætlun sérfræðinga jarðhitadeildar var gert ráð fyrir þessari framkvæmd á næsta ári, en hún hefur ásamt ýmsum öðrum verið skorin niður við samningu fjárlagafrumvarpsins.

Brtt. við 17. gr.

Mjög skortir á, að fullnægt sé hinni brýnu þörf, sem er á, að fyrir hendi séu dagheimili og sumardvalarheimili fyrir börn í kaupstöðum og kauptúnum, en á því er ekki sízt nauðsyn, þegar vinnuafl skortir og síaukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu kemur til.

Framlög ríkissjóðs til móts við framlög sveitarfélaga til rekstrar- og stofnkostnaðar barnaheimila hafa verið mjög af skornum skammti, og er lagt til, að framlag til greiðslu rekstrarkostnaðar verði hækkð um 1250 þús. kr., en framlag til stofnkostnaðar úr 300 þús. kr. í 1 millj. kr.

Vegna ónógra fjárveitinga til félagsheimilasjóðs hefur sjóðnum reynzt ókleift að gegna því hlutverki, sem honum er ætlað með lögum, og skuldar háar upphæðir. Verður ekki lengur dregið að bæta hag sjóðsins, og er lagt til, að veittar verði 10 millj. kr. í þessu skyni.

Öryrkjabandalag Íslands hyggst hefja byggingu lítilla íbúða fyrir fólk með skerta starfsgetu og leysa það þannig undan hinni hörðu samkeppni á húsnæðismarkaðnum. Sækir Öryrkjabandalagið um 1 millj. kr. í þessu skyni, og er lagt til, að sá styrkur verði veittur.

Brtt. við 20. gr.

Eitt erfiðasta vandamál, sem stjórnendur ríkisspítalanna eiga við að stríða, er skortur á hjúkrunarkonum og hæfu starfsfólki öðru. Ein af ástæðunum til þess, að

hjúkrunarkonur fást ekki til starfa, er, að þær þeirra, sem börn eiga, koma þeim ekki í vörzlu. Er óhjákvæmileg nauðsyn, að sjúkrahúsin sjálf tryggi hjúkrunarkonum og öðru starfsfólki þessa þjónustu og komi á stofn barnaheimili. Lagt er til, að veitt sé byrjunarframlag til þessara framkvæmda 1 millj. kr.

Mjög brýn þörf er á auknum framkvæmdum í flugvallagerð og á endurbótum flugöryggistækja. Svo illa er fyrir þessum málum séð, að hæpið er, að flugmenn fáist lengur til að fljúga til ýmissa staða á landinu, ef ekki verður úr bætt. Lagt er til, að framlag til þessara mála verði hækkað úr 14 580 000 kr. í 25 millj. kr.

Við Íþróttakennaraskólann að Laugarvatni er heimavistarhús í smíðum. Kjallari hússins var byggður 1964, en ekkert hefur verið unnið við bygginguna á þessu ári vegna fjárskorts, og liggur hún undir skemmdum. Verði framlag til byggingarinnar ekki aukið frá því, sem áætlað er á fjárlagafrumv., verður fyrirsjáanlega ekkert unnið við bygginguna næsta sumar. Aðbúnaður kennara og nemenda er algerlega óviðunandi og allar líkur á, að starfsmenn skólans neyðist til að yfirgefa hann, ef ekki verður úr bætt. Lagt er til, að framlag byggingarinnar verði hækkað úr 560 þús. kr. í 2 millj. kr.

Lagt er til, að framlag til fyrningasjóðs ríkisbifreiða verði takmarkað við 2 millj. kr.

Brtt. við 22. gr.

Svo sem áður er rakið, er óhjákvæmilegt að gera átak í flugvallagerð, og er lagt til, að ekki verði felld niður sú grein á núgildandi fjárlögum, sem heimilar 15 millj. kr. lántöku til flugvallagerða.

Ýmsir aðilar hyggja á framkvæmdir í sambandi við byggingar og endurbætur á síldarverksmiðjum o. fl. varðandi síldarvinnslu. Er því nauðsyn, að fyrir hendi sé heimild til að ábyrgjast lán til þeirra framkvæmda.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Geir Gunnarsson.

Sþ. 118. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

1.	Við	2. gr.	9. (Farmiðaskattur). Liðurinn fellur niður.	
2.	—	10. —	II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn). Liðurinn fellur niður.	
3.	—	10. —	II. 1. Nýr liður: Sendiráð á Norðurlöndum	4 500 000
4.	—	10. —	II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.	
5.	—	10. —	II. 5. Liðurinn orðast svo: Sendiráðið í París	3 000 000
6.	—	10. —	II. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.	
7.	—	10. —	II. 11. (Ferðakostnaður). Liðurinn fellur niður.	

8.	Við 10. gr.	II. 11. Nýr liður: Til ferðakostnaðar og kostnaðar utanríkisráðuneytisins af samningum við erlend ríki og þátttöku í alþjóðaráðstefnum	2 500 000
9.	— 10. —	II. 12. (Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanrrn.). Liðurinn fellur niður.	
10.	— 10. —	II. 13. (Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanrrn.). Liðurinn fellur niður.	
11.	— 10. —	III. 22. (Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins). Liðurinn fellur niður.	
12.	— 11. —	A. 10. b. Liðurinn orðast svo: Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli	2 000 000
13.	— 11. —	A. 20. (Til almannavarna). Fyrir „2 728 000“ kemur	500 000
14.	— 13. —	A. Nýr liður (verður rómv. I): Framlag til vegamála samkv. 89. gr. vegalaga nr. 71/1963	60 000 000
15.	— 13. —	C. X. (Eftirstöðvar af hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda). Fyrir „6 400 000“ kemur	15 000 000
16.	— 14. —	A. XVIII. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „3 400 000“ kemur	6 000 000
17.	— 14. —	B. XLIII. Nýr liður: Til Félags íslenzkra myndlistarmanna til byggingar sýningarskála	1 000 000
18.	— 16. —	B. 7. (Fiskileit, síldarrannsóknir og veiðitilraunir). Fyrir „17 645 500“ kemur	27 270 500
19.	— 16. —	D. III. Tekjur 1. (Rafmagnsveitur ríkisins, rekstrartekjur veitna). Fyrir „160 800 000“ kemur	120 800 000
20.	— 16. —	D. X. (Jarðhitasjóður). Fyrir „7 200 000“ kemur	10 700 000
21.	— 16. —	D. XI. 6. Liðurinn orðast svo: Rekstrarkostnaður jarðbora	16 050 308
		Þar af til jarðborana á Reykjanesskaga 2 000 000	
22.	— 16. —	D. XI. Tekjur 2. (Jarðhitadeild, úr jarðhitasjóði). Fyrir „7 200 000“ kemur	10 700 000
23.	— 17. —	V. 9. (Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.). Fyrir „750 000“ kemur	2 000 000
24.	— 17. —	V. 10. (Til dagheimila, byggingarstyrkir). Fyrir „300 000“ kemur	1 000 000
25.	— 17. —	V. 19. Nýir töluliðir: a. Til félagsheimilasjóðs	10 000 000
		b. Til Öryrkjabandalags Íslands, byggingarstyrkur	1 000 000
26.	— 20. —	Út. VI. 8. Nýr liður: Til byggingar barnaheimilis við Landsspítalann	1 000 000
27.	— 20. —	Út. VIII. (Flugvallagerð og flugöryggistæki). Fyrir „14 580 000“ kemur	25 000 000
28.	— 20. —	Út. XII. 15. (Íþróttakennaraskóli). Fyrir „560 000“ kemur	2 000 000
29.	— 20. —	Út. XXXVI. (Til fyrningasjóðs ríkisbifreiða). Fyrir „4 000 000“ kemur	2 000 000

30. Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
a. Að taka lán allt að 15 millj. kr. til flugvallagerða.
b. Að ábyrgjast allt að 90 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Nd. 119. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá 2. minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin klofnaði um málið. Stjórnarstuðningsmennirnir leggja til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Björn Pálsson var hlutlaus, en Ágúst Þorvaldsson og undirritaður leggja til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 28. nóv. 1965.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 120. Nefndarálit [10. mál]

um till. til þál. um, hvernig minnast skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þetta mál og mælir með, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 29. nóv. 1965.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm. — Matthías Bjarnason, fundaskr. — Karl Guðjónsson.
Gísli Guðmundsson. — Pétur Sigurðsson. — Axel Jónsson.
Einar Ágústsson.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sjö manna nefnd til að athuga og gera tillögur um, hvernig hagfelldast væri fyrir ríkið í félagi við Tryggingastofnun ríkisins, sveitarfélög og sýslufélög að koma upp á hentugum stöðum víðs vegar um land dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

Skal nefndin þannig skipuð, að þingflokkarnir tilnefni sinn nefndarmanninn hver, Tryggingastofnun ríkisins einn mann, Samband íslenzkra sveitarfélaga einn mann. Sjöunda manninn skipi ríkisstjórnin án tilnefningar og verði hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal m. a. sérstaklega athuga möguleika á því, að hreppsfélög með aðstoð frá ríki og almannatryggingum geti látið byggja færanleg íbúðarhús, sem

aldrað fólk (t.d. hjón) í sveitum geti fengið leigð til notkunar á þeim stað, er þau kjósa. Enn fremur skilyrði til, að sýslu- og bæjarfélög með aðstoð sömu aðila láti reisa dvalarheimilahverfi á jarðhitasvæðum til afnota fyrir aldrað fólk úr viðkomandi sýslu- eða bæjarfélögum.

Nefndin skili tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Mannfjöldaskýrslur og ævilengdartöflur Hagstofunnar sýna, að íslenzku þjóðinni fjölgar ört. Ein ástæðan til þess er sú, að meðalaldur manna hefur lengzt. Árið 1910 urðu 6.5 af hundraði landsmanna 65 ára og eldri. Þetta hlutfall hefur verið að hækka síðan, og árið 1960 voru 8.1 af hundraði 65 ára og eldri. Meðalaldur kvenna er nú 75 ár og karla 70.7 ár. Meðalaldur kvenna hefur þannig lengzt síðan 1940 um 9.4 ár og karla um 9.8 ár. Síðastliðin hundrað ár hefur meðalaldur kvenna lengzt um 37.1 ár og karla um 38.8 ár. Á árunum 1951 til 1960 dóu 29 menn, sem voru 100 ára og þar yfir. Voru það 25 konur og 4 karlar. Þessar tölur allar sanna það óvefengjanlega, að aldraða fólkinu fjölgar mjög mikið og hlutfallslega meira en áður var. Er þetta árangur af aukinni þekkingu, sem leitt hefur af sér bætt lífsskilyrði og heilsugæzlu. Væntanlega verður enn áframhald á því, að mannsævin lengist. Við Íslendingar getum hrósað miklum sigri á þessu sviði, því að nú er manndauðahlutfallið lægra hér en í nokkru öðru landi Evrópu.

En með hverjum sigri skapast alltaf ný viðhorf og vandamál. Nú þarf að skipa hinum aukna fjölda aldraðs fólks til viðunandi sætis í þjóðfélaginu, svo að það geti notið elliáranna sem frjálsir menn og hlutgengir þegnar, meðan heilsan leyfir þátttöku í störfum, og hinum sjúku þarf að búa sem bezta hjúkrun og góð dvalarheimili. Fram að þessu hefur fremur lítið verið gert af hálfu þjóðfélagsins til að tryggja gamla fólkinu góð lífskjör á elliárunum annað en greiðsla ellilífeyris til þeirra, sem orðnir eru 67 ára og eldri. Ellilífeyrinn kaupa menn sér samkvæmt ákvæðum almannatryggingalaga með iðgjaldsgreiðslu frá 16—67 ára aldri, enn fremur með gjöldum sínum til viðkomandi sveitarsjóða, sem síðan borga árgjald til almannatrygginganna, og með skattgreiðslum sínum beinum og óbeinum til ríkissjóðs.

Ekki skal vanmetin sú hjálp, sem almannatryggingarnar veita með ellilífeyrisgreiðslum sínum. En það er skoðun flutningsmanna, að almannatryggingarnar þurfi mjög að víkka starfssvið sitt öldruðu fólki til hjálpar. Með breyttum þjóðlífsháttum er reynslan sú, að heimilin geta ekki nú eins og þau urðu að gera áður veitt hæli fyrir aldraða og sjúka. Almannatryggingarnar þyrftu og ættu samfara því að greiða ellilífeyri einnig að styrkja byggingu íbúðarhúsa og dvalarheimila fyrir aldrað fólk í samvinnu við ríkið og sveitarfélögin. Mikil nauðsyn er á því að fjölga dvalarheimilum fyrir hina öldruðu, því að þeim fer mjög fjölgandi, sem komast á háan aldur og þurfa á að halda hjálp þjóðfélagsins, þegar þrek dvínar til starfa. Hrekkur þá ekki til, þó að ellilífeyrir væri nægur, ef hvergi fæst hjálp og skjól.

Í sveitum landsins hagar víðast svo til, að gamla fólkið verður að hætta búskap, áður en kraftar eru að fullu þrotnir, og liggur þá leiðin oftast til þorpa og bæja, þar sem annaðhvort eru fest kaup á íbúð eða íbúð tekin á leigu. Atvinna í bæjunum fyrir aldraða fólkið, sem þangað kemur úr dreifbýlinu, er svo til engin. Dreifbýlinu er í flestum tilfellum mikill missir í brottflutningi hins aldraða fólks, því að unga kynslóðin, sem tekur við störfum þess, svo sem ábúð jarða, tapar hollri aðstoð, sem gamla fólkið getur oft veitt einnig sér til gagns og gleði. Þá getur gamla fólkið, sem nokkra starfsorku hefur, ef það er kyrrt í sveitum og þorpum, í mörgum tilfellum haft sér til gagns og gamans smábúskap, t. d. nokkrar kindur, hænsni eða dálitla garðrækt. Þannig getur notazt að vinnuafli til framleiðslu fyrir þjóðfélagið, sem annars tapast. Þá má nefna, að mörgu sveitarfélagi gæti orðið það drjúgur stuðn-

ingur fjárhagslega, að eldra fólkið dveldist þar áfram í stað þess að hverfa burt með fjármuni sína. Flestu mundi líka aldraða fólkinu ljúfara að eyða elliárunum í átthögunum, ef þess væri kostur.

Með þingsályktunartillögu þessari er þeirri hugmynd hreyft, að athugaðir verði möguleikar á því, að sveitarfélög, ríki og almannatryggingar komi upp í samvinnu þægilegum íbúðarhúsum, sem sniðin væru við hæfi aldraðs fólks og flytja mætti milli staða og setja niður hvar sem væri með tiltölulega litlum undirbúningi, og leigð til dvalar fyrir hóflegt gjald. Þegar t. d. öldruð hjón hættu að nota slíkt hús, gætu önnur hjón fengið það flutt til sín og búið í því o. s. frv. Þá er mikil þörf að koma upp í héruðum, þar sem jarðhiti er, þyrpingum lítilla íbúðarhúsa til dvalar fyrir aldraða, sem eru sjálfbjarga að mestu. Enn fremur hælum fyrir sjúka og ellihruma.

Hér er drepið á þríþætt verkefni, sem sveitarfélögum, ríki og almannatryggingunum ber að leysa. Það er í fyrsta lagi að koma upp færanlegum litlum íbúðum fyrir þá, sem kjósa að búa í nánd við sín fyrri heimili, meðan heilsan leyfir. Í öðru lagi að stofna íbúðahverfi á jarðhitastöðum fyrir aldraða. Og í þriðja lagi að reisa hæli á slíkum stöðum fyrir þá, sem eru ósjálfbjarga. Ekki verða slík verkefni leyst án athugunar, og auðvitað verða slík viðfangsefni að þróast í samræmi við ný viðhorf á hverjum tíma. En aðkallandi er að hefjast handa sem fyrst, því að mikil verkefni af þessu tagi eru sýnilega fyrir hendi nú þegar og í framtíðinni. Til þess benda eindregið skýrslur Hagstofunnar um lengingu mannsævinnar hér á landi.

Sú löggjöf, sem til er um stuðning við gamla fólkið á Íslandi í umræddum efnum, er ófullnægjandi. Sú aðstoð, sem lög nr. 40 30. apríl 1963 (76. gr.), um almannatryggingar, veita til þess að koma upp elliheimilum, er lán og miðast aðallega við stór heimili. Og lög nr. 49 20. apríl 1965, um byggingarsjóð aldraðs fólks, eru einvörðungu miðuð við lánastarfsemi og áhrifalítil.

Þessi málefni þarf því að athuga betur og finna í þeim betri úrlausnir, og vegna þess er tillagan flutt.

Sþ. 122. Breytingartillaga [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

Við 13. gr. A. Nýr liður (verði rómv. I):
Framlag til vegamála samkv. 89. gr. vegalaga, nr. 71/1963 .... 47 000 000

Nd. 123. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv., borið það saman við gildandi lög og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar.
Lúðvík Jósefsson.	Matthías Á. Mathiesen.	Skúli Guðmundsson.
	Einar Ágústsson.	

Sþ. **124. Skýrsla**

samgöngumálaráðherra um framkvæmd vegáætlunar 1965.

Framkvæmdir skv. vegáætlun 1965.

I. STJÓRN OG UNDIRBÚNINGUR

Unnið hefur verið að framkvæmd vegáætlunar á yfirstandandi ári eins og nánar greinir í eftirfarandi skýrslu.

Vegáætlun 1965. Þegar vegáætlun fyrir árin 1965—1968 var samþykkt á Alþingi 2. apríl s. l., lágu ekki fyrir lokareikningsskil yfir tekjur og gjöld samkv. vegáætlun 1964. Í vegáætlun fyrir 1965 voru eftirstöðvar tekna áætlaðar 16.7 millj. kr. en urðu 20.0 millj. kr. Í vegáætlun fyrir 1965 er halli á vegáætlun 1964 áætlaður 5.0 millj. kr., en varð 5.1 millj. kr. Um lokareikningsskil einstakra liða í vegáætlun ársins 1964 vísast að öðru leyti til ríkisreiknings ársins 1964.

Frestun framkvæmda 1965. Samkvæmt heimild í 22. gr. lið XLVI fjárlaga yfirstandandi árs ákvað ráðuneytið að fresta til næsta árs framkvæmdum í vegáætlun 1965 er næmi 20% af framlagi til vegasjóðs á 13. gr. A fjárlaga í ár, þ. e. framkvæmdum fyrir 9.4 millj. kr. Ákveðið var að þessi frestun framkvæmda skiptist þannig á einstaka liði í vegáætlun:

a. Framkvæmdaliðir III—V í vegáætl. 1965	8 178	þús. kr.
b. Framlag til kaupstaða og kauptúna (VIII)	1 175	— —
c. Framlag til tilrauna við vega- og gatnag. (IX)	47	— —
Alls	9 400	þús. kr.

Í eftirfarandi skýrslu um einstakar framkvæmdir samkvæmt liðum III—V í vegáætlun er nánar tilgreint hvaða framkvæmdum var frestað.

Bráðabirgðalán til vegaframkvæmda. Í ár hefur undantekningarlaust verið fylgt þeirri reglu varðandi bráðabirgðalán til vegaframkvæmda, að samþykkja einungis lán til þeirra framkvæmda, sem fjárveitingu hafa í vegáætlun næstu ár og hámark lána miðað við þær fjárveitingar. Hafa slík lán þó aðeins verið samþykkt, að verulegur ávinningur væri að því að vinna verk í einum áfanga eða ljúka tilteknu verki.

Í eftirfarandi yfirliti eru tilgreind bráðabirgðalán til hraðbrauta, þjóðbrauta og landsbrauta í árslok 1964 og 1965, sem endurgreiðast eiga af fjárveitingum í vegáætlun 1966—1968.

	Í árslok 1964.	Í árslok 1965.
1. **Hraðbrautir**	0 000 millj. kr.	0 000 millj. kr.
2. **Þjóðbrautir:**		
a. Fyrirframgr. úr ríkissjóði	0 200 — —	0 000 — —
b. Bráðabirgðalán úr héraði	2 340 — —	4 762 — —
3. **Landsbrautir:**		
a. Fyrirframgr. úr ríkissjóði	0.650 — —	0.400 — —
b. Bráðabirgðalán úr héraði	8 370 — —	6 134 — —
Alls	11 560 millj. kr.	11 296 millj. kr.

Bráðabirgðalán út á Vestfjarðaáætlun 1966 ..... 3 000 millj. kr.

Föst lán til vegaframkvæmda. Með heimild í III. kafla vegáætlunar fyrir 1965—1968 hefur ráðuneytið í samræmi við framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar og Vestfjarðaáætlun aflað fastra lána til lagningar vega þeirra, er tilgreindir eru í III.

kafla vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár. Til einstakra vegaflokka nema lán þessi eftirtöldum upphæðum:

1. Hraðbrautir	115 0	millj. kr.
2. Þjóðbrautir	17.4	— —
3. Landsbrautir	5.2	— —
	Alls 137.6	millj. kr.

Af þessum lánum eru 130.4 millj. kr. samkv. framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, en 7.2 millj. kr. samkv. Vestfjarðaáætlun. Lánsupphæðir til einstakra vega eru þær sömu og heimilað er í III. kafla vegáætlunar að undanskildu láni til Reykjanesbrautar, sem er mun hærra, þar sem ákveðið var að steypa veginn en ekki malbika eftir að vegaáætlun var samþykkt á Alþingi.

Um framkvæmdir í hinum einstöku vegum, sem lán voru tekin til, vísast til greinargerðar um hlutaðeigandi vegi í eftirfarandi skýrslu.

Í eftirfarandi yfirliti um framkvæmd einstakra liða vegáætlunar fyrir yfirstandandi ár eru allar kostnaðartölur miðaðar við þær kostnaðaráætlanir er fyrir lágu, þegar tillaga um vegáætlunina var lögð fram á s. l. vetri. Endanleg reikningsskil um einstakar framkvæmdir verða ekki fyrir hendi fyrr en í byrjun næsta árs.

Verðbreytingar. Verulegar verðbreytingar hafa orðið síðan vegáætlunin var samin. Hafa þær breytingar að sjálfsögðu haft í för með sér aukinn kostnað við viðhald og nýlagningu vega, en þó sérstaklega á þeim mannvirkjum, sem ljúka verður í einum áfanga eins og t. d. byggingu einstakra brúa.

Eftir því sem næst verður komizt, þá hafa verðbreytingar frá febrúar 1965 til ágúst 1965 haft eftirfarandi áhrif til hækkunar á vísitölu einstakra framkvæmdaliða:

	Marz 1965	Ágúst 1965	Hækkun í %
Vegaviðhald	489	531	8.6
Vegagerð	466	491	5.4
Brúargerð	544	607	9.8

Innheimta tekna. Benzínsala fyrstu 9 mánuði ársins hefur verið um 5% meiri en áætlað er í vegáætlun. Sennilegt er, að hið góða tíðarfar í sumar valdi nokkru um þessa aukningu. Eftir því sem bezt verður séð, þá munu tekjur af gúmmígjaldi standast áætlun, og líkur fyrir því, að svo verði einnig um tekjur af þungaskatti, þó að nokkur óvissa sé um þann lið vegna endurgreiðslna.

Eru því horfur á, að tekjur verði það miklar umfram áætlun, að þær nægi til þess að greiða óhjákvæmilegan halla vegna verðhækkana á einstökum liðum í vegáætlun í ár og e. t. v. nokkru betur.

II. VIÐHALD ÞJÓÐVEGA

1. Viðhaldskostnaður þjóðvega.

Fjárveiting var 92. 5 millj. kr. og var miðað við vísitölu vegaviðhalds í mars s. l. (489 stig), þegar vegáætlun var tekin til afgreiðslu á Alþingi. Þar sem vísitala vegaviðhalds var 531 í ágúst verður meðalvísitalan fyrir árið um 510 eða 4.3% hærri, en sú vísitala, sem fjárveitingin var miðuð við. Miðað við óbreytt viðhald nemur þessi hækkun um 4 millj. kr.

Snjómokstur. Þó að s. l. vetur hafi verið mjög snjóléttur á Suður- og Vesturlandi, þá verður það ekki sagt um Norður- og Austurland. Vegna þess að hafís var landfastur fyrir Norður- og Austurlandi síðari hluta vetrar, þá varð ekki hjá því

komizt, að halda opnum ýmsum fjallvegum í þessum landshlutum, sem að jafnaði er talið óframkvæmanlegt að ryðja vegna kostnaðar. Varð kostnaður við snjómokstur í heild 6.8 millj. kr., en var aðeins 2.8 millj. kr. árið 1964.

Aukning umferðarinnar. Umferðartalningar í sumar hafa leitt í ljós, að aukning umferðarinnar um sumarmánuðina á ýmsum vegum hefur verið 10—20% frá sumrinu 1964. Kemur þar að sjálfsögðu til aukning bifreiða í landinu frá fyrra ári, sem í heild nam 2700 bifreiðum eða 9.2% frá 1/1 1964 til 1/1 1965, svo og óvenju þurrt og góðviðrasamt sumar.

Umferðin um fjölförnustu malarvegina er komin í 1000—3000 bíla á dag eða langt yfir það, sem slíkir vegir þola. Afleiðingin er sú, að allt bindiefni rýkur burt úr vegunum í þurrkatíð og eftir verður grjóthröngl. Í rigningatíð verða þessir vegir nær ókeyrandi á 1—2 klukkustundum. Má segja að viðhald fjölförnustu malarveganna sé vonlaust verk.

Skemmdir vegna vatnavaxta. Töluverðar skemmdir urðu á vegum og brúm á Suðurlandi á s. l. vetri vegna mikillar úrkomu.

Mun alvarlegri skemmdir urðu á vegum og brúm á Suður- og Vesturlandi vegna óvenjulegrar úrkomu dagana 19. og 20. október og einnig dagana 8. og 10. nóv. Alvarlegasta tjónið varð við brúna á Jökulsá á Sólheimasandi. Brauzt áin þar yfir varnargarð á vesturbakka og tók sundur veginn á 50—60 m kafla vestan við brúna. Við þetta gróf undan landstöpli að vestan og sökk hann niður fyrir vatnsborð. Bráðabirgðaviðgerð mun kosta töluvert fé. Fullnaðarviðgerð á brúnni verður ekki framkvæmanleg fyrr en næsta vor. Lauslega áætlað má gera ráð fyrir að ofangreindar skemmdir hafi valdið tjóni að upphæð 3—4 millj. kr.

III. TIL NÝRRA ÞJÓÐVEGA

1. Til hraðbrauta.

1. **Reykjanesbraut (A 2):**

Fjárveiting 6.8 millj. kr. og lán 115.0 millj. kr. Íslenzkir Aðalverktakar luku skv. samningum við undirbyggingu 6.2 km vegar á Strandaheiði, byggingu 1.4 km afleggjara frá Reykjanesbraut í Voga, lagningu 18.3 km steyptrar veghellu frá Kúagerði suður að Fitjum og lagningu malbiks á 3.2 km kafla á Fitjum og í Ytri-Njarðvík. Þeir vinna nú að byggingu á 0.6 km afleggjara í Innri-Njarðvík.

Vegagerð ríkisins hefur unnið að frágangi vegkanta og vegfláa frá Kúagerði suður að Fitjum og byggingu gjaldstöðvar til innheimtu veggjalds við Straum.

Byggingu vegarins er nú að mestu lokið, að undanskildum 0.9 km kafla fyrir ofan Hafnarfjörð, sem frestað er til næsta ár.

2. **Þrengslavegur (G 2):**

Fjárveiting 3.2 millj. kr. Fór til að byggja upp og lagfæra 3.3 km kafla um Sandfell.

2. Til þjóðbrauta.

(Töluliðir skv. vegáætlun 1965—1968.)

1. **Vesturlandsvegur (B 1):**

a. Um Þyril:

Fjárveiting 800 þús. kr. Fór til greiðslu skulda frá 1964.

b. Gröf — Reykjadalsá:

Fjárveiting 350 þús. kr. Fór til greiðslu skulda frá 1964 og til að mölbera 1.2 km kafla, sem undirbyggður var 1964.

c. Um Garpsdal og Gróustaði:
Fjárveiting 280 þús. kr. Fór til greiðslu skulda frá 1964.
d. Slitur:
Fjárveiting 170 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 620 þús. kr. Endurbyggðir voru 1.9 km um Gilsfjarðarmúla og í Múlahlíð.

2. **Stykkishólmsvegur (B 26):**
a. Haffjarðará — Skjálg:
Fjárveiting 1.4 millj. kr. Tekinn var til umferðar 2.2 km kafli um nýja brú á Haffjarðará.

3. **Ólafsvíkurvegur (B 37):**
a. Enni:
Fjárveiting 4.33 millj. kr. Fór til greiðslu upp í skuld frá 1963.

4. **Grundarfjarðarvegur (B 48):**
a. Kolgrafir — Berserkjahraun:
Fjárveiting 370 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

5. **Vestfjarðavegur (C 1):**
a. Sunnan Þingmannaheiðar:
Fjárveiting 800 þús. kr. og bráðabirgðalán út á Vestfjarðaáætlun 1966 1.0 millj. kr. Unnið var að undirbyggingu á 6.0 km kafla úr botni Mjóafjarðar út á móts við Kirkjuból, en eftir er að setja ræsi.
b. Breiðadalsheiði:
Fjárveiting 620 þús. kr., framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 2.0 millj. kr. og bráðabirgðalán út á Vestfjarðaáætlun 1966 1.0 millj kr. Fullgerður var 1.8 km kafli, þar af 0.7 km undirbyggðir 1964 og undirbyggðir 2.7 km. Steypt voru tvö bogaræsi á Heiðará.

6. **Barðastrandarvegur (C 10):**
a. Um Arnarstapaá:
Fjárveiting 350 þús. kr. Lagður var 0.4 km kafli um Arnarstapaá og steypt bogaræsi.

7. **Strandavegur (C 37):**
a. Í Bæjarhreppi:
Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar frá f. ári.
b. Hólmavík — Orkuversvegamót:
Fjárveiting 350 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætl. 1966 560 þús. kr. Endurbyggður var 2.6 km kafli frá vegamótum að Hólmavík að brú á Víðidalsá en yfirbyggingu er ekki lokið.

8. **Norðurlandsvegur (E 1):**
a. Við Miðfjarðará:
Fjárveiting 1.4 millj. kr. Fór til að byggja 2.3 km kafla um nýja brú á Miðfjarðará.
b. Í Reykjadal:
Fjárveiting 105 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.
c. Á Mývatnsheiði:
Fjárveiting 115 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.

9. **Siglufjarðarvegur (D 39):**

Fjárveiting 1.5 millj. kr. og framkvæmdalán 11.4 millj. kr. Samið var við Efrafall s.e.f. um sprengingu 0.8 km jarðgangna í Strákum og hafa þeir lokið ca. 0.1 km. Unnið var að undirbyggingu á 4.4 km milli Lambanesáss og Sauðaness og mölbornir voru að nokkru leyti 3.0 km um Lambanesás og Heljartröð. Til afborgana af lánum fóru 1.1 millj. kr.

10. **Ólafsfjarðarvegur (E 2):**

a. Um Ólafsfjarðarmúla:

Fjárveiting 1.0 millj. kr. og framkvæmdalán 4.0 millj. kr. Til afborgana af lánum fóru 310 þús. kr. Undirbyggður var 0.7 km kafli í skriðunni sunnan í Múlanum, sprengdur og ruddur stallur fyrir Múlann og um Ófærugjá um 0.7 km langur og undirbyggður um 0.5 km kafli um Brimnesá við Ólafsfjarðarkaupstað.

b. Í Arnarneshreppi:

Fjárveiting 150 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.

11. **Kinnarvegur (E 20):**

a. Norðan Núps:

Fjárveiting 100 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

12. **Þingeyjarsýslubraut (E 25):**

a. Sunnan Húsavíkur:

Fjárveiting 230 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

b. Um Aðaldalshraun:

Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1968 800 þús. kr. Tekinn var til umferðar 3.6 km kafli sunnan Sandsvegamóta, ófullgerður, og undirbyggðir 2.6 km að suðurenda flugvallar.

c. Skeifárgil — Rekárgil:

Fjárveiting 500 þús. kr. Tekinn var til umferðar 0.9 km kafli yfir Skeifárgil, ófullgerður.

d. Í Kelduhverfi:

Fjárveiting 300 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

e. Lindarbrekka — Hóll:

Fjárveiting 300 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.8 km kafli norður frá Hóli, ófullgerður.

f. Austan Jökulsár —vestan heiðar:

Fjárveiting 150 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.9 km kafli á Valþjófsstaðabökkum, ófullgerður.

13. **Austurlandsvegur (F 1):**

a. Í Möðrudal:

Fjárveiting 800 þús. kr. Voru undirbyggðir 4.6 km austan við Möðrudal og í eystri Möðrudalsfjallgarði.

b. Um Hróarstungu:

Fjárveiting 790 þús. kr. Var unnið við að grafa skurði, lagfæra og mölbera veg á 5 km kafla um Rangá.

c. Á Breiðdalsheiði:

Fjárveiting engin en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 340 þús. kr. Fullgerður var 0.5 km kafli sunnan í heiðinni.

d. Í Breiðdal:

Fjárveiting 420 þús. kr. Fullgerður var 2.2 km kafli um Höskuldsstaðasel, sem byrjað var á 1964.

e. Streitishvarf — Lónsheiði:
Fjárveiting 990 þús. kr. Fullgerður var 2 km kafli við Búlandsá í Berufirði og unnið að ræsagerð.
f. Í Lón:
Fjárveiting 410 þús. kr. Fullgerður var 1.6 km kafli austan Fjarðarár.

14. **Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur (F 2):**
a. Á Hellisheiði:
Fjárveiting 300 þús. kr. Fullgerður var 0.7 km kafli við Dalsá í Vopnafirði og unnið að lagfæringu á jeppavegi norðan í Hellisheiði.

15. **Norðfjarðarvegur (F 31):**
a. Um Fagradal:
Fjárveiting 500 þús. kr. Fullgerðir voru 1.8 km neðan Biskupshlaups, sem byrjað var á 1964.
b. Í Reyðarfirði:
Fjárveiting engin, en ónotuð fjárveiting frá 1964 400 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.
c. Í Eskifirði:
Fjárveiting 110 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.

16. **Suðurfjarðavegur (F 39):**
a. Í Fáskrúðsfirði:
Fjárveiting 520 þús. kr. Lagðir voru 1.2 km milli Dalsár og Tunguár og um nýjar brýr á Eyrarám.
b. Í Stöðvarfirði:
Fjárveiting 200 þús. kr. Var að mestu lokið við 0.6 km kafla að norðanverðu við fjörðinn.
c. Um Vattarnes:
Fjárveiting engin en bráðabirgðalán út á framkvæmdalán 1966 1.0 millj. kr. Unnið var að undirbyggingu Vattarnesvegar og undirbyggðir 4.0 km.

17. **Suðurlandsvegur (G 1):**
a. Hárlaugsstaðir — Steinslækur:
Fjárveiting 200 þús. kr. Fór til greiðslu á skuld frá 1964, og til að lagfæra 0.3 km kafla austan við Steinslæk.
b. Hvammur — Fosslækur:
Fjárveiting 650 þús. kr. Fullgerðir voru 1.0 km kafli um nýja brú á Írá og 1.1 km kafli um Dalsá undir Eyjafjöllum.
c. Kafli í Víkurgili:
Fjárveiting 520 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.5 km kafli inn með Grafargili, ófullgerður.

18. **Biskupstungnabraut (G 11):**
a. Kafli austan Kers:
Fjárveiting 130 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar frá 1964.

19. **Þingvallabraut (G 3):**
a. Kafli um Almannagjá:
Fjárveiting 50 þús. kr. Fór til að byggja ristahlið við Almannagjá og lagfæringa á veginum.
b. Kafli ofan Almannagjár:
Fjárveiting 200 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar frá 1964.

3. Til landsbrauta.

(Töluliðir samkv. vegáætlun 1965—1968).

1. **Krýsuvíkurvegur (A 3):**
   a. Á Almenningi:
   Fjárveiting 60 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

2. **Grindavíkurvegur (A 5):**
   a. Um Gígháð:
   Fjárveiting 145 þús. kr. Framkvæmdum frestað til næsta árs.

3. **Kjósarskarðsvegur (A 24):**
   a. Hjalli—Eyjatjörn—Laxá.
   Fjárveiting 355 þús. kr. Frestað var framkvæmdum fyrir 55 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Fullgerður var 1.0 km frá Hjalla að Eyjatjörn.

4. **Dragavegur (B 2):**
   Fjárveiting 200 þús. kr. Var færð yfir á Skorradalsveg (B 9) í ár, en endurgreiðist á næsta ári af fjárveitingu þess vegar.

5. **Svínadalsvegur (B 3):**
   a. Hjá Hurðarbaki:
   Fjárveiting 140 þús. kr. Fullgerður var 1.0 km kafli, sem byrjað var á 1964.

6. **Skorradalsvegur (B 9):**
   a. Merkigil—Háafell:
   Fjárveiting 250 þús. kr. og yfirfært frá Dragavegi (B 2) 200 þús. kr. Endurbyggður var 1.8 km kafli milli Merkigils og Háafells.

7. **Lundarreykjadalsvegur (B 12):**
   a. Arnþórsholt—Lundur:
   Fjárveiting 285 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 130 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 150 þús. kr. og tekinn var til umferðar 4.2 km kafli milli Arnþórsstaða og Lundar, sem undirbyggður var 1964.

9. **Reykdælavegur (B 16):**
   a. Rauðsgil—Búrfell:
   Fjárveiting 150 þús. kr. Fullgerður var 2.3 km kafli milli Rauðsgils og Búrfells, sem tekinn var til umferðar 1964 ófullgerður.

12. **Norðurárdalsvegur (B 22):**
   a. Frá Hákeksstöðum:
   Fjárveiting 300 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 1.3 km kafla milli Hákeksstaða og Hóls og byggð ræsi á Miðgil og Arnargil.

13. **Ferjubakkavegur (B 23):**
   a. Gufuá—Ferjubakki:
   Fjárveiting 240 þús. kr. Fullgerður var 1.4 km kafli milli Ferjubakka og Ölvaldsstaða, sem undirbyggður var 1964.

14. **Valbjarnarvallavegur (B 25):**
   Fjárveiting 100 þús. kr. Undirbyggður var 0.4 km kafli og grafnir vegskurðir á 0.6 km kafla.

15. **Álftaneshreppsvegur (B 28):**
    a. Um Þverholt:
    Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

16. **Hraunhreppsvegur (B 30):**
    a. Miklaholt—Hamrar:
    Fjárveiting 360 þús. kr. Fullgerður var 3.7 km kafli milli Miklaholts og Hamra, sem undirbyggður var 1964.

17. **Heydalsvegur (B 34):**
    a. Í Hnappadal:
    Fjárveiting 100 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.3 km kafli að Hallkelsstaðahlíð, sem grafinn var 1961. Enn fremur var hækkaður upp og mölborinn ca. 0.2 km kafli um Tröð.

18. **Kolviðarnesvegur (B 35):**
    Fjárveiting 15 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

19. **Skógarnesvegur (B 36):**
    Fjárveiting 100 þús. kr. Voru endurbættir skurðir og mölborið á kafla frá Stykkishólmsvegi að Hausthúsum og frá Stykkishólmsvegi að Miklaholti alls 3.0 km.

20. **Krossavegur (B 38):**
    a. Um Melkot:
    Fjárveiting 50 þús. kr. Fór til greiðslu skulda og til að undirbyggja 0.4 km kafla næst Ólafsvíkurvegi og grafa aðra 0.4 km.

21. **Lýsuhólsvegur (B 40):**
    Fjárveiting 30 þús. kr. Fór til að fullgera 1.0 km kafla frá Lýsudal að Lýsuhóli, sem tekinn var til umferðar 1963 ófullgerður.

22. **Útnesvegur (B 41):**
    a. Garðar:
    Fjárveiting 160 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

23. **Framsveitarvegur (B 43):**
    Fjárveiting 130 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 150 þús. kr. Endurbyggðir voru 1.6 km að Hallbjarnareyri.

24. **Skógarstrandarvegur (B 46):**
    a. Skógarströnd:
    Fjárveiting 630 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.
    b. Um Harrastaði:
    Fjárveiting 30 þús. kr. Fór til að fullgera 0.7 km kafla um Harrastaði, sem tekinn var til umferðar 1964 ófullgerður.

26. **Hörðudalsvegur (B 48):**
    Fjárveiting 175 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld. Unnið var fyrir bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966—1967 og var tekinn til umferðar 1.4 km kafli frá Tungu að Fremri-Hrafnabjörgum, sem undirbyggður var að nokkru 1964. Enn fremur var mölborinn 2.9 km kafli vestan Hörðudalsár frá Skógarstrandarvegi að Hólsgili.

27. **Hálsabæjarvegur (B 49):**
Fjárveiting 100 þús. kr. Fullgerður var 0.2 km kafli um brú á Miðá og borið ofan í ca. 2 km kafla um Hamraenda og Skörð.

28. **Hlíðarvegur (B 50):**
Fjárveiting 80 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

30. **Laxárdalsvegur (B 52):**
a. Laxárdalur:
Fjárveiting 145 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.
b. Norðan Laxár—Hjarðarholtsvegur:
Fjárveiting 100 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966—1967 200 þús. kr. Tekinn var til umferðar 4.7 km kafli frá Hjarðarholti að Goddastöðum undirbyggður sem sýsluvegur.

31. **Klofningsvegur (B 53):**
Fjárveiting 1.0 millj. kr. Fór til greiðslu upp í skuld. Unnið var fyrir bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 600 þús. kr. og var endurbyggður 2.2 km kafli frá Valþúfu að Hellu.

33. **Efribyggðavegur (B 55):**
Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar. Unnið var fyrir bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 150 þús. kr. og mölborinn 1.0 km kafli frá Flekkudalsá að bæjarlæk á Svínaskógi undirbyggður að mestu 1964.

36. **Hvanneyrarvegur (B 1—11):**
Fjárveiting 100 þús. kr. Er áætlað að grafa skurði á 1.4 km kafla að nýrri heimreið að Hvanneyri, en verkinu er ekki lokið.

37. **Innra-Hólmsvegur (B 5—2):**
Fjárveiting 20 þús. kr. Fullgerður var 0.2 km kafli frá bæjarhúsum að kirkju.

38. **Helgafellsvegur (B 26—8):**
Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 70 þús. kr. Mölborinn var 0.7 km kafli um tún á Helgafelli.

39. **Bjarnarhafnarvegur (B 44—1):**
Fjárveiting 70 þús. kr. Mölborinn var 0.6 km kafli.

40. **Örlygshafnarvegur (C 13):**
a. Um Skersá:
Fjárveiting 170 þús. kr. og framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 500 þús. kr. Fór til að endurbæta 3.0 km kafla um Skershlíð, en byggingu bogaræsis á Skersá er ekki lokið.

41. **Kollsvíkurvegur (C 14):**
Fjárveiting 150 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

42. **Bíldudalsvegur (C 15):**
a. Um Hálsgötu og Víðieyrardal:
Fjárveiting 800 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

b. Patreksfjörður—Bíldudalur:
Fjárveiting engin, en framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 1.5 millj. kr. og bráðabirgðalán út á Vestfjarðaáætlun 1966 1.0 millj. kr. Endurbyggðir voru kaflar um Kjöl, Víðieyrar og í Seljadal, alls 1.3 km. Á Hálfdáni var undirbyggður 3.8 km kafli og yfirbyggðir 2.3 km.
c. Trostansfjörður—á Vestfjarðaveg:
Fjárveiting 500 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

43. **Rauðasandsvegur C 12):**

Fjárveiting engin, en framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 200 þús. kr. Endurbyggður og lagfærður 2.0 km kafli á Skápadalshlíð.

44. **Svalvogavegur (C 19):**

Fjárveiting 135 þús. kr. Framkvæmdum frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

45. **Ingjaldssandsvegur (C 21):**

a. Um Sandsheiði:
Fjárveiting 125 þús. kr. Endurbyggður var 0.5 km kafli á Sandsheiði.

46. **Flateyrarvegur (C 23):**

Fjárveiting 55 þús. kr. og framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 500 þús. kr. Endurbyggður var 0.8 km kafli um Sela—Kirkjuból og 0.3 km innan við Hvilft. Fullgerður var 0.3 km kafli utan við Hvilft, sem undirbyggður var að nokkru 1964.

47. **Súgandafjarðarvegur (C 25):**

a. Um Kvíanes:
Fjárveiting 215 þús. kr. Fór til greiðslu skulda og til að fullgera kafla, sem undirbyggður var að mestu 1964.
b. Um Botnsdal og Botnsheiði:
Fjárveiting 185 þús. kr. Fór að nokkru leyti til framkvæmda um Kvíanes og til að undirbyggja 0.3 km kafla á Botnsheiði.

48. **Bolungarvíkurvegur (C 27):**

Fjárveiting 500 þús. kr. og framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 1.0 millj. kr. Til brúar á Hnífsdalsá fóru 400 þús. kr., sem endurgreiðist af smábrúafé á næsta ári. Endurbyggðir voru 0.6 km um Búð og Haldbrekku. Gerðir voru stallar ofan vegar á 1.0 km kafla til að draga úr hættu á niðurhruni. Áætlað er að endurbyggja 0,6 km kafla aðallega um Steinsófæru, en verkinu er ekki lokið.

49. **Djúpvegur (C 29):**

a. Hattareyri—Eyri í Seyðisfirði:
Fjárveiting 1.0 millj. kr. og bráðabirgðalán 200 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 800 þús. kr. og undirbyggður var að mestu 5.0 km kafli næst Eyri í Seyðisfirði, sem byrjað var á 1964.
b. Frá Ögri að Hjöllum:
Fjárveiting 700 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 300 þús. kr. og tekinn til umferðar 5.6 km kafli í átt að Skarði, að mestu undirbyggður 1963.
c. Að flugvelli:
Fjárveiting engin, en framkvæmdalán skv. Vestfjarðaáætlun 1.5 millj. kr. Til brúar á Úlfsá fóru 575 þús. kr., sem endurgreiðast af smábrúafé á næsta ári. Unnið er að endurbyggja veg um Úlfsá en framkvæmdum er ekki lokið.

50. **Vatnsfjarðarvegur (C 30):**
    a. Í Mjóafirði:
    Fjárveiting 100 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 50 þús. kr. Mölborinn var 4.0 km kafli frá Hörgshlíð að Karlmannaá og unnið að undirbyggingu á 0.5 km kafla milli Botns og Hörgshlíðar.

51. **Snæfjallastrandarvegur (C 34):**
    a. Mórilla—Lónseyri:
    Fjárveiting 100 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

52. **Strandavegur (C 37):**
    a. Kaldbakur—Reykjarfjörður:
    Fjárveiting 965 þús. kr., yfirfært frá kaflanum Eyri í Ingólfsfirði—Ófeigsfjörður, 100 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966—1968 1.4 millj. kr. Til greiðslu skulda fóru 200 þús. kr. Endurbættur var 14.0 km kafli frá Kaldbak að Veiðileysu og ruddur var 11.0 km kafli frá Veiðileysu um Veiðileysuháls og Kúvíkurdal til Djúpuvíkur. Sunnan Reykjarfjarðarár var lagður 1.0 km kafli og norðan Reykjarfjarðar var mölborinn 4 km kafli frá Reykjarfjarðará að Selvíkurhöfða.

53. **Drangsnesvegur (C 41):**
    Fjárveiting 150 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

54. **Heggstaðanesvegur (D 3):**
    a. Um Sandaá:
    Fjárveiting 310 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

56. **Vesturárdalsvegur (D 5):**
    a. Að Húki.
    Fjárveiting 100 þús. kr. Fullgerður var 1.2 km kafli norðan Húks, sem undirbyggður var að nokkru 1964.

57. **Vatnsnesvegur (D 7):**
    a. Við Kárastaðalæk og Illugastaði:
    Fjárveiting 200 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 100 þús. kr. Mölborinn var 0.8 km kafli við Kárastaði og fullgerður 0.3 km kafli um Almenninga.

58. **Borgarvegur (D 10):**
    a. Um Síðu:
    Fjárveiting 180 þús. kr. Fullgerður var 1.3 km kafli að Síðu.

59. **Víðidalsvegur (D 11):**
    a. Frá Ásgeirsá að Norðurlandsvegi:
    Fjárveiting 65 þús. kr. Fór til undirbúnings framkvæmda á næsta ári.

60. **Vatnsdalsvegur (D 12):**
    a. Hvammur—Másstaðir:
    Fjárveiting 375 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

61. **Þingeyravegur (D 14):**
    a. Leysingjastaðir:
    Fjárveiting 75 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

64. **Svínadalsvegur (D 19):**
    a. Við vegamót Reykjabrautar:
    Fjárveiting 25 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.
    b. Við Reykjabót:
    Fjárveiting 290 þús. kr. Frestað var framkvæmdum fyrir 65 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Fullgerður var 0.9 km kafli við Reykjabót sem undirbyggður var að nokkru 1964.

65. **Svartárdalsvegur (D 22):**
    a. Leifsstaðaklif—Skottustaðir:
    Fjárveiting 215 þús. kr. Yfirbyggður var 1.2 km kafli.
    b. Um Hvamm:
    Fjárveiting engin en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.2 km kafli norðan við Hvamm.

66. **Skagavegur (D 23):**
    a. Í Neðribyggð og við Fossá:
    Fjárveiting 320 þús. kr. og geymt fé frá fyrra ári 122 þús. kr. Frestað var framkvæmdum fyrir 100 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Fullgerðir voru 0.3 km hjá Fossá, og 1.6 km kafli milli Lágmúla og Hvalness var tekinn til umferðar ófullgerður.

69. **Reykjastrandarvegur (D 27):**
    a. Við Fagranes:
    Fjárveiting 280 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.

70. **Sæmundarhlíðarvegur (D 29):**
    a. Hjá Fjalli:
    Fjárveiting 220 þús. kr. Tekinn var til umferðar 0.7 km kafli hjá Fjalli ófullgerður.

71. **Skagafjarðarvegur (D 30):**
    a. Við Tungukot:
    Fjárveiting 80 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 1.2 km kafla.

73. **Kjálkavegur (D 36):**
    a. Flatartunga—Kelduland:
    Fjárveiting 420 þús. kr. Frestað var framkvæmdum fyrir 200 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Unnið var að undirbyggingu á 5.8 km kafla.

76. **Ólafsfjarðarvegur eystri (E 3):**
    a. Hjá Vatnsenda:
    Fjárveiting 140 þús. kr. Fór til greiðslu skulda.
    b. Hóll—Vatnsendi:
    Fjárveiting 200 þús. kr. Undirbyggðir 0.6 km sunnan Vatnsenda.

79. **Hauganesvegur (E 6):**
    a. Við Hauganes:
    Fjárveiting 130 þús. kr. Áætlað er að endurbyggja kafla við þorpið en framkvæmdum er ekki lokið.

80. **Hjalteyrarvegur (E 7):**
    a. Við Pálmholtslæk:
    Fjárveiting 50 þús. kr. Endurbyggt var ræsi á Pálmholtslæk.
    b. Álma að Hjalteyri:
    Fjárveiting 120 þús. kr. Mölborinn var 0.7 km kafli, áður undirbyggður.

81. **Möðruvallavegur (E 8):**
    a. Þrastarhólsá:
    Fjárveiting 50 þús. kr. Áætlað er að endurbyggja ræsi, en framkvæmdum er ekki lokið.

82. **Hörgárdalsvegur (E 9):**
    a. Hörgárbrú—Möðruvallamelar:
    Fjárveiting 120 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

84. **Blómsturvallavegur (E 12):**
    a. Við Lónslæk:
    Fjárveiting 50 þús. kr. Áætlað að endurbyggja ræsi, en framkvæmdum er ekki lokið.

85. **Eyjafjarðarbraut (E 13):**
    a. Hjá Brunná:
    Fjárveiting 200 þús. kr. Frestað var framkvæmdum fyrir 30 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Undirbyggður var 0.4 km kafli.

86. **Svalbarðstrandarvegur (E 16):**
    a. Svalbarðseyri—Dálkstaðir:
    Fjárveiting 385 þús. kr. Fór til greiðslu skuldar.

87. **Fnjóskadalsvegur vestri (E 17):**
    a. Hjá Draflastöðum:
    Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967 375 þús. kr. Fullgerður var 1.6 km kafli sunnan Draflastaða.

88. **Fnjóskadalsvegur eystri (E 19):**
    a. Hjá Grund og Veisuseli:
    Fjárveiting 450 þús. kr. Fór til greiðslu upp í skuld.

91. **Bárðardalsvegur vestri (E 23):**
    Fjárveiting 420 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 fyrir Bárðardalsveg eystri 150 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 120 þús. kr. Byggð voru fjögur ræsi, undirbyggður 0.4 km kafli við Stóruvallabrú og mölborinn 3.5 km eldri vegur.

94. **Hvammavegur (E 27):**
    Fjárveiting 150 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 70 þús. kr. og fullgerður var 0.4 km kafli hjá Klömbrum.

96. **Sandsvegur (E 31):**
    a. Knútsstaðir—Sandur:
    Fjárveiting engin, en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 100 þús. kr. Var mölborinn og lagfærður vegurinn milli Knútsstaða og Sands.

97. **Austurhlíðarvegur (E 32):**
a. Við Laugaskóla:
Fjárveiting 100 þús. kr. Framkvæmdum frestað af skipulagsástæðum.

98. **Stafnsvegur (E 33):**
a. Norðan Stafns:
Fjárveiting 150 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

99. **Baldursheimsvegur (E 35):**
a. Norðan Baldursheims:
Fjárveiting 100 þús. kr. Byggt var ræsi við Baldursheim og vegurinn lagfærður.

102. **Hólsfjallavegur (E 39):**
a. Jökulsá—Beitivallamór:
Fjárveiting 300 þús. kr. Yfirbyggður var 1.2 km kafli, undirbyggður 1964 og fullgerður 0.5 km kafli til viðbótar.

103. **Gilsbakkavegur (E 40):**
a. Hjá Hafrafellstungu:
Fjárveiting 200 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

104. **Austursandsvegur (E 41):**
a. Sandá—Ærlækjarsel:
Fjárveiting 50 þús. kr. Unnið var að undirbyggingu á 2.0 km kafla.

105. **Axarfjarðarheiðarvegur (E 42):**
a. Vestan Sandfellshaga:
Fjárveiting 60 þús. kr. Mölborinn og endurbættur var 2.0 km kafli.

106. **Kúðárvegur (E 43):**
a. Við Þorvaldsstaði:
Fjárveiting 50 þús. kr. Byggt var ræsi sunnan Þorvaldsstaða.

107. **Holtsvegur (E 44):**
a. Þingeyjarsýslubraut—Holt:
Fjárveiting 60 þús. kr. Lagfærður var og mölborinn kafli að Holti.

108. **Langanesvegur (E 45):**
a. Utan Heiðar:
Fjárveiting 60 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 40 þús. kr. Lagfærðir voru og mölbornir kaflar utan Heiðar.

109. **Eiðisvegur (E 48):**
Fjárveiting 50 þús. kr. Byggt var ræsi á álmu að Ártúni.

110. **Vopnafjarðarvegir (F 2—F 9):**
Fjárveiting 610 þús. kr. Fullgerður var 4.4 km kafli á Sunnudalsvegi milli Hofsár og Sunnudalsár, sem byrjað var á 1964. Mölborinn var að nokkru leyti 5.0 km kafli af Strandhafnarvegi, og byggt var ræsi á Borgarlæk.

111. **Eyjavegur (F 10):**
Fjárveiting 100 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 100 þús. kr. Undirbyggður var 3.0 km kafli milli Árteigs og Hólmatungu.

113. **Jökuldalsvegur eystri (F 13):**
Fjárveiting 320 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967 100 þús. kr. Fullgerður var 1.8 km kafli um Teigasel.

114. **Hróarstunguvegir (F 14—F 17):**
Fjárveiting 420 þús. kr. Fullgerður var 1.0 km kafli við Urriðavatn, sem byrjað var á 1964, og undirbyggðir 3.0 km hjá Skógargerði.

116. **Upphéraðsvegur (F 19):**
Fjárveiting 600 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 300 þús. kr. Fullgerður var 3.9 km kafli um Ásklif.

118. **Fjarðarheiðarvegur (F 23):**
Fjárveiting 400 þús. kr. Fullgerður var 0.8 km kafli næst Seyðisfjarðarkaupstað.

119. **Seyðisfjarðarvegur (F 24):**
Fjárveiting 170 þús. kr. Til greiðslu skulda fóru 50 þús. kr. og fullgerður var 0.4 km kafli um Fornastekk.

120. **Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur (F 25):**
Fjárveiting 800 þús. kr. Fullgerður að mestu 1.6 km kafli í Eiðaöxlum og unnið var að endurbyggingu utan við Mýnes.

121. **Hjaltastaðaþinghárvegir (F 15 — F 26 — F 28):**
Fjárveiting 200 þús. kr. Mölbornir voru kaflar á Fjallabæjavegi milli Hjaltastaða og Ánastaða, áður undirbyggðir, og kafli um Víðistaðablá á Hróarstunguvegi eystri.

123. **Mjóafjarðarvegur (F 32):**
Fjárveiting 100 þús. kr. Unnið var að mölburði og lagfæringum á Slenjudal.

125. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði (F 41):**
Fjárveiting 300 þús. kr. Framkvæmdum var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

127. **Axarvegur (F 45):**
Fjárveiting 150 þús. kr. Fór til að mölbera og lagfæra ruðningsveg um Öxi.

129. **Austurlandsvegur í Skaftafellssýslu (F 1):**
a. Austan Jökulsár á Breiðamerkursandi:
Fjárveiting 400 þús. kr. Tekinn til umferðar 1.0 km kafli um Tröllaskörð í Suðursveit, ófullgerður.
b. Vestan Jökulsár á Breiðamerkursandi:
Fjárveiting 450 þús. kr. Unnið er að undirbyggingu vegar við nýjar brýr á Gljúfursá, Falljökulkvísl, Kotá og Svínafellsá. Hafa verið byggðir 3.7 km en framkvæmdum er ekki lokið.

130. **Suðurlandsvegur (G 1):**
   a. Skaftáreldahraun—Ásar—Hraunbrún:
   Fjárveiting 1.03 millj. kr. Fullgerður var 3.2 km kafli frá Ásum að Hraunbrún.
   b. Skaftáreldahraun—Hraunbrún—Djúpibrestur:
   Fjárveiting engin en bráðabirgðalán út á vegáætlun 1967 300 þús. kr. Tekinn var til umferðar 1.7 km kafli frá Hraunbrún að Djúpabresti, ófullgerður.
   c. Skaftáreldahraun—Dyngjur:
   Fjárveiting 150 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 250 þús. kr. Undirbyggður var 2.2 km kafli vestast í Dyngjum.

132. **Laugarvatnsvegur (G 15):**
   Fjárveiting 740 þús. kr. Undirbyggður var 2.5 km kafli milli Grafarár og Efra-Apavatns, og mölborinn 2.3 km kafli frá Djúpá að Grafará.

133. **Geysisvegur (G 20):**
   a. Geysir—Tungufljót:
   Fjárveiting 405 þús. kr. og bráðabirgðalán út á vegáætlun 1966 100 þús. kr. Fullgerður var 0.4 km kafli um Beiná og mölbornir voru að nokkru 0.8 km milli Beinár og Almenningsár.

134. **Auðsholtsvegur (G 29):**
   a. Varnargarðar við Stóru-Laxá:
   Fjárveiting 210 þús. kr. Ýtt var upp 0.5 km varnargarði hjá Holtakoti og bætt grjóti á garða frá 1964.

135. **Langholtsvegur (G 30):**
   Fjárveiting 100 þús. kr. Verður hún geymd og sameinuð næsta árs fjárveitingu.

137. **Gaulverjabæjarvegur (G 41):**
   Fjárveiting 100 þús. kr. Byggt var ræsi í Tunguá og endurbyggður kafli austan við Stokkseyri.

138. **Þykkvabæjarvegur (G 49):**
   a. Um Þykkvabæ:
   Fjárveiting 470 þús. kr. Byggður var 1.2 km kafli í Þykkvabæ.

139. **Hagavegur (G 52):**
   a. Raftholt—Saurbær:
   Fjárveiting 450 þús. kr. Var mölborinn og lagfærður 6.5 km kafli milli Ketilsstaða og Skammbeinsstaða.

140. **Rangárvallavegur (G 55):**
   a. Keldur—Reyðarvatn:
   Fjárveiting 200 þús. kr. Framkvæmdum var frestað og fjárveiting geymd til næsta árs.

145. **Búlandsvegur (G 84):**
   a. Gröf—Hvammsá:
   Fjárveiting 100 þús. kr. Undirbyggður var 1.6 km kafli austan við Gröf.

IV. TIL FJALLVEGA, REIÐVEGA OG FERJUHALDS

1. Til aðalfjallvega.

1. **Kaldadalsvegur:**

Fjárveiting var 100 þús. kr., en skv. heimild í 22. gr. fjárlaga var framkvæmdum frestað fyrir 20 þús. kr. Þær 80 þús. kr., sem voru til ráðstöfunar voru eingöngu notaðar til venjulegs viðhalds á veginum.

2. **Kjalvegur:**

Fjárveiting var 200 þús. kr., en skv. heimild í 22. gr. fjárlaga var framkvæmdum frestað fyrir 20 þús. kr. Þær 180 þús. kr., sem voru til ráðstöfunar var varið til venjulegs viðhalds á veginum.

3. **Sprengisandsleið:**

Fjárveiting var 480 þús. kr. og var fjárveiting þessi óskert til ráðstöfunar. Af fjárveitingunni fóru 440 þús. kr. til greiðslu þess hluta kostnaðar við byggingu kláfferjunnar 1964 og opnun Sprengisandsleiðar það ár, sem var umfram fjárveitingu í vegáætlun 1964. Voru því til ráðstöfunar í lagfæringar á leiðinni einar 40 þús. kr. og auk þess 40 þús. kr. framlag til kláfferjunnar frá Ása- og Djúpárhreppum, sem greiða átti 1964. Höfðu hreppar þessir lofað alls 150 þús. kr. framlagi, en ráðuneytið féllst á að lækka það niður í 110 þús. kr.

4. **Fjallabaksvegur nyrðri:**

Fjárveiting var 100 þús. kr., en skv. heimild í 22. gr. fjárlaga var framkvæmdum frestað fyrir 20 þús. kr. Til ráðstöfunar voru því 80 þús. kr. og var því fé varið til venjulegs viðhalds á leiðinni.

2. Til annarra fjallvega.

Fjárveiting var 800 þús. kr., en skv. heimild í 22. gr. fjárlaga var framkvæmdum frestað fyrir 88 þús. kr. Voru því til ráðstöfunar 712 þús. kr. og auk þess 249 þús. kr. frá 1964, sem búið var að veita, en komu ekki til framkvæmda af ýmsum ástæðum og voru því endurveittar í ár. Til ráðstöfunar voru því alls 961 þús. kr., sem skipt var í eftirtalda 40 staði:

		Kjördæmi	Upph. í þús. kr.
1.	Vegur að skíðaskála í Jósefsdal	Reykjanes	50
2.	Vegur um Svínaskarð í Kjós	—	10
3.	Vegur um Leggjabrjót	—	10
4.	Vegur um Arnarvatnsheiði	Vesturl.	20
5.	Vegur að Prestahnúk á Kaldadal	—	10
6.	Vegur að Langavatni á Mýrum	—	20
7.	Vegur hjá Hraundal á Mýrum	—	25
8.	Keflavíkurvegur í A.-Barðastrandarsýslu	Vestfjarða	40
9.	Vegur inn með Vatnsfjarðarvatni	—	30
10.	Vegur að skíðaskála á Ísafirði	—	10
11.	Vegur um Kollafjarðarheiði	—	50
12.	Vegur um Þorljótsstaðafjall	Norð. vest.	15
13.	Vegur um Víðidalstunguheiði	—	20
14.	Vegur um Eyvindarstaðaheiði	—	20
15.	Vegur um Kiðaskarð	—	20
16.	Vegur um Grímstunguheiði	—	20
17.	Vegur að skíðaskála á Hlíðarfjalli	Norð. eyst.	60
18.	Vegur um Flateyjardalsheiði	—	20

		Kjördæmi	Upph. í þús. kr.
19.	Brú á Bakkaá í Fljótsdal	—	10
20.	Brú á Purká í Víkum	—	5
21.	Ýmsir fjallvegir í S.-Þingeyjarsýslu	—	40
22.	Dettifossvegur	—	50
23.	Vegur í Öskju	—	40
24.	Brúarvegur á Jökuldal	Austurl.	20
25.	Vegur á Miðfjarðarheiði í N.-Múlasýslu	—	20
26.	Vegir inn á Fellaheiði	—	25
27.	Vegir inn á Smjörvatnsheiði	—	50
28.	Vegir inn á Viðfjörð	—	35
29.	Afréttarvegur í Breiðdal	—	10
30.	Afréttarvegur í Berufirði	—	10
31.	Afréttarvegur í Geithellnahreppi	—	40
32.	Vegur að Laka í V.-Skaftafellssýslu	Suðurl.	30
33.	Viðgerð á brú á Leirá	—	45
34.	Fjallabaksvegur syðri	—	10
35.	Afréttarvegir að Eyjafjallajökli	—	10
36.	Afréttarvegir í Þjórsárdal	—	10
37.	Ferðafélag Akureyrar (sæluhús)	—	10
38.	Ferðafélag Íslands (sæluhús)	—	10
39.	Viðgerð sæluhúsa	—	10
40.	Ófyrirséð	—	21
			Alls 961

3. Til reiðvega.

Fjárveiting var 200 þús. kr., en skv. heimild í 22. gr. fjárlaga var framkvæmdum frestað fyrir 20 þús. kr. Til ráðstöfunar voru því 180 þús. kr. Þeirri upphæð var skipt af stjórn Landssambands hestamanna til hestamannafélaga á eftirtöldum stöðum:

1.	Reykjavík	30 þús. kr.
2.	Kjalarnesi	30 — —
3.	Borgarnesi	20 — —
4.	Sauðárkróki	20 — —
5.	Dalvík	10 — —
6.	Akureyri	10 — —
7.	Suður-Þingeyjarsýslu	10 — —
8.	Mýrdal	15 — —
9.	Hreppum	10 — —
10.	Selfossi	15 — —
11.	Hveragerði	10 — —
		Alls 180 þús. kr.

Framkvæmdum fyrir mestu af þessu fé er lokið eða verður lokið fyrir áramót.

4. Til ferjuhalds.

Fjárveiting í vegáætlun	15 þús. kr.
Fjárveiting á 13. gr. A fjárlaga 1965	15 — —
	Alls 30 þús. kr.

Fjárveitingum þessum hefur verið ráðstafað þannig:

1. Greitt til lögferja í N.-Múl. og Rangárvallas..... 6 þús. kr.
2. Ógreiddur kostnaður við ferjuhald á Jökulsá á Breiðamerkursandi og óráðstafað fé ..... 24 — —

Alls 30 þús. kr.

V. TIL BRÚARGERÐA

1. Til stórbrúa.

1. **Brú á Haffjarðará (B 26):**

Fjárveiting var 2400 þús. kr. Byggð var 46 m löng steypt bitabrú nokkru ofar en gamla brúin og jafnframt lagður af um 2 km slæmur kafli af veginum um Landbrotshraun.

2. **Brú á Miðfjarðará (E 1):**

Fjárveiting var 5200 þús. kr. Á s. l. ári voru sökklar brúarinnar steyptir og í ár var byggingu brúarinnar lokið. Er hún 84 m löng steypt bitabrú með 7 m breiðri akbraut. Brúin er nokkuð neðan við gömlu brúna og hefur því þurft að leggja 2 km langan veg að brúnni.

3. **Brú á Þverá í Út-Blönduhlíð (D 38):**

Fjárveiting var 2400 þús. kr. Byggð var 55 m löng steypt bitabrú í stað gamallar timburbrúar.

4. **Brú á Eldvatn hjá Ásum (G 1):**

Fjárveiting var 3200 þús. kr. Byggð var 55 m löng stálbitabrú með steyptu gólfi. Brú þessi kemur í stað núverandi brúar á Eldvatni hjá Ásum á Meðallandsvegi og Eldvatnsbrúar hjá Stóra-Hvammi á Suðurlandsvegi. Jafnhliða byggingu brúarinnar var byggður 1200 m langur varnargarður til þess að veita kvíslum úr Eldhrauni undir brúna.

2. Til brúa 10 m og lengri.

1. **Brú á Örnólfsdalsá hjá Norðtungu (B 19):**

Fjárveiting var 1700 þús. kr. Framkvæmd frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

2. **Brú á Miðá hjá Skallhól (B 49):**

Fjárveiting var 1050 þús. kr. Byggð var 30 m löng steypt bitabrú og hefur hún verið tekin í notkun.

3. **Brú á Suðurfossá á Rauðasandi (sýsluv.):**

Fjárveiting var 720 þús. kr. Framkvæmd frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

4. **Brú á Þingmannaá (C 1):**

Fjárveiting var 300 þús. kr. Áætlað var að byggja 10 m langa bráðabirgðabrú á Þingmannaá og Brunadalsá eftir að þær koma saman, þar sem gert er ráð fyrir, að núverandi vegur um Þingmannaheiði verði lagður niður eftir nokkur ár. Er til framkvæmda kom, reyndist hagkvæmara að brúa þessar ár með bráðabirgðabrúm hvora fyrir sig. Var sett 3 m ræsi á Brunadalsá og 7 m brú á Þingmannaá.

5. **Brúará í Reyðarfirði (F 31):**
Fjárveiting var 1750 þús. kr. Brú þessi er í Búðareyrarkauptúni við Reyðarfjörð og var byggð á s. l. ári fyrir fjárveitingu Kotárbrúar í Öræfum, sem frestað var það ár sbr. skýrslu um vegáætlun 1964. Var fjárveitingin því notuð til endurgreiðslu til Kotárbrúar, sem byggð var í ár.

6. **Selá hjá Starmýri (sýsluv.):**
Fjárveiting var 800 þús. kr. Framkvæmd frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

7. **Kotá í Öræfum (F 1):**
Fjárveiting í vegáætlun 1964 var 1125 þús. kr. Fjárveiting í vegáætlun 1965 var 350 þús. kr. Byggð var 30 m löng stálbitabrú með timburgólfi en steyptum stöplum.

8. **Svínafellsá í Öræfum (F 1):**
Fjárveiting var 1750 þús. kr. Byggð var 34 m löng stálbitabrú með timburgólfi en steyptum stöplum.

9. **Gljúfurá í Öræfum (F 1):**
Fjárveiting var 970 þús. kr. Byggð var 12 m löng stálbitabrú með timburgólfi en steyptum stöplum.

10. **Írá undir Eyjafjöllum (G 1):**
Fjárveiting var 1160 þús. kr. Byggð var 25 m löng steypt bitabrú.

11. **Jökulgil á Fjallabaksvegi (fjallv):**
Fjárveiting var 1180 þús. kr. Framkvæmd var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

12. **Svartá hjá Korná (sýsluv.):**
Fjárveiting var 650 þús. kr. Framkvæmd var frestað skv. heimild í 22. gr. fjárlaga.

3. Til smábrúa (4—9 m).

Fjárveiting til smábrúa var 5.670 millj. kr., en ákveðið var að fresta framkvæmdum fyrir 500 þús. kr. skv. heimild í 22. gr. fjárlaga. Voru því til ráðstöfunar 5.170 millj. kr. Fjárveitingu þessari var varið til byggingar eftirtalinna brúa. Til skýringar skal þess getið, að mismunurinn á áætluðum kostnaði og fjárveitingu til Korpudalsárbrúar er greiddur af viðhaldsfé, þar sem bæði var um nauðsynlegt viðhald og endurbyggingu að ræða. Það sem á vantar fjárveitingu til Hnífsdalsárbrúar og allur kostnaður við Úlfsárbrú var til bráðabirgða greiddur af fé því, sem verja átti til hlutaðeigandi vega skv. Vestfjarðaáætlun. Gert er ráð fyrir, að þetta fé verði endurgreitt til veganna af smábrúafé í vegáætlun næsta árs.

	Heiti	Vegur	Lengd brúar m	Áætl. kostn. í þús. kr.	Kostn. vegasj. í þús. kr.	Athugasemd
1.	Sandá í Kjós	Sýsluv.	8	311	77	
2.	Lýsuá í Staðarsveit	B 40	8	387	387	
3.	Eyrará í Kollafirði	C 1	8	522	522	
4.	Austurá á Þingm.heiði ..	C 1	6	110	110	Bráðabirgðabrú
5.	Korpudalsá í Önundarf. .	C 23	9	195	100	Endurb. og viðh.

	Heiti	Vegur	Lengd brúar m	Áætl. kostn. í þús. kr.	Kostn. vegasj. í þús. kr.	Athugasemd
6.	Hnífsdalsá	C 27	7	875	475	7 m breið akbraut
7.	Úlfsá hjá Ísafirði	C 29	5	575		
8.	Hjarðardalsá	C 29	6	391	391	Byggð 1964
9.	Bæjará í Nauteyrarhr.	Einkav.	4.5	20	10	Brúin byggð 1964
10.	Torfalækur á Norðurl.v.	E 1	5	610	610	7 m akbraut
11.	Grásá í Skagafirði	Sýsluv.	6	200	50	
12.	Brimnesá í Ólafsfirði	E 3	5	300	300	
13.	Ytri Eyrará	F 39	5	326	326	
14.	Innri Eyrará	F 39	8	520	520	
15.	Starmýrará	F 1	5	246	246	
16.	Hákonará í Álftafirði	Sýsluv.	6	292	78	
17.	Grjótá í Nesjum	Sýsluv.	6	260	65	
18.	Víkurá í Mýrdal	G 1	7	470	470	
19.	Dalsá	G 1	5	387	387	
20.	Hvammsá í Þjórsárdal	Sýsluv.	6	240	60	
				Samtals	7 237	5 184

VI. TIL SÝSLUVEGASJÓÐA

Heildartekjur sýsluvegasjóða samkv. 21. og 23. gr. vegalaga urðu á s. l. ári 4.999 millj. kr. Framlag til sýsluvegasjóða í vegáætlun í ár, sem er 10.0 millj. kr., er því í samræmi við 28. gr. vegalaga. Nettó tekjur sýsluvegasjóðanna í ár skv. 21. og 23. gr. verða samkv. meðfylgjandi yfirliti um 5.4 millj. kr. eða nokkru lægri en áætlað var í tillögu til vegáætlunar fyrir 1965—1968. Stafar þetta af því, að ýmis kauptún, sem ekki notfærðu sér frádráttarheimildina í 26. gr. í fyrra, hafa notað hana í ár. Mun því framlag til sýsluvegasjóðanna í vegáætlun 1966 nægja fyrir skuldbindingum skv. 28. gr.

Á meðfylgjandi yfirliti eru sýndar tekjur sýsluvegasjóðanna í ár og næsta ár, svo og heildartekjur sjóðanna 1967 og 1968 eins og þær voru áætlaðar s. l. vor. Vegna kaupgjaldsbreytinga, sem urðu á s. l. sumri, munu þó tekjur sjóðanna skv. 21. gr. verða nokkru hærri en yfirlitið greinir.

Skipting á framlagi vegasjóðs til einstakra sýslna er gerð skv. reglugerð nr. 62/1964.

Sýslunefndir hafa gert 4 ára framkvæmdaáætlun í samræmi við áætlaðar tekjur eins og 17. gr. vegalaga mælir fyrir um.

Sýsluvegir. — Fjárveitingar 1965—1968.

	Heildar-mannfjöldi 1. des. 1964	Nettómannfjöldi skv. reglugerð	Áætlað framlag skv. 21. gr. og 26. gr. 1965 þús. kr.	Áætlað framlag skv. 23. gr. 1965 þús. kr.	Ríkisframlag 1965 þús. kr.	Heildarfjárveiting 1965 þús. kr.	Áætlað framlag skv. 21. gr. og 26. gr. 1966 þús. kr.	Áætlað framlag skv. 23. gr. 1966 þús. kr.	Ríkisframlag 1966 þús. kr.	Heildarfjárveiting 1966 þús. kr.	Heildarfjárveiting 1967 þús. kr.	Heildarfjárveiting 1968 þús. kr.
1. Gullbringu	6449	4200	426	46	248	720	440	46	292	778	785	795
2. Kjósar	3006	2160	219	30	260	509	226	30	307	563	569	575
3. Borgarfjarðar	1461	1461	148	12	276	436	153	12	326	491	496	502
4. Mýra	2005	1521	154	3	530	687	159	3	625	787	795	804
5. Snæfellsnes	3998	2814	285	0	443	728	294	0	522	816	825	834
6. Dala	1176	1176	119	2	258	379	123	2	304	429	434	438
7. A.-Barðastrandar	510	441	45	1	94	140	47	1	111	159	161	162
8. V.-Barðastrandar	2047	1364	138	2	274	414	142	2	323	467	471	477
9. V.-Ísafjarðar	1837	1342	136	4	254	394	140	4	300	444	449	454
10. N.-Ísafjarðar	1951	1489	151	8	157	316	155	8	185	348	352	356
11. Stranda	1512	1302	132	0	429	561	136	0	506	642	649	655
12. V.-Húnavatns	1413	1253	127	1	497	625	131	1	587	719	726	734
13. A.-Húnavatns	2393	1749	177	20	417	614	183	20	493	696	704	710
14. Skagafjarðar	2619	2468	250	26	725	1001	258	26	855	1139	1150	1160
15. Eyjafjarðar	3881	3017	306	18	359	683	316	18	425	759	766	775
16. S.-Þingeyjar	2786	2727	277	18	726	1021	286	18	857	1161	1175	1187
17. N.-Þingeyjar	1923	1463	148	5	521	674	153	5	615	773	781	789
18. N.-Múla	2448	2448	248	5	785	1038	256	5	926	1187	1199	1210
19. S.-Múla	4651	3533	358	0	500	858	368	0	590	958	968	978
20. A.-Skaftafells	1440	1079	109	4	179	292	112	4	211	327	330	334
21. V.-Skaftafells	1363	1193	121	5	392	518	125	5	462	592	599	605
22. Rangárvalla	3012	3012	306	4	838	1148	316	4	989	1309	1320	1335
23. Árnes	7440	5838	591	300	838	1729	609	300	989	1898	1918	1940
Alls	61321	49050	4971	514	10000	15485	5128	514	11800	17442	17622	17809

VII. TIL VEGA Í KAUPSTÖÐUM OG KAUPTÚNUM

Fjárveiting í vegáætlun var kr. 32 945 000.00, en með heimild í 22. gr. fjárlaga var framkvæmdum frestað fyrir kr. 1 175 000.00. Voru því til ráðstöfunar kr. 31 770 000.00.

Þessu fé var skipt samkv. 32. og 34. gr. vegalaga eins og að neðan greinir:

Mannfjöldi 1. des. 1964 samkvæmt endanlegu manntali Hagstofu Íslands 20. júlí 1965.

Kaupstaðir	128 811 íbúar
Kauptún með yfir 300 íbúa	26 702 —
Samtals	155 513 íbúar

Framlag í vegáætlun lið VII	kr. 32 945 000.00
÷ Frestun framkv. skv. heimild í 22. gr. fjárl.	— 1 175 000.00
	kr. 31 770 000.00
Frá dregst samkv. 34. gr., 10%	— 3 177 000.00
	kr. 28 593 000.00
Óráðstöfuð innstæða frá 1964	— 692.10
Til skipta	kr. 28 593 692.10

$$\text{Skiptitala á hvern íbúa} \quad \frac{28\,593\,692.10}{155\,513} = 183\,8669$$

Kaupstaðir:	Íbúatala:		Framlag:	
Reykjavík	77 220	kr.	14 198 202.00	
Kópavogur	8 381	—	1 540 988.50	
Hafnarfjörður	7 902	—	1 452 916.20	
Keflavík	5 070	—	932 205.20	
Akranes	4 160	—	764 886.30	
Ísafjörður	2 658	—	488 718.20	
Sauðárkrókur	1 348	—	247 852.60	
Siglufjörður	2 496	—	458 931.70	
Ólafsfjörður	1 029	—	189 199.00	
Akureyri	9 532	—	1 752 619.30	
Húsavík	1 793	—	329 673.30	
Seyðisfjörður	800	—	147 093.50	
Neskaupstaður	1 463	—	268 997.20	
Vestmannaeyjar	4 959	—	911 796.00	
				kr. 23 684 079.00

Kauptún:	Íbúatala:		Framlag:
Grindavík	883	kr.	162 354.40
Sandgerði	844	—	155 183.60
Njarðvíkur	1 425	—	262 010.30
Garðahreppskauptún	1 358	—	249 691.20
Seltjarnarnes	1 679	—	308 712.50
Borgarnes	969	—	178 167.00
Hellissandur	495	—	91 014.10

Kauptún:	Íbúatala:		Framlag:	
Ólafsvík	877	kr.	161 251.20	
Grafarnes	482	—	88 623.80	
Stykkishólmur	943	—	173 386.50	
Patreksfjörður	996	—	183 131.40	
Bíldudalur	358	—	65 824.30	
Þingeyri	364	—	66 927.50	
Flateyri	550	—	101 126.80	
Suðureyri	446	—	82 004.60	
Bolungarvík	937	—	172 283.30	
Hnífsdalur	308	—	56 631.00	
Hólmavík	417	—	76 672.50	
Hvammstangi	322	—	59 205.10	
Blönduós	678	—	124 661.70	
Skagaströnd	610	—	112 158.80	
Hofsós	302	—	55 527.80	
Dalvík	961	—	176 696.10	
Hrísey	308	—	56 631.00	
Raufarhöfn	479	—	88 072.20	
Þórshöfn	440	—	80 901.40	
Vopnafjörður	456	—	83 843.30	
Egilsstaðir	414	—	76 120.90	
Eskifjörður	855	—	157 206.20	
Búðareyri í Reyðarfirði	510	—	93 772.10	
Búðir í Fáskrúðsfirði	656	—	120 616.70	
Djúpivogur	326	—	59 940.60	
Höfn í Hornafirði	723	—	132 935.70	
Vík í Mýrdal	339	—	62 330.90	
Stokkseyri	390	—	71 708.10	
Eyrarbakki	481	—	88 440.00	
Selfoss	2 011	—	369 756.30	
Hveragerði	722	—	132 751.90	
Þorlákshöfn	388	—	71 340.30	
				kr. 4 909 613.10
Samtals	155 513 íbúar			kr. 28 593 692.10

Af framlagi skv. 34. gr. vegalaga hefur Selfosshreppur fengið 1 millj. kr. til Suðurlandsvegar um Selfoss og hefur í ár verið unnið að undirbyggingu vegarins undir malbikun á 500 m kafla. Kópavogskaupstað hefur verið gefið fyrirheit um afganginn af þessu fé og nemur sú upphæð 2.177 millj. kr. Lagning Hafnarfjarðarvegar um Kópavogsháls er nú í athugun í sérstakri nefnd og er þess vænzt að hún skili áliti innan skamms.

Samkvæmt heimild í 36. gr. vegalaga var gefin út reglugerð nr. 257/1964 um ríkisframlag til þjóðvega í kaupstöðum og kauptúnum. Þá var og gefin út reglugerð nr. 44/1965 um þjóðvegi í kaupstöðum og kauptúnum skv. 30. gr. vegalaga.

VIII. TIL VÉLA- OG ÁHALDAKAUPA

Til véla- og áhaldakaupa var fjárveiting 11 millj. kr. Þessu fé hefur verið ráðstafað eins og hér segir:

1. Afborgun af skuld við sölunefnd varnarliðseigna	1.48	millj. kr.
2. Greiðslur vegna vélakaupa 1963	2.99	— —
3. Önnur vélakaup	14.93	— —
Alls	19.40	millj. kr.

Vélakaup umfram fjárveitingu voru greidd af afskriftarfé véla, svo og sölu gamalla véla og bíla, sem nam um 840 þús. kr.

Af nýjum vélum og tækjum samkvæmt lið 3 var keypt eftirfarandi:

1 jarðýta,
4 vegheflar,
5 vélskóflur,
2 dráttarbifreiðar,
5 torfærubifreiðar,
1 vegþjappa.

Auk þessa einnig tengivagnar, vatnstankar, snjóplógar, vélbörur og ýmis minni tæki.

IX. TIL TILRAUNA VIÐ VEGA- OG GATNAGERÐ

1. Fjárveiting í vegáætlun 1965	1 320	þús. kr.
÷ Frestun framkvæmda skv. 22. gr. fjárlaga ..	47	— —
	1 273	þús. kr.
2. Geymt fé frá 1964	1 142	— —
Til ráðstöfunar alls	2 415	þús. kr.

Fjárveitingu þessari var varið til eftirfarandi tilrauna- og rannsóknarstarfsemi:

1. Tilraunir með olíumöl:

   Vegagerðin gerði ásamt Kópavogi, Hafnarfirði og Garðahreppi samning við Véltækni hf. um að leggja 4000 m³ af olíumöl á tvo þjóðvegi og nokkrar götur fyrir ofangreind sveitarfélög. Ekki tókst þó að leggja nema um 3000 m³ og í hlut Vegagerðarinnar kom einungis olíumöl á annan þjóðveginn, Vífilsstaðaveg og var lagt á 2 km kafla af honum frá Hafnarfjarðarvegi að Vífilsstöðum. Endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir um kostnað við þessa tilraun en áætlað verð var um 55 kr. á m² fyrir 4.5 cm þykkt lag, eða sem svarar 700 þús. kr. fyrir Vífilsstaðaveg. Vegagerðin útvegaði sérfræðing frá sænsku vegamálastjórninni til að aðstoða við undirbúning og leiðbeina við verkið.
2. Grundvallarrannsóknir á steinefni o. fl.:

   Rannsóknarstofnun byggingaiðnaðarins var falið að gera rannsóknir á steinefnum, bindiefnum, olíum og asfalti til notkunar í olíumöl og malbiki, enn fremur að gera tilraunir með sjó sem rykbindingarefni. Kostnaður við þetta var áætlaður kr. 350 þús.
3. Rannsóknir á möl til mannvirkjagerðar:

   Síðan árið 1957 hefur Atvinnudeild háskólans unnið að reglubundnum rannsóknum á malarnámum í byggð landsins, sérstaklega með tilliti til notkunar malar til mannvirkjagerðar, sem steypiefni, efni í slitlag á vegi o. s. frv. Búnaðarbanki Íslands og Vegagerð ríkisins bera kostnað af þessum rannsóknum. Hlutdeild Vegagerðarinnar var kr. 125 þús. á þessu ári.
4. Notkun rafreiknis háskólans:

   Nokkru fé var varið til að undirbúa notkun rafreiknis háskólans við útreikninga fyrir vega- og brúargerð. Vinna þessi er aðallega fólgin í að safna

forskriftum (programs) og breyta þeim í það horf sem hér hentar bezt. Slík forskrift var útbúin til þess að ákvarða veglínu Reykjanesbrautar frá Kúagerði til Keflavíkur og sparaði það mikla og erfiða reikninga. Þessa forskrift má síðar nota við aðrar hraðbrautir.

X. IÐGJALD TIL SLYSATRYGGINGA

Fjárveiting var 1.115 þús. kr. Iðgjöld til slysatrygginga, sem færast til gjalda á þessu ári, nema 906 þús. kr. eða nokkru lægri upphæð en fjárveitingu nemur.

XI. GJÖLD SKV. LÖGUM UM ORLOF VERKAMANNA

Fjárveiting var 4.470 þús. kr. Reikningsskil liggja ekki enn fyrir, en líklegt er að fjárveiting muni standast áætlun.

XII. ATVINNULEYSISTRYGGINGAGJÖLD

Fjárveiting var 390 þús. kr. Til gjalda á þessu ári koma 315 þús. kr. og er það gjald miðað við dagsverkafjölda s. l. árs.

Nd. 125. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1965.

Sigurður Bjarnason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.
	Sig. Ágústsson.	

Nd. 126. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til laga um skrásetningu réttinda í loftförum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1965.

Sigurður Bjarnason, form. frsm.	Ben. Gröndal, fundaskr.	Sigurvin Einarsson.
Karl Guðjónsson.	Björn Pálsson.	Guðl. Gíslason.
	Sigurður Ágústsson.	

Nd. 127. Nefndarálit [38. mál]

um frv til l. um viðauka við l. nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1965.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Ben. Gröndal, fundaskr.	Sigurvin Einarsson.
Karl Guðjónsson.	Björn Pálsson.	Guðl. Gíslason.
	Sigurður Ágústsson.	

Nd. 128. Frumvarp til laga [11. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 2. umr. í Nd., 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 11 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

13. gr. hljóðar svo:
Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.
Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.

25. gr. hljóðar svo:
Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns og kjóa.

28. gr. hljóðar svo:
Óheimilt skal að trufla erni, fálka, snæuglu eða haftyrðla á varpstöðvum þeirra.

36. gr. hljóðar svo:
Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.
Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.

44. gr. hljóðar svo:
Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:
Lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.
Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

Sþ. 129. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966 og við brtt. á þskj. 111.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við brtt. 111,14.2. (Við 13. gr. D. XI. — Flugveðurþjónustan). Fyrir „13 728 742“ kemur	13 757 107
2.	Við 13. gr. E. I. (Endurgreitt vegna flugveðurþjónustu). Fyrir „1 195 270“ kemur	1 242 407
3.	Við 13. gr. E. III. Liðurinn orðist svo: Veðurþjónusta vegna millilandaflugs:	
	1. Laun	4 128 249
	2. Aukavinna	3 030 000
	3. Þóknun veðurathugunarmanna	634 793
	4. Mælitæki til háloftaathugana	2 000 000
	5. Símakostnaður	800 000
	6. Annar kostnaður	1 831 028
	7. Óbeinn kostnaður samkvæmt samningi	1 242 407
	8. Afborganir og vextir	90 630
	Fært á 13. gr. D. XI. 2	13 757 107
4.	Við brtt. 111,71. (Við 17. gr. I. 4). Liðurinn orðist svo: Til vatnsöflunar vegna vatnsveitu í Melasveit	25 000

Sþ. 130. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá Gils Guðmundssyni.

1.	Við 14. gr. A. III. a. (Til styrktar ísl. námsmönnum). Fyrir „13 600 000“ kemur	17 000 000
2.	— 14. — A. III. b. (Fimm ára styrkir). Fyrir „1 480 000“ kemur	1 800 000
3.	— 14. — B. I. 2. (Landsbókasafn, bókakaup). Fyrir „1 000 000“ kemur	3 000 000
4.	— 14. — B. XIX. Liðurinn orðist svo: Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa samkv. úthlutun menntamálaráðs eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið staðfestir	2 000 000
5.	— 14. — B. XXIV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna). Fyrir „3 100 000“ kemur	5 000 000
6.	— 14. — B. XXV. (Til vísinda- og fræðimanna). Fyrir „316 000“ kemur	500 000
7.	— 14. — B. XXVIII. Liðurinn orðist svo: Styrkur til tónlistarstarfsemi samkv. úthlutun menntamálaráðs eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið staðfestir	1 500 000

8. Við 14. gr. B LIII. Nýr liður:
Til listkynningar innanlands samkv. ákvörðun menntamálaráðs 300 000

Nd. 131. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp að mestu leyti samhljóða þessu lá fyrir síðasta Alþingi, en fékk þá ekki fullnaðarafgreiðslu.

Meginstefna frumvarpsins er sú að setja ákveðnari og þrengri reglur um rétt erlendra aðila til að eiga fasteignir hér á landi en nú eru í lögum. Flestir virðast sammála um nauðsyn þessa máls, en um það, hve langt ganga skuli í þessum takmörkunum, eru skoðanir nokkuð skiptar og því hefur nefndin ekki átt samstöðu í málinu.

Þegar allsherjarnefnd fjallaði um málið í fyrra, gaf fulltrúi Alþýðubandalagsins, Ragnar Arnalds, út sérstakt nefndarálit og flutti breytingartillögu við frumvarpið. Hér skal undir þau málskjöl tekið, breytingartillagan flutt, og fara hér á eftir höfuðþættir þess nefndarálits, að því leyti sem við á eftir þær breytingar, sem á frumvarpinu eru orðnar.

„Lög nr. 63 frá 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, eru löngu úrelt orðin og þörf á mikilvægum breytingum. Sérstaklega er nauðsynlegt að kveða skýrar á um rétt erlendra manna til að eignast fasteignir á Íslandi.

Meginstefna Alþýðubandalagsins í þessu efni hefur oft komið fram og mun flestum kunn. Alþýðubandalagið telur farsælast að hafa það viðhorf að leiðarljósi, að fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skuli Íslendingar einir eiga. Þó er eðlilegt að gera undantekningu í nokkrum tilvikum. Ráðherra ætti t. d. að vera heimilt að veita erlendum mönnum leyfi til að eignast fasteignir á Íslandi við hjúskap og erfðir, einnig mætti leyfa erlendum mönnum búsettum hér að eignast íbúðir til eigin afnota, sjálfsagt er í samræmi við alþjóðavenjur að leyfa erlendum sendiráðum að eiga hér húseignir, og hið sama gildir um fasteignir í eigu alþjóðlegra stofnana, sem Ísland er aðili að, sem ætlaðar eru til afnota fyrir menningar- og heilbrigðisstarfsemi.

Að öðru leyti ber ekki að víkja frá þessari sjálfsögðu meginstefnu, nema sérstök ástæða sé til. Verður Alþingi að íhuga það hverju sinni, hvort ástæða sé til undantekningar. Sé það álit meiri hlutans, að fjárfesting hinna erlendu manna sé óveruleg eða þess eðlis, að hættulaus geti talizt, ber að samþykkja um það lagafrumvarp hverju sinni.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því, að ráðherra hafi ótakmarkaða heimild til að veita erlendum mönnum leyfi til að eiga og nota íslenzkar fasteignir, ef honum þóknast svo og þrátt fyrir önnur ákvæði frumvarpsins. Með þessu eru takmörk frumvarpsins fyrir eignarrétti útlendinga næstum því að engu gerð. Ráðherrar eru misjafnir, þeir koma og fara, sumir eru varkárir og aðrir eru ístöðulitlir. Fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna gagnrýndu þetta ákvæði harðlega, og flytja framsóknarmennirnir breytingartillögu, sem ég styð, en samkvæmt henni er ráðherra aðeins heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum laganna, ef erlendir menn hafa komizt yfir fasteignir við hjúskap eða erfðir.

Réttur útlendinga til þátttöku í íslenzkum hlutafélögum og ótakmörkuð heimild ráðherra til að veita undanþágu samrýmist illa íslenzkum hagsmunum. Í báðum

þessum tilfellum verður Alþingi að hafa rétt til eftirlits og úrslitaákvörðunar um það, hvort og að hvað miklu leyti erlendu fjármagni skuli hleypt inn í landið.“

Í samræmi við framanskráð álit er hér lagt til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi breytingu, auk þeirrar breytingar, sem fyrr er til vitnað.

BREYTINGARTILLAGA:

4. töluliður 1. gr. orðist svo:

Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og allir félagar, hluthafar eða aðilar vera íslenzkir ríkisborgarar.

Alþingi, 1. des. 1965.

Karl Guðjónsson.

Nd. 132. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 1. minni hl. samgöngumálanefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir hækkun á innflutningsgjaldi af benzíni um 90 aura á lítra og 30—35% hækkun á þungaskatti þeirra bifreiða, sem nota annað eldsneyti en benzín. Er það áætlun ríkisstjórnarinnar, að frumvarpið, ef lögtekið verður, muni kosta bifreiðanotendur rösklega 64 milljónir króna á næsta ári.

Yfirlýstur tilgangur stjórnarinnar með flutningi frumvarpsins er sá að fella niður 47 milljón króna framlag ríkissjóðs til vegamála, en um þá upphæð hafði við setningu hinna nýju vegalaga orðið samkomulag milli allra flokka þingsins sem lágmarksframlag ríkissjóðs til vegamála hin næstu árin, og er tímabil þess samkomulags ekki nærri á enda. En það er mat ríkisstjórnarinnar nú, að ekki ári lengur svo, að ríkissjóður geti með neinu móti staðið undir þessari skuldbindingu sinni.

Skattar á umferðina eru raunar fyrir tilkomu þessa frumvarps miklum mun meiri en ríkisframlagið til vegakerfisins og þar með einn af tekjustofnunum, sem standa undir almennri eyðslu ríkisbúskaparins. Réttmæti þess, að umferðarskattarnir séu gerðir að almennum tekjustofni ríkissjóðs, svo mjög sem umbætur, endurlagning og stækkanir vegakerfisins kalla að, hefur af mörgum aðilum verið dregið í efa eða fordæmt, en hér skal ekki lagður dómur á það. Hins er skylt að gæta við afgreiðslu tillagna um aukningu gjalda, sem á umferðina leggjast, hver áhrif þau muni hafa á samgöngukerfið og þjóðfélagsheildina.

Augljóst er, að með samþykkt þessa frumvarps mundi stigið drjúgt skref til almennrar dýrtíðaraukningar í landinu. Flutningskostnaður, sem ekki er óverulegur hluti almenns vöruverðs, mundi að sjálfsögðu hækka, og almenn reynsla er löngu fyrir því fengin, að lög á borð við þau, sem hér eru fyrirhuguð, hafa jafnan í för með sér drjúgum meiri hækkanir en lögin sjálf gefa beint tilefni til.

Flutningskostnaður er mjög stór liður í útgjöldum vegagerðarinnar, svo að augljóst má telja, að þrátt fyrir svolitla krónutöluaukningu, sem vegagerðinni er ætluð með frumvarpi þessu, mundi sú aukning hreint ekki gera betur en mæta þeirri útgjaldaaukningu, sem samþykkt frumvarpsins mundi valda, og er hitt þó líklegra, að niðurfelling ríkisframlagsins til vegagerðarinnar og samþykkt þessa frumvarps mundi draga úr vegaframkvæmdum.

Uppgjör olíufélaganna við ríkissjóð vegna benzíninnflutnings fer fram tveim mánuðum eftir á. Því er talið, að tæpar 8 milljónir króna af benzíngjaldsaukningu

næsta árs mundu setjast að hjá olíufélögunum. Vegagerðinni eru því ætlaðar röskar 56 milljónir að frádregnu 47 milljón króna ríkisframlaginu, eða rúmlega 9 milljón króna töluleg hækkun á umráðafé, sem þegar hefur verið bent á, að vafasamt sé, hvort hrökkva mundi fyrir beinni útgjaldaaukningu, sem samþykkt frumvarpsins hlyti að hafa í för með sér.

Það er því augljóst, að sú skipan mála að hætta ríkissjóðsframlaginu og taka upp skattlagningu þá, sem lögð er til með frumvarpi þessu, er ekki til hagræðis fyrir vegalagningu í landinu.

Hitt ber þá að líta á, hvort það horfi til heilla fyrir ríkissjóð, að ríkisstjórnin, sem hefur hans forsjá með höndum, berji sér svo í góðæri sem einna mest hefur orðið á Íslandi, að telja það óyfirstíganlegan vanda að leggja fram til vegagerðar í landinu svo sem rösklega 1% af tekjum ríkissjóðs. Sízt skal það lastað í þessu nefndaráliti, þótt möguleikar ríkissjóðs séu metnir með gát, en vafasöm búhyggindi hljóta það að teljast að leggja 64 milljón króna gjöld á þegna þjóðfélagsins til að spara almennum sjóði þeirra 47 milljónir, ekki sízt þegar slík ráðstöfun er líkleg til að verða upphaf að nýrri og almennri dýrtíðarskriðu, sem ekki sér fyrir endann á.

Fjörutíu og sjö milljón króna ríkisframlagið er enn í gildandi fjárlögum, og tillaga liggur fyrir Alþingi um, að svo verði einnig á næsta ári. Meðan ekki er vitað, hvernig afgreiðsla hennar fer, verður ekki séð, að nauðsynlegt sé að samþykkja þetta frumvarp.

Alþingi, 30. nóv. 1965.

Karl Guðjónsson.

Sþ. 133. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

I. Frá *Birni Jónssyni.*

Við 12. gr. XVIII. Nýr liður:

Til að bæta úr skorti á tannlæknaþjónustu, eftir ákvörðun landlæknis 500 000

II. Frá *Einari Olgeirssyni.*

1. Við 14. gr. A. I. a. 1. (Háskólinn). Nýr liður:
   Til að launa þrjá háskólakennara, er menntamálaráðherra setur til kennslu í íslenzkri sögu og bókmenntum, enda sé þeim samtímis gefinn kostur á vísindastarfi í þeim greinum .. 850 000
2. Við 14. gr. A. I. a. 10. Nýr liður:
   Til að kosta nokkra sendikennara við erlenda háskóla í íslenzkum bókmenntum og menningarsögu 850 000
3. Við 14. gr. A. II. 1. (Handritastofnun, laun og rannsóknarstyrkir).
   Fyrir „1 022 731“ kemur 1 500 000
4. Við 14. gr. B. III. (Þjóðminjasafnið).
   a. Við 2. (Til aðstoðar, tímavinnu o. fl.).
      Fyrir „460 000“ kemur 600 000
   b. Við 10. Nýr liður:
      Til kvikmyndagerðar („dokument“-mynda og af sögulegum minjum) 100 000
5. Við 14. gr. B. XLVII. Nýr liður:
   Til viðhalds Viðeyjarstofu 500 000

III. Frá *Birni Jónssyni.*
1. Við 17. gr. III. 10. (Hagræðingarstarfsemi).
Fyrir „2 411 000“ kemur 2 811 000
2. Við 17. gr. III. 13. Nýr liður:
Til ráðstafana gegn atvinnuleysi á Norðurlandi og í Strandasýslu 10 000 000
3. Við 20. gr. Út. XII. 2. (Menntaskólinn á Akureyri).
Fyrir „1 600 000“ kemur 3 000 000

Sþ. 134. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

I. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. Nýr liður:
Til náttúrugripasafns í Neskaupstað 50 000

II. Frá *Hannibal Valdimarssyni* og *Eðvarð Sigurðssyni.*
1. Við 17. gr. III. 4. (Til Alþýðusambands Íslands).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
2. Við 17. gr. III. 7. (Til orlofsheimila verkalýðssamtaka).
Fyrir „1 600 000“ kemur 2 000 000

III. Frá *Alfreð Gíslasyni.*
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að veita læknum sömu greiðslukjör og leigu- og sendiferðabifreiðastjórar njóta við tollafgreiðslu bifreiða.

Nd. 135. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumvarpið á nokkrum fundum. Leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim orðalagsbreytingum, sem öll nefndin stendur að og prentaðar eru á sérstöku þingskjali, en minni hluti nefndarinnar (BFB, SkG og KGuðj) vill gera á frumvarpinu efnisbreytingar og mun leggja fram sérstakt nefndarálit þar um.

Alþingi, 30. nóv. 1965.

Einar Ingimundarson, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Matthias Bjarnason.
Pétur Sigurðsson.

Nd. 136. Breytingartillögur [19. mál]

við frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 5. gr. Upphaf 3. málsl. orðist svo:
   Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana o. s. frv.
2. Við 6. gr. Í stað orðsins „notkunarrétt“ í 1. málsl. komi: afnotarétt.
3. Við 7. gr. Í stað orðsins „notkunarrétt“ í 1. málsl. komi: afnotarétt.

Nd. 137. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jónasi Péturssyni.

Við 1. gr. Orðið „óþarfa“ í næstsíðustu setningu falli niður.

Nd. 138. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Sigurvin Einarssyni og Birni Pálssyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist:
   Skal þar m. a. greint frá viðhaldskostnaði á hinum einstöku hraðbrautum, landsbrautum og þjóðbrautaköflum, samkv. nánari ákvörðun vegamálastjóra.
2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Við 88. gr. laganna bætist:
      Jeppabifreiðar, sem nota benzín, eiga einnig rétt á endurgreiðslu á benzínskatti. Þó skal endurgreiðsla til þeirra ekki nema meira en ¾ hlutum þeirrar upphæðar, sem endurgreidd er jeppabifreiðum, er nota annað eldsneyti.
   b. Við 89. gr. laganna bætist:
      Skal það að minnsta kosti nema helmingi viðhaldskostnaðar á þjóðvegum.

Nd. 139. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 2. minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samstaða náðist ekki um afgreiðslu þess. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni leggja til, að frv. verði samþykkt, en undirritaðir leggja til, að það verði fellt.

Efni frv. er það, að hækkaður verði skattur á benzíni um 90 aura á lítra, eða um 32.5%. Einnig verði hækkaður þungaskattur á dieselbifreiðum um 37.1% að meðaltali. Áætlað er, að þessi skattahækkun nemi á árinu 1966 um 56.5 millj. kr. nettó.

Samtímis því, að ríkisstjórnin flytur þetta frumvarp, tilkynnir hún þá ákvörðun sína, að felld verði niður með öllu fjárveiting úr ríkissjóði til vegamála í landinu. Þær 47 millj. kr., sem síðasta þing samþykkti í vegáætlun, að varið skyldi úr ríkissjóði árlega til vegamála í 4 ár, eru þar með úr sögunni um sinn a. m. k.

Þær 9.5 millj. kr., sem skattahækkunin er áætluð meiri en framlag ríkissjóðs er til vegamála á þessu ári, jafngildir ekki einu sinni þeirri verðhækkun, sem orðið hefur á fyrri hluta þessa árs í vega- og brúagerð. Það er því síður en svo, að raunverulega sé verið að auka fjármagn til vegamála.

Það hlýtur að vekja athygli manna, að nú telur ríkisstjórnin sér ekki fært að greiða neitt úr ríkissjóði til vegamála í landinu, þrátt fyrir það að hún innheimtir til sinna þarfa mörg hundruð milljónir kr. á ári af bifreiðum landsmanna. Vegakerfið hefur þó sífellt þörf fyrir meira fé, því að minna og minna fæst fyrir hverja krónu. Það væri því álitamál að samþykkja einhverja hækkun á benzínskatti og þungaskatti af bílum, ef það fé gengi til vega og brúa, án þess að umsamið framlag frá ríkinu félli niður. Árlega er bætt við nýjum sköttum og allir hverfa þeir í verðbólguhítina. Við teljum ástæðulaust að taka þátt í þeim verðbólgudansi. Hið eina, sem dugir, er að gerðar séu raunhæfar ráðstafanir til að stöðva verðbólguna og dregið sé úr eyðslu ríkissjóðs.

Hið alvarlegasta við þetta mál er þó það, að með því hefur ríkisstjórnin rofið samkomulag, sem hún gerði á Alþingi við þingflokkana, er vegalög voru samþykkt fyrir 2 árum. Í því samkomulagi fólst m. a., að árlegt framlag ríkissjóðs til vegamála skyldi ekki vera lægra en 47 millj. kr. Í samræmi við þetta samkomulag var sett vegáætlun fyrir árið 1964 og síðar fjögurra ára vegáætlun fyrir árin 1965 til 1968, með 47 millj. kr. fjárveitingu úr ríkissjóði ár hvert. Slík samningsrof af hálfu ríkisstjórnarinnar eru ekki traustvekjandi.

Alþingi, 2. des. 1965.

Sigurvin Einarsson, frsm. Björn Pálsson.

Nd. 140. Breytingartillögur [19. mál]

við frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar (BFB, SkG).

I. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Hafi maður eignazt fasteign við hjúskap eða erfðir eða öðlazt fasteignaréttindi fyrir gildistöku laga þessara, án þess að skilyrði 1.—4. töluliðs séu fyrir hendi, er ráðherra heimilt að veita aðila leyfi til eignarhaldsins, ef ástæða þykir til. Eigi þarf leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

II. Við 2. gr. Greinin falli burt.

III. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:
Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 2. gr. eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, sem vantar, eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrir fram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

IV. Við 5. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:
Nú hefur aðili eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn á nauðungaruppboði á kostnað eiganda, og er hann bundinn

við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægi, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

V. Við 6. gr. (sem verði 5. gr.).
Í stað „7. gr.“ komi: 6. gr.

VI. Við 7. gr. (sem verði 6. gr.).
Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.

VII. Við 8. gr. (sem verði 7. gr.).
Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.

Sþ. 141. Frumvarp til fjárlaga [1. mál]

fyrir árið 1966.

(Eftir 2. umr. í Sþ., 3. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1966 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1. Tekju- og eignarskattur		406 000 000
2. Aðflutningsgjöld	1624300000	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	81200000	
		1 543 100 000
3. Gjald af innlendum tollvörum		58 000 000
4. Lestagjald af skipum		1 300 000
5. Aukatekjur		70 000 000
6. Stimpilgjald		79 000 000
7. Vitagjald		3 500 000
8. Söluskattur	1019500000	
Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	81600000	
		937 900 000
9. Farmiðaskattur		25 000 000
10. Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960		124 000 000
11. Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna		31 500 000
Samtals ...		3 279 300 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar		471 050 000
2. — ríkisprentsmiðju		950 000
Samtals ...	. . .	472 000 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	66 000 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	3 000 000	
3. Skeytagjöld	22 000 000	
4. Símtalagjöld	77 000 000	
5. Símaafnotagjöld	195 000 000	
6. Leiga talstöðva og lína	5 500 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	8 000 000	
8. Aðrar tekjur	7 000 000	
		383 500 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	79 440 000	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	92 560 000	
3. Póstflutningur	10 000 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	9 800 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	18 000 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	83 900 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	39 400 000	
8. Til endurnýjunar og viðauka	37 700 000	
9. Vextir	1 200 000	
10. Tryggingar	3 500 000	
11. Önnur gjöld	8 000 000	
		383 500 000
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.		
I. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti		707 692 500
II. Framleiðslukostnaður o. fl.:		
1. Innkaupsverð seldra vara	171 000 000	
2. Laun og starfsmannakostnaður	13 500 000	
3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	2 950 000	
4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	2 500 000	
5. Viðhald og viðgerðir	750 000	
6. Ýmis gjöld	140 000	
7. Kostnaður við útsölur	5 600 000	
		196 440 000
Brúttó-hagnaður		511 252 500

3. gr.

		kr.	kr.
III.	Skrifstofukostnaður:		
	1. Laun og starfsmannakostnaður	5 900 000	
	2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	600 000	
	3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	250 000	
	4. Viðhald og viðgerðir	100 000	
	5. Ýmis gjöld	2 300 000	
	Skrifstofukostnaður alls	9 150 000	
IV.	Tillag til Gæzluvistarsjóðs	7 500 000	
V.	Útsvar	23 552 500	
			40 202 500
	Nettó-hagnaður. Fært á 3. gr. A. 1.	. . .	471 050 000
	3. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	25 500 000	
	b. Aðrar tekjur	20 700 000	
			46 200 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Föst laun 9354762		
	2. Aukavinna 3400000	12 754 762	
	b. Útvarpsefni	9 150 000	
	c. Skrifstofukostnaður	2 700 000	
	d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	2 150 000	
	e. Til útvarpsstöðva	8 000 000	
	f. Til viðgerðarferða o. fl.	300 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	750 000	
	h. Vegna höfundalaganna	2 150 000	
	i. Óviss útgjöld	650 000	
	j. Bifreiðakostnaður	215 000	
	k. Launaskattur	210 000	
	l. Til kaupa á áhöldum, hljóðfærum o. fl.	500 000	
	m. Greiðsla til Brown Boveri s. fr. 163.585.00 vegna nýs sendis fyrir Vatnsendastöðina	1 600 000	
	n. Vegna kaupa á nýjum sendi fyrir Akureyrarstöð og Eiðastöð og vegna breytinga á stöðvunum á Akureyri, Eiðum og Hornafirði til fjarstýringar	5 000 000	
			46 129 762
			70 238
	Til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins		70 238
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	3 800 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun 1047000		
	2. Annar kostnaður 1053000	2 100 000	
		1 700 000	

		3. gr.	
		kr.	kr.
3. Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	1020000		
4. Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	680000		
		1 700 000	
IV. Sjónvarp:			
a. Tekjur:			
1. Stofngjöld	8000000		
2. Afnotagjöld	12000000		
3. Auglýsingar	4500000		
4. Aðflutningsgjöld	17600000		
		42 100 000	
b. Gjöld:			
1. Hús sjónvarpsins, afborganir og vextir	1430000		
2. Tækjakaup	16370000		
3. Útbreiðslumælingar	1500000		
4. Fastakostnaður	10800000		
5. Dagskrárkostnaður	12000000		
		42 100 000	
4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur			12 000 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	855932		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	5599068		
		6 455 000	
2. Efnivörur		2 250 000	
3. Vélarekstur og viðhald		300 000	
4. Annar kostnaður		2 045 000	
			11 050 000
Fært á 3. gr. A. 2.		. . .	950 000
5. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			9 055 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		1 598 988	
2. Vextir		600 000	
3. Annar kostnaður		6 573 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar		283 012	
			9 055 000
6. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			28 300 000
II. Gjöld:			
1. Laun og skrifstofukostnaður		800 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)		17 000 000	
3. Verkalaun		7 000 000	
4. Annar kostnaður		3 500 000	
			28 300 000

3. gr.

	kr.	kr.
7. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		4 038 752
II. Gjöld:		
1. Laun	2 008 752	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	530 000	
3. Annar kostnaður	1 500 000	
		4 038 752
8. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	1 681 000	
2. Gjöld	1 681 000	
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	1 500 000	
2. Gjöld	1 500 000	
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	800 000	
2. Gjöld	800 000	
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	625 000	
2. Gjöld	625 000	
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	1 200 000	
2. Gjöld	1 200 000	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	170 000	
2. Gjöld	170 000	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		75 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir		7 700 000
2. Arður af hlutafjáreign		300 000
Samtals ...	. . .	8 000 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 25 000 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1966 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir af innlendum lánum		7 978 100
Samtals ...	. . .	7 978 100

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	420 000	
2. Risna	70 000	490 000
II. Skrifstofa forseta Íslands:		
1. Laun	335 880	
2. Annar kostnaður	360 200	696 080
III. Bifreiðakostnaður:		
1. Laun	196 740	
2. Annar kostnaður	338 000	534 740
IV. Forsetasetrið að Bessastöðum:		
1. Laun	124 044	
2. Annar kostnaður	779 800	903 844
V. Bessastaðakirkja		62 000
VI. Til handhafa forsetavalds		20 000
Samtals ...	. . .	2 706 664

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		27 350 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		250 000
Samtals ...	. . .	27 600 000

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I.	**Stjórnarráðið:**		
	1. Til ráðherra:		
	a. Laun	2056370	
	b. Til risnu samkvæmt reikningi	170000	
	c. Ríkisráð	17000	
			2 243 370
	2. Til ráðuneytanna:		
	a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	1484724	
	b. Dómsmálaráðuneytið, laun	1651223	
	c. Félagsmálaráðuneytið, laun	1496067	
	d. I. Fjármálaráðuneytið, laun	1670819	
	II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun	3999020	
	e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:		
	a. Laun	1516542	
	b. Fálkaorðan	90000	
		1606542	
	f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	840876	
	g. Utanríkisráðuneytið, laun	2197322	
	h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	998428	
	i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	1543302	
	j. Framlag til Efnahagsstofnunarinnar	1358000	
	k. I. **Hagstofan:**		
	1. Laun	2679994	
	2. Útgáfa hagskýrslna	433000	
	3. Annar kostnaður	1017230	
	4. Til sérstakra tímabundinna verkefna	1100000	
		5230224	
	II. **Þjóðskráin:**		
	1. Laun	658315	
	2. Annar kostnaður	850998	
		1509313	
	l. Aðrir starfsmenn, laun	1700000	
	m. Símakostnaður og burðargjöld	2500000	
	n. Annar kostnaður ráðuneyta	7000000	
	o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	900000	
			37 685 860
	3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:		
	a. Laun	2975590	
	b. Annar kostnaður	1375000	
			4 350 590
	4. Ýmis kostnaður:		
	a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	250000	
	b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	1100000	

10. gr.

		kr.	kr.
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	670000		
		2 020 000	
II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):			46 299 820
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun	2013948		
b. Annar kostnaður	402834		
		2 416 782	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:			
a. Laun	1544601		
b. Annar kostnaður	325319		
		1 869 920	
3. Sendiráðið í London:			
a. Laun	2136579		
b. Annar kostnaður	881314		
		3 017 893	
4. Sendiráðið í Washington:			
a. Laun	2340771		
b. Annar kostnaður	994243		
		3 335 014	
5. Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD:			
a. Laun	4072313		
b. Annar kostnaður	1415901		
		5 488 214	
6. Sendiráðið í Osló:			
a. Laun	1453905		
b. Annar kostnaður	606654		
		2 060 559	
7. Sendiráðið í Bonn:			
a. Laun	1752048		
b. Annar kostnaður	346758		
		2 098 806	
8. Sendiráðið í Moskva:			
a. Laun	2342085		
b. Annar kostnaður	588609		
		2 930 694	
9. Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York:			
a. Laun	1894080		
b. Annar kostnaður	895648		
		2 789 728	
10. Fastafulltrúi hjá Evrópuráðinu og Alþjóðakjarnorkustofnuninni í Vín		134 911	
11. Ferðakostnaður		1 200 000	
12. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins		1 200 000	
13. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins		1 700 000	
14. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi		350 000	

10. gr.

	kr.	kr.
15. Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	204 000	
16. Til kjörræðismanna	45 000	
17. Til söfnunar heimilda erlendis um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum	250 000	
		31 091 521
III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:		
1. Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	247 000	
2. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins	458 000	
3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna	1 650 000	
4. Viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna	3 444 800	
5. Tillag til varnarliðs Sameinuðu þjóðanna	400 000	
6. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO)	330 000	
7. Tillag til World Food Program á vegum FAO	215 000	
8. Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)	800 000	
9. Tillag til Evrópuráðsins	415 000	
10. Tillag til alþjóðahveitiráðsins	3 500	
11. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)	1 625 000	
12. Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar	68 000	
13. Tillag til tollanefndar Evrópu	7 500	
14. Tillag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	690 000	
15. Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga	67 700	
16. Tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar	140 000	
17. Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	11 000	
18. Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar	54 000	
19. Tillag til Alþjóðalandfræðisambandsins	7 000	
20. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar	120 000	
21. Tillag til Alþjóðagerðardómsins í Haag	2 000	
22. Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins	200 000	
23. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar	55 000	
24. Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)	410 000	
25. Tillag til Alþjóðarauðakrossins	16 000	
26. Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967	1 500 000	
27. Bráðabirgðaaðild að GATT	108 000	
28. Vegna Genfarsamninganna frá 1949 um meðferð stríðsfanga	20 000	
29. Tillag til alþjóðlega jarðmælinga- og jarðeðlisfræðisambandsins	38 400	
30. Til þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og á alþjóðaþingi fuglafræðinga	30 000	
		13 132 900
Samtals ...	. . .	90 524 241

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	1 908 888	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	635 000	
d. Annar kostnaður	500 000	
e. Til bókakaupa	100 000	
f. Til ljósprentunar hæstaréttardóma	270 000	
		3 423 888
2. Saksóknaraembætti ríkisins:		
a. Laun	1 573 776	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	455 000	
c. Annar kostnaður	550 000	
		2 578 776
3. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	3 140 406	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	565 000	
c. Annar kostnaður	520 000	
		4 225 406
4. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 514 528	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	420 000	
c. Annar kostnaður	450 000	
		3 384 528
5. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	3 070 031	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	1 675 000	
c. Annar kostnaður	1 973 000	
		6 718 031
6. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 000 581	
b. Aukavinna	381 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	591 000	
d. Annar kostnaður	660 000	
		3 632 581
7. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun	986 409	
b. Hiti, ljós og ræsting	200 000	
c. Annar kostnaður	446 000	
		1 632 409
8. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun	5 330 268	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun 12979230		
2. Annar kostnaður 15500000		
28479230		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins 6000000		
	22 479 230	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara	425 000	
d. Viðhald embættisbústaða	650 000	
		28 884 498

11. gr.

		kr.	kr.
9.	Laun hreppstjóra		2 850 000
10.	Lögreglukostnaður:		
	a. Ríkislögregla í Reykjavík:		
	1. Laun lögregluþjóna	5786807	
	2. Vaktaálag, aukavinna o. fl.	2700000	
	3. Einkennisfatnaður, tryggingar o. fl.	740000	
	4. Bifreiðakostnaður	1535000	
	5. Fjarskiptaþjónusta	102500	
	6. Æfingaskáli og gufubaðstofa	126000	
	7. Kostnaður vegna kvenlögreglu	42700	
	8. Lögregluskóli, áhöld o. fl.	250000	
			11 283 007
	b. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli:		
	1. Laun lögregluþjóna	3389757	
	2. Vaktaálag og helgidagauppbót	1200000	
	3. Einkennisfatnaður	400000	
	4. Bifreiðakostnaður og tryggingar	1020000	
	5. Fæðisstyrkur lögreglumanna	458000	
	6. Annar kostnaður	353800	
			6 821 557
	c. Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, sbr. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 56/1963		1 500 000
	d. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík		13 850 000
	e. Ýmis annar lögreglukostnaður		16 700 000
	f. Til löggæzlu í sveitum		2 000 000
			52 154 564
11.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:		
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:		
	1. Laun	709373	
	2. Vaktaálag	228000	
	3. Annar kostnaður	1400000	
		2337373	
	÷ Framlag Reykjavíkurborgar	1168686	
			1 168 687
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:		
	1. Laun	1710014	
	2. Vaktaálag	300000	
	3. Aukavinna	500000	
	4. Annar kostnaður	2040000	
		4550014	
	÷ Tekjur	715000	
			3 835 014
	c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður		482 852
	d. Vinnuhælið að Kvíabryggju:		
	1. Laun	438960	
	2. Aukavinna	210000	
	3. Annar kostnaður	1120000	
			1 768 960

11. gr.

		kr.	kr.
e. Kostnaður við önnur fangahús		200 000	
f. Sjúkrakostnaður refsifanga		100 000	
			7 555 513
12. Til byggingar fangahúsa			640 000
13. Málskostnaður		4 500 000	
÷ Endurgreiddur málskostnaður		1 000 000	
			3 500 000
14. Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra			310 000
15. Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum			120 000
16. Laun meðdómsmanna			500 000
17. Kostnaður við störf setu- og varadómara			550 000
18. Til útgáfu norræns dómasafns			45 000
19. Til útgáfu lagasafns			400 000
20. Til almannavarna			2 728 000
21. Til kostnaðar við landhelgisgæzlu:			
a. Varðskipið Óðinn:			
1. Laun	5250000		
2. Annar kostnaður	8176000		
		13 426 000	
b. Varðskipið Þór:			
Yfirlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		8 514 265
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		2 706 664
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		27 600 000
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		90 524 241
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	194 640 428	
— B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	77 075 305	
— C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	4 200 000	275 915 733
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		145 401 240
13. gr. A.	Vegamál	330 000	
— B.	Samgöngur á sjó	32 452 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	64 133 232	
— D.	Flugmál	23 821 548	
— E.	Veðurþjónusta	10 538 996	
— F.	Ýmis mál	12 302 336	143 578 112
14. gr. A.	Kennslumál	507 790 952	
— B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	38 751 330	546 542 282
15. gr.	Kirkjumál		36 231 000
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	203 392 188	
— B.	Sjávarútvegsmál	141 499 474	
— C.	Iðnaðarmál	11 329 715	
— D.	Raforkumál	45 150 000	
— E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	29 641 756	431 013 133
17. gr.	Til félagsmála		873 538 100
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		87 852 424
19. gr.	Til óvissra útgjalda o. fl.		920 800 000
	Rekstrarafgangur		194 157 806
	Samtals	. . .	3 784 375 000

Yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	3 590 217 194
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána og til eignaaukningar	189 797 495
	Greiðslujöfnuður	10 460 311
	Samtals	3 790 475 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1966 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að innheimta ekki tolla né söluskatt að upphæð 205 þús. kr. af vísindatækjum, sem Eðlisfræðistofnun Háskólans hefur flutt inn til jónosferumælinga í samvinnu við fyrirtækið HRB. Singer Inc., enda verði tækin flutt úr landi fyrir árslok 1968.

VII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

IX. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

X. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XI. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

XII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

XIII. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XIV. Að ákveða, að ein króna af tekjum Landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XV. Að taka að láni allt að 83 þús. dollurum til kaupa á húsi fyrir fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.

XVI. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XVII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkissjóður setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XVIII. Að ábyrgjast lán, allt að 18 millj. kr., vegna byggingar fyrir rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti.

XIX. Að taka allt að 11 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.

XX. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengu við gildistöku laga nr. 29/1963.

XXI. Að ábyrgjast lán, sem Hafsteinn Jóhannsson, Akranesi, tekur til smíði aðstoðarskips við fiskiflotann, allt að 5 millj. kr., þó eigi yfir 80% af kostnaðarverði skipsins.

XXII. Að ábyrgjast lán að fjárhæð 900 þús. kr. fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar gegn þeim tryggingum, er metnar verða gildar.

XXIII. Að selja hús fávitahælisins á Kleppjárnsreykjum.

XXIV. Að selja eignarhluta Landssmiðjunnar í húseigninni Hagamel 21, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

XXV. Að leyfa vita- og hafnarmálastjóra að festa kaup á sanddælingartækjum.

23. gr.

Heimilt er að greiða 4% uppbót á greiðslur samkv. liðum I. a. og II. á 18. gr. fjárlaga frá 15. júlí 1965. Verði almenn hækkun á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, er enn fremur heimilt að greiða samsvarandi uppbót á nefndar greiðslur.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1966 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 142. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við 8. gr. bætist:

4. Eigi má veiða fugla á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Sþ. 143. Fyrirspurnir. [86. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um félagsheimilasjóð.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað er að frétta af endurskoðun laga um félagsheimili og eflingu félagsheimilasjóðs, sbr. ályktun Alþingis 13. maí 1964 og fyrirheit menntamálaráðherra í þingræðu 5. maí 1965?

II. Til félagsmálaráðherra varðandi greiðslu sjúkrakostnaðar í einkasjúkrahúsum.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hvað hefur Tryggingastofnun ríkisins gert til þessa til þess að leysa deiluna við einkasjúkrahúsin, St. Jósepsspítalana í Reykjavík og Hafnarfirði?
2. Hvenær má vænta þess, að sjúkratryggt fólk, sem vistast á fyrrgreind sjúkrahús, njóti að nýju sömu kjara og sjúklingar í opinberum sjúkrahúsum?

Ed. 144. Frumvarp til laga [51. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Eftir 2. umr. í Ed., 6. des.)

Samhljóða þskj. 54 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum skal greiða gjald samkvæmt 1. gr.

Í barnsfaðernismálum, málum um innheimtu vinnulauna og í málum þeim, sem um ræðir í 24. gr. laga nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis, skal engin réttargjöld greiða. Í gjafsóknarmálum skal gjafsóknarhafi engin réttargjöld greiða.

Í málum, þar sem fjárhæð nemur ekki 1000 kr., greiðist hálf réttargjöld.

22. gr. hljóðar svo:

Fyrir aðrar notarialgerðir skal greiða sem hér segir:

1.	Afsagnargerðir, aðrar en víxilafsagnir, stefnubirtingar, er notarius framkvæmir, svo og aðrar slíkar gerðir	kr. 100.00
2.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrár	— 150.00
3.	Notarialvottorð á samninga, umboðsskjöl eða aðra slíka gerninga	— 100.00
4.	Dráttur í happdrætti	— 400.00
5.	Útdráttur skuldabréfa	— 200.00
6.	Staðfesting endurrita 10.00 kr. fyrir hverja síðu, þó eigi minna gjald en	— 30.00

37. gr. hljóðar svo:

Fyrir endurrit eða ljósrit, er einstakir menn biðja um úr embættisbókum og skjalasöfnum, skal greiða ritlaun:

Fyrir vélritaða síðu ..... kr. 15.00

Hluti úr síðu telst heil síða.

Lægstu ritlaun eru 30.00 kr.

Í ritlaunum er innifalið staðfestingargjald, nema af dómsgerðum og notarialstaðfestingum.

Þegar endurrit dómsskjala eru felld inn í dómsgerðir, skal greiða samlestrargjald, 4.00 kr. af hverri síðu.

43. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966. Jafnframt eru úr gildi numin þessi lagaákvæði:

Lög um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 40/1954.
Lög nr. 23/1964.
Lög nr. 4/1960 21. gr.

Enn fremur er breytt ákvæðum eftirtalinna laga, að því er gjöld til ríkissjóðs snertir:

Lög nr. 52/1925, 13. gr.
Lög nr. 18/1927, 26. gr.
Lög nr. 12/1923, 7. gr.
Lög nr. 66/1946, 50. gr.
Lög nr. 77/1921, 60. gr.
Lög nr. 46/1937, 44. gr.
Lög nr. 42/1903, 36. gr.
Lög nr. 43/1903, 3. gr.
Lög nr. 33/1951, 13. gr.
Lög nr. 39/1921, 25. gr.

Lög nr. 89/1953, 4. gr.
Svo eru og úr gildi numin önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Nd. 145. Frumvarp til laga [53. mál]

um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

(Eftir 3. umr. í Ed., 6. des.)

1. gr.

Bannað er að kveikja í sinu og brenna sinu innan kaupstaða eða kauptúna eða í þéttbýli, er til kauptúna má jafna. Þó getur lögreglustjóri eða hreppstjóri veitt leyfi til sinubrennslu á tilteknu svæði innan nefndra staða, ef sérstakar ástæður liggja til, enda hafi slökkviliði staðarins þá verið gert viðvart með þeim fyrirvara, er yfirvaldið ákveður.

2. gr.

Í sveitum er ábúendum einstakra jarða og umráðamönnum óbyggðra jarða heimilt að brenna sinu á jörðum sínum, ef fullnægt er þessum skilyrðum:

a. að takmörk svæðis þess, er brenna skal, séu fyrir fram ákveðin,
b. að eigi séu á því svæði mannvirki, trjágróður eða önnur ræktun, er eldur getur grandað, eða nær brunasvæðinu en í 200 metra fjarlægð frá yztu mörkum þess,
c. að jarðvegur sé eigi svo þurr, að hætta sé á, að hann spillist af eldinum,
d. að eigendum eða umráðamönnum landsvæða og mannvirkja, sem liggja nær yztu mörkum lands þess, er brenna skal, en 1000 metra, hafi verið tilkynnt um fyrirhugaða sinubrennu a. m. k. 6 klst. áður en hún skal hefjast,
e. að sá, er brennu framkvæmir, hafi nægan mannafla og tæki til þess að ráða við eldinn, eða hafi áður gert fullnægjandi ráðstafanir með jarðrásum eða á annan hátt, til þess að halda sinueldinum innan þeirra marka, sem honum eru í upphafi sett, sbr. a.-lið.

3. gr.

Skylt er hverjum þeim, er sinubrennu framkvæmir, að sjá um, að stöðug gát sé höfð á sinueldinum og útbreiðslu hans.

4. gr.

Leita skal leyfis hreppstjóra, áður en sinubrenna er framkvæmd. Skal hreppstjóri gæta þess, að fullnægt sé skilyrðum þeim, er í 2. gr. getur, og má hann eigi leyfa brennuna, nema svo sé. Hreppstjóri getur og um stundarsakir synjað um leyfi til sinubrennu, ef hann vegna veðurs eða annarra mikilvægra ástæðna telur sérstaka hættu samfara framkvæmd fyrirhugaðrar brennu.

5. gr.

Hvarvetna skal óheimilt að brenna lyng- eða kjarrgróður, nema taka eigi land til ræktunar eða sérstakrar beitarræktunar, enda brjóti brennsla slíks gróðurs eigi í bág við ákvæði II. kafla laga nr. 3/1955, um skógrækt.

6. gr.

Sinu má aðeins brenna á tímabilinu frá 1. desember til 1. maí. Þó má veita leyfi til brennslu sinu og gróðurs þess, sem í 5. gr. getur, til 15. maí á svæðinu norðan Ísafjarðardjúps og norðan heiða allt austur að Fjarðarheiði og Breiðdalsheiði, ef veðrátta hamlar því, að mati hreppstjóra, að brenna sé framkvæmd fyrr, enda mæli sérstakar ástæður eigi gegn því.

7. gr.

Skylt er öllum þeim, sem ferðast um eða dvelja á jörðum eða lendum einstakra aðilja, almenningum, afréttum, þjóðgörðum eða öðrum þess konar friðuð-

um eða friðlýstum svæðum, að fara varlega með eld. Er óheimilt að gera eld á nefndum svæðum, nema tryggilega sé um hann búið í eldstæði eða hann kveiktur á þess konar jarðvegi, að ekki sé hætta á því, að hann breiðist út. Skal öllum skylt að gæta þess vandlega, að eldur sé að fullu kulnaður, áður en eldstæði er yfirgefið.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim, er þess verður var, að eldur er laus á þeim svæðum, er í 7. gr. getur, að tilkynna það umráðamanni lands eða því yfirvaldi, sem auðveldast er að ná til.

9. gr.

Ef tjón hlýzt á eign annars manns af völdum sinubruna, fer um bótaábyrgð eftir almenum reglum.

Sama gildir um bótaábyrgð þeirra, sem með gálausri meðferð elds verða valdir að tjóni á svæðum þeim, er í 7. gr. getur.

10. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum kr. 200.00—20 000.00, er renni í ríkissjóð.

11. gr.

Frá gildistöku laga þessara falla úr gildi ákvæði 29. kap. Llb. Jónsbókar um elds ábyrgð.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 146. Lög [5. mál]

um breyting á lögum nr. 50 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 5.

Sþ. 147. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Matthías Bjarnason, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum verði tryggð afnot raforku, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis. Skal í því sambandi athugað sérstaklega, hvernig sérvirkjunum verði við komið í þágu einstakra byggðarlaga og býla.

Greinargerð.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um framhald rafvæðingar landsins, er augljóst orðið, að vegna strjálbýlis á Vestfjörðum er ekki gert ráð fyrir, að allmargir sveitabæir í þessum landshluta fái raforku frá samveitum. Hins vegar er þörf fólksins í þessum héruðum fyrir lífsþægindi raforkunnar ekki minni en annars staðar. Án raforku getur nútímafólk ekki verið. Þess vegna verður að fara aðrar leiðir til þess að tryggja sveitum Vestfjarða raforku. Koma þar til greina sérvirkjanir fyrir einstök byggðarlög og aukin aðstoð hins opinbera við dieselorkuver í þágu einstakra býla og sveita. Flm. tillögu þessarar telja, að fólkið í hinni strjálustu byggð í landinu eigi ekki síður rétt á því en aðrir landsmenn að njóta lífsþæginda raforkunnar. Þess vegna beri að gera sérstakar ráðstafanir til þess að rafvæða strjálbýlustu sveitirnar.

Nd. 148. Frumvarp til laga [88. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stefáni Jasonarsyni hreppstjóra í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Stefáni Jasonarsyni bónda og hreppstjóra í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi í Árnessýslu.

Þessi jarðeign ríkisins hefur verið í eyði síðustu ár, og er ekki líklegt, að þar verði búið hér eftir.

Bréf hreppsnefndarinnar í Gaulverjabæjarhreppi um þetta mál er birt hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

HREPPSNEFND GAULVERJABÆJARHREPPS.

Þar sem ríkisjörðin Efri-Völlur hér í hreppi er nú í eyði og ekki líkur til þess, að þar setjist að bóndi, enda er jörðin landlítil og nær alveg mannvirkjalaus, og forráðamenn ríkisjarða (í jarðeignadeild) telja ýmis tormerki á að húsa jörðina, svo að hún verði hæf til búrekstrar á ný, — mælum við undirritaðir með því, að háttvirt Alþingi hlutist til um það, að Stefán Jasonarson bóndi í Vorsabæ fái ofangreinda jörð keypta.

Hefur hann tjáð oss, að kaup og afnot ofangreindrar jarðar séu mikilsverð vegna hans búrekstrar, enda liggja lönd jarðanna saman, og virðist okkur eðlilegt, að ofangreind jarðakaup fari fram.

Gaulverjabæjarhreppi, 30. nóv. 1965,

Tómas Tómasson. Jón Sigurðsson. Guðjón Sigurðsson.
Stefán Hannesson. Guðmundur Jónsson.

Nd. 149. Frumvarp til laga [89. mál]

um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

10. gr. laga nr. 30 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, hljóði svo:

Innheimta má af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum allt að 0.5% leyfisgjald af leyfisfjárhæðinni. Enn fremur má innheimta allt að 0.5% gjald af allri gjald-

eyrissölu bankanna. Tekjum af gjöldum þessum skal varið til greiðslu á kostnaði við úthlutun leyfa og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlitið, eftir nánari ákvörðun viðskiptamálaráðherra. Að öðru leyti renna tekjur þessar í ríkissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í gildandi lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl. er heimild til þess, að innheimt sé allt að 1% leyfisgjald af gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfum. Skal tekjum af gjaldi þessu varið til greiðslu kostnaðar við úthlutun leyfa og kostnaðar við verðlagseftirlit. Heimild þessi hefur ekki verið notuð til þess að innheimta nema 0.5% leyfisgjald. Á s. l. ári námu tekjur af þessum leyfisgjöldum um 6.9 milljónum króna. Til greiðslu á kostnaði við leyfaúthlutun var varið um 3.3 milljónum króna og til greiðslu á kostnaði við verðlagseftirlit um 3.6 milljónum króna.

Á undanförnum árum hefur innflutningur á æ fleiri vörutegundum verið gefinn frjáls. Leyfisgjald hefur því verið innheimt af minnkandi hluta gjaldeyrissölunnar. Í þessu frumvarpi er lagt til, að lögfest verði, að leyfisgjald megi vera áfram allt að 0.5% af leyfisfjárhæð eins og það hefur verið í reynd. Enn fremur er heimilað að innheimta gjald af allri gjaldeyrissölu bankanna, 0.5%, og skal tekjum af því gjaldi varið eins og tekjum af leyfisgjaldinu, þ. e. til greiðslu á kostnaði við úthlutun leyfa og við verðlagseftirlit, eftir nánari ákvörðun viðskiptamálaráðherra. Að öðru leyti skulu tekjur þessar renna í ríkissjóð. Ef heimild frumvarps þessa verður notuð að fullu, má áætla tekjur af þessu nýja gjaldi um 35 millj. kr. á næsta ári.

Ed. 150. Frumvarp til laga [90. mál]

um togarakaup ríkisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Björn Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða eða kaupa þrjá skuttogara með það fyrir augum, að þeir verði seldir bæjarútgerðum, félögum eða einstaklingum.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 150 millj. króna lán, er greiðist upp, er skipin hafa verið seld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Togaraútgerð hér á landi hefur átt við mikla örðugleika að etja síðustu árin. Ber margt til þess. Minni fiskgengd en áður á þau mið, sem íslenzkum togurum eru tiltæk, á að sjálfsögðu ríkan þátt í versnandi afkomu togaranna. En þar við bætist, að íslenzkir togarar eru um margt orðnir gamaldags og úreltir, krefjast fjölmennra áhafna og eru á margan hátt dýrir í rekstri.

Á síðari árum hefur orðið alger bylting í togarasmíði, veiðitækni og aflameðferð hjá ýmsum öðrum fiskveiðiþjóðum. Skuttogarar hafa komið til sögunnar og

eru að allra dómi stórfelld framför frá eldri gerðum togskipa. Vinnuaðstaða er þar allt önnur og miklu betri en á hinum gömlu togurum, tekizt hefur að koma þar við margvíslegri vinnuhagræðingu og vélvæðingu, sem leiðir til sparnaðar í mannafla.

Við Íslendingar stöndum í dag frammi fyrir þeirri staðreynd, að hinum gömlu togurum okkar fækkar stöðugt, en hinir, sem enn er haldið úti, berjast mjög í bökkum. Verði togaraflotinn ekki endurnýjaður á þann veg, sem hagkvæmastur verður talinn með hliðsjón af nútíma reynslu og tækni, blasir það við, að íslenzk togaraútgerð mun smám saman leggjast með öllu niður.

Að dómi flm. þessa frv. væri slíkt mjög óheillavænleg þróun, sem nauðsyn ber til að koma í veg fyrir. Við búum við gjöful fiskimið, sem eiga með hóflegri notkun að geta orðið okkur fengsæl, hér eftir sem hingað til. Keppikefli okkar hlýtur að vera að nýta öll fiskimiðin við strendur landsins á hagkvæman og skynsamlegan hátt, en eftirláta ekki verulegan hluta þeirra öðrum þjóðum eingöngu, eins og yrði, ef íslenzk togaraútgerð legðist niður.

Þær raddir heyrast öðru hverju nú í seinni tíð, að hinn stóri og sívaxandi bátafloti landsmanna eigi að geta leyst togarana af hólmi. Hér er um háskalegan misskilning að ræða. Enn er ekkert veiðarfæri til, sem komið getur í staðinn fyrir botnvörpuna, ef stunda á með árangri þorsk- og karfaveiðar á djúpmiðum allan ársins hring. Þá er og þess að geta, að verulegur hluti bátaflotans, þar á meðal öll stærstu og burðarmestu skipin, er nú farinn að stunda síldveiðar mestallt árið. Það eru aðeins minni bátarnir, sem stunda veiðar fyrir hraðfrystihúsin, en þeir eru að vonum mjög háðir fiskgengd á grunnmið, sem einatt er bundin tilteknum árstímum og reynist auk þess næsta stopul.

Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, er nauðsynlegt, að hið allra fyrsta sé hafizt handa um endurnýjun íslenzka togaraflotans. Verður við þá endurnýjun að byggja á reynslu þeirra fiskveiðiþjóða, sem beztum árangri hafa náð við gerð nýtízku skuttogara. Jafnframt þarf að samhæfa hina nýju tækni íslenzkum staðháttum, svo sem framast verður við komið. En okkur er einnig nauðsynlegt að afla sem fyrst dýrmætrar reynslu af útgerð slíkra skipa við þær aðstæður, sem hér eru. Sú reynsla fæst ekki með öðru móti en því, að byggðir verði eða keyptir tveir til þrír skuttogarar í tilraunaskyni. Um stærð þeirra og gerð yrði að sjálfsögðu að hlíta forsögn sérfróðra manna, erlendra og innlendra, jafnt um skipasmíðar sem togveiðar. Þessir fyrstu skuttogarar okkar mundu brátt gefa mikilvæga vísbendingu um það, hvort slík gerð togskipa ætti framtíð fyrir sér hér við land. Virðist skynsamlegt, að skip þessi væru ekki fleiri en þrjú í upphafi, meðan útgerð skuttogara væri hér á tilraunastigi. Hvort tveggja er, að gera má ráð fyrir, að þessi skipagerð taki enn þróun og breytingum hjá öðrum fiskveiðiþjóðum næstu árin, auk þess sem fullvíst má telja, að reynsla íslenzkra skipstjóra og útgerðarmanna gefi fljótt bendingar um eitt og annað, sem að gagni má koma við frekari endurnýjun togaraflotans.

Til þess að greiða fyrir framgangi þessa máls þarf aðstoð hins opinbera að koma til, bæði að því er varðar aðild að smíðasamningi og útvegun lánsfjár. Hins vegar er eðlilegt, að starfandi bæjarútgerðum og öðrum togarafélögum verði gefinn kostur á að eignast og reka hina nýju skuttogara, þegar þar að kæmi. Ef til vill reynist nauðsynlegt, meðan útgerð slíkra togara er á tilraunastigi hér, að hið opinbera styðji þær tilraunir með einhverjum hætti. Engan veginn er þó víst, að til þess þurfi að koma, umfram það, sem felst í fyrirgreiðslu varðandi lán til kaupanna. Þess er að vænta, að vel búnir skuttogarar sanni þegar hæfni sína og yfirburði fram yfir gömlu togarana, svo að útgerð þeirra verði ekki miklum örðugleikum háð.

Fyrir sameinuðu Alþingi liggur nú tillaga til þingsályktunar um athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans og endurnýjun hans. Er þar ráð fyrir því gert, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að rannsaka þessi mál í heild og gera tillögur um þau. Skal nefndin hafa um þetta verkefni sitt náið samstarf við samtök togaraeigenda og togarasjómanna. Verði sú tillaga samþykkt, mætti telja eðlilegt, að þeirri

nefnd yrði falið að hafa með höndum undirbúning að togarakaupum þeim, sem um er fjallað í þessu frv. En þar sem brýna nauðsyn ber til, að sem allra fyrst sé hafizt handa um öflun skuttogara í tilraunaskyni, telja flm. rétt, að Alþingi veiti nú þegar nauðsynlega heimild til að láta byggja eða kaupa allt að þrjá slíka togara.

Sþ. 151. Nefndarálit [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur eins og áður unnið að undirbúningi og gerð tillagna um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin notið aðstoðar og tillagna forstjóra Skipaútgerðar ríkisins við þetta verk. En hann hefur aflað upplýsinga um rekstur og afkomu einstakra flóabáta og samgöngufyrirtækja.

Allmikil hækkun hefur orðið á árinu á rekstrarkostnaði flóabátanna, og er afkoma sumra þeirra mjög léleg. Nefndin hefur því ekki komizt hjá að gera tillögur um hækkun framlaga til einstakra flóabáta. Er sú hækkun þó mun minni en á síðastliðnu ári.

Um rekstur og afkomu hinna einstöku flóabáta vill samvinnunefndin taka þetta fram:

Norðurlandssamgöngur.

Afkoma Norðurlandsbátsins Drangs hefur verið mjög léleg, og er í rekstraráætlun hans fyrir næsta ár reiknað með um 20% tekjurýrnun. Koma þar til greina ýmsar ástæður, svo sem þverrandi verkefni vegna opnunar nýs akvegasambands við Ólafsfjörð. Nefndin leggur til, að styrkur til Norðurlandsbáts hækki úr 1200 þúsund krónum í 1350 þúsund krónur. Það er skoðun nefndarinnar, að nauðsyn beri til að útvega útgerðarmanni Drangs lengri og hagstæðari lán í stað hinna erlendu lána, sem hvíla með allmiklum þunga á fyrirtæki hans.

Gert er ráð fyrir, að framlag til Strandabáts lækki úr 190 þúsund krónum í 60 þúsund krónur. Sprettur sú breyting af því, að akfært er nú orðið norður í Árneshrepp og því unnt að fella þessar ferðir að mestu niður. Sóttu forráðamenn byggðarlagsins því aðeins um lágan styrk til þess að halda uppi ferðum, ef nauðsyn bæri til framan af vori, ef snjóar kynnu að hindra umferð um hinn nýja veg. Jafnhliða hefur verið unnið að því, að flugsamgöngur að Gjögri í Árneshreppi yrðu styrktar með nokkru fjárframlagi.

Framlag til Haganesvíkurbáts er óbreytt, en styrkur til Hríseyjarbáts er hækkaður um 10 þúsund krónur. Þá er styrkur til Grímseyjarflugs hækkaður um 15 þúsund krónur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði óbreyttur, en bátnum hins vegar veittur 30 þúsund króna viðbótarstyrkur vegna vélarkaupa. Gert er ráð fyrir, að tíu þúsund krónum af rekstrarstyrknum til Flateyjarbáts á Skjálfanda verði varið til flugsamgangna við eyna.

Austfjarðasamgöngur.

Lagt er til, að styrkur til Mjóafjarðarbáts hækki um 5 þúsund krónur, en styrkur til Loðmundarfjarðarbáts verði óbreyttur. Styrkur til hins síðarnefnda verður þó því aðeins greiddur, að nýr aðili fáist til þess að annast ferðirnar.

Þá er gert ráð fyrir, að styrkur til snjóbifreiðar á Austfjörðum verði hækkaður úr 50 þúsund krónum í 100 þúsund krónur. Hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðar óskað þess, að reynt yrði að búa betur að þessum samgöngum. En snjóbifreiðin heldur uppi ferðum frá Seyðisfirði um Fjarðarheiði á Hérað.

Suðurlandssamgöngur.

Samvinnunefndin leggur til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu hækki um 50 þúsund krónur og til vöruflutninga til Öræfa um 15 þúsund krónur. Enn fremur er lagt til, að styrkur til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga hækki um 25 þúsund krónur.

Faxaflóasamgöngur.

H.f. Skallagrími voru á yfirstandandi ári veittar 1600 þúsund krónur í rekstrarstyrk að viðbættri 100 þúsund króna fjárveitingu vegna viðgerðar á heimildargrein fjárlaga, samtals 1700 þúsund krónur á þessu ári. Nú hefur fyrirtækið sótt um stóraukinn styrk, bæði vegna rekstrar síns og flokkunarviðgerðar á skipi sínu, m/s „Akraborg", samtals um 2 milljónir 650 þúsund krónur. Samvinnunefndin taldi sér ekki viðráðanlegt að verða við þessari ósk. Er það skoðun nefndarinnar, að nauðsynlegt sé að aðstoða Skallagrím h.f. til þess að taka lán til langs tíma vegna fyrrgreindra endurbóta á skipinu. Nefndin vildi þó koma eitthvað til móts við óskir Skallagríms og leggur því til, að fyrirtækinu verði veittur 300 þúsund króna styrkur vegna viðgerðar þeirrar, sem fram fór á skipinu á þessu ári. Hins vegar verði rekstrarstyrkur skipsins óbreyttur. Heildarframlagið til Skallagríms mundi því hækka um 200 þúsund krónur samkv. tillögu nefndarinnar.

Lagt er til, að framlag til Mýrabáts verði óbreytt.

Breiðafjarðarsamgöngur.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbátsins „Konráðs" verði óbreyttur. Er innifalið í styrkupphæðinni 20 þúsund króna framlag til ferða af Barðaströnd með beltisdráttarvél yfir Kleifarheiði til Patreksfjarðar, þegar snjóar hindra ferðir bifreiða á þessari leið. Enn fremur er lagt til, að Flateyjarbát verði veittur sami styrkur og á þessu ári vegna kaupa á hinum nýja bát, sem keyptur var til ferðanna á síðastliðnu ári. Hefur þessi nýi bátur reynzt vel og rekstur hans gengið sæmilega.

Þá er lagt til, að styrkur til Stykkishólmsbáts hækki um 150 þúsund krónur. Gert er ráð fyrir, að hinn nýi Stykkishólmsbátur, sem verið hefur í smíðum undanfarið, hefji ferðir í byrjun næsta árs.

Loks er lagt til, að styrkur til Langeyjarnesbáts hækki um 20 þúsund, enda bæti hann þjónustu sína við eyjar á sunnanverðum Breiðafirði og hafi m. a. viðkomu í Brokey og Öxney.

Vestfjarðasamgöngur.

M/s „Fagranes", sem Djúpbáturinn h.f. á Ísafirði rekur, hefur eins og undanfarin ár haldið uppi ferðum um Ísafjarðardjúp og til kauptúnanna í Vestur-Ísafjarðarsýslu. Má segja, að rekstur bátsins hafi á þessu ári gengið allvel. Er lagt til, að rekstrarstyrkur til hans hækki aðeins lítillega, eða upp í 1350 þúsund krónur.

Lagt er til, að framlag til þriggja smábáta á Vestfjörðum, Dýrafjarðarbáts, Patreksfjarðarþáts og Skötufjarðarbáts, verði óbreytt, en framlög til þessara báta hækkuðu nokkuð á síðastliðnu ári.

Samkvæmt framansögðu leggur samvinnunefnd samgöngumála til, að heildarfjárveiting til flóabáta og vöruflutninga verði á árinu 1966 8 372 000 kr. Er það rúmum 700 þúsund krónum hærra en á árinu 1965.

Nefndin leggur til, að heildarfjárhæðin skiptist þannig:

1.	Norðurlandsbáturinn Drangur	1350	þús. kr.
2.	Strandabátur	60	— —
3.	Haganesvíkurbátur	25	— —
4.	Hríseyjarbátur	50	— —
5.	Grímsey, vegna flugferða	50	— —
6.	Flateyjarbátur á Skjálfanda	100	— —
	Sami, vegna vélarkaupa	30	— —

7.	Loðmundarfjarðarbátur	50	þús. kr.
8.	Mjóafjarðarbátur	145	— —
9.	Til snjóbifreiðar á Austfjörðum	100	— —
10.	Til vöruflutninga á Suðurlandi	550	— —
11.	Til vöruflutninga til Öræfa	165	— —
12.	Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	300	— —
13.	H.f. Skallagrímur — „Akraborg“	1600	— —
	Sami, vegna viðgerðar	300	— —
14.	Mýrabátur	7	— —
15.	Flateyjarbátur á Breiðafirði	310	— —
	Sami, vegna kaupa nýs báts	200	— —
16.	Stykkishólmsbátur — „Baldur“	1450	— —
17.	Langeyjarnesbátur	100	— —
18.	Djúpbátur — „Fagranes“	1350	— —
19.	Dýrafjarðarbátur	35	— —
20.	Patreksfjarðarbátur	25	— —
21.	Skötufjarðarbátur	20	— —
	Samtals	8372	þús. kr.

Alþingi, 8. des. 1965.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.	Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.	Páll Þorsteinsson.	Björn Pálsson.
Sigurvin Einarsson.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Sig. Ágústsson.
Bjartmar Guðmundsson.	Guðl. Gíslason.	Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason.	Ingi R. Helgason.	

Sþ. 152. Nefndarálit [17. mál]

um till. til þál. um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað tillöguna og athugað umsagnir, sem fyrir liggja frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Félagi ísl. iðnrekenda, framleiðsluráði landbúnaðarins og Félagi ísl. fiskimjölsframleiðenda. Þeir fjórir aðilar, sem fyrst eru nefndir, telja allir, að tillagan hreyfi við þýðingarmiklu máli, og mæla með samþykkt hennar, en Félag ísl. fiskimjölsframleiðenda „telur sér ekki fært“ að mæla með tillögunni.

Það er sameiginlegt álit allsherjarnefndar, að markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna sé eitt þýðingarmesta viðfangsefni þjóðarinnar í dag. Áherzlu ber að leggja á meiri úrvinnslu íslenzkra hráefna, en eftir því sem sá iðnaður eykst og útflutningsvörur verða meira unnar en áður, verða markaðsmálin að sama skapi bæði þýðingarmeiri og erfiðari viðfangs. Íslenzkar iðnaðarvörur til útflutnings hljóta að mæta meiri samkeppni á mörkuðunum en hrávörurnar, og sala þeirra er háðari breytilegum smekk hins almenna neytanda. Þess vegna verður það brýnni þörf en áður að fylgjast með þörfum og óskum neytenda í markaðslöndunum og vinna að markaðsrannsóknum í stærri stíl en ætla má að einstakir útflytjendur hafi tök á.

Nefndinni virðist því eðlilegt, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á því, í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, hvernig þessum málum verði bezt fyrir komið,

og leggi niðurstöðurnar fyrir Alþingi til ákvörðunar um það, hvernig nauðsynlegum stuðningi verði bezt fyrir komið.

Allsherjarnefnd mælir því með samþykkt tillögunnar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og markaðsleit í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, og verði niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 8. des. 1965.

Sigurður Ingimundarson, form. Matthías Bjarnason, fundaskr. Einar Ágústsson, frsm.

Gísli Guðmundsson. Axel Jónsson. Ingi R. Helgason, Pétur Sigurðsson.

Sþ. 153. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	7. gr.	(Vextir af innlendum lánum). Fyrir „7 978 100“ kemur	8 514 265
2.	—	13. —	A. I. (Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum). Fyrir „170 000“ kemur	220 000
3.	—	13. —	F. III. 1. (Skipaskoðun ríkisins, laun). Fyrir „2 377 238“ kemur	2 527 238
4.	—	13. —	F. III. 3. (Skipaskoðun ríkisins, ferðakostnaður). Fyrir „375 000“ kemur	425 000
5.	—	13. —	F. XIII. Nýr liður: Til rekstrar sjómannaskóla í Vestmannaeyjum	225 000
6.	—	14. —	A. XI. 2. c. (Iðnskólar utan Reykjavíkur, annar kostnaður). Fyrir „971 250“ kemur	1 065 486
7.	—	14. —	A. XII. 23. Liðurinn orðast svo: Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:	
			a. Skólar, sem verið hafa í byggingu og á framkvæmdaáætlun 1965:	
			A. Greiðsluár 1956—1960:	
			1. Njarðvík	93 334
			2. Höfn, Hornafirði	83 334
			3. Mosvallaskólahverfi	150 000
			4. Reykhólar	187 500
			5. Patreksfjörður	232 796
			6. Egilsstaðir	200 000
			7. Laugaland, Holtum	722 877
			8. Laugaland, Þelamörk	1 523 907
			9. Keldunesskólahverfi	80 000
			B. Greiðsluár 1957—1961:	
			1. Varmárskóli	1 388 002
			2. Þorlákshöfn, 1 áf.	191 334

3.	Seltjarnarnes, 1. áf.	270 729
4.	Kleppjárnsreykir	270 000
5.	Nesjaskóli	475 000
6.	Hella, Rangárvöllum	111 671
7.	Mývatnssveit	566 667
8.	Leirárskóli	1 440 291
9.	Ólafsvík, 2. áf.	199 394
10.	Laugar, Dalasýslu	2 044 408
11.	Flateyri	74 000
12.	Laugardalur, Árnessýslu	186 787
13.	Sandgerði	135 526
14.	Reyðarfjörður	182 303
15.	Tálknafjörður	550 000
16.	Bíldudalur	675 000
C.	Greiðsluár 1961—1967:	
1.	Kolviðarnes	2 014 590
2.	Hallormsstaður	2 476 953
3.	Öxarfjörður	455 615
4.	Öngulsstaðaskólahverfi	70 000
5.	Bolungarvík	961 835
6.	Reykjadalur, S.-Þing.	244 000
7.	Ýmsir skólar	150 000
8.	Ísafjörður	1 460 375
9.	Garðaskólahverfi	721 875
10.	Raufarhöfn	902 083
11.	Vopnafjörður, 1. áf.	727 292
12.	Reykir, A.-Hún.	1 750 000
13.	Flúðir, Árnessýslu	3 749 550
14.	Akranes, 2. áf.	367 792
15.	Borgarnes, 2. áf.	663 334
16.	Íþróttahús í Ólafsvík	537 500
17.	Hvamms- og Dyrhólaskóli	552 600
18.	Seltjarnarnes, 2. áf.	995 653
19.	Íþróttahús, Dalvík	715 625
20.	Aðaldalur, 2. áf.	112 500
21.	Laugar, Dalasýslu, skólastjbst.	92 500
22.	Djúpárhreppur, skólastjbst.	194 688
23.	Hella, skólastjbst.	134 688
24.	Búðir, Fáskrúðsf., skólastjbst.	183 594
25.	Flateyri, skólastjbst.	89 400
26.	Grindavík, skólastjbst.	153 438
27.	Hólmavík, skólastjbst.	183 063
28.	Seyðisfjörður, skólastjbst.	189 063
29.	Keflavík, skólastjbst.	134 688
30.	Skjöldólfsstaðir, skólastjbst.	60 000
31.	Hvammstangi, skólastjbst.	165 782
D.	Greiðsluár 1964—1968:	
1.	Mývatnssveit, 2. áf.	165 000
2.	Svarfaðardalur	457 500
3.	Varmaland, Mýrasýslu	879 250
4.	Árskógsströnd	468 500
5.	Reykjadalur, S.-Þing., 2. áf.	712 500
6.	Rauðisandur	2 115 000

7. Hnífsdalur, skólastjbst.	180 000	
8. Selfoss, skólastjbst.	180 000	
		38 402 686

b. Skólar og íbúðir, sem ekki voru á framkvæmdaáætlun 1965. Skulu byggingar þessar teknar á framkvæmdaáætlun eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og byrjunarframkvæmdir háðar samþykki þess og skilyrðum:

A.

1. Kirkjubæjarklaustur	1 325 000	
2. Hellissandur, íþrh.	600 000	
3. Kleppjárnsreykir, 2. áf.	724 689	
4. Eskifjörður, íþrh.	630 000	
5. Klúka, Bjarnarfirði	607 500	
6. Blönduós, barnask.	300 000	
7. Laugar, Dalas., sundlaug	150 000	
8. Borgarfjörður eystri	450 000	
9. Vík, Mýrdal	425 000	
10. Reykhólar, sundlaug	116 625	
11. Skorrastaður, Norðfirði	600 000	
12. Þorlákshöfn, 2. áf.	199 250	
13. Hellissandur, skólabifreið	175 000	
14. Suðurfjarðaskólahv., skólabifr.	40 000	
15. Akranes, íþrh.	1 487 500	
16. Neskaupstaður, íþrh.	729 166	
		8 559 730

B.

1. Hveragerði	100 000	
2. Hraungerði	50 000	
3. Skagaströnd, íþrh.	100 000	
4. Njarðvík, íþrh.	175 000	
5. Stykkishólmur, íþrh.	100 000	
6. Æfingaskólinn, Rvík	300 000	
7. Garðaskólahv., íþrh.	100 000	
8. Stykkishólmur, barnask.	100 000	
9. Keflavík, sundlaug	50 000	
10. Háls- og Ljósavatnsskóli	250 000	
11. Sandgerði, íþrh.	100 000	
12. Skeiðaskóli	50 000	
13. Vatnsleysustr., íbúð	20 000	
14. Vopnafjörður, íbúð	20 000	
15. Grenivík, íbúð	20 000	
		1 535 000

C. Ný skólahús: Til undirbúningsframkvæmda án þess að fjárveitingin verði talin fyrsta greiðsla, sbr. ákvæði skólakostnaðarlaga nr. 41/1955:

1. Reykir, Miðfirði	400 000
2. Hafralækur, Aðaldal	400 000
3. Reykhólar	200 000
4. Svalbarðs- og Sauðanesskólahv.	200 000
5. Mýrarskólahverfi, V.-Ís.	200 000
6. Seltjarnarnes, íþrh.	300 000
7. Sauðárkrókur, sundlaug	200 000

8. Laugaland, Holtum, íbúð	100 000	
9. Svalbarðsströnd, S.-Þing.	200 000	
10. Eyrarsveit, íbúð	100 000	
11. Varmárskóli, íþrh.	900 000	
12. Þverárhreppur, V.-Hún.	200 000	
13. Lýsuhóll, Snæfellsnesi	100 000	
		3 500 000
		51 997 416

D. Skólar í þeim kaupstöðum, þar sem fleiri en einn skóli er á hvoru fræðslustigi. Framlög ríkissjóðs til barna- og gagnfræðastigsskóla eru tekin í einu lagi á fjárlög:

1. Reykjavík:		
a. Barnaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	3 388 608	
b. Gagnfræðaskólar, sem þegar hefur verið veitt fé til	11 377 133	
c. Nýir barna- og gagnfræðaskólar, Árbæjarskóli, Verknámsskóli, 2. áf., og Laugarásskóli ..	3 000 000	
		17 765 741
2. Akureyri:		
Barna- og gagnfræðaskólar og íþróttahús ...		1 990 000
3. Hafnarfjörður:		
a. Barnaskólar og íþróttahús	2 408 334	
b. Nýr gagnfræðaskóli: Gagnfræðask. Flensborg, 2. áf. ..	500 000	
		2 908 334
4. Kópavogur:		
a. Barna- og gagnfræðaskólar ...	4 197 491	
b. Nýir barna- og gagnfræðaskólar: Digranesskóli og Gagnfræðaskóli Vesturbæjar	2 000 000	
		6 197 491
		28 861 566

8. Við 14. gr. A. XII. 26. (Til kennaranámskeiða).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

9. — 14. — A. XIII. 1. c. (Alþýðuskólinn á Eiðum, hiti, ljós, ræsting).
Fyrir „550 000“ kemur 600 000

10. — 14. — A. XIII. 1. e. (Alþýðuskólinn á Eiðum, annar kostn.).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

11. — 14. — A. XIII. 2. f. (Héraðsskólinn í Reykholti, viðhaldskostnaður).
Fyrir „425 000“ kemur 525 000

12. — 14. — A. XIII. 3. f. (Héraðsskólinn að Núpi, viðhaldskostnaður).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000

13. — 14. — A. XIII. 8. f. (Héraðsskólinn að Laugarvatni, viðhaldskostnaður).
Fyrir „1 100 000“ kemur 1 300 000

14. — 14. — A. XIII. 38. Liðurinn orðast svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:

a. Skólar, sem verið hafa í byggingu og á framkvæmdaáætlun 1965:

A. Greiðsluár 1956—1960:		
1. Reykir, Hrútafirði	108 145	
2. Neskaupstaður	200 000	
3. Keflavík	177 332	
4. Laugarvatn	450 000	
5. Stykkishólmur	155 693	
B. Greiðsluár 1962—1966:		
Laugar, S.-Þing., 2. áf.	337 500	
C. Greiðsluár 1963—1967:		
1. Alþýðuskólinn Eiðum, 2. áf.	2 171 750	
2. Selfoss, 1. áf.	875 000	
3. Núpur	4 219 250	
D. Greiðsluár 1964—1968:		
1. Reykir, Hrútafirði, 2. áf.	2 005 000	
2. Reykjanes, 2. áf.	2 321 100	
3. Reykholt, 2. áf.	836 250	
4. Núpur, kennarabúst.	136 250	
5. Skógar	1 266 250	
		15 259 520

b. Gagnfræðaskólar, sem ekki er byrjað á og ekki voru á framkvæmdaáætlun 1965. Skulu byggingar þessar teknar á framkvæmdaáætlun eftir ákvörðun menntamálaráðuneytisins og byrjunarframkvæmdir háðar ákvörðun þess og skilyrðum:

A.		
1. Laugar, S.-Þing.	750 000	
2. Sauðárkrókur	900 000	
		1 650 000
B.		
1. Keflavík	700 000	
2. Reykir, Hrútafirði, 3. áf.	700 000	
3. Húsavík	900 000	
4. Reykholt, íþrh.	700 000	
		3 000 000

C. Ný skólahús: Til undirbúningsframkvæmda, án þess að fjárveitingin verði talin fyrsta greiðsla, sbr. ákvæði skólakostnaðarlaga nr. 41/1955:

1. Héraðssk. Reykjanesi, 3. áf.	830 000	
2. Akranes, 2. áf.	250 000	
3. Hrafnagil	200 000	
4. Reykholt (Smiðjuholt)	300 000	
5. Ólafsfjörður	200 000	
		1 780 000
		21 689 520

15. Við 14. gr. A. XIII. 47. (Til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

16. — 14. — A. XVIII. 1. k. (Viðhaldskostnaður íþróttavalla).
Fyrir „25 000“ kemur 75 000

17. — 14. — A. XVIII. 4. (Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar).
Fyrir „100 000“ kemur 119 000

18. Við 14. gr. A. XXVII. (Til Skáksambands Íslands).
Fyrir „75 000“ kemur 125 000

19. — 14. — A. XLVII. Nýr liður:
Til rannsókna á félagslegum högum stúdenta 50 000

20. — 14. — B. XVI. Nýr liður:
Til náttúruverndarráðs, ferðakostnaður vegna sérstakra rannsókna 25 000

21. — 14. — B. XX. (Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi o. fl.).
Fyrir „1 830 400“ kemur 1 880 400

22. — 14. — B. XXV. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „3 100 000“ kemur 3 400 000

23. — 14. — B. LVIII. Nýir liðir:
a. Til endurbóta á húsi Bjarna riddara Sívertsens (síðari greiðsla) 100 000
b. Til dr. Sigurðar Jónssonar til rannsókna á sjávargróðri við strendur landsins 50 000

24. — 15. — XV. (Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

25. — 16. — A. 18. Liðurinn orðist svo:
Til fyrirhleðslna:

a. Þverá og Markarfljót	400 000	
b. Kelduá í Fljótsdal	60 000	
c. Stigá í Öræfum	60 000	
d. Kaldaklifsá, Svaðbælisá og Laugará	140 000	
		660 000

26. — 16. — A. 19. Liðurinn orðist svo:
Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:

1. Holtsá í Fróðárhreppi	20 000	
2. Miðá í Dölum hjá Hundadal	20 000	
3. Víðidalsá hjá Víðidalstungu	50 000	
4. Vatnsdalsá hjá Saurbæ	50 000	
5. Héraðsvötn austan vatna	80 000	
6. Svartá við Ártún	40 000	
7. Giljá í Austur-Húnavatnssýslu	20 000	
8. Skálará og Nípá í Suður-Þingeyjarsýslu ..	25 000	
9. Norðfjarðará í Norðfirði	25 000	
10. Norðurdalsá í Breiðdal	40 000	
11. Tunguá í Fáskrúðsfirði	10 000	
12. Hofsá í Álftafirði	65 000	
13. Djúpá hjá Kálfafelli	30 000	
14. Djúpá hjá Maríubakka	10 000	
15. Fossálar á Síðu	40 000	
16. Skaftá við Stjórnarsand	10 000	
17. Eldvatn hjá Syðri-Fljótum	20 000	
18. Kúðafljót	40 000	
19. Miðskálaá, Holtsá og Írá	30 000	
20. Stóra-Laxá hjá Hlíð	30 000	
		655 000

27. — 16. — A. 20. i. (Til sjóvarnargarða). Nýr liður:
Stokkseyri 100 000

28. — 16. — A. 23. k. (Til skógræktarfélaga).
Fyrir „640 000“ kemur 800 000

29. Við 16. gr. A. 26. a. (Veiðimálaskrifstofan, laun).
Fyrir „446 724“ kemur 621 724

30. — 16. — A. 42. j. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar skóla:

1. Eldri áfangar:		
a. Varmaland	580 000	
b. Staðarfell	30 000	
c. Laugaland	70 000	
d. Hallormsstaður	40 000	
		720 000
2. Greiðsluár 1964—1968:		
a. Laugarvatn	2 527 000	
b. Blönduós, kennarabúst.	987 000	
c. Hallormsstaður, kennarabst.	366 000	
		3 880 000

31. — 16. — A. 49. Nýr liður:
Til landþurrkunar á Eyjum í Út-Hjaltastaðaþinghá 50 000

32. — 16. — B. 11. (Mat á sjávarafurðum).
a. Við a. 1. (Fiskmat, laun).
Fyrir „2 148 792“ kemur 2 298 792
b. Við c. (Ferðakostnaður matsmanna).
Ryrir „648 000“ kemur 698 000

33. — 16. — B. 14. Nýr liður:
Verðlagsráð sjávarútvegsins 1 000 000

34. — 16. — C. 8. (Bygging iðnskóla á Akureyri).
Fyrir „750 000“ kemur 900 000

35. — 16. — E. I. 4. a. (Hafrannsóknastofnun, laun).
Fyrir „4 389 196“ kemur 4 514 196

36. — 16. — E. I. 5. (Rannsóknastofnun landbúnaðarins).
a. Við a. (Laun).
Fyrir „2 491 264“ kemur 2 350 914
b. Við b. (Annar kostnaður).
Fyrir „2 710 000“ kemur 2 850 000

37. — 16. — E. II. 4. (Til rannsóknaráðs, annar kostnaður).
Fyrir „350 000“ kemur 550 000

38. — 16. — E. IV. (Verzlunarskólar o. fl.).
a. Við 1. (Til Verzlunarskóla Íslands).
Fyrir „2 898 500“ kemur 3 098 500
b. Við 2. (Til Samvinnuskólans).
Fyrir „900 000“ kemur 1 000 000

39. — 17. — I. 2. (Til Bjargráðasjóðs Íslands).
Fyrir „975 000“ kemur 1 950 000

40. — 17. — I. 3. (Til vatnsveitna samkv. lögum).
Fyrir „1 600 000“ kemur 1 800 000

41. — 17. — I. 3. Nýir liðir:
a. Til vatnsveitu í Staðarsveit 40 000
b. Til borunar eftir neyzluvatni á Eyrarbakka 50 000
c. Til vatnsveitu vegna Borga í Hornafirði 20 000

42. — 17. — III. 4. (Til Alþýðusambands Íslands).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000

43. — 17. — V. 8. b. (Til starfskvennaskóla).
Fyrir „125 000“ kemur 160 000

44. Við 17. gr. V. 10. f. (Til dagheimila, byggingarstyrkir). Nýr liður:
Á Selfossi 75 000

45. — 17. — V. 7. Nýr liður:
Til sjúkraflugs í Árneshreppi 25 000

46. — 17. — V. 19. a. (Til Ungmennafélags Íslands).
Fyrir „200 000“ kemur 250 000

47. — 17. — V. 19. g. (Til Æskulýðssambands Íslands).
Fyrir „50 000“ kemur 80 000

48. — 18. — II. a.

a. Niður falla þessir liðir:
1. Karl Steingrímsson, fyrrv. fiskmatsm.
2. Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskmatsm.

b. Við bætist í stafrófsröð:

1.	Alexander Guðbjartsson, fyrrv. kennari	15 000.00
2.	Arndís Þorsteinsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
3.	Benedikt Benediktsson, fyrrv. fiskmatsmaður ...	8 000.00
4.	Eiríkur Albertsson, fyrrv. sóknarprestur, biðlaun	48 963.00
5.	Eyjólfur Hallfreðsson, fyrrv. póstur	8 000.00
6.	Eyjólfur Hannesson, fyrrv. símstjóri	20 000.00
7.	Fríða Sigurbjörnsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
8.	Guðmundur Pétursson, fyrrv. útsölustj. Áfengisverzlunar ríkisins	10 000.00
9.	Helgi Ágústsson	20 000.00
10.	Herdís Finnbogadóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
11.	Hermína Gísladóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
12.	Ingibjörg Guðmundsdóttir, fyrrv. kennari	20 000.00
13.	Júlíana Sigurðardóttir, fyrrv. símaafgreiðslukona	30 000.00
14.	Páll Erlendsson, fyrrv. söngstjóri	15 000.00
15.	Sigríður Ásgeirsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
16.	Sigríður Björnsdóttir, fyrrv. kennari	10 000.00
17.	Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6 000.00
18.	Steindór Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður	8 000.00
19.	Þorbergur Þorvaldsson, fyrrv. póstur	9 000.00

c. Eftirfarandi liðir breytast:

1.	Gunnfríður Jónsdóttir, myndhöggvari. Fyrir „15 000.00“ kemur	30 000.00
2.	Jón Hallgrímsson, fyrrv. starfsmaður áfengisverzlunarinnar. Fyrir „20 000.00“ kemur	25 000.00
3.	Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður. Fyrir „10 000.00“ kemur	20 000.00

49. — 18. — II. b.

a. Niður falla þessir liðir:
1. Hildur Björnsdóttir.
2. Hlín Johnson.

b. Við bætast í stafrófsröð:

1.	Ágústa Thors	55 000.00
2.	Anna Tómasdóttir	12 000.00
3.	Eufemía Ólafsdóttir	25 000.00
4.	Guðný Gilsdóttir	8 000.00
5.	Guðný Petersen	13 000.00
6.	Guðrún Valborg Haraldsdóttir	10 000.00
7.	Lára M. Vigfúsdóttir	20 000.00

8. Rósa Þórarinsdóttir 10 000.00
9. Sigrún Hafstein 10 000.00

c. Eftirfarandi liðir breytast:

1. Guðbjörg Guðmundsdóttir.
Fyrir „7 010.00“ kemur 10 000.00
2. Irma Weile Jónsson.
Fyrir „15 000.00“ kemur 25 000.00
3. Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja.
Fyrir „3 807.00“ kemur 6 000.00
4. Margrét L. Lárusdóttir.
Fyrir „5 077.00“ kemur 6 000.00

50. Við 19. gr. 7. (Hækkun útgjalda vegna launahækkunar).
Fyrir „100 000 000“ kemur 107 000 000

51. — 20. — Út. XII. 15. (Til íþróttakennaraskóla Íslands).
Fyrir „560 000“ kemur 1 000 000

52. — 20. — Út. XIII. (Til bygginga á prestssetrum).
Fyrir „3 600 000“ kemur 3 900 000

53. — 20. — Út. XLVI. Nýr liður:
Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri 215 000

54. — 22. — VI. Nýr liður:
Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem Eðlisfræðistofnun háskólans á kost á frá bandarískum vísindastofnunum.

55. — 22. — VIII. Nýir liðir:

a. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af dísilvélasamstæðu fyrir Rafveitu Siglufjarðar.
b. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af viðgerðarkostnaði rafals hjá Rafveitu Ísafjarðar.
c. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélasamstæðu og efni Rafveitu Snæfjallahrepps.
d. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum til niðursuðu sjávarafurða til útflutnings fyrir K. Jónsson & Co., Akureyri, og Niðursuðu- og hraðfrystihús Langeyrar.
e. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað.

56. — 22. — XV. Nýr liður:
Að taka allt að 4 millj. kr. að láni handa jarðhitasjóði.

57. — 22. — XXI. (Aðstoðarskip við fiskiflotann).
Aftan við liðinn bætist: gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, og að fullnægðum þeim skilyrðum, sem hún kann að setja.

58. — 22. — XXII. Nýir liðir:

a. Að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
b. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir „Icelandic Arts and Crafts“, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, enda hafi hlutafjárloforð verið greidd að fullu.
c. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir Umferðarmiðstöðina í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
d. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi vegna flokkunarviðgerðar Akraborgar, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

59. Við 22. gr. XXIV. Nýir liðir:
    a. Að selja sýslumannsbústaðinn á Eskifirði ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
    b. Að leyfa Innkaupastofnun ríkisins að selja Landgræðslusjóði húseignina Ránargötu 18, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.

Nd. 154. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, en ekki orðið til fulls sammála um afgreiðslu þess. Frv. um sams konar efni var af hálfu ríkisstjórnarinnar flutt í neðri deild á síðasta þingi, en náði eigi lengra fram að ganga en til 2. umræðu. Þá fluttum við undirritaðir tvær höfuðbreytingartillögur við frv. Gáfum við út nefndarálit, þar sem við röktum málsefni og rökstuddum till. Önnur var sú, að minnst ¾ hlutar hlutafjár í hlutafélögum skyldu vera eign íslenzkra ríkisborgara. Hin, að ráðherra skyldi því aðeins heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum frv., sem talin eru upp í 1. gr., 1.—4. tölulið, að aðili hefði öðlazt fasteignina við hjúskap eða erfðir. Nú, þegar frv. kemur fyrir þingið í annað sinn, hefur sú breyting verið á gerð, að ⅘ hlutar hlutafjár í hlutafélagi skuli minnst vera í eign íslenzkra ríkisborgara. Er þannig komið vel til móts við tillögu okkar um þetta atriði og er allt gott um það.

Í frv., eins og það liggur fyrir nú, er óbreytt ákvæðið um heimild ráðherra að víkja frá öllum skilyrðum, sem talin eru í 1. gr., 1.—4. tölulið, ef ráðherra sýnist ástæða til. Ekki þurfi ríkisborgararétt til eignar eða afnota fasteignar, ganga megi fram hjá skilyrðinu um lágmark hlutafjáreignar á íslenzkra höndum o. s. frv. Okkur þykir sem fyrr þessi óhefta heimild ráðherra fráleit. Mætti eins hugsa sér að hafa engin skilyrði uppi í frv. og láta þessi mál einungis vera á valdi ráðherra til úrlausnar hverju sinni. Við undirritaðir teljum, að löggjafinn hljóti að leggja á það þunga áherzlu, að skilyrðin fyrir þeirri réttindanautn, sem hér ræðir um, svo þýðingarmikil sem þau eru og nauðsynleg, séu fyrir hendi og framkvæmdavaldinu markaður sem þrengstur bás til undanþágu. Standi sérstaklega á og um er að tefla aukna aðstöðu útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi, er að okkar áliti sjálfsagt, að það sé fyrst og fremst löggjafans að meta hverju sinni allar aðstæður og þá hagsmuni, sem til staðar eru taldir vera, og ráða fram úr þeim vanda. Þó að hinar Norðurlandaþjóðirnar hafi rúmar heimildir um undanþágur úr hendi ráðherra, þegar lögmælt skilyrði eru eigi fyrir hendi, getum við Íslendingar engan veginn fylgt þeirra fordæmi að þessu leyti vegna margvíslegrar sérstöðu okkar.

Við undirritaðir leggjum því til, að ráðherra sé, ef ástæða þykir til, einungis heimilt að veita aðila, sem eigi fullnægir skilyrðunum, leyfi til þess að eiga fasteign, ef þessi aðili hefur eignazt fasteignina við hjúskap eða erfðir eða öðlazt fasteignarréttindi fyrir gildistöku laga þessara.

Aðrar tillögur okkar til breytingar á frv. eru til samræmis höfuðbreytingartill. okkar.

Alþingi, 8. des. 1965.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Nd. 155. Frumvarp til laga [91. mál]

um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af lánum, sem þeim hafa verið veitt úr ríkissjóði samkvæmt heimildum í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og undanfarinna ára.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að breyta lánum Raforkusjóðs til rafmagnsveitna ríkisins, sem veitt hafa verið af eigin fé sjóðsins, í vaxta- og afborganalaus lán fyrst um sinn. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af skuld þeirra við Ríkisábyrgðasjóð eins og hún er við lok árs 1965.

4. gr.

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitna ríkisins.

Dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, skal greiða verðjöfnunargjald á sama hátt.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar miðast við það magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjald samkvæmt þessari grein miðast við mesta afhent afl hvers almanaksárs, mælt sem mesta meðalafl á 30 mínútum, og afhenta orku, hvort tveggja eins og það mælist við afhendingu til kaupanda samkvæmt 1. mgr. eða úr orkuveri samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fái dreifiveita raforku bæði frá eigin orkuveri og keypta frá öðrum aðilum, miðast gjaldskylda við mesta álag veitunnar að frádregnu aðkeyptu afli.

5. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:

Aflgjald: 200.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald: 2 aurar fyrir hverja kWst.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksár. Skal verðjöfnunargjald endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 millj. króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

6. gr.

Raforkusala til Áburðarverksmiðjunnar h/f skal ekki vera gjaldstofn til greiðslu verðjöfnunargjalds samkvæmt lögum þessum.

Aflgjald vegna sérstaks umframálags að nóttu til vegna hitunar, á orkuveitusvæði Laxárvirkjunar, skal vera 50 krónur á kW á ári.

7. gr.

Heimilt er seljendum raforku að hækka söluverð raforku í heildsölu og til notenda sem gjaldinu nemur.

8. gr.

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjaldið miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal Rafmagnsveitum ríkisins strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða Rafmagnsveitur ríkisins áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrirfram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita Rafmagnsveitum ríkisins allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem rafmagnsveiturnar telja sig þurfa til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

9. gr.

Verði greiðsludráttur á verðjöfnunargjaldi samkvæmt lögum þessum, falla dráttarvextir á skuldina, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst fram yfir gjalddaga.

10. gr.

Rísi ágreiningur um mælingu eða útreikning gjaldstofns samkvæmt lögum þessum, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms, þar sem hvor aðili tilnefnir einn gerðardómsmann.

Komist dómurinn þannig skipaður að sameiginlegri niðurstöðu um málalok, skal sú niðurstaða gilda og hvor aðili bera sinn helming kostnaðar við dóminn.

Komi gerðardómsmenn aðila sér ekki saman um niðurstöðu eða annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðardómsmann, skal yfirborgardómarinn í Reykjavík tilnefna einn mann í dóminn og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn, en ella meiri hluti.

Gerðardómurinn setur sér sjálfur starfsreglur.

Niðurstaða gerðardómsins þannig skipaðs skal vera endanleg fyrir báða aðila. Í niðurstöðum skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við gerðardóminn eftir málsatvikum.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Rafmagnsveitur ríkisins, þar með taldar Héraðsrafmagnsveitur ríkisins, hafa undanfarin ár verið reknar með halla. Rekstrarhalli er nú yfir fimm tugi milljóna á ári. Þessar rafmagnsveitur ríkisins hafa fengið það hlutverk að annast að langmestu leyti rafvæðingu og rekstur á rafveitum í hinum strjálbýlli hlutum landsins. Rafvæðing dreifbýlisins er miklu kostnaðarsamari og hlýtur að hafa í för með sér miklu meiri fjárhagsörðugleika en rafvæðing þéttbýlisins. Kemur þar margt til.

Er þá fyrst að nefna, hversu miklu dýrari flutningur og dreifing raforku er í strjálbýli en þéttbýli. Þannig er lengd háspennuveitna hjá Rafmagnsveitum ríkisins og Héraðsrafmagnsveitum ríkisins allt að því 20 sinnum meiri en hjá þéttbýlis-

veitunum, t. d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Sogsvirkjuninni, ef miðað er við fjölda rafmagnsnotenda. Tala spennistöðva er einnig 10 til 20 sinnum meiri. Þetta hefur ekki aðeins í för með sér meiri stofnkostnað heldur einnig meiri viðhaldskostnað.

Ofan á kostnaðinn af hinu dýra flutnings- og dreifikerfi Rafmagnsveitna ríkisins kemur svo það, að framleiðslukostnaður á raforku í hinum strjálbyggðu hlutum landsins, sérstaklega á Austurlandi og Vestfjörðum, er mjög hár. Vegna þess hve markaður er takmarkaður, hefur orðið að ráðast í tiltölulega litlar og dýrar virkjanir, sem reynast þungur baggi á Rafmagnsveitum ríkisins. Einnig er mikill hluti raforkunnar á ýmsum stöðum á landinu framleiddur í dísilrafstöðvum á háu verði, enda þótt stofnkostnaður sé tiltölulega lágur. Þessi hái raforkukostnaður mun halda áfram þangað til hægt verður að tengja raforkukerfið saman í stærri heildir, er geti fengið orku frá stærri og hagkvæmari orkuverum. Ríkisstjórnin telur þetta eiga að vera eitt höfuðmarkmiðið í raforkumálum hér á landi í framtíðinni.

Rafmagnsveitur ríkisins og Héraðsrafmagnsveitur ríkisins hafa ávallt selt raforku við hærra verði en aðrar rafveitur landsins, er aðeins selja raforku í þéttbýli. Þrátt fyrir það hafa tekjur rafmagnsveitna ríkisins hvergi nærri nægt fyrir útgjöldum og því er sá halli tilkominn, sem nú þarf að horfast í augu við. Nú er það svo, að ríkissjóður hefur þegar um langt skeið lagt rafmagnsveitum ríkisins til óendurkræf og vaxtalaus framlög til nýbygginga veitukerfisins. Framlag þetta, sem nú er orðið á annað hundrað milljónir króna samtals, má líta á sem framlag ríkissjóðs til verðjöfnunar á rafmagni milli strjálbýlisins og þéttbýlisins, en þetta hefur ekki nægt og nokkur hluti samansafnaðs halla hefur verið jafnaður með lántökum en að öðru leyti hefur hann komið fram í skuldasöfnun við ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð. Hækkun á raforkuverði til þeirra neytenda, er raforku fá frá Rafmagnsveitum ríkisins, til þess að komast hjá áframhaldandi hallarekstri er að dómi ríkisstjórnarinnar ekki fær leið. Frekara misræmi á raforkuverði í landinu má ekki skapast. Á komandi árum verður stefnt að meiri jöfnuði raforkuverðsins eftir því sem samtengingu raforkukerfisins miðar áfram og möguleikar skapast til að dreifa ódýrri raforku til fleiri landshluta. Þangað til verður að afla fjár á annan hátt til að leysa þau fjárhagsvandamál, sem við er að etja og stafa fyrst og fremst af þeim mikla kostnaði, sem lagður er í rafvæðingu hinna strjálbýlli hluta landsins. En með því að rafvæðing landsins er mál, sem öll þjóðin hefur sameinazt um að fylgja, er eðlilegt að byrðar, sem af henni leiðir, séu lagðar á þjóðarheildina. Með frumvarpi þessu er lagt til, að þess fjár, sem þörf er á í þessu skyni, verði aflað með ferns konar ráðstöfunum, í fyrsta lagi algerri eftirgjöf lána, sem Rafmagnsveitum ríkisins hafa verið veitt á undanförnum árum skv. sérstakri heimild í fjárlögum, öðru lagi greiðslufresti á lánum, sem rafmagnsveiturnar hafa fengið úr raforkusjóði af eigin fé sjóðsins, í þriðja lagi eftirgjöf skuldar, sem Rafmagnsveitur ríkisins eru komnar í við Ríkisábyrgðasjóð og í fjórða lagi með því að gera þeim fyrirtækjum, sem vinna raforku og/eða selja hana í heildsölu, að greiða verðjöfnunargjald.

Við setningu fjárlaga fyrir árið 1965 var þegar gert ráð fyrir, að rafmagnsveitunum yrðu gefnar eftir vaxtagreiðslur og afborganir af skuldum veitnanna við ríkissjóð og raforkusjóð; samtals nam þessi ráðgerða eftirgjöf 13.8 Mkr. Veita 1. og 2. gr. þessa frumvarps heimild fyrir þeim eftirgjöfum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Frumvarpsgreinin veitir ríkisstjórninni heimild til eftirgjafar á höfuðstól og vöxtum lána, sem veitt hafa verið samkvæmt heimild í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og fyrr. Í september s. l. námu þessi lán samtals um 57 milljón krónum. Eftirgjöf þessa má líta á sem stofnfjárframlag ríkissjóðs til framkvæmda rafmagnsveitna ríkisins á liðnum árum.

Um 2. gr.

Frumvarpsgreinin er sama eðlis og fyrsta grein, en rétt þykir að gera ekki ráð fyrir eftirgjöf á höfuðstól lána, sem raforkusjóður hefur veitt rafmagnsveitum ríkisins af eigin fé sínu. Með þessu er viðurkennd nauðsyn þess, að raforkusjóður sé fjárhagslega öflugur og höfuðstóll hans skuli ekki skertur. Í september voru lán þau, sem hér um ræðir, að fjárhæð 98.8 Mkr.

Um 3. gr.

Skuldir rafmagnsveitna ríkisins við Ríkisábyrgðasjóð verða við árslok 1965 96.58 millj. kr. Í fjárhagsáætlun rafmagnsveitnanna fyrir árið 1966 er reiknað með 10 millj. krónum til greiðslu vaxta og afborgana af þessari skuld. Eftirgjöf hennar mun þá lækka útgjaldahlið fjárhagsáætlunarinnar um þá upphæð.

Um 4. gr.

Í athugasemdum við 16. gr. D. III fjárlagafrumvarps fyrir árið 1966 er gert ráð fyrir, að rafmagnsveitum ríkisins sé séð fyrir tekjuauka, sem nægi til að greiða rekstrarhalla veitnanna.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir tekjuöflun í þessu skyni á þann veg að gera þeim, sem selja raforku í heildsölu, að greiða til Rafmagnsveitna ríkisins og Héraðsrafmagnsveitna ríkisins verðjöfnunargjald, sem miðast við magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjaldið miðast þó einungis við raforku, sem seld er til dreifiveitu eða beint til notenda frá aðalorkuveitu, en ekki þá, sem seld er til annars heildsölufyrirtækis til endursölu, einnig í heildsölu.

Sérstakt ákvæði er í 2. mgr. greinarinnar, sem kveður svo á að dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, greiði verðjöfnunargjald á sama hátt. Eru í síðustu mgr. greinarinnar nánari ákvæði þar að lútandi.

Jafnframt er vert að benda á, að hér er einungis um að ræða raforku, sem dreifiveita framleiðir í eigin orkuveri. Raforkuver, sem einhver aðili, svo sem síldarverksmiðjur, frystihús, gistihús, skóli eða einstakur bóndi, hefur komið sér upp og rekur eingöngu í eigin þarfir, er ekki gjaldskylt. Er ekki talið sanngjarnt, að þeir aðilar, sem ekki njóta sameiginlegrar þjónustu að þessu leyti, leggi fram fé til að ná þeim markmiðum, sem lög þessi þjóna, ef samþykkt verða.

4. og 5. mgr. 4. gr. kveða nánar á um aðferð við ákvörðun á upphæð verðjöfnunargjalds, mælingu afls og orku.

Um 5. gr.

Frumvarpsgreinin kveður á um fjárhæð verðjöfnunargjalds. Hún miðast bæði við afl og orku og skal vera kr. 200.00 á ári á kW og 2 aurar á kWst, mælt á þann hátt er í 4. gr. segir. Áætlað er að heildarupphæð verðjöfnunargjaldsins verði þá á árinu 1966 um 35 millj. kr. Þar af er sá hlutinn, er miðast við afl, um það bil þrír fjórðu hlutar.

2. mgr. greinarinnar kveður á um árlega endurskoðun verðjöfnunargjaldsins. Er gert ráð fyrir, að með slíkri endurskoðun sé komið í veg fyrir, að verðjöfnunargjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, en fjárhæð þess ákveðin þannig, að heildartekjur af gjaldinu verði 35 millj. króna á ári.

Um 6. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma sérákvæði vegna sérstakra samninga um sölu raforku til Áburðarverksmiðjunnar h/f og sölu næturálags til Rafveitu Akureyrar frá Laxárvirkjun vegna hitunar.

Gert er ráð fyrir, að verðjöfnunargjald falli ekki til vegna hinnar sérstæðu orkunotkunar Áburðarverksmiðjunnar h/f.

Sérákvæði er um aflgjald af áðurnefndu næturálagi vegna hitunar, sem sé 50.00 kr. kW. Nú er söluverð á kW fyrir venjulegt álag frá Laxárvirkjun til Rafveitu Akureyrar 1000 kr. á ári, en að því leyti sem hæsta næturálag fer yfir hæsta venjulegt álag er söluverðið kr. 150.00 á ári.

Um 7. gr.

Í frumvarpsgreininni er almenn heimild til hækkunar söluverðs á raforku sem gjaldinu nemur.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um gjalddaga, greiðslumáta raforkugjaldsins og uppgjör þess.

Bæði afl- og orkugjald greiðist mánaðarlega af raforkusölu næsta mánaðar á undan. Gjalddaginn er 15. dag mánaðarins. Orkugjaldið greiðist samkvæmt mælaálestri, sem fer fram við mánaðamót, en aflgjald greiðist að 1/12 hluta af ársgjaldinu samkvæmt áætlun með fullnaðaruppgjöri um áramót svo sem tekið er fram í greininni.

Þá kveður greinin á um skyldu til að hafa fullnægjandi mælitæki til mælingar afls og orku og að gefa upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum eftir því, sem með þarf til þess að ákveða upphæð verðjöfnunargjalds.

Um 9. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um dráttarvexti, sem falla á vangreitt raforkugjald, og þarfnast ekki skýringa.

Um 10. gr.

Frumvarpsgreinin fjallar um gerðardómsmeðferð ágreiningsmála, sem upp kunna að rísa um mælingar eða útreikning gjaldstofns. Greinin þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. janúar 1966 og tilsvarandi hækkanir heildsöluverðs og smásöluverðs taki gildi frá sama tíma.

Nd. 156. Nefndarálit [68. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (AJ) var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 10. des. 1965.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Hannibal Valdimarsson.
Ágúst Þorvaldsson.	Matthías Bjarnason.	Jón Skaftason.

Nd. 157. Nefndarálit [69. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt.
Einn nefndarmanna (AJ) var fjarverandi, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 10. des. 1965.

Guðl. Gíslason, form. | Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. | Hannibal Valdimarsson.
Ágúst Þorvaldsson. | Matthías Bjarnason. | Jón Skaftason.

Nd. 158. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins, en undirritaður meiri hl. n. mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 10. des. 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm. | Sigurður Ingimundarson, fundaskr. | Oddur Andrésson.
Jónas G. Rafnar.

Sþ. 159. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 9. Liðurinn orðast svo:
   Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna 66 500 000
2. Við 2. gr. 11. (Hluti af umboðsþóknun o. fl.).
   Liðurinn fellur niður.

Sþ. 160. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

I. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
   Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
   Fyrir „7 632 000“ kemur 8 372 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
   1. Við 16. gr. D. XI. (Jarðhitadeild). Tekjuliður orðast svo:
      ÷ Tekjur:
      1. Seld borverk 9 900 000
      2. Úr jarðhitasjóði 7 200 000
      3. Lánsfé 4 000 000
      21 100 000

2. Við 17. gr. V. 19. l. Nýr liður:
   Til íslenzkra ungtemplara vegna 50 ára afmælismóts Norræna ungtemplarasambandsins 50 000
3. Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:
   Að ábyrgjast fyrir h/f Fylki, Reykjavík, allt að 200 þús. sterlingspunda lán, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.

Nd. 161. Frumvarp til laga [92. mál]

um vinnuvernd, greiðslu vinnulauna, uppsagnarfresti o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

I. KAFLI
Holl og góð vinnuskilyrði.

1. gr.

Húsakynnum vinnustaðar skal ávallt haldið vel hreinum. Atvinnurekanda ber skylda til að sjá um, að hita- og rakastig andrúmslofts sé hæfilegt og loft án ryks, óþefs, reyks, svo og án óheilnæmra lofttegunda eða gufu.

Umferð um vinnustað sé hindrunarlaus og örugg. Lýsing skal vera góð og nægilegt loftrými á vinnustað, hvort tveggja þannig, að heilbrigðiskröfum sé örugglega fullnægt.

Á vinnustað eða í námunda við hann skal ávallt vera heilnæmt og gott drykkjarvatn, einnig nægilegt þvottavatn, svo og hæfileg tala salerna.

Upphituð og vistleg kaffistofa (matstofa) af hæfilegri stærð skal jafnan vera á vinnustað.

Þá skal á vinnustað hverjum vera aðstaða til að veita „hjálp í viðlögum", þegar slys eða sjúkdóma ber að höndum.

Nú fullnægir vinnustaður eigi skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisútbúnað og er heilbrigðisyfirvöldum og öryggiseftirliti þá heimilt að láta loka vinnustaðnum, ef ekki fæst úr bætt. Starfsmenn skulu í hvívetna gæta reglusemi og vandaðs og góðs hátternis á vinnustað.

II. KAFLI
Vinnutími og vinnutilhögun.

2. gr.

Almennur vinnutími er á tímabilinu kl. 8 til kl. 17. Vinna milli kl. 17 og 20 telst eftirvinna, nema öðruvísi sé ákveðið í stéttarfélagasamningi, og vinna milli kl. 20 og kl. 8 árdegis telst næturvinna, og má þá ekki vinna nema með leyfi viðkomandi stéttarfélags.

3. gr.

Maður, sem lokið hefur 8 stunda vinnudegi, er ekki skyldur til að vinna aukavinnu. Samfelldur hvíldartími verkamanns má aldrei vera skemmri en 9 klst. á sólarhring, og fjöldi yfirvinnu- og næturvinnutíma má aldrei fara fram úr 24 á viku. Sé um ákvæðisvinnu að ræða, má fjöldi yfirvinnu- og næturvinnustunda, eða aukavinnu, ef um vaktavinnu er að ræða, ekki fara fram úr 2 á dag og eigi fram úr 6 á viku. Með samþykki viðkomandi stéttarfélags má þó vinna í ákvæðisvinnu allt að 24 klst. í yfir- og næturvinnu á viku, ef um er að ræða björgun verðmæta frá skemmdum eða störf, sem almannaheill krefst, að unnin séu.

4. gr.

Stéttarfélag getur þó gert kjarasamning um, að unnið skuli að nóttu til, og einnig má í slíkum samningum ákveða vaktaskipan og setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

5. gr.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld vera frá kl. 15 til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag.

6. gr.

Um bráðnauðsynlega vinnu á sunnu- og helgidögum skal gera samning eða afla undanþágu viðkomandi stéttarfélags.

7. gr.

Vikulegur frídagur skal jafnan, ef því verður við komið, vera á sunnudegi.

Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

8. gr.

Almennur vinnutími starfsmanna má ekki vera lengri en 8 stundir á sólarhring og ekki lengri en 48 stundir á viku.

9. gr.

Á næstu 5 árum skal almennur vinnutími á viku styttast árlega um eina klukkustund án skerðingar heildartekna, þannig, að almenn vinnuvika sé eigi lengri en 43 stundir að þessum 5 árum liðnum.

10. gr.

Almennt deilist vinnutíminn á 6 daga í viku, en leyfilegt skal vera að gera samning við stéttarfélag um skiptingu á færri daga.

11. gr.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal hin almenna vinnuvika eigi vera lengri en 45 stundir.

12. gr.

Nú er unnið samfellt í námu eða jarðgöngum, og má vinnuvika þá ekki lengri vera en 40 stundir. Til vinnutíma telst einnig ferðatími í námu eða jarðgöngum.

III. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnu kvenna.

13. gr.

Konu skal vera heimilt að vera fjarverandi frá vinnu fyrstu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Hún getur og krafizt að mega vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót og þannig, að fjarvera sé að öllu leyti eða að hluta fyrir eða eftir fæðingu.

14. gr.

Krefjast má vottorðs frá lækni eða ljósmóður um, hvenær fæðing sé væntanleg. Tilkynna verður atvinnurekanda um fjarveru fyrir fæðingu með eigi skemmri en þriggja daga fyrirvara.

15. gr.

Ef kona sýnir með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem er afleiðing af þungun eða fæðingu, getur hún krafizt að mega vera fjarverandi frá vinnu umfram það, sem áður segir, allt að sex vikum fyrir eða eftir fæðingu.

16. gr.

Konu, sem er fjarverandi frá vinnu samkv. ákvæðum 13.—15. gr., má ekki segja upp starfi, þegar atvinnurekanda er ljóst, að fjarvera hennar er af þessum ástæðum, eða hún tilkynnir honum án tafar, að þessi er ástæðan fyrir fjarveru hennar. Hafi henni þegar verið sagt upp miðað við dag, er fellur innan ramma þess tímabils, sem getið er um í 13. gr., er uppsögnin gild, en uppsagnarfrestur lengist sem tímabilinu nemur.

Hafi vinnuráðning átt sér stað fyrir ákveðna, tímabundna vinnu, skal ákvæði þessarar greinar ekki beitt, þegar vinnunni er lokið, áður en konan mætir aftur til vinnu.

17. gr.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur krafizt frítíma, sem hún þarf vegna þess, og eigi skemur en hálfa stund tvisvar sinnum á dag.

IV. KAFLI

Sérstök ákvæði um vinnuvernd barna og unglinga.

18. gr.

a. Barn er skv. lögum þessum sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri.
b. Unglingur er samkvæmt lögum þessum sérhver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

19. gr.

Börn má ekki ráða til innivinnu í vinnustofum, verkstæðum né verksmiðjum, og eigi heldur til vinnu við útskipun eða uppskipun á vörum.

20. gr.

Alger hámarksvinnutími barna er hálfur ævialdur þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag.

Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

21. gr.

Unglingar mega ekki annast gæzlu gufukatla eða véla, sem útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu.

22. gr.

Börn og unglinga má ekki ráða til neinnar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis er á nokkurn hátt hættuleg heilsu þeirra eða þroska.

23. gr.

Hámarksvinnutími unglinga skal vera 8 klst. á dag án undantekninga. Öll vinna barna og unglinga, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori, er óheimil. Til vinnu í þessu sambandi telst blaðburður, sala blaða og tímarita og sendisveinastörf.

24. gr.

Atvinnurekandi skal halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hann hefur í vinnu, og er skylt að afhenda viðkomandi verkalýðsfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, ef krafizt er.

V. KAFLI

Um greiðslu vinnulauna o. fl.

25. gr.

Vinnulaun skal ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró". Greiðsla vinnulauna skal fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum.

26. gr.

Hafi verið samið um tíma-, dag- eða vikukaup, skal greiðsla fara fram ekki sjaldnar en einu sinni í viku.

Fyrir ákvæðisvinnu má fresta uppgjöri, unz verkefni er lokið, en þó skal í viku hverri greiða hæfilega fyrirframgreiðslu fyrir þá vinnu, sem innt hefur verið af hendi. Annan uppgjörstíma má og ákveða með sérstökum samningi.

Greiðslur til starfsmanna á mánaðar- eða árskaupi skulu fram fara ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði, ef ekki hefur verið um annað samið skriflega.

27. gr.

Engan launafrádrátt má framkvæma án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum eða um sé að ræða stéttarfélagsgjöld, útsvör eða innborganir í tryggingasjóði eða sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Þegar laun eru greidd, eða strax á eftir, getur starfsmaður krafizt skriflegs yfirlits yfir upphæð launa, hvernig þau eru reiknuð, og frádrátt, ef einhver er. Skulu fullnægjandi kvittanir ávallt fylgja um sérhvern launafrádrátt.

VI. KAFLI

Uppsagnarfrestir.

28. gr.

1. Ef um annað er ekki gerður skriflegur samningur, eða um það ákvæði í kjarasamningi, lögum eða reglugerð, gildir eftirfarandi:
   a. Fyrir starfsmenn, sem hafa tíma-, dag-, viku- eða ákvæðiskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en 14 dagar.
   b. Fyrir starfsmenn, sem taka mánaðar- eða árskaup, er uppsagnarfrestur aldrei skemmri en einn mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

   Ákvæði þessi gilda ekki um starfsmenn, sem ráðnir eru til ákveðins reynslutíma eða til þess að framkvæma ákveðna vinnu, sem tímabundin er. Ef við annað verður ekki ráðið af aðstæðum, má rifta slíkri ráðningu, þótt reynslutíma sé ekki lokið, eða áður en hinu ákveðna verki er lokið, með eins dags fyrirvara.

2. Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis, eða atvinnurekanda, eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.
3. Uppsagnarfrestur er hinn sami fyrir báða aðila. Uppsögn skal ávallt vera skrifleg.

29. gr.

Atvinnurekandi er skaðabótaskyldur, ef starfsmaður, sem unnið hefur samfleytt í 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, verður að víkja úr starfi vegna uppsagnar, nema réttmætar ástæður séu tilgreindar fyrir uppsögninni.

Nú hefur starfsmanni verið ólöglega sagt upp starfi skv. 1. málsgrein þessarar greinar, og má þá dæma atvinnurekanda samkvæmt kröfu starfsmanns, sem látið hefur af starfi, til þess að ráða hann aftur til starfa í fyrirtækinu í sömu stöðu, eða stöðu, sem svarar til þeirrar, er hann hafði. Dómstólar ákveða, að hve miklu leyti starfsmaðurinn skuli einnig fá bætur fyrir þann tíma, sem hann var sviptur starfi hjá fyrirtækinu.

Bætur geta numið allt að hálfum síðustu árslaunum starfsmannsins hjá fyrirtækinu, ef hann hefur starfað þar eigi skemur en 5 ár samfleytt.

Hafi starfsmaður starfað hjá fyrirtækinu eigi skemur en 10 ár samfleytt eftir 21 ára aldur, geta bætur þó numið launum síðasta árs hjá fyrirtækinu. Hafi starfsmaður á sama hátt starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár, geta bætur numið launum starfsmannsins hjá fyrirtækinu undanfarin 3 ár.

Mál gegn atvinnurekanda skal höfða innan tveggja mánaða frá móttöku skriflegrar uppsagnar, þar sem tilgreindur er málsóknarfrestur. Ef uppsögn er einungis munnleg, skal málsóknarfrestur vera 3 mánuðir.

30. gr.

1. Starfsmanni, sem starfað hefur full tvö ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda eða fyrirtæki, og verður að vera fjarverandi vegna slyss eða sjúkdóms, má ekki segja upp starfi af þeim sökum fyrstu 3 mánuði, eftir að hann varð óvinnufær, nema hann hafi slasazt eða sýkzt af ásetningi eða vítaverðu gáleysi, eða hann hafi vísvitandi þagað yfir sjúkdómi, þegar hann var ráðinn.
2. Hafi starfsmaður starfað eigi skemur en 10 ár samfleytt hjá sama atvinnurekanda, skal uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári samfleytt.

31. gr.

Nú hefur dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slyss eða sjúkdóms, og ber atvinnurekanda þá að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, e. t. v. að lokinni nauðsynlegri þjálfun.

VII. KAFLI
Refsiákvæði.

32. gr.

Liggi ekki við strangari refsingar samkvæmt almennum hegningarlögum, skal atvinnurekandi, eða eigandi fyrirtækis, sæta sektum, ef hann:

1. Brýtur ákvæði laganna um tryggingu heilbrigðra og öruggra vinnuskilyrða.
2. Brýtur ákvæði laganna eða fyrirmæli um nætur-, sunnu- eða helgidagavinnu, eða brýtur reglur um lengd vinnutíma eða um hvíldartíma eða sérvernd kvenna, barna og unglinga.

3. Lætur hjá líða að birta fyrirskipaðar tilkynningar eða halda þær skrár, sem fyrirskipaðar eru í lögunum.
4. Brýtur ákvæði um uppsagnarfresti, greiðslu vinnulauna, uppgjör við starfsmenn, eða gerist sekur um brot á öðrum ákvæðum laga þessara.

33. gr.

Foreldrar og aðstandendur, sem láta börn framkvæma vinnu, sem brýtur í bág við lög þessi, skulu sæta sektum.

34. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal almennt farið að hætti opinberra mála.

35. gr.

Félagsmálaráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laganna, eftir því, sem ástæða þykir til.

VIII. KAFLI
Gildistaka.

36. gr.

Lög þessi taka gildi 1. maí 1966, og eru þá öll eldri lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt, jafnframt úr gildi fallin.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur verið flutt á tveimur seinustu þingum, en varð í hvorugt skipið útrætt. Því hefur fylgt svo hljóðandi greinargerð:

„Engin almenn vinnuverndarlöggjöf er til hér á landi, en með sívaxandi fjölbreytni atvinnuhátta er orðið bráðnauðsynlegt, að slík löggjöf verði sett. Lögin um öryggisráðstafanir á vinnustöðum frá 1952 grípa að vísu inn á þetta svið, en eru allt of takmörkuð. Þá fjalla lögin um greiðslu verkkaups frá 19. maí 1930 einnig um sama efni og V. kafli þessa frumvarps. En að öðru leyti er frumvarp þetta að mestu frumsmíð í íslenzkri löggjöf, enda er við samningu þess höfð allnáin hliðsjón af almennri vinnuverndarlöggjöf nágrannalandanna. — Skal það fúslega játað, að margt getur orkað tvímælis í slíkri löggjöf, og er flutningsmaður þá að sjálfsögðu til viðræðu um hugsanlegar breytingar á sérhverju því í frumvarpinu, sem betur mætti fara.

Um I. kafla.

Frumvarpið er í átta köflum. Fyrsti kaflinn er um holl og góð vinnuskilyrði á vinnustað. Í honum er ekki að neinu ráði fjallað um öryggisbúnað vinnustaðar, þar sem þeirri hlið málsins eru gerð allgóð skil í gildandi lögum, þ. e. lögunum frá 1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum. Skýlaust ákvæði er í þessum kafla um, að loka megi vinnustað, ef hann fullnægi ekki skilyrðum laga um hollustuhætti og öryggisbúnað,

Um II. kafla.

Annar kafli frumvarpsins fjallar um vinnutíma og hvíldartíma.

Þó að 8 stunda vinnudagur sé fyrir löngu viðurkenndur hér á landi með samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, eru engin ákvæði til í gildandi lögum um 8 stunda vinnudag. 8 stunda vinnudagurinn hefur þannig ekki enn þá verið lögfestur hér á landi. Það mundi hins vegar gert, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Í 2 gr. segir, að almennur vinnudagur skuli vera frá kl. 8 árdegis til kl. 17, og er þá gert ráð fyrir einnar stundar miðdegishvíld.

Í 3. gr. segir, að maður, sem lokið hafi 8 stunda vinnudegi, sé engum skyldum háður um að bæta á sig aukavinnu. Í sömu grein segir, að samfelldur lágmarkshvíldartími fullorðins verkamanns skuli eigi skemmri vera en 9 klst. á sólarhring. Allströng ákvæði eru í þessari grein um aukavinnu, þegar um ákvæðisvinnu er að ræða.

Stéttarfélagi er heimilað í 4. gr. að semja um framkvæmd vinnu að nóttu til og um vaktaskipan, ef nauðsyn krefst, svo og að setja önnur ákvæði um skiptingu vinnutímans í samræmi við eðli starfs og aðstæður.

Vinnuhvíld skal vera frá kl. 18 daginn fyrir sunnu- eða helgidag og til kl. 22 daginn fyrir næsta rúmhelgan dag. Nokkru strangari ákvæði eru þó um vinnuhættur fyrir stórhátíðir. Á aðfangadag jóla, gamlársdag, laugardaginn fyrir páska og laugardaginn fyrir hvítasunnu skal vinnuhvíld hefjast kl. 15.

Ef því verður við komið, skal vikulegur frídagur vera sunnudagur. Þó má frá þessu víkja, vegna bráðnauðsynlegrar vinnu á sunnu- og helgidögum, ef um það takast samningar við viðkomandi stéttarfélag. Starfsmaður, sem unnið hefur sunnu- eða helgidagavinnu, skal jafnan eiga frí næsta sunnu- eða helgidagssólarhring.

Í öðrum kafla frumvarpsins eru ákvæði um styttingu vinnutímans í áföngum á næstu 5 árum án skerðingar heildartekna. Þar segir, að 48 stunda vinnuvikan í almennri vinnu skuli árlega styttast um eina klukkustund, þannig, að við lok 5 ára tímabilsins sé hún eigi lengri en 43 stundir.

Við vinnu, sem unnin er að nóttu til og á sunnu- og helgidögum, skal vinnuvikan eigi vera lengri en 45 stundir, og við námuvinnu eigi lengri en 40 stundir. Reglan um styttingu vinnuvikunnar um eina klukkustund árlega næstu 5 árin gildir að sjálfsögðu einnig í þessum tilvikum.

Um III. kafla.

Í þessum kafla eru konu tryggð þau réttindi að mega vera fjarverandi frá vinnu 6 vikur, eftir að hún hefur alið barn. Þó getur hún krafizt að vera fjarverandi allt að sex vikum í viðbót, og má fjarvistin vera að öllu leyti eða hluta fyrir eða eftir fæðingu.

Nú sannar kona með læknisvottorði, að hún þjáist af sjúkdómi, sem sé afleiðing af þungun eða fæðingu, og getur hún þá krafizt að mega vera frá vinnu allt að sex vikum í viðbót, án þess að vistráðning eða réttur til launagreiðslu rofni.

Kona, sem hefur barn sitt á brjósti, getur samkvæmt þessum kafla frumvarpsins um vinnuvernd kvenna krafizt þess að fá nauðsynlegan frítíma til þess, allt að hálfri stund tvisvar á dag.

Um IV. kafla.

Í 18.—24. gr. frumvarpsins eru ýmis sérákvæði um vinnuvernd barna og unglinga. Barn er samkvæmt frumvarpinu sérhver sá, sem er ekki fullra 14 ára að aldri. Unglingur er hver sá, sem er á aldrinum 14—16 ára.

Við því er lagt bann í 19. gr. frumvarpsins, að börn innan 12 ára aldurs stundi innivinnu í vinnustofum, verkstæðum og verksmiðjum, svo og út- og uppskipunarvinnu. Skal skólayfirlæknir yfirleitt hafa úrskurðarvald í slíkum málum.

Alger hámarksvinnutími barna er hálfur ævialdur þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. En jafnan skulu tveir vinnuhópar barna annast átta stunda vinnutímabil til móts við fullorðna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna einnig tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Bannað er með öllu að fela börnum gæzlu gufukatla eða véla, ef gæzlan útheimtir sérstaka varúð eða aðgæzlu. — Þá er óheimilt með öllu að ráða börn til nokkurrar þeirrar vinnu, sem að dómi skólayfirlæknis eða héraðslæknis getur á nokkurn hátt talizt hættuleg heilsu barna eða þroska.

Alger hámarksvinnutími er 8 klukkustundir.

Bönnuð er öll barnavinna og unglingavinna frá því að skólaganga hefst að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Samkvæmt þessum kafla frumvarpsins er atvinnurekendum skylt að halda sérstaka skrá um tegund vinnu og vinnutíma þeirra barna og unglinga, sem hjá þeim vinna. Einnig er atvinnurekendum skylt að afhenda viðkomandi stéttarfélagi, svo og heilbrigðis- og skólayfirvöldum, slíka skrá, hvenær sem krafizt er.

Um V. kafla.

Fimmti kafli frumvarpsins fjallar um greiðslu vinnulauna og ýmislegt það, sem tryggja skal rétt launþega í þeim efnum umfram það, sem gert er í gildandi lögum frá 19. maí 1930, um greiðslu verkkaups.

Þar segir, að vinnulaun skuli ávallt greiða í gjaldgengu reiðufé, nema samið hafi verið um greiðslu með tékka, bankaávísun eða „gíró". Greiðsla vinnulauna skal að sjálfsögðu ávallt fara fram á eða við vinnustað í vinnutímanum, svo sem fyrir löngu er orðin föst venja samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Launagreiðsla til tíma-, dag- eða vikukaupsmanna skal fram fara eigi sjaldnar en vikulega.

Launagreiðsla vegna ákvæðisvinnu skal einnig fram fara vikulega, hlutfallslega eftir því, sem verki vindur fram, en annars að verki loknu. Annan uppgjörstíma má þó ákveða vegna ákvæðisvinnu með sérstökum samningi.

Greiðsla til starfsmanna á mánaðarkaupi eða árskaupi skal fram fara eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði, nema um annað hafi verið samið skriflega.

Um það eru strengileg ákvæði í þessum kafla frumvarpsins, að engan launafrádrátt megi framkvæma við launagreiðslur án skriflegs samnings, nema heimilað sé í lögum. Undanþegin eru þó félagsgjöld stéttarfélaga, útsvarsgreiðslur að lögum og innborganir í tryggingasjóði og sjúkrasamlög með staðfestri reglugerð.

Rétt á launþegi á greinilegu skriflegu yfirliti yfir, hvernig laun eru reiknuð, svo og hvers konar launafrádráttur hefur verið inntur af hendi, og skulu fullnægjandi kvittanir fyrir sérhvern launafrádrátt ávallt fylgja uppgjöri.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru mörg nýmæli, sem öll hníga að því að tryggja verkafólki fyllri rétt en nú er í lögum gagnvart uppsögn af hendi atvinnurekanda.

Þeir, sem vinna tíma-, dag-, viku- eða ákvæðisvinnu, eiga aldrei skemmri uppsagnarfrest en 14 daga.

Lágmarksuppsagnarfrestur starfsmanns, sem tekur mánaðar- eða árskaup, er aldrei skemmri en mánuður, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Starfsmaður, sem verið hefur samfleytt 4 ár í þjónustu sama fyrirtækis eða atvinnurekanda eftir 21 árs aldur, hefur a. m. k. þriggja mánaða uppsagnarfrest, talinn frá lokum almanaksmánaðar.

Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur, og skal uppsögn ávallt vera skrifleg.

Sé starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt 2 ár eftir 21 árs aldur hjá sama atvinnurekanda, sagt upp starfi, án þess að réttmætar ástæður fyrir uppsögn séu tilgreindar, varðar það skaðabótaskyldu.

Hafi starfsmaður látið af störfum vegna ólöglegrar uppsagnar, getur atvinnurekandi orðið dæmdur til að ráða hann aftur í sömu eða aðra hliðstæða stöðu þeirri, er hann áður hafði. Bætur geta einnig komið til álita fyrir þann tíma, er starfsmaður var sviptur starfi hjá fyrirtækinu. Slíkar bætur geta numið 6 mánaða launum, ef starfsmaðurinn hefur verið 5 ár í þjónustu fyrirtækisins, árslaunum eftir 10 ára þjónustu og þriggja ára launum, ef starfsmaður hefur starfað hjá fyrirtækinu í 20 ár.

Þá er í þessum kafla frumvarpsins ákvæði um það, að ekki megi segja starfsmanni upp vegna slysfara eða sjúkdóms. Starfsmanni, sem unnið hefur samfleytt tvö ár hjá sama atvinnurekanda, má ekki segja upp fyrstu 3 mánuðina, eftir að hann varð óvinnufær. Og hafi starfsmaður starfað 10 ár hjá sama atvinnurekanda, er uppsögn óheimil, þótt starfsmaður sé óvinnufær allt að einu ári.

Hafi dregið úr starfsgetu starfsmanns vegna slysfara eða sjúkdóms, er atvinnurekanda skylt að leitast við að finna honum starf hjá fyrirtækinu, er hentar hæfni hans og heilsu, jafnvel þótt til þess þurfi sérstaka starfsþjálfun.

Um VII. kafla.

Þessi kafli er einungis um refsiákvæði vegna brota á lögunum. Segir þar, að brot varði sektum, nema strangari refsingar liggi við samkvæmt almennum hegningarlögum.

Í 33. gr. frumvarpsins er fram tekið, að foreldrar og aðstandendur, sem láti börn framkvæma vinnu, sem brjóti í bág við vinnuverndarlögin, skuli vera ábyrg fyrir slíkum verknaði og sæta sektum.

Með brot gegn þessum lögum skal farið að hætti opinberra mála.

Um alla nánari framkvæmd laga þessara skal félagsmálaráðherra setja nánari ákvæði í reglugerð, svo sem þurfa þykir.

Um VIII. kafla.

Lokakafli frumvarpsins er einungis um gildistöku.

Gildistakan er miðuð við 1. maí 1966, og skulu þá öll núgildandi lagaákvæði, sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga og veita starfsmanni naumari rétt en í því greinir, úr gildi fallin.

Með því, sem nú hefur verið sagt, hefur verið gerð grein fyrir flestum þeim nýmælum og réttarbótum verkafólki til handa, sem í frumvarpi þessu felast, og verður hér látið staðar numið í trausti þess, að háttvirt Alþingi sýni málinu skilning, fallist á það í meginatriðum og geri það að lögum.

Nd. 162. Nefndarálit [53. mál]

um frv. til l. um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta var flutt af hv. landbúnaðarnefnd Ed. að beiðni landbúnaðarráðuneytisins. Landbúnaðarnefnd þessarar hv. deildar leggur einróma til, að frv. verði samþykkt í því formi, sem það var afgreitt frá hv. Ed.

Alþingi, 10. des. 1965.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.

Hannibal Valdimarsson. Jónas Pétursson. Björn Pálsson. Ásgeir Pétursson.

Sþ. 163. Þingsályktun [10. mál]

um, hvernig minnast skuli ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar árið 1974.

(Afgreidd frá Sþ. 10. des.

Samhljóða þskj. 10.

Sþ. 164. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966 og við brtt. á þskj. 153.

I. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 14. gr. A. III. a. (Til styrktar ísl. námsmönnum).
Fyrir „13 600 000“ kemur 16 000 000

II. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 153, 7. b. C. 13. (Við 14. gr. A. XII. 23). Liðurinn orðist svo:
Lýsuhóll, Snæfellsnesi 100 000

III. Frá *Gils Guðmundssyni.*
1. Við 14. gr. B. XX. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi og rannsóknarstarfa samkv. úthlutun menntamálaráðs eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið staðfestir 2 000 000
2. Við 14. gr. B. XXIX. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til tónlistarstarfsemi samkv. úthlutun menntamálaráðs eftir reglum, sem menntamálaráðuneytið staðfestir 1 500 000

IV. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 22. gr. XXI. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast lán til smíði aðstoðarskips við fiskiflotann, allt að 5 millj. kr., þó eigi yfir 80% af kostnaðarverði skipsins, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, og að fullnægðum þeim skilyrðum, sem hún kann að setja.

Sþ. 165. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966 og við brtt. á þskj. 153.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (GeirG).

1. Við brtt. 153, 7. (Við 14. gr. A. XII. 23. — Bygging barnaskóla).
a. Við b. Texti („Skólar og íbúðir .... og skilyrðum“) fellur niður.
b. Við b. B.
Fyrir „1 535 000“ kemur 10 000 000
c. Við C_1 (Ný skólahús).
Niður fellur úr texta: „Til undirbúningsframkvæmda, án þess að fjárveitingin verði talin fyrsta greiðsla, sbr. ákvæði skólakostnaðarlaga, nr. 41/1955.“
d. Við C. (Ný skólahús).
Fyrir „3 500 000“ kemur 7 000 000

e. Við D. 1. c. (Reykjavík, nýir barna- og gagnfræðaskólar).
Fyrir „3 000 000“ kemur 6 000 000
f. Við D. 3. b. (Hafnarfjörður, nýr gagnfræðaskóli).
Fyrir „500 000“ kemur 1 710 00
g. Aftan við liðinn bætist:
Fjárhæðum þeim, sem eru undir liðunum b. B og C, verði úthlutað til einstakra skólabygginga samkv. tillögum fjárveitinganefndar.

2. Við brtt. 153, 14. (Við 14. gr. A. XIII. 38. — Bygging gagnfræða- og héraðsskóla).
a. Við b. Texti („Gagnfræðaskólar .... og skilyrðum“) fellur niður.
b. Við b. B.
Fyrir „3 000 000“ kemur 6 150 000
c. Við C. (Ný skólahús).
Niður fellur úr texta: „Til undirbúningsframkvæmda, án þess að fjárveitingin verði talin fyrsta greiðsla, sbr. ákvæði skólakostnaðarlaga, nr. 41/1955.“
d. Við C. (Ný skólahús).
Fyrir „1 780 000“ kemur 6 000 000
e. Aftan við liðinn bætist:
Fjárhæðum þeim, sem eru undir liðunum b. B og C, verði úthlutað til einstakra skólabygginga samkv. tillögum fjárveitinganefndar.

3. Við 16. gr. B. 7. (Fiskileit, síldarrannsóknir og veiðitilraunir).
Fyrir „17 645 500“ kemur 27 270 500

4. Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að taka lán allt að 15 millj. kr. til flugvallagerða.

Sþ. 166. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1966.

I. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 12. gr. IX. 9. (Bygging sjúkrahúsa). Nýr liður:
Sauðárkrókur 400 000

II. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni.*
Við 13. gr. C. VIII. 3. (Ferjubryggjur). Nýr liður:
Búðardalur 250 000

Nd. 167. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Á tollskrárlögunum í 3. gr. þeirra er gerð þessi breyting:

Aftan við 41. lið 3. gr., eins og sá liður er samkvæmt 2. gr. laga nr. 11 24. apríl 1965, komi nýr liður, svo hljóðandi:

42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá út-

löndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verzlunnarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um að hún nái ekki til ákveðinna vöruflokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og alkunna er, hefur það tíðkazt um mörg undanfarin ár, að farmenn og farþegar, sem koma til landsins frá útlöndum, hefðu meðferðis ýmsan varning, sem lögum samkvæmt er tollskyldur, án þess að tollgjöld hafi verið innheimt. Engar reglur hafa verið til um slíkan innflutning, til stórbaga fyrir tollgæzlumenn við framkvæmd starfa sinna. Var því ákveðið að setja fastar reglur um þennan innflutning, og kom þá í ljós, að engin ákveðin heimild er í lögum, sem heimili að undanþiggja vörur þessar tollgjöldum. Er ætlunin að fá úr þessum annmarka bætt með frv. þessu. Jafnframt því, að varningur, sem til landsins kemur á þennan hátt, verður, að vissu hámarki fyrir hvern farmann eða farþega, gerður tollfrjáls, er einnig gert ráð fyrir, að sérstakar innflutningstakmarkanir eða innflutningsbönn í sérlögum verði innflutningi þessum ekki til hindrunar, nema innflutningstakmarkanir, sem eiga rót sína að rekja til öryggisráðstafana, svo sem sóttvarna. Gert er ráð fyrir, að heimild þessi nái eingöngu til muna, sem eru ætlaðir til persónulegra nota viðkomandi ferðamanns eða til smærri gjafa, og þannig ekki til varnings, sem er ætlaður til sölu.

Nd. 168. Breytingartillaga [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

2. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Láglaunafólk í verkalýðsfélögum skal hafa forkaupsrétt að íbúðum þeim, sem byggðar eru skv. 3. málsgr. 3. gr. laga þessara, og eiga meðlimir verkalýðsfélaga rétt á lánum til kaupa á íbúðunum, og skal upphæð þeirra nema ⅘ hlutum af verðmæti íbúða og sé gatnagerðargjald þá talið með verðmæti íbúðanna. Lánin séu ekki vísitölubundin.

Ed. 169. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt, en minni hlutinn er því andvígur.

Alþingi, 13. des. 1965.

Jón Þorsteinsson, form.
Jón Árnason, fundaskr.
Bjartmar Guðmundsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 170. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 13. des. 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Sveinn Guðmundsson. Karl Kristjánsson. Helgi Bergs.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 171. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt frumvarpi þessu leggur ríkisstjórnin til að taka upp einn nýjan skattinn enn þá. Að þessu sinni er það sérstakur gjaldeyrisskattur, þ. e. a. s. **gjald,** sem nemur 0.5%, á allan seldan gjaldeyri bankanna. Talið er, að skattur þessi muni gefa á næsta ári um 35 milljónir króna.

Hér er um að ræða einn skatt af mörgum, sem ríkisstjórnin hefur ákveðið að bæta við sem nýjum sköttum við næstu áramót. Meðal slíkra skatta eru: hækkun á benzínskatti, rafmagnsskattur, hækkun á aukatekjum ríkissjóðs og svo þessi gjaldeyrisskattur. Auk þess notfærði ríkisstjórnin sér heimild í vegalögum til þess að leggja sérstakan vegaskatt á umferð um Reykjanesbraut. Öll er skattheimta þessi réttlætt með því, að fjárhagur ríkissjóðs fari versnandi og að ekki sé unnt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þess að leggja á nýja skatta. Ljóst má þó vera, að skattar eins og þeir, sem hér er um að ræða, muni skammt hrökkva í því dýrtíðarflóði, sem nú gengur yfir. Skattar þessir munu hafa sín áhrif á aukningu dýrtíðarinnar, og nýr vandi mun því upp koma þegar á næsta ári.

Eina ráðið til þess að komast út úr þeim dýrtíðarvanda, sem stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum hefur leitt til, er að breyta um stefnu. Snúast þarf gegn dýrtíðarvandamálinu sjálfu, en hætta ráðstöfunum, sem magna dýrtíðina.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þessum nýja gjaldeyrisskatti og leggjum því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1965.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 172. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heibrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt. Þrír nefndarmenn (HV, JSk og ÁÞ) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Einn nefndarmaður, Axel Jónsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. des. 1965.

Guðl. Gíslason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Bjarnason, frsm.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 173. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 1. minni hl. samgöngumálanefndar.

Með frv. þessu er lagt til að hækka benzínskatt um 90 aura á lítra og þungaskatt á dísilbifreiðar nokkru meira hlutfallslega. Árleg upphæð þessarar skattahækkunar er áætluð um 64 millj. kr., en á næsta ári munu tekjur þær, sem koma til skila vegna hækkunarinnar, nema rösklega 56 millj. kr. Samtímis flutningi þessa frv. er svo lagt til að fella niður áður lögtekið framlag ríkissjóðs til vegamálanna að upphæð 47 millj. kr. Ef tillit er tekið til síhækkandi framkvæmdakostnaðar við vegagerð og beinna hækkunaráhrifa, sem þetta frv., ef samþykkt verður, hefur á þennan framkvæmdakostnað, er auðsætt, að hér er síður en svo um að ræða, að aukið sé framkvæmdafjármagn til vegamálanna. Hér er því einvörðungu um það að ræða að skattleggja umferðina í þágu ríkissjóðs um nokkrar tugmilljónir króna til viðbótar þeim álögum, sem þegar eru á hana lagðar til almennra þarfa ríkissjóðs. Er hér á ferðinni einn þáttur þeirrar margþættu handahófsskattlagningar, sem ríkisstjórnin hyggst fleyta ríkissjóði á yfir næsta fjárlagaár og enn er ekki séð fyrir enda á, hve fjölskrúðug verður.

Enginn vafi er á geysilegri þörf á mikilli aukningu fjárveitinga til vegaframkvæmda í landinu. Á því sviði þarf að koma til gerbylting á næstu árum, ef hið úrelta og ófullkomna vegakerfi á ekki að verða bein hindrun fyrir eðlilega þróun atvinnulífs, framfarir á fjölmörgum sviðum og verndun byggðajafnvægis. Eðlilegasta leiðin til þess, að mögulegt reynist að gera það átak, sem hér þarf að koma til, virðist sú, að ríkissjóður afsali sér verulegum hluta af þeim tekjum, sem hann nú hefur af umferðinni með aðflutningsgjöldum, leyfisgjöldum o. fl., og að þeim verði ráðstafað til vegamálanna. Að því leyti sem þessi leið kynni að reynast ófullnægjandi, kæmu síðan til greina aukin gjöld á umferðina í einhverju formi.

Meðan ástand vegamála er slíkt sem það nú er, virðist fá skattheimta óeðlilegri en sú að hækka álögur á umferðina í þágu annarra þarfa en hennar. En það er einmitt sú aðferð, sem ríkisstjórnin nú hyggst beita í ráðleysi sínu við að ráða fram úr fjárhagsvanda ríkissjóðs, sem skapazt hefur fyrir verðbólgustefnu hennar.

Undirritaður er þeirrar skoðunar, að sú hækkun benzínverðs, sem hér er um að ræða, gæti komið til álita, ef um væri að ræða fjáröflun til myndarlegra átaka í vegamálunum, en telur hana fráleita, eins og nú er að málum staðið, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1965.

Björn Jónsson.

Nd. 174. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ríkisstjórnin flytur nú hvert skattafrumvarpið á fætur öðru. Tekjur, sem þannig fást, ganga til þess að standa undir útgjöldum ríkissjóðs, sem fara dagvaxandi með ógnarhraða. Verðbólguvöxturinn skapar ríkissjóði sem öðrum auknar skuldbindingar, og ríkisstjórnin sér enga aðra leið en að afla aukinna tekna með meiri skattálögum. Hvergi örlar á sparnaði eða nokkru viðnámi gegn þessari háskalegu þróun. Til viðbótar við háa, beina skatta er nú þessa dagana hver skatturinn af öðrum lagður á í alls konar myndum. Svo langt er nú gengið, að greiðslugetu alls þorra manna er ofboðið, þeirra sem greiða gjöld sín samkvæmt lögunum. Það er skoðun okkar, að þessa þróun verði að stöðva og taka upp raunhæfar aðgerðir gegn verðbólguvandanum í stað þess að auka hann, eins og ráðgert er með þessu frumvarpi og öðrum svipuðum, sem nú liggja fyrir Alþingi.

Efni þessa frumvarps er, að af allri gjaldeyrissölu bankanna skuli innheimt 0.5% álag, er renni í ríkissjóð. Sú hækkun, sem af þeirri framkvæmd leiðir, leggst á allt vöruverð í landinu, bæði nauðsynjar og óþarfa, og eykur þannig dýrtíðina. Sú aukning er meiri en gjaldinu nemur, því að ofan á það bætist söluskattur til ríkissjóðs, auk þess sem álagning leggst á hærri stofn.

Í athugasemdum frv. segir, að tekjur af gjaldinu séu áætlaðar 35 millj. kr., en upplýsingar hafa ekki, þrátt fyrir eftirgrennslanir, fengizt um það, hverju heildartekjur ríkissjóðs af gjaldinu muni nema, þegar tillit hefur verið tekið til söluskattsins, og ekki heldur hvaða áhrif gjaldið hefur endanlega á vöruverðið. Hverjar sem þær tölur kunna að vera, er augljóst, að þessi nýi gjaldeyrisskattur leiðir til almennra verðhækkana og hefur sömu áhrif og gengislækkun á vöruverðið í landinu. Skatturinn er því þess eðlis, að hann magnar verðbólguvandann og er að því leyti skaðlegur.

Ríkisstjórnin hefur lagt áherzlu á, að ekki sé unnt að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög án þeirra tekna, sem ríkissjóður fær skv. frv. þessu, ef að lögum verður. Hér er þó aðeins um að ræða örlítið brot af heildartekjum ríkissjóðs á næsta ári, og ekkert, sem bendir til þess, að afgreiða þurfi fjárlög með greiðsluhalla, þótt ekki sé gert ráð fyrir gjaldeyrisskatti, ef tekjur væru rétt áætlaðar og meiri sparnaðar gætt á rekstrarliðum en gert er.

Með hliðsjón af framansögðu leggjum við undirritaðir til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 13. des. 1965.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Sþ. 175. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 153 [Fjárlög].

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 21. tölul. (Við 14. gr. B. XX. — Styrkur til ritstarfa, útgáfustarfsemi o. fl.).
   Fyrir „1 880 400“ kemur 1 930 400
2. Við 23. tölul. b. (Við 14. gr. B. LVIII. — Sigurður Jónsson).
   Liðurinn fellur niður.

Nd. 176. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (SkG og EÁ).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa Raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, eins og lánin verða við lok ársins 1965.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:
   Söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skal vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.

Nd. 177. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Jóni Skaftasyni og Ágúst Þorvaldssyni.

1. Við 2. gr. Greinin fellur niður.
2. Við 6. gr. Síðari málsliður („Jafnframt eru“ o. s. frv.) fellur niður.
3. Við ákvæði til bráðabirgða. Nýr töluliður komi svo hljóðandi:
   3. Reglugerð sú, er um ræðir í síðustu málsgr. A-liðar 7. gr. laganna, er óbundin af hámarksleiguákvæðum laga nr. 30 4. febr. 1952, þar til þau lög hafa verið endurskoðuð.

Ed. 178. Nefndarálit [76. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá 2. minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess.

Frv. felur í sér þau ákvæði, að frá næstu áramótum skuli skattur á benzíni hækkaður um 90 aura á lítra, svo að hann nemi samtals kr. 3.67 á lítra. Enn fremur,

að hækkaður verði þungaskattur á dieselbifreiðum, og nemur sú hækkun samkvæmt því, er segir í greinargerð frv., um 30—35 af hundraði. Þessar nýju álögur munu m. a. hækka að miklum mun flutningskostnað með bifreiðum og auka dýrtíðarvöxtinn. Af umferðinni í landinu eru teknar með ýmsum hætti háar fjárhæðir í ríkissjóð. Þrátt fyrir það hefur nú verið fellt niður af fjárlögum 47 millj. kr. ríkisframlag til vegasjóðs, en þetta fé verður raunverulega notað til annarra útgjalda. Hinum nýju álögum, sem lögfesta á með þessu frv., er ætlað að vega á móti þessari skerðingu á tekjum til vegamála.

Þegar vegalögin, er nú gilda, voru sett fyrir tveimur árum, var gert um það samkomulag á Alþingi, að árlegt framlag úr ríkissjóði til vegamála skyldi eigi vera lægra en 47 millj. kr. Ákvæði vegáætlunar fyrir árin 1965—1968 eru í samræmi við það.

Þegar vegalögin voru til umræðu á Alþingi, sagði samgöngumálaráðherra m. a. þetta:

„Engin hætta er á því og alveg útilokað, að ríkissjóðsframlag til veganna verði lækkað. Það er alveg útilokað. Þörfin fyrir aukið vegafé frá ríkissjóði verður fyrir hendi, þótt vegamálunum hafi verið tryggt fé með benzíngjaldi, þungaskatti og gúmmígjaldi."

Þetta frv. og afgreiðsla fjárlaga sýnir, að þessu var ekki hægt að treysta. Við leggjum til, að frv. þetta verði fellt.

Alþingi, 14. des. 1965.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 179. Frumvarp til laga [94. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Ingi R. Helgason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Nýr stafliður (f) bætist aftan við 1. mgr. 31. gr. laganna, svo hljóðandi:

f. Íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, og orðið er 16 ára.

2. gr.

Ný málsgrein kemur á eftir 5. mgr. 40. gr. laganna, svo hljóðandi:

Íþróttafélög greiða ¼ af iðgjöldum fyrir íþróttafólk, en ríkissjóður ¾. Nánari ákvæði um slysatryggingar íþróttafólks og skiptingu iðgjalda skulu sett í reglugerð í samráði við Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um sama efni var flutt á Alþingi árið 1946 af Hermanni Guðmundssyni. Það náði þá ekki fram að ganga.

Árið 1961 fluttum við frumvarpið nokkuð breytt, og heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar lagði til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Nefndin varð sammála um, að þörf væri á, að íþróttafólk væri örugglega tryggt, en með því að verið var þá að endurskoða lögin um almannatryggingar, féllust allir nefndarmenn á að fara þess á leit við félagsmálaráðherra, að hann legði fyrir þá, sem að lagaendurskoðuninni unnu, að gera einnig tillögur um slysatryggingar íþróttafólks. Ungmennafélag Íslands og Íþróttasamband Íslands mæltu með því, að frumvarpið yrði samþykkt. Neðri deild afgreiddi málið með rökstuddri dagskrá í trausti á félagsmálaráðherra.

Í lagafrumvarpinu um almannatryggingar 1962 var hins vegar ekki lagt til, að slysatryggingar íþróttafólks féllu undir almannatryggingarnar sem skyldutryggingar, og engin breytingartillaga í þá átt var þá borin fram, svo að málið var jafnóleyst eftir sem áður.

Baráttan fyrir þessum sjálfsögðu réttindum íþróttafólks hefur þannig staðið í tæpa tvo áratugi.

Það hefur verið um langt árabil mikið áhyggjuefni íþróttafólki og forustumönnum íþróttasamtakanna að geta ekki komið á fót fullkominni slysatryggingu fyrir íþróttafólk, og vegna lítils skilnings Alþingis á þessu brýna máli samþykkti íþróttaþing Í. S. Í. 1961 og 1962 að koma sér upp slysatryggingarsjóði af eigin rammleik til að reyna að binda endi á það öryggisleysi, sem íþróttafólk íslenzkt býr við.

Í lögin um almannatryggingar var 1956 sett heimildarákvæði um slysatryggingar íþróttafólks undir hinum frjálsu tryggingum Tryggingastofnunarinnar, og þau ákvæði voru óbreytt 1962. Hins vegar hafa íþróttasamtökin ekki treyst sér af fjárhagsástæðum að taka kjörum Tryggingastofnunarinnar um hinar frjálsu slysatryggingar íþróttafólks, heldur ákveðið að stofna eigin slysatryggingarsjóð, sem þó bersýnilega getur ekki fullnægt nema hluta af tryggingarþörfinni og tekur auk þess mörg ár að byggja hann upp.

Það er með öllu ósæmandi, að íþróttafólk á Íslandi skuli ekki búa við fullkomnar slysatryggingar, og flutningsmenn þessa frumvarps eru þeirrar skoðunar, að ríkissjóður verði að leysa þann fjárhagsvanda, sem hefur verið því til hindrunar til þessa. Er því hér lagt til, að ríkissjóður greiði ¾ af iðgjöldum á móti fjórðungi frá íþróttasamtökunum, enda verði tryggingarnar sambærilegar við venjulegar tryggingar launþega, þ. e. til greiðslu sjúkrakostnaðar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir sérstakri reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks og um iðgjaldagreiðslur og skiptingu þeirra.

Fylgiskjal I.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 8. marz 1962.

Samkvæmt ósk yðar hefur stjórn Ungmennafélags Íslands kynnt sér frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar.

Stjórn U. M. F. Í. leyfir sér að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar Ungmennafélags Íslands,

Skúli Þorsteinsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS (ÍSÍ)

Reykjavík, 6. febr. 1962.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis;
hr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson,
Reykjavík.

Vér höfum athugað frumvarp það, er þér senduð oss til umsagnar (um breytingu á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar) og snertir slysatryggingu íþróttamanna.

Eftir að oss hefur borizt hjálagt álit slysatrygginganefndar Í. S. Í., var samþykkt á fundi framkvæmdastjórnar Í. S. Í. 6. febr. s. l. að mæla með samþykkt nefnds frumvarps.

Virðingarfyllst.

F. h. Íþróttasambands Íslands,

Ben. G. Waage,
forseti Í. S. Í.

Reykjavík, 15. jan. 1962.

Framkvæmdastjórn Í. S. Í. hefur farið þess á leit við slysatrygginganefnd þá, sem skipuð var samkvæmt samþykkt íþróttaþings Í. S. Í., 1959, að hún veiti umsögn sína um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 24/1956, um almannatryggingar, en frumvarpið, sem er lagt fram af alþingismönnunum Inga R. Helgasyni og Geir Gunnarssyni, gerir ráð fyrir, að íþróttafólk, 16 ára og eldra, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, verði skyldutryggt hjá slysatryggingum almannatrygginga með sama hætti og launþegar. Í þessu sambandi vill nefndin taka fram eftirfarandi:

Með tilliti til þess, að slysatrygging íþróttamanna hefur um langt skeið verið baráttu- og hagsmunamál Í. S. Í., svo og hins, að áður hefur verið reynt að koma fyrir slysatryggingamálum íþróttamanna með sama hætti og gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að því viðbættu, að gert er ráð fyrir, að ríkissjóður greiði mikinn hluta útgjalda þeirra, sem skyldutrygging mundi hafa í för með sér, telur nefndin eðlilegt og sjálfsagt frá hagsmunasjónarmiði Í. S. Í., að sambandið mæli með samþykkt frumvarpsins.

Til skýringar fyrir þá, sem ókunnir eru slysatryggingamálum íþróttamanna, telur nefndin rétt að taka fram, að eins og þau mál standa nú, er nokkur munur á aðstöðu í Reykjavík og á Akranesi annars vegar og á öðrum stöðum á landinu hins vegar. Á tveimur fyrstnefndu stöðunum eru starfandi slysatryggingasjóðir íþróttamanna, og hafa þeir alltraustan fjárhagsgrundvöll, þar sem er hluti af inngangseyri að íþróttamótum.

Bætur verða að teljast mjög takmarkaðar að því leyti, að örorku- og dánarbætur greiðast ekki, en hins vegar eru dagpeningar greiddir fyrir mörg slys, sem vegna biðtímaákvæða mundu ekki verða bætt hjá almannatryggingum.

Utan framangreindra tveggja staða getur óvíða orðið um nokkra teljandi stoð að ræða af þeirri tekjuöflunarleið, sem þar er farin.

Þrátt fyrir allmikið undirbúningsstarf að stofnun slysatryggingasjóðs Í. S. Í. fyrir íþróttamenn, ekki sízt á undanförnum tveim árum, hefur slíkur sjóður ekki komizt í framkvæmd enn, hvað sem síðar verður, og má fullyrða, að það sé af fjárhagsástæðum.

Slysatrygginganefnd Í. S. Í.,

Guðjón Hansen, form.

Hannes Þ. Sigurðsson. Hermann Guðmundsson.

Fylgiskjal III.

Nefndarálit heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nefndin hefur rætt málið á tveimur fundum og sendi það til umsagnar þremur aðilum, Tryggingastofnun ríkisins, Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands.

Tryggingastofnunin viðurkennir fyllilega þörf þess, að allir íþróttamenn séu tryggðir, en lætur í ljós, að frjáls trygging gæti einnig komið til greina.

Íþróttasamband Íslands og Ungmennafélag Íslands mæla fastlega með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Nefndin er sammála um, að þörf sé á, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum, hvort heldur er æfingum, sýningum eða keppni, sé örugglega tryggt, en þó fékkst ekki samkomulag um að mæla með samþykkt frumvarpsins að þessu sinni.

Upplýst var, að nefnd starfaði að endurskoðun tryggingalaganna, og féllust allir nefndarmenn á að fara þess á leit við hæstvirtan félagsmálaráðherra, að hann riti nefndinni bréf og leggi fyrir hana að gera einnig tillögur um slysatryggingu íþróttafólks.

Með tilliti til framanritaðs leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Fylgiskjal IV.

Athugasemdir stjórnskipaðrar nefndar, er undirbjó lagafrumvarpið um almannatryggingar, sem lagt var fyrir 83. löggjafarþingið 1962—3 og varð að lögum:

4. **Frumvarp um slysatryggingu íþróttamanna,** flutt af Inga R. Helgasyni og Geir Gunnarssyni. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum og orðið er 16 ára, skuli slysatryggt hjá almannatryggingum á sama hátt og launþegar, og skyldu íþróttafélög greiða ¼ af iðgjöldum, en ríkissjóður ¾. Alþingi afgreiddi frumvarpið með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá."

Slysatrygging íþróttamanna hefur um langt skeið verið meðal baráttumála íþróttasamtakanna, og hún hefur áður verið rædd við endurskoðun almannatryggingalaga. Í 42. gr. laganna frá 1956 er kveðið svo á, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að taka að sér slysatryggingu íþróttamanna við keppni og æfingar. Má í því sambandi geta þess, að fyrir rúmum tveimur árum gerði Tryggingastofnunin Íþróttasambandi Íslands að beiðni þess tilboð um tryggingu allra iðkenda innan Í. S. Í. Tilboði þessu var ekki tekið, og munu fjárhagslegir örðugleikar hafa valdið, svo og hitt, að Í. S. Í. mun hafa haft í hyggju að koma á fót eigin slysatryggingasjóði.

Í Reykjavík hefur um nokkurra ára skeið starfað slysatryggingasjóður á vegum íþróttahreyfingarinnar, enda hefur þar verið fundinn fjárhagslegur grundvöllur fyrir slíkan sjóð. Í. S. Í. hefur beitt sér fyrir stofnun tilsvarandi sjóðs vegna íþróttamanna utan Reykjavíkur, en málið er þar örðugra viðfangs af fjárhagslegum ástæðum.

Af framanrituðu virðist ljóst, að hér sé um að ræða vandamál fjárhagslegs eðlis. Ef lausn fengist á þeim, telur nefndin af ýmsum ástæðum heppilegra, að aukið verði og bætt bótakerfi slysatryggingasjóða íþróttamanna sjálfra í stað þess að taka upp ákvæði í almannatryggingalögin um skyldutryggingu þeirra. Hefur hún því ekki gert tillögur um efnisbreytingu á lögunum að þessu leyti.

Nd. 180. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í fyrstu greinum þessa frumvarps eru heimildir til að taka á ríkissjóð nokkuð af skuldum rafmagnsveitna ríkisins. Við teljum, að þar sé of skammt gengið í þá átt að létta skuldabyrði rafmagnsveitnanna, og flytjum breytingartillögu um að veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánum, sem tekin hafa verið handa raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Samkvæmt skýrslu, er fjárhagsnefnd fékk, eru lánin sem hér segir:

Erlend lán um	438.8	millj. kr.
Innlend lán um	143.4	— —

Í þessu sambandi má benda á, að allstór hluti af skuldum rafmagnsveitnanna á rætur að rekja til opinberra ráðstafana, þ. e. lækkunar á gengi íslenzkra peninga. Á efnahagsreikningi rafmagnsveitna ríkisins er einn eignarliðurinn þannig:

„Gengisbreyting erlendra skulda 130 641 031.43“

Þennan gengishalla hefði ríkið átt að taka á sig, strax þegar hann myndaðist, eins og það tók að sér að greiða gengistap fyrir sumar aðrar ríkisstofnanir. En vegna þess að það var ekki gert, hafa rafmagnsveiturnar orðið að borga margar millj. kr. í vexti af gengistapinu á undanförnum árum.

Í athugasemdum með frumvarpinu er sagt, að rekstrarhalli rafmagnsveitnanna sé nú „yfir fimm tugi milljóna á ári“. Þetta er ónákvæm frásögn. Samkvæmt reikningum rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins hefur samanlagður rekstrarhalli þeirra síðustu árin verið sem hér segir:

Árið 1962	kr.	25 642 808.42
— 1963	—	31 872 045.50
— 1964	—	42 228 787.73

Af rekstrarhallanum 1964 voru um 6.5 millj. afskriftir af áðurnefndu gengistapi, og þar að auki nokkrar millj. í vexti af því.

Í frumvarpinu eru ákvæði um nýjan skatt, sem rafmagnsnotendum er ætlað að greiða. Skatturinn er þar nefndur verðjöfnunargjald. En ríkisstjórninni hefur láðst að setja í frv. fyrirmæli um verðjöfnun á rafmagni. Til þess að bæta úr þessu flytjum við breytingartillögu um, að söluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og að verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skuli vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Við gerum ráð fyrir, að ríkissjóður greiði þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna þessa ákvæðis.

Ríkið er langstærsti raforkuframleiðandi og raforkusali landsins. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem fjárhagsnefndir Alþingis fengu á síðasta þingi, er talið að heildsöluverð á rafmagni frá rafmagnsveitum ríkisins utan landsvirkjunarsvæðisins sé um 30% hærra en frá Landsvirkjun, sem ríkið á að hálfu leyti, og að söluverð á

rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins sé um 40—50 % hærra en verðið hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Þessi verðmunur þarf að hverfa. Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá rafmagnsverzlun ríkisins. Það er réttlætismál.

Verði breytingartillögur okkar samþykktar, er eðlilegt, að sú breyting verði gerð á frumvarpinu, að rafmagnsskatturinn, ef hann verður í lög tekinn, renni í ríkissjóð, en ekki til rafmagnsveitna ríkisins. Mætti þá athuga það við 3. umr. frv.

Breytingartillögur okkar eru á sérstöku þingskjali.

Afstaða okkar til frumvarpsins fer eftir því, hverjar viðtökur breytingartillögur okkar fá í þingdeildinni.

Alþingi, 14. des. 1965.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Nd. 181. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar. Á fund nefndarinnar komu Jakob Gíslason raforkumálastjóri og Jón Sigurðsson deildarstjóri og gáfu upplýsingar um ýmis fjárhagsatriði Rafmagnsveitna ríkisins o. fl., er snertir frv. þetta.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Á undanförnum árum hafa Rafmagnsveitur ríkisins verið reknar með halla, sem ýmist hefur verið jafnaður með lántökum eða komið fram í skuldasöfnun við ríkissjóð og ríkisábyrgðasjóð. Er rekstrarhalli þessi nú kominn yfir fimm tugi milljóna á ári. Þetta ástand verður að telja óviðunandi til frambúðar, og stefna ber að því að koma fjárhag þessara mikilvægu þjónustufyrirtækja þjóðarheildarinnar á öruggan grundvöll.

Þetta frv. er spor í þá átt, þar sem þær ráðstafanir, sem þar er gert ráð fyrir, munu verða til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins.

Er lagt til, að ferns konar ráðstafanir verði gerðar til fjáröflunar: í fyrsta lagi alger eftirgjöf lána, sem Rafmagnsveitum ríkisins hafa verið veitt á undanförnum árum skv. sérstakri heimild í fjárlögum, í öðru lagi greiðslufrestur á lánum, sem rafmagnsveiturnar hafa fengið úr raforkusjóði af eigin fé sjóðsins og frestun á greiðslu vaxta og afborgana af þeim lánum fyrst um sinn, í þriðja lagi eftirgjöf skuldar, sem Rafmagnsveitur ríkisins eru komnar í við Ríkisábyrgðasjóð, og í fjórða lagi að gera þeim fyrirtækjum, sem vinna raforku og/eða selja hana í heildsölu, að greiða verðjöfnunargjald til Rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, og miðist gjaldið við magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar, eins og nánar er tilgreint í frv. Er gert ráð fyrir, að tekjur af verðjöfnunargjaldinu nemi á árinu 1966 35 milljónum króna. Gert er svo ráð fyrir árlegri endurskoðun verðjöfnunargjaldsins og sé með slíkri endurskoðun komið í veg fyrir, að gjaldið hækki með vaxandi raforkusölu, en við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 milljónir króna.

Framangreindar ráðstafanir munu ýmist verða til þess að létta gjaldabyrði af Rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins, eða útvega þeim auknar tekjur, sem hvort tveggja mun verða til þess að bæta fjárhag þeirra og vinna á móti þeim hallarekstri, sem verið hefur á þessum fyrirtækjum.

Meiri hl. nefndarinnar telur hér vera stefnt í rétta átt og leggur til, að frv. verði

samþykkt. Þó mun meiri hl. flytja á sérstöku þingskjali tvær breytingartillögur við frv. Er í annarri gert ráð fyrir, að gerðardómur sá, sem skipa skal samkv. 10. gr. frv. til að skera úr um ágreiningsatriði, sem upp kunna að rísa um mælingar eða útreikning gjaldstofns, skuli starfa á þeim stað, þar sem mæling, sem ágreiningur rís um, fer fram, en í hinni tillögunni er lagt til, að tillagna Sambands ísl. rafveitna sé leitað í sambandi við setningu reglugerðar samkv. 11. gr. frv.

Alþingi, 14. des. 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Jónas G. Rafnar.
Oddur Andrésson.

Nd. 182. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. 4. málsgr. 10. gr. orðist svo:
   Gerðardómurinn skal starfa á þeim stað, þar sem mæling sú, sem ágreiningur rís um, fer fram, og setur sér sjálfur starfsreglur.
2. 11. gr. orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum Sambands íslenzkra rafveitna.

Nd. 183. Frumvarp til laga [95. mál]

um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði er heimilt að taka eignarnámi þá ⅘ hluta lands eyjarinnar, sem eru í einkaeign.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum l. nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Flateyjarhrepps og í samræmi við tillögur milliþinganefndar, sem skipuð var 2. okt. 1959 til þess að athuga atvinnuástand í hreppnum og gera tillögur til endurreisnar atvinnulífi þar. Í nefnd þessari

áttu sæti: Gísli Jónsson alþm., sem var formaður hennar, Pálmi Einarsson landnámsstjóri og Knútur Kristinsson héraðslæknir. Nefnd þessi lauk störfum 10. des. s. l. Komst hún m. a. að þeirri niðurstöðu, „að það sé frumskilyrði fyrir áframhaldandi byggð í Flatey, að hreppurinn eignist allt land og öll landsréttindi í Flatey, þar með talin öll hlunnindi, er fylgja jarðeignum þar". Að fengnum eignarumráðum verði síðan leitað til Landnáms ríkisins um, að það veiti hreppnum aðstoð til að rækta allt ræktanlegt land Flateyjar og styðji uppbyggingu bújarða þar með þeim hætti, sem skynsamlegt verði talið.

Þess má geta, að samkv. upplýsingum oddvitans í Flateyjarhreppi, Aðalsteins Aðalsteinssonar á Hvallátrum, eru flestir einkaeigendur lands í Flatey fluttir þaðan burt, og alger skortur á samvinnu milli þeirra hefur gert samfellda ræktun landsins ókleifa.

Bæði hreppsnefnd Flateyjarhrepps og fyrrgreind milliþinganefnd hafa gert ýmsar fleiri tillögur, sem gætu orðið til eflingar byggð í Flatey, ef framkvæmdar yrðu. Ber brýna nauðsyn til þess að taka hið fyrsta ákvörðun í því máli. Flutningur þessa frumvarps er aðeins fyrsta sporið af mörgum, sem stíga þarf, ef takast á að tryggja áframhaldandi byggð þessarar söguríku og fögru eyjar, sem býður að mörgu leyti upp á góð lífsskilyrði, ef rétt er á málum haldið.

Nd. 184. Breytingartillaga [89. mál]

við frv. til l. um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 1. gr. Á eftir 2. málslið komi: annarri en sölu gjaldeyris vegna námskostnaðar og sjúkrakostnaðar.

Sþ. 185. Tillaga til þingsályktunar [96. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 18. desember 1965 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 7. febrúar 1966.

Ed. 186. Breytingartillögur [76. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Á undan 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Við fyrri málsgr. 15. gr. laganna bætist:
   Skal þar m. a. greint frá viðhaldskostnaði á hinum einstöku hraðbrautum, landsbrautum og þjóðbrautaköflum, samkv. nánari ákvörðun vegamálastjóra.

2. Á eftir 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Við 88. gr. laganna bætist:
      Jeppabifreiðar, sem nota benzín, eiga einnig rétt á endurgreiðslu á benzínskatti. Þó skal endurgreiðsla til þeirra ekki nema meira en ¾ hlutum þeirrar upphæðar, sem endurgreidd er jeppabifreiðum, er nota annað eldsneyti.
   b. Við 89. gr. laganna bætist:
      Skal það að minnsta kosti nema helmingi viðhaldskostnaðar á þjóðvegum.

Sþ. 187. Fjárlög [1. mál]

fyrir árið 1966.

(Afgreidd frá Sþ. 14. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1966 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.
1.	**Tekju- og eignarskattur**	406 000 000
2.	**Aðflutningsgjöld** 1624300000	
	Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 81200000	
		1 543 100 000
3.	**Gjald af innlendum tollvörum**	**58 000 000**
4.	**Lestagjald af skipum**	**1 300 000**
5.	**Aukatekjur**	**70 000 000**
6.	**Stimpilgjald**	**79 000 000**
7.	**Vitagjald**	**3 500 000**
8.	Söluskattur 1019500000	
	Þar af til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 81600000	
		937 900 000
9.	Hluti af umboðsþóknun og gengismismun gjaldeyrisbankanna	**66 500 000**
10.	Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960	**124 000 000**
	Samtals ...	**3 289 300 000**

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

	kr.	kr.
A.		
1. Rekstrarhagnaður áfengis- og tóbaksverzlunar		471 050 000
2. — ríkisprentsmiðju		950 000
Samtals ...	. . .	472 000 000
Sundurliðun.		
1. Póstur og sími.		
I. Tekjur:		
1. Seld frímerki, frímerkjavélar o. fl.	66 000 000	
2. Blöð og tímarit, burðargjald	3 000 000	
3. Skeytagjöld	22 000 000	
4. Símtalagjöld	77 000 000	
5. Símaafnotagjöld	195 000 000	
6. Leiga talstöðva og lína	5 500 000	
7. Innheimta aðflutningsgjalda, greiðsla vegna orlofslaga og laga um skyldusparnað	8 000 000	
8. Aðrar tekjur	7 000 000	
		383 500 000
II. Gjöld:		
1. Laun fastra starfsmanna	79 440 000	
2. Önnur laun, aukaaðstoð og yfirvinna	92 560 000	
3. Póstflutningur	10 000 000	
4. Pappír, prentun, skrifstofugögn o. fl.	9 800 000	
5. Húsnæði, ljós, hiti, ræsting og viðhald	18 000 000	
6. Stöðvarnar, annar kostnaður	83 900 000	
7. Langlínurnar, annar kostnaður	39 400 000	
8. Til endurnýjunar og viðauka	37 700 000	
9. Vextir	1 200 000	
10. Tryggingar	3 500 000	
11. Önnur gjöld	8 000 000	
		383 500 000
2. Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.		
I. Sala að frádregnum söluskatti og afslætti		707 692 500
II. Framleiðslukostnaður o. fl.:		
1. Innkaupsverð seldra vara	171 000 000	
2. Laun og starfsmannakostnaður	13 500 000	
3. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	2 950 000	
4. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	2 500 000	
5. Viðhald og viðgerðir	750 000	
6. Ýmis gjöld	140 000	
7. Kostnaður við útsölur	5 600 000	
		196 440 000
Brúttó-hagnaður		511 252 500

3. gr.

		kr.	kr.
III.	Skrifstofukostnaður:		
	1. Laun og starfsmannakostnaður	5 900 000	
	2. Húsaleiga, raforka, hiti og ræsting	600 000	
	3. Rekstur eigin bifreiða og aðkeyptur akstur	250 000	
	4. Viðhald og viðgerðir	100 000	
	5. Ýmis gjöld	2 300 000	
	Skrifstofukostnaður alls	9 150 000	
IV.	Tillag til Gæzluvistarsjóðs	7 500 000	
V.	Útsvar	23 552 500	
			40 202 500
	Nettó-hagnaður. Fært á 3. gr. A. 1.	. . .	471 050 000
	3. Ríkisútvarpið.		
I.	Tekjur:		
	a. Afnotagjöld	25 500 000	
	b. Aðrar tekjur	20 700 000	
			46 200 000
II.	Gjöld:		
	a. Laun:		
	1. Föst laun 9354762		
	2. Aukavinna 3400000	12 754 762	
	b. Útvarpsefni	9 150 000	
	c. Skrifstofukostnaður	2 700 000	
	d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	2 150 000	
	e. Til útvarpsstöðva	8 000 000	
	f. Til viðgerðarferða o. fl.	300 000	
	g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins	750 000	
	h. Vegna höfundalaganna	2 150 000	
	i. Óviss útgjöld	650 000	
	j. Bifreiðakostnaður	215 000	
	k. Launaskattur	210 000	
	l. Til kaupa á áhöldum, hljóðfærum o. fl.	500 000	
	m. Greiðsla til Brown Boveri s. fr. 163.585.00 vegna nýs sendis fyrir Vatnsendastöðina	1 600 000	
	n. Vegna kaupa á nýjum sendi fyrir Akureyrarstöð og Eiðastöð og vegna breytinga á stöðvunum á Akureyri, Eiðum og Hornafirði til fjarstýringar	5 000 000	
			46 129 762
			70 238
	Til framkvæmdasjóðs Ríkisútvarpsins		70 238
III.	Rekstur viðtækjaverzlunar:		
	a. Tekjur	3 800 000	
	b. Gjöld:		
	1. Laun 1047000		
	2. Annar kostnaður 1053000	2 100 000	
		1 700 000	

		3. gr.	
		kr.	kr.
3. Til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins	1020000		
4. Til Sinfóníuhljómsveitar Íslands	680000		
		1 700 000	
IV. Sjónvarp:			
a. Tekjur:			
1. Stofngjöld	8000000		
2. Afnotagjöld	12000000		
3. Auglýsingar	4500000		
4. Aðflutningsgjöld	17600000		
		42 100 000	
b. Gjöld:			
1. Hús sjónvarpsins, afborganir og vextir	1430000		
2. Tækjakaup	16370000		
3. Útbreiðslumælingar	1500000		
4. Fastakostnaður	10800000		
5. Dagskrárkostnaður	12000000		
		42 100 000	
4. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.			
I. Tekjur			12 000 000
II. Gjöld:			
1. a. Laun starfsmanna	855932		
b. Vinnulaun og aðkeypt vinna	5599068		
		6 455 000	
2. Efnivörur		2 250 000	
3. Vélarekstur og viðhald		300 000	
4. Annar kostnaður		2 045 000	
			11 050 000
Fært á 3. gr. A. 2.		. . .	950 000
5. Landssmiðjan.			
I. Tekjur (ágóði af seldri vinnu, vörum o. fl.)			9 055 000
II. Gjöld:			
1. Laun starfsmanna		1 598 988	
2. Vextir		600 000	
3. Annar kostnaður		6 573 000	
Aukið rekstrarfé Landssmiðjunnar		283 012	
			9 055 000
6. Tunnuverksmiðjur ríkisins.			
I. Tekjur			28 300 000
II. Gjöld:			
1. Laun og skrifstofukostnaður		800 000	
2. Efniskaup (tunnustafir og járn)		17 000 000	
3. Verkalaun		7 000 000	
4. Annar kostnaður		3 500 000	
			28 300 000

3. gr.

	kr.	kr.
7. Innkaupastofnun ríkisins.		
I. Tekjur af vörusölu		4 038 752
II. Gjöld:		
1. Laun	2 008 752	
2. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	530 000	
3. Annar kostnaður	1 500 000	
		4 038 752
8. Ríkisbú.		
a. Á Bessastöðum.		
1. Tekjur	1 681 000	
2. Gjöld	1 681 000	
b. Á Hvanneyri.		
1. Tekjur	1 500 000	
2. Gjöld	1 500 000	
c. Á Hólum.		
1. Tekjur	800 000	
2. Gjöld	800 000	
d. Á Reykjum (bú garðyrkjuskólans).		
1. Tekjur	625 000	
2. Gjöld	625 000	
e. Á Vífilsstöðum.		
1. Tekjur	1 200 000	
2. Gjöld	1 200 000	
f. Í Kópavogi.		
1. Tekjur	170 000	
2. Gjöld	170 000	
B.		
Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar		75 000

4. gr.

Tekjur af verðbréfum, bankainnstæðum, hlutafjáreign o. fl.

	kr.	kr.
1. Vextir		7 700 000
2. Arður af hlutafjáreign		300 000
Samtals ...	. . .	8 000 000

5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar 25 000 000 krónur.

II. KAFLI

Gjöld:

6. gr.

Árið 1966 eru veittar til gjalda fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 7.—19. gr.

7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

	kr.	kr.
Vextir af innlendum lánum		8 514 265
Samtals ...	. . .	8 514 265

8. gr.

Kostnaður við æðstu stjórn landsins:

	kr.	kr.
I. 1. Laun forseta Íslands	420 000	
2. Risna	70 000	490 000
II. Skrifstofa forseta Íslands:		
1. Laun	335 880	
2. Annar kostnaður	360 200	696 080
III. Bifreiðakostnaður:		
1. Laun	196 740	
2. Annar kostnaður	338 000	534 740
IV. Forsetasetrið að Bessastöðum:		
1. Laun	124 044	
2. Annar kostnaður	779 800	903 844
V. Bessastaðakirkja		62 000
VI. Til handhafa forsetavalds		20 000
Samtals ...	. . .	2 706 664

9. gr.

Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga er veitt:

	kr.	kr.
1. Til alþingiskostnaðar		27 350 000
2. Til yfirskoðunar ríkisreikninga		250 000
Samtals ...	. . .	27 600 000

10. gr.

Til ríkisstjórnarinnar er veitt:

		kr.	kr.
I. Stjórnarráðið:			
1. Til ráðherra:			
a. Laun	2056370		
b. Til risnu samkvæmt reikningi	170000		
c. Ríkisráð	17000		
		2 243 370	
2. Til ráðuneytanna:			
a. Atvinnumálaráðuneytið, laun	1484724		
b. Dómsmálaráðuneytið, laun	1651223		
c. Félagsmálaráðuneytið, laun	1496067		
d. I. Fjármálaráðuneytið, laun	1670819		
II. Endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins, laun	3999020		
e. Forsætis- og menntamálaráðuneytið:			
a. Laun	1516542		
b. Fálkaorðan	90000		
	1606542		
f. Samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytið, laun	840876		
g. Utanríkisráðuneytið, laun	2197322		
h. Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, laun	998428		
i. Viðskiptamálaráðuneytið, laun	1543302		
j. Framlag til Efnahagsstofnunarinnar	1358000		
k. I. Hagstofan:			
1. Laun	2679994		
2. Útgáfa hagskýrslna	433000		
3. Annar kostnaður	1017230		
4. Til sérstakra tímabundinna verkefna	1100000		
	5230224		
II. Þjóðskráin:			
1. Laun	658315		
2. Annar kostnaður	850998		
	1509313		
l. Aðrir starfsmenn, laun	1700000		
m. Símakostnaður og burðargjöld	2500000		
n. Annar kostnaður ráðuneyta	7000000		
o. Kostnaður við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanríkisráðuneytisins	900000		
		37 685 860	
3. Ríkisféhirzla og ríkisbókhald:			
a. Laun	2975590		
b. Annar kostnaður	1375000		
		4 350 590	
4. Ýmis kostnaður:			
a. Pappír, prentun og hefting ríkisreikninga	250000		
b. Til þess að gefa út stjórnartíðindi	1100000		

10. gr.

		kr.	kr.
c. Til umbóta og viðhalds á stjórnarráðshúsinu og ráðherrabústað	670000		
		2 020 000	
II. Utanríkismál (utanríkisráðuneyti):			46 299 820
1. Sendiráðið í Kaupmannahöfn:			
a. Laun	2013948		
b. Annar kostnaður	402834		
		2 416 782	
2. Sendiráðið í Stokkhólmi:			
a. Laun	1544601		
b. Annar kostnaður	325319		
		1 869 920	
3. Sendiráðið í London:			
a. Laun	2136579		
b. Annar kostnaður	881314		
		3 017 893	
4. Sendiráðið í Washington:			
a. Laun	2340771		
b. Annar kostnaður	994243		
		3 335 014	
5. Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD:			
a. Laun	4072313		
b. Annar kostnaður	1415901		
		5 488 214	
6. Sendiráðið í Osló:			
a. Laun	1453905		
b. Annar kostnaður	606654		
		2 060 559	
7. Sendiráðið í Bonn:			
a. Laun	1752048		
b. Annar kostnaður	346758		
		2 098 806	
8. Sendiráðið í Moskva:			
a. Laun	2342085		
b. Annar kostnaður	588609		
		2 930 694	
9. Fastafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York:			
a. Laun	1894080		
b. Annar kostnaður	895648		
		2 789 728	
10. Fastafulltrúi hjá Evrópuráðinu og Alþjóðakjarnorkustofnuninni í Vín		134 911	
11. Ferðakostnaður		1 200 000	
12. Kostnaður vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðuneytisins		1 200 000	
13. Kostnaður vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðuneytisins		1 700 000	
14. Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi		350 000	

10. gr.

	kr.	kr.
15. Til kaupa á kvikmyndum fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	204 000	
16. Til kjörræðismanna	45 000	
17. Til söfnunar heimilda erlendis um sögu Íslands í tveim heimsstyrjöldum	250 000	
		31 091 521
III. Tillög til ýmissa alþjóðastofnana:		
1. Til hjálpar flóttafólki í Evrópu og tillag til flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	247 000	
2. Til alþjóðabarnahjálparsjóðsins	458 000	
3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna	1 650 000	
4. Viðbótarframlag til Sameinuðu þjóðanna	3 444 800	
5. Tillag til varnarliðs Sameinuðu þjóðanna	400 000	
6. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO)	330 000	
7. Tillag til World Food Program á vegum FAO	215 000	
8. Tillag til efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD)	800 000	
9. Tillag til Evrópuráðsins	415 000	
10. Tillag til alþjóðahveitiráðsins	3 500	
11. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO)	1 625 000	
12. Tillag til Atlantshafsbandalagsins vegna skrifstofubyggingar	68 000	
13. Tillag til tollanefndar Evrópu	7 500	
14. Tillag til tækniaðstoðar Sameinuðu þjóðanna	690 000	
15. Tillag til alþjóðastofnunar til útgáfu tolllaga	67 700	
16. Tillag til alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar	140 000	
17. Tillag til eftirlitsnefndar með gin- og klaufaveiki á vegum FAO	11 000	
18. Til hinnar alþjóðlegu framfarastofnunar	54 000	
19. Tillag til Alþjóðalandfræðisambandsins	7 000	
20. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar	120 000	
21. Tillag til Alþjóðagerðardómsins í Haag	2 000	
22. Kostnaður vegna þingmannasambands Atlantshafsbandalagsins	200 000	
23. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar	55 000	
24. Tillag til Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO)	410 000	
25. Tillag til Alþjóðarauðakrossins	16 000	
26. Þátttaka í heimssýningu í Kanada 1967	1 500 000	
27. Bráðabirgðaaðild að GATT	108 000	
28. Vegna Genfarsamninganna frá 1949 um meðferð stríðsfanga	20 000	
29. Tillag til alþjóðlega jarðmælinga- og jarðeðlisfræðisambandsins	38 400	
30. Til þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og á alþjóðaþingi fuglafræðinga	30 000	
		13 132 900
Samtals ...	. . .	90 524 241

11. gr.

Til dómgæzlu, lögreglustjórnar, skatta- og tollainnheimtu o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
A. Dómgæzla og lögreglustjórn (dómsmálaráðuneyti).		
1. Hæstiréttur:		
a. Laun	1 908 888	
b. Risna dómsforseta	10 000	
c. Útgáfa hæstaréttardóma	635 000	
d. Annar kostnaður	500 000	
e. Til bókakaupa	100 000	
f. Til ljósprentunar hæstaréttardóma	270 000	
		3 423 888
2. Saksóknaraembætti ríkisins:		
a. Laun	1 573 776	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	455 000	
c. Annar kostnaður	550 000	
		2 578 776
3. Borgardómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	3 140 406	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	565 000	
c. Annar kostnaður	520 000	
		4 225 406
4. Borgarfógetaembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 514 528	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	420 000	
c. Annar kostnaður	450 000	
		3 384 528
5. Sakadómaraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	3 070 031	
b. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting	1 675 000	
c. Annar kostnaður	1 973 000	
		6 718 031
6. Lögreglustjóraembættið í Reykjavík:		
a. Laun	2 000 581	
b. Aukavinna	381 000	
c. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður	591 000	
d. Annar kostnaður	660 000	
		3 632 581
7. Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli:		
a. Laun	986 409	
b. Hiti, ljós og ræsting	200 000	
c. Annar kostnaður	446 000	
		1 632 409
8. Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:		
a. Laun	5 330 268	
b. Skrifstofukostnaður:		
1. Laun 12979230		
2. Annar kostnaður 15500000		
28479230		
÷ Frá Tryggingastofnun ríkisins 6000000		
	22 479 230	
c. Einkennisbúningar héraðsdómara	425 000	
d. Viðhald embættisbústaða	650 000	
		28 884 498

11. gr.

		kr.	kr.
9.	Laun hreppstjóra		2 850 000
10.	Lögreglukostnaður:		
	a. Ríkislögregla í Reykjavík:		
	1. Laun lögregluþjóna	5786807	
	2. Vaktaálag, aukavinna o. fl.	2700000	
	3. Einkennisfatnaður, tryggingar o. fl.	740000	
	4. Bifreiðakostnaður	1535000	
	5. Fjarskiptaþjónusta	102500	
	6. Æfingaskáli og gufubaðstofa	126000	
	7. Kostnaður vegna kvenlögreglu	42700	
	8. Lögregluskóli, áhöld o. fl.	250000	
			11 283 007
	b. Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli:		
	1. Laun lögregluþjóna	3389757	
	2. Vaktaálag og helgidagauppbót	1200000	
	3. Einkennisfatnaður	400000	
	4. Bifreiðakostnaður og tryggingar	1020000	
	5. Fæðisstyrkur lögreglumanna	458000	
	6. Annar kostnaður	353800	
			6 821 557
	c. Til löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, sbr. 2. mgr. 4. gr. l. nr. 56/1963		1 500 000
	d. Hluti ríkissjóðs af lögreglukostnaði í Reykjavík		13 850 000
	e. Ýmis annar lögreglukostnaður		16 700 000
	f. Til löggæzlu í sveitum		2 000 000
			52 154 564
11.	Til hegningarhúsa og vinnuhæla:		
	a. Hegningarhúsið í Reykjavík:		
	1. Laun	709373	
	2. Vaktaálag	228000	
	3. Annar kostnaður	1400000	
		2337373	
	÷ Framlag Reykjavíkurborgar	1168686	
			1 168 687
	b. Vinnuhælið á Litla-Hrauni:		
	1. Laun	1710014	
	2. Vaktaálag	300000	
	3. Aukavinna	500000	
	4. Annar kostnaður	2040000	
		4550014	
	÷ Tekjur	715000	
			3 835 014
	c. Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík, ½ kostnaður		482 852
	d. Vinnuhælið að Kvíabryggju:		
	1. Laun	438960	
	2. Aukavinna	210000	
	3. Annar kostnaður	1120000	
			1 768 960

11. gr.

		kr.	kr.
e.	Kostnaður við önnur fangahús	200 000	
f.	Sjúkrakostnaður refsifanga	100 000	
			7 555 513
12.	Til byggingar fangahúsa		640 000
13.	Málskostnaður	4 500 000	
	÷ Endurgreiddur málskostnaður	1 000 000	
			3 500 000
14.	Til fangahjálpar samkv. ákvörðun dómsmálaráðherra		310 000
15.	Kostnaður við siglingadóm samkvæmt lögum		120 000
16.	Laun meðdómsmanna		500 000
17.	Kostnaður við störf setu- og varadómara		550 000
18.	Til útgáfu norræns dómasafns		45 000
19.	Til útgáfu lagasafns		400 000
20.	Til almannavarna		2 728 000
21.	Til kostnaðar við landhelgisgæzlu:		
	a. Varðskipið Óðinn:		
	1. Laun 5250000		
	2. Annar kostnaður 8176000	13 426 000	
	b. Varðskipið Þór:		
	1. Laun 4674000		
	2. Annar kostnaður 7566000	12 240 000	
	c. Varðskipið Ægir:		
	1. Laun 4900000		
	2. Annar kostnaður 5711200	10 611 200	
	d. Varðskipið Albert:		
	1. Laun 3192000		
	2. Annar kostnaður 3025500	6 217 500	
	e. Varðskipið María Júlía:		
	1. Laun 3012000		
	2. Annar kostnaður 2681000	5 693 000	
	f. Fluggæzla:		
	1. Laun 4085000		
	2. Annar kostnaður 5703100	9 788 100	
	g. Kostnaður í landi og ýmis gæzla	6 984 056	
		64 959 856	
	÷ Tekjur	3 500 000	
			61 459 856
22.	Bifreiðaeftirlit ríkisins:		
	a. Laun	2 624 973	
	b. Annar kostnaður	3 000 000	
	c. Vegna húsnæðis fyrir bifreiðaeftirlit á Akureyri	100 000	
		5 724 973	
	÷ Tekjur	5 724 973	

11. gr.

		kr.	kr.
23.	Kostnaður við eftirlit á vegum:		
	a. Laun	357 516	
	b. Annar kostnaður	550 000	
			907 516
24.	Til húsameistara ríkisins:		
	a. Laun	1 765 242	
	b. Annar kostnaður	2 712 352	
		4 477 594	
	÷ Tekjur af vinnu	500 000	
			3 977 594
25.	Til bindindisstarfsemi:		
	a. Laun áfengisvarnaráðunautar	162 144	
	b. Til áfengisvarnaráðs (enda samþykki dómsmálaráðuneytið úthlutun fjárins)	1 350 000	
	c. Til Stórstúku Íslands	450 000	
	d. Til Péturs Sigurðssonar erindreka:		
	1. Laun 95124		
	2. Ferðakostnaður 5000		
		100 124	
			2 062 268
26.	Til Templarahallar, byggingarstyrkur		400 000
	Samtals A.	. . .	194 640 428
	B. Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl. (fjármálaráðuneyti).		
I.	Tollar:		
	a. Tollstjóraembættið í Reykjavík:		
	1. Laun 7031380		
	2. Húsaleiga, ljós og hiti 550000		
	3. Símakostnaður og burðargjöld 300000		
	4. Annar kostnaður 2400000		
		10 281 380	
	b. Tollgæzla:		
	1. Í Reykjavík:		
	a. Laun 8603444		
	b. Aukavinna 2700000		
	c. Vaktaálag 600000		
	d. Húsaleiga, ljós og hiti 1400000		
	e. Símakostnaður 125000		
	f. Annar kostnaður 2295000		
		15 723 444	
	2. Á Keflavíkurflugvelli:		
	a. Laun 1969893		
	b. Vaktaálag og helgidagauppbót 525000		
	c. Einkennisfatnaður 245000		
	d. Fæðisstyrkur tollvarða 291200		

11. gr.

		kr.	kr.
e. Annar kostnaður	400000		
f. Kostnaður við tolleftirlit á varnarstöðvum utan Keflavíkurflugvallar	280000		
g. Aukavinna tollvarða við afgreiðslu flugvéla Loftleiða	1335000		
		5 046 093	
3. Utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar:			
a. Laun	2000513		
b. Annar kostnaður	1350000		
		3 350 513	
			34 401 430
II. Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur			27 500 000
III. Kostnaður við fasteignamat			10 000 000
IV. Kostnaður við embættiseftirlitsferðir			100 000
V. Innheimtulaun			1 200 000
VI. Innheimtustofnun			3 873 875
Samtals B. ...		. . .	77 075 305
C. Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur.			
Eyðublöð, bókband, auglýsingar o. fl. í þágu stjórnarráðsins og opinberra embætta			4 200 000
Samtals C. ...		. . .	4 200 000

12. gr.

Til læknaskipunar og heilbrigðismála er veitt (heilbrigðismálaráðuneyti):

		kr.	kr.
I.	**Landlæknisembættið:**		
	a. Laun	583 514	
	b. Annar kostnaður	272 000	
			855 514
II.	**Héraðslæknar:**		
	1. Laun	11 156 913	
	2. Símakostnaður og burðargjöld	220 000	
			11 376 913
III.	**Kostnaður við framkvæmd laga um læknaráð**		135 000
IV.	**Ríkisspítalar:**		
	A. Landspítalinn:		
	1. Laun fastra starfsmanna	28953225	
	2. Laun annarra starfsmanna	10747659	
	3. Gæzluvaktir og vaktaálag	3752292	
	4. Aukavinna	13053196	
	5. Laun starfsmanna í skrifstofu	1418249	
	6. Matvörur	10800000	
	7. Annar kostnaður	25450000	
		94174621	
	÷ Tekjur	45700000	
			48 474 621
	B. Fæðingardeild Landspítalans:		
	1. Laun fastra starfsmanna	6061268	
	2. Laun annarra starfsmanna	2009287	
	3. Gæzluvaktir og vaktaálag	1440000	
	4. Aukavinna	2836278	
	5. Laun starfsmanna í skrifstofu	472750	
	6. Fæðiskostnaður	2055000	
	7. Annar kostnaður	5670000	
		20544583	
	÷ Tekjur	10710000	
			9 834 583
	C. Heilsuhælið á Vífilsstöðum:		
	1. Laun fastra starfsmanna	3621946	
	2. Laun annarra starfsmanna	3516248	
	3. Gæzluvaktir og vaktaálag	960000	
	4. Aukavinna	2091347	
	5. Laun starfsmanna í skrifstofu	315167	
	6. Matvörur	3600000	
	7. Kostnaður við ketilhús og sjúkralyftu (síðari greiðsla)	1200000	
	8. Annar kostnaður	6030500	
		21335208	
III. Til byggingar stjórnarráðshúss		1 600 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		4 500 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		480 000
VI. 1. Til viðbyggingar við Landspítalann	12 800 000	
2. Til áhaldakaupa í viðbygg. við Landspítalann	3 600 000	
3. Til byggingar eldhúss fyrir Landspítalann ..	8 000 000	
4. Til byggingar þvottahúss fyrir ríkisspítalana .	3 200 000	
5. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi	960 000	
6. Til byggingar fávitahælis	400 000	
7. Til byggingar ketilhúss o. fl. fyrir geðveikrahælið á Kleppi	800 000	
8. Til viðbyggingar við fæðingardeild Landspítalans	800 000	
		30 560 000
VII. Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		2 400 000
VIII. Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		14 580 000
IX. Til sjúkraflugvalla		400 000
X. Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		160 000
XI. Til byggingar Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands		3 200 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	240 000	
2. Til byggingar við Menntaskólann á Akureyri	1 600 000	
3. Til byggingar menntaskóla í Reykjavík	4 000 000	
4. Til byggingar Sjómannaskólans	640 000	
5. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	55 000	
6. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	1 400 000	
7. Til byggingar kennarabústaðar á Laugarvatni	600 000	
8. Til greiðslu lána vegna Menntaskólans á Laugarvatni	427 500	
9. Til byggingar nemendabústaðar við Menntaskólann að Laugarvatni	1 600 000	
10. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	3 200 000	
11. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum .	2 000 000	

20. gr.

	kr.	kr.
12. Til byggingar hjúkrunarskóla	5 600 000	
13. Til byggingar fyrir bændaskólann á Hvanneyri	3 200 000	
14. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	120 000	
15. Til Íþróttakennaraskóla Íslands	1 000 000	
16. Tækniskólinn, stofnkostnaður	3 500 000	
17. Til byggingar menntaskóla á Ísafirði	800 000	
18. Til byggingar menntaskóla á Austurlandi	800 000	
		30 782 500
XIII. Til bygginga á prestssetrum		3 900 000
XIV. Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		155 000
XV. Til útihúsa á prestssetrum		560 000
XVI. Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara		2 400 000
XVII. Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		2 400 000
XVIII. Til byggingar lögreglustöðvar á Akureyri		400 000
XIX. Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		1 600 000
XX. Til kaupa á Skaftafelli í Öræfum		60 000
XXI. Verkfæranefnd ríkisins, til byggingar		240 000
XXII. Til byggingar upptökuheimilis í Kópavogi		850 000
XXIII. Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, sem ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs		160 000
XXIV. Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		400 000
XXV. Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum		75 000
XXVI. Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		400 000
XXVII. Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		2 000 000
XXVIII. Til greiðslu á afborgunum og vöxtum af láni til kaupa á varðskipinu Óðni		5 100 000
XXIX. Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum		120 000
XXX. Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		400 000
XXXI. Til byggingar biskupsbústaðar		240 000
XXXII. Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		50 000
XXXIII. Til byggingar prestsseturs í Odda		240 000
XXXIV. Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti		200 000
XXXV. Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		70 000
XXXVI. Til fyrningarsjóðs ríkisbifreiða		4 000 000
XXXVII. Til greiðslu afborgana og vaxta af láni til byggingar vitaskips		2 000 000
XXXVIII. Til byggingar laxeldisstöðvar í Kollafirði		3 840 000
XXXIX. Til byggingar handritahúss		3 200 000
XL. Til kaupa á húsnæði fyrir skattstofu Austurlandsumdæmis		500 000
XLI. Til byggingar norræns húss í Reykjavík		1 900 000
XLII. Til byggingar á íbúð fyrir starfsfólk á Litla-Hrauni		100 000
XLIII. Til byggingar íbúðarhúss fyrir forstöðumann vinnuhælisins að Kvíabryggju		250 000

20. gr.

	kr.	kr.
XLIV. Til kaupa á Mávahlíð í Lundarreykjadal fyrir fjárræktarbúið að Hesti		160 000
XLV. Til viðbyggingar við sendiherrabústað í Kaupmannahöfn		600 000
XLVI. Til greiðslu á stofnkostnaði holdanauta- og hænsnabús á Bessastöðum		370 000
XLVII. Til byggingar jarðskjálftastöðvar á Akureyri ..		215 000
Samtals ...	. . .	190 752 495

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		3 289 300 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		472 000 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		8 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		25 000 000
	Samtals ...	. . .	3 794 375 000

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	3 794 375 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	6 000 000
	Samtals ...	3 800 475 000

Yfirlit.

yfirlit.

21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		8 514 265
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		2 706 664
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		27 600 000
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		90 524 241
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	194 640 428	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	77 075 305	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	4 200 000	275 915 733
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		145 801 240
13. gr.	A.	Vegamál	380 000	
—	B.	Samgöngur á sjó	33 192 000	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	64 133 232	
—	D.	Flugmál	23 821 548	
—	E.	Veðurþjónusta	10 538 996	
—	F.	Ýmis mál	12 727 336	144 793 112
14. gr.	A.	Kennslumál	512 022 690	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	39 276 330	551 299 020
15. gr.		Kirkjumál		36 281 000
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	203 922 188	
—	B.	Sjávarútvegsmál	142 699 474	
—	C.	Iðnaðarmál	11 479 715	
—	D.	Raforkumál	45 150 000	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	30 266 406	433 517 783
17. gr.		Til félagsmála		875 138 100
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		88 267 626
19. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		927 800 000
		Rekstrarafgangur		186 216 216
		Samtals	. . .	3 794 375 000

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	3 608 158 784
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána og til eignaaukningar	190 752 495
		Greiðslujöfnuður	1 563 721
		Samtals	3 800 475 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að Landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1966 hjá alit að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að innheimta ekki tolla né söluskatt að upphæð 205 þús. kr. af vísindatækjum, sem Eðlisfræðistofnun háskólans hefur flutt inn til jónosferumælinga í samvinnu við fyrirtækið HRB. Singer Inc., enda verði tækin flutt úr landi fyrir árslok 1968.

VII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af vísindatækjum, sem Eðlisfræðistofnun háskólans á kost á frá bandarískum vísindastofnunum.

VIII. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

IX. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í norðurhöfum.

X. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af dísilvélasamstæðu fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af viðgerðarkostnaði rafals hjá Rafveitu Ísafjarðar.

XII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélasamstæðu og efni Rafveitu Snæfjallahrepps.

XIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af vélum til niðursuðu sjávarafurða til útflutnings fyrir K. Jónsson & Co., Akureyri, og Niðursuðu- og hraðfrystihús Langeyrar.

XIV. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í kauptúnum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema einni vélasamstæðu á hverjum stað.

XV. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

XVI. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XVII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.

XVIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða allt að 45 aurum til Slysavarnafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands af hverjum seldum vindlingapakka, og skiptist gjaldið til þeirra að jöfnu.

XIX. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.
XX. Að ákveða, að ein króna af tekjum Landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.
XXI. Að taka að láni allt að 83 þús. dollurum til kaupa á húsi fyrir fastafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum í New York.
XXII. Að taka allt að 4 millj. kr. að láni handa jarðhitasjóði.
XXIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.
XXIV. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkissjóður setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.
XXV. Að ábyrgjast lán, allt að 18 millj. kr., vegna byggingar fyrir rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti.
XXVI. Að ábyrgjast fyrir h/f Fylki, Reykjavík, allt að 200 þús. sterlingspunda lán, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
XXVII. Að taka allt að 11 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
XXVIII. Að greiða þeim aðilum, sem njóta eftirlauna samkv. gömlum reglum, sbr. 18. gr. I. fjárlaga, og ekki eru jafnframt félagar í lögboðnum lífeyrissjóði, uppbót á eftirlaun sín, sem sé hliðstæð þeirri hækkun, er sjóðsfélagar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins fengu við gildistöku laga nr. 29/1963.
XXIX. Að ábyrgjast lán til smíði aðstoðarskips við fiskiflotann, allt að 5 millj. kr., þó eigi yfir 80% af kostnaðarverði skipsins, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, og að fullnægðum þeim skilyrðum, sem hún kann að setja.
XXX. Að ábyrgjast lán að fjárhæð 900 þús. kr. fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar, gegn þeim tryggingum, er metnar verða gildar.
XXXI. Að ábyrgjast allt að 60 millj. kr. lán til byggingar og endurbóta á síldarverksmiðjum, síldarflutningaskipum og síldarumhleðslustöðvum, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
XXXII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir „Icelandic Arts and Crafts", gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, enda hafi hlutafjárloforð verið greidd að fullu.
XXXIII. Að ábyrgjast allt að 3 millj. kr. lán fyrir Umferðarmiðstöðina í Reykjavík, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
XXXIV. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir h/f Skallagrím í Borgarnesi vegna flokkunarviðgerðar Akraborgar, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar.
XXXV. Að selja hús fávitahælisins á Kleppjárnsreykjum.
XXXVI. Að selja eignarhluta Landssmiðjunnar í húseigninni Hagamel 21, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
XXXVII. Að selja sýslumannsbústaðinn á Eskifirði ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
XXXVIII. Að leyfa Innkaupastofnun ríkisins að selja Landgræðslusjóði húseignina Ránargötu 18, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum.
XXXIX. Að leyfa vita- og hafnarmálastjóra að festa kaup á sanddælingartækjum.

23. gr.

Heimilt er að greiða 4% uppbót á greiðslur samkv. liðum I. a. og II. á 18. gr. fjárlaga frá 15. júlí 1965. Verði almenn hækkun á grunnlaunum starfsmanna ríkisins, er enn fremur heimilt að greiða samsvarandi uppbót á nefndar greiðslur.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1966 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 188. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Meginefni frumv. fjallar um það að leggja nýjan skatt á alla raforkusölu í landinu og að skatturinn gangi til stuðnings rafmagnsveitum ríkisins.

Áætlað er, að skatturinn nemi um 35 milljónum króna á ári og verði lagður á sem aflgjald, 200 kr. kW, og orkugjald, 2 aurar fyrir hverja kWst.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa lengst af verið reknar með talsverðum halla, og hefur ríkissjóður orðið að standa undir þeim hallarekstri með föstu framlagi á fjárlögum. Hallarekstur þessi hefur engum komið á óvart, þar sem vitað hefur verið, að rafmagnsveitur ríkisins hafa orðið að standa undir rekstri þeirra rafveitna í dreifbýlinu, sem örðugastan rekstrargrundvöll hafa. Þrátt fyrir hallarekstur hefur raforka til notenda jafnan verið allmiklu dýrari á rekstrarsvæði rafmagnsveitna ríkisins en hjá öðrum rafveitum í landinu.

Hallarekstrarvandamál rafmagnsveitna ríkisins er því ekkert nýtt fyrirbæri, þó að nú þyki sérstök ástæða til, að ríkissjóður hætti fjárhagsstuðningi sínum við þær og vilji velta vandanum yfir á aðra aðila. Tillaga ríkisstjórnarinnar um að fella niður af fjárlögum um 40 milljón króna framlag til ríkisrafveitnanna og um að leggja á nýjan raforkusöluskatt í staðinn er því sama eðlis og aðrar tillögur hennar nú um að fella niður framlög, sem ríkissjóður hefur greitt árum saman, og leggja síðan á nýja skatta til fjáröflunar í staðinn.

Frumvarp þetta verður því að skoða sem eitt af mörgum nýjum tekjuöflunarfrumvörpum fyrir ríkissjóð. Það er ríkissjóður sem þarf á meiri tekjum að halda, að dómi ríkisstjórnarinnar, en hentugra þykir að tengja nýja tekjuöflun við ýmsa sérstaka málaflokka en ríkissjóð sjálfan.

Í frumvarpinu er skattur þessi nefndur „verðjöfnunargjald“, en slíkt er algert rangnefni. Enga verðjöfnun á að framkvæma. Verðmismunur sá á rafmagni, sem verið hefur, á að haldast áfram. Í þeim efnum á engu að breyta. Hér er hins vegar um nýjan skatt að ræða, sem leggja á jafnt á alla rafmagnssölu í landinu. Skatturinn á síðan að renna til rafmagnsveitna ríkisins, og þannig á ríkissjóður að sleppa við framlag sitt til þeirra.

Ég tel skatt þennan mjög hæpinn, og hætt er við, að hann komi ósanngjarnlega niður í ýmsum tilfellum. Ég tel, að ríkissjóður eigi að greiða áfram framlag sitt til rafmagnsveitna ríkisins, á meðan þess er þörf. En eflaust er nauðsynlegt að taka fyrir til sérstakrar athugunar rekstur ríkisveitnanna og þá um leið stefnuna í raforkumálum og stefnuna varðandi verðlagningu á raforku. Ég tel, að nauðsynlegt sé að koma á meira samræmi en nú er í verðlagningu á raforku. Sambærilegur atvinnurekstur þarf að geta fengið raforku á sama verði, hvar sem er á landinu, og raforkuverð til heimilisnotkunar þarf einnig að verða sem jafnast.

Af framansögðu tel ég frumv. ekki eiga rétt á sér og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1965.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 189. Frumvarp til laga [97. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1966 skal koma saman mánudaginn 10. október 1966, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1966 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1966.

Nd. 190. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1965.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
	Oddur Andrésson.	

Nd. 191. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til laga um aukatekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Hér er á ferðinni eitt af skattafrumvörpum ríkisstjórnarinnar, en slíkum frumvörpum um skattahækkanir og nýja skatta hefur rignt yfir Alþingi alla hennar stjórnartíð.

Með þessu frv. ætlar stjórnin að stórhækka þær álögur, sem nefndar eru aukatekjur ríkissjóðs. Undirritaðir fengu skrá yfir þau gjöld, sem aukatekjulögin ná yfir, og er hún birt hér með sem fylgiskjal. Í skránni koma fram upphæðir gjaldanna samkvæmt núgildandi lögum og til samanburðar hver gjöldin verða, ef þetta stjórnarfrumvarp verður samþykkt. Þar sést, að gjaldaliðirnir, sem eiga að hækka, eru samtals 134, og víða eru gjöldin tvöfölduð. Dæmi má þó finna um enn meiri hækkanir. Ef frv. verður samþykkt, verður miklu dýrara en áður fyrir menn að leita réttar síns fyrir dómstólum, og margar hækkanir bitna á fjölda manna. Má

þar nefna sem dæmi, að frumgjald fyrir þinglýsingu hækkar um 100%, og veðbókarvottorð hækka í verði um meira en 120%.

Tekjur ríkissjóðs hafa margfaldazt á stjórnarárum núverandi ríkisstjórnar. Þó heimtar stjórnin í sífellu meiri og meiri álögur á þjóðina. Að óbreyttri stjórnarstefnu teljum við óráðlegt að verða við þeim kröfum hennar. Það er eins og að hella vatni í botnlaust ílát. Við leggjum því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 15. des. 1965.

Skúli Guðmundsson, frsm. Einar Ágústsson.

Fylgiskjal.

Skrá yfir aukatekjur samkv. lögum nr. 40/1954 með núverandi álagi o. fl. og frumvarpi til nýrra aukatekjulaga:

I. KAFLI

Fyrir héraðsdómi:

	Nú kr.	Frumv. kr.
1. Stefna	15.00	30.00
2. Fyrirtekt máls	150.00	250.00
3. Úrskurður	37.50	75.00
4. Vitni leitt	22.50	45.00
5. Vitni gagnspurt	22.50	45.00
6. Dómkvaðning	37.50	75.00
7. Staðfesting dómsgerða	30.00	60.00
8. Kærugjald	150.00	300.00
9. Sjóferðapróf	300.00	600.00
Fyrir hæstarétti:		
1. Stefna	30.00	40.00
2. Fyrirtekt máls	300.00	400.00
3. Úrskurður	75.00	100.00
4. Vitni leitt	45.00	60.00
5. Vitni gagnspurt	45.00	60.00
6. Dómkvaðning	75.00	100.00
7. Staðfesting dómsgerða	60.00	80.00
8. Útivistargjald	300.00	400.00

II. KAFLI

1. Fjárnám o. fl. — frumgjald	60.00	120.00
Viðbót á hvert þúsund	10.00	10.00
2. Kyrrsetning á manni	150.00	300.00
3. Útburður eða innsetning	150.00	300.00
4. Aðrar fógetagerðir	150.00	300.00

III. KAFLI

1. Skiptagjald	3 %	3 %
2. Innköllun	75.00	100.00

IV. KAFLI

1. Uppboðsgjald af fasteignum o. fl.:		
Af 1. gjaldflokki	3 %	3 %
Af 2. gjaldflokki	2 %	2 %

		Nú kr.	Frumv. kr.
	Af 3. gjaldflokki	1 %	1 %
2.	Uppboðsgjald af lausafé	6 %	6 %
3.	Uppboðsauglýsing	37.50	100.00
4.	Árangurslaust uppboð	150.00	300.00
5.	Uppboðsafsal	150.00	200.00
6.	Undirboðsþing	150.00	200.00
	V. KAFLI		
1.	Víxilafsögn — frumgjald	30.00	60.00
	Viðbót á þúsund	5.00	5.00
	Hámark	100.00	130.00
2.	Aðrar afsagnargerðir o. fl.	75.00	100.00
3.	Notarialvottorð á arfleiðsluskrár	75.00	150.00
4.	Notarialvottorð á samninga, umboð o. fl.	75.00	100.00
5.	Skipstjóramótmæli	150.00	200.00
6.	Dráttur í happdrætti	300.00	400.00
7.	Útdráttur skuldabréfa	150.00	200.00
8.	Staðfesting endurrita fyrir hverja síðu	7.50	10.00
	Lægsta gjald	22.50	30.00
	VI. KAFLI		
1.	Þinglýsing — frumgjald	50.00	100.00
	Viðbót á þúsund (almennt þinglýsingargjald)	5.00	5.00
	Viðbót á þúsund (framleiðsluveð)	2.40	2.40
2.	Aflýsing (ókeypis)	0.00	0.00
3.	Gjald skv. 3. mgr. 23. gr.	100.00	200.00
4.	Þinglýsing skv. 24. gr.	37.50	50.00
5.	Athugasemdargjald	37.50	50.00
6.	Veðbókarvottorð	22.50	50.00
	VII. KAFLI		
1.	Áfrýjunarleyfi	300.00	400.00
2.	Novaleyfi	300.00	400.00
3.	Hjónavígslubréf (undanþága frá lýsingu)	75.00	200.00
4.	Önnur leyfisbréf fyrir undanþágu frá hjónavígslusk.	150.00	200.00
5.	Lögskilnaðarleyfi	300.00	400.00
6.	Ættleiðingarleyfi	150.00	200.00
7.	Leyfisbréf til heildsölu	15 000.00	20 000.00
8.	Leyfisbréf til umboðssölu	7 500.00	10 000.00
9.	Leyfisbréf til tilboðasöfnunar	3 000.00	4 000.00
10.	Leyfisbréf til smásöluverzlunar	3 000.00	5 000.00
11.	Leyfisbréf til lausaverzlunar	3 000.00	4 000.00
12.	Iðjuleyfi	1 500.00	2 000.00
13.	Einkaleyfi samkv. lögum nr. 12/1923:		
	fyrir fyrstu 5 ár	1 500.00	2 000.00
	fyrir næstu 5 ár	4 500.00	6 000.00
	fyrir síðustu 5 ár	7 500.00	12 000.00
14.	Leyfi til málflutnings fyrir hæstarétti	4 500.00	6 000.00
15.	Leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi	450.00	600.00
16.	Leyfi til að stunda almennar lækningar	450.00	600.00
17.	Leyfi til að stunda sérlækningar	1 500.00	2 000.00
18.	Önnur leyfisbréf	150.00	200.00

		Nú kr.	Frumv. kr.
19.	Vegabréf til útlanda	150.00	200.00
20.	Ökuskírteini bifreiðarstjóra	75.00	100.00
21.	Leyfi til aksturs bifhjóls	50.00	75.00
22.	Ökuskírteini bifreiðarstjóra, alþjóðlegt	150.00	200.00
23.	Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt	150.00	200.00
24.	Meistarabréf	750.00	1 000.00
25.	Sveinsbréf	150.00	200.00
26.	Formannsskírteini	37.50	50.00
27.	Skipstjóraskírteini, allt að 30 smál.	75.00	100.00
28.	Skipstjóraskírteini á fiskiskipi hið meira	450.00	600.00
29.	Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið minna	450.00	600.00
30.	Skipstjóraskírteini á verzlunarskipi hið meira	750.00	1 000.00
31.	Skipstjóraskírteini á varðskipi hið minna	300.00	400.00
32.	Skipstjóraskírteini á varðskipi hið meira	750.00	1 000.00
33.	Stýrimannsskírteini á fiskiskipi hið meira	225.00	300.00
34.	Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið minna	225.00	300.00
35.	Stýrimannsskírteini á verzlunarskipi hið meira	450.00	600.00
36.	Vélavarðarskírteini, 15 ha mótorvél	37.50	50.00
37.	Vélstjóraskírteini, 50 ha mótorvél	37.50	50.00
38.	Undirvélstjóraskírteini, 250 ha mótorvél	75.00	100.00
39.	Undirvélstjóraskírteini, 600 ha mótorvél	225.00	300.00
40.	Aðstoðarvélstjóraskírteini, mótorvél	225.00	300.00
41.	Undirvélstjóraskírteini, 1300 ha mótorvél	375.00	500.00
42.	Undirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, mótorvél	450.00	600.00
43.	Yfirvélstjóraskírteini, 250 ha mótorvél	300.00	400.00
44.	Yfirvélstjóraskírteini, 600 ha mótorvél	375.00	500.00
45.	Yfirvélstjóraskírteini, 1300 ha mótorvél	450.00	600.00
46.	Yfirvélstjóraskírteini, ótakmarkað, mótorvél	600.00	800.00
47.	Aðstoðarvélstjóraskírteini, eimvél, ótakmarkað	225.00	300.00
48.	Undirvélstjóraskírteini, 600 ha eimvél	225.00	300.00
49.	Undirvélstjóraskírteini, 1200 ha eimvél	375.00	500.00
50.	Undirvélstjóraskírteini, eimvél, ótakmarkað	450.00	600.00
51.	Yfirvélstjóraskírteini, 600 ha eimvél	375.00	500.00
52.	Yfirvélstjóraskírteini, 1200 ha eimvél	450.00	600.00
53.	Yfirvélstjóraskírteini, eimvél, ótakmarkað	600.00	800.00
54.	Flugnemaskírteini	37.50	50.00
55.	Einkaflugmannsskírteini	75.00	200.00
56.	Atvinnuflugmannsskírteini hið minna	225.00	300.00
57.	Atvinnuflugmannsskírteini hið meira	300.00	400.00
58.	Flugstjóraskírteini	450.00	800.00
59.	Flugvélstjóraskírteini	450.00	600.00
60.	Flugleiðsögumannsskírteini	450.00	600.00
61.	Flugloftskeytamannsskírteini	450.00	600.00
62.	Flugumferðarstjóraskírteini	600.00	800.00
63.	Veitingabréf fyrir embætti í I.—IV. flokki	300.00	400.00
64.	Veitingabréf fyrir embætti í V.—XIII. flokki	450.00	600.00
65.	Veitingabréf fyrir embætti í XIV.—XXIII. flokki	600.00	800.00
66.	Veitingabréf fyrir embætti í XXIV.—XXVIII. flokki	750.00	1 000.00
	VIII. KAFLI		
1.	Skrásetning hlutafélags	750.00	1 500.00
2.	Skrásetning samvinnufélags	750.00	1 500.00

		Nú kr.	Frumv. kr.
3.	Skrásetning útibús	375.00	750.00
4.	Skrásetning starfsstöðva erlendra félaga	750.00	1 000.00
5.	Skrásetning firma eins manns	450.00	600.00
6.	Skrásetning firma tveggja manna eða fleiri	750.00	1 000.00
7.	Skrásetning breytinga á eldri skrásetningu	150.00	200.00
8.	Tilkynning um prókúru	150.00	200.00
9.	Afturköllun prókúru	75.00	100.00
10.	Skrásetning vörumerkis	375.00	500.00
11.	Skrásetning vörumerkis — endurnýjun	150.00	200.00
12.	Skrásetning bifreiðar — nýskráning	200.00	400.00
13.	Skrásetning bifreiðar — endurskráning	100.00	200.00
14.	Skrásetning eigendaskipta að bifreið	200.00	200.00
15.	Skrásetning bifhjóls — nýskráning	200.00	200.00
16.	Skrásetning bifhjóls — endurskráning	100.00	100.00
17.	Skrásetning eigendaskipta að bifhjóli	200.00	200.00
18.	Skrásetning reiðhjóls með hjálparvél	50.00	50.00
19.	Skrásetning dráttarvélar	25.00	100.00
20.	Skrásetning flugvélar — atvinnu —	500.00	1 000.00
21.	Skrásetning flugvélar — einka —	200.00	400.00
22.	Skrásetning breytingar á eldri skrásetningu flugv.	200.00	400.00
23.	Skrásetning skotvopns	25.00	50.00
	IX. KAFLI		
1.	Afgreiðslugjald af verzlunarskipi pr. smál.	6.00	6.00
2.	Afgreiðslugjald af útlendu fiskiskipi pr. smál.	4.00	4.00
3.	Áritunargjald af útlendu fiskiskipi pr. smál.	0.50	0.50
4.	Löggilding manns ævitíð	750.00	1 000.00
5.	Löggilding manns um óákveðinn tíma	150.00	200.00
6.	Borgaraleg hjónavígsla	75.00	150.00
7.	Löggilding verzlunarbókar	150.00	200.00
8.	Löggilding leiðarbókar og véladagbókar	75.00	100.00
9.	Útnefning matsmanna fyrir hvern mann	15.00	25.00
10.	Vöruvottorð	15.00	20.00
11.	Sakavottorð	22.50	35.00
12.	Önnur embættisvottorð	15.00	30.00
13.	Lögskráning fyrir hvern mann	3.00	4.00
14.	Ritlaun fyrir vélritaða fólíósíðu	7.50	15.00
	Lægstu ritlaun	15.00	30.00

Ed. 192. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson.
Helgi Bergs.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Björn Jónsson.
Sveinn Guðmundsson.

Nd. **193. Frumvarp til laga** [98. mál]

um breyting á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Björn Pálsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

2. mgr. 7. gr. laganna orðist þannig:

Ríkisstjórninni er þó heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr., að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 4½% af vínanda að rúmmáli, vegna sölu til erlends varnarliðs, er hér dvelur, eða til útflutnings. Framleiðslugjald af áfengu öli skal ákveðið í lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum.

Nánari ákvæði um meðferð og sölu á áfengu öli til varnarliðsins og til útflutnings skal setja í reglugerð.

Áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi íslenzkum lögum er áfengi skilgreint sem vökvi, er hafi meira af vínanda en nemi 2¼% að rúmmáli. Jafnframt eru sterkir drykkir talin þau vín, er hafa meira en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín teljast þau, er hafa minna en 21% af vínanda að rúmmáli.

Ef frumvarp þetta verður samþykkt, veitist ríkisstjórninni heimild til að leyfa tilbúning og sölu öls, á innlendum markaði, sem hefur inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli.

Í frv. þessu er skýrt tekið fram, að áfengt öl, sem selt er innanlands, lýtur sömu lögum um meðferð og sölu og annað áfengi. Með þessu er því útilokaður ótti um sölu þess í matvörubúðum og um sérstakar bjórkrár.

Þær menningarþjóðir, sem leyfa bruggun og sölu öls, telja, að sterkt teljist öl ekki fyrr en það hefur náð styrkleikanum 4½%—6% og þar yfir.

Lítið samræmi virðist í gildandi áfengislögum, sem leyfa sölu á sterku áfengi og fela ríkisvaldinu dreifingu þess, en banna sölu á áfengu öli, sem er veikasta stig áfengra drykkja eftir skilgreiningu íslenzkra laga. Með íslenzku áfengislöggjöfinni er því slegið föstu, að ekki sé framkvæmanlegt að banna algerlega sölu sterkra áfengra drykkja, og um leið undirstrikað, að óheppilegt og hættulegt sé að hafa á boðstólum fyrir Íslendinga áfengt öl.

Um þetta hafa verið og eru skiptar skoðanir. Flutningsmenn þessa frv. eru meðal þeirra mörgu, er telja, að þessu eigi að breyta og leyfa eigi sölu á áfengu öli. Því er þetta frv. fram komið.

Flutningsmenn telja, að í áfengislöggjöfinni verði að vera samræmi. Þeir telja, að misræmið í núgildandi lögum sé fólgið í því, að leyfð er sala á sterku brennivíni, en bönnuð sala á veiku öli — á þeirri forsendu, að verið sé að vinna gegn áfengisbölinu.

Við slíkar röksemdir hlýtur sú spurning að vakna, hvort þeir fulltrúar á löggjafarþinginu, sem fylgja núverandi framkvæmd mála, séu sjálfum sér samkvæmir, er þeir láta hjá líða að beita sér fyrir algeru banni á sölu sterkra vína, fyrst bruggun og sala á öli, veikasta stigi áfengis, er sá bölvaldur, er sömu aðilar telja vera. Ástæða þess hlýtur að vera sú skoðun, að slíkt sé með öllu óframkvæmanlegt í nútímaþjóðfélagi sem okkar, er býr ekki aðeins við þær fullkomnu millilanda-

samgöngur, er við búum við, heldur einnig þekkingu, vilja og getu almennings til bruggunar áfengra drykkja, auk þess atriðis, sem ekki er sízt, en það eru tekjur ríkisjóðs af sölu áfengis.

Árið 1960 var flutt frv. á Alþingi um, að leyft yrði að brugga og selja áfengt öl á innanlandsmarkaði. Þótt það frv. kæmi aldrei frá nefnd og alþingismönnum gæfist ekki tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós við aðra umræðu málsins, má fullyrða, að umræður þær, er um málið urðu, hafi vakið marga til umhugsunar um þá þróun, sem orðið hefur í áfengismálum hér á landi, og hvort nokkrar leiðir væru til úrbóta.

Frumvarp það, sem flutt er nú, er ekki mikið frábrugðið því, sem flutt var 1960. Þó er prósentustig hækkað lítils háttar og ákvæði sett inn í frv. sjálft um meðferð og sölu áfengs öls.

Í greinargerð þessari hefur verið getið um nokkuð af þeim rökum með málinu, er fram komu við flutning málsins 1960, en nánar verður gerð grein fyrir því í framsögu.

Nd. 194. Frumvarp til laga [91. mál]

um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af lánum, sem þeim hafa verið veitt úr ríkissjóði samkvæmt heimildum í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og undanfarinna ára.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að breyta lánum Raforkusjóðs til rafmagnsveitna ríkisins, sem veitt hafa verið af eigin fé sjóðsins, í vaxta- og afborganalaus lán fyrst um sinn. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af skuld þeirra við Ríkisábyrgðasjóð eins og hún er við lok árs 1965.

4. gr.

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitna ríkisins.

Dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, skal greiða verðjöfnunargjald á sama hátt.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar miðast við það magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjald samkvæmt þessari grein miðast við mesta afhent afl hvers almanaksárs, mælt sem mesta meðalafl á 30 mínútum, og afhenta orku, hvort tveggja eins og það mælist við afhendingu til kaupanda samkvæmt 1. mgr. eða úr orkuveri samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fái dreifiveita raforku bæði frá eigin orkuveri og keypta frá öðrum aðilum, miðast gjaldskylda við mesta álag veitunnar að frádregnu aðkeyptu afli.

5. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:
Aflgjald: 200.00 kr. fyrir hvert kW.
Orkugjald: 2 aurar fyrir hverja kWst.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksár. Skal verðjöfnunargjald endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 millj. króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

6. gr.

Raforkusala til Áburðarverksmiðjunnar h/f skal ekki vera gjaldstofn til greiðslu verðjöfnunargjalds samkvæmt lögum þessum.

Aflgjald vegna sérstaks umframálags að nóttu til vegna hitunar, á orkuveitusvæði Laxárvirkjunar, skal vera 50 krónur á kW á ári.

7. gr.

Heimilt er seljendum raforku að hækka söluverð raforku í heildsölu og til notenda sem gjaldinu nemur.

8. gr.

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjaldið miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal Rafmagnsveitum ríkisins strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða Rafmagnsveitur ríkisins áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrirfram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita Rafmagnsveitum ríkisins allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem rafmagnsveiturnar telja sig þurfa til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

9. gr.

Verði greiðsludráttur á verðjöfnunargjaldi samkvæmt lögum þessum, falla dráttarvextir á skuldina, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst fram yfir gjalddaga.

10. gr.

Rísi ágreiningur um mælingu eða útreikning gjaldstofns samkvæmt lögum þessum, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms, þar sem hvor aðili tilnefnir einn gerðardómsmann.

Komist dómurinn þannig skipaður að sameiginlegri niðurstöðu um málalok, skal sú niðurstaða gilda og hvor aðili bera sinn helming kostnaðar við dóminn.

Komi gerðardómsmenn aðila sér ekki saman um niðurstöðu eða annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðardómsmann, skal yfirborgardómarinn í Reykjavík tilnefna einn mann í dóminn, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn, en ella meiri hluti.

Gerðardómurinn setur sér sjálfur starfsreglur.

Niðurstaða gerðardómsins þannig skipaðs skal vera endanleg fyrir báða aðila. Í niðurstöðum skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við gerðardóminn eftir málsatvikum.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum Sambands íslenzkra rafveitna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Ed. 195. Lög [2. mál]

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Nd. 196. Breytingartillaga [91. mál]

við brtt. á þskj. 182 [Fjárhagur rafmagnsveitna ríkisins].

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Í stað orðanna „á þeim stað“ í 1. tölul. komi: í því lögsagnarumdæmi.

Nd. 197. Lög [6. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 6.

Nd. 198. Lög [68. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 80.

Nd. 199. Lög [69. mál]

um breyting á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 81.

Ed. 200. Lög [76. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 95.

Ed. **201. Frumvarp til laga** [91. mál]

um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 15. des.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af lánum, sem þeim hafa verið veitt úr ríkissjóði samkvæmt heimildum í 22. gr. fjárlaga ársins 1965 og undanfarinna ára.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að breyta lánum Raforkusjóðs til rafmagnsveitna ríkisins, sem veitt hafa verið af eigin fé sjóðsins, í vaxta- og afborganalaus lán fyrst um sinn. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða síðar, að lánin skuli endurgreiðast með þeim kjörum, sem hún telur rafmagnsveitum ríkisins fært að standa undir.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að veita rafmagnsveitum ríkisins eftirgjöf á greiðslu höfuðstóls og áfallinna vaxta af skuld þeirra við Ríkisábyrgðasjóð eins og hún er við lok árs 1965.

4. gr.

Þeir aðilar, sem selja raforku í heildsölu til dreifiveitu eða selja raforku beint til notenda frá aðalorkuveitu, skulu greiða verðjöfnunargjald til rafmagnsveitna ríkisins.

Dreifiveita, sem vinnur raforku sína að einhverju eða öllu leyti í eigin orkuveri, skal greiða verðjöfnunargjald á sama hátt.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar miðast við það magn afls og orku, sem hlutaðeigandi aðili hefur til sölumeðferðar.

Verðjöfnunargjald samkvæmt þessari grein miðast við mesta afhent afl hvers almanaksárs, mælt sem mesta meðalafl á 30 mínútum, og afhenta orku, hvort tveggja eins og það mælist við afhendingu til kaupanda samkvæmt 1. mgr. eða úr orkuveri samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fái dreifiveita raforku bæði frá eigin orkuveri og keypta frá öðrum aðilum, miðast gjaldskylda við mesta álag veitunnar að frádregnu aðkeyptu afli.

5. gr.

Verðjöfnunargjald samkvæmt 4. gr. skal vera, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar:

Aflgjald: 200.00 kr. fyrir hvert kW.

Orkugjald: 2 aurar fyrir hverja kWst.

Fyrir fyrsta dag septembermánaðar ár hvert lætur ráðherra áætla tekjur af verðjöfnunargjaldi næsta almanaksár. Skal verðjöfnunargjald endurskoðað til lækkunar í samræmi við þessa áætlun og við það miðað, að heildarfjárhæð gjaldsins verði 35 millj. króna.

Við lækkun verðjöfnunargjalds, samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, ákveður ráðherra, hvernig sú lækkun deilist milli aflgjalds og orkugjalds.

6. gr.

Raforkusala til Áburðarverksmiðjunnar h/f skal ekki vera gjaldstofn til greiðslu verðjöfnunargjalds samkvæmt lögum þessum.

Aflgjald vegna sérstaks umframálags að nóttu til vegna hitunar, á orkuveitusvæði Laxárvirkjunar, skal vera 50 krónur á kW á ári.

7. gr.

Heimilt er seljendum raforku að hækka söluverð raforku í heildsölu og til notenda sem gjaldinu nemur.

8. gr.

Verðjöfnunargjald greiðist mánaðarlega eftir á með gjalddaga 15. hvers mánaðar.

Orkugjaldið miðast við mælaálestur seljanda og útreikning, sem sendur skal Rafmagnsveitum ríkisins strax að álestri loknum.

Aflgjald miðast við áætlun um gjaldskylt afl, sem seljandi eða Rafmagnsveitur ríkisins áætla eigi sjaldnar en hálfsárslega fyrirfram. Mismunur á áætluðu og afhentu afli hvers almanaksárs gerist upp eigi síðar en 1. febrúar næsta árs, með gjalddaga 15. sama mánaðar.

Gjaldendum verðjöfnunargjalds er skylt að hafa fullnægjandi mælitæki til að mæla afl og orku til ákvörðunar á gjaldskyldu. Þeim er einnig skylt að veita Rafmagnsveitum ríkisins allar upplýsingar og aðgang að mælitækjum og skjölum, sem rafmagnsveiturnar telja sig þurfa til þess að ákveða verðjöfnunargjald.

9. gr.

Verði greiðsludráttur á verðjöfnunargjaldi samkvæmt lögum þessum, falla dráttarvextir á skuldina, 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst fram yfir gjalddaga.

10. gr.

Rísi ágreiningur um mælingu eða útreikning gjaldstofns samkvæmt lögum þessum, skal þeim ágreiningi skotið til gerðardóms, þar sem hvor aðili tilnefnir einn gerðardómsmann.

Komist dómurinn þannig skipaður að sameiginlegri niðurstöðu um málalok, skal sú niðurstaða gilda og hvor aðili bera sinn helming kostnaðar við dóminn.

Komi gerðardómsmenn aðila sér ekki saman um niðurstöðu eða annar hvor aðila tilnefnir ekki gerðardómsmann, skal yfirborgardómarinn í Reykjavík tilnefna einn mann í dóminn, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn, en ella meiri hluti.

Gerðardómurinn skal starfa í því lögsagnarumdæmi, þar sem mæling sú, sem ágreiningur rís um, fer fram, og setur sér sjálfur starfsreglur.

Niðurstaða gerðardómsins þannig skipaðs skal vera endanleg fyrir báða aðila. Í niðurstöðum skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við gerðardóminn eftir málsatvikum.

11. gr.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um verðjöfnunargjald samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum Sambands íslenzkra rafveitna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Nd. 202. Lög [51. mál]

um aukatekjur ríkissjóðs.

(Afgreidd frá Nd. 16. des.)

Samhljóða þskj. 144 (sbr. 54).

Sþ. **203. Þingsályktun** [96. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 185.

Nd. **204. Nefndarálit** [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1965.

Davíð Ólafsson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jónas G. Rafnar.
Oddur Andrésson. Einar Ágústsson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. **205. Nefndarálit** [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en eigi náð samstöðu um afstöðu til þess. Leggur undirritaður meiri hl. til, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. tjá sig frv. andvíga og munu skila sérálitum.

Alþingi, 16. des. 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. **206. Nefndarálit** [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með þessu frv. hverfur ríkisstjórnin að því ráði að gefast upp við fyrirætlanir sínar um farmiðaskatt þann, sem hún boðaði í þingbyrjun að á yrði lagður, en taka í þess stað upp ½% skatt á allan seldan gjaldeyri bankanna, og er áætlað, að hann gefi ríkissjóði 35 millj. kr. tekjur eða um 10 millj. kr. hærri upphæð en áætlað var að farmiðaskatturinn gæfi.

Þessi nýja skattheimta er sama markinu brennd og aðrar þær skattheimtuleiðir, sem verið er að innleiða nú í sambandi við afgreiðslu fjárlaga, benzínskatturinn, hækkun auknatekna ríkissjóðs og rafmagnsskatturinn, að hún er til þess eins fallin að auka enn dýrtíð og verðbólguþróun, en leysir raunverulega engan vanda, nema til algerra bráðabirgða. Jafnvel nú, eftir að lagðir hafa verið á almenning nýir skattar, sem nema 200—300 millj. kr., er ekki annað sýnt en að enn verði lagðir á nýir skattar þegar á þessum vetri vegna óhjákvæmilegrar aðstoðar við sjávarútveginn, sem þrátt fyrir heimsmet í aflabrögðum og miklar verðhækkanir á mörkuðum hans er nú svo grátt leikinn af verðbólguþróuninni, að hann þarfnast aukinnar aðstoðar af hálfu hins opinbera.

Síaukin skattheimta af almenningi og þar af leiðandi aukin dýrtíð eru verri úrræði en engin í því efnahagslega öngþveiti, sem stefna núv. ríkisstjórnar hefur skapað. Þess vegna ber Alþingi að fella þetta frv. og önnur af sama tagi, en snúa sér að því verkefni, sem nú er orðið brýnna en nokkru sinni áður, að stöðva verðbólguna, koma á vitlegri hagstjórn, sterkri stjórn á verðlagsmálum og fjárfestingarmálum, sparnaði í ríkisrekstrinum og gerbreyta skattakerfinu í þá átt að gera það að tæki til auðjöfnunar og tekjujöfnunar.

Alþingi, 16. des. 1965.

Björn Jónsson.

Ed. 207. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afstöðu til þess. Mælir undirritaður meiri hl. með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. munu skila sérálitum.

Alþingi, 16. des. 1965.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 208. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að raforkusala í landinu verði skattlögð um 35 millj. kr. í þeim tilgangi, að létta megi af ríkissjóði útgjöldum vegna greiðslu á hallarekstri rafmagnsveitna ríkisins. Á skattur þessi að koma með jöfnum þunga á alla raforkunotkun að undanskilinni orkunotkun Áburðarverksmiðju ríkisins, sem nú fær orku til sinna þarfa fyrir brot af kostnaðarverði. Fram til þessa hefur sá háttur verið ágreiningslaust hafður á, að ríkissjóður greiddi verulegan hluta af halla rafmagnsveitna ríkisins, enda virðist í alla staði eðlilegt, að rafvæðing dreifbýlisins sé studd af sameiginlegum sjóði landsmanna. Nú er hins vegar talið, að

hagur ríkissjóðs sé orðinn slíkur undir stjórn núv. ríkisstjórnar, þrátt fyrir stóraukna skattheimtu á yfirstandandi Alþingi, að leysa verði hann undan þeirri fjárhagsbyrði, sem hann hefur borið af þessum sökum. Hér er því raunverulega um almenna skattheimtu af rafmagnsnotendum en í þágu ríkissjóðs að ræða.

Látið er í veðri vaka, að skattlagning þessi sé til hagsbóta raforkunotendum í dreifbýlinu og til eflingar rafvæðingu þar. Svo er þó alls ekki, þar sem orkunotkun í dreifbýlinu og þ. á m. rafmagnveitna ríkisins er skattlögð með sama hætti og önnur orkunotkun.

Undirritaður telur þennan nýja tekjustofn vægast sagt hæpinn af mörgum ástæðum og þó sérstaklega vegna þess, hve skattlagningin kemur óréttlátlega niður á gjaldendur og hefur óheppileg áhrif á orkunotkun. Þannig er þeim, sem nú þegar búa við hæst raforkuverð, gert að greiða jafnháan orkuskatt og hinum, sem búa við hagstæðust kjör. Er þannig um enga raunverulega verðjöfnun að ræða.

Þá kemur skattheimta þessi mjög misjafnlega hart niður á gjaldendum eftir því, hvernig orkuneyzlu þeirra er varið. Þannig er þeim, sem nota raforku til hitunar híbýla sinna, gert að greiða stórupphæðir í skatt, en hinir, sem nota innflutta hitagjafa, sleppa með öllu við skattheimtuna. Þessi skattlagning á raforku til hitunar mun einnig leiða til stórvandræða í rekstri þeirra rafveitna, sem selja mikinn hluta orku sinnar til hitunar, svo sem Rafveitu Akureyrar, Rafveitu Hafnarfjarðar, Rafveitu Siglufjarðar o. fl. Með þessum hætti er einnig stefnt til hreinnar öfugþróunar í orkunotkun, er samkeppnisaðstöðu hins innlenda hitagjafa er spillt til mikilla muna.

Hallarekstur rafmagnsveitna ríkisins er vafalaust vandamál, sem þarfnast gaumgæfilegar athugunar og úrbóta. Stórfelldur mismunur á raforkuverði eftir byggðarlögum og landshlutum þarf einnig að hverfa, eftir því sem fært er. Að lausn þeirra mála hvorra tveggja þarf að vinna í samvinnu við þá aðila, sem hér eiga mestra hagsmuna að gæta. Þær vanhugsuðu og ranglátu tillögur, sem þetta frv. felur í sér, leysa í þessum efnum engan vanda, en hafa í för með sér margs konar ný vandkvæði. Því telur undirritaður, að fella beri frv.

Alþingi, 16. des. 1965.

Björn Jónsson.

Ed. 209. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti fjárhagsnefndar hafnaði öllu samstarfi um lagfæringu á frumvarpi þessu, og gátum við undirritaðir því alls ekki fallizt á frumvarpið.

Það er ljóst, að frumvarpið er flutt til þess að koma á nýjum skatti vegna ríkissjóðs, því að með þessum skatti er ríkissjóði skotið undan að taka á sig, eins og áður, framlag til rafmagnsveitna ríkisins.

Látið er heita, að hér sé um verðjöfnunargjald að ræða, en það er villandi, af því að verðlagshlutföllum er ekki breytt með þessu gjaldi. Þetta er verðhækkunarskattur, sem leggst á rafmagnsverðið hjá öllum. Ríkisstjórnin grípur til hans að mjög vanhugsuðu máli.

Rafvæðing alls landsins er eitt þýðingarmesta lífsspursmál þjóðarinnar. Enginn mun þó nokkurn tíma hafa látið sér detta í hug, að rafvæðingin gæti orðið framkvæmd nema með sameiginlegu átaki þjóðfélagsins. Þess vegna var ríkissjóður látinn greiða til rafveitna ríkisins til að mæta rekstrarörðugleikum þeirra.

Að ætla sér að fella þá greiðslu niður, er bæði ósanngjarnt og óviturlegt.

Allt annað mál væri að gera ráðstafanir til að jafna verðlag rafmagns milli byggða landsins, því að það er rétt, sem flokksbræður okkar í fjárhagsnefnd Nd. segja í nefndaráliti sínu á þskj. 180: „Allir landsmenn eiga að njóta sömu viðskiptakjara hjá rafmagnsverzlun ríkisins."

Spor í rétta átt eru heimildir þær í 1.—3. gr. frumvarpsins til eftirgjafa á tilteknum skuldum og skuldavöxtum, er á rafmagnsveitunum hvíla við ríkissjóð, Raforkusjóð og Ríkisábyrgðasjóð. En þar er hins vegar of skammt gengið. Hinn sameiginlegi sjóður þjóðfélagsins á líka að taka að sér greiðslur á föstum lánum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa Raforkusjóði, vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins. Það mundi stórlega auka möguleika til verðjöfnunar á rafmagninu. Um það flytjum við brtt. við frumvarpið.

Enn fremur flytjum við brtt. um, að ríkisstjórn skuli heimilt að ákveða, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins skuli vera á því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafveitum ríkisins það sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En ríkissjóður greiði þann halla, sem af þessari verðlagningu kann að leiða hjá rafmagnsveitum ríkisins og héraðsrafmagnsveitum ríkisins.

Loks flytjum við tillögu um, að upp í lögin verði tekið ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun raforkulaganna í þeim tilgangi að koma bættu skipulagi á raforkumálin og ódýrari og hagkvæmari rekstri á framkvæmd þeirra.

Breytingartillögur okkar leggjum við fram á sérstöku þingskjali.

Verði tillögur okkar felldar, munum við greiða atkvæði gegn frumvarpinu.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 16. des. 1965.

Karl Kristjánsson, frsm. Helgi Bergs.

Ed. 210. Breytingartillögur [91. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK og HB).

1. Við 1. gr. Við greinina bætist ný málsgrein:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að ríkissjóður taki að sér greiðslu á föstum lánum, erlendum og innlendum, sem tekin hafa verið handa Raforkusjóði vegna rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins, eins og lánin verði við lok ársins 1965.
2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, þannig:
   Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að söluverð rafmagns frá rafmagnsveitum ríkisins til héraðsrafmagnsveitna skuli vera jafnhátt því verði, er Rafmagnsveita Reykjavíkur greiðir Landsvirkjun fyrir rafmagn, og verð á rafmagni frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins skal vera hið sama og rafmagnsverð hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Ríkissjóður greiðir þann halla, sem verða kann á rekstri rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins vegna fyrirmæla þessarar greinar.
3. Á eftir 12. gr. komi

Ákvæði til bráðabirgða.

Ríkisstjórnin skipar 5 manna nefnd til þess að endurskoða raforkulögin, nr. 12 2. apríl 1946, og framkvæmd þeirra með tilliti til þess að koma bættu

skipulagi á stjórn raforkumála í landinu og ódýrari og hagkvæmari rekstri. Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum, en einn án tilnefningar og sé hann formaður. Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 211. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í upphafi þings boðaði fjármálaráðherra það, að sá greiðsluhalli, sem orðinn var hjá ríkissjóði vegna verðbólgustefnu stjórnarinnar, yrði jafnaður án nýrra, almennra skatta.

Þó að leitazt hafi verið við að velja þannig skattstofna, að sem minnst áhrif hefðu á vísitöluna, hefur vissulega orðið á því mikill misbrestur, að við þetta fyrirheit ráðherrans væri staðið.

Ávextir þessa ráðherraboðskapar eru m. a. hækkun eignarskatts á fasteignir, hækkaðar aukatekjur ríkissjóðs, hækkað benzíngjald, hækkaður þungaskattur, nýr skattur á bifreiðar, rafmagnsskattur. Víst hafa þessir nýju skattar áhrif til hækkunar almenns verðlags, þótt ekki komi það allt fram í vísitölunni. Þeir skattar, sem hér eru nefndir, munu létta pyngju þegnanna um nál. 200 milljónir króna, en koma þó ríkissjóði að litlu haldi, þegar frá líður, ef óbreyttri stefnu er haldið í dýrtíðarmálunum.

Einnig var boðaður sérstakur skattur á ferðamenn, sem færu út fyrir landsteinana, og átti að gefa 25 milljónir í ríkissjóð. Ríkisstjórnin gafst upp við þann skatt og hefur í staðinn lagt fram þetta frv. um skatt á alla gjaldeyrissölu bankanna, en hann á að gefa 35 milljónir króna.

Varla fer þó milli mála, að þessi skattur sé almennur í skilningi fjármálaráðherrans, því að hann leggst á allar innfluttar nauðsynjavörur og hækkar verðlag þeirra ekki aðeins um þær 35 millj. kr., sem hann sjálfur nemur, heldur einnig meira, sem svarar söluskatti og álagningu á þá upphæð.

Skattur þessi mun því enn auka dýrtíðina og skaða efnahagslíf landsins. Við viljum enn einu sinni benda á, að sá vandi, sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar, á rót sína að rekja til þeirrar dýrtíðarstefnu, sem fylgt hefur verið, og hann verður ekki leystur með því að leggja á nýja skatta, sem aftur koma fram í verðlaginu.

Vandinn verður því aðeins leystur, að tekin verði upp ný efnahagsstefna og rofinn sá vítahringur ofsköttunar og óhófseyðslu, sem ríkisstjórnin hefur smíðað á undanförnum árum.

Við leggjum til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 16. des. 1965.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Nd. 212. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ef rétt þykir að veita fleiri undanþágur frá greiðslu aðflutningsgjalda en þegar eru ákveðnar í lögum, tel ég, að um það eigi að setja glögg lagafyrirmæli á Alþingi. Hitt tel ég mjög vafasamt að veita ríkisstjórninni heimild til að ákveða slíkar undanþágur, eins og stefnt er að með frumvarpi þessu.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1965.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 213. Frumvarp til laga [99. mál]

um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

I. KAFLI
Um efnisleg takmörk ríkisreiknings.

1. gr.

Á ríkisreikning skal færa sundurliðaða reikninga ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, þó ekki reikninga banka og annarra lánastofnana.

Halda skal reglulegt tvíhliða bókhald um allar fjárreiður þeirra aðila, sem ríkisreikningur nær til, sbr. 1. málsgrein, eftir þeim meginreglum, sem lög þessi ákveða.

2. gr.

Reikningar félaga, fyrirtækja, stofnana og sjóða, sem ekki eru í ríkiseign, en hafa tekjustofna skv. sérstökum lögum, skulu birtir í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda á næsta ári eftir lok reikningsárs. Ríkissjóður skal jafnan innheimta þessar tekjur eða fela ákveðnum aðila að gera það í sínu umboði, og skulu þær færðar til tekna og gjalda á rekstrarreikningi ríkisins. Ef tekjurnar renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila, sem eru utan ríkisreiknings, skal þó einungis sýna þær í teknahlið, en jafnframt færa þær til frádráttar, sbr. 26. gr.

Ríkisbókhaldið annast innköllun reikninga frá nefndum aðilum og sér um birtingu þeirra í samráði við ritstjóra Stjórnartíðinda. Reikningar skulu gerðir eftir fyrirsögn ríkisbókhaldsins, þannig að auðvelt sé að tengja þá við ríkisreikninginn.

Ákvæði næstu málsgr. hér á undan taka ekki til reikninga sveitarfélaga.

Heimilt er að láta ákvæðin um birtingu í sérstöku hefti B-deildar Stjórnartíðinda ná til hlutafélaga, sem ríkissjóður á hlut í, en eru ekki á ríkisreikningi, en þó skulu þau undanþegin ákvæðum þessara laga um form reikninga.

II. KAFLI
Um reikningsárið.

3. gr.

Reikningsár ríkisins er almanaksárið, og skal jafnan miða lokun reikninga við áramót.

4. gr.

Færslur hvers reikningsárs skal miða við raunveruleg skipti ríkisins við aðra aðila, athafnir þess og framkvæmdir, án tillits til þess, hvort greiðsla hefur farið fram í reiðufé. Öll skuldaskipti, sem koma fram við lokun ríkisreiknings, hvort sem eru útistandandi kröfur ríkissjóðs eða skuldir, skulu færð á viðskiptamannareikninga eða aðra reikninga, er gefi tegund kröfuréttindanna til kynna. Reikningarnir skulu sýna stöðu sjóðs og bankareikninga um áramót að afloknum lokunarfærslum, svo sem færslu áfallinna vaxta.

5. gr.

Reglur 4. gr. taka einnig til skipta ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta ríkisreiknings við ríkisfyrirtæki og sjóði í B-hluta, sbr. 6. gr.

III. KAFLI

Um efnisskipun ríkisreiknings og reikningatengsl.

6. gr.

Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.

A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar.

7. gr.

Með ríkisfyrirtækjum er átt við ríkisaðila, sem standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vörum og þjónustu eða hafa starfsemi með höndum, sem í meginatriðum er hliðstæð við starfsemi einkaaðila. Hjá þeim einum skal eignfæra og afskrifa efnislega fjármuni.

8. gr.

A-hluti ríkisreiknings skiptist í eftirtalda meginkafla auk heildaryfirlits, er sýni aðalniðurstöður og reikningatengsl:

1. Rekstrarreikningur.
2. Endurmatsreikningur.
3. Efnahagsreikningur.
4. Fjármagnshreyfingar.
5. Sérstök yfirlit.

9. gr.

Rekstrarreikningi og endurmatsreikningi, sbr. 8. gr., skal loka með mótbókunum á efnahagsreikning. Samkvæmt efnahagsreikningi og höfuðbókarreikningum skal gera yfirlit um fjármagnshreyfingar, og skiptist sá kafli í lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga.

10. gr.

Í 1. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr., og þeim hluta 4. kafla, er sýnir lánahreyfingar, skal sýna samanburð við fjárlög, og einnig í þeim sérstöku yfirlitum í 5. kafla, sem sýnd eru á fjárlögum. Við hlið fjárlagatalna skal sýna geymdar fjárveitingarheimildir frá fyrri árum.

11. gr.

Heildaryfirlitið, sbr. 8. gr., sýni m. a. brúttótölur rekstrarreiknings og endurmatsreiknings (ef endurmat hefur átt sér stað), og eignir og skuldir í ársbyrjun og árslok. Rekstrarreikningi og endurmatsreikningi skal loka með færslu rekstrar- og endurmatsjafnaða á efnahagsreikning. Breytingar eigna og skulda (fjármagnshreyfingar) frá ársbyrjun til ársloka skal enn fremur sýna í tvennu lagi, þ. e. lánajöfnuð

(nettóbreytingu lánahreyfinga samkvæmt 43. gr.) og greiðslujöfnuð (þ. e. nettóbreytingu greiðslufjárreikninga samkvæmt 44. gr.).

Nánari ákvæði um einstaka kafla A-hluta ríkisreiknings eru í IV.—VIII. kafla.

12. gr.

B-hluti ríkisreiknings skiptist í eftirtalda meginkafla:

1. Yfirlitsreikningar fyrirtækja og sjóða í ríkiseign.
2. Reikningar einstakra fyrirtækja og sjóða.
3. Sérstök yfirlit.

13. gr.

Í 2. kafla B-hluta ríkisreiknings, sbr. 12. gr., skal sýna, fyrir hvern aðila sérstaklega, sundurliðaðan rekstrarreikning, endurmatsreikning og efnahagsreikning.

14. gr.

Yfirlitsreikningarnir skulu sýna samandregið yfirlit yfir reikninga einstakra aðila í B-hluta ríkisreiknings.

Nánari ákvæði um einstaka kafla B-hluta ríkisreiknings eru í IX.—XI. kafla.

15. gr.

Í B-hluta ríkisreiknings skal sýna samanburð við fjárlög, þar sem því verður við komið, svo sem í rekstrarreikningi, lánahreyfingum, fjármunahreyfingum og þeim sérstöku yfirlitum, sem einnig eru á fjárlögum.

IV. KAFLI

Um rekstrarreikning A-hluta ríkisreiknings.

16. gr.

Tekjur skulu færðar á því ári, er þær eru lagðar á eða hæfar til ákvörðunar samkvæmt ákvæðum gildandi laga.

Beinir skattar skulu færðir á álagningarárinu með frádrætti fyrir vanhöldum, fram komnum eða áætluðum við reikningslokun.

Aðflutningsgjöld skulu færð á því ári, er tollafgreiðsla fer fram, en útflutningsgjöld eftir fardögum skipa eða annarra flutningstækja frá landinu.

Sölu-, veltu- eða framleiðsluskattar skulu færðir á það ár, er salan, veltan eða framleiðslan á sér stað, enda þótt ekki sé hægt að gera fullnaðarskil fyrr en á næsta ári. Ráðherra getur þó ákveðið, að færsla slíkra tekna sé miðuð við gjalddaga, enda sé um fastan, lögleyfðan gjaldfrest að ræða, er miðaður sé við eðlilegan innheimtutíma gjaldanna.

17. gr.

Ef beinir skattar eru krafðir um leið og tekjur falla til greiðslu, er heimilt að færa þá á innheimtuárinu, þótt endanleg álagning fari fyrst fram ári síðar.

18. gr.

Nú eru lagðir á nýir skattar, og skal þá reikningsfærslan fara eftir meginreglum þessa kafla.

19. gr.

Tekjur skal flokka í fjóra meginflokka eftir eðli teknanna, án tillits til þess, hvaða aðili innheimtir þær. Teknaflokkarnir eru þessir:

1. Skattar.
2. Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings.
3. Ýmsar tekjur.
4. Innheimt fé fyrir aðra.

20. gr.

Með sköttum er í 1. tölulið 19. gr. átt við þá fjárhæð, sem ríkið leggur á einstaklinga og félög, án þess að beint framlag komi á móti frá ríkinu.

Rekstrarhagnað fjáröflunareinkasalna ríkisins skal telja með sköttum, sbr. 1. tölulið 19. gr., en ekki með arðgreiðslum annarra fyrirtækja og sjóða í ríkiseign, sbr. 2. tölulið 19. gr., enda þótt reikningar einkasalnanna séu í B-hluta ríkisreikningsins.

21. gr.

Skatta skal flokka í beina skatta og óbeina, og hvorum flokknum um sig skal aftur skipta niður, þannig að séð verði, hvernig upphæð beinna skatta skiptist milli persónuskatta, eignarskatta og tekjuskatta, og upphæð óbeinna skatta milli gjalda af innflutningi, gjalda af framleiðslu, gjalda af seldum vörum og veittri þjónustu og annarra óbeinna skatta.

22. gr.

Þótt skattar eða aðrar ríkistekjur renni beint til ákveðinna fyrirtækja eða sjóða í B-hluta ríkisreiknings, skulu þessar fjárhæðir færðar til tekna á rekstrarreikningi í A-hluta og ráðstöfun þeirra sýnd gjaldamegin á rekstrarreikningi í A-hluta.

23. gr.

Skattar, sem renna til ákveðinna stofnana í A-hluta ríkisreiknings, skv. sérstökum lögum eða ákvæðum, skulu færðir til tekna á rekstrarreikningi og ráðstöfun þeirra gjaldamegin.

24. gr.

Tekjur, sem ríkisstofnanir í A-hluta ríkisreiknings hafa beinlínis fyrir þjónustu eða annað framlag (þ. e. tekjur þjónustueðlis, en ekki skatteðlis), skal færa sem frádráttarlið frá gjöldum viðkomandi aðila á rekstrarreikningi.

25. gr.

Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings skal flytja yfir í teknahlið A-hluta, sbr. 2. tölulið 19. gr., nema rekstrarhagnað fjáröflunareinkasalna ríkisins, sem talinn er skattur. Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu slíks arðs til ríkissjóðs, sbr. 54. gr.

26. gr.

Liðurinn „innheimt fé fyrir aðra“ nær aðeins til tekna, sem renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá eða til opinberra aðila utan ríkisreiknings. Skulu þessar tekjur færðar inn og út í teknahlið rekstrarreiknings.

27. gr.

Nú renna skattar að hluta til ríkisins og að hluta til annarra opinberra aðila (t. d. sveitarfélaga), og skal þá færa ríkishlutann í teknaflokk 1, sbr. 19. gr., en hinn hlutann í teknaflokk 4, sbr. sömu gr.

28. gr.

Innheimtulaun, sem ríkissjóður greiðir, skal ekki draga frá teknamegin á rekstrarreikningi, heldur færa þau til gjalda á viðeigandi grein. Á það við jafnt um sérstök innheimtulaun sýslumanna, bæjarfógeta o. fl. aðila og kostnað við rekstur stofnana, sem annast innheimtu.

Innheimtulaun, sem ríkissjóður fær vegna innheimtu fyrir aðra, skal telja með ýmsum tekjum, sbr. 3. tölulið 19. gr.

29. gr.

Með ýmsum tekjum í 3. tölulið 19. gr. skal m. a. telja vaxtatekjur, arð af hlutabréfum, söluandvirði óeignfærðra fjármuna, endurgreitt stofnfé (sbr. 33. gr.), gjafa-

fé og ýmsa leiðréttingarliði, sem hvorki verða færðir beint á teknaliði, sbr. 1., 2. og 4. tölulið 19. gr., né koma meðal frádráttarliða frá gjöldum ýmissa stofnana, sbr. 24. gr.

30. gr.

Gjöld skulu færð á því ári, er afhending verðmæta fer fram og hvers konar vinna eða þjónusta er innt af hendi, er hefur í för með sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir ríkið eða greiðslu úr ríkissjóði.

31. gr.

Gjöld skal fyrst flokka eftir ráðuneytum, því næst eftir aðilum eða málefnum, sem fjárveitingin rennur til, og loks eftir hagrænu eðli gjaldanna.

32. gr.

Fjárveitingar til fjármunamyndunar þeirra aðila, sem eru í A-hluta ríkisreiknings, skal ekki eignfæra, heldur færa þær í gjaldahlið rekstrarreiknings. Semja skal sérstakt yfirlit yfir slíkar fjárveitingar, sbr. 45. og 46. gr.

33. gr.

Stofnfjárframlög til ríkisfyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings skal færa í gjaldahlið rekstrarreiknings í A-hluta. Endurgreiðslur höfuðstóls þessara aðila skal færa með ýmsum tekjum í lið nr. 3 í teknahlið rekstrarreiknings, sbr. 19. gr., en arðgreiðslur þeirra í lið nr. 2, sbr. og 19. gr.

34. gr.

Fjárveitingar, sem eru ekki notaðar á fjárveitingarárinu, sbr. 66. gr., skal ekki færa til gjalda fyrr en á því ári, er þær eru notaðar. Í samræmi við þetta skal ekki færa þær þá til skuldar í lok fjárveitingarársins, heldur halda sérstaka skrá yfir þær, sbr. 48. gr.

V. KAFLI

Um endurmatsreikning A-hluta ríkisreiknings.

35. gr.

Á endurmatsreikning í 2. kafla A-hluta ríkisreiknings skal færa matsbreytingar eigna og skulda á efnahagsreikningi, þ. á m. gengishagnað og gengistap og matshækkanir og lækkanir hlutabréfa.

36. gr.

Fjárveitingar til fjármunamyndunar, sem færðar hafa verið á rekstrarreikning í A-hluta ríkisreiknings og þannig afskrifaðar, skulu færðar á endurmatsreikning í B-hluta, ef skilyrði skapast til eignfærslu, sbr. 7. gr.

Nú er afskrifuð eign seld og skal þá færa söluandvirðið með ýmsum tekjum í teknahlið rekstrarreiknings.

VI. KAFLI

Um efnahagsreikning í A-hluta ríkisreiknings.

37. gr.

Í eignahlið efnahagsreiknings skal a. m. k. greina milli eftirtalinna eignaflokka:

1. Sjóður (seðlar, ávísanir, skiptimynt) hjá ríkisféhirði sérstaklega og öðrum ríkisaðilum sérstaklega.
2. Bankainnstæður.
3. Ýmsar innstæður. Hér skal m. a. telja óinnheimtar ríkissjóðstekjur, fyrirframgreiðslur, innstæður hjá ýmsum viðskiptamönnum o. þ. h.
4. Hlutabréf, verðbréf o. þ. h.
5. Veitt lán, aðgreind í stutt lán og löng lán, og hvor liður um sig í innlend lán og erlend lán.

38. gr.

Í A-hluta ríkisreiknings skal ekki eignfæra efnislega fjármuni, sbr. 7. gr.

39. gr.

Í skuldahlið efnahagsreiknings skal a. m. k. greina milli eftirtalinna skuldaflokka:

1. Yfirdráttur bankareikninga.
2. Ýmsar lausaskuldir. Hér skal m. a. telja ógreidd gjöld, fyrirframgreiðslur til ríkisins, ýmsar lausaskuldir við viðskiptamenn, geymt innheimtufé o. fl.
3. Tekin lán, aðgreind í stutt lán og löng lán og hvor liður um sig í innlend lán og erlend lán. Lán í Seðlabankanum skal jafnan tilgreina sérstaklega.

40. gr.

Lán, sem ríkissjóður tekur til að endurlána ríkisfyrirtækjum eða öðrum aðilum, skal færa um reikning ríkisábyrgðasjóðs í B-hluta ríkisreiknings.

41. gr.

Mat eigna og skulda skal, eftir því sem við verður komið, miða við raunverulegt verðmæti í lok reikningsárs, en heimilt er þó að fylgja reglum skattalaga, ef þær víkja ekki verulega frá ofangreindri reglu.

VII. KAFLI

Um fjármagnshreyfingar A-hluta ríkisreiknings og greiðslujöfnuð.

42. gr.

Fjármagnshreyfingar í 4. kafla A-hluta ríkisreiknings skiptast í lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga, sbr. 9. gr.

43. gr.

Lánahreyfingar skulu sýna breytingar á lánareikningum, þ. e. liðum nr. 4 og 5 eignamegin og nr. 3 skuldamegin á efnahagsreikningi, sbr. 37. gr. og 39. gr.

Í sundurliðun skal greina sérstaklega tekin lán, veitt lán, greiddar og mótteknar afborganir og hækkanir og lækkanir einstakra liða vegna endurmats. Þá skal og jafnan sýna sérstaklega breytingar vegna aukningar eða endurgreiðslu á hlutabréfum o. þ. h.

44. gr.

Hreyfingar greiðslufjárreikninga á efnahagsreikningi, sbr. 37. gr. og 39. gr., skulu sýna greiðslujöfnuð ríkissjóðs eftir formi greiðslufjár, þar sem sjóðjöfnuður, bankajöfnuður og jöfnuður lausaskulda og ýmissa inneigna (breytingar á geymdu innheimtufé meðtaldar) eru sýndir sérstaklega.

Auk hinna einstöku jafnaða skal sýna brúttóupphæðir, sem þeir eru byggðir á, og hækkanir og lækkanir einstakra liða vegna endurmats.

VIII. KAFLI

Um sérstök yfirlit í A-hluta ríkisreiknings.

45. gr.

Jafnan skulu eftirtalin sérstök yfirlit vera í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr.:

1. Yfirlit yfir óeignfærða fjármunamyndun.
2. Skrá yfir geymdar fjárveitingar.
3. Yfirlit um gjöld eftir hagrænu eðli þeirra.
4. Skrá yfir tekjur ríkissjóðs eftir innheimtuaðilum.

46. gr.

Með óeignfærðri fjármunamyndun í 1. tölulið 45. gr. er átt við fjármunamyndun ríkisins, sem færð er til gjalda í A-hluta ríkisreiknings og þannig afskrifuð til fulls. Skráin skal vera sundurliðuð eftir fjárlagagreinum og tegundum fjármuna.

47. gr.

Gera skal yfirlit yfir verðmæti óeignfærðra fjármuna eigi sjaldnar en á 10 ára fresti og skal þá miða við áætlað endurnýjunarvirði að frádregnum afskriftum.

48. gr.

Skrá yfir geymdar fjárveitingar, sem í gildi eru og hvorki hafa verið færðar til gjalda né skulda í ríkisreikningi, skal gerð með tilvísun í fjárlagagreinar og fjárlagaár. Þar skal koma fram sundurliðuð notkun geymdra fjárveitinga frá fyrri árum, sbr. 2. tölulið 45. gr.

49. gr.

Yfirlit um flokkun gjalda eftir hagrænu eðli þeirra skal miða við mestu sundurliðun bruttógjalda í ríkisreikningi, og frádráttur vegna tekna sýndur sérstaklega.

50. gr.

Heimilt er ráðherra að taka inn í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, sbr. 8. gr., önnur yfirlit en þau, sem getið er hér að framan. Ríkisreikningsnefnd getur einnig gert tillögur um birtingu slíkra yfirlita.

IX. KAFLI

Um yfirlitsreikninga fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

51. gr.

Yfirlitsreikningar fyrirtækja og sjóða í ríkiseign skulu sýna helztu atriði reikninga einstakra aðila í B-hluta ríkisreiknings, svo sem tekjur, gjöld og rekstrarjöfnuð, hækkanir, lækkanir og jöfnuð endurmatsreiknings, eignir, skuldir og höfuðstól ríkissjóðs, fjármunahreyfingar (þar með taldar afskriftir) og fjármagnshreyfingar.

X. KAFLI

Um reikninga einstakra fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings.

52. gr.

Tekjur á rekstrarreikningi skal sundurliða þannig, að eftirtaldir liðir séu greindir sérstaklega: Beinir fjárlagastyrkir, sem eru gjaldfærðir í A-hluta ríkisreiknings, sérstakir skattar eða aðrar ákveðnar ríkistekjur, sem renna til tiltekinna aðila og eru gjaldfærðir í A-hluta ríkisreiknings, og tekjur af vörusölu eða þjónustu.

53. gr.

Gjöld á rekstrarreikningi skal sundurliða í samræmi við hagræna flokkun gjalda í A-hluta ríkisreiknings, sbr. 49. gr., en þó skal við það miða, að flokkun gjaldanna verði sem sambærilegust við það, sem tíðkast hjá fyrirtækjum í einkaeign.

54. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um greiðslu rekstrarhagnaðar fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings í ríkissjóð, að svo miklu leyti sem slíkt er ekki lögákveðið. Greiðslurnar skulu færðar til tekna í A-hluta ríkisreiknings, á lið nr. 2, sbr. 19. gr., arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. Að öðru leyti er

fyrirtækjum og sjóðum heimilt að nota rekstrarhagnað til aukningar hreinnar eignar með þeim takmörkunum, sem fjármálaráðherra setur eða ákveðnar eru með lögum.

55. gr.

Efnislega fjármuni fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings skal afskrifa, miðað við matsverð í árslok, og sé afskriftatími miðaður við áætlaðan endingartíma fjármuna, þegar því verður við komið, eða farið eftir reglum skattalaga og öðrum reglum skattyfirvalda.

56. gr.

Reikna skal fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta ríkisreiknings vexti af lánum frá ríkissjóði og lausaskuldum við hann, eftir nánari reglum, er fjármálaráðherra setur.

57. gr.

Um mat á efnahagsreikningi fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings gilda sömu meginreglur og um mat í A-hluta, sbr. 41. gr. og 55. gr. Þetta á einnig við um endurmat.

58. gr.

Ef efnislega fjármuni, sem hafa ekki verið eignfærðir, heldur færðir til gjalda á fjárveitingarárinu, má eignfæra síðar, þannig að um sérstakt fyrirtæki verði að ræða, skv. skilgreiningu 7. gr., skal framkvæma endurmatið í B-hluta ríkisreiknings.

59. gr.

Auk árlegs endurmats efnislegra fjármuna, skal a. m. k. tíunda hvert ár framkvæma sérstakt ýtarlegra endurmat, er sé miðað við áætlað endurnýjunarvirði að frádregnum afskriftum.

60. gr.

Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta ríkisreiknings skulu í efnahagsreikningi greina milli hliðstæðra liða og kveðið er á um í 37. gr., en auk þess skal eignfæra efnislega fjármuni, svo sem lönd, náttúruréttindi, húseignir, vélar og tæki.

XI. KAFLI

Um sérstök yfirlit í B-hluta ríkisreiknings.

61. gr.

Í 3. kafla B-hluta ríkisreiknings, sbr. 12. gr., skal vera sérstakt yfirlit um gjöld á rekstrarreikningunum í heild, flokkuð eftir hagrænu eðli þeirra. Þar má einnig birta ýmsar samdráttar- eða sundurliðunarskrár og -töflur með tilvísun í reikninga í 2. kafla B-hluta ríkisreiknings, eftir því sem ástæða þykir til. Meðal annars er heimilt að birta þar sundurliðaðar fjármunahreyfingar, lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga fyrirtækjanna og sjóðanna í heild.

XII. KAFLI

Um efnisskipun fjárlaga o. fl.

62. gr.

Fjárlög skiptast í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, á sama hátt og ríkisreikningur, sbr. 1. málsgrein 6. gr.

63. gr.

Í A-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi og lánahreyfingar, að svo miklu leyti sem séð verður fyrir við fjárlagaafgreiðslu.

64. gr.

Í B-hluta fjárlaga skal áætla sundurliðuð gjöld og tekjur á rekstrarreikningi, lánahreyfingar og fjármunahreyfingar hvers aðila sérstaklega, og auk þess skal birta yfirlitsáætlanir, sbr. 51. gr., eftir því sem við verður komið.

65. gr.

Fjárlagaárið skal afmarka eftir reglum, sem um ræðir í II. kafla, og allar sömu meginreglur skulu gilda um efnisskipun og sundurliðun fjárlaga og þær, er gilda um ríkisreikning, að svo miklu leyti sem við á. Þó má sundurliðun í fjárlögum vera minni en í ríkisreikningi.

66. gr.

Merkja skal sérstaklega þær fjárveitingar, sem geyma má, ef þær eru ónotaðar í lok reikningsárs. Geymsluheimildin skal gilda til fjögurra ára.

Ekki er heimilt að geyma fjárveitingar til venjulegs rekstrar ríkisstofnana eða annarra aðila, sem slíkar fjárveitingar fá. Undanþágur má þó veita frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Fjármálaráðherra ákveður nánar um geymslu ónotaðra fjárveitinga.

67. gr.

Heimilt er fjármálaráðherra að láta sérstök yfirlit, sams konar eða hliðstæð þeim, sem getið er um í VIII. kafla, fylgja fjárlagafrumvarpi og fjárlögum, og jafnan skal fylgja skrá yfir ónotaðar fjárveitingar, sem gilda áfram sem fjárveitingarheimildir, og yfirlit um gjöld eftir eðli þeirra.

68. gr.

Fjárlagafrumvarpi skal jafnan fylgja tölulegur samanburður við fjárlög síðasta reikningsárs og síðasta fullgerðan ríkisreikning.

XIII. KAFLI

Um úrskurðarvald ráðherra og ríkisreikningsnefnd.

69. gr.

Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd laganna og fellir úrskurð, þegar vafi leikur á því, hvernig fara skuli með einstök atriði samkvæmt ákvæðum þeirra.

70. gr.

Skipa skal sérstaka nefnd, ríkisreikningsnefnd, er vera skal fjármálaráðherra til ráðuneytis um atriði, er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings og önnur atriði, er hafa meginþýðingu fyrir það reikningslega kerfi, er lögunum er ætlað að tryggja, eftir því sem nánar er kveðið á um í einstökum köflum laganna og í þessum kafla.

71. gr.

Nefndin skal skipuð sex mönnum. Fjórir menn skulu eiga sæti í henni samkvæmt stöðu sinni, þ. e. ríkisbókari, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, ríkisendurskoðandi og hagstofustjóri eða staðgöngumenn þeirra. Hinir tveir skulu skipaðir eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands og Efnahagsstofnunarinnar. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

72. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal jafnan gera tillögur til ráðherra, áður en úrskurður er felldur eða reglur settar um einstök ákvæði laganna, þar á meðal eftirtalin atriði:

1. Hvort reikningar ákveðinna aðila skuli birtir í ríkisreikningi, sbr. 1. gr.
2. Hvort fé, sem ríkissjóður innheimtir fyrir ýmsa aðila (aðra en ríkisaðila), sem hafa tekjustofna samkvæmt sérstökum lögum, en ekki beinlínis fyrir fjárlagasamþykkt, skuli fært til tekna og gjalda á rekstrarreikningi eða inn og út teknamegin, sbr. 2. gr.

3. Hvort einstakir ríkisaðilar skuli taldir í A-hluta eða B-hluta ríkisreiknings, sbr. 6. gr. og 7. gr.
4. Hvernig haga skuli formi og sundurliðun heildaryfirlits í A-hluta og yfirlitsreikninga í B-hluta, sbr. 8. gr., 12. gr. og 51. gr.
5. Hvernig flokka skuli og sundurliða tekjur, gjöld, fjármagnshreyfingar, eignir og skuldir og hvernig skuli merkja einstakar fjárveitingar á fjárlögum eftir hagrænu eðli og tímamörkum, sbr. IV., VI., VII., X. og XII. kafla.
6. Hvernig nota skuli heimildir 16. og 17. gr., um færslu tekna á reikningsár miðað við gjalddaga.
7. Hvenær söluandvirði óeignfærðra fjármuna í A-hluta ríkisreiknings skuli fært með „ýmsum tekjum“ í teknahlið rekstrarreiknings og hvenær dregið frá gjöldum einstakra stofnana, sbr. 29. gr.
8. Hvernig útfæra skuli reglurnar um mat eigna og skulda og framkvæmd endurmats, sbr. V. kafla 41. gr., 55. gr. og 57. gr.
9. Hvernig einstök yfirlit skv. VIII. kafla og XI. kafla skuli gerð úr garði og hvaða yfirlit skuli birt umfram þau, sem lögin ákveða.
10. Hvaða reglur skuli settar fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign um tilhögun fjárskila til ríkissjóðs og tilhögun bókhalds og reikningsskila til ríkisbókhaldsins, sbr. X. kafla.
11. Hvort undanþágur skuli veittar til geymslu fjárveitinga, sbr. 66. gr.

73. gr.

Ríksreikningsnefnd skal jafnan höfð með í ráðum um uppsetningu fjárlaga.

74. gr.

Nánar skal kveða á um hlutverk nefndarinnar og störf í reglugerð.

XIV. KAFLI
Um ríkisbókhald.

75. gr.

Ríkisbókhaldið hefur, fyrir hönd fjármálaráðuneytisins, yfirumsjón með öllu bókhaldi og reikningsskilum þeirra aðila, er ríkisreikningurinn nær til, sbr. 1. gr., á grundvelli þessara laga og sér um gerð ríkisreiknings.

76. gr.

Heimilt er ríkisbókhaldinu að láta einstakar stofnanir, fyrirtæki og sjóði annast bókhald sitt sjálf að einhverju eða öllu leyti. Enn fremur er því heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að setja upp bókhaldsmiðstöðvar, er annist bókhald ákveðinna aðila, að svo miklu leyti sem það er ekki gert í ríkisbókhaldinu sjálfu. Allir þessir aðilar skulu þó lúta fyrirmælum ríkisbókhaldsins um reikningsfærsluna.

77. gr.

Setja skal reglur um skilafrest á reikningum til ríkisbókhalds fyrir þá aðila, sem um getur í 76. gr.

78. gr.

Ríkisbókhaldið annast innköllun reikninga frá félögum, fyrirtækjum, stofnunum og sjóðum, sem ekki eru ríkiseign, en hafa sérstaka tekjustofna skv. lögum, sbr. 2. gr. Enn fremur sér það um birtingu þeirra í samráði við ritstjóra Stjórnartíðinda, sbr. sömu gr., og hefur umsjón með innheimtu þeirra tekna, sem um getur í greininni.

79. gr.

Ríkisbókari er forstöðumaður ríkisbókhalds. Hann ber ábyrgð á störfum ríkisbókhaldsins og skal skipaður af fjármálaráðherra.

Nánar skal kveða á um verksvið ríkisbókhalds og stöðu ríkisbókara með reglugerð.

XV. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

80. gr.

Fjárlagafrumvarp og fjárlög ársins 1968 skal semja eftir þeim reglum, sem kveðið er á um í I.—XIII. kafla, og ríkisreikning þess árs skal einnig semja eftir þeim reglum. Reglum þessara laga skal að öðru leyti, s. s. við lokun reikninga og afmörkun reikningsársins, beitt þegar frá reikningslokum ársins 1965, eftir því sem fært þykir að dómi fjármálaráðherra.

81. gr.

Ríkisreikningsnefnd skal skipa þegar að fenginni staðfestingu laganna.

82. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

II. kafli laga nr. 61/1931, um ríkisbókhald. — III. kafli laganna, um endurskoðun, verði II. kafli, og tölusetning lagagreinanna breytist þannig, að 8. grein verður 2. grein o. s. frv. — 3. málsgrein 14. greinar falli niður, en hún hljóðar svo: „Aðalendurskoðandi skal enn fremur hafa umsjón með störfum ríkisbókhaldsins fyrir hönd fjármálaráðherra eftir því, sem ráðherra ákveður".

Lög nr. 29/1905, um Byggingarsjóð. — Eignir sjóðsins renni í ríkissjóð.

Lög nr. 78/1947, um Fyrningarsjóð ríkisins. — Hrein eign sjóðsins renni í ríkissjóð.

Enn fremur eru úr gildi numin önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Núgildandi ákvæði um gerð ríkisreiknings og fjárlaga og hlutverk ríkisbókhalds er að finna í II. kafla laga nr. 61/1931, um ríkisbókhald og endurskoðun. Á þeim rúmlega 30 árum, sem lög þessi hafa staðið, hafa kröfur til opinberra reikningsskila ríkisins breytzt allmikið, þannig að þau þurfa nú að fullnægja fleiri sjónarmiðum og aðilum en áður var.

Markmið þessa frumvarps er, að fjárlög og ríkisreikningur verði þannig úr garði ger, að þau þjóni sem bezt þörfum fjárveitingavalds og fjármálastjórnar, almennrar stjórnsýslu og hagstjórnar, þjóðhagsreikninga og hagskýrslugerðar yfirleitt. Jafnframt er stefnt að því, að reikningakerfið verði svo einfalt og aðgengilegt sem unnt er, miðað við þann tilgang, sem því er settur. Markmiði frumvarpsins er reynt að ná með því að kveða skýrar á en gert er í núgildandi lögum um það svið, sem fjárlög og ríkisreikningur ná yfir, um form þeirra og sundurliðun og um ýmis reikningsleg hugtök. Jafnframt er stefnt að því, að meiri festa skapist en verið hefur í skráningu á fjárreiðum ríkisins og meira samræmi verði á milli reikninga ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja innbyrðis.

Tildrög að frumvarpinu eru þau, að sumarið 1961 fól fjármálaráðuneytið þeim Magnúsi Björnssyni, ríkisbókara, og Guðlaugi Þorvaldssyni, deildarstjóra í Hagstofu Íslands, að gera tillögur um breytingar á uppsetningu ríkisreikningsins og endurskoða í því sambandi lög um Ríkisbókhald og endurskoðun nr. 61/1931, lög um Byggingarsjóð nr. 29/1905 og lög um Fyrningarsjóð ríkisins nr. 78/1947.

Sökum veikinda ríkisbókara varð það úr, að hann stóð ekki að upphaflegu tillögunum, sem Guðlaugur skilaði til ráðuneytisins, dagsettum 22. sept. 1962. Skv. beiðni hins síðarnefnda voru tillögurnar sendar til umsagnar ýmissa aðila, og umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ríkisbókara, ríkisendurskoðanda, hagstofustjóra, Efnahagsstofnuninni og prófessor Ólafi Björnssyni. Að þeim umsögnum fengnum fól fjármálaráðherra höfundi tillagnanna og eftirtöldum aðilum að ganga frá frumvarpi um málið: Ráðuneytisstjóranum í fjármálaráðuneytinu, ríkisbókara, ríkisendurskoðanda, hagstofustjóra og fulltrúum Efnahagsstofnunarinnar og Seðlabanka Íslands. Síðar var ríkisskattstjóra bætt við. Efnahagsstofnunin tilnefndi af sinni hálfu Bjarna Braga Jónsson, hagfræðing, en jafnframt hefur forstöðumaður stofnunarinnar, Jónas H. Haralz, hagfræðingur, tekið þátt í undirbúningi frumvarpsins. Seðlabanki Íslands tilnefndi Sigurgeir Jónsson, hagfræðing, af sinni hálfu.

Frumvarpið er í meginatriðum í samræmi við upphaflegar tillögur Guðlaugs Þorvaldssonar, en reikningsleg sérstaða fyrirtækja og sjóða í ríkiseign er þó gerð meiri en gert var ráð fyrir í tillögunum, auk þess sem nokkrar aðrar minni háttar breytingar voru gerðar.

Helztu nýjungar frumvarpsins og breytingar, sem gerðar eru frá fyrri tilhögun, eru þessar:

1. Nýjar reglur og ýtarlegri en áður um það, hvaða stofnanir, fyrirtæki og sjóði skuli taka í ríkisreikning og fjárlög.
2. Nýjar reglur um afmörkun reikningsársins og lokun reikninga.
3. Ákvæði um skiptingu ríkisreiknings og fjárlaga í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, þar sem reikningum og fjárlagaáætlunum fyrirtækja og sjóða í ríkiseign er haldið aðgreindum frá reikningum og fjárlagaáætlunum annarra ríkisaðila.
4. Ýmis ákvæði um reikningslega sérstöðu fyrirtækja og sjóða.
5. Nýjar og ýtarlegri skýringar en áður á helztu reikningslegum hugtökum, svo sem gjöldum, tekjum, eignum, skuldum, endurmati, greiðslujöfnuði o. fl.
6. Reglur um samræmda flokkun og lágmarkssundurliðun og merkingu (með táknnúmerum) gjalda, tekna, eigna, skulda o. fl. atriða, bæði í fjárlögum og í ríkisreikningi.
7. Ný ákvæði um reikningslega meðferð geymdra fjárveitinga og tímamörk geymsluheimildar í fjárlögum.
8. Ákvæði um fastanefnd til ráðuneytis fjármálaráðherra, fjármálaráðuneyti og ríkisbókhaldi við gerð fjárlaga og ríkisreiknings.
9. Reglur um aukið reikningslegt aðhald með þeim aðilum, öðrum en opinberum aðilum, sem hafa tekjustofna samkvæmt sérstökum lögum. Með þeim reglum er jafnframt stefnt að því, að heildarskattlagning ríkisins komi sem bezt fram.
10. Ákvæði um að birta í ríkisreikningi í vaxandi mæli ýmis sérstök yfirlit í formi taflna eða skýrslna. Hér er bæði um að ræða yfirlit, sem erfitt er að fella inn í reikningakerfi tvöfaldrar bókfærslu, og samdráttar- eða sundurliðunartöflur ýmissa atriða úr reikningunum, sem ekki koma nægilega skýrt fram í aðalreikningunum.

Skýringar við einstaka kafla.

I. kafli. Í þessum kafla er kveðið á um það, fyrir hvaða aðila skuli birtir reikningar í ríkisreikningi. Ákvæðum kaflans er m. a. ætlað að leggja áherzlu á þá þýðingu, er ytri mörk ríkisreiknings hafa, og tryggja það, að þau fylgi jafnan föstum reglum.

Ákveðið er, að reikningar ríkisbanka, þ. á m. Seðlabanka Íslands, og annarra lánastofnana ríkisins, skuli ekki færðir í ríkisreikning, og er það eina undantekningin frá því, að reikningar allra ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í ríkiseign séu færðir í ríkisreikning. Reikningum þessara aðila hefur til þessa verið haldið utan ríkisreiknings.

Allmikið hefur kveðið að því, að félög, fyrirtæki, stofnanir eða sjóðir, sem ekki eru í ríkiseign, hafi fengið tekjustofnum úthlutað með sérstökum lögum (t. d. gjaldi af gosdrykkjum og eldspýtum). Einkum eru það sveitarfélög og ýmsir aðilar, er sinna menningar- og mannúðarmálum, sem hér um ræðir. Nauðsynlegt er, að ríkissjóður hafi yfirumsjón með innheimtu slíkra tekna og þær séu færðar á rekstrarreikning ríkissjóðs, bæði til tekna og gjalda, þar sem hér er í reynd um skattálögur á þjóðfélagsþegnana og ráðstöfun þeirra að ræða. Ef tekjurnar renna til sömu aðila eða atvinnugreina og þær eru innheimtar hjá (t. d. útflutningsgjald af sjávarafurðum í núverandi mynd) eða til opinberra aðila utan kerfis ríkisreikninga (t. d. sölukattshluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í núverandi mynd), á þó að draga ráðstöfunina frá teknamegin (færsla inn og út sömu megin). Í fyrra tilvikinu er ekki um almennar skattaálögur að ræða, en í hinu síðara koma þær fram í reikningum annarra opinberra aðila, þ. e. sveitarfélaga.

Enda þótt ákvæði greinarinnar eigi að tryggja, að fé það, sem ríkissjóður innheimtir fyrir aðra eða sér um innheimtu á, fari gegnum rekstrarreikning A-hluta ríkisreiknings (sbr. 6. grein), til tekna og gjalda eða inn og út sömu megin, er ekki ætlazt til, að sundurliðaðir reikningar fyrir þessa aðila séu birtir í ríkisreikningi, enda ekki um ríkisaðila að ræða. Þess vegna eru í kaflanum ákvæði um birtingu þessara reikninga í sérstöku hefti Stjórnartíðinda, svo að þeir séu allir aðgengilegir á einum stað. Enn fremur er kveðið svo á, að ríkisbókari segi fyrir um form reikninga, svo að hægt sé að samhæfa þá ríkisreikningnum. Heimilt er að láta ákvæðin um birtinguna ná til hlutafélaga, sem ríkissjóður á hlut í, enda getur það verið mjög þægilegt fyrir þá, sem fást við athugun á fjármálum ríkisins í víðasta skilningi. Þar sem sérstök ákvæði eru í lögum nr. 58/1961, um gerð sveitarfélagareikninga og úrvinnslu þeirra, eru ákvæði 2. greinar um form reikninga og birtingu ekki látin ná til þeirra, þó að þau hafi sérstaka tekjustofna samkvæmt lögum (t. d. hluta söluskatts).

II. kafli. Í þessum kafla eru ákvæði um tímamörk milli reikningsára. Eins og málum er nú háttað eru reikningarnir að vísu miðaðir við sömu meginreglur og hér er lagt til að verði settar, en ákvæðin fyrirmæli skortir um lokun þeirra. Sú venja hefur því myndazt, — m. a. til að losna við færslu viðskiptamannareikninga, svo að nokkru nemi — að reikningunum er haldið opnum langt fram yfir áramót, en það kemur ruglingi á greiðslureikninga og venjulega skráningu á viðskiptamannareikninga, svo að staðan um áramót kemur raunverulega alls ekki fram. Auk þess eru lokunarmörkin ekki hin sömu ár frá ári, og gerir það samanburð milli ára torveldan.

III. kafli. Skipting ríkisreiknings í tvo hluta, A-hluta og B-hluta, er einkum gerð vegna þess, að ólíkra sjónarmiða gætir við reikningshald fyrirtækja, sem stunda atvinnurekstur, annars vegar, og stjórnsýslustofnana hins vegar, og æskilegt er að geta gert samanburð á rekstri atvinnufyrirtækja ríkisins og annarra fyrirtækja, er stunda atvinnurekstur. Með tilliti til þess er æskilegt að eignfæra og afskrifa efnislega fjármuni fyrirtækja og sjóða í ríkiseign og reikna þeim vexti af lánsfé. Efnislega fjármuni stjórnsýslustofnana, sem ekki skila reglulegum tekjum, er hins vegar eðlilegt að færa til gjalda á fjárveitingaárinu. Endurmat efnislegra fjármuna er á margan hátt örðugra í framkvæmd en endurmat annarra fjármuna. Með því að hafa reikninga þeirra aðila, sem eignfæra efnislega fjármuni, aðgreinda frá reikningum stofnana, sem gera það ekki, verður hinn eiginlegi ríkisreikningur fyrir stjórnsýsluna (A-hluti) einfaldari og aðgengilegri en ella.

Ákvæði kaflans um sérstök yfirlit, er fylgja skuli ríkisreikningi eða heimilt sé

að láta fylgja honum, er sett til þess, að ýmsir sérstakir þættir reikninganna séu teknir saman í tiltölulega stutt og greinargóð yfirlit til afnota fyrir þá aðila, er slíkar upplýsingar þurfa að fá, en tafsamt gæti verið að vinna upp úr ríkisreikningnum í heild fyrir þá, sem ekki gerþekkja reikningskerfið. Með færslu sérstakra yfirlita um ákveðna reikningslega þætti er enn fremur oft hægt að stytta heildarreikningana og gera þá þannig betri til yfirlits.

IV. kafli. Mjög mikilvægt er, að flokkun gjalda eftir eðli þeirra sé ýtarleg og samræmd, þannig að áhrif t. d. launabreytinga, gengisbreytinga, vaxtabreytinga o. fl. verði séð á tiltölulega auðveldan hátt. Enn fremur þurfa launakostnaður og önnur rekstrargjöld ríkisaðila að vera skilin greinilega frá tilfærslum til annarra. Þá þarf sú fjármunamyndun, sem afskrifuð hefur verið alveg á árinu, en færð á sérstaka eignaskrá, að koma fram sérstaklega.

Gert er ráð fyrir því, sbr. XII. kafla, að ríkisreikningur geti verið sundurliðaðri en fjárlög (einkum þó í B-hluta), en þó sé sundurliðun fjárlaga og ríkisreiknings felld inn í sama flokkunarkerfið.

Í kaflanum eru ákvæði um að stofnfjárframlög, en hins vegar ekki lán, til fyrirtækja og sjóða í B-hluta ríkisreiknings, skuli færa til gjalda í A-hluta. Þó er ekki ætlazt til, að þau séu færð til tekna á rekstrarreikningum fyrirtækjanna eða sjóðanna, heldur til breytinga á höfuðstól. Endurgreiðslur höfuðstóls þessara aðila, ef um þær verður að ræða, skal færa með ýmsum tekjum í lið 3 á rekstrarreikningi A-hluta, en arðgreiðslur í lið nr. 2.

Söluandvirði efnislegra fjármuna, sem hafa ekki verið eignfærðir í A-hluta, heldur færðir til gjalda á fjárveitingaárinu, skal við sölu þeirra færa með ýmsum tekjum, nema það komi sem frádráttarliður frá gjöldum einstakra stofnana í A-hluta. Ef slíka afskrifaða fjármuni má eignfæra síðar, sé t. d. farið að reka vegi, brýr, skóla o. s. frv. sem fyrirtæki, sem afli tekna, sbr. 7. grein, er ætlazt til þess, að þeir séu endurmetnir í B-hluta ríkisreiknings, sbr. 58. grein.

V. kafli. Í þessum kafla eru ákvæði um endurmat, en nauðsyn þess skapast einkum við gengisbreytingu eða verðbreytingar hlutabréfa.

Fjárveitingar til efnislegra fjármuna, eins og t. d. skóla, vega og brúa, sem ætlazt er til að séu færðar alveg til gjalda í A-hluta á fjárveitingarárinu, geta komið til endurmats, ef ákveðið er að reka skólann, veginn eða brúna sem fyrirtæki, þ. e. a. s. selja beinlínis þá þjónustu, sem veitt er.

VI. kafli. Ekki talin þörf skýringa.

VII. kafli. Lánahreyfingar og hreyfingar greiðslufjárreikninga sýna fjármagnshreyfingar í heild og fjárhagsjöfnuð A-hluta ríkisreiknings.

Með greiðslujöfnuði er að jafnaði átt við breytingar, sem orðið hafa á reiðufé og liðum, sem taldir eru jafngilda reiðufé. Í þessum lögum eru þessir liðir taldir vera sjóður, bankareikningar og lausaskuldir ásamt ýmsum kræfum innstæðum, en hver liður þó sýndur sérstaklega í yfirlitinu, þannig að sjóðbreytingin kemur fram sérstaklega, nettóbreyting bankareikninga (yfirdráttur reikninga meðtalinn) sérstaklega, og nettóbreyting lausaskulda og kræfra innstæðna sérstaklega. Geymt innheimtufé er talið meðal lausaskulda, og hægt er að sýna breytingar á því sérstaklega. Einnig sýnir yfirlitið sérstaklega hækkun eða lækkun þessara liða af völdum endurmats, ef um slíkt er að ræða. Niðurfelling lausaskulda eða innstæðna (án greiðslu) mundi einnig hafa áhrif á greiðslujöfnuðinn, enda er hún líka færð til tekna (eða frádráttar á gjöldum) eða gjalda (eða frádráttar á tekjum) á rekstrarreikningi, nema í þeim tilvikum, þar sem um endurmat er að ræða.

Þar sem ýmsir aðilar leggja e. t. v. meira upp úr sjóðbreytingunni í þrengstu merkingu, eða sjóðbreytingunni og nettóbreytingu bankareikninga, en greiðslujöfnuði, skilgreindum á þann hátt, sem hér er gert, ætti það að vera mikils virði að hafa yfirlitið þetta mikið sundurliðað.

Greiðslujöfnuður ríkissjóðs (greiðsluafgangur eða greiðsluhalli), eins og hann kemur fram í hreyfingum greiðslufjárreikninga, er jafn rekstrarjöfnuði og lána-

jöfnuði (endurmatsstærðir, sem hafa ekki komið til greiðslu þó ekki meðtaldar) og endurmati greiðslufjárreikninga.

Þegar greiðslujöfnuður samkvæmt hreyfingum greiðslufjárreikninga er metinn, er æskilegt að hafa í huga, að hve miklu leyti ný lán og sala verðbréfa hafa bætt greiðslujöfnuðinn, hvað stafar frá endurmati lánastærða og greiðslufjárstærða (t. d. við gengisbreytingu), hvað frá rekstri, þ. á m. endurgreiðslu stofnfjárframlaga og sölu áður afskrifaðra eigna og afskrift lausaskulda eða inneigna (án greiðslu), sem koma ekki fram í endurmati. Enn fremur er æskilegt að hafa í huga, hve miklu geymdar fjárveitingar reikningsársins nema og hve mikið hefur verið greitt af geymdum fjárveitingum fyrri ára.

Eins og sjá má á ofansögðu, er hugtakið greiðslujöfnuður ríkisins hugtak, sem skilgreint er og skilgreina má á ýmsa vegu og er því vandmeðfarið. Æskilegt er þó, að lögfest sé ákveðin merking þess í ríkisreikningi, svo að öruggari samanburður fáist milli ára en ella gæti orðið, en hins vegar beri ríkisreikningurinn greinilega með sér, hvernig sá greiðslujöfnuður er fundinn. Eðlilegt er, að sérstök greinargerð um greiðslujöfnuðinn sé birt meðal sérstakra yfirlita í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings, þegar ástæða þykir til.

Þá er rétt að benda á, að hinar nýju lokunarreglur auka mjög þýðingu liðanna lausaskuldir og ýmsar kræfar innstæður.

VIII. kafli. Oft getur verið um verulegar upphæðir að ræða í A-hluta ríkisreiknings, sem veittar eru til fjármunamyndunar, sem ekki skal eignfæra skv. meginreglunum, t. d. til vega, brúa, skólabygginga, skrifstofuáhalda o. þ. h., en æskilegt getur verið fyrir margra hluta sakir að hafa slíka fjármunamyndun ársins tekna saman á einum stað.

Til þess að fá hugmynd um heildarverðmæti óeignfærðra fjármuna þeirra aðila, sem í A-hluta ríkisreiknings koma, er gert ráð fyrir, að heildarskrá um þá sé samin ekki sjaldnar en á 10 ára fresti. Slíkt ætti að geta orðið til aðhalds og eftirlits um meðferð slíkra fjármuna. Slík skrá verður vitaskuld að vera sundurliðuð niður í smáar fjármunaeiningar, en hins vegar hljóta verðmætistölur í mörgum tilvikum að vera mjög áætlunarkenndar.

Töflunni um flokkun gjalda eftir hagrænu eðli þeirra er ætlað að vera stjórnarvöldunum og öðrum til hagræðis, þegar sjá þarf í fljótu bragði áhrif tiltekinna breytinga í efnahagsmálum á ríkisútgjöldin. Hliðstæð tafla í fjárlögum hefur svipað gildi, þó að hún sé ekki jafnmikið sundurliðuð, sbr. 65. gr.

Þar sem tekjur í rekstrarreikningi eru ekki flokkaðar eftir því, hvaða aðili innheimtir þær, heldur eftir eðli þeirra, er það ákvæði sett, að í 5. kafla A-hluta ríkisreiknings skuli jafnan vera tafla um sundurliðun tekna eftir því, hvaða aðili innheimtir þær.

Meðal yfirlita, sem gæti verið æskilegt að fá inn í ríkisreikning, er samanburðartafla við fyrri ár, ýmis yfirlit fyrir ríkisábyrgðasjóð, sem dregin væru út úr efnahagsreikningi hans, töflur um starfsmannafjölda, greinargerð um greiðslujöfnuð ríkissjóðs, sbr. skýringar við VII. kafla o. fl. Æskilegt verður að telja, að stefnt sé að því í vaxandi mæli, að ríkisreikningi fylgi skýringartöflur og sundurliðunartöflur af ýmsu tagi, en á þann hátt er hægt að koma í veg fyrir, að aðalreikningarnir séu svo umfangsmiklir, að þeir gefi ekki góða heildarmynd. Hins vegar er æskilegt að takmarka töflurnar við það, að þær hafi hagnýtt gildi.

IX. kafli. Skýringa ekki þörf.

X. kafli. Ákvæðin, sem hér eru sett um það, að fjármálaráðherra skuli setja fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign reglur um það, hvort greiða skuli rekstrarhagnað og fyrningar í ríkissjóð og á hvern hátt eða hvort hann skuli færður til eignaaukningar á einhvern hátt hjá fyrirtækjunum, miða m. a. að því að veita hlutaðeigandi aðilum aðhald í fjárfestingarmálum. Hættulegt getur þó verið að hafa þessar reglur mjög strangar.

Ákveðið er, að fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign skuli reiknaðir vextir af lán-

um frá ríkissjóði. Á þann hátt gefa reikningarnir betur til kynna rekstrarafkomu fyrirtækjanna.

XI. kafli. Skýringa ekki þörf.

XII. kafli. Á fjárlög eiga að koma áætluð gjöld og áætlaðar tekjur skv. rekstrarreikningi, ásamt áætluðum fjármuna- og lánahreyfingum, eftir því sem séð verður fyrir. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að endurmat eigna og skulda komi á fjárlög, enda sjaldan hægt að sjá slíkt fyrir. Áætluð breyting hreinnar eignar ríkisins kemur þess vegna aðeins fram á fjárlögum, að svo miklu leyti sem hún er talin stafa frá rekstri, en ekki breyting, sem stafar frá endurmati. Fjárlögin sýna enn fremur form eignabreytinganna aðeins að því leyti, er tekur til fjármuna og lána á fjármuna- og lánahreyfingum, enda verða þeir liðir oft séðir fyrir og æskilegt er, að það sé hægt í sem ríkustum mæli. Hins vegar er ekki hægt að áætla, hvernig breytingin verður innbyrðis milli sjóða, bankareikninga, ýmissa inneigna og lausaskulda, heldur aðeins, hver verði heildarbreyting þessara þriggja liða, sem er þá greiðslujöfnuður skv. fjárlögum.

Gera verður ráð fyrir því, að B-hluti fjárlaga verði að jafnaði áætlunarkenndari en A-hluti.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því, að taka verði sem endurveitingu inn á fjárlög fjárveitingar, sem hafa ekki verið notaðar innan þeirra tímamarka, sem geymsluheimild ákveður.

XIII. kafli. Ríkisreikningsnefnd er hugsuð sem eins konar samvinnuvettvangur þeirra opinberu aðila, er hafa mestra hagsmuna að gæta við reikningslega uppsetningu og efnisskipan fjárlaga og ríkisreiknings. Auk þess er henni ætlað að vera fjármálaráðherra, fjármálaráðuneyti og ríkisbókhaldi til ráðuneytis við uppbyggingu og útfærslu þess kerfis, sem lögin gera ráð fyrir.

XIV. kafli. Í þessum kafla eru ákvæði um verksvið ríkisbókhalds og stöðu ríkisbókara. Áherzla er lögð á það, að allir reikningshaldarar á vegum ríkisins skuli lúta fyrirmælum ríkisbókhaldsins, enda er stefnt að því með frumvarpinu að samræma bókhald og reikningsskil allra ríkisaðila.

Heimilt er samkvæmt ákvæðum kaflans að setja upp bókhaldsmiðstöðvar undir stjórn ríkisbókhaldsins, og er þeim ætlað að annast bókhald og reikningsskil fyrir ýmsar stofnanir, sjóði eða fyrirtæki í ríkiseign, sem hafa ekki menn með sérþekkingu á bókhaldi í þjónustu sinni.

XV. kafli. Nauðsynlegt er, að reikningum ársins 1967 verði lokað eftir hinum nýju reglum, svo að reikningsárið 1968 verði algerlega á grundvelli þeirra. Enn fremur er nauðsynlegt, að ríkisreikningsnefnd taki til starfa ekki síðar en í ársbyrjun 1966, þar sem undirbúningur fjárlaga fyrir 1968 fer að mestu leyti fram á fyrri árshelmingi 1967 og ekki veitir af einu ári til að ljúka þeirri undirbúningsvinnu í ráðuneytum og ríkisstofnunum, sem nauðsynleg er til þess að breyta fjárlögum yfir í hið nýja form.

Með lögunum um Fyrningarsjóð ríkisins nr. 78/1947 var stefnt að því að leggja fyrir fé til þess að endurbyggja fasteignir í eigu ríkisins og með lögum um Byggingarsjóð nr. 29/1905 er heimilað að nota andvirði tiltekinna fasteigna og einnig lánsfé til þess að reisa fyrir nýjar opinberar byggingar. Þessir sjóðir eru nú lítils megnugir. Enn fremur gera ákvæði þessa frumvarps ráð fyrir þeim möguleika, að allur fasteignarekstur ríkisins verði gerður að sérstöku fyrirtæki eða fyrirtækjum í B-hluta ríkisreiknings, þar sem efnislegir fjármunir verði afskrifaðir og notendum fasteignanna gert að greiða leigu fyrir afnotin. Með tilliti til þess er eðlilegast að nema ofangreind lög úr gildi.

Nd. 214. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1. Í guðfræðideild 4, 2. í læknadeild 13, 3. í lagadeild 5, 4. í viðskiptadeild 3, 5. í heimspekideild 12, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36, 18. apríl 1962, 6. gr., 6. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 51, 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, 1. gr., lög nr. 51, 27. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 51, 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60, 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, og lög nr. 72, 31. des. 1964, um breyting á lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af Háskóla Íslands að tilhlutan menntamálaráðuneytisins í framhaldi af ákvörðun ríkisstjórnarinnar um efling Háskólans á næstu 10 árum. Fylgdi því svofelld greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt að beiðni háskólaráðs. Er það efni frumvarpsins, að lögfest verði þrjú ný prófessorsembætti í heimspekideild, þ. e. í ensku, í almennri sagnfræði og í Norðurlandamálum, einkum dönsku, og eitt prófessorsembætti í lagadeild, í réttarsögu. Rétt þótti að orða ákvæði 37. gr. 1. málsgr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, um í heild sinni, og eru þá felld úr gildi þau lög, sem áður hafa breytt því ákvæði, þ. e. lög nr. 51/1960, 1. gr., l. nr. 51/1962 og l. nr. 72/1964. Lögfesting embættanna fer að formi til fram eins og undanfarin ár, þ. e. með því að tölu prófessorsembætta samkv. 37. gr. laga nr. 60/1957 er breytt til samræmis við þann fjölda embætta, sem hvert einstakt frumvarp gerir ráð fyrir, að lögfest verði, en síðan kemur það fram í greinargerð, í hvaða grein innan háskóladeildar prófessorsembætti lúti að.

Á árinu 1964 gekk háskólaráð til fullnaðar frá áætlunum um fjölgun prófessorsembætta við Háskólann næsta áratuginn. Er sú áætlun ásamt greinargerð Háskólans birt sem fylgiskjal hér á eftir. Fyrsta embættið samkv. þessari áætlun hefur þegar verið lögfest, prófessorsembættið í lífefnafræði, sbr. lög nr. 72/1964, og hefur það embætti verið veitt. Þau fjögur prófessorsembætti, sem frumvarp þetta fjallar um, skyldi stofna á árunum 1964—1966 samkvæmt áætluninni. Hefir ríkisstjórnin lýst því yfir, að hún muni beita sér fyrir, að embættin verði lögfest samkvæmt áætlun Háskólans, og er hér um veigamikinn stuðning við Háskólann að ræða. Vakin er athygli á, að í áætlun Háskólans er gerður sá fyrirvari, að hún nái ekki til prófessorsembætta í nýjum kennslugreinum, sem upp kynnu að verða teknar, og ekki til verkfræðideildar né viðskiptadeildar, og hún tekur aðeins til prófessorsembætta, en ekki til annarra kennslustarfa, svo sem dósenta, lektora o. fl.

Um nauðsynina á hverju einstöku embætti vísast til sérgreinargerðar Háskólans um hvert einstakt embætti um sig. Á það skal bent, að prófessorsembættin í heimspekideild standa fyrst og fremst í tengslum við nýskipan kennslu B.A.-prófa og í íslenzkum fræðum, og er vafalaust, að ekki er unnt að hrinda hinni nýju kennsluskipan í framkvæmd, nema embætti þessi verði stofnuð. Um stofnun emb-

ættis í réttarsögu hefir lengi verið rætt, og er það hafið yfir allan vafa, hve brýn þörf er á prófessorsembætti í þeirri mikilvægu grein.

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í ensku við Háskóla Íslands.

Í 10 ára áætlun um fjölgun prófessorsembætta við Háskólann er gert ráð fyrir, að prófessorsembætti í ensku sé meðal þeirra þriggja embætta, sem til sé stofnað á fyrsta ári hennar, 1964. Þegar skal á það bent, að á árinu 1962 var sett fram tillaga um það af hálfu Háskólans, að slíkt embætti yrði lögfest, sbr. bréf Háskólans til menntamálaráðherra frá 26. marz 1962.

Stofnun prófessorsembættis í ensku styðst við margvísleg rök. Má þar fyrst geta þess, að enska er nú orðið höfuðtungumálið af þeim erlendu tungumálum, sem kennd eru í íslenzkum skólum. Þarf því að leggja sérstaklega mikla rækt við kennslu þess hér í Háskólanum, en hingað sækir mikill fjöldi enskukennara háskólamenntun sína. Afleiðing þess, hve enskan skipar mikið rúm í hinu almenna skólakerfi, er að sínu leyti sú, að ensku sem aðalgrein eða aukagrein taka fleiri stúdentar en aðrar greinir til B.A.-prófa. Við árslok 1961 höfðu samtals verið tekin 97 stig í ensku í þessum prófum, en næst kom mannkynssaga með 46 stig og þá danska með 38 stig.

Kennarar í ensku eru einn dósent, einn sendikennari frá British Council og einn gistiprófessor í bandarískum bókmenntum. Þetta kennaralið er alltof fámennt til að geta annað kennslunni, svo að vel sé, og er raunar þess að geta, að engin trygging er fyrir því, að við njótum hinna erlendu sendikennara til frambúðar. Er mikil nauðsyn á því, að forstöðumaður enskukennslunnar sé prófessor, er skipulagt geti starfsemina. Í engri kennslugrein nýtur Háskólinn jafnöflugrar aðstoðar erlendis frá sem í ensku, og má það þykja tómlæti af íslenzkri hálfu, að ekki skuli hafa verið stofnað til prófessorsembættis í þessari mikilvægu grein fyrir löngu.

Endurskoðun á kennslufyrirkomulagi til B.A.-prófa er nú lokið. Eru allir þeir, sem um það mál hafa fjallað, sammála um, að endurbótum, er dugi, verði ekki komið á, nema prófessorsembætti verði lögfest í höfuðkennslugreinum. Hér bindur hvað annað, endurbætur á náminu og lögfesting prófessorsembætta. Er þess hér með farið á leit, að prófessorsembættið í ensku verði það fyrsta þessara embætta, er lögfest verður. Tekið skal fram, að byggt er á því, að fjárveiting til dósentsstarfs í ensku haldist þrátt fyrir lögfestingu prófessorsembættisins.

Í lok þessarar greinargerðar skulu tekin upp nokkur atriði úr samþykkt heimspekideildar frá 13. júní 1965, þar sem áréttuð voru tilmæli um stofnun prófessorsembætta í ensku, almennri sagnfræði og Norðurlandamálum. Þar segir m. a.:

„... Lög verði sett um þessi embætti á þingi því, sem nú situr, en síðan skipað í embættin eftir því, sem völ verður hæfra manna, án tillits til þess, í hvaða röð það verður. Ekki skal þó hið síðasta af þessum embættum veitt fyrr en frá 1. sept. 1967, nema til komi ákvörðun menntamálaráðherra þar að lútandi.

Heimilt er að skipa erlenda menn í þessi embætti.

Nú hefur ekki tekizt að fá hæfan mann í neitt þessara þriggja embætta hinn 1. sept. 1966, og skal þá, að fengnum tillögum heimspekideildar, ráðstafa því fé, sem ætlað er til launagreiðslna í tveimur embættanna, í allt að þrjú ár til að styrkja efnilega umsækjendur til framhaldsnáms í því skyni, að þeir öðlist hæfni til að taka við embættum að námi loknu. Að styrktímabili loknu verði embættin auglýst til umsóknar á nýjan leik. Hafi eitt embættið verið veitt hinn 1. sept. 1966, en hæfir menn ekki fengizt í hin tvö, skal á sama hátt ráðstafað fé því, sem ætlað er til launagreiðslna í öðru þessara tveggja embætta, í sama skyni. Loks skal hinn 1. sept. 1967 fara á sama hátt, að því er varðar þriðja embættið, hafi ekki fengizt hæfur maður til að gegna því þá. ...“

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í almennri sagnfræði við Háskóla Íslands.

Í 10 ára áætlun um fjölgun prófessorsembætta við Háskólann er gert ráð fyrir, að ofangreint prófessorsembætti verði stofnað á árinu 1965. Bent skal á, að óskað var eftir lögfestingu slíks embættis af Háskólans hendi með bréfi til menntamálaráðherra 26. marz 1962.

Sagnfræði er meðal fjölsóttustu námsgreina til B.A.-prófa, og auk þess er sagnfræði kennd til kandídats- og meistaraprófs. Að undanförnu hefir annazt kennsluna aukakennari á stundakennslulaunum. Hefir hann unnið ágætt og mikilsvert starf, en þessi tilhögun er allsendis ófullnægjandi. Ber brýna þörf til þess, að prófessorsembætti verði stofnað í þessari mikilsverðu grein. Er talinn hörgull á hæfum kennurum í sagnfræði í skólum landsins, og með nýrri reglugerð er að því stefnt að efla kennaramenntunina við Háskólann og efla hana, þ. á m. á sagnfræðisviðinu. Því takmarki verður hins vegar ekki náð, nema með því að setja á stofn prófessorsembætti í nokkrum höfuðgreinum þessa náms.

Um almennan fyrirvara af Háskólans hendi um þetta embætti vísast til loka greinargerðar um prófessorsembætti í ensku.

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í réttarsögu.

Lagadeild Háskólans var allra deilda prófessoraflest, þegar Háskólinn hóf starfsemi sína. Þar voru þá þrír prófessorar, en tveir við hverja hinna. Þetta hlutfall hefur breytzt lagadeild mjög í óhag, og er nú svo komið, að deildin er meðal þeirra deilda, er fæsta hafa prófessora. Þó eru fleiri kandídatar brautskráðir frá þeirri deild en nokkurri annarri, að undanskilinni læknadeild, sem komst upp fyrir lagadeild í þessu efni fyrir tveimur árum síðan. Jafnframt er aðeins einn lektor við deildina, og er þá kennaralið í heild svo fámennt, að undrum sætir.

Um nauðsyn á prófessorsembætti í réttarsögu hefir lengi verið rætt, og raunar hefir það borið á góma í umræðum á Alþingi. Íslenzk réttarsaga er óplægður akur. Þar er feikilega mikið verk óunnið. Ágætir fræðimenn íslenzkir og erlendir hafa fjallað um einstök verkefni þeirrar greinar, en allsherjarrannsóknir skortir mjög. Á það við um öll skeið íslenzkrar réttarsögu, ekki síður síðari aldir en hinar fyrri. Hér blasir risavaxið verkefni við og sýnist vonlaust að vinna það, nema í þessari grein sé stofnað rannsóknarembætti, og geti sá, er í það velst, helgað sig sem mest rannsóknum. Að sjálfsögðu myndi hann kenna réttarsögu, og í upphafi, meðan kennaralið lagadeildar er svo fámennt sem raun ber vitni, er nauðsynlegt að hann kenni nokkuð til viðbótar réttarsögu. Um það efni mun lagadeild setja reglur í samráði við háskólaráð.

Benda má á, að tvö prófessorsembætti eru í íslenzkri sagnfræði og hafa verið það um alllangt árabil (annað embættið er upphaflega dósentsembætti). Er nú svo komið, að víða er skarð fyrir skildi í almennri íslenzkri sagnfræði sakir skorts á rannsóknum í íslenzkri réttarsögu. Er það mjög miður, þar sem íslenzk réttarsaga er mjög mikilvægt rannsóknarefni. Íslenzk lög þjóðveldisaldar eru að sínu leyti jafndýrmætur fjársjóður sem fornbókmenntirnar, og eru þau meðal helztu andlegra stórvirkja norrænna manna, og ýmsir telja það lagaverk sambærilegt við rómverska réttarskipan. Það er brýn menningarleg skylda Íslendinga að búa fræðimönnum rannsóknaraðstöðu í réttarsögu, og verður það meðal helztu verkefna prófessors í réttarsögu auk almennra rannsókna að hlutast til um að kynna lögskipan þjóðveldisaldar fyrir erlendum fræðimönnum og að fást við útgáfur á lögum þjóðveldisaldar á erlendum málum. Það er t. d. ekki vansalaust, að enn skuli Grágás ekki hafa verið gefin út á ensku.

Háskólaráð hefir sýnt mikinn skilning á nauðsyn á prófessorsembætti í réttarsögu með því að skipa þessu embætti í röð hinna fyrstu embætta, er það óskar nú lögfestingar á.

Svo sem greint er hér að framan, verður réttarsaga aðalkennslugrein hins nýja prófessors, en um aðrar kennslugreinir hans verður ákveðið síðar. Um þetta prófessorsembætti á að mestu leyti við sá fyrirvari, sem gerður er í greinargerð um prófessorsembættið í ensku.

Greinargerð um stofnun prófessorsembættis í Norðurlandamálum, einkum dönsku.

Í óskum Háskólans um fjölgun prófessora næsta áratuginn er gert ráð fyrir, að ofangreint prófessorsembætti verði stofnað á árinu 1966. Á það skal raunar bent, að á árinu 1962 var sett fram tillaga frá Háskólans hendi um stofnun slíks embættis, sbr. bréf Háskólans til menntamálaráðherra frá 26. marz 1962.

Athuganir, sem gerðar hafa verið á fjölda þeirra, er ljúka B.A.-prófum í einstökum námsgreinum, leiddu í ljós, að flestir prófmenn velja ensku, en þá sagnfræði og síðan dönsku, og var hún langt á undan sænsku og norsku. Kennslunni í dönsku hefir verið haldið uppi af sendikennara, og s. l. þrjú ár hefir verið honum til aðstoðar einn stundakennari (4 stundir á viku). Þessi tilhögun er með öllu ófullnægjandi. Danska er fyrsta erlenda tungumálið, sem íslenzkir nemendur taka að fást við í skólum hér, og þarf að vanda sérstaklega mikið til þeirrar kennslu. Mikill hörgull er á dönskukennurum, og þarf að bæta þá kennslu til mikilla muna. Það verður ekki gert með öðrum virkari hætti en að bæta kennsluaðstöðuna hér við Háskólann. Þarf nauðsynlega að fást prófessor í þessari grein, sem skipuleggi dönskukennsluna, og auk þess er ætlunin að hann skipuleggi með nokkrum hætti og samræmi kennsluna í Norðurlandamálum í heild sinni, en auk dönsku er kennslu haldið uppi í norsku og sænsku, og vonandi verður finnsku bætt við á næstunni. Er raunar enn brýnni þörf á prófessorsembætti í Norðurlandamálum eftir staðfestingu nýrrar reglugerðar um nám til B.A.-prófa s. l. sumar, þar sem stefnt er að auknu kennslumagni í hverri einstakri grein og vandaðri kennslu. Enn fremur ber að benda á, að stofnað er til meistaraprófs í Norðurlandamálum með hinni nýju reglugerð.

Vegna hinna nánu og ánægjulegu tengsla við Norðurlönd er það enn fremur sérstakt keppikefli fyrir Háskólann, að til prófessorsembættis verði stofnað í Norðurlandamálum, og raunar er það metnaðar- og menningarmál þjóðarinnar allrar.

Um almenna fyrirvara heimspekideildar út af skipun í embætti þetta vísast til greinargerðar um prófessorsembætti í ensku.

Fylgiskjal.

Áætlun um kennaraþörf í deildum Háskólans næsta áratuginn og tillögur Háskólans um ný prófessorsembætti.

I.

Sumarið 1961 samþykkti háskólaráð að tillögu rektors að beita sér fyrir breyttum vinnubrögðum um ákvarðanir á óskum Háskólans um nýja kennara. Fram til þessa hefir Háskólinn yfirleitt gert tillögur til menntamálaráðherra um eitt embætti út af fyrir sig án þess að heildstæðar tillögur hafi legið fyrir um þróun deildarinnar, sem í hlut hefir átt, eða annarra deilda. Háskólaráð taldi í umræðum, sem að framan greinir, að hér væri breytinga þörf — nauðsynlegt væri, að deildirnar og síðar háskólaráð framkvæmdu nákvæmar rannsóknir á þörfum deilda á auknum mannafla um nokkurt árabil fram í tímann, og var talið rétt að miða í þessum áfanga við 10 ár. Deildirnar voru einnig beðnar að hafa hliðsjón af breyttum kennsluháttum, sem í vændum væru hið næsta.

Háskóladeildir skiluðu tillögum sínum og greinargerðum í janúar 1963. Þessi mál hafa síðan verið til meðferðar hjá háskólaráði og háskólayfirvöldum, og hefir það m. a. tafið fyrir úrlausn máls, að í ýmsum deildum eru til meðferðar tillögur um breytta kennslutilhögun. Sérstök nefnd, er háskólaráð kaus, hefir síðan fjallað um sjónarmið og óskir deilda og gert tillögur til háskólaráðs.

II.
Óskir og tillögur háskóladeilda um fjölgun kennara.

Í framangreindum tillögum deilda er yfirleitt miðað við kennslugreinir þær, er nú er fengizt við, en þær lúta lítt að öðrum greinum. Tillögur verkfræðideildar víkja þó frá þessari höfuðreglu, en þar er gerð grein fyrir hugmyndum deildarinnar um verulega aukningu á kennslusviði hennar. Nefnd sú, er undirbjó tillögur til háskólaráðs, taldi ekki fært að svo stöddu, meðan það mál væri enn á undirbúningsstigi, að fella tillögur deildarinnar inn í áætlun þá um fjölgun prófessora, sem síðar verður vikið að. Hinsvegar verður að leggja áherzlu á þessar tillögur verkfræðideildar og áskilja deildinni rétt til að koma sínum tillögum á framfæri, þegar menntamálaráðherra hefir tekið afstöðu til sjónarmiða deildarinnar í þessu efni.

Enn skal þess getið, að viðskiptadeild hefir ekki að svo stöddu óskað fjölgunar á prófessorum, með því að kennslutilhögun deildarinnar er í deiglunni, en þeirri deild er einnig áskilinn réttur til að koma á framfæri síðar tillögum um fjölgun prófessora.

Um það, í hvaða röð óskað er, að tillögur um einstök embætti komi til framkvæmda, gegnir nokkuð mismunandi máli — sumar deildirnar hafa greint þetta í tillögum sínum, aðrar ekki ákveðið a. m. k. Í skrá þeirri um ný prófessorsembætti, sem óskað er eftir og hér síðar greinir, eru embættin nefnd á nafn í öllum deildum nema læknadeild, þar sem embættin eru aðeins nefnd með tölum, en af tillögum deildar er auðvelt að ráða, hver þessi embætti eru.

III.
Afgreiðsla Háskólans á tillögum deilda.

Nefnd sú, er fjallað hefir um mál þetta að ósk háskólaráðs og skipuð var prófessorunum Davíð Davíðssyni, dr. Hreini Benediktssyni (fyrst í stað þó dr. Matthíasi Jónassyni), Magnúsi Magnússyni og rektor, taldi heppilegust vinnubrögð að setja sérstaklega fram við menntamálaráðherra óskir um prófessorsembætti, enda hafa þau þá sérstöðu, að sérstakrar lagaheimildar þarf til stofnunar hvers einstaks embættis, en síðar er ætlunin að vinna úr óskum deilda um aðra kennara en prófessora, og verður þeim óskum komið á framfæri á sínum tíma við ráðherra. Féllst háskólaráð á þau vinnubrögð.

Rétt þykir þó að setja fram í eftirfarandi skrá óskir deilda um kennarafjölgun í heild sinni, og er sú skrá samtak úr fjölrituðu greinargerðinni.

Tillögur deildanna um kennarafjölgun n.k. áratug sundurliðast svo:

1. Prófessorsembætti:		2. Aðrir kennarar:	
Guðfræðideild	2	Læknadeild	33
Læknadeild	7	Lagadeild 3 dós.	
Lagadeild	3	2 lekt.	5
Viðskiptadeild	1	Viðskiptadeild 2 dós.	2
Heimspekideild	4	Heimspekideild 4 dós.	4
Verkfræðideild	15	Verkfræðideild	5
Alls:	32	Alls:	49

Kennarastörfin, sem tillögur lúta að, eru því alls 32 + 49 = 81.

Samkvæmt þeim vinnubrögðum, sem lýst er að framan, er þess óskað, að tillögum deilda um fjölgun prófessora verði fullnægt í þeirri röð og á því árabili, er greinir í eftirfarandi skrá.

Skrá um lögfestingu prófessorsembætta 1964—1973.

Ár	Guðfræðideild	Læknadeild	Lagadeild	Viðskiptadeild	Heimspekideild
1964		L1	Réttarsaga		Enska
1965					Mannkynssaga
1966		L2		Þjóðhagfr.	Danska
1967			Refsiréttur		
1968	Kennimannl. guðfr.				
1969		L3			
1970			Fjármunaréttur		
1971					Alm. heimspeki
1972		L4			
1973	Siðfræði				

Við þessa skrá er gerður sá fyrirvari, að tvö kennarastörf í læknadeild, dósentstörfin í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum svo og röntgenfræðum, sem læknadeild óskar að breytt sé í prófessorsembætti, hafa hér þá sérstöðu, að því er háskólayfirvöldum hefir skilizt, að lögfesting þeirra sem prófessorsembætta muni ekki hafa nein aukin útgjöld fyrir ríkissjóð í för með sér, þar eð dósentarnir muni taka sambærileg laun á við þá prófessora, sem eru yfirlæknar. Hefir meiri hluti þeirrar nefndar, er um málið fjallaði, hallazt að því, að þessi tvö embætti, er læknadeild óskar eftir, verði ekki á 10 ára áætlun um lögleiðslu nýrra prófessorsembætta, en minni hlutinn taldi, að svo ætti að vera.

Sú nýbreytni í vinnubrögðum, sem hér er brotið upp á, verður að teljast mjög mikilvæg, og er hún í samræmi við þau vinnubrögð, sem rutt hafa sér til rúms á Norðurlöndum. Þau vinnubrögð tryggja fyllri könnun á heildarþörfum Háskólans en áður tíðkuðust, og málin ættu að liggja skýrar fyrir fjárveitingarvaldinu.

Um einstök embætti leyfi ég mér að vekja athygli á, að Háskólinn hefir áður óskað eftir lögfestingu prófessorsembætta í fæðingarhjálp og kvensjúkdómum og lífeðlisfræði, sbr. bréf Háskólans til Menntamálaráðuneytisins dags. 26. marz 1962, svo og prófessorsembætta í enskri tungu og bókmenntum, í almennri sagnfræði og danskri tungu og bókmenntum, sbr. bréf Háskólans sama dag. Í samþykkt háskólaráðs frá 22. marz 1962 kom fram, að þrátt fyrir stuðning við tilmæli um þessi embætti taldi háskólaráð sig hafa óbundnar hendur um mat á heildartillögum deilda um prófessorsembætti, þegar þær bærust. Ég leyfi mér enn fremur að vekja athygli á bréfi Háskólans til hæstvirts ráðuneytis frá 6. ágúst 1962, þar sem lagt var til, að stofnað væri til kennslu í náttúruvísindum. Vonandi verður fljótlega efnt til þeirrar kennslu, en lögð áherzla á, að kennaraembætta í þeirri grein er ekki getið í áætluninni.

Til viðbótar þeim fyrirvörum, er að framan greinir við óskaskrá um prófessorsembætti, skal ég leyfa mér að vekja athygli á einu embætti, er hefir verulega sérstöðu, dósentsstarfi í lyfjafræði lyfsala. Hefur sá dósent verið talinn eiga að njóta sambærilegra kjara og dósentar eftir eldra fyrirkomulagi. Tekur dósentinn nú laun í 24. flokki, og er þá lítill munur á honum og prófessor. Kemur vissulega mjög til mála að breyta þessu embætti í prófessorsembætti, en þó svo að það sé utan tíu ára áætlunarinnar.

IV.

Fjölgun stúdenta.

Eftirfarandi skrá veitir yfirlit yfir fjölgun stúdenta Háskólans frá upphafi, og er hún miðuð við deildir, svo og heildina:

Ár	Guðfr.	Læknadeild	Lögfr.	Viðskiptafr.	Heimsp.	Verkfr.	Alls
1911—12	5	23	17	–	–	–	45
1914—15	21	30	11	–	–	–	62
1919—20	20	33	26	–	5	–	84
1924—25	27	44	31	–	18	–	120
1929—30	16	69	37	–	19	–	141
1934—35	15	68	59	–	25	–	167
1939—40	18	92	83	–	34	–	227
1940—41	23	93	110	–	45	9	280
1944—45	21	119	106	36	76	37	395
1949—50	32	186	130	44	131	42	565
1954—55	40	232	93	98	246	35	744
1959—60	25	216	130	76	278	26	751
1962—63	23	213	150	110	335	47	878

Í vændum er stórfelld fjölgun á stúdentum Háskólans. Er það stórum mikilvægt að reyna að gera sér grein fyrir þeirri þróun, þegar framtíðarmálefni Háskólans eru metin, svo sem mál það, sem hér er lagt fyrir.

Samkvæmt ósk minni hefur Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, gert áætlun um fjölgun stúdenta næstu tvo áratugina eftir líkindareikningi. Hefur þar verið miðað við fjölda nemenda í fjórum bekkjum menntaskóla, að því er næstu árin varðar, en ella verið miðað við áætlaða fólksfjölgun og mat á auknu aðstreymi að menntaskólum o. fl.

Niðurstaðan á rannsókn Guðjóns Hansens bendir til, að stúdentatala Háskólans þrefaldist á næstu tveimur áratugum. Hún gæti þó hækkað til muna fram úr því af ýmsum ástæðum; líklegt er t. d., að nýjar kennslugreinir verði teknar upp, svo sem náttúruvísindi og ýmsar greinir félagsvísinda, þ. á m. sósíólógía og þjóðhagfræði án tengsla við viðskiptafræði, ný tungumál, fornleifafræði, húsagerðarlist og ýmsar tæknigreinir. Enn fremur er líklegt, að námsefni verði aukið í þeim greinum, sem nú eru kenndar, einkum í verkfræði. Hér má og minna á, að æskilegt væri að háskóladeildir í heild sinni gætu aukið við núverandi starfssvið sitt, að því er varðar kennslu og námskeið fyrir kandídata, bæði almennt í því skyni að rifja upp og ræða um ný viðhorf í fræðigreinum, svo og fyrir kandídata, sem leggja vilja stund á framhaldsnám og skrifa ritgerðir. Þá er enn á það að líta, að óvissa ríkir um aðstreymið að menntaskólum, en við Guðjón Hansen höfum, að því er forsendur varðar fyrir reikningum hans, haft verulega til hliðsjónar erlendar athuganir sambærilegar, einkum norskar, enskar og þýzkar. Geta má þess t. d., að nú þegar nemur tala brautskráðra nemenda frá menntaskólum í Noregi yfir 16% af 19 ára aldursflokknum og hefur hækkað til muna meira en gert var ráð fyrir í hinum víðtæku áætlunum Norðmanna 1957. Yfirleitt sýnist reynslan annars staðar, þar sem slíkar forspár hafa verið gerðar, benda til, að þær hafi verið fremur of lágar en of háar.

Stúdentafjöldinn er vissulega eitt af þeim atriðum, sem skiptir höfuðmáli, þegar kanna á þörfina á auknum fjölda kennara næstu árin. Er það svo augljóst, að það þarf ekki frekari umræðu.

V.

Fjöldi kandídata frá Háskóla Íslands undanfarin ár.

Til dæmis eru valin árin 1940, 1945, 1950, 1955 og 1959—63. Sýnir sú skrá talsvert aukinn fjölda kandídata.

Skrá um tölu kandídata frá Háskóla Íslands 1940—1964.

	1940	1945	1950	1955	1959	1960	1961	1962	1963	1964
Guðfræðideild	3	5	5	4	5	3	3	3	5	1
Læknisfræði	7	5	8	15	16	16	24	26	18	19
Tannlækningar	–	–	–	5	1	3	4	–	1	6
Lyfjafræði lyfsala	–	–	–	–	–	2	–	–	–	3
Lögfræði	4	10	11	9	13	10	8	10	14	9
Viðskiptafræði	–	8	8	19	6	8	8	4	9	11
Íslenzk fræði	1	4	4	5	4	2	2	1	2	2
Nám til B.A.-prófa	–	4	1	9	6	6	10	14	9	11
Íslenzka f/erlenda stúd.	–	–	–	1	1	2	2	2	1	1
Verkfræðideild	–	–	10	8	9	11	6	5	12	11
Alls:	15	36	47	75	61	63	67	65	71	74

VI.

Þróun Háskólans undanfarna áratugi.

Rétt þykir hér að gera í stuttu máli grein fyrir, hve starfsemi skólans hefur aukizt síðustu áratugina:

Um fjölgun kennslugreina skal minnt á eftirfarandi atriði:

1. Haustið 1940 var hafin kennsla í verkfræði, og hefur deildin brautskráð 7 kandídata og 183 fyrrahlutaprófsmenn.

2. Haustið 1941 hófst kennsla í viðskiptafræðum. Hefur deildin nú brautskráð 179 kandídata.

3. Haustið 1942 hófst kennsla til B.A.-prófa, og hafa alls 123 stúdentar lokið því prófi, en kennslusvið hefur aukizt til muna smám saman.

4. Haustið 1945 hófst kennsla í tannlækningum, og hafa alls 50 lokið fullnaðarprófi í tannlækningum.

5. Haustið 1957 hófst kennsla í lyfjafræði lyfsala, og hafa alls 5 lokið exam. pharm.-prófi héðan.

Þá er þess að geta, að kennslutilhögun hefur verið gagnbreytt í flestum kennslugreinum, og hefur kennslan orðið fjölskrúðugri en áður.

Upphaflega voru prófessorar við Háskólann 9, en eru nú 36, og öðrum kennurum hefur einnig fjölgað til mikilla muna.

VII.

Viðmiðun við erlenda háskóla.

Vissulega er mikilvægt að leita samanburðar á fjölda kennara við sambærilega norræna háskóla. Sá samanburður er þó ekki jafn auðveldur og ætla má í fyrstu. Kemur þar bæði til, að aðeins við einn háskóla (Åbo Akademi) eru stúdentar jafn fáir og hér, og eins hitt, að við sama háskólann eru ekki allar þær deildir, sem hér eru. Helzt þótti fært að velja til viðmiðunar Árósaháskóla. Stúdentar eru þar u. þ. b. 3500, en kennslusviðið er talsvert víðtækara en hér, sbr. t. d. náttúruvísindadeildina. Samkvæmt skýrslum er kennaratalan eftir deildum sú, er hér segir:

	Guðfræði-deild	Lækna-deild	Laga- og viðsk.deild	Heimspeki-deild	Náttúru-vísindadeild
Prófessorar	6	26	15	25	17
Dósentar	–	1	–	1	–
Deildarstjórar	–	2	–	1	3
Lektorar	2	25	8	17	23
Amanuensar	4	15	6	12	23
Instruktörar	–	2	–	–	43
Aðstoðarkennarar	–	13	–	30	–
Adjunktar	2	1	1	3	–
Aðstoðarmenn	2	17	–	–	–
Tutorar	–	3	12	–	–
Gestafyrirlesarar	2	–	–	–	–

Alls: 89 prófessorar, 2 dósentar, 6 deildarstjórar, 75 lektorar, 60 amanuensar, 45 instruktörar, 43 aðstoðarkennarar, 7 adjunktar, 19 aðstoðarmenn, 15 tutorar og 2 gestafyrirlesarar.

Þá hefur einnig verið tekin saman skrá um tölu kennara við Háskólann í Bergen. Stúdentar í Bergen eru nú rösklega 2000. Vakin er athygli á, að ekki eru allar þær deildir í Bergen, sem hér eru (sbr. t. d. lagadeild, viðskiptadeild og guðfræðideild). Samtak úr skýrslunni sýnir þennan fjölda kennara:

	Prófessorar	Dósentar	Lektorar	Stipendiatar	Prosektorar, aðrir kenn.
Heimspekideild	14	5	22	8	9
Læknadeild	21	2	–	–	18
Stærðfræði- og náttúruvísindad.	15	10	17	4	7
Alls:	50	17	39	12	34

Örðugt hefur verið að semja þessi yfirlit upp úr fyrirlestraskrám, og má vera, að einhverju skeiki.

Þessar upplýsingar, sem eru frá háskólum, að nokkru leyti sambærilegum við Háskólann hér, sbr. þó m. a. fyrrgreindan fyrirvara um Bergen, sýna, að tala kennara er hér miklu lægri en við þessa skóla. Einnig má vinna úr skýrslunum mikla fræðslu um hlutfallið, sem telja má hæfilegt milli prófessora annars vegar og annarra flokka kennara hins vegar. Verður komið nánar að því atriði, er settar verða fram óskir Háskólans um aðra kennara en prófessora.

VIII.

Nokkur atriði, er máli skipta við mat á tillögum háskóladeilda.

Hér kemur m. a. til athugunar, hve ör kennarafjölgun hefur orðið í deildum að undanförnu, hvers eðlis fræðigreinin sé, þ. e. hversu miklar vísindalegar framfarir eigi sér stað í þeim, tillitið til fæðar eða fjölda starfsmanna nú, áætlana um eflingu kennslugreina, þ. á m. rannsóknarstarfsemi í grein. Sú deild Háskólans, sem langbezt hefur orðið til kennara að undanförnu, er tvímælalaust læknadeildin. Eru þar t. d. mun fleiri dósentar og lektorar en í öðrum deildum samanlagt. Næst koma verkfræðideild og heimspekideild. Allt eru þetta stórar deildir, er spanna yfir vítt svið, og ekki sízt í læknisfræði og verkfræði eru örar breytingar og vísindaleg framþróun geysimikil. Guðfræðideild hefur óneitanlega nokkra sérstöðu vegna fæðar stúdenta, en félagsvísindadeildirnar hafa orðið nokkuð aftur úr með kennarafjölgun, ekki sízt lagadeildin. — Þessi atriði hafa m. a. ráðið röðun á tilmælum deilda.

Það skal tekið fram, að háskólaráð stendur óskipt að þessum tillögum.

Undanfarna áratugi hefur Háskólinn fyrst og fremst verið kennslustofnun, en samkv. 1. gr. háskólalaga og viðurkenndum venjum um verkefni háskóla, ber Háskólanum einnig að vera vísindaleg rannsóknarstofnun. Þessi þáttur starfsemi skólans hlýtur að fara ört vaxandi næstu ár og áratugi í tengslum við bætta rannsóknaraðstöðu (institut). Í flestum deildum skólans er kennsluskylda prófessora svo mikil, að þeir hafa lítil tök á að sinna rannsóknarstörfum. Með áætlun um fjölgun kennara er m. a. að því stefnt að bæta aðstöðuna til rannsókna. Á hitt ber einnig að leggja áherzlu, að í ýmsum deildum hagar svo til, að kennarafæð veldur því, að stúdentar fá ekki jafn hraða yfirferð yfir námsefni og þörf er á, og tefur það beinlínis fyrir þeim í náminu.

Þess skal minnzt með þakklæti, að veruleg aukning hefir orðið á prófessorsembættum og tölu annarra kennara, einkum síðasta áratug. En á það verður seint lögð nægilega mikil áherzla, að hvarvetna í nágrannalöndunum hefir átt sér stað stórkostleg efling á háskólum og háskólastofnunum, og þarf að koma til stórátak hér á landi, svo að árangri verði náð, sem sambærilegur sé við nágrannalöndin. Óskir Háskólans eru hófsamlegar, og er þar í hvívetna tekið tillit til afkomu íslenzks þjóðfélags og þjóðarbúskapar. Er það því von Háskólans, að hæstvirt ríkisstjórn sjái sér fært að marka framtíðarstefnu í þróunarmálum Háskólans í samræmi við framangreind tilmæli hans.

Júní 1964.

Ármann Snævarr, rektor.

Ed. 215. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

Frá Birni Jónssyni.

Við 12. gr. Við greinina bætist: og gilda til 31. desember 1966.

Nd. 216. Lög [93. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 167.

Ed. 217. Lög [89. mál]

um breyting á lögum um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., nr. 30 25. maí 1960.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 149.

Ed. 218. Lög [80. mál]

um ráðstafanir til að bæta fjárhag rafmagnsveitna ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 201.

Ed. 219. Lög [97. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1966.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 189.

Nd. 220. Frumvarp til laga [101. mál]

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Flm.: Benedikt Gröndal.

1. gr.

51. gr. laganna orðist svo:

Þingsetningu og þinglausnum skal útvarpa og sjónvarpa.

Áður en þrjár vikur eru liðnar frá þingsetningu, skulu fara fram almennar stjórnmálaumræður, er skal útvarpa og/eða sjónvarpa. Skulu þær hefjast á skýrslu forsætisráðherra, og má hann tala allt að 30 mínútum. Síðan tala fulltrúar hinna þingflokkanna 20 mínútur hver. Í annarri umferð hefur hver flokkur 10 mínútur, í þriðju umferð 5 mínútur.

2. gr.

53. gr. laganna orðist svo:

Útvarpa og/eða sjónvarpa skal umræðu um mál, ef allir þingflokkar eru sammála um að óska þess. Hefur þá hver flokkur 15 mínútur í fyrstu umferð, 10 mínútur í annarri umferð og 5 mínútur í þriðju umferð.

Sé umræðu ekki sjónvarpað, skal ræðutími hvers flokks í fyrstu umferð vera 20 mínútur, í annarri 10 mínútur og í þriðju 10 mínútur.

Hver þingflokkur á einu sinni á hverju þingi rétt á útvarpsumræðu um mál, þótt samþykki hinna flokkanna komi ekki til. Gilda þá sömu reglur og í 2. mgr.

3. gr.

54. gr. laganna orðist svo:

Myndritun, hljóðritun, kvikmyndun eða ljósmyndun í þingsölum eða á þingpöllum er háð leyfi forseta og lýtur reglum, er hann setur.

Heimilt er Ríkisútvarpinu að útvarpa eða sjónvarpa í fréttum eða fréttaaukum ræðu eða ræðuhluta einstakra þingmanna.

4. gr.

55. gr. laganna orðist svo:

Óski Ríkisútvarpið að útvarpa og/eða sjónvarpa umræðu að verulegu leyti eða í heild, skal forseti leyfa það. Verða þá engar breytingar á fundarsköpum.

5. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Ríkisútvarpið skal veita þingflokkum tíma til að kynna í útvarpserindum stefnu sína og starf. Hver flokkur skal að jafnaði fá tvö slík erindi á ári, og tilnefna formenn þingflokka menn innan þings eða utan til að flytja þau.

Erindi þessi skulu vera 20 mínútur hvert. Helming þeirra skal að jafnaði flytja í janúar—febrúar, hinn helminginn í október—nóvember. Tvær vikur skulu líða milli erinda.

Ekki mega slík erindi vera nær almennum alþingis- eða sveitarstjórnarkosningum en svo, að tveir mánuðir líði á milli. Ríkisútvarpið lætur draga um röð flokkanna.

Greinargerð.

Gott samband milli þings og þjóðar er höfuðnauðsyn lýðræðislegra stjórnarhátta. Fyrr á öldum var fyrir því séð á þann forngríska hátt, að þjóðin fjölmennti til þingstaðar og hlýddi á meðferð mála. Frásagnir af viðburðum bárust síðan frá manni til manns landshorna á milli.

Í nútíma þjóðfélagi er það fyrst og fremst hlutverk prentaðs máls, útvarps og sjónvarps að færa þjóðinni fregnir af því, sem gerist á Alþingi. Verður að skapa þessum fjöldamiðlum eins góða aðstöðu til að gegna hlutverki sínu og unnt er.

Hlut útvarps í þessu máli mætti skipta í tvennt, þingfréttir og útvarp umræðna. Um hið fyrra hefur skapazt föst hefð, en um hið síðara hefur Alþingi sett lög með ákvæðum í þingsköpum. Mun slík skipan vera fátíð, ef ekki einsdæmi.

Í þrjá áratugi hefur haldizt sú hefð, að Alþingi launar fastan þingfréttamann, er flytur daglega í útvarp fréttir af þingstörfum. Eru þær fréttir að mestu upplestur úr þingskjölum og frásögn um gang mála á hverjum fundi, en frá umræðum er aldrei sagt. Að auki fylgdi til skamms tíma sú furðulega regla, að Ríkisútvarpið segði ekki fréttir frá Alþingi í venjulegum fréttatímum, nema af stórviðburðum eins og stjórnarskiptum.

Ríkisútvarpið hefur nú brotið þessa hlekki af sér. Fréttastjóri þess sendir menn til að fylgjast með þingfundum og segir fréttir af þeim eftir eigin mati á fréttagildi atburða. Er þetta sjálfsagður háttur, sem hafður er í öllum frjálsum löndum.

Útvarp umræðna frá Alþingi hefur þá sérstöðu, að þá gefst hlustendum tækifæri til að heyra í þingmönnum sjálfum, en röddin er veigamikill þáttur hvers persónuleika. Reglur um óhlutdrægni Ríkisútvarpsins voru til skamms tíma túlkaðar svo stranglega, að starfandi stjórnmálamenn fengu fá eða engin önnur tækifæri til að tala í útvarp um landsmál en við umræður á Alþingi eða fyrir kosningar. Nú hefur orðið nokkur breyting í þessum efnum, þar eð útvarpsráð hefur á síðustu árum reynt að opna útvarpið fyrir umræðuefnum og áhugamálum þjóðarinnar á hverjum tíma, pólitískum jafnt sem ópólitískum. Stjórnmálamenn koma fram í umræðuþáttum um ýmis deilumál, blaðamenn eru látnir eiga viðtöl við þá, og fleiri slík tækifæri hafa skapazt. Er hugmyndin sú, að í heild reynist þetta útvarpsefni ekki hlutdrægt í garð stjórnmálaflokka eða annarra aðila, þótt ekki sé skipt hnífjafnt mínútum og sekúndum á hverju kvöldi.

Reglur þingskapa um útvarp frá Alþingi eru fyrir löngu úreltar. Bezta sönnun þess er sú staðreynd að reglunum er ekki fylgt í veigamiklu atriði. Væri því rík ástæða til að breyta þessum ákvæðum þótt það kæmi ekki til viðbótar, að íslenzkt sjónvarp hefst síðar á þessu ári, og verður nú að ákveða samband þess og Alþingis.

Núverandi háttur útvarpsumræðna gefur alþýðu manna alranga hugmynd um störf Alþingis og viðhorf alþingismanna hvers til annars. Margir þingmenn hvessa röddina og æsa sig upp í útvarpsumræðum, rétt eins og þeir væru á þingmálafundi fyrir fullum sal af fólki. Þeir gleyma því, að viðhorf áhugamanna, sem mæta á fundum, er allt annað en viðhorf mismunandi áhugasams fólks, sem situr yfir kvöldkaffi heima í stofu. Af þessu skapast hugmyndir gömlu konunnar, er kom

þar að, sem fólk hlýddi á umræður á Alþingi. Þá spurði hún: Eru þeir mjög reiðir í kvöld?

Eðlilegast væri, að nýjar reglur yrðu til í samstarfi allra þingflokka. Hefði því mátt flytja ályktunartillögu um slíka endurskoðun, en flutningsmanni þessa frv. þótti rétt að gera tillögu um breytingar til að koma umræðum af stað. Má vera, að við nánari umræðu virðist rétt að haga breytingum á einhvern annan hátt en hér er lagt til, en aðalatriði er að koma þessu máli í nútímahorf og bæta sambúð þings og þjóða.

Um einstakar greinar frv. er þetta að segja:

Um 1. gr.

Í 51. gr. núgildandi þingskapa er fyrst gert ráð fyrir, að útvarpa skuli þingsetningu og þinglausnum. Að vísu ætti ekki að þurfa landslög um svo augljóst mál. Hvaða þjóðfélagsviðburðum ætti að útvarpa, ef ekki þessum tveim? Úr því að þetta ákvæði hefur verið í lögum, er rétt að það haldist, nema hvað sjónvarpi er bætt við. Ekki er víst, að Ríkisútvarpið geti sjónvarpað úr Alþingishúsinu fyrst í stað, og núverandi húsakynni munu alltaf gera það örðugt, en þó er rétt að setja ákvæði þetta strax.

Með þessu og síðari ákvæðum er tekin ákvörðun um að leyfa sjónvarp beint úr sölum Alþingis. Í mörgum löndum heims er þetta ekki leyft og í brezka þinginu hefur aldrei verið útvarpað úr þingsölum, svo að dæmi sé nefnt. Hins vegar eru til þjóðir, sem leyfa beint sjónvarp af þingi, og eru Norðurlandaþjóðirnar í þeirra hópi. Hefur slíkt sjónvarp reynzt svo mikilvægt, þegar stórmál hafa verið til umræðu, að óhugsandi er, að horfið verði frá því. Hér á landi virðist sjálfsagt að fara að hinum norræna sið, enda er það beint framhald af þeim reglum, sem gilt hafa um útvarp.

Í 2. mgr. 51. gr. þingskapa er ákvæði þess efnis, að útvarpa skuli framsöguræðu fjármálaráðherra um fjárlagafrumvarp og nokkrum ræðum á eftir. Fjármálaráðherrar tala yfirleitt 1—1½ klukkustund, og eru ræður þeirra að vonum morandi í tölum, sem eru afleitt útvarpsefni. Þær verður fólk yfirleitt að sjá á prenti til að átta sig á þeim. Fulltrúar hinna flokkanna hafa oft ekki haft tóm til að átta sig á fjárlagafrumvarpinu, er þeir verða að tala um það í útvarpsumræðu. Í þess stað flytja þeir almennar áróðursræður, sem gefa ranga mynd af meðferð Alþingis á fjárlagafrumvarpi.

Lagt er til, að þessi umræða verði felld niður, en í hennar stað komi almennar stjórnmálaumræður í þingbyrjun. Yrðu þær sambærilegar við umræður, sem fram fara eftir hásætisræður í nágrannalöndum. Hér á landi mundi forsætisráðherra flytja þinginu skýrslu um ástand og horfur þjóðarinnar, og síðan færu fram almennar umræður. Er það eðlilegt í upphafi þings, þar sem að jafnaði eru liðnir 4—5 mánuðir, síðan þingi var slitið.

Rík ástæða er til að stytta ræður í útvarpsumræðum, og vafalaust verða sjónvarpsræður að vera enn styttri. Í þessum efnum er þó rétt að læra af þeirri reynslu, sem fæst á fyrstu árum sjónvarpsins. Ber að laga gamlar venjur okkar að nýrri tækni eins og unnt er.

Um 2. gr.

Í 53. gr. gildandi þingskapa er ákvæði um útvarp framhalds 1. umræðu um fjárlagafrumvarpið. Hefur þetta verið framkvæmt með tveggja kvölda „eldhúsumræðum", sem á síðari árum hefur verið frestað til þingloka og þær því slitnar úr sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Þetta er fellt niður og ekki gert að skyldu að hafa neina útvarpsumræðu nema þá, er greinir í 1. gr. frv.

Lagt er til, að í 53. gr. komi ákvæði sambærileg við þau, sem eru í 54., 55. og 56. gr.

Í 1. mgr. segir, að útvarpa og/eða sjónvarpa skulu umræðu í hvert sinn, sem allir þingflokkar eru sammála um að óska þess. Er ákveðinn stuttur tími, ef sjónvarpað er, en nokkru lengri tími, ef aðeins er útvarpað.

Ef meira yrði um slíkar umræður, sem flokkarnir kæmu sér saman um, mætti búast við, að þær snerust að jafnaði um eitt mál og yrðu því betri og lærdómsríkari fyrir hlustendur en hinar almennu umræður.

Ef sjónvarpsumræða tæki samtals 2 stundir með þátttöku fjögurra flokka, eða um 2½ stund í útvarpi, yrði hægt að bjóða hlustendum umræður oftar en skynsamlegt er að gera, þegar þær standa allt kvöldið eða jafnvel tvö heil kvöld fram að miðnætti.

Þá er hverjum þingflokki heimilað að fá einu sinni á þingi umræðu, þótt hinir flokkarnir samþykki ekki. Slík heimild er nauðsynleg til öryggis fyrir minnihlutaflokka, en reynsla gefur ekki ástæðu til að heimila á þennan hátt fleiri umræður á hverju þingi.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný. Í fyrri málsgrein er tiltekið, að forseti þingsins skuli ákveða, hvort og hvenær taka megi ljósmyndir eða kvikmyndir, eða taka upp á hljóðband eða myndband, á þingfundum. Slíkar athafnir geta valdið hvimleiðum truflunum á þingstörfum, ef þær eru takmarkalausar. Mundi hentugast, að forseti setti fastar reglur, sem starfslið þingsins gæti framkvæmt.

Seinustu missiri hefur fréttastofa Ríkisútvarpsins stöku sinnum flutt í fréttaauka raddir ræðumanna beint úr þingsal, venjulega ræðukafla um mikilsverð mál. Æskilegt er, að þetta verði heimilað og mat fréttastofunnar á fréttagildi ráði efnisvalinu.

Um 4. gr.

Í þessari grein er ákvæði um mikilsverða nýjung. Er Ríkisútvarpinu heimilað að útvarpa og/eða sjónvarpa beint úr þingsal umræðu að verulegu eða öllu leyti, þegar það sjálft óskar. Gilda þá venjuleg þingsköp.

Á hinum Norðurlöndunum er þetta sú skipan sjónvarps frá þjóðþingum, sem mest tíðkast og mest þykir til koma. Mun til dæmis ekkert sjónvarpsefni hafa vakið svo mikla athygli norsku þjóðarinnar sem bein útsending á umræðum um King's Bay deilurnar frægu. Þótti það athyglisverðast við umræðurnar, að þær voru með óþvinguðu fundasniði, en ekki reyrðar í fjötra eins og útvarpsumræður eru hér á landi.

Vafalaust eru einhverjir svo tortryggnir að geta ekki hugsað sér útvarps- eða sjónvarpsumræður, nema allt fari eftir stoppúri og hringt sé bjöllum, ef einhverjum skeikar.

Reynsla í grannlöndum okkar sýnir, að þar eru slíkir fjötrar ekki nauðsynlegir. Forseti notar heimild þingskapa til að raða ræðumönnum jöfnum höndum með og móti máli. Ræðumenn finna, að þeir gera sjálfum sér eða málstað sínum ógagn, ef þeir flytja óeðlilega langar ræður eða reyna að misnota aðstöðu sína á einhvern hátt. Slíkar umræður, sem hér er fjallað um, yrðu að vísu sjaldan, og þingflokkarnir gætu sett spennitreyjuna á þær með því að óska eftir útvarpi eða sjónvarpi samkvæmt 2. gr. Tilraun með óbundna umræðu yrði því í raun og veru að gerast með samþykki flokkanna. Þar að auki yrðu slíkar umræður að fara fram síðdegis, og sakar þá ekki, þótt eitthvað teygist úr þeim, því að önnur dagskrá sjónvarps verður mestöll á kvöldin.

Um 5. gr.

Flm. þessa frv. hefur oft nefnt í útvarpsráði, hvort ekki sé rétt að bjóða þingflokkunum tíma í almennri dagskrá til erinda um stefnu þeirra og starf. Er hugmyndin sú, að svo langt yrði á milli erinda, að umræður væru útilokaðar. Stjórnmálamenn yrðu því að tala rólega við hlustendur og málefnalega. Kynni þá einhverjum að skiljast, að þeir eru ekki alltaf „reiðir".

Slíkir útvarpstímar eru mikið notaðir í Bretlandi. Hugmyndin hefur þó ekki hlotið undirtektir hér enn sem komið er. Þar eð erindin yrðu fyrst og fremst kynning á þingflokkunum, er ekki fráleitara að hafa ákvæði um þau í lögum en ýmislegt annað í þessum kafla þingskapa. Ef unnt reyndist að fá þessa tilraun gerða án lagasetningar, væri það að sjálfsögðu ekki síður æskilegt.

VIÐBÆTIR

Þau lög, sem gilt hafa um útvarp frá Alþingi, hafa haldið stjórnmálaumræðum í útvarpi í þröngum stakk. Fyrir bragðið hafa Íslendingar misst af þeim möguleikum, sem útvarpstækni veitir til að flytja stjórnmálaefni í margvíslegu, fróðlegu og skemmtilegu formi til hlustenda, nema hvað Ríkisútvarpið hefur gert nokkrar tilraunir í þessa átt síðustu ár.

Hér fer á eftir skrá yfir það útvarps- og sjónvarpsefni, sem danska útvarpið flutti fyrir þingkosningar haustið 1964 og er gott dæmi um fjölbreytni í þessum efnum:

1) **Flokkarnir kynntir.** Hver flokkur fékk eina sjónvarpsdagskrá. Flokkurinn valdi tvo menn til að svara spurningum, sem fulltrúar hinna flokkanna lögðu fyrir þá.
2) **Kjósendur spyrja.** Hver flokkur hlaut einn þátt í sjónvarpi og útvarpi. Kjósendur sendu útvarpinu spurningar, sem unnið var úr og þær lagðar fyrir þann fulltrúa, sem flokkurinn tilnefndi í sinn þátt.
3) **Stuttar útvarpsræður.** Hver flokkur fékk að flytja fjórar ræður í útvarp, 8 mínútur hverja. Ræðumaður og umræðuefni var auglýst fyrir fram.
4) **Ræða í „Musikradioen".** Hver flokkur fékk að flytja eina stutta ræðu, sem var endurtekin einu sinni, í þriðju dagskrá útvarpsins, sem nefnd er „Musikradioen", af því að hún útvarpar aðallega dægurlögum og er því talin ná til yngri kynslóðarinnar.
5) **Ræður í héraðsútvarp.** Sjö útvarpsstöðvar ná hver yfir sinn hluta Danmerkur. Hver flokkur fékk að útvarpa stuttum ræðum samtímis yfir allar stöðvarnar með mismunandi ræðumenn í hinum ýmsu stöðvum.

Þetta var fyrir einar kosningar. Sumir þessara dagskrárliða voru nýir og gáfust misjafnlega, aðrir vel. Spurningatímarnir voru það eina, sem eftir var af hreinum umræðufundum. Ýmsar fleiri gerðir dagskrárliða hafa verið reyndar á Norðurlöndum. Til dæmis reyndi norska útvarpið einvígi milli flokkanna. Var teflt fram einum manni frá hverjum flokki í umræðu gegn einum öðrum, en úr því varð óhóflega mikill fjöldi einvíga, sem hlutu misjafna dóma.

Sþ. 221. Tillaga til þingsályktunar [102. mál]

um skiptingu landsins í fylki, er hafi sjálfstjórn í sérmálum.

Flm.: Karl Kristjánsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa á árinu 1966 tíu manna nefnd til þess að athuga og rannsaka, hvort ekki sé rétt að skipta landinu í fylki með sjálfstjórn í sérmálum. Komist nefndin að þeirri niðurstöðu, að þetta sé rétt, skal hún gera tillögur um fylkjaskipunina.

Í fylkjunum verði fylkisþing og fylkisstjórar, er fari með sérmál fylkjanna og taki þar með við nokkru af störfum Alþingis og ríkisstjórnar, enda verði í tillögunum ýtarlega um það fjallað, hver sérmálin skuli vera og eftir hvaða reglum fylkin skuli fá ríkisfé til ráðstöfunar.

Fjórir nefndarmennirnir skulu skipaðir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum flokki.

Aðrir fjórir skulu skipaðir samkv. tilnefningu landsfjórðunganna, einn frá hverjum fjórðungi. Í þeim landsfjórðungum, sem hafa Fjórðungssambönd og fjórðungsþing, skulu menn þessir tilnefndir af fjórðungsþingunum, en annars af sýslunefndum og bæjarstjórnum sameiginlega í fjórðungi hverjum.

Reykjavík tekur ekki þátt í tilnefningunni með sínum landsfjórðungi, en borgarstjórnin tilnefnir einn fulltrúa af hennar hálfu.

Félagsmálaráðuneytið skipar tíunda manninn í nefndina, án tilnefningar, og er hann formaður.

Nefndin skili áliti og tillögum svo fljótt sem henni er unnt.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt af sömu mönnum á síðasta Alþingi, en hlaut ekki afgreiðslu, enda lenti þingið í tímahraki með afgreiðslu ýmissa mála, sem fyrir það voru lögð, og lauk þeim ekki. Tilefni tillögunnar hefur síður en svo minnkað, og þess vegna er hún nú endurflutt. Er hún óbreytt að öðru leyti en tímasetningu.

Greinargerðin, sem fylgdi tillögunni, fer hér á eftir. Hún er einnig óbreytt, nema að tímasetningu:

Nú eru 1000 ár liðin síðan hin forna skipting landsins í landsfjórðunga var lögtekin á Alþingi á Þingvöllum við Öxará. Sú skipan hélzt um aldir, og enn er allríkt í hugum manna að vilja líta á landsfjórðungana sem einhvers konar sjálfstæðar heildir, þótt nú í seinni tíð hafi fólksfjöldahlutföllin mjög raskazt milli fjórðunganna og um stjórnarfarslegar heildir hafi ekki verið að ræða.

Öllum hugsandi mönnum um framtíðarhag þjóðarinnar er orðið það mikið áhyggjuefni, hve þungur, áhrifamikill og óheillavænlegur sá straumur er, sem ber fólkið til búsetu í höfuðborg landsins og hennar grennd frá öðrum landsvæðum. Sú búseturöskun er blóðtaka og máttarlömun fyrir þá landshluta, er fólkið missa, en Reykjavík ekki ávinningur að sama skapi, nema síður sé.

Margt hjálpaðist að við að efla þennan örlagaríka straum. Samdráttur valdsins er ein af höfuðástæðunum. Allt ríkisvaldið er að heita má staðsett í Reykjavík.

Íslendingabók segir frá því, að hinn málsnjalli Breiðfirðingur, Þórður gellir, hafi beitt sér fyrir skiptingu landsins í fjórðunga. Þar stendur skráð í því sambandi:

> „Þá taldi Þórður gellir tölu um at Lögbergi, hve illa mönnum gegndi at fara í ókunn þing at sækja of víg eða harma sína, ok taldi, hvat honum varð fyrir, áðr hann mætti því máli til laga koma, ok kvað ýmissa vandræði mundu verða, ef eigi réðusk bætur á."

Segja má, að saga sú, sem Þórður talar um, endurtaki sig á 20. öldinni, þótt ástæður hafi breytzt og menn þurfi ekki lengur að mæla eftir frændur sína, er vegnir hafi verið sem í fornöld. Mönnum reynist langsótt og oft ekki harmlaust að leita samfélagsréttar síns og nauðsynlegrar og réttmætrar aðstoðar til valdstöðva ríkisins í höfuðborginni, eins og nú verður að gera í allt of mörgum efnum. Þetta færist ört í aukana eftir því, sem þjóðfélagið þróast til fjölþættara samfélags og framkvæmdavald ríkisins nær til fleiri málaflokka.

Það getur verið örðugt að koma á framfæri hjá opinberum stofnunum og embættismönnum ríkisins í Reykjavík sérsjónarmiðum landshlutanna og þeirra, sem eiga heima fjarri höfuðborginni. Nákunnugleiki valdhafanna nær eðlilega alls ekki til þeirra. Á þá löngum við, þó að í lýðræðislandi sé, gamli málshátturinn: „Það er löng leiðin til keisarans."

Annað er þó ekki síður umhugsunarvert í þessu sambandi. Samanþjöppun þjóðfélagsvaldsins og framkvæmdastofnana þess í Reykjavík dregur til sín eins

og segull fólk, sem nútíminn þarfnast alltaf meir og meir: sérfræðinga og kunnáttumenn, sem menntun hafa hlotið til starfs, svo og marga aðra, sem af einni eða annarri ástæðu telja sig hafa skilyrði til forustu eða einhvers konar frama í félagsmálum, viðskiptum, atvinnulífi, lærdómslistum og vísindum. En að sama skapi vex hættan á því, að fólk skorti í þessum efnum annars staðar í landinu. Dæmi um þetta eru deginum ljósari.

	af kr. 79 394.86 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
		Kr.	62 076 684.28
Til viðbótar við gjöldin í 7. —	eru veittar	kr.	332 648.26
— — — — - 8. —	— —	—	810 511.28
— — — — - 10. — I.	— —	—	9 409 463.43
— — — — - 10. — II.	— —	—	2 111 091.79
— — — — - 11. — A.	— —	—	10 752 938.15
— — — — - 11. — B.	— —	—	10 408 779.33
— — — — - 11. — C.	— —	—	1 873 800.25
— — — — - 13. — B.	— —	—	20 650 472.11
— — — — - 13. — D.	— —	—	8 143 065.60
— — — — - 13. — E.	— —	—	660 745.90
— — — — - 13. — F.	— —	—	2 207 300.00
— — — — - 14. — B.	— —	—	1 835 896.33
— — — — - 16. — A.	— —	—	9.452 557.42
— — — — - 16. — B.	— —	—	14 093 989.04
— — — — - 17. —	— —	—	26 459 049.57
— — — — - 18. —	— —	—	314 822.26
— — — — - 19. — 1.	— —	—	188 220.115.48
— — — — - 19. — 2.	— —	—	194 605 273.66
— — — — - 19. — 4.	— —	—	4 118 921.99
		Kr.	568 538 126.13
Til eignaaukningar skv. 20. gr. Út eru veittar		—	97 653 580.13
Inn fóru kr. 57 546 786.50 fram úr fjárlagaáætlun.			
		Samtals kr.	666 191 706.26

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1964. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1964 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1964.

Ed. 236. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

17. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna í 1. mgr. „Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka ... er veitti aðgang að sjóðnum“ komi: Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka skal vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast, samkv. 12. og 14. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt hinum eldri lögum um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skyldi upphæð ellilífeyris vera hundraðshluti af meðalárslaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og var sá hundraðshluti hækkandi, eftir því sem starfstími var lengri, sbr. 12. gr. l. 101/1943. Sama regla gilti um útreikning og viðmiðun á ellilífeyri þess manns, er í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku hafði látið af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, en hafði látið iðgjöld sín standa inni í sjóðnum. Með lögum nr. 29/1963 var horfið frá viðmiðun 10 ára meðaltalslauna, en í stað þess ákveðið, að miða skyldi við laun þau, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn síðast gegndi, sbr. 3. mgr. 12. gr. l. 29/1963, en samkvæmt l. 29/1963 gilda mismunandi reglur um viðmiðun ellilífeyris í þeim tveim tilvikum, sem áður var getið. Aðalreglan er sú samkvæmt 3. mgr. 12. gr., að ellilífeyri skuli miða við þau laun, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn síðast gegndi. Hins vegar gildir önnur regla um viðmiðun á ellilífeyri þess sjóðfélaga, er í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku hefur látið af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum. Samkvæmt 17. gr. skal ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum. Hann getur því orðið tiltölulega mun verr settur en hinn, sem gegnir stöðunni til hámarksaldurs. Virðist eigi ástæða til að gera þann mun, þar sem starfstíminn takmarkar hvort eð er upphæð lífeyrisins og fullgildar ástæður geta legið til þess, að maður skipti um starf og hverfi úr opinberri þjónustu, áður en ellilífeyrisaldri er náð. Er hæpið, að löggjafinn hafi gert sér grein fyrir þessum mun, er lögunum var breytt 1963. Með frv. þessu er lagt til, að sama regla gildi í báðum tilvikum, svo sem var áður en l. 29/1963 tóku gildi.

Ed. 237. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 85 30. des. 1963, um Lífeyrissjóð barnakennara.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

15. gr. laganna breytist þannig:

Í stað orðanna í 1. mgr. „Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka ... er veitti aðgang að sjóðnum“ komi: Ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka

skal vera hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélagi gegndi síðast, samkv. 10. og 12. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt hinum eldri lögum um lífeyrissjóð barnakennara skyldi upphæð ellilífeyris vera hundraðshluti af meðalárslaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og var sá hundraðshluti hækkandi, eftir því sem starfstími var lengri, sbr. 10. gr. l. 102/1943. Sama regla gilti um útreikning og viðmiðun á ellilífeyri manns, er í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli og örorku hafði látið af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, en hafði látið iðgjöld sín standa inni í sjóðnum. Með lögum nr. 85/1963 var horfið frá viðmiðun 10 ára meðaltalslauna, en í stað þess ákveðið, að miða skyldi við laun þau, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn síðast gegndi, sbr. 3. mgr. 10. gr. l. 85/1963. En samkvæmt l. 85/1963 gilda mismunandi reglur um viðmiðun ellilífeyris í þeim tveim tilvikum, sem áður er getið. Aðalreglan er sú samkvæmt 3. mgr. 10. gr., að ellilífeyri skuli miða við þau laun, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn síðast gegndi. Hins vegar gildir önnur regla um viðmiðun á ellilífeyri þess sjóðfélaga, er í lifandi lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku hefur látið af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum. Samkvæmt 15. gr. skal ellilífeyrir hans og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 10. og 12. gr., miðast við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum. Hann getur því orðið tiltölulega mun verr settur en hinn, sem gegnir stöðunni til hámarksaldurs. Virðist eigi ástæða til að gera þann mun, þar sem starfstíminn takmarkar hvort eð er upphæð lífeyrisins, og fullgildar ástæður geta legið til þess, að maður skipti um starf og hverfi úr opinberri þjónustu, áður en lífeyrisaldri er náð. Er hæpið, að löggjafinn hafi gert sér grein fyrir þessum mun, er lögunum var breytt 1963. Með frv. þessu er lagt til að sama regla gildi í báðum tilvikum, svo sem var áður en l. 85/1963 tóku gildi.

Ed. 238. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðsins „matreiðslumaður“ í upphafi 2. mgr. 2. gr. laganna komi: matsveinn.

Í stað orðsins „aðstoðarmatreiðslumaður“ í b-lið 2. mgr. 2. gr. komi: aðstoðarmatsveinn.

Í stað orðsins „matreiðslumaður“ í c-lið 2. gr. komi: matsveinn.

2. gr.

5. gr. lagann orðist þannig:

Ákvæði laga þessara ná ekki til þeirra, sem við gildistöku laganna starfa sem matreiðslumenn, matsveinar eða brytar á fiski-, flutninga- eða farþegaskipum, né þeirra, sem hafa haft það starf fyrir gildistökuna eitt ár eða lengur á skipum yfir

50 rúmlestir. Til þessara starfa þurfa þeir að hafa krafizt viðurkenningar ráðuneytisins innan fimm ára frá gildistöku laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir tilmælum skólanefndar Matsveina- og veitingaþjónaskólans í bréfi, dags. 20. f. m. Enn fremur hefur iðnaðarmálaráðuneytið í bréfi til nefndarinnar, dags. 7. þ. m., mælt eindregið með frumvarpinu.

Nefndarmenn áskilja sér óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins og hugsanlegra breytingartillagna við það.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Um 1. gr.

Í framkvæmd hinna eldri laga hefur orðið matreiðslumaður í 2. gr. laganna valdið nokkrum ruglingi, þannig að rétt þykir að nefna menn þá, sem hér um ræðir, matsveina.

Um 2. gr.

Sanngjarnt má telja að miða við 50 rúmlesta skip varðandi réttindi þau, sem 5. gr. laganna miðast nú við, en ekki við 100 rúmlestir, eins og þessi grein hefur verið túlkuð. Þá þykir og rétt að veita 5 ára frest frá gildistöku þessara laga um réttindi þau, sem hún veitir.

Ed. 239. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 25/1943, um breyting á lögum nr. 16/1939, um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 68/1934 orðist þannig:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. — Menntamálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráði skal heimilt að skipta með sér verkum við undirbúning útvarpsdagskrár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25/1943, og lög nr. 16/1939, um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skal kjósa í útvarpsráð samkv. þeim á þingi því, er nú situr, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna fyrri útvarpsráðsmanna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 70/1964, um breyting á lögum nr. 115/1936, um þingsköp Alþingis, var ákveðið að fjölga í 5 manna þingnefndum í 7, þar eð flokkaskipun á Alþingi er þannig, að ekki er tryggt að allir þingflokkar fái kjörna fulltrúa í 5 manna nefndir. Um þessa breytingu var samstaða á Alþingi.

Útvarpsráð er ein þeirra nefnda, sem Alþingi kýs að afstöðnum almennum þingkosningum. Þegar kjörið var í útvarpsráð síðast, fengu ekki allir þingflokkar fulltrúa í ráðinu. Eðlilegt þykir, að í stjórn stofnunar eins og Ríkisútvarpsins, eigi sæti fulltrúar allra þingflokka, ekki hvað sízt þegar það er haft í huga, að stofnunin mun á þessu ári mjög færa út kvíarnar með tilkomu íslenzks sjónvarps. Fjölgun meðlima útvarpsráðs úr 5 í 7 myndi tryggja að allir þingflokkar ættu fulltrúa í útvarpsráði.

Undirbúningur dagskrár hefur á síðari árum orðið æ umfangsmeiri, m. a. vegna lengingar dagskrárinnar, og verður það auðvitað í enn ríkari mæli við tilkomu sjónvarps. Þykir því eðlilegt að heimila útvarpsráði að taka upp verkaskiptingu við undirbúning dagskrárinnar. Gæti þá t. d. reynzt skynsamlegt að samvinnunefndir útvarpsráðsmanna og dagskrárstarfsmanna önnuðust undirbúning tiltekinna þátta dagskrárinnar, en útvarpsráð tæki heildarákvarðanir.

Ed. 240. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 17. gr. c-lið.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Landsútsvör greiða:

a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
b) Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
c) Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
d) Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu þeirra innanlands.

3. gr.

18. gr. orðist svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
b) 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án fráviks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
d) 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. d.

4. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en ¾ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolli, sem Jöfnunarsjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkv. þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið og flutt í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ákvæðum um ákvörðun landsútsvars sumra þeirra ríkisfyrirtækja, sem um ræðir í b-lið 17. og 18. gr. laganna, verði breytt Þessum ríkisfyrirtækjum má skipta í tvo flokka. Annars vegar Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins, sem enga hliðstæðu eiga í einkarekstri hér á landi. Hins vegar Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Öll þessi síðarnefndu fyrirtæki eiga hliðstæður í einkarekstrinum. Breyting sú, sem felst í frumvarpi þessu, er í því fólgin, að landsútsvör þessara fyrirtækja verði ákveðin með sama hætti og tekjuútsvör félaga, en landsútsvar þeirra er nú ákveðið sem 1½% af heildarsölu þeirra. Enn fremur er lagt til, að þessi ríkisfyrirtæki greiði aðstöðugjald til þeirra sveitarfélaga, þar sem þau eru starfrækt, en samkvæmt núgildandi lögum greiða þau ekki aðstöðugjald. Með þessum breytingum eru þessi ríkisfyrirtæki sett á bekk með einkafyrirtækjum sömu tegundar, að því er varðar gjaldagreiðslur í þágu sveitarfélaga. Má það teljast eðlilegt, þar eð starfsemi þessara ríkisfyrirtækja er algerlega hliðstæð starfsemi einkafyirrtækja í þessum greinum.

Það hefur komið í ljós mikið misræmi í gjaldagreiðslum þessara fyrirtækja í þágu sveitarfélaganna, einkum Síldarverksmiðja ríkisins, borið saman við gjaldagreiðslur síldarverksmiðja til sveitarfélaga, sem reknar eru af einstaklingum eða hlutafélögum þeirra. Hér fer á eftir tafla, sem sýnir gjaldagreiðslur nokkurra síldarverksmiðja á Austurlandi, sem reknar eru af einkafyrirtækjum, til sveitarfélaganna þar og enn fremur þau landsútsvör, sem þessar bræðslur hefðu greitt, ef á þær hefði verið lagt með sama hætti og nú er lagt á Síldarverksmiðjur ríkisins. Svo sýnir og taflan hluta sveitarfélaganna þar af þessum lndsútsvörum.

	Samtals til sveitarfélaga	Landsútsv. af sölu hefði numið kr.	Hluti sveitarfélaga af landsútsvari hefði numið kr.
Verksmiðja I.	76 900.00	138 135.00	34 534.00
Verksmiðja II.	62 800.00	130 020.00	32 505.00
Verksmiðja III. ...	7 507 200.00	2 231 265.00	557 816.00
Verksmiðja IV. ...	2 898 900.00	1 718 910.00	429 727.00
Verksmiðja V.	1 147 400.00	740 325.00	185 081.00
Verksmiðja VI.	317 500.00	234 630.00	58 657.00
Samtals	12 010 700.00	5 193 285.00	1 298 320.00

Síldarverksmiðjur ríkisins reka síldarverksmiðjur á sex stöðum á landinu. Samtals nam landsútsvar Síldarverksmiðja ríkisins á árinu 1965 tæplega 6.9 milljónum króna, þar af komu í hlut sveitarfélaganna rúmlega 1.7 milljón króna.

Mest misræmi verður á stöðunum Neskaupstað og Seyðisfirði. Á báðum þessum stöðum eru reknar síldarbræðslur álíka að stærð. Þó er síldarbræðsla ríkisins á Seyðisfirði stærri heldur en síldarbræðsla einkaaðila í Neskaupstað. Síldarbræðslan í Neskaupstað greiddi á árinu 1965 til bæjarsjóðsins þar rúmlega 7.5 milljónir króna. Til Seyðisfjarðarkaupstaðar greiddu hins vegar ríkisverksmiðjurnar aðeins rúmar 600 þús. kr. vegna síldarbræðslunnar þar. Af þessu sést glögglega hvílíkt misræmi er hér um að ræða. Að vísu verður að hafa það í huga, að á árinu 1964 var rekstur síldarverksmiðja óvenjulega hagstæður í landinu, en mun hafa verið mun óhagstæðari á árinu 1965. Með hliðsjón af því, að með frumvarpi þessu er lagt til, að Síldarverksmiðjur ríkisins og önnur þau fyrirtæki, sem hér er um að

ræða, greiði aðstöðugjald af rekstri sínum eins og einkafyrirtæki, leiðréttist að nokkru þessi mismunur, þó að fullur jöfnuður fáist ekki, þar eð landsútsvarið skiptist þannig, að sveitarfélagið fær aðeins ¼ landsútsvarsins en ¾ hlutar koma til jöfnunar milli allra sveitarfélaga landsins eftir sömu reglum og hluti Jöfnunarsjóðs í söluskatti og aðflutningsgjöldum.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar:

Um 1. gr.

Samkvæmt því, sem áður segir, er hér lagt til, að ríkisfyrirtæki þau, sem hér um ræðir, greiði eftirleiðis aðstöðugjald eins og einkafyrirtæki.

Um 2. gr.

Breyting sú, sem hér er um að ræða er í því fólgin, að fyrirtækjum þeim, sem áður voru í b-lið, er skipt í tvo liði. Í fyrsta lagi b-lið, sem tekur aðeins til Áburðarverksmiðjunnar og Sementsverksmiðju ríkisins. Í öðru lagi kemur nýr stafliður, sem verður c-liður og tekur til Síldarverksmiðju ríkisins, Viðtækjaverzlunar ríkisisins, Landssmiðjunnar og Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Stafliður c, sem nú er, verður d-liður. Að öðru leyti er ekki um breytingar að ræða á 17. gr.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir óbreyttu gjaldi á Áburðarverksmiðju og Sementsverksmiðju. Hins vegar er í c-liðnum gert ráð fyrir þeirri breytingu, sem áður er rætt um og snertir ákvörðun landsútsvara þeirra ríkisfyrirtækja, sem nefnd eru í 2. gr. frumvarpsins c-lið. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því, að útsvör eru breytileg á ýmsum stöðum eftir því hvort á þau er lagt (allt að 20%), eða gefinn afsláttur af þeim. Hér er lagt til að hvorki verði lagt á þessi útsvör né heldur afsláttur gefinn af þeim. Landsútsvarið verður því eins og gjaldstigi laganna gerir ráð fyrir um álagningu útsvara.

Um 4. gr.

Hér er ekki um efnisbreytingu að ræða, heldur aðeins orðalagsbreytingar til samræmis við breytingar, sem orðið hafa á lögunum um tekjustofna sveitarfélaga í sambandi við hlutdeild Jöfnunarsjóðsins í tekjum ríkissjóðs, söluskatti og aðflutningsgjöldum, sbr. lög nr. 67/1964.

Um 5. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa, en þar er gert ráð fyrir, að lög þessi gildi um álagningu landsútsvara á árinu 1966.

Sþ. 241. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi.

Flm.: Gils Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kanna, svo sem við verður komið, hvaða hugmyndir eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um skipulag þess og framtíð. Jafnframt skal nefndin fjalla um afstöðu Íslands til Norður-Atlantshafssamningsins frá 1949, jafnt í ljósi fenginnar reynslu sem breyttra aðstæðna og þeirra upplýsinga, er fyrir liggja og fram kunna að koma um viðhorf aðildarríkja til samningsins. Skal nefndin, með sérstöku tilliti til ákvæðis samningsins um uppsagnarheimild árið 1969, semja rökstudda greinargerð um málið og leggja hana fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Hinn 30. marz 1949 samþykkti meiri hluti Alþingis tillögu til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi „um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis". Var samningur þessi undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949 og gekk í gildi 24. ágúst sama ár. Á grundvelli þessa samnings varð til Norður-Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organisation, skammstafað NATO).

Í 12. gr. Norður-Atlantshafssamningsins segir á þessa leið:

„Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildstöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga."

Svo sem kunnugt er, urðu á sínum tíma mjög harðar deilur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Alla stund síðan hafa skoðanir verið skiptar um þá ákvörðun, svo og um Atlantshafsbandalagið, gildi þess og áhrif á sambúð þjóða. Hafa þær deilur stundum risið hátt hér á landi, þótt ekki verði það rakið frekar hér.

Norður-Atlantshafssamningurinn hefur nú gilt í 16 ár. Margvísleg rök virðast mæla með því, að Íslendingar geri sér þess svo ljósa grein sem verða má, hvaða kostir og gallar fylgja aðild að þessum samningi og hver vera skuli stefna Íslands að því er varðar aðild að honum í framtíðinni. Í fyrsta lagi styttist nú óðum sá tími, sem þátttökuríki eru skuldbundin samkvæmt stofnsamningi til aðildar. Í öðru lagi er nauðsynlegt að vega það og meta, að hverju leyti aðstæður kunna að hafa breytzt í heimsmálum frá þeim tíma, er samningurinn var gerður. Í þriðja lagi hljótum við Íslendingar að fylgjast með því af vakandi athygli, hvaða umræður fara fram og hverjar skoðanir eru uppi meðal annarra aðildarríkja um afstöðuna til samningsins og Atlantshafsbandalagsins.

Að undanförnu hefur mátt sjá þess ýmis merki, að til tíðinda geti dregið innan Atlantshafsbandalagsins, sem kunna að hafa úrslitaáhrif á framtíð þess. Ljóst virðist vera, að stjórnendur Frakklands eru þess mjög ófúsir að eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu í óbreyttri mynd. Vitað er, að harðar deilur eru uppi um þá fyrirætlun, að Vestur-Þýzkaland fái íhlutunar- eða yfirráðarétt yfir hluta af kjarnorkuherafla bandalagsríkjanna. Telja ýmsir, að slík ákvörðun muni binda endi á allar tilraunir til að hindra frekari útbreiðslu kjarnavopna með samningum milli þeirra þjóða, sem ráða yfir þeim vopnum nú.

Frá Noregi hafa borizt fregnir af því, að þar séu hafnar umræður um aðild Norðmanna að Atlantshafsbandalaginu og hugsanlega úrsögn úr því. Er talið, að málið sé til athugunar og endurskoðunar bæði hjá Verkamannaflokknum og hinum nýju stjórnarflokkum þar í landi.

Flm. þessarar tillögu hafa frá upphafi verið algerlega andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi og eru það enn. Á hinn bóginn hefur meiri hluti Alþingis verið fylgjandi slíkri aðild. Telja má æskilegt og fyllilega tímabært, eigi sízt með hliðsjón af uppsagnarákvæði Atlantshafssamningsins, að nú og á næstu missirum verði aflað sem víðtækastra og haldbeztra upplýsinga og gagna, er skýrt geti viðhorfin og auðveldað þingi og þjóð að taka afstöðu til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalagi á komandi tímum. Margt hefur breytzt og er að breytast á alþjóðavettvangi, þar á meðal viðhorf ýmissa þjóða til herbandalaga. Íslendingum ber skylda til að fylgjast sem bezt með framvindu þessara mála, svo að þeir geti tekið til þeirra afstöðu, sem byggð er á traustum forsendum. Fyrir þær sakir er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að afla gagna um fengna reynslu af Atlantshafsbandalaginu og viðhorf aðildarríkja til skipulags þess og starfshátta á komandi tímum. Skal nefnd þessi semja rökstudda álitsgerð að athugun lokinni og leggja hana fyrir Alþingi.

Ed. **242. Frumvarp til laga** [121. mál]

um Listlaunasjóð Íslands.

Flm. Karl Kristjánsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Listlaunasjóður Íslands. Verkefni sjóðsins eru:

a. Að veita viðtöku fé, sem Alþingi ákveður á fjárlögum, að varið skuli úr ríkissjóði til listlauna, og öðru því fé, sem honum kann að berast í sama skyni, svo sem gjafafé.
b. Að greiða laun til listamanna ár hvert.
c. Að ávaxta listlaunafé, sem bíður úthlutunar, með því að geyma það í banka.

2. gr.

Á fjárlögum skal árlega veitt fé til Listlaunasjóðs Íslands, eigi minni fjárhæð í heild en 5 milljónir króna. Fjárveitingin skal sundurliðuð á fjárlögunum sem hér segir:

a. Til skálda og rithöfunda.
b. — myndlistarmanna.
c. — tónlistarmanna.
d. — leiklistarmanna.

3. gr.

Launaflokkar skulu vera þrír.

Í fyrsta flokknum skulu vera menn, sem sjóðurinn greiðir árlega laun jöfn hálfum hámarkslaunum í 20. launaflokki starfsmanna ríkisins.

Í öðrum flokki skulu vera menn, er fá árlega laun, nema þeir hætti um 5 ára skeið eða lengur að stunda list sína. Laun í þessum flokki skulu vera eins og þriðjungur hámarkslauna í 20 launaflokki starfsmanna ríkisins.

Í þriðja flokki skulu laun vera greidd mönnum í viðurkenningarskyni fyrir einstök unnin verk eða vegna viðfangsefna, sem þeir hafa með höndum og ástæða þykir til að veita þeim fjárhagslegan stuðning til að fást við. Laun í þessum flokki eru ekki fyrirskipaðar fjárhæðir og ekki skylt að veita sama manni þau ár eftir ár.

Laun úr Listlaunasjóði skulu vera skattfrjáls.

4. gr.

Úthlutun launa samkvæmt 3. gr. skulu hafa á hendi fjórar nefndir, sem úthluta hver fyrir sína listgrein.

Úthlutunarnefnd skálda- og rithöfundalauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Heimspekideild háskólans tilnefnir tvo menn og Rithöfundasamband Íslands tvo menn.

Úthlutunarnefnd myndlistarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Félag íslenzkra myndlistarmanna tilnefnir einn mann og Myndlistafélagið annan.

Úthlutunarnefnd tónlistarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Tónskáldafélag Íslands, Einsöngvarafélag Íslands og Félag íslenzkra tónlistarmanna skulu öll í félagi tilnefna tvo menn.

Úthlutunarnefnd leiklistarlauna skal þannig skipuð:

Menntamálaráð kýs einn mann, og er hann formaður nefndarinnar. Bandalag íslenzkra leikara tilnefnir einn mann og Félag íslenzkra leikdómenda einn mann.

Jafnmargir varamenn skulu kosnir eða tilnefndir af sömu aðilum og aðalmenn.

Menntamálaráðherra skal tilkynna hlutaðeigendum hverju sinni, hvenær þeim ber að hafa lokið kosningu eða tilnefningu af sinni hálfu á manni eða mönnum í úthlutunarnefnd.

Nú kýs eða tilnefnir ekki einhver áðurnefndra aðila mann í nefnd, og skal þá menntamálaráðherra skipa mann í nefndina í staðinn.

Ekki skal kjósa eða skipa í nefnd mann, sem líklegt er að kunni að hafa hagsmuna að gæta fyrir sig við úthlutun listlauna í þeirri listgrein, er nefndin á að úthluta fyrir.

Kjör í nefndir þessar gildir til þriggja ára í senn, frá næstu áramótum að telja, áður en kjörið var.

Úthlutunarnefndirnar fá þóknun fyrir störf sín. Hver deild sjóðsins (2. gr. a—d) greiðir sinni nefnd. Menntamálaráðherra ákveður þóknunina til hverrar nefndar hverju sinni.

Úthlutunarnefndir skulu skila til hvers fjárlagaþings sundurliðaðri skýrslu um síðustu úthlutun sína og greinargerð um fjárþörfina í heild, eins og þær telja hana vera hver fyrir sína deild vegna næstu úthlutunar.

5. gr.

Við fyrstu úthlutun listlauna, eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu þeir listamenn, sem við síðustu úthlutun listamannalauna voru í hæsta flokki, vera settir í fyrsta launaflokk.

Að öðru leyti er ekki heimilt að færa á ári fleiri en tvo í hópi skálda og rithöfunda upp í fyrsta launaflokk og einn í hópi hvers hinna: mynd-, tón- og leiklistarmanna.

Ekki skal stofna til meiri launagreiðslu í fyrsta flokki en nemur ¼ af umráðafé úthlutunarnefndar og í öðrum flokki ekki meiri launagreiðslu en nemur helmingi af úthlutunarfé úthlutunarnefndar. Þó má víkja frá þessu hlutfalli í skiptingu fjárhæðarinnar milli launaflokka, ef allir nefndarmenn í þeirri listgrein samþykkja og menntamálaráðherra fellst á það, en ekki gildir sú ráðstöfun nema til eins árs í senn.

Í þeirri listgrein, sem hefur ekki átt mann í hæsta flokki, er ekki skylt að taka upp veitingu launa samkvæmt ákvæðum þess flokks, fyrr en hlutaðeigandi nefnd telur efni standa til. Ekki er heldur skylt að úthluta árlega öllu fé sjóðsins. Geyma má fé hans milli ára, hvort heldur er fé fleiri eða færri listgreina.

Hver deild hefur sinn fjárhag.

6. gr.

Fjármálaráðuneytið sér um reikningshald sjóðsins og ávöxtun hans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1967.

Greinargerð.

Úthlutun listamannalauna þeirra, sem ríkissjóður hefur af mörkum látið, á sér skrykkjótta sögu. Ekki skal sú saga rakin hér, enda óþarft að gera það. Óhætt er að fullyrða, að öllum er ljóst, að nauðsyn ber til þess, að framhald þeirrar sögu taki stakkaskiptum til bóta.

Íslendingar eru listelsk þjóð. Enginn vafi er á því, að hún vill búa svo vel sem hún getur að listamönnum sínum. Sú alvarlega staðreynd grípur auðvitað inn í, að hana skortir peninga til margra nauðsynlegra hluta. Það fé, sem hún lætur úr hinum sameiginlega sjóði sínum — ríkissjóðnum — til listlauna, verður því í heild minna en margur vildi og æskilegt væri.

Stefna þarf að því að auka heildarframlagið.

Hitt er líka grundvallarnauðsyn, að fénu, sem ríkið veitir hverju sinni til listlauna, sé skynsamlega skipt og réttlátlega milli listamanna, svo að það komi að tilætluðum notum, eftir því sem það hrekkur til.

Seinustu ár hefur sjö manna nefnd verið látin skipta fénu, kosin hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til eins árs í senn.

Augljóst ætti hverjum manni að vera, að lítið vit er í því að kjósa slíka list-

dómara eftir pólitískum línum. Það getur leitt til fráleitrar niðurstöðu og verstu rangsleitni, enda þótt brenna við. Engin trygging er heldur fyrir því, að innan þannig kjörinnar nefndar sé þekking á öllum þeim listgreinum, sem nefndin þarf að fjalla um. Litblindum getur þar verið ætlað að dæma um liti og lagdaufum um tónlist.

Engin löggjöf eða reglugerð hefur verið sett handa nefndinni til að styðjast við eða til að marka henni bás. Allt í lausu lofti, nema naumt skorin fjárhæð til skipta.

Flutningsmaður frumvarps þessa telur brýna nauðsyn bera til að ráða bót hér á.

Frumvarpið flytur hann sem tilraunaspor í umbótaátt. Honum dylst ekki, að vandasamt er að skipa þessum málum, svo að vel sé, og vonlaust verk að ætla sér að gera það, svo að öllum líki.

Flutningsmaður vill taka til athugunar allar breytingartillögur við frumvarpið, hvort sem þær koma fram utan þings eða innan, og lýsir eftir tillögum frá þeim, er telja sig hafa gott og skynsamlegt til þessara mála að leggja. Aðalatriðið er að finna sem heppilegasta skipan listlaunamálanna.

Skal nú með fáum orðum vikið að einstökum greinum frumvarpsins til skýringar.

Um 1. gr.

Greinin mælir svo fyrir — og það er undirstöðuatriði — að stofnaður skuli sjóður. Sjóðurinn nefnist Listlaunasjóður Íslands. Í sjóðinn gangi árleg framlög ríkisins til listlauna. Enn fremur taki sjóðurinn á móti frjálsum framlögum til eflingar listum. Ekki er ólíklegt, að slík tillög, t. d. gjafir eða erfðafé, kunni að koma til sögunnar, ef stofnun er fyrir hendi til þess að taka á móti slíkum framlögum. Sú mun vera reynslan erlendis.

Um 2. gr.

Þessi grein mælir fyrir um lágmark árlegrar fjárveitingar úr ríkissjóði til Listlaunasjóðs. Flutningsmaður gerir hér ráð fyrir 5 millj. kr. sem lágmarki.

Fjárveitinguna skal sundurliða á fjárlögum í fernt, þ. e. milli fjögurra listamannahópa, og á sú greining í hópa að geta náð til allra íslenzkra listamanna.

Aðra skiptingu á listlaunafénu en milli þessara hópa á Alþingi ekki að hafa með höndum samkv. frumvarpinu.

Má til hægðarauka tala um, að skiptingin miðist við fjórar listgreinar. Eðlilegt verður að telja, að fjárveitingavaldið skipti milli listgreinanna. En gert er ráð fyrir sérstakri úthlutunarnefnd fyrir hverja listgrein (sjá 4. gr.). Ekki er framkvæmanlegt að láta þær nefndir skipta milli listgreinanna.

Um 3. gr.

Hér ræðir um listlaunaflokka og launahæð í hverjum flokki. Fyrsti flokkurinn er fastlaunaflokkur. Þar er gert ráð fyrir, að launin séu eins og hálf hámarkslaun í 20. launaflokki starfsmanna ríkisins. Þetta er nú h. u. b. 100 þús. kr. eða 25 þús. kr. meira en hæstu listamannalaunin á þessu ári.

Í öðrum flokki eru föst laun a. m. k. í 5 ár samfleytt. Hæð launanna er eins og þriðjungur hámarkslauna í 20. launaflokki starfsmanna ríkisins, eða h. u. b. 66.5 þús. kr. Það er 16.5 þús. kr. meira en listamannalaunin í ár í næsthæsta flokki skv. úthlutun þingkjörnu nefndarinnar.

Nauðsynlegt er að ákveða launahæð í þessum tveim flokkum, en heppilegra að miða við launaflokka hjá starfsmönnum ríkisins en krónutölu, af því að þá verður upphæðin hreyfanleg án lagabreytingar, þegar launakjör starfsmanna ríkisins taka breytingum.

Í þriðja flokki eru ekki föst laun, og þar er launahæðin ekki fyrirskipuð. Þar á að launa þeim, sem vinna einstök verk, er ástæða þykir að launa. Og þar á nýgræðingurinn að fá uppörvun og aðhlynningu. Af þessu leiðir, að í þessum flokki mega launin vera mishá til manna.

Um 4. gr.

Þessi grein tiltekur, hverjir skuli velja menn til þess að úthluta listlaunum.

Er þar gert ráð fyrir, að sérstök nefnd starfi fyrir hverja listgrein eða deild sjóðsins (sbr. 2. gr.). Fjölmennust er nefndin fyrir úthlutun til skálda og rithöfunda, af því að sú úthlutun mun verða umfangsmesta starfið, eins og nú er ástatt.

Tilgangurinn með því að hafa nefndirnar fjórar er að tryggja, að þekking á listgreininni verði fyrir hendi. Valið á mönnum í nefndirnar er ætlazt til að sé í höndum þeirra aðila, sem eiga að hafa skilyrði til að velja fyrir hlutaðeigandi listgrein hæfa menn að þekkingu og réttdæmi.

Kjörgengi í nefnd er bundið við, að maðurinn hafi þar ekki eiginhagsmuna að gæta. Með því ákvæði er minnt á, að óhlutdrægni eigi að vera grundvöllur úthlutunar.

Kjörtímabil nefnda er þrjú ár. Mikilsvert skilyrði til, að nefnd geti náð tökum á viðfangsefninu, er, að menn séu lengur en eitt ár í nefndarstarfinu.

Síðasta málsgrein þessarar greinar er um skyldur nefndanna til að gera Alþingi (fjárveitinganefnd) árlega grein fyrir síðustu úthlutun og fjárþörfinni vegna næstu úthlutunar. Eiga þá nefndarmennirnir að vera vökumenn yfir hag listanna og ráðgefendur Alþingis.

Um 5. gr.

Þessi grein felur í sér ýmis ákvæði, sem nauðsynleg eru, svo sem: Hvaða listamenn skulu vera sjálfkjörnir í fyrsta listlaunaflokk, þegar lögin taka gildi. Enn fremur ákvæði um, hve marga menn megi færa upp í fyrsta flokk árlega. Þessu þurfa að sjálfsögðu að vera einhver takmörk sett, og eru þau takmörk í 2. og 3. málsgr. greinarinnar. Þar að auki verða nefndirnar að sjálfsögðu að veita forsjá í þessum efnum og gera sér grein fyrir því, hvað fært er og rétt, hverju sinni. Tekið er fram, að ekki er sjálfsagt að úthluta öllu umráðafé sjóðsins árlega og ekki skylt að launa samkv. hærri launaflokkum, fyrr en hlutaðeigandi nefnd telur efni standa til, þó að fé sé fyrir hendi. Féð geymist.

Um 6. gr.

Eðlilegt þykir, að fjármálaráðuneytið annist reikningshald sjóðsins og ávöxtun.

Um 7. gr.

Rétt þykir að ætlast til, að lögin öðlist gildi 1. jan. 1967, af því að á yfirstandandi ári er úthlutun listlauna um garð gengin.

Fyllri grein fyrir frumvarpi þessu verður gerð í framsögu.

Ed. 243. Nefndarálit [34. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta er komið frá neðri deild, flutt af þremur þingm. Vestfjarða. Landbúnaðarnefnd hefur athugað það og mælir með, að það verði samþykkt. BJ, JÁ og JÞ voru ekki viðstaddir, þegar málið var afgreitt á nefndarfundi.

Alþingi, 16. febr. 1966.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.

Ed. 244. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litla-Gerði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og athugað og mælir með, að það verði samþykkt. BJ, JÁ og JÞ voru ekki viðstaddir, þegar málið var afgreitt á nefndarfundi.

Alþingi, 16. febr. 1966.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason.

Nd. 245. Frumvarp til laga [122. mál]

um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkissjóður styrkir ræktun skjólbelta eftir því, sem fé er veitt á fjárlögum, og samkvæmt því, sem nánar greinir í lögum þessum.

2. gr.

Skógræktarstjóri hefur yfirumsjón með ræktun skjólbelta. Hann aflar upplýsinga um áætlaðar framkvæmdir í ræktun skjólbelta næsta ár og gerir, að þeim fengnum, tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Eftirgreindir aðilar geta notið styrks samkvæmt 1. gr.:

a) Ábúendur lögbýla og garðyrkjubýla.
b) Félagsbundin samtök um ræktun korns eða garðávaxta, enda sé land það, er tekið er til ræktunar, eigi minna en 10 hektarar að flatarmáli.

4. gr.

Styrk má því aðeins veita, að fullnægt sé eftirtöldum skilyrðum:

a) Að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með framkvæmdum.
b) Að fylgt hafi verið fyrirmælum skógarvarðar um legu skjólbelta og gerð þeirra.
c) Að eigandi eða vörzlumaður lands eða jarðar hafi annazt jarðvinnslu og lagt til nægan áburð samkvæmt fyrirmælum skógarvarðar.
d) Að landssvæði það, sem vernda skal, hafi verið girt löggirðingu, sbr. 16. gr. laga nr. 3/1955, um skógrækt.
e) Að lokið sé ákveðnum áfanga gróðursetningar, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr.

Girðingarstyrk skal aðeins miða við girðingu utan um samfellt rækunarland. Vilji eigandi eða vörzlumaður nota landið til beitar, er honum skylt að girða reinarnar, svo að öruggt sé, að skjólbeltin bíði ekki tjón af beitinni.

Verði tjón á skjólbeltum vegna búfjárbeitar, er veittur styrkur afturkræfur að nokkru eða öllu leyti.

6. gr.

Styrkur samkvæmt 1. gr. má nema allt að ⅓ af girðingarkostnaði og ½ af andvirði trjáplantna og kostnaði við gróðursetningu.

Skógarverðir eða héraðsráðunautar gera úttekt á skjólbeltaframkvæmdum.

7. gr.

Skylt er eiganda skjólbeltis eða vörzlumanni að fara eftir fyrirmælum skógarvarðar um friðun og hirðingu þess. Lendi skjólbelti í vanhirðu, er heimilt að endurheimta styrk þann, sem veittur var.

Að fimm árum liðnum frá gróðursetningu skjólbeltis er heimilt að veita eiganda eða vörzlumanni þess verðlaun, er samsvari allt að fjárhæð 2ja ára hirðingarkostnaði, ef ræktun skjólbeltis hefur tekizt vel.

8. gr.

Verði eigenda- eða ábúendaskipti á landssvæði eða jörð, þar sem skjólbeltarækt hefur verið styrkt samkvæmt lögum þessum, ber sá, er við tekur, ábyrgð á því, að skjólbelti sé friðað og hirt. Vanræki hann það, er heimilt að heimta úr hendi hans þann styrk, sem veittur hefur verið.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ræktun skjólbelta hefur um langan tíma verið snar þáttur í búskap manna um norðan- og vestanverða Evrópu, og á síðustu áratugum hefur verið hafin geysimikil skjólbeltarækt í Norður-Ameríku og í Rússlandi. Sums staðar, eins og t. d. í vestur- og norðurhluta Jótlands, þar sem skjólbeltaræktun á sér hvað lengstan aldur, er ræktun án skjólbelta talin óhugsandi.

Tilraunir og reynsla hafa sýnt, að áhrifa skjólbelta á uppskeruaukann gætir því meir sem veðrátta er kaldari og óstöðugri. Uppskeruaukinn er tiltölulega mestur, þar sem veðráttan er hörðust.

Verkanir skjólbelta eru margþættar. Af minnkandi vindhraða við yfirborð jarðar leiðir m. a. þetta:

1. Á skýldum stöðum er hiti loftsins hærri að degi til en á berangri. Munar þetta frá 0.5° C. Að næturlagi er örlítið svalara í skjólinu. Þetta eykur kolsýrunám gróðursins. Það verður örara á daginn í hitanum, en kælingin hindrar kolvetniseyðslu að nóttu.

2. Þegar næturfrost koma í kyrru veðri, stafar minni hætta af þeim á skýldu landi en á berangri sakir þess, að jarðvegurinn er rakari í skjólinu en utan þess. Rakur jarðvegur leiðir örar hitann úr jarðvegi til lofts en þurr, og hægir það frosti frá um nokkurn tíma.

3. Hiti jarðvegs í 20 cm dýpi er venjulega 0.5° til 1.0° C hærri á skýldu landi en óskýldu. Á stundum hefur þessi hitamunur komizt allt upp í 3.0° C. Þetta flýtir næringarupptöku rótanna og eykur allan smáverugróður og dýralíf jarðvegsins.

4. Í skjóli er uppgufun frá plöntum og jarðvegi minni en þar, sem vindar næða. Við það spara plönturnar orku. Í þurranæðingi lokast loftaugu blaðanna, en við það teppist kolsýrunám plantnanna.

Allar þessar verkanir hafa vaxtarauka í för með sér. Á Jótlandi hefur uppskeruaukinn verið mældur um tugi ára á skýldu landi og á ótal stöðum. Meðaltal fjölda mælinga hefur reynzt þetta:

Heyfengur (gras og smári)	24.1%
Korn (hafrar, rúgur og hveiti)	17.1—
Rófur	13.4—
Kartöflur	16.9—

Með þessu er sagan þó ekki nema hálfsögð. Í góðum árum er uppskeruaukinn minni en meðaltalið segir, en í hörðum árum er hann langtum hærri, allt upp í 50%. Hefur þetta langmesta þýðingu fyrir veðurhörð héruð.

Hér á landi hefur Klemenz Kr. Kristjánsson gert mælingar á uppskeruauka á byggi og höfrum í nokkur ár á skýldu landi. Þær mælingar eru mjög samhljóða józku mælingunum.

Enn fremur má geta þess, að þar sem lönd eru lögð í tröð veturlangt, svo sem venja er hér við alla kartöflurækt og oftast við byggrækt, blæs oft mikið af jarðvegi og næringarefnum burt yfir veturinn. Enginn veit, hve mikil verðmæti fara forgörðum á þennan hátt. Skjólbelti munu minnka þetta tjón jafnframt því, sem þau safna að sér snjó, er hlífir jörðinni og kemur í veg fyrir klakamyndun.

Skjól hefur og mikla þýðingu fyrir allt dýralíf. Hvarvetna þar, sem lögð er stund á nautgriparækt, er alls staðar séð fyrir skjóli. Skjólbelti stytta innistöðutíma gripanna og beitin nýtist langtum betur í skjólinu.

Hér á landi hefur reynsla undanfarinna ára og jafnvel áratuga á nokkrum stöðum sýnt, svo að ekki verður um villzt, að rækta má skjólbelti í flestum byggðarlögum landsins. Völ er á allmörgum barr- og lauftrjátegundum, sem reynzt hafa vel í skjólbelti, svo að ræktun þeirra mun ekki stranda á trjátegundaskorti, eins og ýmsir hafa áður talið. Hins vegar þurfa skjólbeltin nákvæma umhirðu á fyrstu 4—5 árum, en eftir það verður hirðingin léttari og mjög auðveld. Því ber ekki að leyna, að á nokkrum stöðum hefur ræktun skjólbelta mistekizt sakir þess, að hirðing var vanrækt. En aðalvandkvæðin við skjólbeltarækt hér á landi eru friðun trjáplantnanna. Hér verður skjólbeltum hvergi komið upp, nema með því að girða þau rammbyggilega. Og girðingar eru dýrar.

Á Jótlandi, þar sem skjólbeltarækt er lengst komin í nágrannalöndum okkar, hafa bændur um langan aldur verið styrktir af því opinbera til þessarar ræktunar. Sá styrkur hefur lengst af verið á þann veg, að bændur fengu endurgreitt ½ andvirði trjáplantnanna og kostnaðinn af gróðursetningunni. Jarðvinnslu, hirðingu og áburð urðu þeir að leggja til sjálfir. Styrkur var ekki greiddur á þau skjólbelti, þar sem ræktun mistókst. Hér var aldrei um annan girðingarkostnað að ræða en ódýrar stórgripagirðingar, sem bændur urðu að standa undir.

Þar sem girðingarkostnaður er stærsti og dýrasti þátturinn við skjólbeltarækt hér á landi, er óhugsandi að menn treystist til að taka hann upp, nema með því móti að þeir fái drjúgan styrk til girðinga. Að auki yrðu menn svo að fá styrk til plöntukaupa og til gróðursetningar.

Í því frumvarpi til skjólbeltaræktunar, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir að allir jarðræktarmenn geti notið styrks til að koma upp skjólbeltum. En til þess að hljóta styrk, þarf bæði að leggja fram töluvert af eigin fé og að fullnægja ýmsum skilyrðum. Þær skorður munu koma í veg fyrir, að aðrir en duglegir ræktunarmenn geti hafizt handa um ræktun skjólbelta.

Um hinar einstöku greinar frumvarpsins skal tekið fram:

Um 1. gr.

Fyrsta grein þarf ekki skýringa við.

Um 2. gr.

Hér er kveðið svo á, að skógræktarstjóri hafi yfirumsjón þessara mála og að hann skuli gera tillögur um fjárveitingu til landbúnaðarráðuneytisins fyrir næsta ár. Þær tillögur hljóta að byggjast á þeim umsóknum, sem berast til hans og hæfar

þykja, en landbúnaðarráðuneytið sendir svo tillögur sínar til fjármálaráðuneytisins og Alþingis, sem taka ákvörðun um fjárhæðina hverju sinni.

Um 3. gr.

Samkvæmt upphafi greinarinnar geta allir ábúendur lögbýla, garðyrkjubýla og félagsbundin samtök um ræktun korns og garðávaxta komið til greina sem styrkþegar. Hinir síðastnefndu fá þá eigi styrki nema að því tilskildu að þeir hafi minnst 10 ha lands í samfelldri ræktun.

Um 4. gr.

Styrkur er háður þeim skilyrðum, að skógarvörður og héraðsráðunautur hafi mælt með landinu til þessarar ræktunar. Enn fremur verður að hlíta á allan hátt forsögn skógarvarðar um gerð og legu belta, svo og að jarðvinnsla öll og áburðargjöf fari eftir fyrirmælum hans. Þá er og ákvæði um, að landið skuli girt löggirðingu, og loks að styrkur verður ekki greiddur fyrr en þeim áfanga er náð, sem væntanleg reglugerð á að segja fyrir um. Þetta ákvæði á að tryggja það, að styrkir verði ekki greiddir fyrr en öruggt sé að skjólbelti komist á fót.

Um 5. gr.

Í greininni er ákvæði um, að einungis skuli hringgirða landið, sem rækta á í skjólbelti. Yrði það alltof dýrt að girða hverja rein fyrir sig með löggirðingu. En vilji eigandi eða umráðandi nota landið til beitar, ber honum að sjá um girðingar innan hins afmarkaða svæðis, en það yrðu þá í framkvæmd aðeins stórgripagirðingar, sem eru ódýrar.

Þá er í greininni ákvæði um, að veittur styrkur sé að öllu eða nokkru leyti afturkræfur verði misbrestur á vörzlu skjólbelta, svo að hljótist tjón af.

Um 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að styrkur megi nema ⅓ af girðingarkostnaði og ½ gróðursetningarkostnaður.

Augljóst er, að þessir kostnaðarliðir breytast með landstærð. Séu skjólbelti t. d. sett upp á 10 ha landssvæði, kostar girðing umhverfis landið kr. 51 000.00, er gerir kr. 39.00 á hvern lengdarmeter girðingar. Plöntu- og gróðursetningarkostnaður yrði alls kr. 93 880.00, er gerir kr. 40.00 á hvern fullunninn meter í skjólbelti. Í þessu tilviki fengi styrkþegi því kr. $⅓ \times 39.00 + ½ \times 40.00$, eða alls kr. 33.00 í styrk pr. meter, sem svarar til 42% af heildarkostnaði. Þess skal getið, að lögin gera ráð fyrir því, að styrkþegi leggi fram alla jarðvinnslu og áburð án styrks.

Í lok greinarinnar er kveðið svo á, að skógarverðir og héraðsráðunautar annist úttekt á þeim framkvæmdum, sem gerðar hafa verið í ræktun skjólbelta.

Um 7. gr.

Fyrri málsgrein segir fyrir um, hversu fara skuli með skjólbelti á fyrstu árum þess, og jafnframt kveður hún svo á, að styrkþega megi krefja um endurgreiðslu á styrk, ef hann hirðir ekki skjólbeltin svo sem nauðsyn krefur.

Síðari málsgreinin kveður á um verðlaun til þeirra, er hirða skjólbeltin vel, og er ætlunin með þessari grein allri, að búa svo vel um hnútana, að sem fæst mistök verði.

Um 8. gr.

Greinin fjallar um ábúenda- og eigendaskipti, og er sett til að tryggja það, að skjólbeltin fari ekki forgörðum við slík skipti.

Um 9. gr.

Ekki verður hjá því komizt að setja reglugerð, sem kveði á um einstök atriði við framkvæmd þessara mála, t. d. hvenær skjólbelti teljast styrkhæf og í hvaða tilfellum verðlaun skuli veitt fyrir hirðingu o. s. frv.

Ed. 246. Frumvarp til laga [123. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenzkra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum, frystum humar og frystum rækjum.
   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4.2% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
3. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfamjöli, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld, loðnumjöli, loðnulýsi, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
4. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.
5. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum og heldur ekki vörum frá selveiðum.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. marz 1966:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	73.4 %
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	17.2 %
3.	Til Fiskimálasjóðs	5.9 %
4.	Til byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.17%
5.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.53%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.8 %

4. gr.

Gjald skv. 2.—4. tl. 2. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar cif eða

með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2.—4. tl. 2. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru, nema annað sannist.

Gjald skv. 1. tl. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru.

5. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum svo og útflutningsleyfi, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjöldum.

8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins samkvæmt 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962 og gjald til Ferskfiskeftirlits samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, af vörum, sem taldar eru í 1. tölulið 2. gr. þessara laga, sem magngjald.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1966. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 66 25. júní 1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og lög nr. 1 31. jan. 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna af framleiðslu ársins 1965 skal til 30. júní 1966 vera 6% af fob-verði afurða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkomulag um verðákvörðun á bolfiski á vetrarvertíð 1966 náðist ekki í Verðlagsráði sjávarútvegsins, og var verðákvörðun vísað til yfirnefndar. Það kom fram bæði í verðlagsráði og yfirnefnd, að vegna erlendra verðhækkana og umbóta í rekstri sæju fiskvinnslustöðvar sér fært að hækka fiskverð verulega, þrátt fyrir mikla hækkun launakostnaðar á árinu 1965. Yfirnefndin var hins vegar þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt væri að hækka fiskverðið enn meira en fiskvinnslustöðvar sáu sér fært, til þess að bátum væru tryggð eðlileg rekstrarskilyrði á þorskveiðum og sjómönnum, er þessar veiðar stunda, eðlileg lífskjör samanborið við aðra. Athugaði nefndin því aðrar leiðir til þess að þetta markmið gæti náðst og hafði í því efni samráð við ríkisstjórnina. Varð niðurstaðan sú, að á fundi yfirnefndar þann 6. janúar s. l. var samþykkt tillaga frá oddamanni nefndarinnar, er fól það í sér, að meðalverð á ferskfiski hækkaði um 17% frá því, sem var á s. l. ári. Þessi hækkun var þó háð því skilyrði, að breyting yrði á útflutningsgjaldi þannig, að það miðaðist ekki lengur við verðmæti, heldur ákveðna krónuupphæð á magneiningu, er yrði yfirleitt sú sama fyrir allar afurðir. Útflutningsgjaldinu væri enn fremur breytt þannig, að jafnvirði framlags til Fiskveiðasjóðs, er greitt hefur verið af þorskafurðum, greiddist framvegis af síldarlýsi og síldarmjöli. Áætlaði yfirnefndin, að þessar breytingar, er hún lagði til að gerðar yrðu á útflutningsgjaldinu leiddu til lækkunar gjalds á þorskafurðum og hækkunar gjalds á síldarlýsi og síldarmjöli um nálægt því 40 millj. kr., og myndu þær jafnframt svara til um 4% meðalhækkunar fiskverðs. Ríkisstjórnin lýsti því yfir að lokinni ákvörðun yfirnefndar, að hún myndi beita sér fyrir því við Alþingi, að þær breytingar yrðu gerðar á lögum um útflutningsgjald, er ákvörðun yfirnefndar gerði ráð fyrir, og er þetta frumvarp flutt í því skyni.

Það fyrirkomulag útflutningsgjalda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, svo og upphæð gjaldanna, eru í meginatriðum í samræmi við þær hugmyndir, sem ræddar voru í yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins og ákvörðun fiskverðsins byggðist á. Nánari athuganir, er ekki vannst tími til að framkvæma meðan nefndin sat að störfum, hafa þó leitt til þess, að í einstökum atriðum gerir frumvarpið ráð fyrir nokkuð öðru fyrirkomulagi en nefndin upphaflega hafði hugsað sér. Um allar þessar breytingar hefur verið haft samráð við þá aðila, er fulltrúa áttu í nefndinni. Aðalbreytingin er fólgin í því, að ekki hefur þótt hagkvæmt að láta magngjald gilda um allar vörur, og er nú lagt til, að magngjald gildi eingöngu um freðfiskflök, saltfisk og skreið, en verðmætisgjald verði eftir sem áður á öllum síldarafurðum, ísvörðum fiski, heilfrystum fiski, fiskúrgangi, fiskmjöli og lýsi. Verðmætisgjald á þessum vörum er þó jafnframt ákveðið þannig, að það verði svipað að upphæð og magngjaldið hefði orðið.

Á undanförnum árum hafa útflytjendur freðfisks, saltfisks og skreiðar hvað

eftir annað óskað þess, að útflutningsgjaldi á þessum vörum yrði breytt í magngjald. Hafa þeir réttilega bent á, að verðmætisgjald legðist með miklum þunga á þær vörur, sem mest eru unnar og verðmætastar á hverja þungaeiningu. Verðmætisgjaldið drægi því beinlínis úr áhuga útflytjenda á aukinni vinnslu, t. d. á framleiðslu fisks í neytendaumbúðum. Þar sem tekjur af útflutningsgjaldi ganga svo til eingöngu til greiðslu útgjalda vegna fiskveiðiflotans, er eðlilegast að útflutningsgjaldið leggist á verðmæti hráefnis en ekki á verðmæti fullunninnar vöru. Það er hins vegar ekki framkvæmanlegt að miða gjaldið við verðmæti hráefnis, og er því í staðinn í þessu frumvarpi farin sú leið, að gjald sé lagt á hverja magneiningu hinnar útfluttu vöru. Verður gjaldið þeim mun lægra í hlutfalli við verðmæti, sem varan er verðmeiri, en því hærra í hlutfalli við verðmæti sem varan er verðminni. Auðséð er, að með þessu móti mundi gjald á vörum, sem eru mjög ódýrar miðað við þungaeiningu, geta orðið of hátt. Gildir þetta t. d. um fiskúrgang og heilfrystan fisk. Er því í þessu frumvarpi lagt til, að þessar vörur ásamt söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum greiði áfram hið sama verðmætisgjald og áður, 4.2%. Enn fremur er í frumvarpinu almennt ákvæði þess efnis, að engin afurð skuli greiða hærra gjald af magni en hún hefði áður greitt af verðmæti.

Þeir kostir magngjalds, sem eiga við um freðfisk, saltfisk og skreið, og lýst hefur verið hér að framan, eiga hins vegar ekki við um aðrar sjávarafurðir. Þvert á móti hefur magngjald á þessum afurðum ýmiss konar annmarka. Þannig myndu t. d. miklar verðbreytingar, en þær eiga sér oft stað á þessum afurðum, geta leitt til þess, að gjaldið yrði óeðlilega hátt eða óeðlilega lágt samanborið við verðmæti. Að athuguðu máli hefur því verið talið heppilegra að halda verðmætisgjaldi á síldarafurðum, ísvörðum fiski, fiskmjöli og lýsi. Á hinn bóginn er lagt til, að verðmætisgjald á þessum vörum verði nú ákveðið þannig, að miðað við núgildandi verðlag gefi það um það bil hið sama í aðra hönd og magngjald, er ákveðið hefði verið í samræmi við samþykkt yfirnefndar. Er því lagt til í frumvarpinu, að verðmætisgjald af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorska- og karfalýsi, loðnumjöli, og -lýsi, hvallýsi, hvalmjöli og hvalkjöti, frystri síld og saltsíld verði óbreytt frá því sem nú er, þ. e. 6%. Hins vegar er lagt til, að verðmætisgjald á síldarmjöli og síldarlýsi hækki um 2%, eða úr 6% í 8%. Svarar þessi hækkun til þeirrar lækkunar á gjaldi þorskafurða, er magngjaldið hefur í för með sér.

Á undanförnum árum hafa niðursoðnar og niðurlagðar vörur greitt 2% útflutningsgjald. Rétt þykir, að þetta gjald falli nú niður með öllu. Svarar það um það bil til þeirrar lækkunar útflutningsgjalda, er verður á freðfiski, saltfiski og skreið.

Sú tilfærsla á útflutningsgjaldi á milli afurða, sem yfirnefnd Verðlagsráðs gerði ráð fyrir í tillögum sínum, var eins og að framan greinir, um 40 millj. kr. Meðfylgjandi tafla sýnir þá tilfærslu, er leiða mundi af þeim tillögum, sem í þessu frumvarpi felast. Er hún um 38 millj. kr. miðað við útflutningsframleiðslu ársins 1965.

Jafnframt þeim breytingum á útflutningsgjaldi, sem að framan hefur verið lýst, gerir þetta frumvarp ráð fyrir nokkrum breytingum á fyrirkomulagi innheimtu, sem eiga að gera hana einfaldari og öruggari. Er lagt til að gjaldið verði nú greitt að fullu við tollafgreiðslu, en heimild til þess að greiða tvo þriðju hluta þess við gjaldeyrisskil verði felld niður. Mjög hefur reynzt erfitt að framkvæma þessa tvískiptingu greiðslunnar, og nota fáir útflytjendur sér þessa heimild nú orðið. Eru samtök útflytjenda samþykk þessari breytingu. Þá er lagt til, að breyting gjaldsins taki gildi gagnvart öllum vörum, sem fluttar verða úr landi frá og með 1. marz 1966, án tillits til þess, hvenær þær hafi verið framleiddar. Gerir þetta framkvæmd breytingarinnar miklu einfaldari en verið hefur áður, þegar breytingar hafa verið miðaðar við framleiðslutímabil. Vegna þess að verulegar birgðir munu væntanlega verða í landinu þann 1. marz af síldarlýsi og síldarmjöli, sem framleitt var á s. l. ári, hefur þó verið talið nauðsynlegt að hafa í frumvarpinu ákvæði, er undanþiggi þessar birgðir hækkun útflutningsgjaldsins.

Áætlaðar breytingar á útflutningsgjaldi sjávarafurða.[1])

	Núgildandi útflutningsgjald		Fyrirhugað útflutningsgjald		
	M. kr.	Útfl.gj. í % af útfl. verðmæti	Útfl.gj. m. kr.	Útfl.gj í % af útfl. verðmæti	Tilfærsla miðað við núgild. útfl.gj. m. kr.
I. flokkur (magngjald 530 kr. á tonn):					
1. Freðfiskflök	42.1	—	22.6	2.3	÷19.5
2. Skreið	10.5	—	4.0	1.6	÷ 6.5
3. Saltfiskur, verkaður	1.3	—	0.8	2.6	÷ 0.5
4. Saltfiskur, óverkaður	19.6	—	14.6	3.1	÷ 5.0
5. Saltfiskflök	1.5	—	1.0	3.0	÷ 0.5
6. Hrogn, fryst	1.6	—	1.3	3.3	÷ 0.3
7. Humar, frystur	4.9	—	0.4	0.3	÷ 4.5
8. Rækjur, frystar	0.6	—	0.1	0.7	÷ 0.5
Alls	82.1	4.2	44.8	2.3	÷37.3
II. flokkur (4.2% verðmætisgjald):					
1. Heilfrystur fiskur	3.5	—	3.5	—	—
2. Fiskúrgangur, frystur	1.4	—	1.4	—	—
3. Þunnildi, söltuð	0.8	—	0.8	—	—
4. Hrogn, söltuð	2.0	—	2.0	—	—
Alls	7.7	4.2	7.7	4.2	—
III. flokkur (6% verðmætisgjald):					
1. Ísvarinn fiskur	10.7	—	—	—	—
2. Fiskmjöl	9.3	—	—	—	—
3. Þorskalýsi	5.0	—	—	—	—
4. Karfamjöl	1.6	—	—	—	—
5. Karfalýsi	0.6	—	—	—	—
6. Freðsíld	9.3	—	—	—	—
7. Saltsíld	33.7	—	—	—	—
8. Loðnumjöl	2.8	—	—	—	—
9. Loðnulýsi	0.4	—	—	—	—
10. Hvallýsi	1.5	—	—	—	—
11. Hvalmjöl	0.7	—	—	—	—
12. Hvalkjöt, fryst	1.7	—	—	—	—
Alls	77.3	6.0	77.3	6.0	—
IV. flokkur (8% verðmætisgjald):					
1. Síldarmjöl	68.2	—	90.9	8.0	22.7
2. Síldarlýsi	45.1	—	60.1	8.0	15.0
Alls	113.3	6.0	151.0	8.0	37.7
Samtals:	280.4	5.3	280.8	5.3	0.4

1) Miðað er við áætlaða útflutningsframleiðslu ársins 1965.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 1. gr. laga nr. 66/1957, þó þannig, að ákvæði um hundraðshluta útflutningsgjalds af fob-verði eins og þessi hundraðshluti er ákveðinn með 3. gr. laga nr. 1/1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., er flutt í 2. gr. frumvarpsins.

Um 2. gr.

Eins og rakið hefur verið í almennu greinargerðinni hér að framan, eru gerðar þær breytingar á útflutningsgjaldi, að verðmætisgjald af síldarafurðum er hækkað úr 6% í 8%, en útflutningsgjaldi af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum, frystum humar og frystum rækjum er breytt í magngjald, sem nemur kr 530.00 á hvert útflutt tonn. Um rökstuðning fyrir þessari ráðstöfun vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan.

Þá er gerð sú breyting með þessari grein frá núgildandi ákvæðum, að útflutningsgjald er fellt niður af niðursoðnum og niðurlögðum sjávarvörum og enn fremur er útflutningsgjald fellt niður af vörum frá selveiðum. Er upplýst í því sambandi, að selskinn eru meðhöndluð sem landbúnaðarvara gagnvart álögðum gjöldum í Búnaðarmálasjóð og Stofnlánadeild landbúnaðarins og þykir rökréttara að svo sé eins og selveiðum hér á landi er háttað.

Aðrar breytingar eru ekki gerðar á útflutningsgjaldi frá því sem gilt hefur samkvæmt 3. gr. laga nr. 1/1964, sem fyrr var vísað til.

Eins og fram hefur verið tekið hér að ofan, er fellt niður ákvæði 3. mgr. 3. gr. laga nr. 1/1964, þar sem útflytjendum er heimilað að greiða þriðjung útflutningsgjalds um leið og útflutningskjöl eru afgreidd, en ⅔ hluta gjaldsins við gjaldeyrisskil. Var upplýst í þessu sambandi, að fáir útflytjendur hafa í seinni tíð notað sér þessa heimild og þykir vera til einföldunar á innheimtu, að þessi heimild sé felld niður.

Um 3. gr.

Frumvarpsgreinin hefur að geyma ákvæði, sem svara til 4. mgr. 3. gr. laganna nr. 1/1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl., þar sem kveðið er á um skiptingu tekna af útflutningsgjaldi. Þessi skipting er óbreytt í frumvarpinu frá því sem verið hefur í gildandi lögum.

Um 4. gr.

Frumvarpsgreinin svarar til 3. gr. laga nr. 66/1957. Verðmætisgjald samkvæmt 2.—4. tölulið 2. gr. frumvarpsins miðast eins og áður við fob-verð varanna, en gert er ráð fyrir að viðskiptaráðuneytið setji reglu um, hvernig vöruverð skuli umreiknað til fob-verðs, ef vörurnar eru seldar með öðrum skilmálum, cif, cf o. s. frv.

Þá er gerð sú breyting, að fellt er niður ákvæði um að innheimtumaður skuli ákveða gjald af vörunum, ef þær eru sendar óseldar en þess í stað tekið upp ákvæði um, að gjaldstofn útflutningsgjaldsins skuli miðast við lágmarksverð, sem tilgreint er í útflutningsleyfi fyrir vörunni. Vísast því efni til ákvæðis í 6. gr. frumvarpsins, þar sem gert er ráð fyrir að útflutningsleyfi fylgi öðrum útflutningsskjölum til innheimtumanns.

Loks er í 4. gr. ákvæði um, að gjald samkvæmt 4. tölulið 2. gr. frumvarpsins miðist við nettóþunga hinnar seldu vöru.

5.—10. gr.

Greinarnar eru óbreyttar frá gildandi lögum og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 11. gr.

Eins og nú standa sakir eru innheimt þrenns konar gjöld af útfluttum sjávarvörum. Í fyrsta lagi útflutningsgjald samkvæmt lögum nr. 66/1957, sbr. 3. gr. laga

nr. 1/1964, í öðru lagi aflatryggingasjóðsgjald samkvæmt 9. gr. laga nr. 77/1962 og í þriðja lagi gjald til Ferskfiskeftirlits samkvæmt 7. gr. laga nr. 42/1960.

Frumvarpsgreinin gerir ráð fyrir heimild til að innheimta gjald til Aflatryggingarsjóðs, sem er 1.25% af útflutningsverðmæti og gjald til Ferskfiskeftirlits, sem er 0.15% af útflutningsverðmæti, af vörum, sem tilgreindar eru í 1. tölulið 2. gr. frumvarpsins, þ. e. freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum, frystum humar, og frystum rækjum, sem magngjald.

Heimild þessi er tekin upp, til þess að unnt sé að samræma útreikning og innheimtu útflutningsgjalds, aflatryggingasjóðsgjalds og ferskfiskeftirlitsgjalds, ef hentara þykir í framtíðinni.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um skýringar á þessu ákvæði vísast til almennu greinargerðarinnar hér að framan. Þykir ekki fært að innheimta hið hækkaða útflutningsgjald af síldarafurðum af framleiðslu ársins 1965, jafnvel þótt þær hafi ekki verið fluttar út fyrir gildistöku þessara laga. Í ákvæðinu er þó gert ráð fyrir, að frestur til að flytja út umræddar síldarafurðir með því útflutningsgjaldi, sem nú er í gildi, standi ekki lengur en til 30. júní n. k.

Ed. 247. Frumvarp til laga [124. mál]

um listamannalaun og Listasjóð.

Flm.: Gils Guðmundsson.

I. KAFLI
Um listamannalaun.

1. gr.

Veita skal tiltekinni tölu viðurkenndra listamanna föst listamannalaun á fjárlögum eftir lögum þessum.

2. gr.

Allir íslenzkir listamenn skulu koma til álita við úthlutun fastra listamannalauna, án tillits til aldurs, efnahags, búsetu eða borgaralegra starfa.

3. gr.

Flokkar fastra listamannalauna á fjárlögum skulu vera tveir. Allt að tíu mönnum skal veita 120 þús. kr. árleg heiðurslaun ævilangt og allt að tuttugu mönnum 80 þús. kr. árleg listamannalaun. Eigi skulu færri en 25 listamenn hljóta föst laun á fjárlögum ár hvert.

4. gr.

Stjórn Listasjóðs (sbr. 14. gr.) velur listamenn, er njóta skulu heiðurslauna og listamannalauna skv. 3. gr. Við val í heiðurslaunaflokk í fyrsta sinn skal stjórn Listasjóðs velja þá menn alla, sem nutu 75 þús. kr. listamannalauna samkv. ákvörðun Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1966. Að öðru leyti setur sjóðsstjórnin sér reglur um valið.

5. gr.

Stjórn Listasjóðs skal fyrir 1. júlí ár hvert senda menntamálaráðuneytinu skrá um þá listamenn, sem hún hefur valið nýja í flokk heiðurslauna eða fastra listamannalauna. Skal ráðuneytið sjá um, að nöfn þeirra verði tekin upp í fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár.

6. gr.

Veitingu listamannalauna á fjárlögum skal fylgja sami réttur og veitingu embættis, eftir því sem við getur átt, en án aldurshámarks.

7. gr.

Verði almenn hækkun gerð á launum opinberra starfsmanna, skal hækka listamannalaun á fjárlögum í sama hlutfalli.

II. KAFLI
Um Listasjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Listasjóður Íslands. Verkefni sjóðsins eru:

a) Að veita viðtöku fé, sem Alþingi ákveður á fjárlögum eða með öðrum lögum að renna skuli í sjóðinn, svo og gjafafé og öðru því fé, sem honum kann að berast.
b) Að veita viðtöku sérsjóðum, sem einstaklingar, félög eða fyrirtæki stofna til stuðnings listum og faldir verða Listasjóði til ávöxtunar og ráðstöfunar samkvæmt skipulagsskrá.
c) Að úthluta fé úr sjóðnum til listamanna og eflingar listalífs í landinu samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

9. gr.

Á fjárlögum skal árlega veitt fé til Listasjóðs Íslands, eigi minni upphæð en 5 milljónir króna.

10. gr.

Úr Listasjóði Íslands skal úthluta árlega starfsstyrkjum til listamanna. Skulu 5—10 listamenn njóta starfsstyrkja að upphæð 120 þús. kr. ár hvert og 15—20 listamenn starfsstyrkja að upphæð 80 þús. kr. Listamanni skal jafnan veittur starfsstyrkur tvö ár í röð, eða þrjú ár í röð hið lengsta.

11. gr.

Úr Listasjóði Íslands skal veita árlega viðurkenningu allt að 30 listamönnum, 40 þús. kr. hverjum, enda njóti þeir hvorki listamannalauna á fjárlögum né starfsstyrkja skv. 10. gr. Stjórn Listasjóðs ákvarðar, hversu oft sami listamaður hlýtur slíka viðurkenningu.

12. gr.

Eftirstöðvum árlegra tekna Listasjóðs er stjórn hans heimilt að verja til stuðnings listum og listamönnum svo sem hér segir:

a) Með því að reisa, kaupa eða taka á leigu hús á hentugum stöðum, þar sem listamönnum yrði boðið að dveljast um skeið við listsköpun.
b) Með því að skipuleggja og kosta eða styðja með fjárframlögum kynningu og túlkun góðrar listar sem víðast um land.
c) Með stuðningi við íslenzkar myndlistarsýningar erlendis.
d) Með stuðningi við listahátíð, sem haldin yrði á nokkurra ára fresti.
e) Með því að greiða höfundarlaun og útgáfustyrk vegna allt að fjögurra bóka á ári, sem valdar yrðu úr íslenzkum samtíðarbókmenntum og gefnar út í ódýrum almenningsútgáfum með sérstöku tilliti til æskufólks.
f) Með öðrum stuðningi við íslenzka listsköpun og listtúlkun samkv. reglum, er stjórn Listasjóðs setur þar um og menntamálaráðherra staðfestir.

13. gr.

Heimilt er stjórn Listasjóðs að leggja til hliðar allt að 20% af árlegum tekjum sjóðsins. Nú vill sjóðsstjórn nota hluta af þeirri eign, sem þannig myndast, til kostnaðarsamra verkefna skv. 12. gr., og skal hún þá afla sér heimildar menntamálaráðherra til þess.

14. gr.

Stjórn Listasjóðs Íslands skal skipuð sjö mönnum. Háskólaráð Háskóla Íslands kýs tvo menn í stjórnina, Menntamálaráð tvo og stjórn Bandalags íslenzkra listamanna þrjá. Jafnheimilt er þessum aðilum að kjósa fulltrúa utan sem innan stofnana sinna.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Jafnmargir varamenn skulu kosnir af sömu aðilum og aðalmenn.

Ekki skal kjósa í stjórn eða varastjórn mann, sem líklegt er að kunni að hafa hagsmuna að gæta fyrir sig við úthlutun listlauna.

Kjör til sjóðsstjórnar gildir til fjögurra ára.

Sjóðsstjórn fær þóknun úr Listasjóði fyrir störf sín. Menntamálaráðherra ákveður þóknunina.

15. gr.

Menntamálaráðuneytið sér um reikningshald Listasjóðs og ávöxtun hans.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langt skeið hafa menn gert sér ljósa nauðsyn þess, að komið verði á fastari og hentugri skipun en verið hefur um úthlutun listamannalauna. Árlega rísa harðar deilur um skiptingu þess fjár, sem veitt er á fjárlögum til listamanna. Tvímælalaust eiga þær að verulegu leyti rót sína að rekja til þess, að Alþingi hefur látið undir höfuð leggjast að marka skynsamlega heildarstefnu um meðferð listamannafjár, þar sem tryggt væri eftir föngum með löggjöf, að framlag ríkissjóðs verði lyftistöng fyrir listsköpun í landinu og þeim viðurkenndum listamönnum samboðið, sem heiðurslauna er ætlað að njóta. Úthlutun listamannafjár hefur verið í höndum ýmissa aðila, Alþingis sjálfs, Menntamálaráðs, fulltrúa úr hópi listamanna og nú allmörg hin síðustu ár þingkjörinnar nefndar. Segja má, að engin þessara úthlutunaraðferða hafi þótt gefast vel, en þó munu flestir telja, að torfundið verði óhentugra fyrirkomulag en nú er, þar sem fulltrúar þingflokkanna, kjörnir árlega til að annast eina úthlutun, koma saman í fáeina daga og skipta fénu, án þess að hafa nein lagafyrirmæli eða fastar reglur við að styðjast. Er og svo komið, að allir ljúka upp einum munni um, að þessi skipan sé óhæf, stuðningi ríkisins við listamenn og listalíf í landinu þurfi að koma í betra og hagfelldara horf.

Ný og bætt skipan þessara mála er ekki einungis æskileg frá sjónarmiði listamannanna sjálfra, heldur þjóðarinnar í heild, sem nýtur verka þeirra. Sá háttur, sem nú er á hafður um úthlutun listamannafjár, kemur listalífi í landinu að mjög takmörkuðum notum. Með breyttum starfsháttum og hagfelldri skipan má þar mikið um bæta. Aukinnar fjárveitingar til stuðnings listum og listamönnum er að vísu full þörf, eigi að koma málum þessum í viðunandi horf. Stuðningur ríkisins við listamenn hefur rýrnað mjög á síðari árum, þegar alls er gætt: síaukinnar verðbólgu, fjölgunar þjóðarinnar, fjölgunar listamanna, fjölþættara listalífs. En svo lengi sem óbreytt ástand ríkir um úthlutun listamannafjár, er hætt við, að torsótt reynist að fá úthlutunarupphæðina hækkaða verulega. Allt öðru máli gegnir, ef Alþingi sér sóma sinn í því að tryggja með löggjöf eðlilega og skynsamlega meðferð listamannafjár, svo að slíkt framlag úr almannasjóði gegni því tvíþætta hlut-

verki, að verða íslenzkum listum til verulegrar eflingar og samboðið þeim listamönnum, sem ætlunin er að heiðra fyrir listastörf.

Frv. þetta miðar að því að setja meginreglur um úthlutun listamannalauna, auk þess sem það kveður um aukinn stuðning ríkisins við íslenzka listsköpun í öðru og fjölþættara formi. Helztu atriði frumvarpsins eru þessi:

1) Gert er ráð fyrir nýrri skipan úthlutunarnefndar, þar sem þrír aðilar eiga fulltrúa, Háskóli Íslands, löggjafarvaldið og heildarsamtök listamanna.
2) Tiltekinn fjöldi viðurkenndra listamanna njóti fastra listamannalauna á fjárlögum.
3) Tiltekinn fjöldi listamanna hljóti allríflega starfsstyrki í tvö eða þrjú ár.
4) Stofnaður verði Listasjóður, sem styðji íslenzkt listalíf með ýmsum hætti, svo sem nánar er fyrir mælt í frv. þessu.
5) Heildarframlag ríkisins til stuðnings listum og listamönnum verði hækkað verulega.

Frv. þetta er flutt af brýnni nauðsyn, til að leitast við að koma fastri og sæmilegri skipan á þessi mál. Flutningsmanni er ljóst, að vandasamt er að skipa þeim svo, að vel sé. Mun það seint gert á þann veg, að öllum líki. Hitt telur hann vafalaust, að frv., ef að lögum yrði, gæti orðið til verulegra bóta.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Grein þessi felur í sér þá mikilsverðu breytingu, að fremstu listamenn þjóðarinnar, sem réttmætt þykir að heiðra, njóti allverulegra launa ævilangt, en séu ekki árlegt bitbein og háðir duttlungum úthlutunarnefndar. Flestir, sem rætt hafa um úthlutun listamannalauna, eru sammála um þetta atriði, enda hefur það verið kjarni flestra þeirra frumvarpa og tillagna, sem fram hafa komið um listlaunamál á síðari árum.

Um. 2. gr.

Greinin kveður á um það, að við ákvörðun heiðurslauna og fastra listamannalauna skuli aldur, efnahagur, búseta eða embætti ekki útiloka menn frá að njóta þeirra. Því er sízt að leyna, að uppi hafa verið raddir um, að höfð skuli hliðsjón af þessum atriðum. Sum þeirra hljóta eðlilega að hafa áhrif á úthlutun beinna starfsstyrkja, en þegar um heiðurslaun er að ræða, telur flm. allt öðru máli gegna.

Vera kann, að hugtakið „íslenzkur listamaður“ þurfi nánari skilgreiningar við. Flm. lítur svo á, að ríkisfang skeri ekki ævinlega úr um það, hvort um íslenzkan listamann sé að ræða. Listakona, sem giftist útlendum manni og verður útlendur ríkisborgari, hlýtur eftir sem áður að geta talizt íslenzkur listamaður, ef hún er þátttakandi í íslenzku listlífi, ritar bækur á íslenzku eða heldur listsýningar á Íslandi, svo að dæmi séu nefnd. Hér yrði mat úthlutunarnefndar að ráða, hverja hún teldi „íslenzka listamenn“ og verðuga listlauna frá íslenzka ríkinu.

Um 3. gr.

Þriðja grein tryggir 25—30 listamönnum föst laun á fjárlögum. Að athuguðu máli þótti ekki rétt að ríghinda með lögum tölu þeirra listamanna, sem laun þessi hljóta, heldur ákveða hámarkstölu í hvorum flokki fyrir sig og lágmarkstölu beggja flokkanna sameiginlega.

Um 4. gr.

Fjórða grein kveður á um það, að stjórn Listasjóðs Íslands velji þá listamenn, er hljóta skuli föst listamannalaun. Annar kafli frv. þessa fjallar um Listasjóð, og eru í 14. gr. ákvæði um stjórn hans. Rétt þótti að mæla svo fyrir í lagagrein þessari,

að þeir fimm listamenn, sem nú njóta hæstu listamannalauna samkvæmt ákvörðun Alþingis, skuli allir skipa heiðurslaunaflokk.

Um 5. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Þessi grein á að tryggja það, með þeim takmörkunum einum, sem gilda um embættismenn, að listamaður, sem hlýtur fastan listamannastyrk samkvæmt lögum þessum, njóti hans til æviloka. Þar getur sú ein breyting á orðið, að maður úr hinum lægri launaflokki verði fluttur í heiðurslaunaflokk.

Um 7. gr.

Greinin á að tryggja það, að hin föstu listamannalaun verði ekki að engu í eldi verðbólgunnar, en breytist í sömu hlutföllum og launakjör opinberra starfsmanna.

Um 8. og 9. gr.

8. grein mælir svo fyrir — og er það annað meginatriði frv. — að stofnaður skuli sjóður, er nefnist Listasjóður Íslands. Er honum skv. 9. gr. ætlað árlegt framlag úr ríkissjóði. Slíkur sjóður, undir stjórn manna, sem kosnir væru til fjögurra ára í senn, á að hafa stórum meira svigrúm en núverandi úthlutunarfyrirkomulag leyfir til að styðja íslenzka listsköpun. Þar eiga að geta komið til álita ýmsir fleiri möguleikar en árleg útdeiling fjár til ákveðins hóps listamanna, svo sem nánar er um fjallað í 12. gr. Þegar fastur sjóður væri til orðinn, sem hefði það hlutverk að styðja listamenn og listastörf með allfjölbreytilegum hætti, kynni og að koma til álita að tryggja honum aðra fasta tekjustofna en ríkissjóðsframlagið eitt. Þá mætti einnig vænta þess, eftir að sjóðurinn hefði starfað um hríð og sannað tilverurétt sinn, að honum tækju að berast gjafir, bæði til hinnar almennu starfsemi hans og tilgreindra verkefna. Enn mætti gera ráð fyrir, að í framtíðinni yrðu stofnaðir sérsjóðir til stuðnings listum eða einstökum listgreinum, og þætti þá hagkvæmt að fela Listasjóði og stjórn hans ávöxtun og meðferð slíkra sjóða.

Um 10. gr

Þessi grein gerir ráð fyrir, að fullum helmingi árlegs framlags ríkisins til Listasjóðs megi verja í því skyni að veita ákveðinni tölu listamanna starfsstyrki. Hugmynd flm. er sú, að slíkir styrkir séu veittir starfandi listamönnum og ungum og efnilegum mönnum, sem þegar hafa sýnt hæfileika og líklegir þykja til góðra hluta, ef þeim gefst kostur á að starfa að list sinni. Er ráð fyrir því gert, að menn njóti þessara starfsstyrkja a. m. k. tvö ár í röð, eða þrjú ár samfellt hið lengsta. Ættu slíkir styrkir að geta komið mönnum að verulegu gagni og gegnt á sínu sviði áþekku hlutverki og styrkir Vísindasjóðs.

Um 11. gr.

Viðurkenning sú, sem ráðgert er að stjórn Listasjóðs veiti árlega allt að 30 listamönnum, er ekki fyrirhuguð sem föst listamannalaun. Að vísu á sami maður að geta notið slíkrar viðurkenningar tvö ár í röð eða lengur, en það er hins vegar háð úthlutun hverju sinni. Flm. gerir ráð fyrir, að þessa viðurkenningu hljóti túlkandi listamenn, menn, sem vinna að listsköpun í algerum hjáverkum, en eru viðurkenningar verðir, svo og aðrir, sem ástæða þykir til að örva til listastarfa, en njóta að svo komnu máli hvorki fastra listamannalauna né starfsstyrkja samkv. 10. gr.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru tilgreind sérstaklega fimm atriði, sem Listasjóði er ætlað að styrkja umfram það, sem um ræðir í 10. og 11. gr. Greinin gerir hins vegar ráð fyrir því, að stjórn Listasjóðs geti ákveðið, eftir því sem sjóðnum vex fiskur um hrygg, að færa út kvíarnar og taka upp nýja starfsþætti til eflingar listalífi í landinu.

Um 13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Þessi grein tiltekur, hverjir skuli velja menn til að úthluta listlaunum og stjórna Listasjóði. Eru hér tilnefndir þrír aðilar, sem falið er að velja menn í sjóðsstjórn. Von flm. er sú, að með þeirri skipan, sem hér er á höfð, megi skapast sæmilegur friður um þessi viðkvæmu mál, aukin festa í störfum og traust á því, að úthlutunarnefnd kosti kapps um réttdæmi og óhlutdrægni. Gert er ráð fyrir, að hinir þrír aðilar, sem ætlað er að tilnefna menn í sjóðsstjórn, geti valið til þess fulltrúa utan sinna eigin raða. Er t. a. m. líklegt, að stjórn Bandalags íslenzkra listamanna teldi hentara að velja af sinni hálfu í stjórnina listfróða menn utan hóps starfandi listamanna, enda beinlínis svo fyrir mælt í lagagrein þessari, að ekki skuli kjósa þangað menn, sem hafi hagsmuna að gæta fyrir sjálfa sig við úthlutun listlauna. Ákvæðið um það, að kjör sjóðsstjórnar gildi í fjögur ár, þykir nauðsynlegt, til þess að stjórninni gefist tóm til að skipuleggja stuðning við listmál og starfa samkvæmt áætlun að framgangi þeirra. Ætti það fyrirkomulag, sem hér er lagt til, að geta leitt til mikilla bóta frá því, sem nú er, þegar stjórnmálaflokkarnir kjósa menn í úthlutunarnefnd til einnar úthlutunar í senn.

Um 15. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Rétt þykir að kveða á um það, að lögin öðlist gildi jafnskjótt og þau hafa náð samþykki. Mætti þá gera tafarlausar ráðstafanir um kjör sjóðsstjórnar, svo að hún gæti hafið undirbúning að störfum. Kæmu lögin síðan til framkvæmda, að því er varðar úthlutun listamannalauna, frá byrjun næsta árs, eftir að fjárlög hefðu verið samþykkt með þeim breytingum, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Ed. 248. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með því, að það sé samþykkt.

Alþingi, 18. febr. 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Ólafur Jóhannesson, frsm.
Sveinn Guðmundsson.	Hermann Jónasson.	Alfreð Gíslason.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 249. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt með neðangreindum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað „5000 kr.“ í 2. málsgr. komi: 10000 kr.
b. Í stað „1000 kr.“ í 2. og 3. mgr. komi: 2000 kr.

Alþingi, 18. febr. 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Ólafur Jóhannesson.
Alfreð Gíslason.
Sveinn Guðmundsson.
Hermann Jónasson.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 250. Tillaga til þingsályktunar [125. mál]

um, að Ísland beiti sér á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrir tillögum um reikningsskil hinna rændu þjóða við þær ríku.

Flm.: Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar, að sendinefnd Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna næsta haust skuli leggja fram tillögur um reikningsskil af hálfu hinna rændu þjóða heims, sem um árabil eða aldir hafa verið arðrændar sem nýlendur, við þau ríki, sem á einn eða annan hátt hafa drottnað yfir þeim eða rænt þær. Þessar tillögur skulu í aðalatriðum fylgja hugmyndum þeim, er Jón Sigurðsson forseti setti fram, er hann færði rök að kröfum Íslendinga á hendur Dönum.

Tillögur þessar skulu fela það í sér, að reynt skuli að meta það tjón, sem yfirstéttir Evrópu og Bandaríkjanna hafa unnið þjóðum þeim, sem byggja Afríku, Asíu og Suður-Ameríku, með mannránum. árásarstyrjöldum, frelsissviptingu, arðráni og hvers konar kúgun og misrétti á undanförnum öldum og fram á þennan dag.

Þegar þessi upphæð er fundin, skal jafna henni niður á þær þjóðir, sem arðrænt hafa nýlendur á undanförnum þrem öldum, og skulu þær síðan greiða á ákveðnu alllöngu árabili upphæð þessa í sjóð, sem vera skal undir stjórn Sameinuðu þjóðanna. Sjóð þennan skal síðan nota til að byggja upp atvinnulíf hinna fátæku þjóða heims samkvæmt ákveðnum reglum, er tryggi, að hann sé einvörðungu notaður til að koma upp framleiðslutækjum í friðsamlegum tilgangi, skólum, sjúkrahúsum og öðrum stofnunum, er flýti fyrir atvinnulegum og félagslegum framförum viðkomandi þjóðar. Skal heildaráætlun um notkun sjóðsins samin af þar til kjörinni nefnd Sameinuðu þjóðanna og séráætlun fyrir hvert land í samráði við stjórn þess. Allt, sem byggt er fyrir fé þessa sjóðs, skal afhent viðkomandi þjóð til eignar kvaðalaust.

Í sendinefnd þeirri, er flytur þessar tillögur á þingi Sameinuðu þjóðanna, skulu fulltrúar allra þingflokka eiga sæti.

Greinargerð.

Eitt allra alvarlegasta vandamál nútímans er sú staðreynd, að þjóðir, er telja um 2000 milljónir manna eða meiri hluta mannkyns, lifa við lífskjör, sem eru svo

miklu bágari en iðnaðarþjóðanna í Evrópu og Norður-Ameríku, að mótsetningarnar milli þessara þjóðahópa ógna friði og öryggi heims meir en flest annað. Og þessar mótsetningar vaxa með ári hverju. Arðrán auðhringa í iðnaðarlöndunum á auðlindum fátæku þjóðanna eykst í sífellu: verðlag á hráefnum frá þessum þjóðum er lækkað (kakó frá Ghana, gúmmí frá Indónesíu t. d. hefur undanfarið fallið um helming), en verðlag á iðnaðarvörum er hækkað.

Þjóðir Afríku, Asíu og Suður-Ameríku hafa allar verið arðrændar af drottnandi stéttum Evrópu og Norður-Ameríku um lengri eða skemmri árabil. Þrælaveiðar, jarðrán, verzlunareinokun, nýlendukúgun í einni eða annarri mynd, samfara styrjöldum gegn þessum þjóðum til að ræna þær frelsi eða halda þeim undir okinu, eru höfuðorsök þess, hve illa þessar rændu þjóðir nú eru staddar.

Það er í senn söguleg skylda og skynsamleg stjórnhyggja af þeim þjóðum, er verið hafa á einn eða annan hátt herraþjóðir gagnvart hinum arðrændu þjóðum, að tryggja skjóta og góða uppbyggingu slíks grundvallar fyrir atvinnu- og félagslíf þessara þjóða, að lífskjör þeirra fari hraðbatnandi. En þau fara versnandi nú. 30000 börn deyja á degi hverjum úr sulti eða hungursjúkdómum hjá þessum þjóðum. (Skýrsla Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna).

Aðeins stórfelld og rausnarleg hjálp til sjálfshjálpar getur breytt þessari öfugþróun.

Slík sjóðsstofnun sem hér er lagt til mundi gera slíkt fljótt og vel.

Hinar fátæku þjóðir, sem nú hafa flestar öðlazt stjórnfrelsi, eru stoltar og viðkvæmar. Þær eru ekki að betla um brauð. En þær eiga inni hjá herraþjóðunum, og þá skuld á að borga. Og við slíkri greiðslu mundu þær taka. Það særir ekki metnað þeirra. Einmitt það, að verið er að greiða ránsfeng til baka og borga skaðabætur, er það form, sem í senn er sögulega rétt og pólitískt hentugt.

Vér Íslendingar höfum einmitt sögulegu forsendurnar til þess að koma með slíkar tillögur. Vér vorum öldum saman arðrændir sem nýlenduþjóð. Jón Sigurðsson forseti gerði það að einu höfuðatriðinu í frelsisbaráttunni við Dani, að þeir greiddu oss til baka það, sem þeir hefðu rænt oss, og bættu oss það tjón, er þeir hefðu valdið oss með einokunarverzlun (lágu verði á íslenzkum afurðum, háu á erlendum vörum) og öðru. Hann vildi þannig tryggja fátækri þjóð vorri fjármagn til uppbyggingar atvinnulífs í rúnu landi.

Það er þetta vandamál, sem nú blasir við hinum fátæku þjóðum. Vér Íslendingar eigum að leggja til að leysa það í anda Jóns Sigurðssonar.

Það þarf hins vegar að tryggja, að fé þetta komi hinum fátæku þjóðum að gagni. Ef það væri bara borgað stjórnum þeirra, yrði máske miklu af því varið til herbúnaðar, óhófs eða annars miður heppilegs fyrir alþýðu manna og lífskjör þjóðar, því að margra grasa kennir hjá þessum þjóðum sem öðrum um stjórnarfar og stjórnvizku.

Því er lagt til, að fé það, er fornu herraþjóðirnar greiði, sé lagt í sjóð, er Sameinuðu þjóðirnar stjórni og varið sé til uppbyggingar á atvinnu- og félagslífi þessara þjóða. Sé heildaráætlun gerð um slíka uppbyggingu, því að m. a. þarf að taka tillit til þess, að eigi verði byggð sams konar framleiðslutæki í flestum löndunum, er síðan kynnu að valda offramleiðslu einstakra vara, en skorti á öðrum, heldur sé skynsamleg verkaskipting höfð. En séráætlun sé samin í samráði við stjórnarvöld hverrar þjóðar. Atvinnutækin og þær menningar- og heilbrigðisstofnanir, sem reistar séu fyrir þetta fé, ber að afhenda viðkomandi þjóð sem eign hennar. Auðvitað ræður hún síðan sjálf, hvernig hún ráðstafar þeim, en nauðsynlegt er, að þjóðinni sem heild sé afhent þetta til eignar í upphafi og það kvaðalaust. Öll lán til þessara þjóða eru aðeins áframhald arðráns í annarri mynd. Nú er það svo, að af 47 milljarða dollara aðstoð, sem þessar þjóðir hafa fengið á 10 árum, hafa á sama tíma 13 milljarðar dollarar tapazt vegna óhagstæðra verðbreytinga og 21 milljarður dollara runnið til baka til ríku þjóðanna sem vextir og gróði.

Auðvitað yrði að ákveða nákvæmlega, hvaða þjóðir það væru, sem kröfu ættu

á slíkum skaðabótum. Engar þær þjóðir, sem nú búa sem heild við sæmilegar þjóðartekjur, þótt verið hafi undirokaðar sem nýlendur á ákveðnu skeiði (t. d. Bandaríkjamenn, Íslendingar, Norðmenn eða aðrar þjóðir Norður-Ameríku og Evrópu), kæmu til greina. Aðeins þjóðir, sem byggju við slæm lífskjör (t. d. undir 500 dollara tekjum á mann á ári), kæmu til greina.

Hvað snertir getu hinna ríku þjóða til að greiða, þá þarf ekki um hana að efast. Vafalaust yrði heppilegast, að þær skæru um leið niður hernaðarútgjöld sín. Þá fyndu borgarar hinna ríku þjóða ekki fyrir þessum réttlátu framlögum. Hernaðarútgjöld þeirra voru 1965 125 milljarðar dollara, Bandaríkin ein áætla hernaðarútgjöld sín árið 1966 60 milljarða dollara.

Íslenzka þjóðin sýndi það með þátttökunni í „Herferð gegn hungri", að hún vill, að eitthvað sé á þessu sviði gert. Sú tillaga, sem hér er lagt til að verði flutt, væri í senn í samræmi við vora sögulegu erfð og þjóðinni til sóma.

Sþ. 251. Fyrirspurn [126. mál]

til félagsmálaráðherra um dánar- og örorkubætur sjómanna.

Frá Geir Gunnarssyni.

1. Hversu miðar þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir í tillögu til þingsályktunar um sérstakar dánar- og örorkubætur sjómanna, sem samþykkt var á Alþingi hinn 4. marz 1964?
2. Eru líkur á, að niðurstöður þeirrar athugunar verði lagðar fyrir Alþingi það, er nú situr?

Nd. 252. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar jarðeignadeildar ríkisins og landnámsstjóra um frv., og mæla þessir aðilar með sölunni. Nefndin mælir með, að frv. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá á sama verði hlutfallslega og Reyðarfjarðarhreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Alþingi, 18. febr. 1966.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Björn Pálsson.	Sverrir Júlíusson.

Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 253. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini. Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Þó má gefa slíkt ökuskírteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast að nýju próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

2. gr.

5. og 6. mgr. 81. gr. orðist svo:

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í nóvembermánuði 1963 ákvað þáverandi dómsmálaráðherra að skipa nefnd, er falið var það verkefni að rannsaka orsakir hins sívaxandi fjölda umferðarslysa og gera tillögur um ráðstafanir til úrbóta.

Í nefndina voru skipaðir lögreglustjórinn í Reykjavík, formaður, vegamálastjóri og forstöðumaður bifreiðaeftirlits ríkisins. Jafnframt var óskað eftir því, að Slysavarnafélag Íslands, Félag íslenzkra bifreiðaeigenda, Landssamband vörubifreiðastjóra og Bifreiðastjórafélagið Frami nefndu hvert til einn fulltrúa af sinni hálfu, er tæki sæti í nefndinni.

Á fundi, sem dómsmálaráðherra átti með nefnd þessari í októbermánuði 1965, kom fram, að þess væri ekki að vænta, að endanlegar niðurstöður af starfi nefndarinnar lægju fyrir fyrr en á árinu 1966. Varð þá að ráði, að nefndin skilaði sem fyrst bráðabirgðaskýrslu um störf sín. Nefndin skilaði síðan bráðabirgðaáliti 10. nóvember 1965 og er þar að finna tillögur um ýmis atriði, sem varða ökumenn, veitingu ökuleyfa, sviptingarreglur, refsingar við brotum á umferðarlögum og meðferð mála út af þeim. Er álit nefndarinnar prentað sem fylgiskjal I með frumvarpi þessu.

Álit rannsóknarnefndarinnar og tillögur hafa verið til athugunar í dómsmálaráðuneytinu og hjá umferðarlaganefnd. Hefur umferðarlaganefnd látið í té umsögn um álitið, og er hún prentuð sem fylgiskjal II með frumvarpinu.

Tillögur rannsóknarnefndarinnar varða í fyrsta lagi breytingar á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958 og reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., nr. 57 12. apríl 1960, í öðru lagi varðar þær breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961, og loks eru atriði, sem varða framkvæmd ýmissa mála.

Tillögur rannsóknarnefndarinnar, sem snerta breytingar á umferðarlögunum, eru þessar:

1. Breytt verði reglum um útgáfu og endurnýjun ökuskírteinis.
2. Breytt verði ákvæði um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda.
3. Endurskoðuð verði ákvæði um ökuleyfissviptingar.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, felur í sér tillögur um breytingar á 6. mgr. 27. gr. og 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga til samræmis við tillögur rannsóknarnefndarinnar. Hins vegar eru eigi í frumvarpinu tillögur um breytingar á framkvæmd ökuleyfissviptinga almennt. Í umsögn umferðarlaganefndar kemur fram, að hún telur tillögur rannsóknarnefndarinnar um þetta athyglisverðar, og að hún telur nauðsynlegt, að hægt sé að hraða meðferð mála, þar sem ökuleyfissvipting á við. Nefndin hefur hins vegar eigi að svo stöddu treyst sér til að taka upp tillögur um það, að ökuleyfissvipting verði gerð að stjórnvaldsráðstöfun að einhverju leyti eða öllu í stað þess að hún er nú gerð með dómi. Telur nefndin, að það mál þurfi frekari könnunar við, og mun hún halda áfram athugunum á því sviði.

Að því er varðar breytingar á reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl. má vísa til umsagnar umferðarlaganefndar. Hefur umferðarlaganefnd skilað tillögum um breytingar á þeirri reglugerð, sem að nokkru leyti eru í sambandi við tillögur rannsóknarnefndarinnar, en eru að öðru leyti gerðar með hliðsjón af reynslu, sem fengizt hefur af framkvæmd reglugerðarinnar.

Loks er þess að geta í sambandi við tillögur rannsóknarnefndarinnar um breytingar á meðferð mála út af brotum á umferðarlögum, að fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála, og er þar tekið tillit til þeirra sjónarmiða, sem koma fram í tillögum rannsóknarnefndarinnar.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir ástæða til að taka þetta fram:

Um 1. gr.

Lagt er til, í samræmi við tillögur rannsóknarnefndar umferðarslysa, að gerðar verði breytingar á gildandi ákvæðum um útgáfu fyrsta ökuskírteinis og um endurnýjun ökuskírteinis.

Nú gildir ökuskírteini almennt í 5 ár frá útgáfudegi. Talið er, að það geti leitt til aukinnar aðgæzlu af hálfu þeirra, sem fá ökuskírteini, ef fylgzt verður sérstaklega með akstursferli þeirra fyrsta árið. Er lagt til, að framvegis verði fyrsta ökuskírteini gefið út sem bráðabirgðaskírteini, er gildi í eitt ár. Áður en fullnaðarskírteini verður gefið út, er gert ráð fyrir, að fram fari sérstök athugun á ökumannsferli umsækjanda. Er gert ráð fyrir því, að umsækjandi kunni að verða að ganga undir og standast að nýju próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Mundi þessa verða krafizt, ef umsækjandi hefur lent í umferðarslysum eða umferðaróhöppum öðrum, og kenna má um vankunnáttu, vanhæfni, vítaverðum aksturshættum eða öðrum brotum á umferðarlögum.

Þegar ökuskírteini er endurnýjað skal viðkomandi sanna, að hann fullnægi skilyrðum til að fá ökuskírteini. Ákveður lögreglustjóri þá, hvort hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf. Talið er, að margir ökumenn hafi

eigi fylgzt nægilega með breytingum, sem gerðar hafa verið á umferðarlöggjöf á undanförnum árum, og að þar sé að finna eina meginorsök fjölmargra umferðarslysa. Til þess að tryggja, að ökumenn rifji upp þekkingu sína á þessu sviði, og fylgist með breytingum og nýmælum, er lagt til, að heimilt verði að ákveða, að sá, sem sækir um endurnýjun ökuskírteinis skuli ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Gert er ráð fyrir því, að í reglugerð verði settar nánari reglur um próf þetta, en haft er í huga, að notast verði við einfalt form skriflegra prófa. Ljóst er, að hér er um að ræða umfangsmikið verkefni, einkum í Reykjavík, en engu að síður verður að telja, að þetta fyrirkomulag verði framkvæmanlegt um nokkurt árabil.

Um 2. gr.

Í frumvarpi til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 82 21. ágúst 1961, sem liggur fyrir Alþingi, er gert ráð fyrir því, að dómara verði heimilað að lúka með dómssátt málum, þar sem viðurlög geta numið allt að eins árs ökuleyfissviptingu. Í 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga er ákveðið, að svipting ökuleyfis sé gerð með dómi. Er lagt til, að málsgrein þessari verði breytt til samræmis við ákvæði þess frumvarps, enda verði það samþykkt.

Samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga skal ákvörðun lögreglustjóra um að svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða borin undir úrskurð dómara svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku eftir sviptingu. Í reynd hefur þessi málsmeðferð þótt erfið í framkvæmd, og henni því eigi beitt svo oft sem æskilegt hefði verið. Til að auðvelda framkvæmd bráðabirgðasviptingar er því lagt til, að ákvæði þessu verði breytt, þó þannig að réttaröryggis sökunauts verði fyllilega gætt. Eins og málsgreinin er orðuð í frumvarpinu er aðila tryggður réttur til að óska úrskurðar dómara um bráðabirgðasviptingu lögreglustjóra. Hins vegar þarf dómari eigi af sjálfsdáðum að taka afstöðu til sviptingarinnar, nema hann telji ástæðu til að fella hana úr gildi.

Fylgiskjal I.

Bráðabirgðaálit rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Rannsóknarnefnd umferðarslysa var skipuð af dómsmálaráðherra í lok ársins 1963. Var henni falið það verkefni að rannsaka orsakir hins sívaxandi fjölda umferðarslysa og gera tillögur um ráðstafanir til úrbóta. Nefndinni var veitt heimild til að leita aðstoðar þeirra embættismanna og stofnana, sem að liði mættu verða við úrlausnir einstakra atriða í sambandi við verkefni þetta.

Skömmu eftir að nefndin var skipuð, tók hún að vinna að rannsókninni. Ákveðið var að afla eins víðtækra upplýsinga og frekast væri unnt um umferðarslys, sem átt hafa sér stað hér á landi s. l. þrjú ár, til þess að kanna helztu orsakir þeirra. Jafnframt var ákveðið að afla ýtarlegra upplýsinga, er vera mættu til leiðbeininga um ráðstafanir til úrbóta, m. a. um fjölda og gerð ökutækja og fjölgun þeirra á síðari árum hér á landi, vegamál, löggæzlumál, dómsmeðferð í umferðarmálum, fræðslustarfsemi o. s. frv.

Þegar í upphafi þótti sýnt, að rannsókn þessi yrði að vera all umfangsmikil. Nefndarmenn lögðu því á það áherzlu, að nauðsyn bæri til að fá starfslið til að vinna að rannsókninni.

Erfitt reyndist fyrir nefndina að fá mann til þess að standa fyrir rannsóknarstörfunum, þar til í vor, er einn nefndarmanna, Jóhannes Briem, fulltrúi Slysavarnafélags Íslands í nefndinni, gaf kost á sér til starfsins.

Í byrjun árs 1964 tók nefndin að afla upplýsinga frá slysavarðstofu Reykjavíkur um umferðarslys, sem þangað komu til meðferðar. Jafnframt var rætt við tryggingafélög og aðra aðila, er upplýsingar geta gefið um umferðarslys. Tekið

var saman lauslegt yfirlit um árekstra og umferðarslys eftir skýrslum lögreglunnar í Reykjavík á árunum 1960 til 1963. Yfirlitsgerð þessi kostaði mikla vinnu, en þegar yfirlitið var lagt fyrir slysarannsóknarnefndina, voru nefndarmenn á eitt sáttir um það, að nauðsyn bæri til að afla til mun víðtækari upplýsinga en fram komu þar. Þótti m. a. nauðsynlegt að hafa upplýsingar frá öllu landinu og nánari vitneskju um ýmis atriði. Reyndust sum þessara atriða svo margþætt, að naumast var unnt að vinna úr þeim, nema í skýrsluvélum.

Í byrjun ársins 1965 ákvað slysarannsóknarnefndin að láta fara fram tölfræðilega rannsókn á öllum umferðarslysum í landinu á árunum 1962 til 1964. Lét nefndin útbúa sérstök skýrslueyðublöð til notkunar við söfnun upplýsinga í þessu skyni, svo og leiðbeiningar við færslu skýrslnanna. Sendi dómsmálaráðuneytið síðan öllum lögreglustjórum landsins umburðarbréf, þar sem þess er óskað, að eyðublöðin verði útfyllt og upplýsingar sendar rannsóknarnefndinni svo fljótt sem unnt er. Hafa skýrslur borizt frá nokkrum lögsagnarumdæmum, en frá öðrum munu þær væntanlegar á næstu mánuðum. Gagnasöfnun þessi hefur reynzt umfangsmikið verk og víða hefur skort starfslið til þess að annast hana. Hefur afgreiðsla af þeim sökum dregizt í allmörgum lögsagnarumdæmum. Mun nefndin því eigi geta skilað endanlegu áliti, fyrr en á næsta ári. Hins vegar hefur hún tekið til sérstakrar athugunar ýmis atriði, er varða ökumenn, refsingar við brotum á umferðarlögum og meðferð þeirra mála. Telur nefndin rétt að koma nú þegar á framfæri þeim tillögum, er hún hefur samið á grundvelli þeirrar athugunar. Greinast tillögurnar svo sem hér segir:

I. Tillögur um breytingar á gildandi reglum um veitingu ökuréttinda, sbr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.
II. Tillögur um breytingu á reglum um sviptingu ökuréttinda.
III. Tillögur, er snerta refsingar.
IV. Tillögur um hraðari afgreiðslu mála út af umferðarlagabrotum.
V. Tillaga um endurkröfurétt vátryggingafélaga.

Þegar upplýsingar liggja fyrir um umferðarslys undanfarandi þriggja ára, mun nefndin gera tillögur um eftirtalin atriði:

Endurbætur á vega- og gatnakerfi.
Búnað ökutækja og skoðun þeirra.
Umferð gangandi fólks.
Ökukennslu og prófun ökumanna.
Umferðarfræðslu í skólum og fyrir almenning.
Heildarskrá fyrir allt landið um ökumenn og akstursferil þeirra.
Tímabundið bann við notkun ákveðinna ökutækja.
Samræmingu á rannsókn umferðarslysa um allt land.
Aukna löggæzlu.

Í sambandi við ofangreind atriði vill nefndin leggja áherzlu á gildi umferðarfræðslu almennt og mikilvægi aukins löggæzluliðs í umferðinni. Ráðstafanir í þeim efnum eru af erlendum sérfræðingum taldar áhrifamestar aðferðir til slysavarna.

Nefndin hefur orðið sammála um eftirfarandi tillögur:

I. Tillögur um breytingar á gildandi reglum um veitingu ökuréttinda, sbr. 27. gr. umferðarlaga nr. 26 1958.

1. Lagt er til, að orðið „reglusemi“ í 2. mgr. 27. gr. verði skýrt þannig, að umsækjanda skuli synjað um ökuskírteini, ef hann á síðast liðnum tólf mánuðum hefur hlotið refsingu fyrir ölvun, nema um sé að ræða einstakt atvik hjá manni, sem að öðru leyti má telja áreiðanlegan og samvizkusaman.

2. Lagt er til, að ökuskírteini til byrjanda verði gefið út sem bráðabirgðaskírteini til eins árs.

   Áður en bráðabirgðaskírteini er endurnýjað og fullnaðarskírteini er gefið út, skal fara fram sérstök athugun á ferli umsækjandans sem ökumanns.

   Ef umsækjandi hefur lent í umferðarslysum eða umferðaróhöppum og kenna má um vankunnáttu, vanhæfni, vítaverðum aksturshættum eða öðrum brotum gegn ákvæðum umferðarlaga, má eigi endurnýja skírteini, nema umsækjandi hafi staðizt próf að nýju í umferðarreglum og akstri bifreiðar. Skal þá og liggja fyrir vottorð trúnaðarsérfræðings um það, að líkamleg og andleg heilbrigði og andlegur þroski umsækjandans fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru í 4. gr. reglugerðar nr. 57 1960, um ökukennslu, próf ökumanna o. fl.
3. Lagt er til, að þátttaka í námskeiði í meðferð og stjórn leigubifreiða til mannflutninga og 5 smálesta vörubifreiða verði bundin því skilyrði, að umsækjandi hafi ekki á síðustu tólf mánuðum fyrir umsókn verið refsað fyrir vítaverða aksturshætti, auk þeirra skilyrða, sem rakin eru í d-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 57 1960.
4. Lagt er til, að sú regla verði upp tekin í sambandi við endurnýjanir ökuskírteina samkv. 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga, að umsækjandi verði látinn sanna kunnáttu sína í umferðarlöggjöfinni með skriflegri próftöku. Jafnframt geti lögreglustjóri krafizt þess, að umsækjandi gangist að nýju undir akstурspróf, og verði sú krafa að jafnaði gerð, ef meira en eitt ár er liðið frá því, að ökuréttindi umsækjandans féllu niður. Sama gildir, ef umsækjandi hefur eigi stjórnað bifreið síðasta árið, áður en umsókn er fram borin.
5. Lagt er til, að settar verði ákveðnar og ýtarlegar reglur um það, hvernig læknisrannsókn á þeim, er um ökuskírteini sækja, skuli hagað, svo og að gefin verði út ný eyðublöð fyrir læknisvottorðin.

II. Tillögur um breytingu á reglum um sviptingu ökuréttinda.

1. Lagt er til, að reglum um bráðabirgðasviptingu ökuréttinda skv. 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, verði breytt þannig, að fellt verði niður ákvæði um að ákvörðun lögreglustjóra skuli borin undir úrskurð dómara svo fljótt sem verða megi og eigi síðar en viku eftir sviptinguna. Í þess stað komi ákvæði, er veiti sökunaut heimild til að bera ákvörðun lögreglustjóra undir úrskurð dómara innan tiltekins, hæfilegs frests, og að þann úrskurð megi kæra til æðra dóms af hálfu aðila og ákæruvalds.
2. Lagt er til, að gildandi lagaákvæði um ökuleyfissviptingar vegna lögbrota verði nú þegar tekin til gagngerðrar endurskoðunar með það fyrir augum, að ökuleyfissviptingum verði beitt í langtum ríkara mæli en verið hefur. Við þá endurskoðun telur nefndin mjög koma til greina að gera ökuleyfissviptingu vegna lögbrota að stjórnvaldsráðstöfun í formi afturköllunar ökuskírteinis, er leiði af ákveðnum brotum, sem snerta umferðaröryggi. Settar verði þá reglur, er stjórnvaldi ber að fara eftir við mat á því, hvort rétt sé að afturkalla ökuskírteini vegna lögbrota skírteinishafa. Ákvörðun stjórnvalds verði byggð á grundvelli dóma á hendur ökumanni eða refsinga, er honum hafa verið gerðar. Dómstólar hafi heimild til að stytta afturköllunartíma eða fella afturköllun niður, ef sérstakar ástæður mæla með því eða hún myndi koma óeðlilega hart niður á sökunaut, miðað við málavexti. Jafnframt verði stjórnvaldi veitt heimild til að veita formlega aðvörun í stað afturköllunar, ef um tiltekin, minni háttar brot er að ræða og líklegt má telja, að aðvörun muni koma að fullu gagni.

III. Tillögur, er snerta refsingar.

1. Lagt er til, að sektir fyrir brot á umferðarlöggjöfinni verði stórhækkaðar frá því sem nú er, þannig að þær verði a. m. k. ekki lægri en tíðkast í nágrannalöndum vorum.
2. Lagt er til, að endurskoðaðar verði reglur um framkvæmd refsidóma í málum út af ölvun við akstur, svo og reglur um sektarupphæðir, þegar varðhaldsrefsingu er breytt í sektarrefsingu með náðun.

IV. Tillögur um hraðari afgreiðslu mála út af umferðarlagabrotum.

1. Lagt er til, að endurskoðaðar verði nú þegar reglur um meðferð mála út af brotum á umferðarlögum með það fyrir augum, að brot, er eigi varða hærri viðurlögum en 3000 króna sekt, megi afgreiða með sektargerð yfirvalds. Enn fremur, að meðferð annarra mála, er varða umferðarlagabrot og afgreidd eru fyrir dómi, verði gerð einfaldari í sniðum, þannig að afgreiðslu þeirra megi hraða.

V. Tillaga um endurkröfurétt vátryggingafélaga.

1. Lagt er til, að nefnd sú, sem gert er ráð fyrir í 76. gr. umferðarlaga nr. 26 1958, til þess að kveða á um, hvort endurkröfurétti tryggingafélaga skuli beitt gegn þeim, sem talinn er eiga sök, verði skipuð og taki hið allra fyrsta til starfa.

Greinargerð.

Skal nú í stuttu máli gerð nokkur grein fyrir bráðabirgðatillögum nefndarinnar.

Um I, 1.

Eigi fer milli mála, að reglusemi er mikilvægt skilyrði þess, að mönnum sé trúandi fyrir réttindum til að stjórna vélknúnum ökutækjum. Ákvæði um reglusemi þeirra, er sækja um ökuskírteini, er að finna í 27. gr. umferðarlaganna. Eigi hafa verið gefin út fyrirmæli um það, hvaða lágmarkskröfur skulu gerðar um það efni. Rétt þykir að leggja til, að settar verði ákveðnar túlkunarreglur varðandi mat á umræddu ákvæði um reglusemi, þannig að samræmis gæti í framkvæmd hvar sem er á landinu. Þykir tímamark það, sem miðað er við, hæfilegt tólf mánuðir, ef hliðsjón er höfð af prófi leigubifreiðastjóra. Víða erlendis eru þó strangari reglur í lögum um þessi efni og er t. d. miðað við tvö ár í Svíþjóð, en þrjú í Noregi.

Um I, 2.

Nokkrar raddir eru uppi um það, að lágmarksaldur bifreiðastjóra sé of lágur hér á landi. Ekki liggja fyrir þær tölfræðilegar upplýsingar, sem unnt er að byggja þá skoðun á. Hins vegar má telja víst, að æfingaskortur á fyrsta akstursári þeirra, sem stjórna vélknúnum ökutækjum, leiði yfirleitt til aukinnar hættu fyrir umferðaröryggið. Nauðsynlegt er því, að byrjendur gæti ýtrustu varúðar. Ástæða þykir til að vekja athygli á þeirri nauðsyn með sérstökum ráðstöfunum. Er því lagt til, að byrjendum verði gefin út bráðabirgðaökuskírteini, sem gildi aðeins í eitt ár. Má ætla, að sú ráðstöfun geti leitt til aukinnar aðgæzlu af hálfu byrjenda. Í tillögunni er gert ráð fyrir, að sérstaklega verði fylgzt með ökumannsferli byrjenda. Komi ágallar í ljós, verði nauðsynlegar ráðstafanir gerðar til þess að rannsaka nánar, hvort kunnátta og hæfni ökumansins sé fullnægjandi, m. a. með prófstöku og umsögn lækna eða annarra sérfræðinga.

Um I, 3.

Í 12. gr. reglugerðar um ökukennslu, próf ökumanna o. fl. nr. 57 1960, eru þau skilyrði sett fyrir þátttöku í námskeiði fyrir þá, er ætla að þreyta próf bifreiðastjóra á leigubifreiðum og 5 smálesta vörubifreiðum, að umsækjandinn hafi ekki á undanförnum tólf mánuðum verið sviptur ökuskírteini né gerzt brotlegur við ákvæði um neyzlu eða meðferð áfengra drykkja.

Nefndin telur mjög æskilegt, að eigi fái aðrir framangreind réttindi en þeir ökumenn, sem sýnt hafa löghlýðni gagnvart umferðarreglum. Þykir eigi mega gera minni kröfu í þeim efnum en að umsækjandi hafi ekki á síðustu tólf mánuðum hlotið refsingu fyrir vítaverða akstursháttí.

Um I, 4.

Á síðari árum hefur orðið mjög ör þróun á sviði umferðarmála hér á landi. Hefur þróunin leitt til umfangsmikilla breytinga á umferðarlöggjöfinni síðasta áratuginn. Óhjákvæmilegt mun verða að gera frekari breytingar á lögunum næstu árin. Nokkur ástæða er til að ætla, að allmargir ökumenn fylgist ekki nægilega með þeim breytingum, sem á löggjöfinni verða. Líkur benda og til þess, að ófullnægjandi þekking á umferðarreglum eigi beinan eða óbeinan þátt í allverulegri tölu umferðarslysa. Traust þekking á gildandi umferðarreglum er undirstöðuatriði öruggrar umferðar. Leggja ber því á það mikla áherzlu, að ökumenn séu ávallt vel að sér á því sviði. Próftaka í umferðarreglum, áður en ökuskírteini er endurnýjað, þykir líkleg leið til þess að tryggja það, að ökumenn rifji upp kunnáttu sína í umferðarreglum og fylgist með þeim breytingum og nýmælum, sem orðið hafa frá fyrri próftöku.

Nefndin gerir sér grein fyrir, að framkvæmd prófa samkvæmt tillögunni er umfangsmikið verkefni. Enn er fjöldi endurnýjana ökuskírteina hér á landi þó ekki svo mikill, að próf séu óframkvæmanleg. Á það einkum við, ef haft er í huga einfalt form skriflegra prófa, þar sem próftaki þarf einungis að merkja við rétt svör. Ef tillagan nær fram að ganga, þarf að gefa út stuttan leiðbeiningabækling með upplýsingum um allar þær reglur, sem ökumanni er nauðsynlegt að kunna fyrir próf.

Samkvæmt gildandi reglum er gert ráð fyrir, að lögreglustjóri krefjist þess, að sá, sem sækir um endurnýjun ökuskírteinis, gangi undir próf að nýju, ef meira en tvö ár eru liðin frá því að ökuréttindi umsækjanda féllu niður. Nefndin leggur til, að þessu ákvæði verði breytt þannig, að umsækjandi verði látinn ganga undir próf, ef meira en eitt ár er liðið frá því að ökuréttindi hans féllu niður.

Um I, 5.

Nefndin telur nauðsynlegt, að settar verði reglur um læknisskoðun á þeim, er sækja um ökuskírteini, og gefin verði út sérstök eyðublöð fyrir vottorð. Engar reglur hafa verið settar um þetta efni og eyðublöð þau, sem nú eru notuð, eru ófullnægjandi.

Um II, 1.

Samkvæmt 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna skal lögreglustjóri svipta mann ökuleyfi til bráðabirgða, ef hann telur sökunaut hafa unnið til ökuleyfissviptingar. Skal sú ákvörðun lögreglustjóra borin undir úrskurð dómara svo fljótt sem verða má og eigi síðar en viku eftir sviptinguna. Ákvæði þessi hafa reynzt mjög erfið í framkvæmd, aðallega vegna þess, að dómendur telja óeðlilegt, að þeir tjái sig um viðurlög við brotum, fyrr en öll gögn máls liggja fyrir, nema mjög sérstaklega standi á.

Með breytingu þeirri, sem tillagan gerir ráð fyrir, er framkvæmd ákvæða um bráðabirgðasviptingu gerð auðveldari, án þess að gengið sé á sjálfsagðan rétt sökunauts til að bera ákvörðun stjórnvalds undir dómara.

Um II, 2.

Nefndin telur ökuleyfissviptingu eitt hið allra mikilvægasta tæki til réttarvörzlu í umferðarmálum og einna líklegustu ráðstöfun til þess að varna alvarlegum umferðarlagabrotum. Af þeim ástæðum telur nefndin að beita beri ökuleyfissviptingu í til muna ríkara mæli en gert hefur verið til þessa.

Vegna ört vaxandi málafjölda mun eigi verða hjá því komizt, að breyta ákvæðum laga um ökuleyfissviptingu þannig, að beita megi þeim án langvarandi málareksturs. Í tillögum nefndarinnar er bent á nýjar leiðir í þessum efnum að fordæmi ýmissa nágrannalanda vorra. Eru reglur þar nokkuð mismunandi, en víðast hvar er svipting ökuréttinda og afturköllun ökuskírteinis stjórnvaldsráðstöfun.

Samkvæmt norskri löggjöf er það á starfssviði lögreglustjóra að kveða upp úrskurð um afturköllun ökuskírteinis, ef skírteinishafi hefur verið dæmdur fyrir refsiverðan verknað og nauðsynlegt þykir, vegna umferðaröryggis eða annarra hagsmuna almennings.

Í Svíþjóð er svipting ökuréttinda og afturköllun ökuskírteina stjórnvaldsráðstöfun með svipuðum hætti eins og í Noregi. Samkvæmt sænskri löggjöf gefur héraðsstjórn út ökuskírteini og sami aðili hefur vald til að afturkalla útgefið ökuskírteini um tiltekinn tíma eða fyrir fullt og allt. Svipaðar reglur gilda í ýmsum öðrum löndum Evrópu og í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Í Bretlandi voru sett ný umferðarlög á árinu 1962, en nýjar reglur um sviptingu ökuréttinda tóku gildi þar í landi 29. maí 1963. Eru þar gerðar mjög róttækar breytingar frá fyrri reglum og er lögð áherzla á mikilvægi ökuleyfissviptinga til þess að halda uppi góðri reglu í umferðarmálum. Meginreglan er sú í Bretlandi, að dómstólar ákveða ökuleyfissviptingu, en þeim eru settar mjög ákveðnar starfsreglur í þeim efnum.

Hér er um mikilsvert mál að ræða og leggur nefndin til, að lagaákvæði um ökuleyfissviptingu verði tekin til gagngerðrar endurskoðunar.

Um III, 1.

Miðað við aðstæður hér á landi og eðli málsins, hljóta sektir að vera aðalrefsing fyrir umferðarlagabrot. Á miklu veltur, að upphæðir sekta séu í samræmi við verðgildi peninga og hæfilega háar til þess að hafa tilætluð varnaráhrif. Vitað er, að núverandi sektaupphæðir eru allmiklu lægri en áður tíðkaðist miðað við verðgildi peninga, svo og að þær eru margfalt lægri en sektir fyrir samsvarandi brot í nágrannalöndunum. Leggur nefndin til, að þessu verði breytt hið fyrsta.

Um III, 2.

Ölvun við akstur er eitt allra alvarlegasta brot gegn umferðaröryggi. Þrátt fyrir mikla varnarvörzlu, hefur geigvænleg aukning orðið á tölu þeirra manna, sem aka með áfengisáhrifum. Orkar eigi tvímælis, að leita beri allra ráða til að fyrirbyggja það brot. Réttindasvipting er þar vafalaust mikilsvert tæki, sem æskilegt er, að beitt verði án óeðlilegrar tafar, en um það er m. a. fjallað í tillögu nefndarinnar í tölulið II. Enn fremur er framkvæmd refsidóma mikilvægt atriði.

Upplýst er, að eigi hefur verið unnt að fullnægja varðhaldsdómum þeim, er upp hafa verið kveðnir út af ölvunarbrotum við akstur. Hefur þeim mörg undanfarandi ár verið breytt í sektir.

Lagt er til, að mál þessi verði tekin til sérstakrar athugunar og að sektir í sambandi við náðanir verði hækkaður til mikilla muna, að framkvæmdareglunni óbreyttri.

Um IV, 1.

Hinn mikli fjöldi umferðarlagabrota undanfarin ár, hefur í vaxandi mæli íþyngt dómstólum landsins. Þetta hefur í mörgum tilvikum leitt til þess, að

afgreiðsla umferðarmála hefur dregizt úr hömlu. Ljóst er, að hér er um að ræða vaxandi vandamál, sem ekki verður leyst með fjölgun dómara eingöngu.

Nokkur tilraun hefur verið gerð hér á landi til lausnar framangreinds máls með sektagerðum lögreglumanna. Hefur sú tilraun gefið góða raun svo langt sem hún nær. Notfæra má þá reynslu til frekari útfærslu á sektagerðum yfirvalda og gæti það dregið mikið úr þeirri tölu mála, sem dómstólar þurfa nú að fjalla um.

Gert er ráð fyrir í tillögunni, að stjórnvald megi afgreiða brot með allt að 3000 króna sekt. Kemur þá jafnframt til álita, hvort eigi sé rétt að binda heimild til hærri sektagerða en kr. 500.00 við það, að lögreglustjóri gefi sökunaut bréflega kost á að ljúka máli með hæfilegri sektargreiðslu innan ákveðins tíma.

Nefndin vill taka það sérstaklega fram, að brýn nauðsyn er á því, að dómstólar hækki verulega sektir þeirra sakborninga, sem neita að fallast á sektargerð stjórnvalds að ástæðulausu.

Varðandi þau umferðarmál, sem verða að koma fyrir dómstóla, þykir nauðsynlegt að kanna leiðir til að gera meðferð þeirra einfaldari, enda mun athugun í þeim efnum nú þegar hafin um meðferð dómsmála almennt.

Um V, 1.

Talið er, að beiting endurkröfuréttar á hendur þeim, sem valda slysum, geti orðið mikilvægur þáttur í varnarvörzlu í sambandi við umferðarmál.

Vill nefndin því mæla með því, að nýmæli umferðarlaga um þessi efni verði látin koma sem fyrst til framkvæmda.

Reykjavík, 10. nóvember 1965.

Sigurjón Sigurðsson. Arinbjörn Kolbeinsson. Sigurður Jóhannsson.
Jóhannes Briem. Gestur Ólafsson. Bergsteinn Guðjónsson.
Einar Ögmundsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn umferðarlaganefndar um bráðabirgðaálit rannsóknarnefndar umferðarslysa.

Dómsmálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 3. janúar s. l., sent umferðarlaganefnd til umsagnar bráðabirgðaálit rannsóknarnefndar umferðarslysa, dags. 10. nóvember f. á., ásamt tillögum nefndarinnar um ýmis atriði, sem varða ökumenn, veitingu ökuleyfa, sviptingarreglur, refsingar við brotum á umferðarlögum og meðferð mála út af þeim.

Umferðarlaganefnd hefur kynnt sér álit rannsóknarnefndarinnar og tillögur, og fara hér á eftir athugasemdir nefndarinnar við einstaka liði í tillögum þeim, sem fram koma í álitinu.

Um I, 1.

Umferðarlaganefnd er sammála því, að nauðsynlegt sé að kveða nánar á um reglusemi þess, sem sækir um ökuskírteini, og telur nefndin tillögur rannsóknarnefndarinnar um þetta efni við hæfi. Nefndin telur, að ákvæði um þetta efni eigi heima í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., nr. 57 12. apríl 1960, og leggur til, að við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar verði bætt ákvæði, sem verði lögreglustjóra til leiðbeiningar um mat á reglusemi manna, þannig að manni verði eigi að jafnaði leyfð próftaka, ef hann á síðastliðnum 12 mánuðum hefur hlotið refsingu fyrri ölvun, nema um sé að ræða einstakt tilvik hjá manni, sem að öðru leyti má telja áreiðanlegan og samvizkusaman. Þrátt fyrir ákvæði þetta mundi lögreglustjóra rétt að synja manni próftöku, ef hann samkvæmt öðrum upplýsingum, telur hann eigi nægilega reglusaman, enda þótt eigi hafi verið refsað fyrir þær ávirðingar.

Um I, 2.

Umferðarlaganefnd fellst á, að það geti leitt til aukinnar aðgæzlu af hálfu þeirra, sem fá ökuskírteini, ef fylgzt verður sérstaklega með akstursferli þeirra fyrsta árið. Samkvæmt 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga er gert ráð fyrir því sem aðalreglu, að ökuskírteini gildi í 5 ár. Heimilt er þó að gefa út ökuskírteini til skemmri tíma, ef sérstaklega stendur á. Í reglugerð um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., er þaning ákveðið, að ökuskírteini fyrir þann, sem orðinn er 70 ára, megi gefa út til skemmri tíma. Sama gildir, þegar vafi er um reglusemi umsækjanda eða vænta má, að andlegt eða líkamlegt atgervi hans breytist að mun á næstu 5 árum.

Umferðarlaganefnd telur, að til þess að ákveða, að ökuskírteini, útgefið fyrsta sinni, skuli almennt gilda í eitt ár, þurfi að breyta 6. mgr. 27. gr. umferðarlaganna. Er nefndin sammála því, að ákvæði um þetta verði efnislega samhljóða tillögum rannsóknarnefndarinar. Hefur nefndin samið tillögu um breytingu á 6. mgr. 27. gr. umferðarlaganna, þar sem miðað er við það, að fyrsta ökuskírteini verði gefið út sem bráðabirgðaskírteini, er gildi í eitt ár, og að sérstök athugun fari fram á ökumannsferli umsækjanda áður en fullnaðarskírteini er gefið út. Gert er ráð fyrir, að um nánari framkvæmd ákvæðis þessa verði kveðið í reglugerð.

Um I, 3.

Fallast má á tillögu rannsóknarnefndarinnar um að umsækjanda um þátttöku í meiraprófsnámskeiði megi ekki á síðustu 12 mánuðum fyrir umsókn hafa verið refsað fyrir vítaverða akstursháttu, og er lagt til, að við d-lið 12. gr. reglugerðar um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., verði bætt ákvæði um það efni.

Um I, 4.

Samkvæmt 6. mgr. 27. gr. umferðarlaga skal sá, sem óskar endurnýjunar á ökuskírteini sínu, sanna, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Lögreglustjóri ákveður, hvort hlutaðeigandi skuli þá að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf. Umferðarlaganefnd er sammála því, að rétt sé að ákveða, að sá, sem óskar endurnýjunar á ökuskírteini, skuli látinn sanna kunnáttu sína í umferðarlöggjöf með skriflegu prófi. Telur nefndin, að með því móti megi tryggja það betur en ella, að ökumenn rifji upp þekkingu sína á umferðarreglum og fylgist með breytingum og nýmælum á því sviði. Nefndinni er ljóst, að verði ákveðið að halda slík próf, jafnvel þótt haft sé í huga einfalt form skriflegra prófa, þá er um að ræða umfangsmikið verkefni, einkum þó í Reykjavík. Nefndin hefur athugað, að endurnýjanir ökuskírteina í Reykjavík voru 4113 árið 1964 og 4392 árið 1965. Þau sömu ár voru ný ökuskírteini 1967 og 2084 að tölu. Nefndin telur þó, að fyrirkomulag þetta muni verða framkvæmanlegt um nokkurt árabil. Til þess að koma á slíkum skriflegum prófum telur nefndin að breyta þurfi ákvæði 6. mgr. 27. gr. umferðarlaganna, og leggur hún því til, að málsgreininni verði breytt á þann veg, að heimild verði veitt til próftöku þessarar. Gert er ráð fyrir því, að nánari reglur um próf þetta verði síðan settar í reglugerð.

Umferðarlaganefnd telur rétt, að breytingar verði jafnframt gerðar á þeim ákvæðum, sem gilda um akstursþróf, þegar ökuskírteini er endurnýjað. Leggur nefndin til, að í 46. gr. reglugerðar um ökukennslu, próf ökumanna o. fl., verði tekið upp ákvæði um akstursþróf, þegar meira en eitt ár er liðið frá því, að ökuréttindi umsækjanda féllu niður, svo og þegar umsækjandi hefur eigi stjórnað bifreið síðasta árið áður en endurnýjunar er óskað. Um ferðarlaganefnd vekur athygli á því, að skriflegrar umsóknar er nú ekki krafizt við endurnýjun ökuskírteinis. Telur nefndin, að þessu þurfi að breyta. Eyðublöð þau, sem notuð yrðu, þyrftu þá m. a. að geyma spurningar um, hvort umsækjandi hafi ekið bifreið að undanförnu. Jafnframt telur nefndin rétt, að breytt verði eyðublöðum þeim, sem notuð eru við umsókn um fyrsta ökuskírteini.

Um I, 5.

Umferðarlaganefnd er sammála því, að settar verði ákveðnar og ítarlegar reglur um það, hvernig læknisrannsókn á þeim, sem um ökuskírteini sækja, skuli hagað, svo og að gefin verði út ný eyðublöð fyrir læknisvottorð. Vísar nefndin til bréfs um þetta efni, sem hún sendi dómsmálaráðuneytinu 22. júlí 1965.

Um II, 1.

Samkvæmt 4. mgr. 39. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941 gat lögreglustjóri svipt mann ökuleyfi til bráðabirgða, ef hann taldi, að viðkomandi hefði unnið til ökuleyfissviptingar. Með umferðarlögunum frá 1958 var ákvæði þetta gert ítarlegra og sökunaut veitt nokkru meira öryggi en áður með því að dómur skyldi alltaf fjalla um málið. Í reynd hefur þessi málsmeðferð þótt erfið í framkvæmd. Umferðarlaganefnd getur fyrir sitt leyti fallizt á, að ákvæði 6. mgr. 81. gr. umferðarlaganna verði breytt, þó þannig, að réttaröryggis sökunauts verði fyllilega gætt.

Leggur nefndin til, að málsgreinin orðist þannig, að telji lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, þá skuli hann svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri tilkynni viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili geti síðan krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Þá geti dómari og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra úr gildi. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu geti aðili kært til æðra dóms á sama hátt og áður.

Um II, 2.

Umferðarlaganefnd er sammála því, að ökuleyfissvipting sé einhver áhrifamesta aðferð, sem völ er á, til þess að auka öryggi í umferðinni og vinna gegn umferðarslysum. Minnir nefndin á, að með 81. gr. umferðarlaganna var gerð breyting á eldri ákvæðum um ökuleyfissviptingu. Í stað þess, að áður mátti beita ökuleyfissviptingu, ef ökumaður hafði gerzt sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef talið var, með hliðsjón af eðli brots og annars framferðis kærða sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuleyfi, þá er nú í 81. gr. laganna ákveðið, að þetta skuli gera. Nefndin telur, að minna hafi orðið úr framkvæmd þessa ákvæðis en til var ætlazt.

Umferðarlaganefnd telur tillögur þær, sem fram koma í áliti rannsóknarnefndarinnar, athyglisverðar. Nefndin er sammála því, að nauðsynlegt er að koma því svo fyrir, að hægt sé að hraða meðferð mála, þar sem ökuleyfissvipting á við. Hins vegar hefur hún eigi að svo stöddu treyst sér til þess að taka upp tillögur um það, að ökuleyfissvipting verði gerð að stjórnvaldsráðstöfun að einhverju leyti eða öllu í stað þess, að hún er nú gerð með dómi. Telur nefndin, að mál þetta þurfi frekari könnunar við. Mun nefndin halda áfram athugunum sínum á þessu sviði.

Um III, 1.

Ákvæði umferðarlaganna um sektir eru í samræmi við almenna löggjöf á því sviði, m. a. að því leyti, að hafa skal hliðsjón af efnahag sökunauts. Umferðarlaganefnd telur, að þegar tekið er tillit til breytinga á verðgildi peninga, hafi sektafjárhæðir almennt ekki fylgt nægilega breytingum á verðlagi, og hafi þær því eigi jafn mikil varnaðaráhrif og æskilegt er. Umferðarlaganefnd telur nauðsynlegt, að viðhorf dómara til mála þessara breytist.

Um III, 2.

Umferðarlaganefnd er kunnugt, að vegna skorts á fangahúsnæði hefur eigi verið unnt að fullnægja varðhaldsdómum þeim, sem kveðnir eru upp vegna brota á umferðarlögum. Hefur refsingu samkvæmt þessum dómum því að jafnaði verið breytt í fjársektir. Nefndin telur þetta miður farið, enda má ætla, að það hafi ekki tilætluð varnaðaráhrif, ef varðhaldsdómum er almennt breytt í sekt.

Um IV, 1.

Umferðarlaganefnd mælir með því, að lögreglustjóra verði veitt heimild til þess að bjóða sökunaut bréflega upp á greiðslu sektar vegna brota á umferðarlögum. Jafnframt telur nefndin rétt, að endurskoðaðar verði reglur þær, sem gilda um sektagerðir lögreglumanna. Telur nefndin, að með þessu megi draga að verulegu leyti úr þeim fjölda mála, sem til dómara ganga, jafnframt því sem afgreiðsla málanna verði gerð einfaldari. Nefndin bendir þó á, að þýðingarmikið er, að mál þau, er til dómstóls ganga, hljóti skjóta afgreiðslu.

Um V, 1.

Umferðarlaganefnd er sammála því, að það getur haft mikil áhrif til varnaðar, ef því er fylgt eftir, að beitt sé heimild vátryggingafélaga til að endurkrefja tjónabætur hjá þeim, sem valdið hefur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Reykjavík, 17. febrúar 1966.

Sigurjón Sigurðsson. Ólafur W. Stefánsson. Sigurður Jóhannsson.
Ben. Sigurjónsson. Theodór B. Líndal.

Nd. 254. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á mörgum fundum, rætt við höfunda þess og leitað umsagnar þeirra aðila, sem ekki höfðu áður látið í ljós álit á frv. Er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem till. er gerð um á sérstöku þingskjali.

Meginbreytingin er sú, að fallið er frá stofnun embættis og skrifstofu iðnfræðslustjóra, en iðnfræðsluráð og menntamálaráðuneytið sjálft annist yfirstjórn iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla. Þá er gerð tillaga um fjölgun í iðnfræðsluráði úr 7 í 9, og er bætt við fulltrúum frá Iðnnemasambandi Íslands og iðnverkafólki.

Frv. gerir ráð fyrir 8 iðnskólum þar sem koma eigi upp verknámsskólum. N. leggur til, að þessir skólar verði 10, og fer þar eftir núverandi aðstæðum. Þá er lagt til, að bætt verði í 13. gr. ákvæði, er feli menntamálaráðherra að tryggja sérhæfingu verknámsskólanna.

Smávægileg brtt. er við 20. gr. Er það skilningur n., að iðnskólar skuli vera opnir nemendum, sem þá vilja sækja, enda þótt þeir stundi ekki iðnnám eftir samningi við meistara.

Alþingi, 22. febr. 1966.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Axel Jónsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Björn Fr. Björnsson. Einar Olgeirsson. Gunnar Gíslason.
Guðl. Gíslason.

Nd. 255. Breytingartillögur [12. mál]

við frv. til l. um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Iðnfræðsluráð fer með framkvæmda mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, undir yfirstjórn ráðherra.
   Iðnfræðsluráð hefur yfirstjórn kennslueftirlits, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 9 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.
   Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.
3. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „Iðnfræðslustjóri skipar fulltrúa, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs“ í 1. mgr. komi: Iðnfræðsluráð skipar fulltrúa.
   b. Í stað orðsins „iðnfræðslustjóri“ á tveim stöðum í 2. mgr. komi: iðnfræðsluráð.
4. Við 7. gr. Í stað orðanna „Iðnfræðslustjóri skipar, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs“ komi: Iðnfræðsluráð skipar.
5. Við 10. gr.
   a. Í stað orðsins „Iðnfræðsluskrifstofan“ komi á tveim stöðum: Iðnfræðsluráð.
   b. Í stað orðsins „Hún“ í síðasta málslið komi: Það.
6. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Iðnskólar skulu vera einn í hverju kjördæma landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:
   1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
   2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
   3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
   4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
   5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
   6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
   7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.

8. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðsuráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskóla skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

7. Við 13. gr.
   a. Á eftir 4. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:
      Ráðherra skal sjá um, að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tilteknum greinum og skipti með sér verkum, eftir því sem við verður komið.
   b. Í síðustu mgr. falli niður orðin „iðnfræðslustjóra og“.
8. Við 15. gr. Við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
   Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.
9. Við 18. gr.
   a. Fyrsta mgr. orðist svo:
      Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara iðnfræðsluskóla, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar.
   b. Í 2. mgr. falli orðin „iðnfræðslustjóra og“ niður.
10. Við 20. gr. Í stað orðsins „og“ í 2. línu komi: eða.
11. Við 23. gr. Við gr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
    Iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skal hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.
12. Við 39. gr. Orðið „iðnfræðslustjóra“ í 5. lið falli niður.
13. Við 44. gr. Í stað orðsins „Iðnfræðsluskrifstofan“ í síðustu mgr. komi: Iðnfræðsluráð.
14. Við 45. gr. Orðin „iðnfræðslustjóra og“ í síðustu mgr. falli niður.
15. Við 48. gr. Orðin „iðnfræðslustjóra og“ falli niður.

Sþ. 256. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um undirbúning löggjafar um embætti lögsögumanns.

Flm.: Kristján Thorlacius, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa fimm manna nefnd til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns, með sérstakri hliðsjón af löggjöf á Norðurlöndum um embætti „ombudsmands“.

Hverjum þingflokki skal gefinn kostur á að tilnefna einn mann í nefndina. Hinn fimmti skal tilnefndur af hæstarétti, og sé hann formaður.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á Alþingi 1964 og 1965, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Þingsályktunartillaga þessi fjallar um nefndarskipun til þess að undirbúa löggjöf um stofnun embættis lögsögumanns með sérstakri hliðsjón af löggjöf Norðurlanda um störf „ombudsmands".

Í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið komið á fót embættum, sem hafa því hlutverki að gegna að tryggja, að einstaklingar í þjóðfélaginu séu ekki beittir órétti eða valdníðslu. Embættismaður þessi hefur hjá nágrannaþjóðum okkar verið nefndur „ombudsmand".

Í tillögu þessari er lagt til, að hliðstæður íslenzkur embættismaður beri hið forna heiti lögsögumaður. Þykir fara vel á því, þar sem eitt af verkefnum hans yrði að leiðbeina mönnum um, hvað væru lög, en einmitt því hlutverki gegndi lögsögumaðurinn að fornu, þótt með öðrum hætti væri.

Svíar hafa lengsta reynslu af starfi „ombudsmands" síns, en þar í landi var slíkt embætti stofnað árið 1809 og hefur verið rækt síðan. Annars staðar á Norðurlöndum er þessi starfsemi miklu yngri. Norsk löggjöf um þetta efni var sett á árinu 1962.

Hér á landi hefur á síðari áratugum orðið ör þróun í þá átt, að ríkisvaldið og bæjaryfirvöld hafi æ meiri afskipti af málum, er snerta daglegt líf einstaklinganna. Og þótt allir eigi að vera jafnir fyrir lögunum, vill út af því bregða.

Tilgangurinn með stofnun embættis lögsögumanns á að vera sá að auka möguleika þess, að lög og reglur þjóðfélagsins gangi réttlátlega yfir alla. Er þá jöfnum höndum átt við þau hlunnindi, sem þjóðfélagið veitir þegnum sínum, og þær kvaðir, sem á þá eru lagðar, sem og meðferð refsimála og afplánun refsinga þeirra, er brotlegir gerast.

Löggjöf Norðurlanda um þetta efni er nokkuð sitt með hverjum hætti, og í okkar fámenna þjóðfélagi eru aðstæður á ýmsan hátt aðrar en hjá fjölmennari þjóðum. Þess vegna hlýtur löggjöf um lögsögumenn að verða í ýmsu frábrugðin hliðstæðri löggjöf annarra Norðurlandaþjóða í þessu efni.

Lagt er til, að nefnd manna úr öllum þingflokkum sé falið að annast undirbúning löggjafar þessarar, og sýnist eðlilegt, að hæstiréttur eigi þar einnig hlut að máli og tilnefni formann nefndarinnar."

Síðan þessi tillaga var fyrst flutt á Alþingi, hefur verið samþykkt löggjöf um þetta efni í Nýja Sjálandi, til viðbótar þeim löndum, sem að framan eru nefnd, og nú fyrir fáum dögum hefur brezka ríkisstjórnin lagt fyrir þingið frumvarp um sama efni, og í „hvítri bók", sem stjórnin gaf út í október 1965, er gerð ítarleg grein fyrir málinu.

Nokkrir hafa látið í ljós, að heitið „lögsögumaður" sé ekki heppilegt í þessu sambandi, og er sjálfsagt að taka fram, að flutningsmenn telja heiti þessa starfsmanns ekkert aðalatriði, heldur verkefni þau, sem honum eru ætluð, og eru reiðubúnir til samkomulags um annað starfsheiti, ef menn telja það hentugra.

Ed. 257. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Minni hluti nefndarinnar: Gils Guðmundsson, Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson, mun skila sérálíti.

Undir athugun málsins í nefndinni leitaði hún upplýsinga hjá forstöðumanni Efnahagsstofnunar ríkisins, Jónasi Haralz, um ýmis atriði frumvarpsins. Þá ræddi

nefndin einnig við fulltrúa frá eftirtöldum hagsmunasamtökum og leitaði álits þeirra um málið: Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Landssambandi isl. útvegsmanna, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og sjávarútflutningsdeild Sambands ísl. samvinnufélaga.

Það er sameiginlegt álit allra framangreindra aðila, að efni þess frumvarps, sem hér um ræðir, sé í grundvallaratriðum hið sama og gert var ráð fyrir, þegar gengið var frá fiskverðsákvörðun fyrir yfirstandandi ár.

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar eru um nokkur atriði, er miða að nánari skilgreiningu um framkvæmd laganna í einstökum atriðum.

Alþingi, 22. febr. 1966.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Sveinn Guðmundsson.

Ed. 258. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. 5. tl. orðist svo:
   Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum og ekki heldur af vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en ¼ hluti útflutningsverðsins.
2. Við 3. gr. 4. tl. orðist svo:
   Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins 1.17%
3. Við 4. gr.
   a. Niður falli orðin „nema annað sannist“ í 2. mgr.
   b. 3. mgr. orðist svo:
      Gjald skv. 1. tl. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutningsskjölum.
4. Við 6. gr. Inn í 1. mgr. bætist á eftir orðunum „öðrum hleðsluskírteinum“: útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf.
5. Á eftir 11. gr. komi ný grein, sem verði 12. gr. og orðist svo:
   Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

Ed. 259. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, eftir því sem tóm gafst til á þeim skamma tíma, sem hún hafði til umráða. Nefndarmenn gátu ekki orðið á eitt sáttir um afgreiðslu þessi. Meiri hluti n. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en undirritaður leggur til, að það verði fellt.

Enginn ágreiningur er um það, að brýna nauðsyn bar til að hækka verulega verð á ferskfiski frá því, sem verið hefur. Sú 17% hækkun, sem samþykkt var á fundi yfirnefndar verðlagsráðs sjávarafurða 6. janúar s. l., er án efa algert lágmark, eigi fiskútgerð ekki að dragast stórlega saman. Hitt atriðið, sem meiri hluti yfirnefndar lagði til í sambandi við verðákvörðun þessa, að um 4% ferskfiskshækkunarinnar skyldi mætt með breytingu á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orkar ekki aðeins tvímælis, heldur er að dómi undirritaðs mjög óeðlileg ráðstöfun. Í tillögum meiri hluta yfirnefndar var ráð fyrir því gert, að útflutningsgjaldinu yrði breytt þannig, að það miðaðist ekki lengur við verðmæti, heldur ákveðna krónuupphæð á magneiningu. Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er þessi breyting ekki gerð nema að takmörkuðu leyti. Hins vegar er meginefni frv. sú tillaga meiri hluta yfirnefndar, að lækkað skuli útflutningsgjald á þorskafurðum og hækkað gjald á síldarafurðum um nálægt 40 millj. kr.

Undirritaður er andvígur þessari breytingu á útflutningsgjaldinu af eftirtöldum ástæðum:

1) Þrátt fyrir dýrtíð og vaxandi tilkostnað er hagur frystihúsanna nú yfirleitt allgóður, þegar á heildina er litið, þótt misjafn sé vegna aðstöðumunar. Síðastliðin tvö ár hefur afkoma frystiiðnaðarins verið betri en oft áður vegna mikillar og stöðugrar hækkunar útflutningsafurða. Samkvæmt Hagtíðindum hefur meðalverð á heilfrystum fiski og fiskflökum hækkað sem hér segir:

Frá 1962 til 1963 um 4.1%, frá 1963 til 1964 um 8%, frá 1964 til 1965 um 13.2% og frá meðalverði 1965 til ársbyrjunar 1966 um 6.7%.

Það er staðreynd, að hagnaður á rekstri frystihúsa hefur verið allverulegur árin 1964 og 1965. Þá er og ljóst, að ekki þarf nema litla hækkun útflutningsverðs afurða þeirra á árinu 1966 til að mæta að fullu þeirri 4% hækkun á ferskfiskverði, sem hér er um að ræða.

Margt virðist því benda til þess, að frystiiðnaðurinn geti staðið undir þeirri 17% hækkun á ferskfiskverði, sem ákveðin var nú í ársbyrjun, án þess að sérstakar ráðstafanir komi til.

2) Enda þótt fallizt væri á þá skoðun, að nauðsyn bæri til að hækka ferskfiskverð meira en frystihúsaiðnaðurinn þætti fær um að greiða, bæri að líta á það sem almennt þjóðfélagslegt vandamál og því eðlilegt að leysa það samkvæmt venjulegum skattheimtuleiðum. Hitt er bæði hæpin og í hæsta máta varhugaverð ráðstöfun, að skattleggja sérstaklega eina grein atvinnurekstrar til hagsbóta annarri.

3) Sá 40 millj. kr. skattur, sem með frv. þessu er ætlunin að taka af síldarafurðum, jafnframt því sem sömu upphæð er létt af afurðum hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva, mun óhjákvæmilega lækka síldarverð allverulega frá því, sem ella hefði orðið. Skattlagning þessi bitnar á síldveiðisjómönnum og síldarútvegsmönnum. Óumdeilanlegt er, að síldveiðar eru háðar meiri sveiflum en nokkur atvinnurekstur annar, sem hér er stundaður að einhverju ráði. Síldveiði hefur að vísu verið mikil síðustu tvö til þrjú ár, en áður hafði um langan tíma verið hinn mesti aflabrestur á síldveiðum. Enginn getur sagt fyrir, hvað komandi tími ber í skauti sínu. Og jafnvel á þeim síldarárum, sem verið hafa nú um skamma hríð, er langur vegur frá, að allir síldarútvegsmenn og sjómenn hafi haft öfundsverða afkomu. Hvert þessara ára hafa nokkrir tugir síldveiðiskipa orðið að fá bætur úr Aflatryggingasjóði, og nokkur hundruð síldveiðisjómanna hafa ekki borið meira úr býtum en hlutartrygginguna eina. Afkomumöguleikar þessara manna verða einnig rýrðir með þeirri skerðingu síldarverðs, sem hér er ætlunin að lögfesta. Enn má geta þess, að mörg síldveiðiskipanna eru ný og mjög dýr. Þau verði því að afla vel og fá gott verð fyrir aflann, eigi þau að hafa skaplegan rekstrargrundvöll.

4) Loks er nauðsynlegt að horfast í augu við þá staðreynd, að öll verðjöfnun af þessu tagi milli framleiðslugreina er mjög viðkvæmt og áhættusamt fyrirtæki, eins og dæmi sanna. Það þarf sterk rök til að sannfæra þá, sem ætlunin er að skattleggja í þágu annarra, um réttmæti slíkra ráðstafana. Telji þeir sinn hlut fyrir

borð borinn, gæti af því leitt ný vandkvæði, sem enginn kærði sig um að til hefði verið stofnað.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, legg ég til, að frv. verði felld.

Alþingi, 23. febr. 1966.

Gils Guðmundsson.

Sþ. 260. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um rétt Íslands til landgrunnsins.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Gísli Guðmundsson, Helgi Bergs, Jón Skaftason, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að vinna ásamt ríkisstjórninni að því að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, sbr. ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í auglýsingu nr. 4 frá 1961.

Greinargerð.

Lögin um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, nr. 44/1948, byggjast á þeirri hugsun, að Íslendingar eigi rétt til landgrunnsins alls og að þeir fari þar með fulla lögsögu og yfirráð. Hafa reglugerðir um útfærslu landhelginnar verið settar með skírskotun til þeirra laga, svo sem kunnugt er. En þó að það sé sjálfsagt réttlætismál í augum Íslendinga, að landgrunnið með öllum þess gögnum og gæðum, þar með talin fiskimið á landgrunninu, tilheyri Íslandi, hefur sú regla, að strandríki hafi einkarétt til fiskimiða landgrunns þess, ekki enn náð viðurkenningu sem þjóðréttarregla. Það hefur Alþingi verið ljóst. Hinn 5 maí 1959 samþykkti Alþingi svo hljóðandi þingsályktun um landhelgismál:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega brotum þeim á íslenzkri fiskveiðilöggjöf, sem brezk stjórnarvöld hafa efnt til með stöðugum ofbeldisaðgerðum brezkra herskipa innan íslenzkrar fiskveiðilandhelgi, nú nýlega hvað eftir annað jafnvel innan fjögurra mílna landhelginnar frá 1952. Þar sem þvílíkar aðgerðir eru augljóslega ætlaðar til að knýja Íslendinga til undanhalds, lýsir Alþingi yfir, að það telur Ísland eiga ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, og að ekki komi til mála minni fiskveiðilandhelgi en 12 mílur frá grunnlínum umhverfis landið."

Þessi þingsályktunartillaga var flutt af utanríkismálanefnd og samþykkt samhljóða á Alþingi.

Eins og ljóst er af henni, telur Alþingi, að Ísland eigi ótvíræðan rétt til 12 mílna fiskveiðilandhelgi, þ. e. að sú landhelgisákvörðun sé í fullu samræmi við þjóðréttarreglur, svo sem nú mun raunar almennt viðurkennt. En jafnframt lýsir Alþingi yfir þeim vilja sínum, „að afla beri viðurkenningar á rétti þess til landgrunnsins alls, svo sem stefnt var að með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948." Í þessari viljayfirlýsingu Alþingis felst auðvitað áskorun til ríkisstjórnarinnar um að reyna að afla þeirrar viðurkenningar.

Í samningnum við Breta um lausn fiskveiðideilunnar frá 1961, sbr. auglýsingu nr. 4/1961, segir svo: „Ríkisstjórn Íslands mun halda áfram að vinna að framkvæmd ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959 varðandi útfærslu fiskveiðilögsögunnar við Ísland, en mun tilkynna ríkisstjórn Bretlands slíka útfærslu með sex mánaða fyrir-

vara, og rísi ágreiningur um slíka útfærslu, skal honum, ef annar hvor aðili óskar, skotið til Alþjóðadómstólsins."

Hér áskilja Íslendingar sér að vísu rétt til einhliða útfærslu fiskveiðilögsögunnar, hvort heldur er til landgrunnsins alls eða tiltekinna svæða þess, svo sem stefnt var að með ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og landgrunnslögunum frá 1948, en báðir samningsaðilar skuldbinda sig til að hlíta úrskurði Alþjóðadómstólsins um lögmæti útfærslunnar, ef til ágreinings skyldi um hana koma.

Ljóst er af þessu, að möguleikar Íslendinga til frekari landhelgisútfærslu og til friðunaraðgerða á landgrunninu eru mjög komnir undir því, hver þróun þjóðréttarreglna verður á þessu sviði. Skiptir því miklu, að fylgzt sé sem allra bezt með réttarþróuninni í þessum efnum og reynt sé með öllum tiltækum ráðum að stuðla að hagstæðri réttarþróun. En á því leikur enginn vafi, að á undanförnum árum hefur þróun þjóðréttarreglna um landhelgi verið okkur Íslendingum hagstæð, bæði um víðáttu eiginlegrar fiskveiðilandhelgi og um rétt ríkja yfir landgrunninu, en nú mun viðurkenndur umráðaréttur ríkja yfir hafsbotninum á landgrunninu, hvort heldur er til rannsókna eða nýtingar náttúruauðlinda þar. Hitt er einnig víst, að með staðfastri baráttu sinni í landhelgismálinu áttu Íslendingar drjúgan þátt í þeirri þróun.

Þó að mikið hafi áunnizt með útfærslu landhelginnar, fer því fjarri, að framtíðarhagsmunum íslenzku þjóðarinnar á því sviði sé þar með fullnægt. Þar er ekki fullur sigur unninn, fyrr en viðurkenndur hefur verið réttur þjóðarinnar yfir fiskimiðum landgrunnsins, svo að hún geti sett þær reglur um fiskveiðar þar og friðunaraðgerðir, sem þörf er á til verndunar fiskstofnum og varnar gegn ofveiði. En það mun nú samdóma álit allra, sem gerst þekkja til, að veiði á uppeldisstöðvum fiskstofnanna á landgrunninu utan núgildandi landhelgislínu gangi langt úr hófi fram. Er þar mikil og alvarleg hætta á ferð, jafnvel svo að lífshagsmunir þjóðarinnar eru í húfi. Nútíma veiðitækni hefur stóraukið þá hættu. Rannsóknir munu sýna, að Íslendingar veiða ekki nema örlítið brot af þeim ungfiski, sem þar er um að ræða.

Það er því orðin brýn og aðkallandi þörf framkvæmda á grundvelli ályktunar Alþingis frá 5. maí 1959, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í auglýsingu nr. 4/1961. Það þarf að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu. Undirbúning þess máls þarf að hefja sem skjótast. Ákvarðanir í því máli þarf að undirbúa vandlega og á svipaðan hátt og landhelgisútfærslan var undirbúin á sínum tíma. Setja þarf kunnáttumenn til að kynna sér mál þessi öll og réttarþróunina sem rækilegast, svo og til að kynna öðrum þjóðum málstað Íslands og stuðla með öllum tiltækum úrræðum að þeirri réttarþróun, sem stefnt er að með framangreindri Alþingisályktun. Það er þjóðarnauðsyn, að um mál þetta og allar ákvarðanir sé sem allra mest samstaða stjórnmálaflokkanna og þjóðarinnar allrar. Framgangur málsins er ekki hvað sízt undir því kominn, að um það og þær leiðir, sem ákveðið verður að fara, skapist fullur einhugur innanlands. Þess vegna er hér lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til þess að hafa forustu í þessu máli ásamt ríkisstjórninni. Með því er bezt tryggð samstaða. Allar framkvæmdir verða, eins og áður er sagt, að byggjast á vandlegum undirbúningi. Það þarf að leggja höfuðáherzlu á sérstöðu Íslands í þessu máli. Það þarf að safna saman og hafa tiltæk öll rök fyrir málstað Íslands, hvort heldur eru siðferðislegs, sögulegs, efnahagslegs eða lagalegs eðlis. En höfuðatriðið er, að eins og málum nú er komið, þolir það enga bið, að þegar í stað sé farið að vinna að því með festu og á skipulegan hátt að tryggja Íslandi fulla lögsögu yfir landgrunninu, svo sem stefnt var að með þingsályktuninni frá 1959 og landgrunnslögunum frá 1948. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt.

Sþ. 261. Þingsályktun [17. mál]

um markaðsrannsóknir og sölustarfsemi í þágu útflutningsatvinnuveganna.

(Afgreitt frá Sþ. 23. febrúar.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við fulltrúa atvinnuveganna, á hvern hátt megi efla markaðsrannsóknir og markaðsleit í þágu útflutningsatvinnuvega þjóðarinnar, og verði niðurstöður þessara athugana lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 262. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur haft frv. til athugunar. Hún hefur haldið um það nokkra fundi og fengið til viðræðna við sig forstjóra Efnahagsstofnunarinnar, Jónas H. Haralz, sem var oddamaður yfirnefndar um fiskverðið í vetur, og skýrði hann n. frá ýmsum útreikningum og athugunum, sem lágu til grundvallar verðlagningunni, og sjónarmiðum, sem frv. byggðist á, og fulltrúa fiskkaupenda, sem mæltu með meginefni frv. Þá mættu einnig á fundi n. fulltrúar fiskseljenda. Voru það í fyrsta lagi framkvæmdastjóri og erindreki L. Í. Ú., sem lýstu því yfir, að stjórn L. Í. Ú. hefði lýst sig samþykka frv. og að efni fiskverðssamkomulagsins hefði verið rætt á fundum útvegsmanna víðs vegar um land, án þess að andmæli hafi komið fram gegn því atriði þeirra, sem þetta frv. fjallar um. Í öðru lagi voru það fulltrúar sjómanna, þ. e. formaður Sjómannasambands Íslands, fulltrúi A. S. Í. í verðlagsráði og fulltrúi stjórnar Farmanna- og fiskimannasambandsins. Skýrðu þeir frá því, að andmæli gegn frv. lægju ekki fyrir af hálfu samtaka þeirra, og formaður Sjómannasambandsins lýsti því enn fremur yfir, að víðtækur skilningur á nauðsyn þessa máls væri fyrir hendi meðal sjómanna og hann gerði ekki ráð fyrir andúð á málinu af þeirra hálfu.

Í n. varð ekki samstaða um afgreiðslu málsins.

Undanfarin ár hefur verið einstakt góðæri til sjávarins og aflabrögð miklu meiri en nokkru sinni áður. Stórfelldar verðhækkanir á erlendum mörkuðum í mörg ár í röð hafa skapað hagstæðari söluskilyrði en áður hafa þekkzt.

Ytri skilyrði fyrir góðri afkomu útgerðarinnar og fiskiðnaðarins hafa því verið ákjósanleg, en mega sín því miður lítils gegn verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar. Óðaverðbólgan er bókstaflega að sliga sjávarútveginn, eins og raunar aðrar framleiðslugreinar landsmanna, þrátt fyrir þessi hagstæðu ytri skilyrði.

Þegar verðleggja skyldi þorskfiskafla nú um áramótin, var ljóst, að veruleg hækkun yrði að verða á fiskverðinu af þessum sökum. Varð það niðurstaða yfirnefndar verðlagsráðs, að verðið til bátanna yrði að hækka um 17%. Vafalaust mátti sú hækkun ekki minni vera, enda virðist á það skorta, að þetta verðlag tryggi eðlilega útgerð á þessari vertíð. En þá kom í ljós, að verkunarstöðvarnar og hraðfrystihúsin voru ekki talin geta staðið undir þeirri hækkun. Nú er það að vísu mjög misjafnt vegna aðstæðna, sem alkunnar eru og hér verða ekki raktar, hvaða fiskverði frystihúsin geta staðið undir, en í þessu frv. er engin viðleitni til að jafna þann aðstöðumun. Vafalaust er það rétt, að a. m. k. fjölmörg frystihúsanna höfðu ekki möguleika á að taka þessa hækkun alla á sig. Það er þó ekki vegna þess, að þau hafi á undanförnum árum farið varhluta af þeim verðhækkunum, sem orðið hafa á mörkuðunum.

Meðalútflutningsverð hraðfrystra flaka var á árinu 1965 fjórðungi hærra en á árinu 1963 og verðlag óverkaðs saltfisks, sem er önnur aðalframleiðsluvaran, var fullum þriðjungi hærra 1965 en 1963.

En þessar miklu hækkanir hafa horfið í hít óðaverðbólgunnar.

Það á við um fiskiðnaðinn eins og aðrar framleiðslugreinar okkar, að undirrót þeirra erfiðleika, sem við er að fást, er óðaverðbólgan. En ríkisstjórnin hefur aldrei fengizt til að ráðast að rótum meinsins. Ráðstafanir hennar til að vinna gegn verðbólgunni hafa einungis verði kák og sýndarmennska. Broslegir eru tilburðir hennar, þegar hún með hátíðlegum alvörusvip ráðskast í því að lækka vexti um 1% eitt árið og hækkar þá aftur um 1% það næsta og segist með því vera að skapa jafnvægi í efnahagsmálum, án þess að það hafi minnstu áhrif á það verðbólgubál, sem geisað hefur látlaust hin síðustu ár.

Nú á að leysa vanda sjávarútvegsins með því að lækka útflutningsgjöld á þorskfiskafurðum, en hækka þau jafnmikið á síldarafurðum. Með þeim hætti á að færa tæpar 40 millj. króna milli þessara atvinnugreina. En óðaverðbólgan á að fá að halda áfram að grafa undan báðum. Hér er sýnilega tjaldað til einnar nætur.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því, að með millifærslu af þessu tagi er ekki verið að taka gróðann af síldariðnaðinum og síldarútveginum, gróða, sem vafalaust er talsverður hjá sumum, til að bæta upp þeim, sem lakast eru settir, heldur er verið að taka fé af öllum, sem við síldina fást, en afkoma þeirra er mjög misjöfn. Vitað er, að útgerð margra síldveiðiskipa hefur gengið illa og tekjur sumra síldveiðisjómanna hafa ekki numið meiru en kauptryggingu.

Ekkert liggur heldur fyrir um það, hvert verðlag muni verða á síldarafurðum á þessu ári, og allsendis óséð, hvort framkvæmanlegt verður að hækka á þeim útflutningsgjöldin, eins og frv. gerir ráð fyrir og nema mun sem svarar 10 kr. á hvert síldarmál.

Þar sem ekki þarf að gera ráð fyrir, að neitt, sem máli skiptir af síldarafurðum af framleiðslu þessa árs, verði hvort eð er flutt út fyrr en í sumar, er alveg ónauðsynlegt að ákveða þessa hækkun, fyrr en betur verður séð, hvert síldarverðið getur orðið, enda mun Alþingi enn sitja að störfum í tvo mánuði. Hér er því um nýtt frumhlaup að ræða á borð við bráðabirgðalögin frá því í sumar, sem ríkisstjórnin gafst upp við að framkvæma, þótt vonandi sé, að það fái ekki eins hörmulegar afleiðingar og þau, að stöðva allan síldveiðiflotann.

Það skal á hinn bóginn, eins og áður segir, sízt dregið í efa, að frystihúsin yfirleitt og fiskverkendur þurfi a. m. k. ámóta stuðning og þeim er ætlaður með frv. þessu, en hann hefði að okkar dómi betur verið í öðru formi. Viljum við í því sambandi minna á fyrri tillögur þingmanna Framsóknarflokksins um minnkaðar álögur og aukinn stuðning við fiskiðnaðinn, s. s. lækkun vaxta, aukningu afurðalána o. fl., en slíkar tillögur þjóna því jákvæða markmiði að draga úr tilkostnaði við framleiðsluna í stað þess að velta byrðunum af einni grein á aðra, eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

Nauðsyn þess að snúa við á braut óðaverðbólgunnar er svo augljós, að ekki ætti að þurfa að færa að því frekari rök. Af hálfu þm. Framsóknarflokksins hafa oftar en einu sinni við svipuð tækifæri og nú verið bornar fram tillögur um, að allir þingflokkar snúi sér sameiginlega að því verkefni, en þær tillögur hafa verið hunzaðar af ráðandi meiri hluta. Hann einn ber ábyrgð á því ástandi, sem skapazt hefur hjá framleiðsluatvinnuvegunum í mesta góðæri í manna minnum.

Eins og aðrar atvinnugreinar eiga nær allar greinar sjávarútvegsins við vaxandi erfiðleika að stríða vegna verðbólgunnar. Nefnd hefur verið sett á fót til að leita bjargráða fyrir þann meginhluta bátaflotans, sem er undir 120 tonna stærð. Togararnir hafa engan rekstrargrundvöll. Aðeins stærstu síldarbátarnir ganga sæmilega enn þá, en ef áfram heldur sem horfir efnahagsmálastefnunni í landinu, mun verðbólgan einnig kippa grundvellinum undan rekstri þeirra fyrr en varir.

Þetta verður ekki lagað með tilfærslu á útflutningsgjöldum fremur en verð-

bólgan verður hamin með því að hringla með vextina. Aðeins raunhæfar ráðstafanir til að hafa hemil á dýrtíðinni fá hér nokkru um þokað. En til slíkra ráðstafana hefur ríkisstjórnin verið ófáanleg.

Fulltrúar samtaka sjómanna og útvegsmanna lýstu afstöðu samtaka sinna þannig, að ekki er að sjá, að þau vænti aðgerða í þá stefnu frá ríkisstjórninni, því að ekki varð annað ráðið af ummælum þeirra en að samstaða væri í samtökum útvegsmanna og allvíðtæk samstaða í samtökum sjómanna einnig um þau bráðabirgðaúrræði, sem í frv. felast. Að svo vöxnu sjáum við ekki ástæðu til að leggjast gegn framgangi frv., en munum ekki heldur ljá því stuðning okkar. Munum við halda áfram viðleitni okkar hér á háttv. Alþingi til að skapa grundvöll fyrir nýrri og heilbrigðri stefnu í efnahagsmálum.

Alþingi, 23. febr. 1966.

Helgi Bergs, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 263. Frumvarp til laga [123. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. febr.)

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenzkum sjávarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenzkra afurða telst afli, sem skip, skrásett hér á landi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 530.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum, skreið, hertum þorskhausum, verkuðum og óverkuðum saltfiski, saltfiskflökum, saltbitum, frystum hrognum, frystum humar og frystum rækjum.
   Nemi gjald samkvæmt þessum tölulið meiru en svarar 4.2% af fob-verði útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.
2. 4.2% gjald af fob-verði greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, söltuðum þunnildum og söltuðum hrognum.
3. 6% gjald af fob-verði greiðist af ísvörðum fiski, fiskmjöli, þorskalýsi, karfamjöli, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld, loðnumjöli, loðnulýsi, hvallýsi, hvalmjöli, frystu hvalkjöti og öðrum þeim sjávarafurðum, sem ekki eru sérstaklega taldar í þessari grein.
4. 8.0% gjald af fob-verði greiðist af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna.
5. Útflutningsgjald greiðist ekki af niðursoðnum eða niðurlögðum sjávarafurðum og ekki heldur af vörum frá selveiðum. Niðurlagðar vörur skulu í þessu sambandi teljast vörur, sem lagðar eru niður tilbúnar til neyzlu og hafa innihald 10 kg nettó eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar, sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri ílát, ef útflytjandi sannar, að hráefnisverð hinnar útfluttu vöru er minna en ¼ hluti útflutningsverðsins.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds skv. 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir frá og með 1. marz 1966:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa skv. reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur	73.4 %
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	17.2 %
3.	Til Fiskimálasjóðs	5.9 %
4.	Til rannsóknastofnana sjávarútvegsins	1.17%
5.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.53%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.8 %

4. gr.

Gjald skv. 2.—4. tl. 2. gr. skal miða við söluverð afurðanna með umbúðum, fluttra um borð í skip í þeirri höfn, er þær fyrst fara frá. Ef afurðir eru seldar cif eða með enn öðrum skilmálum, skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum, sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar, skal gjaldstofn útflutningsgjalds skv. 2.—4. tl. 2. gr. ákveðinn skv. lágmarksútflutningsverði eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

Gjald skv. 1. tl. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutningsskjölum.

5. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt úr höfn eða áður en lagt er af stað til útlanda, ef engrar afgreiðslu er beiðzt. Gjaldið greiðist lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs þar, sem varan er tekin, eða ef hún er eigi flutt úr landi, þá þar, sem skipið leggur frá landi.

6. gr.

Hver, sem sendir vörur þær til útlanda, sem ræðir um í lögum þessum, er skyldur til að fá hlutaðeigandi lögreglustjóra eða innheimtumanni ríkissjóðs í hendur samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteinum eða öðrum hleðsluskírteinum, útflutningsskýrslu, vörureikningi og matsvottorði, ef með þarf, svo og útflutningsleyfi, er út hafa verið gefin um farminn, og skal það gert áður en skip er afgreitt eða leggur frá landi. Ef engin hleðsluskjöl hafa verið gefin út, kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið gefin að viðlögðum drengskap.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og hið sama er um afgreiðslumenn skipa.

Gjaldið skal talið eftir skilríkjum þeim, er um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjöldum.

8. gr.

Lögreglustjóri, tollstjóri eða aðrir innheimtumenn ríkissjóðs skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum skv. lögum þessum, eftir því sem fjármálaráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða afgreiðslumaður, sem verður

sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald, sem reynt var að draga undan.

Sektir allar renna í ríkissjóð.

Ef lögreglustjóri eða innheimtumaður ríkissjóðs hefur grun um, að skilríki þau, er um getur í 6. gr., séu röng, skal hann rannsaka farm skipsins, áður en það er afgreitt eða það lætur frá landi, eða á annan hátt útvega þær skýrslur, sem með þarf í þessu efni. Kostnaðinn, sem af þessu leiðir, skal skipstjóri greiða, ef skilríkin reynast röng, en ella ríkissjóður.

10. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald til Aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins samkvæmt 9. gr. laga nr. 77 28. apríl 1962 og gjald til Ferskfiskeftirlits samkvæmt 7. gr. laga nr. 42 9. júní 1960, af vörum, sem taldar eru í 1. tölulið 2. gr. þessara laga, sem magngjald.

12. gr.

Ráðherrra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1966. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 66 25. júní 1957, um útflutningsgjald af sjávarafurðum, og lög nr. 1 31. jan. 1964, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Ákvæði til bráðabirgða.

Útflutningsgjald af síldarlýsi, síldarmjöli og síldarsoðkjarna af framleiðslu ársins 1965 skal til 30. júní 1966 vera 6% af fob-verði afurða.

Nd. 264. Frumvarp til laga [19. mál]

um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. febr.)

1. gr.

Enginn má öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum á landi hér, hvort sem er fyrir frjálsa afhendingu eða nauðungarráðstöfun, hjúskap, erfðir eða afsal, nema þeim skilyrðum sé fullnægt, sem nú skal greina:

1. Ef einstakur maður er, þá skal hann vera íslenzkur ríkisborgari.
2. Ef fleiri menn eru í félagi, og ber hver fulla ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir allir vera íslenzkir ríkisborgarar.
3. Ef félag er, og bera sumir fulla, en sumir takmarkaða, ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera íslenzkir ríkisborgarar.
4. Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera íslenzkir ríkisborgarar. Í hlutafélögum skulu ⅘ hlutar hlutafjár vera eign íslenzkra ríkisborgara og íslenzkir ríkisborgarar fara með meiri hluta atkvæða á hluthafafundum.

Nú eru skilyrði þau eigi fyrir hendi, er í 1.—4. tölulið segir, og er ráðherra þá rétt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Eigi þarf þó leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

Ákvæði laga þessara ná til hvers konar afnotaréttar fasteigna, þar á meðal veiðiréttar og vatnsréttinda, að því leyti sem lög láta eigi öðruvísi um mælt.

2. gr.

Eigi verður krafizt afsals á eign eða réttindum, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., nema leyfið sé áður fengið. Ef það fæst eigi, er ráðstöfunin ógild, enda á kaupandi þá rétt til að fá þegar endurgoldið það, er hann kann að hafa greitt.

3. gr.

Nú er krafizt þinglýsingar eða innritunar fyrirfram á skjali, er snertir afhendingu, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og eigi er um leið sannað, að leyfið sé þegar fengið, og skal þá skrá athugasemd um þetta og því næst skýra ráðherra tafarlaust frá málavöxtum.

4. gr.

Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 3. gr., eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, er vantar, eða annars kostar með því að fá rift kaupunum (2. gr.) eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum, ef seljandi heldur fast við samninginn. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrirfram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

5. gr.

Nú hefur aðili eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn eða afnotaréttinn á nauðungaruppboði á kostnað fasteignareiganda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægir, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

6. gr.

Nú er eigandi fasteignar eða afnota hennar í hjúskap, en hitt hjóna fullnægir ekki skilyrðum laga þessara til að mega öðlast þess konar eignarrétt eða afnotarétt, og skal eignarrétturinn þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála. Við slit á fjárfélagi eða búskipti telst eignarrétturinn til hjúskapareignar, nema kaupmáli standi til annars. Um málið fer síðan eftir ákvæðum 7. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

7. gr.

Nú erfir maður eignarrétt yfir fasteign eða afnotarétt, sá er eigi getur orðið löglegur eigandi að honum nema með sérstöku leyfi, og skal skiptaráðandi þá gera ráðherra viðvart. Fer síðan um þetta mál sem segir í 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

8. gr.

Nú verður sú breyting á, að maður, er öðlast mátti réttindi yfir fasteign án þess að fá leyfi samkvæmt 1. gr., missir þar greind skilyrði, og skal þá fara eftir ákvæðum 4. og 5. gr., með afbrigðum eftir atvikum.

9. gr.

Nú hefur erlendur ríkisborgari fengið leyfi það, er getur í 1. gr., og skal honum þá skylt, ef hann er eigi sjálfur heimilisfastur hér á landi, að hafa umboðsmann heimilisfastan í þinghá eignarinnar, og skal hann vera fyrirsvarsmaður eiganda í öllum málum, er eignina varða, svo að jafngilt sé sem hann hefði það sjálfur gert, og skal dómara í þeirri þinghá skýrt frá nafni og heimili umboðsmanns og það þinglesið. Að öðrum kosti nefnir dómarinn honum umboðsmann á hans kostnað, er hann sé bundinn við, og lætur þinglesa og skrá það umboð.

10. gr.

Nú á maður, er lög þessi öðlast gildi, réttindi, sem um ræðir í 1. gr., með lögmætum hætti samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919, og raskast þau réttindi þá ekki við breytingu þessara laga á reglum þeirra laga um þetta efni.

11. gr.

Lög þessi taka eigi til:

1. annarra ríkja, að því er varðar rétt yfir fasteignum til embættisafnota handa umboðsmönnum þeirra hér á landi,
2. þegna annarra ríkja, að því leyti, sem þau kynnu að koma í bága við milliríkjasamninga.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóvember 1919.

Nd. 265. Frumvarp til laga [12. mál]

um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. febr.)

Samhljóða þskj. 12 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð fer með framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, undir yfirstjórn ráðherra.

Iðnfræðsluráð hefur yfirstjórn kennslueftirlits, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

5. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 9 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

6. gr. hljóðar svo:
Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa, þar sem það telur þess þörf, og ákveður umdæmi þeirra.
Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga og hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

7. gr. hljóðar svo
Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar, þar sem þeirra er þörf.
Það er hlutverk prófnefnda:
1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

10. gr. hljóðar svo:
Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfi um starfsval innan þess sviðs, sem fellur undir ákvæði þessara laga.
Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Það skal árlega leita þar um álits hlutaðeigandi félagssamtaka.

12. gr. hljóðar svo:
Iðnskólar skulu vera einn í hverju kjördæmi landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:
1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
8. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.
Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskóla skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.
Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:
Stofna skal og starfrækja á vegum iðnskóla þeirra, sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr., eftir því sem ráðherra ákveður og fé er til þess veitt, verknámsskóla, þar sem

veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnfræðslustarfs. Skal lögð áherzla á, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem um er að tefla, og efnum, sem úr er unnið, jafnframt þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt.

Inntökuskilyrði í verknámsskóla skulu vera hin sömu og í iðnskóla, sbr. 22. gr. þessara laga.

Námstími í verknámsskóla skal vera allt að einu ári, og skal kennsla miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tækninám og iðnstörf. Námstíma skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða við kennslu, sem svari námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla.

Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina.

Ráðherra skal sjá um, að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tileknum greinum og skipti með sér verkum, eftir því sem við verður komið.

Ráðherra ákveður, hverjar verklegar greinar skuli kenna á vegum verknámsskóla. Í verklegu námi skulu nemendur hverrar bekkjardeildar eigi vera fleiri en 15.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki. Skal sú stytting svara til þess, að átta mánaða verknámsskóli stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði. Skal sama regla gilda um verklegan starfstíma og krafizt er til upptöku í aðra verknáms- og tækniskóla.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum, 6 til 10 mánuði, eftir þörfum iðngreinanna. Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða, að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla.

15. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluskólar skulu vera dagskólar. Þó má kennslan fara fram að kvöldi að nokkru leyti, er eigi verður hjá því komizt vegna kennaraskorts eða húsnæðis. Enn fremur er iðnfræðsluskólum rétt að starfrækja kvöldnámskeið í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir, enda komi samþykki stjórnvalda til hverju sinni.

Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.

18. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara iðnfræðsluskóla, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar.

Um menntun skólastjóra og kennara í almennum bóknámsgreinum gilda sömu reglur sem um skólastjóra og kennara gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Um menntun annarra kennara fer eftir reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveða ber á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

20. gr. hljóðar svo:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna iðnskóla, er í hlut á, þegar námssamningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna skólastjóra, ef nemandi hættir iðnnámi.

23. gr. hljóðar svo:

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að staðfesta námssamning, og má skjóta synjun þeirra til iðnfræðsluráðs til úrskurðar. Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn byrjað nám sitt þá.

Iðnfulltrúar skulu eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

Iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skal hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.

39. gr. hljóðar svo:

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemenda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

44. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en sveitar- og sýslusjóðir skólaumdæmis helming eftir reglum, er ráðherra setur.

Til stofnkostnaðar teljast skólahús ásamt húsnæði og kennslutækjum og svo vinnustofur ásamt vélum og áhöldum.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Greiðir ríkissjóður allt að þremur fjórðu af þessum hluta stofnkostnaðar, en sveitar- og sýslusjóðir hinn hluta stofnkostnaðarins.

Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli er, skal leggja til ókeypis nauðsynlegar lóðir fyrir skólann. Áður en hafizt er handa um byggingu iðnfræðsluskóla, eða verulegar breytingar skólahúsnæðis, skal liggja fyrir teikning, samþykkt af menntamálaráðherra.

Iðnfræðsluráð skal árlega gera tillögur til ráðuneytisins um húsagerð og aðrar framkvæmdir á vegum iðnfræðsluskóla svo og um skiptingu þess fjár, sem veitt er til byggingar iðnfræðsluskóla, kaupa á vélum og öðrum búnaði.

45. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra iðnfræðsluskóla og fastra kennara svo og styrk til stundakennslu, hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðiljum, sem stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

Ráðherra ákveður skólagjöld í iðnskólum og meistaraskólum svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi og svo hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

48. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Nd. 266. Frumvarp til laga [83. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru.

(Eftir 2. umr. í Nd., 24. febr.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru í Reyðarfjarðarhreppi. Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af dómkvöddum mönnum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá á sama verði hlutfallslega og Reyðarfjarðarhreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 267. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, þó þannig, að þeir áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartill. GíslG og JSk munu skila séráliti. Enn fremur mun LJós skila séráliti.

Alþingi, 25. febr. 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason.
	Sverrir Júlíusson.	

Nd. 268. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Ég er andvígur frumvarpinu og vil fella það. Fulltrúar Framsóknarflokksins virðast vera óráðnir í málinu, en fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni vilja samþykkja það.

Aðalefni frumvarpsins er það, að lagt er til að hækka útflutningsgjöld á síldarafurðum um 40 milljónir króna á ári, en lækka jafnframt útflutningsgjöld á þorskafurðum um sömu fjárhæð. Sá nýi síldarskattur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, mun lækka í verði hvert síldarmál um 10 krónur.

Verði frumvarpið samþykkt, komast útflutningsgjöld á síldarmjöli og síldarlýsi upp í 8% af fob.-verðmæti, eða verða um 40 krónur á hvert síldarmál. Slíkur útflutningsskattur mun hvergi þekkjast. Með frumvarpinu á að leggja á alla síld-

veiðisjómenn aukaskatt, sem nemur um 20 milljónum króna á ári, en það mun nema um 8000 króna meðaltalsskatti á hvern síldveiðisjómann. Skatturinn lendir ekki aðeins á tekjuhæstu sjómönnunum, heldur einnig á þeim tekjulægstu.

Jafnháan skatt, eða um 20 milljónir króna á ári, á að leggja á síldarútgerðarmenn, og lendir sá skattur ekki aðeins á þeim útgerðarmönnum, sem góðan rekstur hafa, heldur einnig á hinum, sem óumdeilanlega reka með tapi.

Þessum nýja síldarskatti á að verja að langmestu leyti til stuðnings við stærstu fiskkaupendurna í landinu, þar á meðal þau stóru frystihús, sem gefið hafa upp til skatts á undanförnum árum allverulegan rekstrargróða.

Með breytingum þeim, sem felast í frumvarpinu, er gert ráð fyrir, að síldarútgerðin greiði um 200 milljónir króna á ári í útflutningsgjöld, en öll önnur útgerð aðeins um 80 milljónir króna.

Samkvæmt áætlunum, sem fyrir liggja, er ráðgert, að síldarútgerðin greiði í vátryggingarsjóð fiskiskipaflotans um 145 milljónir króna á ári, en öll önnur útgerð, og þar á meðal togaraútgerðin, aðeins um 50 milljónir króna.

Þau rök eru einkum færð fram fyrir hinum nýja síldarskatti, að um s. l. áramót hafi orðið samkomulag í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins um að hækka fiskverð um 17% frá því, sem áður var, og að í ljós hafi komið, að fiskkaupendur gætu ekki greitt alla þessa hækkun. Talið var, að fiskkaupendur gætu greitt um 13% fiskverðshækkun, en að 4% verðhækkun yrði að fást annars staðar. 4% fiskverðshækkun var talin nema um 40 milljónum króna á ári.

Nú er það ekkert nýtt við fiskverðsákvörðun, að fiskkaupendur telji sig ekki geta greitt þá fiskverðshækkun, sem fiskseljendur fara fram á. Í ýmsum slíkum tilfellum hefur ríkissjóður komið til hjálpar og brúað bilið.

Nú var ekki talið fært, að ríkissjóður brúaði þetta bil, en þess í stað var fundið það ráð, sem í frumvarpinu felst, að leggja sérstakan aukaskatt á síldveiðisjómenn og síldarútgerðarmenn og láta þá aðstoða frystihúsin í landinu til að greiða það fiskverð, sem talið var óhjákvæmilegt að fiskimenn fengju.

Ég tel slíka skattlagningu sem þessa óeðlilega og ósanngjarna og mjög hættulegt að fara inn á þá braut að skattleggja eina grein útgerðarinnar til stuðnings annarri. Slíkt hefur aldrei verið gert áður, svo að mér sé kunnugt.

Á tímum uppbótakerfisins voru greiddar misjafnar uppbætur til hinna einstöku greina framleiðslunnar, eftir því sem talið var að þörf væri á. Það fé, sem til uppbótagreiðslnanna fór, kom úr almannasjóði eða hafði verið aflað með almennri skattlagningu. Þá kom aldrei til mála að leggja sérstakan skatt á þær greinar framleiðslunnar, sem betur gekk, til stuðnings hinum, sem verr gekk.

Þegar uppbótakerfið var lagt niður með viðreisnarstefnunni, var því mjög haldið fram af efnahagsráðunautum ríkisstjórnarinnar, að varhugavert væri að styrkja hinar ýmsu greinar framleiðslunnar misjafnlega, en nú bregður svo við, að aðalefnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar stendur að tillögugerð um það að ganga enn lengra í mismunun í þessum efnum en nokkru sinni fyrr, með því að leggja til, að ein framleiðslugrein verði beinlínis að standa undir rekstrargjöldum annarrar.

Verð haldið áfram á þessari braut, má búast við því, að næst komi tillaga um að skattleggja einhvern þátt bátaútgerðarinnar til stuðnings togaraútgerðinni. Og svo má búast við tillögu um að skattleggja síldarsöltun á Norður- og Austurlandi til stuðnings síldarsöltun við Faxaflóa. Slík skattlagning er alger fjarstæða, og auðvitað hlýtur að koma að því, að sjómenn, sem fyrir slíkri skattlagningu verða, neiti að þola hana.

Þó að svo kunni að fara, að dýrtíðarstefna ríkisstjórnarinnar leiði til þess, að fiskkaupendur geti ekki greitt fiskibátaeigendum og sjómönnum þeirra nægilega hátt fiskverð, þá á það ekki að verða sérstakt viðfangsefni síldveiðisjómanna að lagfæra slíkt. Slíkar afleiðingar af dýrtíðarstefnu stjórnarinnar hljóta að verða vandamál, sem þjóðarheildin verður að glíma við.

Á s. l. sumri gerði núverandi ríkisstjórn tilraun til að leggja á hliðstæðan

síldarskatt þeim, sem nú á að leggja á. Ríkisstjórnin hafði hina mestu hneisu af tilraun sinni. Síldveiðisjómenn gerðu verkfall gegn bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, og hún varð að lippast niður á hinn aumkunarverðasta hátt. S. l. sumar stóðu síldveiðisjómenn vel að vígi. Þeir voru allir samankomnir á síldarmiðunum og gátu auðveldlega borið saman ráð sín. Síldarskatturinn þá átti að skella á strax, og þá fór ekkert á milli mála.

Nú hins vegar standa síldveiðar ekki yfir. Síldveiðisjómenn eru að öðrum störfum og eiga ekki eins hægt um vik. Margir þeirra stunda nú loðnuveiðar, og þess er vandlega gætt að hækka ekki útflutningsgjald á loðnuframleiðslu. En hvað gera þeir gagnvart hinum nýja síldarskatti næsta vor, þegar síldveiðar hefjast að nýju og nýtt síldarverð verður ákveðið? Við ákvörðun síldarverðsins næsta sumar verður auðvitað tekið tillit til þessa nýja síldarskatts. Eins og lög eru nú um verðlagningu á fiskafurðum, ber ótvírætt að taka tillit til slíkra kostnaðarliða sem útflutningsgjalda. Og samkvæmt því hlýtur síldarmálið að verða verðlagt 10 krónum lægra vegna þessa nýja skatts en annars hefði orðið.

Slík skattlagning er bein röskun á samningslegum rétti sjómanna. Þeir hafa samið um ákveðinn aflahlut úr því verði, sem miðað er við eðlilegan framleiðslukostnað.

Þær ástæður, sem til þess liggja, að ríkisstjórnin grípur til slíkra vandræðaráðstafana sem hér um ræðir, er auðvitað að rekja til efnahagsmálastefnu stjórnarinnar. Sú stefna hefur leitt til æðandi dýrtíðar, sem magnast með hverju ári. Þó að fiskafurðir hafi svo til allar hækkað mjög verulega í verði á erlendum mörkuðum, dugir það ekki til. Þrátt fyrir þær getur fiskverðið til sjómanna ekki hækkað eins og réttlátt og nauðsynlegt er. Þegar svo dýrtíðin hefur aukið framleiðslukostnað útflutningsins meir en nemur hinum erlendu markaðshækkunum, hriktir í öllu, og þá er gripið til örþrifaráða, eins og gert er í þessu frumvarpi.

Leiðin út úr vandanum er ekki að skattleggja síldveiðisjómenn eða einstaka þætti framleiðslukerfisins, heldur að snúa sér að orsökum meinsins, dýrtíðarvandamálinu, dýrtíðarstefnu ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 26. febr. 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 269. Nefndarálit [123. mál]

um frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd Nd. hefur haft mjög nauman tíma til þess að athuga frv. þetta, sem er lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar nokkrum dögum áður en það á að fá lagagildi.

Á sameiginlegum fundi sjávarútvegsnefnda beggja deilda voru sérstaklega tilkvaddir fulltrúar þeirra samtaka, er sátu í yfirnefnd þeirri, er ákvað fiskverðið í vetur. Auk þeirra mætti þar Jónas H. Haralz, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, sem var oddamaður í yfirnefndinni. Skýrði Jónas frá ýmsum þeim útreikningum og athugunum, sem verðlagningin byggist á svo og frumvarp þetta. Fulltrúar fiskkaupenda á yfirnefndinni, Bjarni V. Magnússon, framkvæmdastjóri sjávarafurðadeildar S. Í. S., og Eyjólfur Ísfeld, framkvæmdastjóri S. H., mæltu með meginefni frv. Af hálfu fiskseljenda mættu Sigurður Egilsson, framkvæmdastjóri L. Í. Ú., og Kristján Ragnarsson, félagsmálafulltrúi L. Í. Ú., og lýstu yfir samþykki við frv. Upplýsti Kristján enn fremur, að hann hefði rætt frv. þetta í útvegsmannafélögum víðs vegar um landið og hefði það ekki mætt þar andmælum. Sömuleiðis hefði

stjórn L. Í. Ú. lýst samhljóða fylgi við það. Af hálfu sjómanna mættu Tryggvi Helgason, fulltrúi A. S. Í., Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambands Íslands, og Guðmundur Oddsson, fulltrúi Farmanna- og fikimannasambandsins. Skýrðu þeir frá því, að andmæli gegn frv. lægju ekki fyrir af hálfu samtaka þeirra, og formaður Sjómannasambandsins lýsti því yfir, að viðtækur skilningur á nauðsyn þessa máls væri fyrir hendi meðal sjómanna og að hann gerði ekki ráð fyrir andúð á málinu af þeirra hálfu. Tryggi Helgason lýsti viðhorfi sínu til afgreiðslu verðlagningarmálsins í yfirnefnd verðlagsráðs og tók fram, að hann teldi aflalægstu síldarbátana ófæra um að taka skatt þennan á sig og að fleira í frv. orkaði tvímælis.

Í nefndinni varð ekki samstaða um afgreiðslu málsins, og skilum við fulltrúar Framsóknarflokksins séráliti.

Sjávarútvegurinn hefur undanfarin ár búið við mikil aflauppgrip og hagstætt verð á erlendum mörkuðum fyrir afurðir sínar. Ætla mætti því, að ástandið í þessum atvinnuvegi væri gott. En því er ekki að heilsa almennt talað, eins og frv. þetta ber órækt vitni um. Það, sem helzt veldur, er óðaverðbólga sú, sem fylgt hefur í kjölfar stjórnarstefnunnar og er vel á veg komin að eyðileggja rekstrargrundvöll mikils hluta fiskveiðiflotans og fiskverkunarstöðvanna. Um þetta liggur fyrir fjöldi yfirlýsinga úr röðum sjávarútvegsmanna, ekkert síður þeirra, sem eru fylgismenn stjórnarflokkanna, en hinna.

Þannig segir Finnbogi Guðmundsson í Gerðum í blaðaviðtali 2. febr. s. l.: „Mér er óhætt að fullyrða um okkur flesta atvinnurekendur í sjávarútvegi, að við erum ákaflega kvíðnir út af framtíðinni vegna spennunnar á vinnumarkaðinum og hinnar gegndarlausu verðbólgu.“ Andrés Finnbogason, form. útvegsmannafélags Reykjavíkur, lýsti þeirri skoðun sinni á fundi með blaðamönnum 17. jan. s. l., að þrátt fyrir 17% verðhækkunina í vetur væri ekki rekstrargrundvöllur til á bolfiskveiðum. Nýafstaðið Fiskiþing lagði höfuðáherzluna á, að allt væri gert, sem unnt væri, til þess að stöðva dýrtíðina og að engar nýjar álögur yrðu lagðar á útgerðina.

Þannig ber allt að sama brunni. Meginkrafa sjávarútvegsmanna er sú, að ráðizt sé gegn aðalskaðvaldinum, óðaverðbólgunni, sem er að eyðileggja rekstrarafkomuna í þessum undirstöðuatvinnuvegi.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa á undanförnum árum sett fram svipuð sjónarmið. Má m. a. á það minna, að af hálfu flokksins hefur verið lagt til og ítrekað, að fulltrúum allra flokka yrði falið að gera tillögur um ráðstafanir, er drægju úr verðbólguvextinum, en allar slíkar tillögur hefur stjórnarliðið stráfellt í krafti lítils meiri hluta á þingi og meðal kjósenda. Reynsla ætti þó að vera fyrir því, að samvinna á sem breiðustum grundvelli er nauðsynleg við úrlausn jafnviðkvæms máls og dýrtíðarmálsins.

Frv. þetta, sem flutt er af ríkisstjórninni, er í meginatriðum í samræmi við víðtækt samkomulag, er tókst skömmu eftir s. l. áramót á milli fulltrúa fiskseljenda og fiskkaupenda í yfirnefnd verðlagsráðs sjávarútvegsins um verðlagningu bolfisks yfirstandandi verðlagstímabils. Öllum þeim, er að því standa, er að líkindum ljóst, að það leysir á engan hátt þann meginvanda, sem útgerðin og fiskvinnslan á við að stríða. Hér er því um bráðabirgðalausn að ræða.

Tekjuflutningur sá, er frv. gerir ráð fyrir og nemur um 38 milljónum króna, frá bræðslusíldarafurðum yfir til bolfiskafurðanna er viðkvæmt mál. Við drögum ekki í efa þörfina fyrir hærra bolfiskverð, en umdeilanlegt er að láta síldveiðisjómenn og útvegsmenn bera það uppi. Afkoma síldveiðibátanna undanfarin ár hefur verið afar misjöfn, og má á það minna, að bátar undir 90 tonnum fengu bætur úr Aflatryggingasjóði 1964 og fá 1965 sökum aflabrests, og síldveiðibátar af stærðinni 90—140 tonn jöðruðu við að eiga slíkan bótarétt. Síldveiðarnar eru líka háðar miklum aflasveiflum, eins og reynslan hefur sýnt.

Á hinn bóginn er það rétt, að afkoma stóru og veiðisælu síldveiðiskipanna hefur verið góð undanfarin ár. En sömu sögu, og ekki síðri, má segja um afkomu

stærstu frystihúsanna, sem mest og bezt hráefnið hafa fengið. Þannig er ljóst, að hið sama gildir ekki um fiskveiðiflotann allan og frystihúsin öll. Hluti beggja berst í bökkum, minni bátarnir og frystihúsin, sem erfiðasta aðstöðu hafa.

Þetta er ekkert nýtt hérlendis, en viðbrögðin við þessum vanda eru nú ný af nálinni. Hingað til hefur það verið talið hlutverk ríkisvaldsins að gera ráðstafanir til úrbóta í svipuðum tilfellum og afla til þess tekna, ef með þyrfti, með almennri skattlagningu. Nú eiga síldarsjómenn og síldarútvegsmenn að borga brúsann.

Þetta er þeim mun vafasamara nú, þar sem ljóst er, að ein meginorsök þess vanda, sem við er að stríða, er til komin vegna óðaverðbólgunnar, sem fylgt hefur í kjölfar stjórnarstefnu undanfarinna ára og ríkisstjórnin ber meginábyrgð á. Henni ber því að sjálfsögðu að leysa þá hnúta, sem hún framvegis bindur í undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, ráðast að rótum meinsins, en fljóta ekki á bráðabirgðaúrlausnum frá ári til árs.

Við, sem að þessu nefndaráliti stöndum, viljum ekki beita okkur gegn niðurstöðum þess samkomulags, sem náðst hefur í sambandi við fiskverðsákvörðunina þetta ár, á milli fulltrúa hlutaðeigandi stéttarsamtaka fiskseljenda og fiskkaupenda, þar sem hér var um allvíðtækt samkomulag að ræða. Hins vegar teljum við aðferðina orka tvímælis og að hér sé ekki um framtíðarlausn verðlagsvandans að ræða.

Við flytjum breytingartillögur þess efnis, að frv., ef að lögum verður, gildi aðeins um framleiðslu ársins 1966, og teljum það rökrétt miðað við ástand þessara mála. Við höfum enn fremur til athugunar að flytja aðrar breytingartillögur eða fylgja breytingartilögum, sem fram kunna að koma við meðferð málsins í deildinni.

Alþingi, 26. febr. 1966.

Jón Skaftason, frsm. Gísli Guðmundsson.

Nd. 270. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar (JSk, GíslG).

1. Við 1. gr. Á eftir orðinu „útlanda“ komi: Af framleiðslu ársins 1966.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. marz 1966.

Nd. 271. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 28. febr. 1966.

Guðl. Gíslason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Axel Jónsson. Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 272. Breytingartillögur [123. mál]

við frv. til l. um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá Gísla Guðmundssyni og Jóni Skaftasyni.

1. Í stað 13. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (13. gr.) Verðlagsráði samkvæmt lögum nr. 97 18. des. 1961 er eftir 31. des. 1966 heimilt að ákveða, á þann hátt sem fyrir er mælt í 7. og 9. gr. þeirra laga, að greiða skuli í verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verðjöfnunargjald af útfluttum sjávarafurðum. Skal upphæð verðjöfnunargjaldsins ákveðin fyrir eitt verðlagningartímabil eða eitt ár í senn. Verðjöfnunargjald skal innheimt með útflutningsgjöldum og geymt í Útvegsbanka Íslands.
   b. (14. gr.) Verðlagsráð ráðstafar tekjum verðjöfnunarsjóðs samkv. 13. gr. á þann hátt, er hér segir:
      1. Til greiðslu á vinnsluuppbótum til fiskvinnslustöðva á þeim stöðum, þar sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, t. d. af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum.
      2. Til hækkunar á útflutningsverði tiltekinna vörutegunda.
   c. (15. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1966. Ákvæði 13. og 14. gr. um verðjöfnun eru þó ótímabundin.
2. Fyrirsögn frv. verði: Frumvarp til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum á árinu 1966 og um heimild til verðjöfnunar frá og með 1. jan. 1967.

Nd. 273. Lög [123. mál]

um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

(Afgreidd frá Nd. 28. febr.)

Samhljóða þskj. 263.

Sþ. 274. Fyrirspurn [130. mál]

til ríkisstjórnarinnar um almennan lífeyrissjóð.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvað líður undirbúningi löggjafar um almennan lífeyrissjóð samkvæmt þingsályktun samþykktri 13. maí 1964?

Nd. 275. Frumvarp til laga [131. mál]

um ríkisframlag til hafnargerða og lendingarbóta.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Ágúst Þorvaldsson.

1. gr.

Hafnar- og lendingarbótastöðum samkv. 2. gr. laga um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, skal skipta í 3 flokka, er nefnast A-flokkur, B-

flokkur og C-flokkur. Skal skiptingin við það miðuð, að hafnarsjóðir hafi sem jafnasta fjárhagslega aðstöðu til að koma upp undirstöðumannvirkjum hafnargerðar. Til undirstöðumannvirkja teljast í þessu sambandi t. d. hafnargarðar (öldubrjótar), bátakvíar, ein afgreiðslubryggja með allt að 150 metra legukanti í hverri höfn og dýpkun á siglingaleið í hafnarmynni og að bryggju hafnarsjóðs. Um skiptingu í flokka fer að öðru leyti eftir 2. gr.

2. gr.

Vitamálastjóri gerir eftir gildistöku laga þessara rökstudda tillögu um skiptingu hafnar- og lendingarbótastaða í flokka samkv. 1. gr. Skal tillaga til þingsályktunar um skiptinguna lögð fyrir sameinað Alþingi á árinu 1966. Þegar ályktunin hefur hlotið samþykki Alþingis, skulu ákvæði um ríkisframlag samkv. 3. gr. taka gildi. Í ályktuninni má ákveða, að þau ákvæði taki einnig til framkvæmda, sem unnar eru áður en hún hlaut samþykki.

3. gr.

Vitamálastjóri gerir einnig eftir gildistöku þessara laga áætlun til tveggja ára í senn um framkvæmdir samkv. lögum þessum og um fjármagnsþörf vegna þeirra. Skal tillaga til þingsályktunar um slíka tveggja ára áætlun og öflun fjármagns til hennar lögð fyrir Alþingi samtímis tillögu þeirri, er um getur í 2. gr. Þegar framkvæmdaáætlunin hefur hlotið samþykki Alþingis, greiðir ríkissjóður að fullu ár hvert ríkisframlag til áætlunarframkvæmdanna á því ári.

Veita skal jafnframt á fjárlögum fé til að standa skil á ógreiddum framlögum fyrri ára þannig, að greiðslum þessum verði að fullu lokið 3 árum eftir gildistöku þessara laga.

Ríkisstjórnin veitir hafnarsjóðum aðstoð við útvegun lánsfjár til framkvæmda samkv. 2 ára áætlun.

4. gr.

Ríkisframlag til hafnar- og lendingarbótamannvirkja skal, unz sett hafa verið ný lög í stað þeirra laga, er nú gilda um hafnargerðir og lendingarbætur, vera sem hér segir:

1. Á stöðum í A-flokki 50% af kostnaði.
2. Á stöðum í B-flokki 60% af kostnaði.
3. Á stöðum í C-flokki 70% af kostnaði.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán til greiðslu á hluta af hafnar- og lendingarbótakostnaði sem hér segir:

1. Á stöðum í A-flokki 50% af kostnaði.
2. Á stöðum í B-flokki 40% af kostnaði.
3. Á stöðum í C-flokki 30% af kostnaði.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, eru taldir upp 113 hafnarstaðir, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkissjóður leggi fram fé til hafnarframkvæmda. Fram til ársloka 1960 hafði ríkissjóður lagt fram fé til framkvæmda nál. 90 af þessum 113 stöðum (sums staðar þó mjög lágar upphæðir), og hefur víst engin teljandi breyting orðið á þeirri tölu síðan. Þessum 113 stöðum, sem taldir eru upp í lögunum, er skipt í tvo flokka. Á 35 stöðum eru kallaðar hafnir, en á 78 stöðum lendingarbætur. Ríkisframlagið er í lögunum ákveðið 40% af framkvæmdakostnaði, nema um sé að ræða „lendingarbót“, sem hefur ekki kostað

meira en 1.6 millj. kr., þá er ríkisframlagið 50%. En þegar kostnaður við lendingarbót er kominn yfir 1.6 millj. kr., lækkar ríkisframlagið niður í 40% af þeim kostnaði, sem er fram yfir 1.6 millj. kr. Ríkisstjórninni er heimilað að ábyrgjast lán allt að þeirri upphæð, sem hafnar- og lendingarbótasjóði ber að greiða, þ. e. 50 eða 60% af stofnkostnaðinum. Þegar hér á eftir verður rætt um hafnarsjóði í þessari greinargerð, er einnig átt við lendingarbótasjóðina, enda er þar raunverulega yfirleitt lítill munur á. Og þegar rætt verður um hafnir hér á eftir, er einnig átt við lendingarbætur.

Lengst af hafa flestir hafnarsjóðir orðið að taka lán til að greiða sinn hluta framkvæmdakostnaðar að mestu eða öllu leyti, enda er hér nú yfirleitt um svo háar upphæðir að ræða, að engin von er til, að hægt sé að greiða nema þá mjög lítinn hluta þeirra af tekjum sveitarfélaga, þegar framkvæmdir eiga sér stað. Slík lán eru tekin með ríkisábyrgð. Við þetta bætist svo, að ríkissjóður hefur ekki haft tök á að standa skil á sínum hluta að fullu jafnóðum, og hafa þá safnazt skuldir til bráðabirgða, sem engin ríkisábyrgð er fyrir, en bráðabirgðalán tekin út á væntanlegt lögboðið ríkisframlag.

Sá möguleiki er auðvitað fyrir hendi, án tillits til hafnalaga, að koma afgreiðslu fjárlaga í það horf, að ekki standi á greiðslu ríkisframlagsins, og hafa öðru hverju verið gerðar ráðstafanir, sem miða í þá átt. En auðsætt er nú, að þetta nægir ekki. Öllum þorra hafnarsjóðanna, eða sveitarfélaganna, sem að þeim standa, er það ofviða að standa straum af lánum, sem nema 60% af framkvæmdakostnaði, eða jafnvel þótt ekki sé nema 50%. Höfnunum er yfirleitt hvergi nærri lokið og hafa því ekki enn þá tekjuöflunarmöguleika, sem þær kunna að hafa síðar, þegar áhrifa af hafnargerðinni er farið að gæta á þróun atvinnulífs og íbúafjölda. Gangur málsins er þá sá, að hafnarsjóðirnir hafa komizt í vanskil vegna lána, sem fyrirsjáanlega voru þeim um megn, og ríkissjóður, eða sú deild hans, sem nú er kölluð ríkisábyrgðasjóður, hefur orðið að greiða vexti og afborganir. Nýlega var gerð gangskör að því að semja við hafnarsjóðina um vanskilaskuldir við ríkissjóð, sem þannig hafa myndazt. Var sumt af skuldunum gefið eftir, en hafnarsjóðir eða sveitarfélög látin greiða eftirstöðvarnar með skuldabréfum, sem þau auðvitað geta ekkert fremur staðið straum af en öðrum lánum. Vanskilaskuldir eru því nú þegar byrjaðar að safnast á nýjan leik, eins og við mátti búast, enda þótt nokkuð hafi að sögn verið gert að því að taka jöfnunarsjóðsfé sveitarfélaganna upp í greiðslu af hafnarlánum. Sú aðferð er raunar ekki alls kostar æskileg, þar sem þetta fé er ætlað sveitarfélögum til almennra þarfa.

Til eru svonefndar landshafnir, sem ríkið sjálft byggir og greiðir allan stofnkostnað við. Til sumra annarra mannvirkja á einstökum stöðum hefur ríkið tekið lán og greiðir af þeim vexti og afborganir án tillits til hafnalaga, enda varla um annað að ræða til að gera þær framkvæmdir mögulegar.

Þegar á allt þetta er litið, verður að dómi flm. ekki lengur hjá því komizt að viðurkenna, að ákvæði hafnalaga um ríkisframlag til hafnargerða eru úrelt orðin. Þau verða að hækka til mikilla muna. Þá fyrst kann að verða von til þess, að hafnarsjóðir geti yfirleitt staðið straum af lánum sínum. Þetta er nauðsynja- og sanngirnismál, eins og nú er ástatt, og þolir ekki bið.

Árið 1958 fól Alþingi ríkisstjórninni að láta endurskoða hafnalögin og lög um hafnarbótasjóð, gera 10 ára áætlun um hafnargerðir. Þessu verki var lokið haustið 1961 og frumvarp til nýrra hafnalaga afhent ríkisstjórninni. Þar er það enn í athugun, og hefur ekki verið tilkynnt neitt um það, að slíkt frv. verði lagt fyrir Alþingi það, er nú situr.

Að því hlýtur þó að koma, að Alþingi setji ný hafnalög. En þó að beðið sé eftir nýjum hafnalögum, er hægt að setja ákvæði til bráðabirgða til lagfæringar á fjármálum hafnanna. Þá leið vilja flm. þessa frv. fara. Á undanförnum þingum hefur verið flutt frv. til l. um hækkun ríkisframlags til nánar tilgreindra hafnarframkvæmda, en ekki hefur tekizt að fá það samþykkt á Alþingi. Nú er með flutningi

þessa frv. enn á ný gerð tilraun til að fá ríkisframlagið hækkað, en að þessu sinni með öðrum hætti en fyrr, ef vera mætti, að fremur yrði á það fallizt.

Í 1. og 4. gr. þessa frv. er lagt til, að þeim hafnar- og lendingarbótastöðum, sem taldir eru upp með nöfnum í gildandi lögum, verði skipt í 3 flokka með það fyrir augum, að einstakir hafnarsjóðir eða staðir hafi sem jafnasta aðstöðu, og að þeim verði fjárhagslega viðráðanlegt að koma upp undirstöðumannvirkjum hafnargerðar þannig, að hafnvæðing landsins geti komizt í framkvæmd sem fyrst. Lagt er til, að hundraðshluti ríkisframlagsins verði þrenns konar, en þó alls staðar hærri en hann er nú, og miðist við þörf þannig, að í A-flokki verði ríkisframlagið 50%, í B-flokki 60% og í C-flokki 70%. Sá hluti kostnaðarins, sem hlutaðeignandi hafnarsjóður greiðir, yrði þá 50, 40 og 30% í stað 60%, sem nú tíðkast. Í samræmi við þetta er lagt til, að ríkisábyrgð nemi þessum hundraðshlutum kostnaðarins.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir, að undirbúin verði á árinu 1966 skipting hinna lögfestu staða í flokka og á þessu ári lögð fyrir Alþingi tillaga til þingsályktunar um flokkaskiptinguna. Alþingi tæki síðan tillöguna til venjulegrar meðferðar, og gengi flokkaskiptingin í gildi, er ályktunin hefði hlotið samþykki þingsins með þeim breytingum, sem það kynni að gera á henni. Að því loknu bæri ríkissjóði að greiða það ríkisframlag í hverjum flokki, sem kveðið er á um í þessu frv. Hér er um að ræða svipaða málsmeðferð og nú er lögboðin í sambandi við vegáætlun. Ef þetta frv. verður að lögum, nægir sem sé þingsályktun til að ákveða flokkaskiptinguna og þar með hundraðshluta ríkisframlagsins í hverjum flokki. Stefnt er að því með frv., að unnt geti orðið að ákveða hækkunina á þessu ári. En rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að hún geti náð til framkvæmda fyrir gildistökutíma.

Í 3. gr. frv. er annað nýmæli: Að gerð verði tveggja ára áætlun um framkvæmdir samkvæmt frv. þessu og um öflun fjármagns til áætlunarframkvæmdanna, enda verði þá jafnframt lögfest skylda til að greiða að fullu ár hvert ríkisframlagið til þeirra hafnarmannvirkja, sem gerð eru á árinu samkvæmt framkvæmdaáætluninni. Er hér að því stefnt, að bundinn verði endir á það ástand, að hafnarsjóðir eigi fé inni hjá ríkinu, jafnvel árum saman. Jafnframt er lagt til, að eldri skuldir ríkisins við hafnarsjóði verði greiddar að fullu á næstu 3 árum. Mætti hugsa sér, að ríkið tæki, ef þurfa þætti, nokkurt fé að láni til að koma framlagsgreiðslunum í viðunandi horf. Þegar um skuldamyndun er að ræða vegna þessara framkvæmda, er í rauninni eðlilegt, að ríkið, en ekki hafnarsjóðir, taki lán til að greiða þann hluta kostnaðarins, sem ríkinu ber að greiða að lögum. — Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin veiti hafnarsjóðum aðstoð við útvegun lánsfjár til framkvæmda samkvæmt tveggja ára áætluninni.

Ed. 276. Frumvarp til laga [30. mál]

um breyting á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. febr.)

1. gr.

27. gr. laganna orðist svo:

Ekki má fjárnámi taka rúm og sængurföt, sem nauðsynleg eru skuldunaut, konu hans og börnum, né heldur lín og íveruföt, er þau mega ekki án vera.

Nú á skuldunautur fyrir heimili að sjá, og á hann þá rétt á að undanþiggja fjárnámi nauðsynjar, er nema að virðingarverði allt að 10000 kr., og auk þess allt að 2000 kr. fyrir hvert barn, sem er á skylduframfæri hans.

Ef skuldunautur á ekki fyrir heimili að sjá, má hann undanþiggja fjárnámi 2000 kr. að virðingarverði og fyrir börn eins og segir í 2. málsgrein.

Skuldunautur ræður sjálfur, hvað undanþegið skal vera fjárnámi. Ef hann er ekki sjálfur viðstaddur fjárnámið, skal fógeti fela öðrum að kveða á um þetta, ef skuldunautur hefur ekki falið það öðrum.

Ekki má undanskilja fjárnámi þá hluti, sem veðsettir eru fyrir þeirri skuld, sem fjárnámi er heimt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi lög nr. 18 frá 23. júní 1932.

Nd. 277. Breytingartillaga [12. mál]

við frv. til laga um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Við 18. gr. Aftan við 1. málsgr. bætist:
Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar

Ed. 278. Frumvarp til laga [132. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja 4 jarðir í Neshreppi utan Ennis.

Flm.: Sigurður Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson, Benedikt Gröndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Neshreppi utan Ennis jarðirnar Keflavík innri, Keflavík ytri, Dyngju og Klettsbúð fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni hreppsnefndar Neshrepps utan Ennis. Ofangreindar jarðir mynda að nokkru leyti land það, sem íbúar Hellissands hafa byggt og byggja íbúðarhús sín á, og að sjálfsögðu er það ósk hreppsnefndarinnar, að nefndar jarðir ásamt öðrum jörðum, sem einnig mynda land kauptúnsins og eru í ábúð einstaklinga, verði eign hreppsins. Ábúendur téðra jarða hafa gefið samþykki sitt og mæla með því, að Neshreppi utan Ennis verði gefinn kostur á að eignast jarðirnar, — og fylgir skriflegt samþykki þeirra með sölunni.

Fylgiskjal I.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur ytri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík ytri.

Tryggvi Eðvarðsson.

Fylgiskjal II.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Keflavíkur innri á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Keflavík innri.

B. S. Benediktsson.

Fylgiskjal III.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Dyngju á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Dyngja.

Björgvin Alexandersson.

Fylgiskjal IV.

Hellissandi, 10. des. 1965.

Ég undirritaður ábúandi Klettsbúðar á Hellissandi mæli með því við ríkissjóð, að Neshreppi utan Ennis verði seld jörðin Klettsbúð.

Guðm. Einarsson.

Ed. 279. Frumvarp til laga [12. mál]

um iðnfræðslu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 1. marz.)

Samhljóða þskj. 12 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð fer með framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, undir yfirstjórn ráðherra.

Iðnfræðsluráð hefur yfirstjórn kennslueftirlits, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

5. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 9 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

6. gr. hjóðar svo:

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa, þar sem það telur þess þörf, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga og hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

7. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar, þar sem þeirra er þörf.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

10. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfi um starfsval innan þess sviðs, sem fellur undir ákvæði þessara laga.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Það skal árlega leita þar um álits hlutaðeigandi félagssamtaka.

12. gr. hljóðar svo:

Iðnskólar skulu vera einn í hverju kjördæmi landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
8. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskóla skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:

Stofna skal og starfrækja á vegum iðnskóla þeirra, sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr., eftir því sem ráðherra ákveður og fé er til þess veitt, verknámsskóla, þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnfræðslustarfs. Skal lögð áherzla á, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem um er að tefla, og efnum, sem úr er unnið, jafnframt þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt.

Inntökuskilyrði í verknámsskóla skulu vera hin sömu og í iðnskóla, sbr. 22. gr. þessara laga.

Námstími í verknámsskóla skal vera allt að einu ári, og skal kennsla miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tæknínám og iðnstörf. Námstíma skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða við kennslu, sem svari námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla.

Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina.

Ráðherra skal sjá um, að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tilteknum greinum og skipti með sér verkum, eftir því sem við verður komið.

Ráðherra ákveður, hverjar verklegar greinar skuli kenna á vegum verknámsskóla. Í verklegu námi skulu nemendur hverrar bekkjardeildar eigi vera fleiri en 15.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki. Skal sú stytting svara til þess, að átta mánaða verknámsskóli stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði. Skal sama regla gilda um verklegan starfstíma og krafizt er til upptöku í aðra verknáms- og tækniskóla.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum, 6 til 10 mánuði, eftir þörfum iðngreinanna. Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða, að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla.

15. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluskólar skulu vera dagskólar. Þó má kennslan fara fram að kvöldi að nokkru leyti, er eigi verður hjá því komizt vegna kennaraskorts eða húsnæðis. Enn fremur er iðnfræðsluskólum rétt að starfrækja kvöldnámskeið í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir, enda komi samþykki stjórnvalda til hverju sinni.

Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.

18. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara iðnfræðsluskóla, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

Um menntun skólastjóra og kennara í almennum bóknámsgreinum gilda sömu reglur sem um skólastjóra og kennara gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt.

Um menntun annarra kennara fer eftir reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveða ber á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

20. gr. hljóðar svo:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna iðnskóla, er í hlut á, þegar námssamningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna skólastjóra, ef nemandi hættir iðnnámi.

23. gr. hjóðar svo:

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að staðfesta námssamning, og má skjóta synjun þeirra til iðnfræðsluráðs til úrskurðar. Námstími telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn byrjað nám sitt þá.

Iðnfulltrúar skulu eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

Iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skal hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.

39. gr. hljóðar svo:

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemenda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

44. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en sveitar- og sýslusjóðir skólaumdæmis helming eftir reglum, er ráðherra setur.

Til stofnkostnaðar teljast skólahús ásamt húsnæði og kennslutækjum og svo vinnustofur ásamt vélum og áhöldum.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Greiðir ríkissjóður allt að þremur fjórðu af þessum hluta stofnkostnaðar, en sveitar- og sýslusjóðir hinn hluta stofnkostnaðarins.

Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli er, skal leggja til ókeypis nauðsynlegar lóðir fyrir skólann. Áður en hafizt er handa um byggingu iðnfræðsluskóla, eða verulegar breytingar skólahúsnæðis, skal liggja fyrir teikning, samþykkt af menntamálaráðherra.

Iðnfræðsluráð skal árlega gera tillögur til ráðuneytisins um húsagerð og aðrar framkvæmdir á vegum iðnfræðsluskóla svo og um skiptingu þess fjár, sem veitt er til byggingar iðnfræðsluskóla, kaup á vélum og öðrum búnaði.

45. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra iðnfræðsluskóla og fastra kennara, svo og styrk til stundakennslu, hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.

Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðiljum, sem stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

Ráðherra ákveður skólagjöld í iðnskólum og meistaraskólum svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi og svo hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

48. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra iðnfræðsluskóla og fastra kennara svo og fræðsluráðs.

Nd. 280. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 45 3. apríl 1963.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason, Einar Ágústsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

2. gr.

Í stað orðanna „allt að 100 milljón króna lán“ í 6. gr. laganna komi: allt að 200 milljón kr. lán.

3. gr.

Í stað orðanna „15 ár“ í 12. gr. laganna komi: 20 ár — og í stað orðanna „7 ára“ komi: 10 ára.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Iðnaðurinn býr við mikinn og vaxandi lánsfjárskort, þrátt fyrir eflingu Iðnlánasjóðs 1963. Með frv. þessu er stefnt að því að rétta nokkuð hlut iðnaðarins í þessum efnum, en þó engan veginn svo, að fullnægjandi geti talizt nema til bráðabirgða. Mikil þörf er á því að taka öll lánamál iðnaðarins til gaumgæfilegrar athugunar með það fyrir augum, að hann fái þá úrlausn, að samkeppnisaðstaða hans verði verulega styrkt að þessu leyti og grundvöllur lagður að raunhæfri eflingu hans á sem flestum sviðum.

Aðalbreytingarnar á iðnlánasjóðslögunum, sem felast í þessu frv., eru þrjár.

Í fyrsta lagi er lagt til, að framlag ríkisins verði jafnhátt tekjum þeim, sem sjóðurinn fær af gjaldi því, sem iðnaðurinn greiðir til sjóðsins. Tvö undanfarin Iðnþing hafa borið fram þessa sjálfsögðu kröfu, og er ekki vansalaust, að Alþingi dragi lengur að verða við henni, þar sem framlög ríkisins til hliðstæðra fjárfestingarsjóða landbúnaðar og sjávarútvegs eru jafnhá framlögum þessara atvinnugreina til sjóðanna.

Í öðru lagi er lagt til, að lántökuheimild sjóðsins sé hækkuð úr 100 millj kr. í 200 millj. króna.

Í þriðja lagi er lagt til, að lánstími á þeim lánum, sem sjóðurinn veitir, sé lengdur til samræmis við það, sem tíðkast hjá öðrum fjárfestingarsjóðum, þannig að lánstíminn megi vera allt að 20 ár í stað 15 ára nú. Lagt er til, að lánstími á lánum til vélakaupa megi vera allt að 10 ár í stað 7 ára nú.

Nánari grein verður gerð fyrir frv. í framsögu.

Ed. 281. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 7. marz 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ.
ÁB var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 3. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Alfreð Gíslason.
Bjartmar Guðmundsson. Karl Kristjánsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 282. Frumvarp til laga [134. mál]

um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Stofna skal við Framkvæmdabanka Íslands lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.

2. gr.

Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.

3. gr.

Starfsfé deildarinnar er:

1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdabanki Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs. Ákvæði 2. málsliðar 6. gr. laga nr. 17 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, taka ekki til skuldabréfa deildarinnar.
3. Framkvæmdabanki Íslands leggur deildinni til ¼ hluta tekjuafgangs síns ár hvert.
4. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slík lán.

4. gr.

Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdabankanum. Þeim skal fylgja:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.

3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða bankinn óskar eftir.

5. gr.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsumsókninni sé í samræmi við tilgang þessara laga.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður bankaráð, hvort lánið skuli veitt, enda hafi bankinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.

6. gr.

Lán úr deildinni má ekki vera hærra en svo, að það að viðbættum stofnlánum nemi 90% kostnaðar við þær framkvæmdir og endurbætur, sem lánað er til. Lánstíma ákveður bankaráð.

7. gr.

Vextir af útlánum deildarinnar skulu ákveðnir af bankaráði með samþykki ráðherra. Höfð skal hliðsjón af vaxtakjörum stofnlánasjóða atvinnuveganna.

8. gr.

Lánin skulu tryggð með veðum í fasteignum, vélum, skipum eða hliðstæðum eignum. Skulu þau veitt gegn 1. veðrétti. Þó er heimilt að veita lán gegn 2. veðrétti, ef á undan eru lán úr Iðnlánasjóði, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins og/eða Fiskveiðasjóði Íslands. Lán úr framleiðnilánadeild að viðbættum öðrum stofnlánum, sem hafa betri veðrétt, skulu aldrei nema meira en 80% af endurkaupsmatsverði veðsins að frádregnum eðlilegum fyrningum. Bankinn skal hafa eftirlit með því, að veðum sé vel við haldið og þau séu nægilega vátryggð.

9. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi framleiðnilánadeildar má setja með reglugerð.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er tilgangur flm. með frv. þessu að koma því til leiðar, að stofnuð verði sérstök lánadeild, sem hafi það hlutverk að stuðla að sem mestri aukningu á framleiðni atvinnuveganna.

Framleiðni er, eins og kunnugt er, skilgreind sem hlutfallið á milli nettóvinnsluvirðis og þeirrar vinnu, sem í viðfangsefnið er lögð. Framleiðnin er þannig mælikvarði á þau verðmæti, sem skapast fyrir hverja vinnueiningu.

Það er alkunna, að framleiðsluaukning þjóðarinnar á undanförnum árum á ekki nema að nokkru leyti rót sína að rekja til framleiðniaukningar og fólksfjölgunar. Þar koma einnig til óvenjuleg aflabrögð og svo hitt, að fólk hefur lagt á sig aukna vinnu, og er nú svo komið, að vinnutími er hjá mörgum orðinn svo langur, að ekki getur við svo búið staðið til frambúðar. Vinnutímann verður að stytta, en til þess að það geti gerzt án tekjumissis, verður að leggja áherzlu á að auka framleiðnina.

Þær breytingar, sem á undanförnum árum hafa verið gerðar á tollalöggjöfinni, hafa minnkað tollvernd innlends iðnaðar. Um þessar breytingar hefur þó í grundvallaratriðum ekki verið ágreiningur á Alþingi, enda hafa verið boðaðar ráðstafanir til að efla samkeppnisgetu iðnaðarins.

Fyrir nokkrum árum starfaði hér á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar sérfræðingur að athugun þeirra vandamála, sem tengd eru aðlögun iðnaðarins að aukinni samkeppni, ásamt fulltrúum ríkisstjórnarinnar og hagsmunasamtaka iðnaðarins. Niðurstaða þeirra athugana var sú, að gera þyrfti öflugt átak til að auka framleiðni þessara atvinnugreina, og benti sérfræðingurinn á ýmsar ráðstafanir, sem gera þyrfti af hálfu hins opinbera til að greiða fyrir því. Sumt af því hefur að einhverju leyti komið til framkvæmda. Efling Iðnlánasjóðsins 1963 og áætlun félagsmálaráðuneytisins um menntun hagræðingarsérfræðinga frá 1964 eru ráðstafanir, sem eru góðra gjalda verðar, svo langt sem þær ná, en það þarf meira til. Af hálfu iðnrekenda hefur sérstaklega verið á það bent, að mikil þörf sé aukinna lána til þess að koma fram þeirri umfangsmiklu endurskipulagningu iðngreina og fyrirtækja, sem nauðsynleg er, fullkomnari framleiðsluháttum, aukinni véltækni og hagræðingu.

Sú tæknibylting, sem oft er rætt um að hafi átt sér stað í fiskveiðum undanfarinn áratug, hefur í rauninni aðeins náð til síldveiðanna. Hlutur annarra greina fiskveiðanna er eftir, en ljóst er, að þar verður ný tækni að koma til, ef þær eiga ekki að dragast aftur úr og hverfa.

Á undanförnum árum hefur hraðfrystihúsunum verið veittur styrkur af opinberu fé, sem nefndur hefur verið hagræðingarfé, enda ætlað til hagræðingar, þó að því í framkvæmd hafi verið úthlutað sem niðurgreiðslu á fiskverðið. Það er líka vitað, að þótt mörg frystihúsanna hafi getað notað það til hagræðingar, hafa önnur ekki getað það, og þau eru ófá. Það hefur einnig komið fram af hálfu forsvarsmanna þeirra, að þeir telja mikla þörf á auknu lánsfé í þessu skyni.

Svipuð sjónarmið eiga við í landbúnaði og öðrum atvinnugreinum. Verður varla um það deilt, að í þessum efnum er þjóðinni mikill vandi á höndum, sem enn hefur aukizt stórlega við óhagstæða þróun framleiðslukostnaðarins á undanförnum árum.

Frv. þetta miðar að því að skapa nokkurn fjárhagslegan grundvöll fyrir þeim stórfelldu umbótum, sem nauðsynlegar eru í þessum efnum.

Þegar Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður árið 1953, vakti það fyrir Alþingi, að hann skyldi m. a. gegna svipuðu hlutverki og framleiðnilánadeildinni er ætlað. Í lögum nr. 17 1953 er hlutverk hans ákveðið allmiklu víðtækara, og svo hefur einnig reynzt í framkvæmd. Hefur því þótt rétt að leggja til, að stofnuð sé sérstök lánadeild, sem hafi þetta hlutverk. Eðlilegt þykir, að hún sé deild í Framkvæmdabankanum, sem hefur svo skylt hlutverk.

Gert er samkv. 3. gr. frv. ráð fyrir, að fjár til þessarar lánastarfsemi sé aflað með fernu móti:

1. Gert er ráð fyrir, að 100 millj. kr. verði lagðar fram úr ríkissjóði á næstu 10 árum. Hér er um að ræða svo þýðingarmikið verkefni fyrir þjóðarheildina alla, að rétt þykir, að fé sé lagt fram úr ríkissjóði, enda tæplega eðlilegt að byggja slíka lánastarfsemi eingöngu á lánsfé.
2. Þá er gert ráð fyrir, að Seðlabankinn tryggi sölu á skuldabréfum að upphæð 400 millj. kr. á næstu 10 árum. Möguleikar Seðlabankans til að tryggja slíka sölu eru margvíslegir. Hann hefur undir höndum mörg hundruð milljónir króna af sparifé landsmanna á bundnum reikningum banka og annarra innlánastofnana, og enn er í gildi heimild handa honum til að binda hluta sparifjáraukningarinnar. Flm. eru andvígir tilgangslausri frystingu sparifjár þjóðarinnar, en telja á hinn bóginn eðlilegt, að löggjafinn hlutist til um að beina sparifénu í þá farvegi, þar sem nauðsyn þjóðarheildarinnar fyrir fé er mest. Ákvæði 2. töluliðar 3. greinar er viðleitni í þá stefnu.
3. Þá er gert ráð fyrir, að Framkvæmdabankinn leggi deildinni til hluta af tekjuafgangi sínum.
4. Að endingu er gert ráð fyrir lántöku eftir ástæðum, allt að 300 millj. kr., með ábyrgð ríkissjóðs.

Ed. 283. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur hún til, að það verði samþykkt með neðangreindri

BREYTINGU:

Við 1. gr. 2. mgr. Á eftir orðinu „áfengislögum" komi: lögum um tilkynningar aðsetursskipta.

Einn nefndarmanna, ÓlJ, var fjarverandi, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 2. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Alfreð Gíslason.	Hermann Jónasson.

Nd. 284. Frumvarp til laga [135. mál]

um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Sláturfénaður: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr, sem ætluð eru til manneldis.

Sláturafurðir: Kjöt og slátur af öllum sláturfénaði.

Læknir: Dýralæknir sá, er heilbrigðisskoðunina annast, eða hver sá læknir eða læknanemi, sem löggiltur hefur verið til starfsins samkvæmt 7. gr. laga þessara.

Kjötmatsmaður: Hver sá undirkjötmatsmaður, er lýtur yfirkjötmatsmanni.

2. gr.

Sláturfénaði (sauðfé, geitum, svínum, nautgripum og hrossum), sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, kælt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema í tvö ár frá gildistöku laga þessara.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, söltunar- og reykhúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr.

Hver sá, sem hyggst starfrækja slátrun sauðfjár eða annars sláturfénaðar í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu umsókn um löggildingu húsa til slátrunar, frystingar og geymslu á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Hver sá, sem hyggst byggja hús til slátrunar og frystingar á sláturafurðum, skal senda yfirdýralækni teikningar af húsinu og fá samþykki hans á teikningunum áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Eftir löggildingu annast héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum undir stjórn yfirdýralæknis. Í reglugerð má setja ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og sláturhússtjóra.

4. gr.

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra þeim, sem sláturleyfi hefur og yfirdýralækni samstundis frá því. Setur yfirdýralæknir umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður um stundarsakir, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Hann tilkynnir þá jafnframt atvinnumálaráðuneytinu og aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð, unz úr sé bætt.

5. gr.

Heilbrigðisskoðun skal fram fara á öllum sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, áður en slátrun fer fram, og mega ekki líða meira en 12 klst frá þeirri skoðun og til slátrunar. Enn fremur skal heilbrigðisskoðun á öllu kjöti og slátri af þeim sláturfénaði, sem um getur í lögum þessum, fara fram í sláturhúsinu áður en afurðirnar eru boðnar til sölu á opinberum markaði, þ. e. áður en kæling, frysting, söltun eða önnur verkun fer fram. Að skoðun lokinni skal dýralæknir eða hver sá, sem löggiltur hefur verið til starfsins, merkja kjötið samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur um heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og slátri, að fengnum tillögum yfirdýralæknis.

Í reglum þeim, sem ráðherra setur samkvæmt þessari grein, má ákveða hámarksþóknun fyrir læknisskoðun og merkingu kjöts og annarra sláturafurða.

6. gr.

Sláturafurðir, sem reynast spilltar eða sýktar, svo að hætta geti stafað af að nota þær til manneldis, eftir úrskurði kjötskoðunarlæknis, skulu þegar í stað ónýttar samkvæmt reglum, er ráðuneytið setur, á þann hátt, að tryggt sé, að engin hætta geti stafað af þeim.

Ekki má slátra í sláturhúsi sýnilega sjúku sláturfé, er sýkingarhætta getur stafað af að áliti kjötskoðunarlæknis, nema sérstakur klefi sé til þeirra afnota einna í sláturhúsinu.

Sjálfdauðar skepnur eða afurðir af þeim má aldrei flytja inn í sláturhús eða frystihús.

Búpening, sem kominn er í sláturhúsrétt, má eigi flytja þaðan til lífs, heldur skal honum slátrað, nema komi til leyfi sauðfjársjúkdómanefndar.

7. gr.

Dýralæknar annast heilbrigðisskoðun og merkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum, sbr. 5. gr. þessara laga. Náist ekki til dýralæknis, skipar ráðherra, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, lækni til starfsins, enda hafi hann lokið kjötskoðunarprófi hjá dýralækni hér á landi. Ef nauðsyn krefur, má fela heilbrigðisskoðun öðrum, sem í því skyni hafa hlotið næga þekkingu og þjálfun, að dómi yfirdýralæknis, enda starfi þeir eingöngu undir stjórn dýralæknis.

8. gr.

Allt kjöt og slátur af sláturfénaði, er um getur í lögum þessum, sem flutt er á erlendan markað eða til sölu innanlands, skal metið, flokkað og merkt eftir tegundum og gæðum af kjötmatsmönnum, sem starfa undir umsjón yfirkjötmatsmanna.

Ráðuneytið setur reglugerð um slátrun, mat, flokkun, merkingu, frystingu, söltun, umbúðir, flutning og meðferð kjöts og sláturs, að fengnum tillögum kjötmatsformanns og yfirdýralæknis, er hafi samráð við framleiðsluráð landbúnaðarins og helztu kjötsöluaðila.

Ef þörf þykir, getur ráðherra sett sérstakar reglur um slátrun, meðferð, mat og merkingu á kjöti, slátri, gærum og hausum, sem selt er innanlands eða til ákveðinna landa, eftir því hvaða kröfur eru gerðar í því efni.

9. gr.

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði. Kjötmatsformaður hafi ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna og samræma mat og flokkun á kjöti og innyflum af sláturfénaði, samkvæmt reglugerðum, sem settar eru um þau efni í samræmi við 8. gr. laga þessara, á landinu öllu. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir. Kjötmatsformaður skal hafa aðsetur í Reykjavík.

Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa góða þekkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum og mikla reynslu í öllu því, er lýtur að meðferð og mati sláturafurða.

Ráðherra setur yfirkjötmatsmönnum starfsreglur og ákveður umdæmi þeirra og launakjör.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Annan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

10. gr.

Lögreglustjóri skipar kjötmatsmenn, einn eða fleiri á hverjum sláturstað. Fer um tölu þeirra og val eftir tillögum yfirkjötmatsmanns.

Kjötmatsmenn skulu annast mat og flokkun á kjöti og slátri og gæta þess, að reglum um slátrun og sláturhús sé fylgt, einkum að því er varðar hreinlega og góða meðferð sláturafurða. Störf, skyldur og kaup kjötmatsmanna skal ákveðið með reglugerð, og greiða sláturleyfishafar, sem slátrun framkvæma, kaup kjötmatsmanna á hverjum stað.

11. gr.

Ekki mega yfirkjötmatsmenn eða kjötmatsmenn þiggja neina aukaþóknun hjá þeim, sem kjötsölu annast, né heldur hafa með höndum sölu á kjöti utanlands eða innan, eða aðra milligöngu í því efni, sem þeir geta haft hagnað af.

Nú vanrækir yfirkjötmatsmaður starf sitt að dómi kjötmatsformanns, og er honum þá skylt að skjóta málinu án tafar til atvinnumálaráðuneytisins, sem fellir úrskurð í því.

Sýni kjötmatsmaður vanrækslu í starfi, beiti hlutdrægni við matið eða leysi það illa af hendi á einhvern hátt að dómi yfirkjötmatsmanns, er yfirkjötmatsmanni heimilt að víkja honum frá um stundar sakir, en tilkynna skal hann kjötmatsformanni og hlutaðeigandi lögreglustjóra samstundis þessa ráðstöfun, sem þá víkur hinum brotlega kjötmatsmanni endanlega frá störfum, og skipar annan matsmann í hans stað.

12. gr.

Yfirdýralæknir eða heilbrigðisnefnd, sem í hlut á, getur fyrirskipað sérstaka læknisskoðun á kjöti og slátri, enda þótt það hafi áður hlotið lögboðna heilbrigðisskoðun og merkingu. Eins má fyrirskipa gæðamat á sláturafurðum, þótt það hafi áður farið fram.

Bæjar- eða sveitarfélag skal sjá fyrir fullnægjandi húsnæði til framangreindrar skoðunar á sláturafurðum gegn sanngjörnu gjaldi, er eigandi afurðanna greiðir, samkvæmt nánari fyrirmælum ráðuneytisins, að fengnum tillögum bæjar- eða sveitarfélags.

13. gr.

Ráðherra getur sett reglur, að fengnum tillögum heilbrigðisstjórnar og yfirdýralæknis, um útbúnað kjötbúða og annað, er lýtur að verzlun með sláturafurðir, og um það, hverjar vörur megi selja í kjötbúðum aðrar en þær, sem um ræðir í lögum þessum. Ráðherra getur einnig sett reglur, að fegnum tillögum heilbrigðisstjórnar og yfirdýralæknis, um atvinnurekstur við tilbúning matvæla úr sláturafurðum svo sem pylsugerð, niðursuðu sláturafurða og annað því um líkt.

14. gr.

Nú flytur einhver eða lætur flytja út kjöt til sölu á erlendan markað eða til sölu innanlands án þess að gæta fyrirmæla laga þessara um læknisskoðun, merkingu, mat og flokkun, og varðar það sektum frá kr. 5000.00 til 100 000.00. Önnur brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að kr. 50 000.00. Fara skal með mál út af brotum þessum að hætti opinberra mála.

Um refsingu fyrir brot kjötskoðunarlækna, yfirkjötmatsmanna og kjötmatsmanna gegn ákvæðum þessara laga fer sem um refsingu fyrir brot opinberra starfsmanna.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 5 frá 22. febr. 1949, um kjötmat o. fl.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem í áttu sæti Páll A. Pálsson, yfirdýralæknir, Jón Sigurðsson, borgarlæknir, Jónmundur Ólafsson, kjötmatsformaður og Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastjóri.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá nefndinni:

Greinargerð.

Þar sem lög þessi fjalla að verulegu leyti um sláturhús og heilbrigðisskoðun á kjöti, auk hins eiginlega gæðamats, höfum við talið eðlilegt að breyta heiti laganna.

Mörg ákvæði laga um kjötmat o. fl. nr. 5, 22. febrúar 1949, haldast óbreytt í þessu frumvarpi. Höfum við því kosið þann kostinn að gera breytingar á gömlu lögunum, þar sem við átti og nauðsynlegt var, en endursemja aðeins fáar greinar, þar sem breytingum var ekki við komið.

Skal nú drepið á helztu breytingar, sem lagt er til að gerðar verði.

1. gr. er nær óbreytt frá því, sem var í gömlu lögunum, aðeins tekið inn geitfé og hreindýr til samræmis, þar sem kjötskoðun fer nú fram á þessum skepnum hvort eð er.

Í gildandi lögum er ráðherra heimilt að veita undanþágu til slátrunar til eins árs í senn í húsum, sem eru svo ófullkomin, að gerð og búnaði, að löggilding getur ekki farið fram. Í framkvæmd hefur þetta orðið þannig, að allmörg sláturhús hafa ekki hlotið löggildingu, en þar verið slátrað árum saman í skjóli undanþáguheimildar, en lítt eða ekki hirt um endurbætur, enda mörg þessara húsa það léleg, að vart mun borga sig að leggja mikið fjármagn í viðgerð þeirra.

Nú er lagt til að eigi megi veita slíkar undanþágur nema tvisvar sinnum og þá til eins árs í senn. Eftir það beri að loka „sláturhúsum“ þessum, unz þau hafa verið lagfærð eða endurbyggð svo að þau séu löggildingarhæf, ella verði þau lögð niður.

Nú eru mörg sláturhús, einkum hin minni hús, þann veg úr garði gerð, að þau fullnægja á engan hátt settum reglum. Slátrun hefur hins vegar verið leyfð í húsum þessum ár frá ári, einkum vegna þess, að örðugt hefur verið að flytja fé á aðra sláturstaði. Teljum við, að með þeim breytingum, sem hér er gert ráð fyrir, fáist bundinn endir á þetta vandræða ástand, og slátrun fari innan fárra ára öll fram í löggiltum sláturhúsum.

Í 3., 4. og 5. gr. er einungis gert ráð fyrir lítilsháttar orðalagsbreytingum, er varða framkvæmdaratriði.

Með breytingum þeim, sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frumvarpsins, er girt fyrir að undir vissum skilyrðum sé unnt að flytja inn í sláturhús sjálfdauðar skepnur, eins og hægt er samkvæmt gildandi lögum, enda virðist slík heimild óþörf. Þá er bætt inn í grein þessa ákvæðum, sem banna brottflutning á fénaði, sem á annað borð er kominn í sláturhúsrétt.

Ákvæði þetta er sett til þess að girða fyrir yfirtroðslur á fyrirmælum um sauðfjárveikivarnir, enda virðist sem kaup á líflömbum úr réttum sláturhúsa séu með öllu óþörf, en geta hins vegar eins og reynslan hefur raunar sýnt, verið varhugaverð.

Ákvæði 7. og 8. gr. frumvarpsins eru að mestu í samræmi við gildandi lög að því undanskildu, að skotið er inn í heimild til þess að taka upp mat á gærum, sem talið er að sé orðið aðkallandi mál.

Í 9., 10. og 11. gr. er fjallað um kjötmatsformann, yfirkjötmatsmenn og kjötmatsmenn. Eru ákvæði þessara greina efnislega áþekk þeim, sem í gildi eru, nema hvað fjölgað er um einn yfirkjötmatsmann. Þar sem launaákvæði yfirkjötmatsmanna eru löngu úrelt orðin vegna sífellra breytinga á verðgildi peninga, þótti rétt að ákveða, að ráðherra setji með reglugerð reglur um kaup þessara manna, en hafa það ekki bundið lagaákvæðum.

11. og 12. gr. núgildandi laga leggjum við til að verði felldar niður. Í staðinn komi ákvæði þau, sem um getur í 12. gr. frumvarpsins og eru þau nokkuð annars eðlis en nú er gert ráð fyrir. Skal það skýrt nokkru nánar.

Mjög hefur færzt í vöxt hin síðari ár, að kjöt og aðrar sláturafurðir séu fluttar um langan veg beint á markað innanlands eða í frystigeymslu fjarri sláturstað. Í sumum tilvikum geta þessir flutningar tekið alllangan tíma, og þegar hlýtt er í veðri hafa vörur spillzt í flutningum, þó að þær hafi verið óaðfinnanlegar, þegar flutningar hófust eða heilbrigðisskoðun og mat fór fram á afurðunum. Hefur þráfaldlega komið fyrir, að þurft hefur að eyða sláturafurðum af þessum sökum, þar sem þær reyndust óhæfar til manneldis, er þær bárust á markaðsstað eða geymslustað. Oft má rekja slíkar skemmdir til hirðuleysis í meðferð vörununar og of mikils annríkis fólks í sláturtíð.

Þá kemur alloft fyrir, að skemmdir eru það lítið áberandi, að þær koma ekki í ljós á móttökustað án sérstakrar skoðunar, en þeirra verður fyrst vart, er farið er að handleika vöruna nánar í verzlunum, vinnslustöðum eða í heimahúsum. Stundum valda skemmdir af þessu tagi veikindum, er hafa í för með sér óþægindi og tjón. Þá er og á hitt að líta, að skemmdar vörur vekja ávallt tortryggni bæði hjá neytendum, verzlunum og framleiðendum.

Því virðist eðlilegt og raunar sjálfsagt, að sett verði í löggjöf þá, er mál þessi varða, ákvæði sem girt gætu fyrir þá annmarka og tjón, sem að ofan er lýst. Því

er lagt til, að heimilt sé að láta fara fram endurskoðun á kjöti og sláturafurðum, ef viðkomandi heilbrigðisnefnd eða yfirdýralæknir telur ástæðu til. Ætti það að veita nokkurt aðhald um vandvirkni og aðgæzlu, þeim, er sjá um meðferð, geymslu og flutning sláturafurða.

13.—16. gr. frumvarpsins er að mestu sömu ákvæði og nú eru í gildi, sektarákvæði eru hækkuð nokkuð með tilliti til lækkaðs verðgildis peninga.

Þá er lagt til, að bráðabirgðaákvæði varðandi heimaslátrun stórgripa verði numið úr lögum. Á sínum tíma var grein þess efnis skotið aftan við lögin til bráðabirgða, síðan eru liðin 17 ár, og ætti það út af fyrir sig að vera næg ástæða til þess að fella ákvæðið nú niður. Yfirdýralæknir, borgarlæknir og landlæknir hafa lagt ríka áherzlu á að ákvæði um heimaslátrun verði felld niður.

Heimaslátrun stórgripa samræmist engan veginn þeim kröfum, sem nú eru gerðar til meðferðar á kjöti og öðrum sláturafurðum og neytendur telja sig eiga rétt á. Skortur á hæfilegri vinnuaðstöðu og verkvönum mönnum veldur því, að mjög mikill hluti af kjöti af heimaslátruðum gripum er vegna slæmrar meðferðar við slátrun og flutning gölluð vara, er á markaðsstað kemur, yfirleitt alls ekki sambærileg við kjöt- og sláturafurðir af gripum, sem slátrað er af vönum mönnum í sláturhúsum.

Af þeim orsökum fæst oft mjög lágt verð fyrir slíkt kjöt, og ávinningur sá, sem sumir bændur telja sig hafa af því að slátra stórgripum heima, er því næsta vafasamur, og oft bíða þeir stórtjón, þegar verst tekst til.

Fyrir nokkru hefur Framleiðsluráð landbúnaðarins fallizt á að afnema beri lagaheimild um heimaslátrun. Í sömu átt hneig einnig ályktun Búnaðarþings um þetta efni veturinn 1958.

Fulltrúar framleiðenda hafa þannig tjáð sig fylgjandi því, að bráðabirgðaákvæði um heimaslátrun verði afnumið, og af því sem að framan greinir ætti að vera ljóst, að það er einnig hagur neytenda að þau séu felld niður.

Ed. 285. Frumvarp til laga [136. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Á árinu 1966 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1966, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Á árinu 1966 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1965 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Undanfarin tvö ár hefur ríkissjóður greitt framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Nam þetta framlag 43 millj. kr. á árinu 1964, en 33 millj. kr. á árinu 1965. Upphaflega var ákveðið að greiða þetta framlag með tilliti til mikilla launahækkana, er urðu hér á landi í árslok 1963, og sem talið var, að væru hraðfrystiiðnaðinum með öllu ofviða eins og þá stóðu sakir. Á hinn bóginn var útlit fyrir, að miklum árangri mætti ná með endurbótum í frystihúsunum, og myndu þær endurbætur ásamt hækkandi verðlagi á útfluttum afurðum áður en langt um liði geta gert frystihúsunum kleift að standa undir þeim aukna framleiðslukostnaði, sem af launahækkununum leiddi.

Vonirnar, sem menn gerðu sér um árangur endurbóta í frystiiðnaðinum og um hækkandi verðlag erlendis, hafa að fullu rætzt. Í ársbyrjun 1965 tóku frystihúsin á sig að fullu 15% kauphækkunina frá 1963, þær viðbótarkauphækkanir, sem orðið höfðu á árinu 1964, og þá 6% fiskverðshækkun, sem ríkissjóður hafði greitt til bráðabirgða á árinu 1964. Á hinn bóginn var ekki talið fært, að leggja á frystihúsin til viðbótar þessu þá 5½% almennu hækkun fiskverðs, sem ákveðin var þá af yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins. Var því með lögum nr. 34/1965, ákveðið, að framlag til framleiðniaukningar og annarra endurbóta í framleiðslu freðfisks skyldi enn greitt á árinu 1965, og skyldi það nema 33 millj. kr.

Athuganir þær, er yfirnefnd Verðlagsráðs sjávarútvegsins gerði á afkomu hraðfrystihúsa í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir árið 1966, sýndu, að afkoma frystihúsanna á árunum 1964 og 1965 hafði yfirleitt verið góð, og bentu til þess, að frystihúsin myndu geta tekið á sig 5½% fiskverðhækkunina frá ársbyrjun 1965 og þær miklu kauphækkanir, sem urðu á árinu 1965. Komu hér til áhrif erlendra verðhækkana og áhrif umbóta í rekstri. Á hinn bóginn taldi yfirnefndin brýna nauðsyn bera til þess, að mjög veruleg hækkun yrði á fiskverðinu til þess að bátum á þorskveiðum væri búin eðlileg rekstrarskilyrði og sjómönnum á þeim bátum sambærileg lífskjör við aðra. Var niðurstaðan sú, að yfirnefndin samþykkti 17% hækkun á meðalfiskverði. Var samþykktin háð því skilyrði, að útflutningsgjaldi á sjávarafurðum væri breytt og framlag til framleiðniaukningar frystihúsa greitt á árinu 1966 og það jafnframt hækkað um 17 millj. kr., eða úr 33 millj. kr. í 50 millj. kr. Jafngildir þessi hækkun um 2% hækkun fiskverðsins. Ríkisstjórnin lýsti því yfir í sambandi við samþykkt yfirnefndar, að hún mundi beita sér fyrir því við Alþingi, að það framlag til framleiðniaukningar yrði greitt á árinu 1966, sem nefndin hafði gert ráð fyrir. Í þessu frumvarpi er farið fram á heimild Alþingis til þess að inna af hendi þessa greiðslu.

Frumvarpið gerir einnig ráð fyrir því, að sú 25 aura verðuppbót á hvert kíló af línu- og handfærafiski, sem greitt var á árinu 1965, greiðist áfram á árinu 1966. Í sambandi við ákvörðun fiskverðs fyrir árið 1966 féllust fiskkaupendur á það í fyrsta sinn að greiða hærra verð fyrir línufisk en annan fisk, eða 25 aura á kíló. Ekki er æskilegt, að greiðsla uppbótar á línufisk af hálfu ríkissjóðs falli niður undir þessum kringumstæðum, heldur komi hún til viðbótar verðhækkun fiskkaupenda og geti þannig orðið til örvunar þessari atvinnugrein, sem undanfarin ár hefur staðið höllum fæti.

Í lögum nr. 34/1965, var heimild til þess að greiða úr ríkissjóði 10 millj. kr. á árinu 1965 til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu. Var heimild þessi notuð á árinu og er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir sams konar heimild á árinu 1966.

Þau framlög, sem greidd hafa verið til vinnslustöðva sjávarafurða á tveimur undanförnum árum, hafa verið takmörkuð við frystihús á árinu 1964 og við frysti-

hús og skreiðarframleiðendur á árinu 1965. Í þessu frumvarpi er lagt til, að þetta verði einnig gert á árinu 1966. Ástæðan fyrir því, að ekki hefur verið talið rétt, að framlög þessi næðu til saltfiskframeiðslu, er fyrst og fremst sú, að verðþróun saltfisks hefur á undanförnum árum verið miklu hagstæðari en freðfisks og skreiðar, og enn fremur, að hér hefur verið um aðgerðir að ræða, sem ekki hefur verið ætlunin að stæðu nema skamma hríð. Frá árinu 1959 til ársins 1964 hækkaði meðalverð á útfluttum frystum flökum um 30%, á skreið um 14%, en á óverkuðum saltfiski um 52%. Á árinu 1965 hafa hins vegar orðið meiri verðhækkanir á frystum fiski en á saltfiski. Vantar þó enn mikið á, að verðþróun freðfisks og skreiðar hafi orðið eins hagstæð og á saltfiski.

Þær greiðslur ríkissjóðs, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi munu baka ríkissjóði útgjöld að upphæð um 80 millj. kr., sem ekki er ráð fyrir gert í fjárlögum. Framlagið til framleiðniaukningar frystihúsa og endurbóta í framleiðslu frystra afurða nemur 50 millj. kr., verðuppbætur á útflutta skreið 10 millj. kr., en verðuppbót á línufisk má áætla um 20 millj. kr. Hér er um verulegt fjárhagslegt vandamál að ræða. Ríkisstjórnin telur ekki rétt að hækka skatta í því skyni að standa straum af þessum greiðslum, og ekki telur hún heldur rétt að draga úr útgjöldum til verklegra framkvæmda þeirra vegna. Er því fyrirhugað að lækka niðurgreiðslur á vöruverði.

Einstakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki frekari skýringa.

Ed. 286. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og fengið umsagnir um það frá Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, Iðnfræðsluráði, Mótorvélstjórafélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Íslands og Vinnumálasambandi samvinnfélaganna. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt frumvarpsins. Menntamálanefnd mælir einnig með því, að frumvarpið verði samþykkt, en með tilteknum breytingum, sem nefndin ber fram á sérstöku þingskjali. Er þar fremur um leiðréttingar að ræða en efnisbreytingu.

Alþingi, 4. marz 1966.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Gils Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.
	Bjartmar Guðmundsson.	

Ed. 287. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til laga um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað upphafsorða greinarinnar „Vélstjóranámskeið skulu“ komi: Vélstjóranám skal.
2. Við 8. gr. Í stað orðanna „forskóla iðnaðarins í járnsmíðagreinum“ í 5. tölul. c komi: verknámsskóla iðnaðar í málmiðnaðargreinum.

3. Við 22. gr.
   a. Í stað „15. september 1965“ í 1. mgr. komi: 1. júlí 1966.
   b. Í stað „1965“ á tveimur stöðum í 2. mgr. komi: 1966.

Ed. 288. Frumvarp til laga [137. mál]

um bústofnslánasjóð.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Helgi Bergs.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:

a. 80 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu átta árum með 10 milljón króna framlagi á ári;
b. 120 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 4. gr., lán til að kaupa bústofn eða búvélar.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:

a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:

1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;
3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;
4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

6. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það

skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

8. gr.

Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

9. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður af landbúnaðarráðherra samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

10. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.

11. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslu lána, innheimtur á þeim sem og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

12. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndarmanna, greiðir ríkissjóður.

14. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lánasjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn, er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán til bústofns- og vélakaupa. Vextir af lánum þessum skulu eigi vera hærri en 5%. Heimilt er að veita bústofnslán gegn öðrum tryggingum en þeim, sem nú er krafizt, þegar um er að ræða stofnlán til landbúnaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir tiltölulega stuttum lánstíma.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 200 millj. kr., þar af 80 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna kjörnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Það er mikil og augljós þörf á sérstökum lánum til bústofns- og vélakaupa. Sú þörf er auðvitað sérstaklega brýn hjá frumbýlingum. En mörgum bændum er einnig bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af þeim margvíslegu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum, en með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt skapazt skilyrði fyrir að framfleyta stærra búi á hverri jörð. Um búvélarnar er svipaða sögu að segja. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum verulegum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, má heita vonlaus. Auknar jarðræktarframkvæmdir kalla á aukna vélanotkun, og séu búin stækkuð, er margvísleg vélanotkun óhjákvæmileg, sérstaklega þegar um einyrkja er að ræða.

En bústofn og búvélar kosta mikið fé. Frumbýlingar og efnalitlir bændur hafa alls ekki það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á bústofni eða hæfilegum búvélum, allra sízt eftir þá stórkostlegu dýrtíðaraukningu, sem átt hefur sér stað að undanförnu. Búvélarnar hafa t. d. stórhækkað í verði beinlínis vegna efnahagsaðgerða þess opinbera. Erfiðleikar frumbýlinga eru að sjálfsögðu sérstaklega augljósir. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur einmitt stóraukizt á undanförnum 4—5 árum, m. a. vegna gífurlegra verðhækkana og aukins vaxtakostnaðar. Þeir munu því vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni.

Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum mikil lyftistöng, ef þeir ættu kost á föstum og hagstæðum lánum til bústofns- og vélakaupa. Slík frumbýlingslán gætu óefað stuðlað að því, að fleiri hjón en ella vildu búa í sveit. En slíkra lána hefur ekki verið kostur til þessa. Verði þetta frumvarp að lögum, verður mikil og nauðsynleg breyting í þeim efnum.

Í lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, er að vísu heimild til lánveitinga til bústofnsaukningar og búvélakaupa, en slík heimildarákvæði eru auðvitað lítilsvirði, séu þau ekki notuð. Enn sem komið er hendir a. m. k. ekkert til þess, að heimildin til bústofnslána verði notuð. Hins vegar eru nokkrar lánveitingar úr stofnlánadeildinni til búvélakaupa, og er það góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En þær lánveitingar eru á engan hátt fullnægjandi, þar sem ekki mun lánað nema 30% af andvirði tiltekinna búvéla. Sérstaklega eru auðvitað slíkar lánveitingar ónógar flestum frumbýlingum. Í mörgum tilfellum er mönnum því nauðsynlegt að fá viðbótarlán. Það er því eftir sem áður full þörf á, að bústofnslánasjóður hafi heimild til að lána til vélakaupa.

Þörfin á sérstökum bústofnslánasjóði, er sinni þeim hlutverkum, sem honum eru ætluð í frumvarpi þessu, er því sú hin sama og áður, þrátt fyrir stofnlánadeildarlögin frá 1962. Sú þörf er brýn, og má ekki dragast öllu lengur að koma slíkri lánastofnun á fót.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringar við.

Nd. 289. Lög [4. mál]

um breyting á lögum nr. 8 14. febr. 1961, um Bjargráðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 4.

Ed. 290. Lög [34. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Hálshús í Reykjarfjarðarhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 34.

Nd. 291. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, og þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, er þeir fóru af landi brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá breytingu eina, að íslenzkir starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, haldi lögheimili sínu hér heima þrátt fyrir búsetu erlendis, en sú regla gildir nú um starfsmenn í utanríkisþjónustu Íslands. Virðist sanngjarnt, að íslenzkir starfsmenn alþjóðastofnana njóti sömu aðstöðu að þessu leyti.

Sþ. 292. Tillaga til þingsályktunar [139. mál]

um bætta aðbúð síldarsjómanna.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að vinna að bættri aðbúð síldarsjómanna í helztu löndunarhöfnum, sérstaklega með því að koma á fót sjómannastofum, svo og að greiða fyrir bókaláni til síldveiðiskipa.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa síldveiðar aukizt mjög og eru nú stundaðar mikinn hluta ársins. Af þessu leiðir, að síldarsjómenn verða að dveljast fjarri heimilum sínum lengur en áður, enda fylgja skipin síldinni umhverfis landið og koma sjaldan í heimahöfn mánuðum saman. Er nú mikil síldarlöndun í ýmsum höfnum, þar sem lítil eða engin aðstaða er til að greiða fyrir sjómönnum þær stundir, sem þeir koma í land.

Á aðalfundi Sjómannafélags Reykjavíkur, sem haldinn var nýlega, var mál þetta rætt og gerð um það ályktun. Var þar skorað á heildarsamtök sjómanna að beita sér fyrir því, að komið verði upp sjómannastofum í stærstu síldarmóttöku-

höfnunum á Austurlandi, svo og í Vestmannaeyjum og víðar, þar sem mörg skip landa eða hafa viðlegu. Í samþykktinni var einnig fjallað um bætta aðbúð sjómanna í Reykjavík, og munu sjómenn úr öðrum landshlutum geta tekið undir þá ósk.

Mál þetta var einnig rætt á 22. þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Það þing taldi brýna nauðsyn á, að þau sjávarpláss á Austfjörðum og annars staðar á landinu, sem ekki hafa komið sér upp sjómannastofum, leggi áherzlu á að sjá um, að í hverri verstöð geti sjómenn fengið samastað, þar sem þeir geta lesið, skrifað og notið annarrar fyrirgreiðslu.

Þá gerði þing F.F.S.Í. einnig ályktun, þar sem skorað var á yfirvöld að láta athuga, á hvern hátt heppilegast sé að koma því við, að ætíð séu handhægir bókakassar til útlána til fiskiskipa, ekki sízt til síldarflotans við Austfirði.

Ætla má, að ýmsar ráðstafanir sé unnt að gera til að koma til móts við sjómenn, án þess að það kosti stórfé eða nýjar byggingar. Sums staðar ræður ríkið yfir húsnæði, sem nota mætti, og athugandi er, hvort ekki er hægt að hafa einhver not af félagsheimilum í þessu skyni. Þess vegna er tillaga flutt um að fela ríkisstjórninni að taka þetta mál upp.

Ed. 293. Frumvarp til laga [109. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. marz.)

1. gr.

112. gr. orðist svo:

Dómara er heimilt, enda sé það ekki bannað sérstaklega í lögum, að afgreiða opinbert mál án málshöfðunar:

1. Ef brot er mjög smávægilegt, getur dómari lokið máli með áminningu, er hann skráir í þingbók, enda láti sökunautur við það sitja.
2. Ef brot er skýlaust sannað og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr sektum, ef dómur gengur um málið, getur dómari ákveðið hæfilega sekt, er greiðist innan tiltekins tíma, að viðlagðri viðeigandi refsivist ásamt sakarkostnaði, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun dómara með undirskrift sinni í þingbók. Ef skýlaust sannað brot varðar sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða réttar til að öðlast slíkt leyfi, er heimilt að ákveða á sama hátt samkvæmt ákvæðum þessarar greinar slíka réttindasviptingu í 1 ár eða skemmri tíma. Greina skal í bókun skýrt og stutt brot það, sem um er að tefla, refsiákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot upptöku eignar í för með sér, og getur dómari undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku. Ákvörðun um eignaupptöku getur dómari og tekið með bókun í þingbók, ef sökunautur finnst ekki eða er ókunnugur, og verðmæti fer ekki fram úr kr. 3000.00.

Nú berst lögreglustjóra kæra um brot gegn umferðarlögum, áfengislögum, lögum um tilkynningar aðsetursskipta eða lögreglusamþykkt og hann telur viðurlög við brotinu eigi fara fram úr kr. 5000.00 sekt, og getur hann þá bréflega innan mánaðar, frá því honum barst kæran, gefið sökunaut kost á að ljúka málinu innan ákveðins tíma með greiðslu hæfilegrar sektar, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglustjóra með undirskrift sinni. Synji sökunautur þessum málalokum eða sinni þeim ekki, vísar lögreglustjóri málinu til dómara.

Nú stendur lögreglumaður vegfaranda að broti á umferðarlögum eða lögreglusamþykkt og telja má, að refsing muni ekki fara fram úr kr. 1000.00 sekt, og getur lögreglumaður þá gert sökunaut hæfilega sekt, er greiðist þegar í stað eða innan

tiltekins tíma, enda játist sökunautur undir þessa ákvörðun lögreglumanns með undirskrift sinni í sektabók. Nú greiðist sekt eigi innan tiltekins tíma, og skal þá kæra send til dómara með venjulegum hætti. Dómari fellir þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi og lýkur máli lögum samkvæmt. Nú þykir ákvörðun lögreglumanns fjarstæð og ákveður þá dómari, saksóknari eða lögreglustjóri, að mál skuli tekið til meðferðar að nýju, enda er þá ákvörðun lögreglumanns úr gildi felld.

Saksóknari ríkisins lætur lögreglustjóra í té skrá yfir brot þau, sem sektaheimild samkv. 2. og 3. mgr. nær til. Í skránni skal veita leiðbeiningar um sektarupphæð fyrir hverja tegund brota. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um bókhald og meðferð þessara mála að öðru leyti.

Senda skal saksóknara skrá um mál, sem lokið er samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. og 2. mgr. þessarar greinar eftir þeim reglum, er hann ákveður.

Nú telur saksóknari, að saklaus maður hafi verið látinn undirgangast greiðslu sektar, eða maður hafi ranglega verið látinn sæta sviptingu leyfis til að stýra vélknúnu ökutæki eða sviptingu réttar til að öðlast slíkt leyfi eða sæta upptöku eignar, sbr. 2. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, eða verið látinn gangast undir fjarstæð málalok að öðru leyti, eða að mál, sem lokið er samkv. sama ákvæði, hefði átt að ganga til dóms, og getur hann þá kært málið til hæstaréttar til ónýtingar á ákvörðun dómara. Ef um sektargerð lögreglustjóra er að ræða, getur saksóknari borið málið undir dómara til ónýtingar á ákvörðun lögreglustjóra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 294. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frumvarp þetta á nokkrum fundum og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með breytingum. Verða breytingartillögur nefndarinnar fluttar á sérstöku þingskjali. KK og ÁB áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum. AG telur breytingartillögur nefndarinnar ganga of skammt og mun flytja frekari breytingartillögur.

Alþingi, 8. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.
Alfreð Gíslason.	Bjartmar Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.
	Ásgeir Bjarnason.	

Ed. 295. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Ný grein komi, er verði 1. gr. og hljóði svo:
   17. gr. laganna orðist þannig:
   Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12

dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 120 daga virka ár hvert.

2. Ný grein komi, er verði 2. gr. og hljóði svo:

18. gr. laganna orðist þannig:

Upphæð atvinnuleysistryggingabóta skal vera hin sama og upphæð slysabóta samkv. 3. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 40/1963. Grunnupphæð að viðbættri verðlagsuppbót skal jafnan standa á heilum eða hálfum tug króna.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

3. Við 1. gr., er verði 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, er orðist þannig:

Heimilt er að veita atvinnubótasjóði lán samkvæmt grein þessari án sérstakra trygginga.

Sþ. 296. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um takmörkun sjónvarpssendinga frá Keflavíkurflugvelli.

Flm.: Gils Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Alfreð Gíslason, Sigurvin Einarsson, Lúðvík Jósefsson, Eysteinn Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að sú breyting verði gerð á tækniútbúnaði sjónvarpsins á Keflavíkurflugvelli, að sjónvarpssendingar þaðan verði framvegis takmarkaðar við herstöðina eina. Skal breyting þessi koma til framkvæmda, um leið og íslenzkt sjónvarp tekur til starfa.

Greinargerð.

Undirbúningur að stofnun íslenzks sjónvarps er nú langt á veg kominn, enda ráð fyrir því gert, að það taki til starfa á þessu ári. Hins vegar hefur enn engin ákvörðun verið tekin um það, hvort hinu ameríska herstöðvarsjónvarpi á Keflavíkurflugvelli verði eftir sem áður leyft að halda uppi sjónvarpi, er nái til meiri hluta íslenzkra heimila, með sama hætti og nú hefur viðgengizt um fullra fjögurra ára skeið, síðan leyfi var gefið til stækkunar sjónvarpsstöðvarinnar þar árið 1961.

Flm. þessarar tillögu líta svo á, að sjálfsagt sé að takmarka Keflavíkursjónvarpið við herstöðina eina, um leið og íslenzkt sjónvarp tekur til starfa. Fjöldi þjóðkunnra manna úr öllum stjórnmálaflokkum, sem lætur sig skipta þjóðernis-, uppeldis- og menningarmál, hefur látið sömu skoðun í ljós á ótvíræðan hátt, enda er af þjóðernis- og menningarlegum ástæðum með öllu óviðunandi, að rekið verði hér á landi óheft herstöðvarsjónvarp.

Ýmsir forustumenn á sviði uppeldis- og menningarmála hafa barizt fyrir því í ræðu og riti undanfarin missiri, að Keflavíkursjónvarpið verði takmarkað við herstöðina eina. Nú hafa 600 íslenzkir háskólastúdentar gengið fram í einni fylkingu

og undirritað áskorun til Alþingis þess efnis, að sjónvarp frá herstöðinni verði bundið við herstöðvarsvæðið eitt í síðasta lagi um leið og íslenzkt sjónvarp tekur til starfa. Er hér um að ræða mikinn meiri hluta íslenzkra stúdenta, sem nú stunda nám við Háskóla Íslands. Sýnir sú undirskriftasamstaða ljóslega, að hin eðlilega krafa, sem þar er fram sett, nýtur fylgis manna í öllum sjórnmálaflokkum. Krafan um takmörkun herstöðvarsjónvarpsins er og óháð viðhorfum manna til dvalar erlends herliðs í landinu.

Þess er að vænta, að meiri hluti alþingismanna hafi gert sér ljósa nauðsyn þess að takmarka herstöðvarsjónvarpið. Meðal alþingismanna, sem lýst hafa opinberlega fylgi sínu við þessa stefnu, eru menntamálaráðherra og formaður útvarpsráðs. Má því ætla, að Alþingi megi bera gæfu til þess að stuðla að þeirri lausn málsins, sem þingsályktunin gerir ráð fyrir.

Málið verður nánar rökstutt af hálfu flutningsmanna í umræðum.

Fylgiskjal.

Áskorun til Alþingis undirrituð af 600 stúdentum við Háskóla Íslands.

Afhent forseta sameinaðs Alþingis 8. febr. 1966.

„Vér undirritaðir háskólastúdentar leyfum oss hér með að vekja athygli háttvirts Alþingis á þeirri lífsnauðsyn, að íslenzkt þjóðerni verði varðveitt um aldur og ævi. Að voru áliti stefnir sjónvarp Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli íslenzku þjóðerni í hættu. Vér leyfum oss því að skora á háttvirt Alþingi, að það sjái svo um, að sjónvarp frá herstöðinni verði takmarkað við hana eina nú þegar eða í síðasta lagi um leið og íslenzkt sjónvarp tekur til starfa."

(Nöfn 600 háskólastúdenta.)

Áskoruninni fylgdi svo hljóðandi greinargerð frá framkvæmdanefnd undirskriftasöfnunarinnar:

„Fullveldishátíð háskólastúdenta 1. desember s. l. var helguð varðveizlu þjóðernis. Hátíðarræðu dagsins flutti Sigurður Líndal hæstaréttarritari, og lagði hann m. a. áherzlu á þá hættu, sem íslenzku þjóðerni stafaði af erlendu hermannasjónvarpi í landinu. Ræðu Sigurðar var frábærlega vel tekið af stúdentum, og komu þegar samdægurs upp meðal þeirra háværar raddir um, að fylgja bæri þessu máli eftir með einhvers konar fjöldaaðgerðum. Nokkrum dögum síðar kom saman allstór hópur áhugasamra stúdenta til að ræða þetta, og var þá ákveðið að hefja meðal háskólastúdenta söfnun undirskrifta undir fyrrgreinda áskorun.

Þessi sami hópur valdi síðan einn fulltrúa úr hverri háskóladeild til að annast framkvæmd málsins. Voru það Aðalsteinn Eiríksson stud. theol., Guðbrandur Steinþórsson stud. polyt., Ólafur Steingrímsson stud. med., Vésteinn Ólason stud. mag., Þorhjörn Guðjónsson stud. oecon. og Þorvaldur Grétar Einarsson stud. jur.

Undirskriftasöfnunin var hafin í annarri viku desembermánaðar, en þar sem erfitt er að ná til margra stúdenta í þeim mánuði, var ákveðið að afhenda ekki áskorunina fyrr en Alþingi kæmi saman aftur að loknu jólaleyfi þingmanna.

Undirskriftir miðast við þá stúdenta, sem töldust innritaðir í byrjun desember samkvæmt þeim gögnum, sem fáanleg voru á skrifstofu háskólans. Hafa listarnir verið kannaðir vandlega og strikað yfir nokkur nöfn, sem ekki fundust í bókum skólans. Samkvæmt þeim voru 1116 innritaðir í háskólann, þegar söfnun hófst. Eru þá taldir með 41 erlendur stúdent, en þeim var ekki gefinn kostur á að skrifa undir áskorunina. En fremur er vitað með vissu um yfir 70 innritaða stúdenta, sem dvöldust erlendis eða utan Rvíkur og nágrennis, meðan söfnun fór fram.

Söfnun var hætt, þegar komnar voru sex hundruð fullgildar undirskriftir.

Rétt er að vekja athygli á, að undirskriftirnar gefa ekkert til kynna um afstöðu þeirra, sem ekki eru með. Hér er um að ræða opinbera áskorun sex hundruð háskólastúdenta, en ekki neina allsherjar skoðanakönnun meðal þeirra. Fyrst og fremst vegna þess, að söfnun var hætt, þegar ákveðnu marki var náð, og hefði með vissu verið hægt að safna fleiri undirskriftum. Allmargir töldu sig hlutlausa eða ekki viðbúna að taka afstöðu til málsins. Aðrir töldu rétt að takmarka sjónvarpið við herstöðina, en gátu ekki fallizt á, að það bakaði þjóðerninu hættu. Loks voru ýmsir, sem kváðust efnislega sammála áskoruninni, en töldu þetta ekki rétta aðferð til að koma málinu áfram eða vildu einhverra ástæðna vegna ekki taka þátt í opinberri áskorun.

Undirtektir stúdenta í heild voru frábærlega góðar. Fjöldi manna sýndi málinu mikinn áhuga, og til viðmiðunar um, hve mikil þáttakan raunverulega er, má benda á, að undanfarin ár hafa um sex hundruð stúdentar greitt atkvæði í kosningum til stúdentaráðs, en mikill áhugi hefur ríkt á þeim.

Sjónvarpsmálið hefur frá upphafi verið hafið yfir alla flokkadrætti meðal háskólastúdenta. Meðal þeirra, sem áttu þátt í að hrinda þessari undirskriftasöfnun af stað, eru menn úr öllum stjórnmálaflokkum. Undir áskorunina hafa m. a. ritað allir núverandi stúdentaráðsmenn, þeir þrír fyrrverandi formenn stúdentaráðs, sem enn eru við nám í háskólanum, og auk þeirra nær allir aðrir forystumenn í félagslífi stúdenta.

Háskóla Íslands, 8. febrúar 1966.“

Nd. 297. Frumvarp til laga [141. mál]

um breyting á lögum nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Eftir skilgreiningu orðsins vatnasilungur í 1. gr. laganna komi ný málgrein, svo hljóðandi:

Veiðihlutur: hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

2. gr.

2. töluliður 4. gr. orðist svo:

Sé landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, skal réttur hvers aðila til veiði vera í hlutfalli við landverð hvers jarðarhluta, án tillits til legu jarðarhlutans að veiðivatni, enda verði ekki samkomulag um aðra skipan.

3. gr.

Aftan við síðasta tölulið 14. gr. laganna komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

7. Með sama skilorði og í 6. lið má banna veiði sjávarfiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax geti veiðzt í veiðiútbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

4. gr.

1. mgr. 2. töluliðs 15. greinar laganna orðist svo:

Eigi má leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1000 metra, ef meðalvatnsmagn ár er innan við 100 m^3 á sekúndu, en 2000 metra sé vatnsmagnið meira.

5. gr.

1. töluliður 19. gr. laganna orðist svo:

Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax- og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudags-

kvöldi kl. 10 til þriðjudagsmorguns kl. 10. Friðunartíma þennan má stytta í 60 stundir á viku, sé að dómi veiðimálastjóra, veiðimálanefndar og hlutaðeigandi veiðifélags, ef til er, engin hætta á, að um þverrandi fiskstofn sé að ræða á viðkomandi veiðisvæði. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klst. á sólarhring hverjum. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um daglegan stangarveiðitíma á sama hátt og ákveðið er í 2. mgr. 18. gr. Nú fer lax- og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú er sagt.

6. gr.

Á eftir 2. tölulið 25. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

3. Ef uppræta skal fisk úr veiðivatni til þess að rækta annan stofn kynbetri eða aðrar fisktegundir en þær, er fyrir voru í vatni, skal ráðherra heimilt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að leyfa notkun eitraðra efna eða deyfandi við eyðingu fiskstofns vatns með þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

7. gr.

2. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Eigi má stunda stangarveiði nær föstum veiðivélum eða stöðum, þar sem veitt er með ádrætti, en 100 metra. Þó má bilið ekki vera skemmra en sem svarar fimmfaldri lengd veiðivélarinnar, sem næst liggur. Er stangarveiði á þessum stöðum óheimil, þar til 84 klst. eftir að veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti lauk.

8. gr.

3. mgr. 30. gr. laganna orðist svo:

Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits fiskiræktarfélags eða veiðifélags, ef til er. Þar sem veiðifélag er eigi til, skulu veiðieigendur skipta með sér veiði í hlufalli við veiðiaðstöðu, sbr. 70. gr. Nú skipta veiðieigendur ekki veiði með sér, og skal þá sýslumaður kveðja matsmenn til að skipta með þeim veiðinni eigi síðar en 3 mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið, hve margar stengur megi hafa um sinn í því veiðivatni. Skulu matsmenn ákveða, hvenær hver veiðieigandi noti sinn veiðihlut.

9. gr.

3. töluliður 35. gr. laganna orðist svo:

Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis, og skal þeim, sem í missir, bætt að fullu samkvæmt mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, í réttu hlutfalli við veiðimagn hverrar jarðar samkvæmt núgildandi arðskrá veiðifélags eða gjaldskrá fiskiræktarfélas, unz önnur arðskrá er samin og staðfest.

Nú er gild arðskrá eða gjaldskrá eigi fyrir hendi, og getur sá, sem í hlut á, krafizt, að hlutdeild hvers veiðieiganda í bótagreiðslu sé ákveðin með mati samkvæmt 107. gr. laga þessara.

Rétt til bóta eiga þeir einir, sem krafizt hafa bóta á réttum tíma samkvæmt lögum nr. 53 1957.

Sýslumaður jafnar metnum bótum niður á veiðieigendur og innheimtir þær fyrir lok hver almanaksárs, í fyrsta skipti fyrir lok ársins 1966.

Bætur má innheimta með lögtaki.

10. gr.

2. mgr. 46. greinar orðist svo:

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal koma eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

11. gr.

Á eftir orðunum „fjarlægð milli veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt“ í 1. tölulið 59. gr. komi inn orðin: ákveða hámarkslengd þeirra.

12. gr.

2. mgr. 66. gr. laganna orðist svo:

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal hafa eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og eigi eldra en þriggja mánaða og þess getið í fundarbók.

13. gr.

2. mgr. 70. gr. laganna orðist svo:

Er arðskrá hefur legið frammi, sbr. 2. málsgr. 67. gr., skal hún lögð undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún ⅔ atkvæða félagsmanna til að hljóta samþykki. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók. Verði arðskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, má boða til annars fundar á sama hátt og getur í 65. gr., og ræður þá afl atkvæða. Verði arðskrá eigi löglega samþykkt, skal stjórn veiðifélags óska eftir mati samkvæmt 107. gr. Tekur mat gildi átta vikum eftir birtingu, sé yfirmats eigi krafizt. Fari yfirmat fram, tekur það gildi frá þeim tíma, er yfirmatsnefnd ákveður.

14. gr.

Á eftir 4. málslið 76. gr. komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

5. Um endurskoðun arðskrár skal að öðru leyti farið eins og segir í 70. gr.

15. gr.

86. gr. laganna orðist svo:

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum. Er slíkum skilríkjum hefur verið skilað og þau teljast fullnægjandi, skal veiðimálastjóri gefa út viðurkenningu á eldisstöðinni, og öðlast hún þar með réttindi sem slík, sbr. 89. gr.

16. gr.

Á eftir 91. gr. laganna komi ný grein, er verði 92. gr., svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldisstöðvar á sama hátt og ákveðið er í 6. og 7. lið 14. gr., enda hafi gönguseiðum verið sleppt frá stöðinni með það fyrir augum, að fiskur gangi aftur upp í hana úr sjó.

17. gr.

Á eftir 92. gr. laganna komi ný grein, er verði 93. gr., svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að heimila eldisstöð laxveiði í sjó framan við frárennsli hennar, enda hafi gönguseiðum verið sleppt í frárennslið með það fyrir augum, að þau gangi í sjó og komi aftur upp í eldisstöðina að sjávarverunni lokinni. Sama gildir, ef seiðum er sleppt í ár með erfðum gönguskilyrðum.

18. gr.

Eftir a-lið 2. málsliðs 101. gr. laganna komi nýr málsliður, er verði b-liður, svo hljóðandi, enda breytast aðrir liðir greinarinnar í samræmi við það:

b. Hann annast merkingu vatnafiska, en getur gefið öðrum leyfi til merkingar með skilyrðum, sem hann setur.

19. gr.

1. töluliður 102 gr. laganna orðist svo:

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti fimm menn. Ráðherra skipar nefndina, einn án tilnefningar, einn samkvæmt tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunarinnar, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands Stangaveiðafélaga, og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Nú tilnefnir einhver framangreindra aðila eigi mann í veiðimálanefnd, og skipar ráðherra þá í nefndina í hans stað.

20. gr.

1. málsliður 110. gr. laganna breytist þannig, að í stað „15 000 kr.“ komi: 30 000 kr.

21. gr.

111. gr. laganna breytist þannig, að í stað „1 000—15 000 kr.“ komi: 3 000—30 000 kr.

22. gr.

112. gr. laganna orðist svo:

Nú notar maður sprengiefni, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 20 þús. kr., eða varðhaldi.

23. gr.

113. gr. laganna breytist þannig, að í stað „5 000 krónum“ komi: 15 000 krónum.

24. gr.

Á eftir 116. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, enda breytist greinatala laganna í samræmi við það:

Rétt er dómsmálaráðherra að skipa eftir þörfum sérstaka dómara, sem rannsaki og dæmi brot gegn lögum þessum.

25. gr.

117. gr. laganna breytist þannig, að niður falli orðin „áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra“.

26. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, og gefa þau út svo breytt.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í byrjun árs 1963 var veiðimálanefnd í samráði við veiðimálastjóra falið að hefja undirbúning að endurskoðun laga nr. 53 5. júní 1957, um lax- og silungsveiði, að því er varðar ósveiði við sjó, svo og þau sjónarmið, sem upp koma við tilkomu og rekstur laxeldisstöðva.

Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri ræddu málið á fundum og rituðu öllum veiðifélögum, fiskræktarfélögum og stangveiðifélögum, sem vitað er um, auk Landssambandi íslenzkra stangveiðifélaga og óskuðu eftir tillögum þeirra um breytingar við laxveiðilögin. Mörg félög svöruðu bréfi nefndarinnar. Flest félög lögðu áherzlu á nauðsyn þess, að þrengja reglur um veiði í og við sjávarósa, og þá helzt að færa út friðunarsvæði fyrir lagnetjum við sjávarósa úr 500 metrum upp í allt að 2000 metra. Landssamband ísl. stangveiðimanna gekk lengst í sínum tillögum, þar sem það lagði til, að öll netaveiði á lax- og silungsósasvæðum væri bönnuð, miðað við stórstraumsháflæði. Að áliti nefndarinnar er hér of langt gengið, þar sem setning ákvæða um þetta efni mundi leiða af sér miklar skaðabótagreiðslur úr ríkissjóði til veiðieigenda á ósasvæðum. Hvert vatnasvæði getur á grundvelli ákvæða í lögum gert ráðstafanir til að draga úr veiði á ósasvæðum, og virðist eðlilegt, að eigendur vatnasvæða geri það sjálfir, því í eðli sínu er hér um að ræða tilflutning á veiði innan sama vatnasvæðis.

Nokkur félög komu með tillögur um breytingar á fleiri atriðum í lögunum heldur en þau, er hér hafa verið nefnd.

Veiðimálanefnd og veiðimálastjóri hafa gert tillögur um breytingar og viðbætur við ákvæði laganna um veiði í og við sjávarósa og viðbætur varðandi friðun og veiði í sambandi við eldisstöðvar. Enn fremur gerðu nefndir aðilar tillögur um breytingar og viðbætur við nokkur atriði önnur í umræddum lögum.

Þessar tillögur veiðimálanefndar og veiðimálastjóra bárust landbúnaðarráðuneytinu á síðastliðnu vori og hafa þær síðan verið til athugunar í ráðuneytinu. Niðurstöður þeirra athugana er lagafrumvarp það, sem hér er lagt fram. Er frumvarp þetta að mestu byggt á tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra.

Hér fara á eftir nokkrar athugasemdir um efni einstakra greina frumvarpsins að því leyti sem þeirra er þörf.

Um 1. gr.

Orðið „veiðihlutur“ er hér skilgreindur, og er það til hægðarauka að taka orðið upp í orðaskýringar laganna.

Um 2. gr.

Þegar veiðijörð er skipt, er það vandkvæðum bundið að skipta landi til búsnytja þannig, að jarðarpartarnir fái land að veiðivatni í réttum hlutföllum við landsstærð hvers fyrir sig. Ef misræmi er í skiptingu lands og veiðiaðstöðu, getur slíkt torveldað skiptingu. Er grein þessari ætlað að bæta úr því. Ekki er samt talið rétt, að setja ófrávíkjanlegar reglur um slíka skiptingu, enda er samkvæmt núgildandi ákvæðum gert ráð fyrir, að mönnum sé frjálst að hafa þá skipan á, sem þeir kjósa.

Um 3. gr.

Þessi málsgrein er nýmæli. Laxveiði framan við árósa hefur verið reynd að undanförnu með nokkrum árangri í veiðitæki sem notuð eru til veiða á sjávarfiski. Í 1. mgr. er laxveiði í sjó bönnuð. Ef ákvæði þetta á að geta staðizt framan við árósa, þar sem bann í 6. lið nær ekki til, er nauðsynlegt að heimila veiðibann af því tagi sem hér um ræðir, meðan laxinn er að ganga í árnar á sumrin.

Um 4. gr.

Í tillögum milliþinganefndar, sem vann að endurskoðun laxveiðilaganna á árunum 1954 og 1955 var lagt til, að friðunarsvæði við árósa yrðu 1000 metrar. Í

meðförum Alþingis var svæðið fært niður í 500 metra. Reynslan hefur sýnt, að 500 metra friðunarsvæði er allt of lítið einkum við ósa stórfljóta. Er því lagt til, að friðunarsvæði við stærri ár verði 2000 metrar og 1000 metrar við minni ár. Mörkin milli stórra og lítilla straumvatna eru sett við 100 teningsmetra á sekúndu miðað við meðalrennsli. Til viðmiðunar má nefna, að Sogið er talið rúmlega 110 teningsmetrar á sekúndu. Mælingar á vatnsföllum hér á landi eru það langt á veg komnar, að vandalítið má telja að skera úr um vatnsmagn í vatnsföllum landsins.

Um 5. gr.

Hér er um að ræða tvær breytingar, sem gerðar eru á 19. gr. laganna. Í fyrsta lagi er gerð sú breyting, að friðunartími á netaveiði byrjar á föstudagskvöldum kl. 10 í stað kl. 9 og honum lýkur á þriðjudagsmorgnum kl. 10 í stað kl. 9. Ástæðan fyrir þessari breytingu er sú, að til sveita hafa menn talið sig vera önnum kafna kl. 9 á föstudagskvöldum, en víða standa mjaltir yfir á þessum tíma. Þá koma einnig til heyannir á þurrkdögum, en komið hefur í ljós, að menn telja jafnvel ósanngjarnt að verða að taka upp net sín á þessum tíma, er þurrkur er og miklar annir. Þá er það víða svo, að langur vegur er að lögninni og menn öðrum störfum hlaðnir fram undir þennan tíma. Tíminn á þriðjudagsmorgnana skiptir minna máli.

Í öðru lagi er gerð sú breyting á 19. gr. laganna, að í greinina er bætt ákvæði um, að ráðherra geti ákveðið daglegan stangveiðitíma komi veiðieigendur sér ekki saman um hann. Getur ráðherra ákveðið þennan tíma í reglugerð á sama hátt og árlegan veiðitíma, sbr. 2. málsgr. 18. gr.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar málsgreinar er nýmæli. Á undanförnum árum hefur verið töluvert gert að því erlendis, að eyða fiski í veiðivötnum með efnum eitruðum fyrir fisk, til þess að rækta síðar aðrar fisktegundir. Rétt er að taka upp slíka fiskræktunaraðferð hér á landi og heimila, að fiski sé útrýmt undir slíkum kringumstæðum, þó að veiði með eitruðum og deyfandi efnum sé bönnuð, sbr. 112. gr.

Um 7. gr.

Við endurskoðun laxveiðilaganna 1954 og 1955 kom fram það álit milliþinganefndarinnar, að vikulegur veiðitími í net og á stöng skyldi vera hinn sami eða 84 stundir. Þar sem vikulegur veiðitími í net og á stöng falla ekki saman, má nota sama veiðistaðinn lengur en 84 stundir á viku með því að skipta yfir frá einu veiðitæki til annars og veiða þannig allt upp í 126 tíma á viku. Dæmi er um, að bæði veiðitækin hafi verið notuð á sama veiðisvæði. Millþinganefndin setti á sínum tíma varnagla við mistnotkun af þessu tagi, og er einnig lagt til hér, að slíkur varnagli sé settur.

Um 8. gr.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt, að þar sem ákveðinn er stangarfjöldi fyrir ár, sbr. 3. mgr. 30. gr., og veiðifélög eru ekki starfandi, hafa veiðieigendur ekki skipt með sér veiði formlega. Er gagnslítið eða gagnslaust að fastsetja stangarfjölda í þeim ám vegna þess að slík ákvörðun er ekki, að því er virðist, tekin alvarlega af veiðieigendum. Viðbót þeirri, er hér er gerð við 3. mgr. 30. gr. laganna, er ætlað að bæta úr þessu. Er í greininni gert ráð fyrir, að sýslumaður kveðji matsmenn til þess að skipta veiðinni eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilkynnt hefur verið, hve margar stengur megi hafa um sinn í því veiðivatni. Er matsmönnum hér ætlað að skipta veiðinni niður á milli veiðieigenda annars vegar og ákveða, hvenær veiðieigendur skuli nota veiðirétt sinn hins vegar. Ætti því að vera hægt að fylgja eftir framkvæmd ákvörðunar um stangafjölda við allar veiðiár.

Um 9. gr.

Samkvæmt núgildandi lögum um lax- og silungsveiði nr. 53 1957 ber ríkissjóði og sýslusjóði að greiða bætur vegna friðunar veiðivatns, þeirrar, er getur í 35. gr. laganna. Þar sem friðunin er gerð í þágu veiðieigenda virðist einsætt, að þeir eiga að standa undir kostnaði af henni, en eigi almenningur. Sjónarmið þau, sem hér um ræðir, liggja til grundvallar þessu ákvæði frumvarpsins.

Veiðieigendur á ósasvæði Hvítár í Borgarfirði og Laxár í Leirársveit hafa einir krafizt bóta samkvæmt 3. tl. 35. gr. téðra laga.

Allar veiðijarðir í fiskihverfinu skulu greiða hver sinn hluta af bótum, einnig þær, sem verða bóta aðnjótandi, en við ákvörðun bótanna ber taka tillit til þessa.

Gert er ráð fyrir, að bætur til veiðieigenda fram til ársins 1966, verði greiddar úr ríkissjóði og sýslusjóði samkvæmt núgildandi lögum.

Um 10. gr.

Breytingar á 2. málsgr. 46. gr. laganna varða tvö atriði. Um fyrra atriðið skal það sagt, að samkvæmt núgildandi lögum skal, fyrir hvert lögbýli, sem metið er til verðs á gildandi fasteignamati, koma eitt atkvæði. Í frumvarpinu til núgildandi laga var gert ráð fyrir, að miðað yrði við fasteignamat ársins 1942 eða eldra mat. Alþingi breytti þessu hins vegar á sínum tíma í núverandi horf, það er að miðað er við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Reynslan hefur sýnt, að með núverandi reglum skapast möguleiki til að skipta jörðum (jafnvel eyðijörðum), láta meta hvern part á ný sérstaklega og fá þannig fleiri atkvæði út á sömu jörð. Með því að miða við fasteignamat á hverjum tíma, er opin leið til alls konar ráðstafana í því augnamiði að öðlast fleiri atkvæði. Hamla ber gegn þeirri þróun, að atkvæðisréttur sömu jarðar geti í sífellu breytzt, þótt veiðihlunnindi standi óbreytt. Verður um þetta að skapast meiri skýrleiki og festa. Er því lagt til, að sama regla og upphaflega var í frumvarpinu til laganna, verði tekin upp, og atkvæði sé bundið við löbýli, sem metið er til verðs á fasteignamati ársins 1942 eða eldra mati.

Hin breytingin er fólgin í því, að felld er niður úr greininni setningin: „Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði.“ Ástæða þessa er sú, að óeðlilegt er talið, að ef fleiri jarðir komast á eina hönd tapist atkvæðisréttur að sama skapi, þ. e. að atkvæðisréttur breytist við tölu eigenda jarða. Þessi núverandi regla ýtir undir málamyndasamninga og er í andstöðu við það markmið að hvetja til stækkunar búa. Er því lagt til, að atkvæðafjöldi ákvarðist af fjölda lögbýla en ekki fjölda eigenda lögbýla.

Um 11. gr.

Rétt þykir að bæta inn í málsgreinina heimild til þess að takmarka lengd veiðivéla út á vatn. Er það í anda þessarar greinar og ekki síður friðunarráðstöfun heldur en aðrar takmarkanir í málsgreininni.

Um 12. gr.

Breytingar þær, sem hér um ræðir, eru sama eðlis og þær, sem ræddar eru í skýringum með 10 gr. og vísast til þess.

Um 13. gr.

Bætt er framan og aftan við 2. málsgr. 70. gr. Þykir að fenginni reynslu nauðsyn á að taka fram um, hvernig fara skuli að, þegar tillögur um arðskrá eru eigi löglega samþykktar á fundi. Í greininni er gert ráð fyrir, að yfirmatsnefnd ákveði, hvenær yfirmat öðlist gildi. Eðlilegt telst, að yfirmat taki gildi frá sama tíma og undirmat hefði tekið gildi, en stundum getur staðið svo á, að óheppilegt þyki, að yfirmat gildi langt aftur í tímann frá birtingu þess.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringa við.

Um 15. gr.

Rétt þykir, að eldisstöðvar þurfi að viðurkennast af veiðimálastjóra sem slíkar og binda undanþágur í lögum (89. gr.) og rétt til styrkveitinga við viðurkenndar eldisstöðvar.

Um 16. gr.

Þessi grein er nýmæli. Með tilkomu fiskeldisstöðva, sem sleppa laxaseiðum af göngustærð í frárennsli stöðvanna í þeim tilgangi að fá þau upp í þær aftur, verður nauðsynlegt að vernda svæðin framan við eldisstöðvar fyrir allri veiði. Vænta má, að veiði framan við eldisstöðvar verði reynd undir því yfirskyni, að verið sé að veiða aðrar fisktegundir en lax. Þekkist slíkt í Elliðavogi við Reykjavík. Það er sanngirnismál, að þeir sem ala upp laxinn, fái að njóta hans, þegar hann kemur af hafi, enda er það undirstöðuregla, sem byggt var á, er lax- og silungsveiðilögin voru samin.

Um 17. gr.

Þessi grein er nýmæli. Koma má upp eldisstöðvum við vatnslitlar ár, og sleppa seiðum í slíkar ár með það fyrir augum, að fiskur gangi aftur upp í árnar. Í þurrkatíð getur orðið töf á, að fiskur gangi upp í slíkar ár, og væri þá æskilegt, að eldisstöðvar gætu fengið undanþágu til þess að veiða fisk framan við árósana með þeim takmörkunum, sem veiðimálastjóri setur hverju sinni, enda sé um að ræða fisk, sem stöðin hefur alið upp. Sama ætti að gilda, þar sem um smá ár er að ræða, sem gönguseiðum er sleppt í, og sem litla möguleika hafa sjálfar til að framleiða gönguseiði.

Um 18. gr.

Þessi liður er nýmæli. Fiskmerkingar eru mikilvægur liður í rannsóknum á ferðum fiskanna og á því, hve mikill hluti þeirra kemst af. Með vaxandi seiðasleppingum er mikilvægt að kanna með merkingum, hvaða árangur verður af því að sleppa seiðum við mismunandi skilyrði. Þar sem merkja þarf fisk í mörgum ám, er nauðsynlegt, að einn aðili, það er veiðimálastjóri, hafi með slíkar merkingar að gera, og geti leyft öðrum að merkja fisk, enda fari viðkomandi eftir því kerfi, sem veiðimálastjóri hefur á merkingum, því annars er hætt við að ringulreið skapist, og að lítið verði að marka niðurstöður af slíkum merkingum. Samkvæmt lögunum fer veiðimálastjóri með rannsóknir vatnafiska. Er honum því ætlað að samræma allar merkingar á vatnafiskum. Með þessum lið eru tekin af öll tvímæli um tilhögun á merkingu vatnafiska.

Um 19. gr.

Landssamband íslenzkra stangveiðimanna hefur gert það að tillögu sinni, að nefndarmönnum í veiðimálanefnd verði fjölgað úr þremur í fimm, og fá samtökin einn mann í nefndina. Er hér með orðið við þessari málaleitun Landssambands stangveiðifélaga, en jafnframt er talið eðlilegt að Landssamband veiðifélaga tilnefni einn mann í nefndina. Þar sem veiðiréttur fylgir yfirleitt jörðum og flestir veiðieigendur eru bændur, er talið eðlilegt, að Búnaðarfélag Íslands tilnefni einn mann í nefndina. Tilnefning Hafrannsóknastofnunarinnar byggist á því, að æskilegt er talið, að fiskifræðingur starfi í nefndinni.

Um 20. gr.

Refsiákvæði hafa verið óbreytt síðan 1952. Á þeim þrettán árum, sem liðin eru síðan, hafa orðið miklar verðhækkanir, en þó einna mestar hækkanir á laxveiðileigu. Þykir eðlilegt að hækka refsiákvæði nú. Lágmarkssektir eru þrefaldaðar og hámarkssektir tvöfaldaðar.

Um 21. gr.

Sjá skýringar við 21. gr.

Um 22. gr.

Rétt þykir að fella niður orðin „skotvopn“ og „rafmagn“ úr greininni, þar sem afleiðingar af notkun þessa eru minni heldur en af öðru því, sem talið er upp í greininni. Eðlilegt þykir að þyngja sektir fyrir brot á greininni verulega, þar sem afleiðingar af athöfnum þeim, sem í greininni eru taldar, geta verið mjög viðtækar.

Um 23. gr.

Rétt þykir af þrefalda hámarkssektir við brotum á greininni.

Um 24. gr.

Reynslan hefur sýnt, að afgreiðsla á brotum gegn laxveiðilögunum hefur oft verið slæm, þar sem málin hafa verið dregin á langinn, og sum hafa aldrei verið afgreidd. Ef viðhalda á góðri veiði, er brýn nauðsyn á, að laxveiðilögin séu haldin, og brot gegn þeim afgreidd fljótlega eftir að þau hafa verið framin. Meðan á laxveiðitímanum stendur eru sýslumenn oft önnum kafnir við að þinga og eru í sumarfríi og eiga því óhægt um vik að taka málið fyrir fyrr en löngu síðar. Úr þessu ástandi verður helzt bætt með því að setja setudómara til þess að fjalla um brot á laxveiðilögunum.

Um 25. gr.

Eðlilegt virðist að fella niður síðustu orðin í greininni, þar sem tvö ár reyndust ekki nægjanleg til þess að fá félögin til að breyta samþykktum sínum til samræmis lögunum.

Um 26. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 27. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Nd. 298. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Í stað orðanna „allt að 20 millj. króna“ í 2. mgr. 27. gr. laganna komi: allt að 40 millj. króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í IV. kafla laga um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964, eru ákvæði um ferðamálasjóð, sem stofnaður er með lögum og er hlutverk hans að stuðla að byggingu gisti- og veitingahúsa í landinu og bæta þannig skilyrði til að veita innlendu og erlendu ferðafólki sem beztar móttökur og aðbúð.

Í 2. mgr. 27. gr. laganna er heimild fyrir ferðamálasjóð til að taka lán, allt að 20 millj. kr. og heimild til ríkisábyrgðar á slíku láni.

Af framangreindri lántökuheimild hafa nú verið notaðar 13 millj. kr., en þar sem ríkisstjórnin telur æskilegt, vegna mikillar eftirspurnar eftir láni úr ferða-

málasjóði, að auka möguleika hans til útlána með nýrri lántöku, að upphæð 10 millj. kr. á þessu ári, er nauðsynlegt að afla aukinnar lántökuheimildar.

Þar sem gera má ráð fyrir, að nauðsynlegt þyki að afla ferðamálasjóði frekara lánsfjár á næstu árum, til að gera honum kleift að gegna hlutverki sínu, er lagt til að lántöku- og ábyrgðarheimild laganna verði aukin um 20 millj. kr., eða 17 millj. kr. umfram það, sem alls hefur verið notað í lok þessa árs.

Ed. 299. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. á 3 fundum og mælir með, að það nái fram að ganga með breytingum, sem hún gerir tillögur um á sérstöku þingskjali. Fleiri breytingar við frumv. hafa verið ræddar, en ekki hefur orðið samkomulag um þær. Einstakir nefndarmenn áskilja sér því rétt til að flytja fleiri breytingartillögur eða styðja tillögur, sem fram kunna að koma. Einnig hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur að því er atkvæðagreiðslu snertir um einstakar greinar frumvarpsins.

Jón Þorsteinsson var fjarstaddur, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 9. marz 1966.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Bjartmar Guðmundsson, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Gils Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.

Ed. 300. Breytingartillögur [11. mál]

við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 8. gr. 2. c. Burt úr greininni falli: gulönd.
2. Við 27. gr. Greinin falli niður, og breytist þá greinatalan til samræmis við það.
3. Við 28. gr. Greinin orðist svo:

   Forðast skal að trufla fugla, sem friðunar njóta samkvæmt lögum þessum, við hreiður, svo að skaði geti hlotizt af á eggjum þeirra eða ungum.

   Um mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu sett sérákvæði í reglugerð.

Ed. 301. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Á undan 1. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Fyrsti málsliður c-stafliðar 15. gr. laganna orðist svo:
      c. sanna með vottorði vinnumiðlunar, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi á síðastliðnum þrem mánuðum verið atvinnulausir a. m. k. 10 virka daga.

b. (2. gr.) 17. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem öðlazt hefur rétt til bóta samkvæmt 15. gr., fær greidda dagpeninga frá og með 8. degi, eftir að hann varð atvinnulaus. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða undanfarna 10 daga, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 8. degi, enda þótt eigi sé fullnægt skilyrði því, sem um getur í c-lið 15. gr. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, skal við ákvörðun bótaupphæða við það miðað, að þær ásamt öðrum tekjum bótaþega fari ekki fram úr 75% af dagvinnukaupi verkamanns, sbr. 2. málslið 18. gr.

Fella skal niður biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 6 mánuði ár hvert.

c. (3. gr.) Fyrsta málsgr. 18. gr. laganna orðist svo:

Atvinnuleysisbætur skulu vera kr. 120.00 á dag fyrir einhleypan mann, kr. 150.00 á dag fyrir kvæntan karl eða gifta konu, sem er aðalfyrirvinna heimilis, og kr. 20.00 á dag fyrir hvert barn á framfæri, allt að þrem. Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og skal þá breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

2. Við 1. gr. frv., er verður 4. gr., bætist svo hljóðandi málsgrein:

Einnig er sjóðsstjórninni heimilt að veita verkalýðsfélögum lán, vaxtalaus eða með lágum vöxtum, til byggingar félagsheimila og orlofsheimila.

Sþ. 302. Tillaga til þingsályktunar [143. mál]

um byggingu verksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax og aðrar fullunnar sjávarafurðir.

Flm.: Ragnar Arnalds, Jón Þorsteinsson, Skúli Guðmundsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir stofnun og starfrækslu niðurlagningarverksmiðju á Skagaströnd, er framleiði sjólax, síldarrétti og aðrar fullunnar sjávarafurðir.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur í mörg ár verið ríkjandi á Skagaströnd meira eða minna atvinnuleysi. Lítil sem engin síld hefur borizt í síldarbræðslu S. R., sem er langstærsta atvinnutæki staðarins, og afli hefur tíðast verið tregur. Verulegur hluti verkfærra manna hefur orðið að afla sér tekna í öðrum landshlutum yfir vetrarmánuðina. Framkvæmd þessarar tillögu væri mikilvægt spor til að bæta atvinnuástand staðarins, þótt vandinn væri raunar ekki þar með leystur.

Það er markmið tillögunnar, að reist verði verksmiðja á Skagaströnd, er fullvinni matvæli úr sjávarafurðum. Sú spurning hlýtur að vakna, hvort markaður sé nægur fyrir slíka framleiðslu. Vitað er, að markaðsöflun hefur valdið mestum erfiðleikum í íslenzkum niðurlagningariðnaði. Nýlega var þó gerður samningur um sölu á niðurlagðri síld til Sovétríkjanna næstu þrjú árin, og munu Sovétmenn kaupa niðurlagðar síldarafurðir fyrir 32 milljónir á ári í stað 7 milljón króna áður. Það skal fúslega viðurkennt, að markaðurinn í Sovétríkjunum er tæpast til skiptanna milli fleiri verksmiðja en nú er. Hitt er athyglisverðara, að í viðskiptasamningum Íslands og Tékkóslóvakíu hefur um árabil verið gert ráð fyrir kaupum á íslenzkum niðursuðuvörum fyrir 18 milljónir íslenzkra króna. Á undanförnum árum hafa Íslendingar þó ekki afhent upp í þá samninga meiri framleiðslu en sem nemur að verðmæti um 1.7 millj. kr. árlega. Ástæðan er sú, að Tékkar vilja nær eingöngu

kaupa sjólax, en eina verksmiðjan, sem hér hefur framleitt þá vöru, er staðsett í Reykjavík og hefur skort vinnuafl. Hefur verksmiðjan verið til sölu að undanförnu. Heita má öruggt, að verksmiðja, sem ætluð væri til að framleiða sjólax, svo og aðrar niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir, geti þegar í upphafi tryggt sér markaði, sem nægðu til að tryggja reksturinn. Þess má geta, að sjólax má bæði vinna úr ufsa og stórþorski, en þær verksmiðjur, sem fyrir eru á Norðurlandi, eru ekki búnar tækjum til að framleiða sjólax.

Bættar markaðshorfur hafa leitt til þess, að á nokkrum stöðum á landinu er nú hafinn undirbúningur að byggingu verksmiðja til framleiðslu á sjólaxi og niðurlagðri síld. Rétt er að minna á, að í samningum verkalýðsfélaganna í vor gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um úrbætur í atvinnumálum Norðlendinga, og var einn liður hennar eftirfarandi:

„Ef unnt reynist fyrir forgöngu ríkisvaldsins að afla markaða fyrir verulega aukið magn niðursoðinna eða niðurlagðra fisk- og síldarafurða, verði verksmiðjur á Norðurlandi látnar sitja fyrir um þá framleiðslu, meðan atvinna er þar ófullnægjandi. Reynist verkefni vera fyrir fleiri verksmiðjur, verði stuðlað að því, að atvinnulitlir staðir á Norðurlandi og Strandasýslu sitji í fyrirrúmi um staðsetningu þeirra."

Í tillögunni er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir aðgerðum í þessu máli. Virðist ekki óeðlilegt, að Síldarverksmiðjur ríkisins sjái um stofnun og starfrækslu verksmiðjunnar. Niðurlagningarverksmiðjan í Siglufirði er byggð af Síldarverksmiðjum ríkisins og starfar undir sömu stjórn. Mætti hafa sameiginlegan fjárhag og framkvæmdastjórn fyrir báðar verksmiðjurnar, en tæknikunnátta og reynsla, sem fengizt hefur við reksturinn í Siglufirði, kæmi að fullum notum. Þá má benda á, að S. R. eiga stórhýsi mikil á Skagaströnd, sem staðið hafa ónotuð um árabil og kæmu vafalaust að miklum notum, en byggingakostnaður er yfirleitt meiri hluti af stofnkostnaði slíkra verksmiðja. Virðist því ekki óeðlilegt, að einmitt Síldarverksmiðjur ríkisins hafi forustu um atvinnubætur þar á staðnum.

Nd. 303. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum. Í upphafi kom fram eindregin ósk innan nefndarinnar um, að frv. yrði vísað til umsagnar náttúruverndarráðs og forstöðumanns náttúrugripasafnsins, enda þótt umsagnir beggja þessara aðila bærust til Alþingis um frv. um loðdýrarækt, er lá fyrir síðasta þingi.

Nefndin varð við þessari ósk, og umsagnir hafa nú borizt frá báðum þessum aðilum að nýju. Nefndin varð ekki á eitt sátt um afgreiðslu málsins og klofnaði. Munu 3 nm. skila séráliti, en þeir lýstu sig andvíga frv.

Við meðferð málsins á síðasta Alþingi leitaði landbn. Nd. umsagnar búnaðarþings, Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og veiðistjóra. Komu ekki fram tilmæli innan nefndarinnar um að leita umsagnar þessara aðila að nýju, þar sem svo skammt var liðið, frá því að þær bárust. Í nefndaráliti meiri hl. landbn. síðasta þings segir svo um álit þessara aðila:

„Umsagnir hafa borizt frá þeim öllum, og má segja, að þær séu allar jákvæðar, þótt misjafnlega sé. Nokkrar bendingar koma fram um breyt. á frv., sem nefndin hefur athugað, en meiri hlutinn telur ekki ástæðu að beita sér fyrir að þessu sinni. Eru þær jafnt fyrir því til athugunar og leiðbeiningar við framkvæmd laganna, sem þær einkum snerta."

Náttúruverndarráð vitnar í svari sínu til umsagnar ráðsins frá 5. maí s. l., er þá var sent Alþingi. Eru allir ráðsmenn að einum undanskildum mótfallnir frv. Í svari forstöðumanns náttúrugripasafnsins, sem einnig er andvígur frv., enda einn af fulltrúum í náttúruverndarráði, eru ýmsar hugleiðingar um minkaeldi og loðdýrarækt. Er þar af talsverðri fimi útlistað um hugsanlega hættu af blöndun nýrra afbrigða við villiminkinn, sem fyrir er í landinu, og enn fremur er því haldið fram, að villiminkurinn hér fari að verða skaðlítill. Vafalaust má á ýmsa vegu stilla upp myndum af hugsanlegum fyrirbærum í lífi minksins í landinu á næstu árum, bæði án nýrrar blöndunar og með henni. Tilgangur minkaeldis í búrum er ekki sá að blanda honum villtum við þann mink, sem fyrir er í landinu, enda þótt engum detti í hug að fullyrða, að ekki kunni dýr að sleppa úr haldi. Hitt er víst, að minkaeldi með sem verðmætustum felddýrum verður því aðeins sett á stofn, að vandlega sé frá loðdýragörðunum gengið. Fer þar saman skylda ráðuneytisins um eftirlit og hagsmunir ræktunarmanna að tapa ekki hinum verðmætu dýrum né baka sér viðurlög.

Í lok umsagnar sinnar gerir dr. Finnur þá till., að verði minkaeldi leyft, þá yrði helzt leyft eitt bú í Vestmannaeyjum sem reynslubú. Rökstyður hann það með einangrun eyjarinnar annars vegar og með mergð fæðuefna fyrir minkinn. Þessi till. er athyglisverð. En við hana er þó það að athuga, að Vestmannaeyjar eru að líkindum ekki heppilegur staður til þessa eldis vegna rakrar veðráttu, sem áhrif hefur á feldinn. Beztur feldur er talinn fást í þurrviðrabyggðum. Eru að því leyti beztu skilyrðin norðanlands. Skynsamlegt virðist, að þau 5 fyrstu bú, sem ráðgerð eru, séu staðsett þannig, að þessi tvenn höfuðskilyrði njóti sín sem bezt: hagstæð veðrátta og gnægð fiskúrgangs í nágrenninu. Þrátt fyrir það að Vestmannaeyjar uppfylla að líkindum illa annað skilyrðið, þá gera þær það því betur með hitt.

Þetta frv. byggir trú á atvinnugrein, sem er umtalsverður þáttur í verðmætaöflun nágrannaþjóða okkar. Náttúrleg skilyrði eru hér í bezta lagi. Við trúum því einnig, að framtak og dugur okkar sjálfra bregðist ekki fremur í þessu efni en öðrum á atvinnusviðinu, sem framfarasaga okkar síðustu áratugina vitnar svo vel um. Við leggjum til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Síðasta málsgrein: „Leyfi til minkaeldis“ o. s. frv. falli niður.
2. Við 8. gr. Greinin falli niður.
3. Við ákvæði til bráðabirgða: Aftan við bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Leyfi þessi má þó aðeins veita í byggðarlögum, þar sem villiminks hefur orðið vart. Heimilt er þó að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum í Vestmannaeyjum.

Alþingi, 9. marz 1966.

Gunnar Gíslason, form.	Jónas Pétursson, frsm.	Sverrir Júlíusson.	Björn Pálsson.

Sþ. 304. Skýrsla

til Alþingis frá verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar.

I.

Jón Sigurðsson andaðist í Kaupmannahöfn 7. desember 1879. Ekkja hans, Ingibjörg Einarsdóttir, andaðist hinn 16. sama mánaðar. Hafði hún hinn 12. desember 1879 gert svo fellda erfðaskrá:

Erfðaskrá frú Ingibjargar Einarsdóttur.

Ég Ingibjörg Einarsdóttir veit, að það var einlægur vilji míns elskaða eiginmanns, Jóns Sigurðssonar, að gefa Íslandi mestan hlut eigna sinna eftir okkur bæði

látin, til framfara landinu, samkvæmt því er hann alla ævi varði lífi sínu, en vegna veikinda hans dróst þetta og varð ekki framkvæmt verklega, svo mér sé kunnugt.

Vil ég því, til þess að þessu hans áformi verði framgengt, gefa eftir minn dag tvo þriðju parta af eignum mínum, þeim, sem verða afgangs skuldum og útfararkostnaði. Skal sjóður þessi nefnast „Gjöf Jóns Sigurðssonar“; en Alþingi það, er kemur fyrst saman eftir dánardag minn, skal kveða á um það, hvaða fyrirtæki það er, sem landinu er mest til gagns, að fénu sé varið til; það skal og semja reglur fyrir sjóðinn, er upp frá því verður fylgt; þó skal það tekið fram, að einungis vöxtunum skal árlega útbýtt, en höfuðstóllinn látinn óskertur.

Þar sem ég býst við, að efni mín séu eigi mikil, en ég vil, að gjöf sú, sem kennd er við nafn míns hjartkæra eiginmanns, sé sem rausnarlegust og fósturjörðu okkar að sem beztum notum, þá eru það vinsamleg tilmæli mín, að erfingjar hans láti eftir af erfð sinni tiltölulegan part móti því, er ég hér með hefi ákveðið af minni eign, svo þeir þannig að sínu leyti framkvæmi vilja hans í lifanda lífi.

Enn fremur gef ég 200 kr. — tvöhundruð krónur — Þóru Pálsdóttur, sem með mestu trú og dyggð hefir stundað mig í veikindum mínum og minn elskaða eiginmann í banalegu hans.

Það er minn fastur ásetningur að fylgja líki míns elskaða eiginmanns heim til Íslands í vor, ef mér endist líf, en þóknist guði eigi að treina líf mitt svo lengi, þá er það hér með ósk mín, að lík mitt fái að hvílast við hlið hans í Reykjavíkurkirkjugarði.

Bréf þetta er skrifað af elsku til Íslands, sem mér ætíð hefir verið svo kært, og ást og virðingu til míns ógleymanlega eiginmanns, sem hefir verið mér allt, mitt líf og mitt yndi; það er íhugað með fullu ráði og óskertum sönsum í votta viðurvist.

Kaupmannahöfn, 12. d. Desemberm. 1879.

Ingibjörg Einarsdóttir
(handsalað).

Við undirskrifaðir höfum samstundis heyrt ekkjufrú Ingibjörgu Einarsdóttur með fullu ráði kannast við, að framanskráð bréf væri að öllu leyti skrifað samkvæmt ósk sinni og vilja, eftir að hún hafði heyrt það lesið, og séð hana handsala nafn sitt undir það. Það vottum við hér með.

Kaupmannahöfn, 12. des. 1879.

Magnús Eiríksson, cand. theol.

Eiríkur Briem, prófastur í Húnavatnssýslu.

Árið 1881 samþykkti Alþingi með þingsályktun að veita viðtöku fyrir hönd þjóðarinnar gjöf þeirri, sem í erfðaskránni getur. Voru þá jafnframt settar reglur um sjóðinn. Árið 1911 samþykkti Alþingi nokkrar breytingar á reglunum, og eru þær nú svo hljóðandi (Stj.tíð. 1912, B. nr. 119):

Reglur
um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“.

1. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum stjórnarráðs Íslands, sem annist um, að hann ávaxtist.

2. gr.

Innstæða sjóðsins haldist óskert, en vöxtunum má verja til verðlauna fyrir vel samin vísindaleg rit, og annars kostar til þess að styrkja útgáfur slíkra rita og til þess að styrkja útgáfur merkilegra heimildarrita.

Öll skulu rit þessi lúta að sögu Íslands, bókmenntum þess, lögum, stjórn eða framförum.

3. gr.

Alþingi velur í hvert skipti, er það kemur saman, 3 menn, sem kveða á um, hver njóta skuli verðlaunanna.

4. gr.

Stjórnarráð Íslands semur skýrslu um ástand sjóðsins, og sendir hana til forseta hins sameinaða Alþingis.

II.

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar var sett erindisbréf árið 1885. Er þar lagt á vald nefndarinnar að ákveða, hversu há eða lág verðlaun hún veitir fyrir ritgerðir þær, sem hún telur verðlauna verðar.

Verðlaunahafar Gjafar Jóns Sigurðssonar hafa þeir verið, sem hér eru taldir:

Þorvaldur Thoroddsen 1889,
Hannes Þorsteinsson 1891,
Björn M. Ólsen 1895,
Jón Jónsson, prófastur, Stafafelli 1895, 1901, 1913,
Finnur Jónsson 1897,
Ólafur Davíðsson 1901,
Einar Arnórsson 1913,
Jón Jónsson Aðils 1919,
Guðbrandur Jónsson 1919, 1951,
Magnús Jónsson próf. theol. 1919, 1929,
Klemens Jónsson 1921,
Björn Þórðarson 1923,
Alexander Jóhannesson 1923,
Eggert Briem bóndi, Viðey 1925,
Helgi P. Briem 1927,
Páll Eggert Ólason 1929,
Vigfús Guðmundsson frá Keldum 1931,
Barði Guðmundsson 1939,
Einar Ólafur Sveinsson 1941,
Gunnar Árnason prestur 1941,
Gústaf A. Sveinsson 1943,
Matthías Þórðarson þjóðmenjavörður 1945.

Eftirgreind félög hafa hlotið styrki úr sjóðnum til útgáfustarfsemi:
Sögufélagið 1915, 1917, 1921, 1925, 1931, 1933.
Hið ísl. bókmenntafélag 1917, 1921, 1923, 1925, 1927, 1953.
Hið ísl fornritafélag 1929.
Félagið Ingólfur 1941.
Loks hefur sjóðurinn styrkt útgáfu þessara rita:
Rit Jónasar Hallgrímssonar (Matthías Þórðarson) 1935.
Örnefni í Vestmannaeyjum (Þorkell Jóhannesson) 1937.

III.

Þegar verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar var fyrst kosin af Alþingi árið 1885 var sjóðurinn að fjárhæð kr. 8602.28. Hann óx svo smám saman vegna vaxtaviðlags. Þannig nam hann árið 1889 kr. 10 171.19, árið 1915 kr. 21 243.00, árið 1956 kr. 31 244.25 og nú í árslok 1965 kr. 49 634.99.

Áður en verðfall peninga hófst hér á landi um og eftir síðari heimsstyrjöldina, námu verðlaun fyrir ritgerðir oft sem svaraði eins til þriggja mánaða launum prófessora, á þeim tíma, er veiting fór fram. Voru verðlaunin því ásamt þeim sóma, er þeim fylgdi, höfundunum bæði hvatning og styrkur. En þar sem handbærar fjárhæðir til úthlutunar stóðu að mestu í stað þrátt fyrir rýrnað verðgildi peninga, hlaut að því að reka, að sjóðnum yrði um megn að gegna hlutverki sínu. Eftir 1950 var verðfall peninga komið á það stig, að ekki gat komið til mála að bjóða höfundi

1500—2000 króna verðlaun fyrir vel samið vísindalegt rit, en til þess tíma höfðu hæstu verðlaun numið 2000 krónum. Veiting verðlauna úr sjóðnum hefur því fallið niður um 15 ára skeið, enda hafa nefndinni ekki borizt neinar ritgerðir á því tímabili. Er því svo komið, að fjárveitingar úr sjóðnum koma ekki lengur til greina, nema hann verði reistur við og gerður hæfur til að gegna því hlutverki, sem honum var í öndverðu fyrirhugað.

Ekki þarf orðum að því að eyða gagnvart hinu háa Alþingi, hvílík vanvirða það væri, ef sá lofsverði tilgangur, sem lá að baki sjóðstofnuninni, yrði að engu gerður. Skylda þjóðarinnar til að halda í heiðri minningu Jóns Sigurðssonar og konu hans er næg röksemd fyrir því, að hafizt verði handa um viðreisn sjóðsins nú þegar. Ekki þarf að óttast, að fé til sjóðsins yrði á glæ kastað, því að ekki er minni þörf nú en áður að hvetja menn og styrkja til vísindalegra afreka. Hér virðist því aðeins vera álitamál, með hverjum hætti sjóðurinn verði efldur svo, að síðasta vilja hinna göfugu gefenda verði uppi haldið.

Við viljum minna á, að nú nálgast aldar ártíð hjónanna Jóns Sigurðssonar og Ingibjargar Einarsdóttur. Æskilegast væri, að viðreisn sjóðsins bæri svo brátt að höndum, að unnt yrði að veita úr honum verðlaun á næstu árum. Og ekki síðar en árið 1979 ætti sjóðurinn að vera kominn í það horf, að fullgildum vísindamönnum yrði sérstakt keppikefli að vinna til verðlauna úr honum.

Við munum ekki að þessu sinni bera fram tillögur um, með hverjum hætti viðreisn sjóðsins eigi fram að fara. Alþingi er hinn rétti aðili til að taka ákvörðun um það. En við erum reiðubúnir til að ræða mál þetta nánar við fjárveitinganefnd á Alþingi, ef þess yrði óskað.

Reykjavík, 8. marz 1966.

Þórður Eyjólfsson. Magnús Már Lárusson. Sigurður Jónsson.

Skýrsla um „Gjöf Jóns Sigurðssonar" tímabilið 1. janúar 1964 til 1. desember 1965.

Tekjur:

1.	Eign 1. janúar 1964:		
	Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands	kr. 12000.00	
	Sparisjóðsinnstæða	— 32135.47	
			kr. 44135.47
2.	Vaxtatekjur:		
	Af veðdeildarbréfum	kr. 1200.00	
	— sparisjóðsinnstæðu	— 4299.52	
			— 5499.52
		Samtals	kr. 49634.99

Gjöld:

Eign í árslok 1965:		
Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands, Litra AA nr. 190 og 192, A nr. 1324 og 1326	kr. 12000.00	
Sparisjóðsinnstæða	— 37634.99	
		kr. 49634.99
	Samtals	kr. 49634.99

Menntamálaráðuneytið, 22. febrúar 1966.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Nd. 305. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. um loðdýrarækt var flutt á síðasta þingi. Olli það miklum deilum, svo að málið hlaut ekki afgreiðslu. Nú er það flutt á nýjan leik, en málavextir eru óbreyttir og sama ástæða til gætni nú og síðastliðið ár.

Loðdýrarækt er ekki nýr atvinnuvegur á Íslandi. Minkaeldi var stundað um tveggja áratuga skeið og er því þrautreynt við íslenzkar aðstæður. Oft voru minkabú rekin með tapi, og gjaldeyristekjur urðu varla teljandi. Þegar minkaeldi var bannað 1951, var það hrörnandi atvinnugrein og aðeins 7 bú starfandi í landinu.

Í stað hins mikla og auðfengna gróða, sem átti að verða af minkarækt og ýmsa dreymir um enn í dag, hlaut þjóðin eina verstu landplágu síðustu mannsaldra — villiminkinn. Þarf vart að orðlengja, hvílíku tjóni hann hefur valdið á náttúru landsins og hlunnindum.

Samkvæmt skýrslum veiðistjóra voru árin 1963 og 1964 unnir 5143 minkar í landinu. Þeir skiptust þannig eftir sýslum:

	1963	1964
Gullbringu- og Kjósarsýsla	155	200
Borgarfjarðarsýsla	108	204
Mýrasýsla	185	180
Hnappadals- og Snæfellsnessýsla	219	331
Dalasýsla	73	120
Austur- og Vestur-Barðastrandarsýsla	59	81
Vestur- og Norður-Ísafjarðarsýsla	41	45
Strandasýsla	68	78
Austur- og Vestur-Húnavatnssýsla	143	223
Skagafjarðarsýsla	213	195
Eyjafjarðarsýsla	77	54
Suður-Þingeyjarsýsla	128	129
Norður-Þingeyjarsýsla	41	13
Norður-Múlasýsla	0	0
Suður-Múlasýsla	0	0
Austur- og Vestur-Skaftafellssýsla	81	75
Rangárvallasýsla	224	228
Vestmannaeyjar	0	0
Árnessýsla	557	615
Samtals	2372	2771

Minni hl. landbúnaðarnefndar vill benda á nokkur atriði varðandi frv. til umhugsunar:

1) Það virðist almennt viðurkennt, að minkar muni alltaf sleppa úr haldi, hversu vel sem um er búið.
2) Ekki hafa verið lögð fyrir þingið nein gögn, sem styðja þá skoðun flutningsmanna, að minkaeldi sé nú líklegra til að verða gróðavegur en það var áður.
3) Frumvarpið er styttra, efnisminna og óljósara en fyrri lög um sama efni. Það leggur allt vald í þessum málum í hendur ráðherra og embættismanna. Þingmenn eru beðnir að treysta algerlega reglugerðum, sem þeir hafa ekki séð, um svo viðkvæmt og mikilsvert mál.

5. maí 1965.

Náttúruverndarráð hefur móttekið erindi hins háa Alþingis, dags. 21. f. m., þar sem þess er óskað, að ráðið veiti umsögn sína um fram komið frumvarp til laga á Alþingi um loðdýrarækt. Hefur ráðið af þessu tilefni gert svofellda samþykkt:

„Náttúruverndarráð er, með tilliti til fenginnar reynslu af skaðsemi minksins í náttúrulífi landsins, andvígt þeirri heimild til loðdýraræktar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og þeim innflutningi loðdýra, sem væntanlega kæmi í kjölfar þeirrar heimildar."

Samþykkt þessi var gerð með atkvæðum allra ráðsmanna, að undanskildum Hákoni Bjarnasyni skógræktarstjóra, sem hefur þá afstöðu til máls þessa, að þar sem minkur sé fyrir í landinu, geti hann fallizt á að leyfa minkaeldi, enda sé fyllsta öryggis gætt um, að minkar ekki sleppi úr haldi.

Það er alkunnugt, að minkurinn hefur þegar valdið miklu tjóni í náttúrulífi landsins. Mestu tjóni veldur hann, áður en hann aðlagar sig umhverfinu. Sá minkur, sem fyrir er, hefur tileinkað sér lífshætti villtra dýra og drepur til þarfa, en eigi af öðrum hvötum. Minkaeldi er óhugsandi án þess, að fleiri eða færri dýr sleppi út. Það hefur ekki og mun heldur aldrei takast að koma í veg fyrir slíkt. — Sá minkur, sem þannig kemst út í náttúruna, fer um myrðandi og eyðandi ýmsu lífi og er hinn mesti skaðvaldur. Verður að telja, að óverjandi sé að stofna til þeirrar áhættu fyrir vafasama stundarhagsmuni. Fyrir því telur Náttúruverndarráð það skyldu sína að vara mjög eindregið við samþykkt hins umrædda frumvarps til laga um loðdýrarækt.

Með virðingu,

Birgir Kjaran, formaður.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ.

15. febrúar 1966.

Hæstvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 11. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um loðdýrarækt, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi.

Í frv. því, sem hér um ræðir, eru nokkur almenn ákvæði um loðdýr og loðdýrarækt, stofnsetningu svonefndra „loðdýragarða" o. s. frv. Mér er ekki fyllilega ljóst, hver ástæða er fyrir því, að flm. frv. hafa tekið hér upp orðið loðdýragarður (á dönsku pelsdyrgård) í stað orðsins loðdýrabú (sbr. fjárbú), sem við hingað til höfum notazt við og raunar er orðið rótgróið í íslenzku máli. Í því, sem hér fer á eftir, mun ég því nota orðið loðdýrabú í stað loðdýragarðs.

Ég verð að játa, að það veldur mér nokkrum erfiðleikum að taka afstöðu til umrædds frumvarps, því að þar er þess hvergi getið, hvaða dýr sé fyrirhugað að ala í væntanlegum loðdýrabúum né heldur hvort fyrirhugað sé að flytja til landsins loðdýr í því skyni. Vel getur komið til mála að ala íslenzk dýr, svo sem refi og íslenzka villiminka í loðdýrabúum, og kemur þá auðvitað ekki til innflutnings á loðdýrum. En grunur minn er sá, að flm. frv. geri ráð fyrir innflutningi loðdýra, en um slíkan innflutning eru ströng ákvæði í gildandi lögum. Í 2. gr. l. nr. 15/1948 er mælt svo fyrir, að innflutningur á hvers konar dýrum sé háður leyfi landbúnaðarráðherra og að leyfi megi ekki veita, nema stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og

yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Þá eru ákvæði í 5. gr. l. nr. 48/1956, um náttúruvernd, um að leita skuli umsagnar náttúruverndarráðs áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum.

Þó að frv. það um loðdýrarækt, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, verði samþykkt, haggar það ekki á nokkurn hátt við ákvæðum gildandi laga um innflutning dýra. Frv., þótt að lögum yrði, verður því aldrei nema pappírsplagg, nema þeir aðilar, sem um mál þessi eiga að fjalla, veiti leyfi til innflutnings loðdýra. En þó að ég sé ekki beinlínis einn af þeim aðilum, skal hér vikið nokkru nánar að þessari hlið málsins.

Vegna afskekktrar legu hefur Ísland nær algera sérstöðu að því er varðar fábreytni gróðurs og dýralífs. Innflutningur dýra, hvort sem um húsdýr eða villt dýr er að ræða, til slíkra landa getur því og hefur raunar oft haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Þess vegna ber að gæta ýtrustu varúðar í sambandi við innflutning dýra til Íslands, og á þetta jafnt við um villt dýr og loðdýr, sem ætluð eru til eldis í loðdýrabúum. Sannleikurinn er sá, að það hefur aldrei og mun aldrei takast að koma í veg fyrir til fulls, að slík dýr sleppi úr haldi. Þess vegna er algerlega óverjandi að láta vafasama stundarhagsmuni marka stefnuna í málum af þessu tagi. Afleiðingarnar af því geta orðið miklu geigvænlegri en nokkurn órar fyrir. Nú má segja, að nokkuð öðru máli gegni um innflutning minka til Íslands, þar sem minkur er hér þegar orðinn landlægur og verður sennilega aldrei útrýmt. En það er önnur hlið á þessu máli, sem ég er ekki viss um að menn almennt hafi gert sér fyllilega ljósa. Við verðum að gera ráð fyrir, að minkar, sem kynnu að verða fluttir til landsins, sleppi öðru hverju úr haldi. Afleiðingin af því hlýtur því að verða sú, að til viðbótar hinum villta minkastofni, sem þegar hefur aðlagað sig íslenzkri náttúru, komi öðru hverju hópar af aliminkum út í náttúruna, en það eru einkum þeir minkar, sem valda mestum usla og tjóni. Slíkir minkar hafa ekki tileinkað sér hina hefðbundnu lífshætti villtra dýra, þeim fjölgar sennilega miklu örar en villiminkum, og það er miklu meiri hætta á, að þeir fari um myrðandi og drepandi án tillits til þarfa. Og við verðum að gera okkur ljóst, að það tekur langan tíma, unz slíkir minkar hafa aðlagað sig umhverfi sínu og tekið upp lífshætti villtra dýra eins og sá minkastofn, sem nú er fyrir í landinu. Sá minkastofn hefur þetta aðlögunarskeið að baki sér, og ég hef fulla ástæðu til að halda, að okkur stafi ekki ýkjamikil hætta af honum, jafnvel þótt hætt yrði með öllu að vinna skipulega að eyðingu hans. Í því sambandi ber að hafa í huga, að öll villt dýr takmarka fjölda sinn sjálf og að náttúran hefur séð fyrir því, að skynsamlegt hlutfall haldist milli rándýrs og bráðar. En þetta á auðvitað ekki við um aliminka, sem kynnu að sleppa úr haldi, og þess vegna er ég andvígur því, að innflutningur minka verði leyfður.

Að lokum vil ég leyfa mér að benda á, að mér er ekki kunnugt um, að nokkur viðhlítandi athugun hafi farið fram á þjóðhagslegu gildi loðdýraræktar hér. Þess væri þó full þörf, áður en verulegar fjárhæðir væru festar í loðdýrabúum. Því hefur að vísu verið haldið fram, að með loðdýrarækt væri hægt að stórauka verðmæti fiskúrgangs, sem fellur til í verstöðvum hér. Ef ekki verður hægt að sporna við því til fulls, að minkaeldi verði leyft hér á ný, vil ég gera það að varatillögu minni, að það verði aðeins leyft í Vestmannaeyjum, svo framarlega sem Vestmanneyingar vilja fallast á að taka við minknum. Í Vestmannaeyjum fellur til meira magn af fiskúrgangi en í flestum öðrum verstöðvum hér á landi, og þar væri hægt að ganga úr skugga um, hvort minkaeldi er eins arðvænlegt og látið er í veðri vaka, án þess að náttúru Íslands í heild sé stefnt í voða.

Virðingarfyllst,

Finnur Guðmundsson.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis
Alþingishúsinu, Reykjavík.

4) Engar kröfur eru gerðar til sérþekkingar þeirra, sem kunna að fá leyfi til loðdýraræktar. Í fyrri athugunum, sem gerðar voru fyrir ríkisstjórnina, var lögð mikil áherzla á þessa hlið málsins.
5) Flutningsmenn hafa ekki sett í frv. neitt um innflutning loðdýra, en treysta á gamalt ákvæði í lögum um innflutning búfjár. Mundi Alþingi í dag veita ráðherra nær takmarkalausa heimild til að leyfa innflutning ræktaðra villidýrategunda? Ef svo, hví eru þá ekki ákvæði um það í þessu frv., þar sem þau ættu heima?
6) Flutningsmenn forðast að nefna mink nema í bráðabirgðaákvæði. Frv. fjallar því um öll loðdýr. Í því sambandi er vert að taka eftir, að samkvæmt upplýsingum, sem einn af ráðunautum Búnaðarfélagsins lagði fyrir búnaðarþing, er hér á landi áhugi á að flytja inn chinchilla-rottur frá Suður-Ameríku og kanínur til skinnaræktar. Opnar ekki orðalag frumvarpsins leið slíkum innflutningi, án þess að frekar sé við Alþingi talað?

Undirritaður minni hl. landbn. telur, að frv. þurfi mun meiri athugun, og leggur því til, að því verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Nái sú tillaga ekki samþykki, leggjum við til vara fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Í stað orðsins „Landbúnaðarráðherra“ komi: Náttúrufræðistofnun Íslands.
2. Við 6. gr. Í stað orðanna „Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn“ komi: Að fengnu samþykki náttúruverndarráðs og viðkomandi sveitarstjórnar.
3. Við ákvæði til bráðabirgða: Í stað orðsins „tvö“ komi: tíu.

Alþingi, 10. marz 1966.

Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Ágúst Þorvaldsson. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn náttúruverndarráðs.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Reykjavík, 22/2 1966.

Náttúruverndarráð hefur móttekið erindi hins háa Alþingis, dags. 11. þ. m., þar sem óskað er umsagnar þess um fram komið frumvarp til laga á Alþingi um loðdýrarækt.

Málið var lagt fyrir Náttúruverndarráð á fundi þess hinn 18. þ. m. og þar samþykkt með atkvæðum allra ráðsmanna gegn atkvæði Hákonar Bjarnasonar skógræktarstjóra að vísa til áður gerðrar samþykktar um þetta efni, sem send var landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis með bréfi dags. 5. maí 1965.

Vísast hér með til bréfs þessa og þess rökstuðnings fyrir afstöðu Náttúruverndarráðs, sem því fylgdi.

Með virðingu,

Birgir Kjaran,
formaður.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Ed. 306. Breytingartillaga [101. mál]

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Síðasta málsgrein orðist svo:

Námur og jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi. Seljandi skal jafnan án endurgjalds eiga umferðarrétt og rétt til annarra landsnota, sem þörf kann að vera á vegna hagnýtingar jarðhita.

Nd. 307. Frumvarp til laga [144. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt frá 13. apríl 1962, um breytingar á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu.

2. gr.

Þegar breytingar þær á samþykktinni frá 13. apríl 1962 hafa verið staðfestar og auglýstar, skal alþjóðasamþykktin frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, eins og henni nú (1962) hefur verið breytt, hafa lagagildi hér á landi.

Auglýsing um staðfestingu og gildistöku samþykktarinnar skal birt í C-deild Stjórnartíðinda.

Samþykktin með breytingunum frá 1962 er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra þeim, er fer með siglingamál, er heimilt að setja reglur um meðferð olíu í olíustöðvum hér á landi, smurstöðvum, verksmiðjum og á öðrum þeim stöðum, er valdið geta olíuóhreinkun sjávar, til varnar óhreinkun sjávar af völdum olíu, svo og um meðferð olíu á skipum, sem samþykkt sú, sem um ræðir í 1. gr., nær ekki til.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þeirri, er um ræðir í 1. gr., svo og gegn reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 3. gr., skulu varða sektum.

5. gr.

Heimilt er framvegis að auglýsa gildistöku breytinga á alþjóðasamþykkt þessari í Stjórnartíðindum (C-deild).

6. gr.

Lög nr. 101 frá 28. desember 1961 falla úr gildi með auglýsingu um staðfestingu og gildistöku samþykktarinnar frá 1954, eins og henni hefur verið breytt árið 1962.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Breytingarnar á alþjóðasamningnum frá 1954, um að fyrirbyggja óhreinkun sjávar af völdum olíu, sem hér er lagt til að verði lögfestar, ganga allar í þá átt að tryggja frekar, að komið verði í veg fyrir óhreinkun sjávar af völdum olíu. Er því mjög þýðingarmikið, að sem flest lönd staðfesti hinar nýju reglur, sem m. a. stækka bannsvæðið kringum Ísland úr 50 í 100 mílur.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er heimilað að auglýsa gildistöku síðari breytinga á alþjóðasamþykktinni í C-deild Stjórnartíðinda. Grein þessi er til þess að koma í veg fyrir, að í hvert sinn, sem smávægilegar breytingar verða gerðar á alþjóðasamningnum frá 1954, þurfi að leggja slíkar breytingar fyrir Alþingi, heldur megi auglýsa gildistöku breytinganna í Stjórnartíðindum.

Samningurinn frá 1954 var prentaður sem fylgiskjal með lögum frá 28. desember 1961, og er samningurinn með breytingum frá 1962, ásamt fylgiskjölum, prentaður sem fylgiskjal með lagafrumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

ALÞJÓÐASAMÞYKKT

1954 um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu með breytingum samþykktum af ráðstefnunni 1962.

1. gr.

1. Í þessari samþykkt skulu eftirfarandi hugtök (nema samhengið útheimti annað) hafa þær merkingar, sem gefnar eru hér með hverju um sig, þ. e. a. s.:

„Skrifstofan" hefur þá merkingu, sem því orði er gefin í 21. gr.

„Losun", í sambandi við olíu eða olíukennda blöndu, merkir hvers konar losun eða leka, af hvaða ástæðu eða orsök sem er.

„Þykk dísilolía" merkir dísilolíu fyrir skipavélar nema þær olíur, sem rýrna um meira en 50% af rúmmáli við eigi hærra hitastig en 340°C, þegar þær eru prófaðar samkvæmt A.S.T.M. Standard Method D. 86/59.

„Míla" merkir sjómílu, sem er 6080 fet eða 1852 metrar.

„Olía" merkir hráolíu, brennsluolíu, þykka dísilolíu og smurningsolíu, og „olíukennt" skal hafa merkingu í samræmi við það.

„Olíukennd blanda" merkir, að 100 hlutar af olíu eða meira eru í 1.000.000 hlutum af blöndunni.

„Stofnunin" merkir Alþjóðasiglingamálastofnunina.

THE INTERNATIONAL CONVENTION

for the Prevention of Pollution of the Sea by Oil, 1954, as amended by the 1962 Conference.

Article I

1. For the purposes of the present Convention, the following expressions shall (unless the context otherwise requires) have the meanings hereby respectively assigned to them, that is to say:

„The Bureau" has the meaning assigned to it by Article XXI;

„Discharge" in relation to oil or to oily mixture means any discharge or escape howsoever caused;

„Heavy diesel oil" means marine diesel oil, other than those distillates of which more than 50 per cent by volume distils at a temperature not exceeding 340°C. when tested by A.S.T.M. Standard Method D. 86/59;

„Mile" means a nautical mile of 6,080 feet or 1,852 metres;

„Oil" means crude oil, fuel oil, heavy diesel oil and lubricating oil, and „oily" shall be construed accordingly;

„Oily mixture" means a mixture with an oil content of 100 parts or more in 1,000,000 parts of the mixture;

„Organization" means the Inter-Governmental Maritime Consultative Organization;

„Skip“ merkir sérhvern sjógengan farkost af hvaða tagi sem er, þar með fljótandi fargagn á leið um sjó, hvort heldur það er sjálfknúið eða dregið af öðrum farkosti; og „olíuskip“ merkir skip, sem hefur farmrúm, að meiri hluta byggt eða útbúið til flutnings á fljótandi farmi, umbúðarlausum, enda sé það þá ekki að flytja annan farm en olíu í þeim hluta farmrúmsins.

2. Í samþykkt þessari merkir umdæmi ríkisstjórnar, sem er aðili að henni, land það, sem hún stjórnar, og sérhvert annað land, sem hún er ábyrg fyrir um milliríkjaviðskipti og sem samþykktin hefur verið látin ná til samkvæmt 18. gr.

2. gr.

1. Samþykkt þessi skal gilda um skip, sem eru á skipaskrám einhvers umdæmis aðildarríkisstjórnar, og um óskráð skip af þjóðerni samningsaðila, nema um:

a) Olíuskip, sem eru minna en 150 rúmlestir brúttó, og önnur skip, sem eru minna en 500 rúmlestir brúttó, að því tilskildu, að sérhver aðildarríkisstjórn geri nauðsynlegar ráðstafanir, að því marki sem sanngjarnt er og framkvæmanlegt, til þess að framfylgja ákvæðum samþykktarinnar einnig gagnvart slíkum skipum, með hliðsjón af því, hve stór eru, til hvers notuð, og hvers konar eldsneyti aflvélar nota, sem þau eru knúin.

b) Skip, starfandi í þágu hvalveiðaatvinnuvegsins, þegar þau raunverulega gegna hvalveiðistörfum.

c) Skip, sem stunda siglingar um Mikluvötn Norður-Ameríku, vötn, sem þau tengja eða í þau falla, allt austur að neðri gátt St. Lambert Lock við Montreal í fylkinu Quebec, Kanada.

d) Skip tilheyrandi herflota og skip, sem eru í notkun sem aðstoðarskip herflota.

2. Hver aðildarríkisstjórn skuldbindur sig til að gera viðeigandi ráðstafanir, sem tryggi, að ákvæðum, er jafngildi ákvæðum þessarar samþykktar, sé, að því marki

„Ship“ means any sea-going vessel of any type whatsoever, including floating craft, whether self-propelled or towed by another vessel, making a sea voyage; and „tanker“ means a ship in which the greater part of the cargo space is constructed or adapted for the carriage of liquid cargoes in bulk and which is not, for the time being, carrying a cargo other than oil in that part of its cargo space.

2. For the purposes of the present Convention, the territories of a Contracting Government mean the territory of the country of which it is the Government and any other territory for the international relations of which it is responsible and to which the Convention shall have been extended under Article XVIII.

Article II

1. The present Convention shall apply to ships registered in any of the territories of a Contracting Government and to unregistered ships having the nationality of a Contracting Party, except:

a) tankers of under 150 tons gross tonnage and other ships of under 500 tons gross tonnage, provided that each Contracting Government will take the necessary steps, so far as is reasonable and practicable, to apply the requirements of the Convention to such ships also, having regard to their size, service and the type of fuel used for their propulsion;

b) ships for the time being engaged in the whaling industry when actually employed on whaling operations;

c) ships for the time being navigating the Great Lakes of North America and their connecting and tributary waters as far east as the lower exit of St. Lambert Lock at Montreal in the Province of Quebec, Canada;

d) naval ships and ships for the time being used as naval auxiliaries.

2. Each Contracting Government undertakes to adopt appropriate measures ensuring that requirements equivalent to those of the present Convention

er sanngjarnt má telja og framkvæmanlegt, framfylgt gagnvart þeim skipum, sem nefnd eru í d-lið 1. málsgr. þessarar greinar.

3. gr.

Nema öðruvísi sé fyrir mælt í ákvæðum 4. og 5. gr.:

a) skal losun olíu eða olíukenndrar blöndu úr olíuskipi, sem þessi samþykkt gildir um, vera bönnuð innan sérhvers þeirra bannsvæða, sem um getur í Viðauka A við samþykktina,

b) skal losun olíu eða olíukenndrar blöndu úr skipi, sem þessi samþykkt gildir um, en ekki er olíuskip, framkvæmd eins langt frá landi og gerlegt er. Að liðnum þrem árum frá þeim degi, er samþykktin tekur gildi fyrir það umdæmi, sem á hlut að máli vegna skipsins samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., skal a-liður þessarar greinar gilda um skip, sem ekki er olíuskip, með þeirri undantekningu, að losun olíu eða olíukenndrar blöndu úr slíku skipi skal eigi bönnuð, þegar skipið er á leið til hafnar þar, sem ekki eru fyrir hendi slík skilyrði fyrir önnur skip en olíuskip, sem um getur í 8. gr.,

c) skal losun bönnuð á olíu eða olíukenndri blöndu úr skipi, sem er 20.000 rúmlestir brúttó, eða þar yfir, og þessi samþykkt gildir um og samið hefur verið um smíði á þann dag, eða eftir þann dag, sem þetta ákvæði tekur gildi. Ef, samt sem áður, að dómi skipstjórans, sérstakar kringumstæður valda því, að hvorki er sanngjarnt né gerlegt að láta olíuna, eða hina olíukenndu blöndu, vera áfram í skipinu, er heimilt að losa hana utan bannsvæðanna, sem nefnd eru í Viðauka A við samþykktina. Ástæður fyrir slíkri losun skal tilkynna aðildarríkisstjórn þess umdæmis, er á hlut að máli vegna skipsins samkvæmt 1. málsgr. 2. gr. Öll málsatvik varðandi slíkar losanir skulu aðildarríkisstjórnir tilkynna Stofnuninni eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti.

are, so far as is reasonable and practicable, applied to the ships referred to in subparagraph d) of paragraph 1. of this Article.

Article III

Subject to the provisions of Article IV and V:

a) the discharge from a tanker to which the present Convention applies, within any of the prohibited zones referred to in Annex A to the Convention, of oil or oily mixture shall be prohibited;

b) the discharge from a ship to which the present Convention applies, other than a tanker, of oil or oily mixture shall be made as far as practicable from land. As from a date three years after that on which the Convention comes into force for the relevant territory in respect of the ship in accordance with paragraph 1. of Article II, subparagraph a) of this Article shall apply to a ship other than a tanker, except that the discharge of oil or of oily mixture from such a ship shall not be prohibited when the ship is proceeding to a port not provided with such facilities for ships other than tankers as are referred to in Article VIII;

c) the discharge from a ship of 20,000 tons gross tonnage or more, to which the present Convention applies and for which the building contract is placed on or after the date on which this provision comes into force, of oil or oily mixture shall be prohibited. However, if, in the opinion of the master, special circumstances make it neither reasonable nor practicable to retain the oil or oily mixture on board, it may be discharged outside the prohibited zones referred to in Annex A to the Convention. The reasons for such discharge shall be reported to the Contracting Government of the relevant territory in respect of the ship in accordance with paragraph 1. of Article II. Full details of such discharges shall be reported to the Organization at least every twelve months by Contracting Governments.

4. gr.

3. gr. skal eigi gilda um:

a) losun olíu eða olíukenndrar blöndu úr skipi, ef losunin er nauðsynleg vegna öryggis skips eða framkvæmd í þeim tilgangi að koma í veg fyrir skemmdir á skipi eða farmi, eða til þess að bjarga lífi þeirra, sem eru í sjávarháska,

b) olíu eða olíukennda blöndu, sem fer í sjó sem afleiðing skemmda á skipi, eða sakir óhjákvæmilegs leka, enda hafi eftir að skemmdirnar urðu, eða lekans varð vart, allar þær ráðstafanir verið gerðar, sem með sanngirni má krefjast, til þess að koma í veg fyrir, að í sjó færi,

c) losun sora, sem orðið hefur til við hreinsun eldsneytisolíu eða smurningsolíu, enda fari slík losun fram eins langt frá landi og tök eru á.

5. gr.

3. gr. skal eigi taka til losunar úr austurrásum skips:

a) á olíukenndri blöndu, um tólf mánaða tíma frá þeim degi, er þessi samþykkt tekur gildi fyrir það umdæmi, sem á hlut að máli vegna skipsins samkvæmt 1. málsgr. 2. gr.,

b) að útrunnu slíku tímabili, á olíukenndri blöndu, er inniheldur enga aðra olíu en smurningsolíu, sem sigið hefur eða lekið þaðan, sem vélar eru.

6. gr.

1. Sérhvert brot gegn ákvæðum 3. gr. og 9. gr. skal vera refsivert eftir lögum þess umdæmis, er á hlut að máli vegna skipsins samkvæmt 1. málsgr. 2. gr.

2. Viðurlögin, sem heimilt er að beita samkvæmt lögum hvers umdæmis, sem heyrir undir aðildarríkisstjórn, vegna ólöglegrar losunar olíu eða olíukenndrar blöndu úr skipi utan landhelgi þess umdæmis, skulu vera nægilega þung til þess að aftra frá hvers konar slíkri ólöglegri losun, og þau skulu ekki vera minni en þau viðurlög, sem beita má, samkvæmt

Article IV

Article III shall not apply to:

a) the discharge of oil or of oily mixture from a ship for the purpose of securing the safety of a ship, preventing damage to a ship or cargo, or saving life at sea;

b) the escape of oil or of oily mixture resulting from damage to a ship or unavoidable leakage, if all reasonable precautions have been taken after the occurrence of the damage or discovery of the leakage for the purpose of preventing or minimizing the escape;

c) the discharge of residue arising from the purification or clarification of fuel oil or lubricating oil, provided that such discharge is made as far from land as is practicable.

Article V

Article III shall not apply to the discharge from the bilges of a ship:

a) during the period of twelve months following the date on which the present Convention comes into force for the relevant territory in respect of the ship in accordance with paragraph 1. of Article II, of oily mixture;

b) after the expiration of such period, of oily mixture containing no oil other than lubricating oil which has drained or leaked from machinery spaces.

Article VI

1. Any contravention of Articles III and IX shall be an offence punishable under the law of the relevant territory in respect of the ship in accordance with paragraph 1. of Article II.

2. The penalties which may be imposed under the law of any of the territories of a Contracting Government in respect of the unlawful discharge from a ship of oil or oily mixture outside the territorial sea of that territory shall be adequate in severity to discourage any such unlawful discharge and shall not be less than the penalties which may be imposed under the law of that territory

lögum þess umdæmis, fyrir sömu brot innan landhelgi.

3. Hver aðildarríkisstjórn skal tilkynna Stofnuninni um refsingar, sem hafa raunverulega verið á lagðar fyrir hvert framið brot.

7. gr.

1. Að liðnum tólf mánuðum frá þeim degi, er þessi samþykkt tekur gildi fyrir umdæmi, sem á hlut að máli vegna skips samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., skal þess krafizt um slíkt skip, að þannig sé frá gengið, að því marki sem sanngjarnt er og framkvæmanlegt, að eldsneytisolía, eða þykk dísilolía, geti ekki komizt í austurrásir, nema þannig sé um búið, að visst sé að dugi til þess að tryggja það, að olían í austurrásunum fari ekki úr skipinu með þeim hætti, að brjóti í bága við ákvæði þessarar samþykktar.

2. Að hafa kjölfestuvatn í olíueldsneytisgeymum skal forðast, ef mögulegt er.

8. gr.

1. Hver aðildarríkisstjórn skal gera allar tilheyrandi ráðstafanir til þess að stuðla að því, að búið verði í haginn, svo sem hér fer á eftir:

a) í samræmi við þarfir þeirra skipa, sem nota þær, skulu hafnir búnar fullnægjandi skilyrðum til þess að taka við, án þess að valda skipum ótilhlýðilegum töfum, sora og olíukenndri blöndu af því tagi, sem eftir væri til losunar úr skipum, öðrum en olíuskipum, ef mestallt vatnið hefði verið skilið frá blöndunni,
b) olíuhleðslustöðvar skulu búnar fullnægjandi skilyrðum til þess að taka við slíkum sora og olíukenndri blöndu, sem, með sama hætti, væri eftir til losunar úr olíuskipum,
c) hafnir, þar sem skipaviðgerðir fara fram, skulu búnar fullnægjandi skilyrðum til þess að taka við slíkum sora og olíukenndri blöndu, sem, með sama hætti, væri eftir til losunar úr öllum skipum, sem þangað koma til viðgerða.

2. Hver aðildarríkisstjórn skal ákveða hvaða hafnir og olíuhleðslustöðvar í sínum umdæmum séu hentugar í þeim tilin respect of the same infringements within the territorial sea.

3. Each Contracting Government shall report to the Organization the penalties actually imposed for each infringement.

Article VII

1. As from a date twelve months after the present Convention comes into force for the relevant territory in respect of a ship in accordance with paragraph 1. of Article II, such a ship shall be required to be so fitted as to prevent, so far as reasonable and practicable, the escape of fuel oil or heavy diesel oil into bilges, unless effective means are provided to ensure that the oil in the bilges is not discharged in contravention of this Convention.

2. Carrying water ballast in fuel tanks shall be avoided if possible.

Article VIII

1. Each Contracting Government shall take all appropriate steps to promote the provision of facilities as follows:

a) according to the needs of ships using them, ports shall be provided with facilities adequate for the reception, without causing undue delay to ships, of such residues and oily mixtures as would remain for disposal from ships other than tankers if the bulk of the water had been separated from the mixture;
b) oil loading terminals shall be provided with facilities, adequate for the reception of such residues and oily mixtures as would similarly remain for disposal by tankers;
c) ship repair ports shall be provided with facilities adequate for the reception of such residues and oily mixtures as would similarly remain for disposal by all ships entering for repairs.

2. Each Contracting Government shall determine which are the ports and oil loading terminals in its territories suit-

gangi sem greinir í a-, b- og c-liðum 1. málsgr. þessarar greinar.

3. Nú er meint, að skilyrði séu ófullnægjandi, að því er snertir 1. málsgr. þessarar greinar, og skal þá hver aðildarríkisstjórn ávallt tilkynna Skrifstofunni, til þess að koma áleiðis til aðildarríkisstjórnar þeirrar, er hlut á að máli.

9. gr.

1. Í hverju skipi, sem samþykkt þessi gildir um og olíueldsneyti notar, skal skylt að hafa olíuskýrslubók, hvort sem hún er hluti hinnar lögformlegu leiðarbókar skipsins eða ekki, í því formi, sem tilgreint er í Viðauka B við samþykkt þessa.

2. Olíuskýrslubókina skal útfylla hvert einstakt sinn, hvenær sem eitthvert eftirtalinna verka er unnið um borð í skipinu:

a) kjölfesta látin í eða losuð úr farmgeymum olíuskipa,
b) hreinsun farmgeyma olíuskipa,
c) látið setjast til í dregghylkjum og vökvi losaður úr olíuskipum,
d) losun úr olíuskipum á olíusora, sem fram hefur komið í dregghylkjum eða annars staðar,
e) látin kjölfesta í, eða hreinsuð á ferð, eldsneytisforðahylki skipa, annarra en olíuskipa,
f) losun úr skipum, öðrum en olíuskipum, á olíusora, sem fram hefur komið í eldsneytisforðahylkjum eða annars staðar,
g) þegar óhöpp eða önnur sérstæð atvik valda því, að olía er losuð eða fer í sjó, úr olíuskipum eða skipum, öðrum en olíuskipum.

Nú ber það til, að losuð er eða í sjó fer olía eða olíukennd blanda af því tagi sem greinir í c-lið 3. gr. eða 4. gr. og skal þá rita skýrslu í olíuskýrslubókina, undir hvaða kringumstæðum og af hvaða ástæðu losað var eða í sjó fór.

3. Hvert verk, er greinir í 2. málsgr. þessarar greinar, skal að fullu bókað tafarlaust í olíuskýrslubókina, þannig að allir þeir liðir í skýrslubókinni, sem tilheyra um það verk, séu útfylltir. Hver

able for the purposes of sub-paragraphs a), b) and c) of paragraph 1. of this Article.

3. As regards paragraph 1. of this Article, each Contracting Government shall report to the Organization, for transmission to the Contracting Government concerned, all cases where the facilities are alleged to be inadequate.

Article IX

1. Of the ships to which the present Convention applies, every ship which uses oil fuel and every tanker shall be provided with an oil record book, whether as part of the ship's official log book or otherwise, in the form specified in Annex B to the Convention.

2. The oil record book shall be completed on each occasion, whenever any of the following operations takes place in the ship:

a) ballasting of and discharge of ballast from cargo tanks of tankers;
b) cleaning of cargo tanks of tankers;
c) settling in slop tanks and discharge of water from tankers;
d) disposal from tankers of oily residues from slop tanks or other sources;
e) ballasting, or cleaning during voyage, of bunker fuel tanks of ships other than tankers;
f) disposal from ships other than tankers of oily residues from bunker fuel tanks or other sources;
g) accidental or other exceptional discharges or escapes of oil from tankers or ships other than tankers.

In the event of such discharge or escape of oil or oily mixture as is referred to in sub-paragraph c) of Article III or in Article IV, a statement shall be made in the oil record book of the circumstances of, and reason for, the discharge or escape.

3. Each operation described in paragraph 2. of this Article shall be fully recorded without delay in the oil record book so that all the entries in the book appropriate to that operation are com-

blaðsíða skýrslubókarinnar skal undirrituð af þeim yfirmanni eða yfirmönnum, sem umsjá hafa með þeim verkum, sem um ræðir, og þegar áhöfn er á skipinu, af skipstjóra skipsins. Hinar skrifuðu innfærslur í olíuskýrslubókina skulu vera á viðurkenndu tungumáli þess umdæmis, sem á hlut að máli vegna skipsins samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., eða á ensku eða frönsku.

4. Olíuskýrslubækur skal geyma á þeim stað, sem auðvelt er að ná í þær til skoðunar, öllum stundum þegar telja má sanngjarnt, og, nema þegar um er að ræða áhafnarlaus skip í eftirdragi, skulu geymdar um borð í skipinu. Þær skal varðveita um tveggja ára skeið frá síðustu innfærslu að telja.

5. Réttbær yfirvöld sérhvers þeirra umdæma, sem heyra undir aðildarríkisstjórn, mega skoða um borð í hverju skipi, sem þessi samþykkt gildir um, á meðan það er í höfn innan þess umdæmis, olíuskýrslubók þá, sem skylt er að hafa í skipinu eftir ákvæðum þessarar greinar. Þeim er einnig heimilt að taka rétt afrit af sérhverri færslu í bókinni og mega skylda skipstjóra skipsins til þess að staðfesta, að afritið sé rétt afrit af slíkri innfærslu. Sérhvert afrit þannig gert, sem ber með sér, að það hafi verið staðfest af skipstjóra skipsins sem rétt afrit af innfærslu í olíuskýrslubók skipsins, skal meta gilt sem sönnunargagn varðandi þær staðreyndir, sem frá greinir í færslunni í hvers konar málarekstri fyrir dómstólum. Allar ráðstafanir af hálfu réttbærra yfirvalda, samkvæmt þessari málsgrein, skal gera eins greiðlega og unnt er, og eigi skal tefja skipið.

10. gr.

1. Hver aðildarríkisstjórn má láta stjórn hlutaðeigandi umdæmis vegna skipsins, samkvæmt 1. málsgr. 2. gr., í té skrifleg gögn um sannanir fyrir því, að brotið hafi verið gegn einhverju ákvæði þessarar samþykktar að því er það skip varðar, hvar sem hið meinta brot kann að hafa átt sér stað. Ef tök eru á, skulu réttbær yfirvöld hinnar fyrr-

pleted. Each page of the book shall be signed by the officer or officers in charge of the operations concerned and, when the ship is manned, by the master of the ship. The written entries in the oil record book shall be in an official language of the relevant territory in respect of the ship in accordance with paragraph 1. of Article II, or in English or French.

4. Oil record books shall be kept in such a place as to be readily available for inspection at all reasonable times, and, except in the case of unmanned ships under tow, shall be kept on board the ship. They shall be preserved for a period of two years after the last entry has been made.

5. The competent authorities of any of the territories of a Contracting Government may inspect on board any ship to which the present Convention applies, while within a port in that territory, the oil record book required to be carried in the ship in compliance with the provisions of this Article, and may make a true copy of any entry in that book and may require the master of the ship to certify that the copy is a true copy of such entry. Any copy so made which purports to have been certified by the master of the ship as a true copy of an entry in the ship's oil record book shall be made admissible in any judicial proceedings as evidence of the facts stated in the entry. Any action by the competent authorities under this paragraph shall be taken as expeditiously as possible and the ship shall not be delayed.

Article X

1. Any Contracting Government may furnish to the Government of the relevant territory in respect of the ship in accordance with paragraph 1. of Article II particulars in writing of evidence that any provision of the present Convention has been contravened in respect of that ship, wheresoever the alleged contravention may have taken place. If it is practicable to do so, the competent authorities of the former Government shall notify

nefndu ríkisstjórnar tilkynna skipstjóra skipsins um hið meinta brot.

2. Um leið og slík gögn berast, skal sú ríkisstjórn, sem þannig hefur verið tjáð, rannsaka málið, og hún má fara þess á leit við hina ríkisstjórnina, að hún láti í té frekari eða ýtarlegri gögn varðandi hið meinta brot. Ef sú ríkisstjórn, sem þannig hefur verið tjáð, er þess fullviss, að nægar sannanir séu fyrir hendi í því formi, sem tilskilið er í lögum hennar, til þess að hægt sé að höfða mál gegn eiganda skipsins, eða skipstjóra þess, vegna hins meinta brots, skal hún hlutast til um, að málið sé höfðað eins fljótt og auðið er, og skal hún tilkynna hinni ríkisstjórninni og Stofnuninni um úrslit málsins.

11. gr.

(Óbreytt)

Ekkert í þessari samþykkt skal túlka á þá lund, að með því sé skert vald neinnar aðildarríkisstjórnar til þess að gera ráðstafanir innan síns lögsagnarumdæmis vegna einhvers máls, sem samþykktin lýtur að, né á þá lund, að með því sé víkkað lögsagnarumdæmi neinnar aðildarríkisstjórnar.

12. gr.

(Óbreytt)

Hver aðildarríkisstjórn skal senda Skrifstofunni og viðkomandi ráði Sameinuðu þjóðanna:

a) texta þeirra laga, tilskipana, fyrirmæla og reglugerða, sem í gildi eru í umdæmum, sem undir hana heyra, og sem miða að því að framfylgja ákvæðum þessarar samþykktar.
b) Allar opinberar skýrslur, eða ágrip af opinberum skýrslum, að svo miklu leyti sem þær sýna árangur af framkvæmd ákvæða samþykktarinnar, þó ávallt með þeirri takmörkun, að slíkar skýrslur eða ágrip séu ekki þess eðlis, að um trúnaðarmál sé að ræða, að áliti hlutaðeigandi ríkisstjórnar.

13. gr.

(Óbreytt)

Öllum deilum milli aðildarríkisstjórnanna varðandi túlkun eða framkvæmd ákvæða þessarar samþykktar, og sem

the master of the ship of the alleged contravention.

2. Upon receiving such particulars, the Government so informed shall investigate the matter, and may request the other Government to furnish further or better particulars of the alleged contravention. If the Government so informed is satisfied that sufficient evidence is available in the form required by its law to enable proceedings against the owner or master of the ship to be taken in respect of the alleged contravention, it shall cause such proceedings to be taken as soon as possible, and shall inform the other Government and the Organization of the result of such proceedings.

Article XI

(Unchanged)

Nothing in the present Convention shall be construed as derogating from the powers of any Contracting Government to take measures within its jurisdiction in respect of any matter to which the Convention relates or as extending the jurisdiction of any Contracting Government.

Article XII

(Unchanged)

Each Contracting Government shall send to the Bureau and to the appropriate organ of the United Nations:

a) the text of laws, decrees, orders and regulations in force in its territories which give effect to the present Convention;

b) all official reports or summaries of official reports in so far as they show the results of the application of the provisions of the Convention, provided always that such reports or summaries are not, in the opinion of that Government, of a confidential nature.

Article XIII

(Unchanged)

Any dispute between Contracting Governments relating to the interpretation or application of the present Con-

eigi er kleift að jafna með samningaumleitunum, skal, að beiðni annars hvors aðila, vísa til Alþjóðadómstólsins til úrskurðar, nema deiluaðilar verði ásáttir um að vísa deilunni til úrskurðar gerðardóms.

14. gr.

1. Samþykkt þessi skal vera til undirskriftar um þriggja mánaða skeið frá deginum í dag*, og eftir það skal hún vera til staðfestingar.

2. Í samræmi við ákvæði 15. gr. er ríkisstjórnum, aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna eða einnar af sérstofnununum eða að stofnsamþykkt Alþjóðadómstólsins heimilt að gerast aðilar að þessari samþykkt með:

a) undirskrift án fyrirvara um staðfestingu,
b) undirskrift með fyrirvara um staðfestingu, sem á eftir fer staðfesting, eða með
c) staðfestingu.

3. Staðfestingu skal framkvæma með því að afhenda skjal þar um í vörzlu Skrifstofunnar, sem skal tilkynna öllum þeim ríkisstjórnum, sem þegar hafa undirskrifað eða staðfest þessa samþykkt, hverja einstaka undirskrift og afhendingu staðfestingarskjals, svo og dagsetningu slíkrar undirskriftar eða afhendingar.

15. gr.

(Óbreytt)

1. Samþykkt þessi skal ganga í gildi tólf mánuðum frá þeim degi, er eigi færri en tíu ríkisstjórnir hafa gerzt aðilar að henni, þar á meðal fimm ríkisstjórnir landa með eigi minna en 500.000 brúttórúmlestir olíuflutningaskipa hvert um sig.

2.

a) Að því er hverja þá ríkisstjórn snertir, sem undirskrifar samþykktina án fyrirvara um staðfestingu, eða staðfestir samþykktina fyrir þann dag, er hún gengur í gildi, samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, skal hún ganga í gildi þann dag. Að því er varðar hverja þá ríkisstjórn, sem staðfestir samvention which cannot be settled by negotiation shall be referred at the request of either party to the International Court of Justice for decision unless the parties in dispute agree to submit it to arbitration.

Article XIV

1. The present Convention shall remain open for signature for three months from this day's date* and shall thereafter remain open for acceptance.

2. Subject to Article XV, the Governments of States Members of the United Nations or of any of the Specialized Agencies or parties to the Statute of the International Court of Justice may become parties to the present Convention by:

a) signature without reservation as to acceptance;
b) signature subject to acceptance followed by acceptance; or
c) acceptance.

3. Acceptance shall be effected by the deposit of an instrument of acceptance with the Bureau, which shall inform all Governments that have already signed or accepted the present Convention of each signature and deposit of an acceptance and of the date of such signature or deposit.

Article XV

(Unchanged)

1. The present Convention shall come into force twelve months after the date on which not less than ten Governments have become parties to the Convention including five Governments of countries each with not less than 500,000 gross tons of tanker tonnage.

2.

a) For each Government which signs the Convention without reservation as to acceptance or accepts the Convention before the date on which the Convention comes into force in accordance whith paragraph 1. of this Article it shall come into force on that date. For each Government which ac-

*) 12. maí 1954.

*) 12 May 1954.

þykktina þann dag eða síðar, skal hún ganga í gildi þrem mánuðum frá þeim degi, sem sú ríkisstjórn afhenti staðfestingu.

b) Skrifstofan skal, svo fljótt sem auðið er, tilkynna öllum ríkisstjórnum, sem hafa undirskrifað eða staðfest samþykktina, hvaða dag hún gangi í gildi.

cepts the Convention on or after that date, it shall come into force three months after the date of the deposit of that Government's acceptance.

b) The Bureau shall, as soon as possible, inform all Governments which have signed or accepted the Convention of the date on which it will come into force.

16. gr.

1.

a) Þessari samþykkt má breyta með einróma samkomulagi milli aðildarríkisstjórnanna.

b) Ef þess er beiðzt af einhverri aðildarríkisstjórn, skal Stofnunin senda öllum aðildarríkisstjórnum framkomna breytingartillögu til athugunar og staðfestingar samkvæmt þessari málsgrein.

2.

a) Tillögu um breytingu á þessari samþykkt má koma á framfæri við Stofnunina hvenær sem er, af sérhverri aðildarríkisstjórn. Enn fremur, ef slík tillaga er samþykkt af tveim þriðjungum þings Stofnunarinnar, eftir tilvísun samþykktri af tveim þriðjungum þeirrar nefndar Stofnunarinnar, sem fjallar um öryggi á sjónum, skal Stofnunin senda hana öllum aðildarríkisstjórnum til staðfestingar.

b) Sérhverja slíka tilvísun af hálfu siglingaöryggisnefndar skal Stofnunin senda öllum aðildarríkisstjórnum til athugunar, a. m. k. sex mánuðum áður en þingið tekur hana til athugunar.

3.

a) Til ráðstefnu ríkisstjórna, í þeim tilgangi að athuga tillögur um breytingar á þessari samþykkt, frambornar af einhverri aðildarríkisstjórn, skal Stofnunin boða hvenær sem er, ef þess er beiðzt af einum þriðja hluta aðildarríkisstjórnanna.

b) Sérhver breyting, samþykkt af slíkri ráðstefnu af tveim þriðjungum aðildarríkisstjórnanna, skal af Stofnun-

Article XVI

1.

a) The present Convention may be amended by unanimous agreement between the Contracting Governments.

b) Upon request of any Contracting Government a proposed amendment shall be communicated by the Organization to all Contracting Governments for consideration and acceptance under this paragraph.

2.

a) An amendment to the present Convention may be proposed to the Organization at any time by any Contracting Government, and such proposal if adopted by a two-thirds majority of the Assembly of the Organization upon recommendation adopted by a two-thirds majority of the Maritime Safety Committee of the Organization shall be communicated by the Organization to all Contracting Governments for their acceptance.

b) Any such recommendation by the Maritime Safety Committee shall be communicated by the Organization to all Contracting Governments for their consideration at least six months before it is considered by the Assembly.

3.

a) A conference of Governments to consider amendments to the present Convention proposed by any Contracting Government shall at any time be convened by the Organization upon the request of one-third of the Contracting Governments.

b) Every amendment adopted by such conference by a two-thirds majority of the Contracting Governments shall

inni tjáð öllum aðildarríkisstjórnum til þess að fá staðfestingu þeirra.

4. Sérhver breyting, tjáð aðildarríkisstjórnum til þess að fá samþykki þeirra, samkvæmt 2. eða 3. málsgrein þessarar greinar, skal ganga í gildi tólf mánuðum eftir þann dag, er breytingin hefur verið staðfest af tveim þriðjungum aðildarríkisstjórnanna, að því er varðar allar aðildarríkisstjórnir nema þær, sem gefa yfirlýsingu, áður en hún gengur í gildi, um að þær synji breytingunni samþykkis.

5. Þinginu er heimilt, með tveim þriðjungum greiddra atkvæða, að meðtöldum tveim þriðjungum þeirra ríkisstjórna, sem fulltrúa eiga í siglingaöryggisnefndinni, og að áskildu samþykki tveggja þriðjunga aðildarríkisstjórnanna að þessari samþykkt eða ráðstefnu, sem kvatt hefur verið til, samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar, með tveim þriðjungum greiddra atkvæða, að úrskurða, um leið og breytingin er samþykkt, að hún sé í eðli sínu svo mikilvæg, að sérhver aðildarríkisstjórn, sem gefur yfirlýsingu samkvæmt 4. málsgr. þessarar greinar og ekki samþykkir breytinguna innan tólf mánaða eftir að breytingin gengur í gildi, skuli, þegar sá tími rennur út, hætta að teljast aðili að þessari samþykkt.

6. Stofnunin skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum sérhverjar breytingar, sem öðlast gildi eftir ákvæðum þessarar greinar, ásamt deginum, er slíkar breytingar skuli ganga í gildi.

7. Sérhverja staðfestingu eða yfirlýsingu eftir ákvæðum þessarar greinar skal gera með skriflegri tilkynningu til Stofnunarinnar, sem skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum um móttöku staðfestingarinnar eða yfirlýsingarinnar.

17. gr.

(Óbreytt)

1. Samþykkt þessari má segja upp af hálfu sérhverrar aðildarríkisstjórnar hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi, er samþykktin gengur í gildi fyrir viðkomandi ríkisstjórn.

be communicated by the Organization to all Contracting Governments for their acceptance.

4. Any amendment communicated to Contracting Governments for their acceptance under paragraph 2. or 3. of this Article shall come into force for all Contracting Governments, except those which before it comes into force make a declaration that they do not accept the amendment, twelve months after the date on which the amendment is accepted by two-thirds of the Contracting Governments.

5. The Assembly, by a two-thirds majority vote, including two-thirds of the Governments represented on the Maritime Safety Committee, and subject to the concurrence of two-thirds of the Contracting Governments to the present Convention, or a conference convened under paragraph 3. of this Article by a two-thirds majority vote, may determine at the time of its adoption that the amendment is of such an important nature that any Contracting Government which makes a declaration under paragraph 4. of this Article and which does not accept the amendment within a period of twelve months after the amendment comes into force, shall, upon the expiry of this period, cease to be a party to the present Convention.

6. The Organization shall inform all Contracting Governments of any amendments which come into force under this Article, together with the date on which such amendments shall come into force.

7. Any acceptance or declaration under this Article shall be made by a notification in writing to the Organization which shall notify all Contracting Governments of the receipt of the acceptance or declaration.

Article XVII

(Unchanged)

1. The present Convention may be denounced by any Contracting Government at any time after the expiration of a period of five years from the date on which the Convention comes into force for that Government.

2. Uppsögn skal fara fram með skriflegri tilkynningu, stíluðri til Skrifstofunnar, sem skal tilkynna hverja uppsögn, sem berst, og einnig móttökudag hennar, öllum aðildarríkisstjórnunum.

3. Uppsögn skal ganga í gildi tólf mánuðum eftir að hún berst Skrifstofunni, eða eftir slíkan tíma lengri, sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni.

2. Denunciation shall be effected by a notification in writing addressed to the Bureau, which shall notify all the Contracting Governments of any denunciation received and of the date of its receipt.

3. A denunciation shall take effect twelve months, or such longer period as may be specified in the notification, after its receipt by the Bureau.

18. gr.

1.

a) Sameinuðu þjóðirnar skulu, þegar þær eru stjórnvald yfir einhverju umdæmi, eða sérhver aðildarríkisstjórn, sem er ábyrg fyrir millirikjaviðskiptum einhvers umdæmis, eins fljótt og auðið er ráðgast við slíkt umdæmi í þeim tilgangi að koma því til leiðar, að þessi samþykkt nái til þess umdæmis, og þeim er heimilt hvenær sem er að lýsa yfir, með skriflegri tilkynningu til Skrifstofunnar, að samþykktin skuli ná til slíks umdæmis.

b) Þessi samþykkt skal ná til þess umdæmis, sem getur í tilkynningunni, frá móttökudegi hennar, eða frá þeim degi öðrum, sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni.

2.

a) Þegar þær eru stjórnvald yfir einhverju umdæmi, er Sameinuðu þjóðunum heimilt, eða sérhverri aðildarríkisstjórn, sem gefið hefur yfirlýsingu samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, að lýsa yfir því, eftir að hafa ráðgazt við umdæmið með skriflegri tilkynningu til Skrifstofunnar, hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi, sem þessi samþykkt hefur þannig verið látin ná til einhvers umdæmis, að samþykktin skuli eigi lengur ná til einhvers þess umdæmis, sem tilgreint er í tilkynningunni.

b) Þessi samþykkt skal þá eigi lengur ná til hvers þess umdæmis, sem nefnt er í slíkri tilkynningu, er liðið er eitt ár frá þeim degi, er tilkynningin berst Skrifstofunni, eða að liðnum slíkum tíma lengri, sem tiltekinn kann að vera í tilkynningunni.

Article XVIII

1.

a) The United Nations in cases where they are the administering authority for a territory or any Contracting Government responsible for the international relations of a territory shall as soon as possible consult with such territory in an endeavour to extend the present Convention to that territory and may at any time by notification in writing given to the Bureau declare that the Convention shall extend to such territory.

b) The present Convention shall from the date of the receipt of the notification or from such other date as may be specified in the notification extend to the territory named therein.

2.

a) The United Nations in cases where they are the administering authority for a territory or any Contracting Government which has made a declaration under paragraph 1. of this Article, at any time after the expiry of a period of five years from the date on which the present Convention has been so extended to any territory, may by a notification in writing given to the Bureau after consultation with such territory declare that the Convention shall cease to extend to any such territory named in the notification.

b) The present Convention shall cease to extend to any territory mentioned in such notification one year, or such longer period as may be specified therein, after the date of receipt of the notification by the Bureau.

3. Skrifstofan skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum, ef þessi samþykkt hefur verið látin ná til einhvers umdæmis samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, og um afturköllun hverrar slíkrar útfærslu samkvæmt ákvæðum 2. málsgr., og skal hún í hverju tilviki tilgreina, frá hvaða degi mörk samþykktarinnar hafi þannig verið víkkuð, eða slík útfærsla falli úr gildi.

19. gr.

(Óbreytt)

1. Ef um styrjöld er að ræða eða annan ófrið, þar sem aðildarríkisstjórn telur sig eiga hlut að máli, hvort heldur sem ófriðaraðila eða hlutlausa, þá má hún gera hlé á framkvæmd þessarar samþykktar allrar, eða einhvers hluta hennar, að því er varðar öll sín umdæmi, eða einhvern hluta þeirra.

2. Ríkisstjórn, sem gerir hlé á framkvæmd samþykktarinnar, má hvenær sem er ákveða, að því skuli lokið, og aldrei skal slíkt hlé standa lengur en réttlætanlegt er eftir ákvæðum 1. málsgr. þessarar greinar. Nú skal slíku hléi lokið, og skal þá hlutaðeigandi ríkisstjórn tilkynna það til Skrifstofunnar þegar í stað.

3. Skrifstofan skal hverju sinni tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum, þegar hlé er gert á framkvæmd samþykktarinnar, eða framkvæmd tekin upp að nýju, samkvæmt þessari grein.

20. gr.

(Óbreytt)

Jafnskjótt og þessi samþykkt gengur í gildi skal Skrifstofan láta skrásetja hana hjá aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

21. gr.

(Óbreytt)

Ríkisstjórn sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal annast öll störf Skrifstofunnar*, nema, og þar til að því kemur, að Alþjóðasiglingamálastofnuninni verði komið á fót

*) Falin Alþjóðasiglingamálastofnuninni 15. júní 1959, í samræmi við ályktun þingsins, A.8 (I).

3. The Bureau shall inform all the Contracting Governments of the extension of the present Convention to any territory under paragraph 1. of this Article and of the termination of any such extension under the provisions of paragraph 2. stating in each case the date from which the Convention has been or will cease to be so extended.

Article XIX

(Unchanged)

1. In case of war or other hostilities, a Contracting Government which considers that it is affected, whether as a belligerent or as a neutral, may suspend the operation of the whole or any part of the present Convention in respect of all or any of its territories. The suspending Government shall immediately give notice of any such suspension to the Bureau.

2. The suspending Government may at any time terminate such suspension and shall in any event terminate it as soon as it ceases to be justified under paragraph 1. of this Article. Notice of such termination shall be given immediately to the Bureau by the Government concerned.

3. The Bureau shall notify all Contracting Governments of any suspension or termination of suspension under this Article.

Article XX

(Unchanged)

As soon as the present Convention comes into force it shall be registered by the Bureau with the Secretary-General of the United Nations.

Article XXI

(Unchanged)

The duties of the Bureau shall be carried out by the Government of the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland* unless and until the Inter-Governmental Maritime Consulta-

*) Transferred to IMCO 15 June 1959 in accordance with Assembly Resolution A.8 (I).

og taki við störfum þeim, sem henni voru falin samkvæmt samþykktinni, sem undirskrifuð var í Genf 6. marz 1948, og upp frá því skal áðurnefnd Stofnun annast störf Skrifstofunnar.

tive Organization comes into being and takes over the duties assigned to it under the Convention signed at Geneva on the 6th day of March, 1948, and thereafter the duties of the Bureau shall be carried out by the said Organization.

VIÐAUKI A.
BANNSVÆÐI

1. Öll hafsvæði innan 50 mílna þaðan, sem stytzt er til lands, skulu vera bannsvæði.

Orðasambandið „þaðan, sem stytzt er til lands" merkir í þessum viðauka „út frá grunnlínunni, þaðan sem landhelgi þess lands, sem um er að ræða, er ákveðin samkvæmt Genfar samþykktinni um landhelgi og viðbótarsvæði, 1958".

2. Eftirfarandi hafsvæði skulu, að svo miklu leyti sem þau ná meir en 50 mílur út þaðan, sem stytzt er til lands, einnig vera bannsvæði.

a) *Kyrrahaf.*
Kanadiska svæðið vestra.
Kanadiska svæðið vestra skal ná 100 mílna vegalengd þaðan, sem stytzt er til lands, meðfram allri vesturströnd Kanada.

b) *Norður-Atlantshaf, Norðursjór og Eystrasalt.*
Norðvestur-Atlantshafssvæðið.
i) Norðvestur-Atlantshafssvæðið skal ná yfir hafsvæðin innan línu, sem dregin er frá 38° 47′ n.br., 73° 43′ v.l., að 39° 58′ n.br., 68° 34′ v.l. og þaðan að 42° 05′ n.br., 64° 37′ v.l., og þaðan meðfram austurströnd Kanada í 100 mílna fjarlægð þaðan, sem stytzt er til lands.

ii) *Íslenzka svæðið.*
Íslenzka svæðið skal ná yfir 100 mílna vegalengd þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Íslands.

ANNEX A
PROHIBITED ZONES

1. All sea areas within 50 miles from the nearest land shall be prohibited zones.

For the purposes of this Annex, the term „from the nearest land" means „from the base-line from which the territorial sea of the territory in question is established in accordance with the Geneva Convention on the Territorial Sea and the Contiguous Zone, 1958".

2. The following sea areas, insofar as they extend more than 50 miles from the nearest land, shall also be prohibited zones:

a) *Pacific Ocean*
The Canadian Western Zone
The Canadian Western Zone shall extend for a distance of 100 miles from the nearest land along the west coast of Canada.

b) *North Atlantic Ocean, North Sea and Baltic Sea*

i) *The North-West Atlantic Zone*
The North-West Atlantic Zone shall comprise the sea areas within a line drawn from latitude 38° 47′ north, longitude 73° 43′ west to latitude 39° 58′ north, longitude 68° 34′ west thence to latitude 42° 05′ northly longitude 64° 37′ west thence along the east coast of Canada at a distance of 100 miles from the nearest land.

ii) *The Icelandic Zone*
The Icelandic Zone shall extend for a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Iceland.

iii) *Norska, Norðursjávar- og Eystrasaltssvæðið.*
Norska, Norðursjávar- og Eystrasaltssvæðið skal ná 100 mílur þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Noregs og skal ná yfir allan Norðursjó, og Eystrasaltið og flóa þess.

iii) *The Norwegian, North Sea and Baltic Sea Zone*
The Norwegian, North Sea and Baltic Sea Zone shall extend for a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Norway and shall include the whole of the North Sea and of the Baltic Sea and its Gulfs.

iv) *Norðaustur-Atlantshafssvæðið.*
Norðaustur-Atlantshafssvæðið skal ná yfir hafsvæðin innan línu, sem dregin er á milli eftirfarandi staða:

Breidd	*Lengd*
62° n.br.	2° a.l.
64° n.br.	00°;
64° n.br.	10° v.l.
60° n.br.	14° v.l.
54° 30′ n.br.	30° v.l.
53° n.br.	40° v.l.
44° 20′ n.br.	40° v.l.
44° 20′ n.br.	30° v.l.
46° n.br.	20° v.l. og

þaðan í átt til Cape Finisterre þar, sem línan sker 50 mílna markalínuna.

iv) *The North-East Atlantic Zone*
The North-East Atlantic Zone shall include the sea areas within a line drawn between the following positions:

Latitude	*Longitude*
62° north	2° east,
64° north	00°;
64° north	10° west,
60° north	14° west;
54° 30′ north	30° west,
53° north	40° west;
44° 20′ north	40 west,
44° 20′ north	30° west;
46° north	20° west,

thence towards Cape Finisterre at the intersection of the 50-mile limit.

v) *Spánska svæðið.*
Spánska svæðið skal ná yfir þau svæði Atlantshafsins, sem eru innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Spánar og skal öðlast gildi sem bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Spán.

v) *The Spanish Zone*
The Spanish Zone shall comprise the areas of the Atlantic Ocean within a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Spain and shall come into operation on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of Spain.

vi) *Portúgalska svæðið.*
Portúgalska svæðið skal ná yfir það svæði Atlantshafsins, sem er innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Portúgals, og skal öðlast gildi sem bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Portúgal.

vi) *The Portuguese Zone*
The Portuguese Zone shall comprise the area of the Atlantic Ocean within a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Portugal and shall come into operation on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of Portugal.

c) *Miðjarðarhaf og Adríahaf.*

Miðjarðarhafs- og Adríahafssvæðið.

Miðjarðarhafs- og Adríahafssvæðið skal ná yfir hafsvæðin innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram ströndum sérhvers landanna, sem liggja að Miðjarðar- og Adríahafinu, og skal öðlast gildi sem bannsvæði að því er varðar hvert land um sig þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er það landið varðar.

c) *Mediterranean and Adriatic Seas*

The Mediterreanean and Adriatic Zone

The Mediterranean and Adriatic Zone shall comprise the sea areas within a distance of 100 miles from the nearest land along the coasts of each of the territories bordering the Mediterranean and Adriatic Seas and shall come into operation in respect of each territory on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of that territory.

d) *Svartahafið og Asóvshaf.*

Svartahafs- og Asóvshafssvæðið.

Svartahafs- og Asóvshafssvæðið skal ná yfir hafsvæðin innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram ströndum sérhvers landanna, er liggja að Svartahafinu og Asóvshafinu, og skal öðlast gildi sem bannsvæði, að því er varðar hvert land um sig, þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er það landið varðar, að því tilskildu, að allt Svartahafið og Asóvshafið verði bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Rúmeníu og Sovétríkin.

d) *Black Sea and Sea of Azov*

The Black Sea and Sea of Azov Zone

The Black Sea and Sea of Azov Zone shall comprise the sea areas within a distance of 100 miles from the nearest land along the coasts of each of the territories bordering the Black Sea and Sea of Azov and shall come into operation in respect of each territory on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of that territory, provided that the whole of the Black Sea and the Sea of Azov shall become a prohibited zone on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of Roumania and the Union of Soviet Socialist Republics.

e) *Rauðahafið.*

Rauðahafssvæðið.

Rauðahafssvæðið skal ná yfir hafsvæðin innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram ströndum sérhvers landanna, er liggja að Rauðahafinu, og skal öðlast gildi sem bannsvæði að því er varðar hvert land um sig þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er það landið varðar.

e) *Red Sea*

The Red Sea Zone

The Red Sea Zone shall comprise the sea areas within a distance of 100 miles from the nearest land along the coasts of each of the territories bordering the Red Sea and shall come into operation in respect of each territory on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of that territory.

f) *Persaflói.*

i) *Kúwait svæðið.*

Kúwait svæðið skal ná yfir hafsvæðið innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Kúwait.

f) *Persian Gulf*

i) *The Kuwait Zone*

The Kuwait Zone shall comprise the sea area within a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Kuwait.

ii) *Saudi Arabíu svæðið.*
Saudi Arabíu svæðið skal ná yfir hafsvæðið innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Saudi Arabíu og skal öðlast gildi sem bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Saudi Arabíu.

ii) *The Saudi Arabian Zone*
The Saudi Arabian Zone shall comprise the sea area within a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Saudi Arabia and shall come into operation on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of Saudi Arabia.

g) *Arabíuflói, Bengalflói og Indlandshaf.*

i) *Arabíuflóasvæðið.*
Arabíuflóasvæðið skal ná yfir hafsvæðin innan línu, sem dregin er milli eftirgreindra staða.

Breidd	*Lengd*
23° 33′ n.br.	68° 20′ a.l.
23° 33′ n.br.	67° 30′ a.l.
22° n.br.	68° a.l.
20° n.br.	70° a.l.
18° 55′ n.br.	72° a.l.
15° 40′ n.br.	72° 42′ a.l.
8° 30′ n.br.	75° 48′ a.l.
7° 10′ n.br.	76° 50′ a.l.
7° 10′ n.br.	78° 14′ a.l.
9° 06′ n.br.	79° 32′ a.l.

og skal öðlast gildi sem bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Indland.

ii) *Bengalflóastrandsvæðið.*
Bengalflóastrandsvæðið skal ná yfir hafsvæðin þar á milli, sem stytzt er til lands, og línu, sem dregin er á milli eftirgreindra staða.

Breidd	*Lengd*
10° 15′ n.br.	80° 50′ a.l.
14° 30′ n.br.	81° 38′ a.l.
20° 20′ n.br.	88° 10′ a.l.
20° 20′ n.br.	89° a.l.

og skal öðlast gildi sem bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Indland.

g) *Arabian Sea, Bay of Bengal and Indian Ocean*

i) *The Arabian Sea Zone*
The Arabian Sea Zone shall comprise the sea areas within a line drawn between the following positions:

Latitude	*Longitude*
23° 33′ north	68° 20′ east,
23° 33′ north	67° 30′ east;
22° north	68° east,
20° north	70° east;
18° 55′ north	72° east,
15° 40′ north	72° 42′ east;
8° 30′ north	75° 48′ east,
7° 10′ north	76° 50′ east;
7° 10′ north	78° 14′ east,
9° 06′ north	79° 32′ east,

and shall come into operation on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of India.

ii) *The Bay of Bengal Coastal Zone*
The Bay of Bengal Coastal Zone shall comprise the sea areas between the nearest land and a line drawn between the following positions:

Latitude	*Longitude*
10° 15′ north	80° 50′ east,
14° 30′ north	81° 38′ east;
20° 20′ north	88° 10′ east,
20° 20′ north	89° east,

and shall come into operation on the date on which the present Convention shall have come into force in respect of India.

iii) *Madagaskar svæðið.*
Madagaskar svæðið skal ná yfir hafsvæðið innan 100 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Madagaskar, vestan við lengdarbauga Cape d'Ambre í norðri og Cape Ste. Marie í suðri, og innan 150 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram strönd Madagaskar austan við þessa lengdarbauga, og skal öðlast gildi sem bannsvæði þann dag, er þessi samþykkt öðlast gildi að því er varðar Madagaskar.

h) *Ástralía.*

Ástralska svæðið.
Ástralska svæðið skal ná yfir hafsvæðið innan 150 mílna fjarlægðar þaðan, sem stytzt er til lands meðfram ströndum Ástralíu, nema undan norðurströnd og vesturströnd ástralska meginlandsins, milli nessins gegnt Thursday Island og nessins á vesturströndinni á 20° s.br.

3.
a) Sérhver aðildarríkisstjórn má gera tillögu um:
i) innfærslu hvaða svæðis sem er undan ströndum hvaða umdæmis síns sem er,
ii) útfærslu á hvaða slíku svæði sem er út í í mesta lagi 100 mílur þaðan, sem stytzt er til lands meðfram hvaða slíkri strönd sem er, með því að gefa út yfirlýsingu á þá leið, og innfærslan eða útfærslan skal ganga í gildi að liðnum sex mánuðum frá því yfirlýsingin er gefin út, nema einhver ein aðildarríkisstjórnanna hafi gefið út yfirlýsingu, eigi minna en tveim mánuðum áður en sá tími rennur út, á þá leið, að hún áliti, að sennilega mundi af leiða tortíming fugla og bagaleg áhrif á fisk og lífverur í sjónum, sem þeir lifa á, eða að um hagsmuni sína sé að ræða, annaðhvort sökum nálægðar stranda sinna eða vegna þess að skip sín séu í förum um svæðið, og að hún samþykki ekki innfærsluna eða út-

iii) *The Malagasy Zone*
The Malagasy Zone shall comprise the sea area within a distance of 100 miles from the nearest land along the coast of Madagascar west of the meridians of Cape d'Ambre in the north and of Cape Ste. Marie in the south and within a distance of 150 miles from the nearest land along the coast of Madagascar east of these meridians, and shall come into operation when the present Convention shall have come into force in respect of Madagascar.

h) *Australia*

The Australian Zone
The Australian Zone shall comprise the sea area within a distance of 150 miles from the nearest land along the coasts of Australia, except off the north and west coasts of the Australian mainland between the point opposite Thursday Island and the point on the west coast at 20° south latitude.

3.
a) Any Contracting Government may propose:
i) the reduction of any zone off the coast of any of its territories;

ii) the extension of any such zone to a maximum of 100 miles from the nearest land along any such coast, by making a declaration to that effect and the reduction or extension shall come into force after the expiration of a period of six months after the declaration has been made, unless any one of the Contracting Governments shall have made a declaration not less than two months before the expiration of that period to the effect that it considers that the destruction of birds and adverse effects on fish and the marine organisms on which they feed would be likely to occur or that its interests are affected either by reason of the proximity of its coasts or by reason of its ships trading in the area, and that it does not accept

færsluna, hvort heldur er um að ræða.

b) Sérhverja yfirlýsingu samkvæmt þessari málsgr. skal gefa með skriflegri tilkynningu til Stofnunarinnar, sem skal tilkynna öllum aðildarríkisstjórnum um móttöku yfirlýsingarinnar.


15. gr.

Reikningsár Lánasjóðs sveitarfélaga er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu gerðir fyrir janúarlok ár hvert.

Fjármálaráðherra skipar tvo endurskoðendur til þess að endurskoða reikninga sjóðsins, annan án tilnefningar, og skal hann vera löggiltur, en hinn eftir tilnefningu stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Skulu þeir hafa lokið endurskoðun reikninga sjóðsins fyrir marzlok ár hvert.

Að endurskoðun lokinni afgreiðir stjórn sjóðsins reikningana til félagsmálaráðherra, sem úrskurðar þá.

Reikninga sjóðsins skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að fengnum tillögum sjóðsstjórnar.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1966.

Ákvæði til bráðabirgða.

Framlag Jöfnunarsjóðs greiðist í fyrsta sinn á árinu 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það um lánasjóð sveitarfélaga, sem hér liggur fyrir, er í höfuðatriðum samhljóða frumvarpi því, sem flutt var á síðasta Alþingi, en varð þá ekki útrætt.

Aðalbreytingin er í því fólgin, að í þessu frumvarpi er ekki gert ráð fyrir ákveðnu framlagi til lánasjóðsins úr ríkissjóði. Í frumvarpinu sem flutt var í fyrra, var gert ráð fyrir 15 millj. kr. árlegu framlagi til sjóðsins úr ríkissjóði. Í þessu frumvarpi er hins vegar gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun fjárlaga hverju sinni. Í samræmi við þessa breytingu er breyting á fyrstu grein frumvarpsins, en þar segir að sjóðurinn sé sameign allra sveitarfélaga á Íslandi. Í eldra frumvarpinu var gert ráð fyrir því, að sjóðurinn væri sameign ríkisins og sveitarfélaganna. Þá er í þessu frumvarpi gert ráð fyrir annarri skipun stjórnarinnar er gert var ráð fyrir í frumvarpinu frá í fyrra. Samkvæmt þessu frumvarpi kýs fulltrúaráð Sambands íslenzkra sveitarfélaga fjóra menn í stjórnina en ráðherra skipar einn mann og er hann jafnframt formaður stjórnarinnar. Í eldra frumvarpinu var gert ráð fyrir 7 manna stjórn, sem að nokkru var kosin af Alþingi. Ákvæði 6. gr. frumvarpsins um heimild sjóðsins til útgáfu skuldabréfa eru nokkuð rýmkuð frá því sem var í fyrra. Þykir nauðsyn vera til þess, vegna þess, að árlegar tekjur sjóðsins eru helmingi minni en ráð var fyrir gert í fyrra frumvarpinu. Ákvæði er í 14. gr. frumvarpsins sem ekki þarfnast skýringa. Að öðru leyti vísast til athugasemda við frumvarpið, sem flutt var í fyrra.

Frumvarpið er samið og flutt í þessu formi í samráði við stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Ed. 309. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Karli Kristjánssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Aftan við 23. gr. bætist:

Þó má með ákvæðum í fuglaveiðasamþykkt heimila að nota fleka (snörufleka) til fuglaveiða á takmörkuðum svæðum, — þar sem það telst mikilvægt til bjargræðis, — enda sé það skilyrði sett m. a., að veiðimennirnir liggi yfir flekunum til þess að aflífa fuglinn og tryggja, að flekarnir verði ekki reköld.

Nd. 310. Frumvarp til laga [146. mál]

um Fiskiðju ríkisins.

Flm.: Ragnar Arnalds.

1. gr.

Ríkið starfrækir verksmiðjur til fullvinnslu og verkunar ýmiss konar sjávarafurða, og nefnast þær Fiskiðja ríkisins.

2. gr.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um tilraunastarfsemi við frystingu, niðursuðu, niðurlagningu og hvers konar fullvinnslu matvæla úr síld og öðrum fisktegundum. Fiskiðja ríkisins hefur samvinnu við rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og miðlar reynslu og þekkingu til annarra framleiðenda á þessu sviði. Skal að því stefnt, að sett verði á fót sérstök rannsóknardeild, er hafi með höndum vísindalegar athuganir í niðurlagningar- og niðursuðutækni.

Fiskiðja ríkisins gerir ráðstafanir til þess, að nægilega margir Íslendingar hljóti sérmenntun erlendis í þessari iðngrein og efnt sé öðru hverju til námskeiða hér á landi fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Fiskiðja ríkisins hefur forustu um öflun markaða erlendis. Fiskiðjan beitir sér fyrir myndun sölusamtaka, er annast sölu á fullunnum fiskréttum í ýmsum tegundum umbúða og undir einu vörumerki.

3. gr.

Niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði skal rekin samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Ríkissjóður leggur fram 6 milljónir króna í fimm ár, samtals 30 milljónir króna, til að fullgera niðurlagningarverksmiðjuna á Siglufirði og til að koma upp nokkrum öðrum verksmiðjum til fullvinnslu matarrétta úr fisktegundum. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að ábyrgjast lán í sama tilgangi að upphæð allt að 200 milljónum króna.

Við staðsetningu nýrra verksmiðja skal Fiskiðja ríkisins einkum miða við, að þeir staðir sitji í fyrirrúmi, sem um langa hríð hafa búið við ótryggt atvinnuástand.

5. gr.

Ríkissjóður leggur fram 8 milljónir króna í fimm ár, samtals 40 milljónir króna, til tilraunastarfsemi og markaðsöflunar fyrir fullunna síldarrétti og aðra fiskrétti og til að tryggja rekstur Fiskiðju ríkisins.

6. gr.

Stjórn Fiskiðju ríkisins er skipuð 7 mönnum og 7 til vara, og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi. Stjórnin kýs sér sjálf formann. Laun nefndarmanna ákveður ráðherra, og greiðast þau úr ríkissjóði.

7. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara setur ráðherra með reglugerð.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá gildistöku laganna falla úr gildi lög nr. 47 7. maí 1946, um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, og lög nr. 52 25. maí 1949, um fiskiðjuver ríkisins í Reykjavík.

Greinargerð.

Í stuttu máli er það meginefni þessa frumvarps, að ríkisvaldið framkvæmi nú það, sem vanrækt hefur verið um langa hríð: leysi niðursuðuiðnað á Íslandi úr þeirri sjálfheldu, sem hann lengi hefur setið fastur í, og leggi nú grundvöll að stóriðju í matvælaiðnaði með markvissum ráðstöfunum.

Hér er gerð um það tillaga:

að sett verði á stofn Fiskiðja ríkisins, er starfi undir sérstakri þingkjörinni stjórn;

að ríkið leggi fram fjármagn, svo að unnt sé með nokkurri von um árangur að ráðast til atlögu við mesta vandamál þessa iðnaðar: markaðsvandamálið. Meðal annars verði stofnað til sölusamtaka framleiðenda, er reyni sameinaðir að brjótast inn á frjálsan markað erlendis undir einu auglýstu vörumerki;

að fiskiðjan taki við rekstri niðurlagningarverksmiðjunnar á Siglufirði;

að fiskiðjan reisi nokkrar nýjar verksmiðjur, eftir því sem markaður leyfir, og verði við staðsetningu þeirra einkum haft í huga að bæta atvinnuástand staða, þar sem vinna er að staðaldri ónóg;

að Fiskiðja ríkisins fái það hlutverk að hafa forustu um hvers konar vísindarannsóknir á þessu sviði: innleiði tækninýjungar og geri tilraunir með nýja matarrétti;

að Fiskiðju ríkisins verði falið að gera ráðstafanir til þess, að Íslendingar eignist fjölmennan hóp sérmenntaðra manna í niðursuðutækni: áhugamenn séu kostaðir til náms erlendis og efnt sé öðru hverju til sérstakra námskeiða fyrir verkstjóra og annað starfslið.

Niðursuðuiðnaður á Íslandi hefur löngum verið olnbogabarn í íslenzku atvinnulífi. Megináherzla hefur verið á það lögð að moka sem mestum afla á land, en minna um það hirt að fullvinna afurðirnar. Íslendingar hafa fyrst og fremst tekið að sér að sjá fiskvinnslustöðvum víða um heim fyrir ódýru, en afbragðsgóðu hráefni. Þeir hafa farið með hlutverk hins frumstæða veiðimanns, en á meðan hafa aðrar þjóðir haft til þess vit og vilja að margfalda hráefnisverðið og hagnast drjúgum á fullvinnslu afurðanna.

Árið 1957 voru 15% af útflutningsverðmæti norskra sjávarafurða ýmsar fisktegundir í loftþéttum umbúðum, soðnar eða lagðar niður. Sama ár var hliðstæð hlutfallstala á Íslandi aðeins 0.4%. Vitað er, að norskur niðursuðuiðnaður hefur síðan verið í stöðugri sókn, en þróun þessa iðnaðar hefur verið mjög hæg á Íslandi. Árin 1963 og 1964 var hlutfallstala niðursuðuvara miðað við fiskafurðir enn hin sama, þ. e. um 0.4%. Framleiðslan hafði nokkuð aukizt, en þó ekki meir að tiltölu en aflamagnið.

Árið 1940—1941 var útflutningur Íslendinga á niðursuðuvörum um 700 tonn eða um það bil tvöfalt meiri en 1963 og 1964 (340 og 380 tonn). Árið 1948 var útflutningsmagnið um 1000 tonn, en árið 1954 aðeins um 50 tonn. Má af þessu ráða, hve þróunin í niðursuðuiðnaði hefur verið einkennilega skrykkjótt og hægfara.

Árið 1965 var útflutningsmagn niðursuðuvara komið upp í 682 tonn, að verðmæti 32.6 milljónir króna, og var aukningin í krónutölu frá árinu 1964 um 12 milljónir. Munar þar mest um aukna sölu til Sovétríkjanna og annarra Austur-Evrópuríkja (aukningin samtals um 10 millj. króna). Á árinu 1966 má búast við, að útflutningur á niðursuðu- og niðurlagningarvörum aukist mjög verulega, fyrst og fremst vegna stóraukinnar sölu til Sovétríkjanna. En rétt er að minnast þess, að þrátt fyrir allmikla aukningu útflutningsins á seinustu árum var hlutfallstala niðursuðu- og niðurlagningarvara af útfluttum fiskafurðum ekki komin upp í nema 0.6 % árið 1965, og talinn í tonnum hafði útflutningurinn enn ekki náð því hámarksmagni, sem útflutt var 1941. Þessi iðngrein er sem sagt enn í fæðingu — nú aldarfjórðungi síðar.

Hver er þá helzta skýringin á erfiðleikum niðursuðuiðnaðarins? Um það er víst ekki þörf að deila. Skýringin er fyrst og fremst sú, að skort hefur markaði. En hvers vegna hefur markaði skort? Öllum ber þó saman um, að íslenzk hráefni séu með þeim beztu, sem fáanleg eru í heiminum. Hvers vegna geta Íslendingar ekki selt þessa framleiðslu eins og aðrar þjóðir?

Um leið og reynt er að svara spurningunni, er nauðsynlegt að gera sér þess grein, að markaðsöflun fyrir fullunnar iðnaðarvörur er miklu meiri erfiðleikum bundin en sala á hráefnum eða hálfunnum vörum. Í upphafi þarf stórfellda auglýsingaherferð á frjálsum markaði, erindrekstur og tilraunastarfsemi. Hér á landi hafa verið starfræktar fjölmargar verksmiðjur, en þær hafa flestar verið litlar og ófullkomnar. Eigendur hafa oftast verið fjárvana og ekki þolað neins konar áföll eða byrjunarörðugleika. Auk þess hefur sérþekking og tæknikunnátta verið mjög af skornum skammti, og stundum hefur framleiðslan misheppnazt. En jafnvel smávægilegustu mistök geta eyðilagt stóran markað. Vafalaust skiptir þó mestu máli, að aldrei hefur verið gert stórfellt, markvisst átak til að selja framleiðsluna. Framleiðendur hafa aldrei haft nein samtök með sér. Enginn aðili hefur haft fjármagn til að brjótast inn á frjálsan markað með þeim krafti, sem til þarf. Enginn hefur getað leyft sér að taka þá áhættu, sem í upphafi fylgir slíku.

Nú eru hér á landi þrjár meiri háttar verksmiðjur í þessum iðnaði, allar búnar mjög góðum framleiðslutækjum. K. Jónsson & Co. h/f á Akureyri framleiðir langsamlega mest og flytur megnið af framleiðslu sinni til Sovétríkjanna samkvæmt föst-

um samningum. Norðurstjarnan í Hafnarfirði selur aðallega til Bandaríkjanna undir norsku vörumerki og hefur átt við nokkra byrjunarerfiðleika að stríða. Á Siglufirði var að frumkvæði Alþingis og ríkisstjórnar hafin bygging verksmiðju af fullkomnustu gerð, og er hún nú hálfbyggð. Verksmiðjan er rekin undir stjórn S. R. og var ætluð sem framlag hins opinbera til styrktar þessum iðnaði og átti að ryðja öðrum verksmiðjum brautina. Framleiðslan hefur þótt takast mjög vel, og er hún að mestu seld til Sovétríkjanna, en því miður hefur ekkert markvisst átak verið gert til að afla annarra markaða.

Með byggingu Siglufjarðarverksmiðjunnar var mikilvægt spor stigið í rétta átt. Næsta spor er að hefja víðtæka markaðsöflun og skipuleggja þennan atvinnuveg í heild sinni, svo að hann megi stóreflast á næstu árum. Stóriðja í matvælaiðnaði er það, sem koma skal. Ef rétt er á málum haldið, hlýtur þessi iðnaður að verða einn af grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar í framtíðinni.

Sþ. 311. Fyrirspurn [147. mál]

til viðskiptamálaráðherra um verðlagsmál.

Frá Birni Jónssyni.

1. Hvaða flokkar vöru og þjónustu hafa frá 1. marz 1960 og þar til nú verið leystir undan verðlagsákvæðum?
2. Á hvaða flokkum vöru og þjónustu hafa ákvæði um álagningu í heildsölu og smásölu verið rýmkuð frá 1. marz 1960 og þar til nú, og hverjar eru breytingarnar í hverjum flokki?
3. Á hvaða flokkum vöru og þjónustu hafa ákvæði um álagningu í heildsölu og smásölu verið þrengd frá 1. marz 1960 og þar til nú, og hverjar eru breytingarnar í hverjum flokki?
4. Hvert er áætlað heildarsöluverðmæti til neytenda, miðað við sömu flokka og áður er spurt um:
   a) Þeirrar vöru og þjónustu, sem leyst hefur verið undan verðlagsákvæðum?
   b) Þeirrar vöru og þjónustu, sem verðlagsákvæði hafa verið rýmkuð á?
   c) Þeirrar vöru og þjónustu, sem verðlagsákvæði hafa verið þrengd á?

Ed. 312. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 120 daga virka ár hvert.

2. gr.

18. gr. laganna orðist þannig:

Upphæð atvinnuleysistryggingabóta skal vera hin sama og upphæð slysabóta samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 40/1963. Grunnupphæð að viðbættri verðlagsuppbót skal jafnan standa á heilum eða hálfum tug króna.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

3. gr.

Á eftir 22. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, sem verði 23. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma, til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem við eiga að stríða verulegt atvinnuleysi. Jafnframt er heimilt að ákveða, að lán þessi verði afborganalaus tiltekin árabil. Heimilt er að veita lán þessi gegn ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, þó að önnur trygging komi ekki til.

Lán samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar mega ekki samtals nema hærri fjárhæð en fjórðungi árlegra vaxtatekna sjóðsins.

Sjóðstjórn er heimilt að láta framkvæma athugun og rannsókn á staðháttum á þeim stöðum, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari grein. Skal og jafnan leitað tillagna um úrbætur hjá þeim, sem falin hefur verið rannsókn og athugun vegna þessara lánveitinga, en slíkar tillögur skulu við það miðaðar að koma atvinnulífi hlutaðeigandi staða á traustan fót.

Sjóðstjórn skal leita umsagnar stjórnar atvinnubótasjóðs, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að veita atvinnubótasjóði lán samkvæmt grein þessari án sérstakra trygginga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 313. Nefndarálit [136. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins. Helgi Bergs og Ólafur Jóhannesson áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja breytingartillögum. sem fram kunna að koma við afgreiðslu málsins. Gils Guðmundsson mun hins vegar skila séráliti.

Alþingi, 14. marz 1966.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Helgi Bergs, með fyrirvara.	Ólafur Jóhannesson, með fyrirvara.

Nd. **314. Frumvarp til laga** [148. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

2. tölul. 5. gr. orðist svo: Framlag ríkissjóðs, 10 milljónir króna á ári, í fyrsta sinn 1967.

2. gr.

1. mgr. 6. gr. orðist svo: Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 150 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Á eftir 1. mgr. 6. gr. komi ný málsgr. svo hljóðandi:

Iðnlánasjóði er jafnframt heimilt að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán til þess að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til viðbótar almennum lánum, er að mati sjóðsstjórnarinnar teldust stuðla verulega að því að auka framleiðni og bæta aðstöðu iðnfyrirtækis til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar. Mega lán þessi vera með betri kjörum en lánasjóðsins almennt, svo sem með lægri vöxtum, lengri lánstíma eða afborgunarlaus fyrst í stað, allt eftir því, sem nánar yrði ákveðið í reglugerð.

3. gr.

Á eftir 3. tölulið 8. gr. komi nýr töluliður, 4. töluliður, svo hljóðandi:

4. Til hagræðingar í iðnrekstri í samræmi við ákvæði 6. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðari árum hefur iðnaðurinn haslað sér völl í íslenzku atvinnulífi við hlið annarra aðalatvinnugreina landsmanna. Mikil og ör þróun iðnaðarframleiðslunnar hefur átt sér stað á skömmum tíma. Á fjölmörgum sviðum ber iðnaðarframleiðslan að gæðum og útliti allt annan blæ en fyrir nokkrum árum.

Hinu verður ekki neitað að iðnaðurinn hefur þurft að yfirstíga marga örðugleika. Hann vex upp sem veikur stofn í skjóli verzlunarhafta, ýmis konar tollverndar og annarlegra skilyrða, sem ýmsar ytri aðstæður leiddu til. Stundum varð ekki á betra kosið við erfiðar efnahagsaðstæður og jafnvægisleysi, gjaldeyrisskort og skömmtunarkerfi. En þetta bjó þessari atvinnugrein ekki holl vaxtarskilyrði.

Mikil stefnubreyting hefur orðið í þessum efnum á síðari árum. Ríkisstjórnin hefur stefnt að frjálsri innflutningsverzlun og vöruval almennings hefur af þeim sökum síaukizt. Ný tækniþróun hefur jafnframt komið til sögunnar á fjölmörgum sviðum, sem hefur oft í för með sér nýja samkeppnis- og byrjunarörðugleika. En íslenzkir iðnrekendur, iðnaðarmenn og iðnverkafólk hefur sýnt þrautseigju og áræði í harðri baráttu. Margháttuð samvinna hefur skapazt milli þessara aðila og stjórnvalda landsins til þess að aðlaga þessa atvinnugrein nýjum viðhorfum.

Iðnaðarmálaráðherra hefur nýlega á fundi í Félagi íslenzkra iðnrekenda, þann 5. febrúar sl., gert grein fyrir viðhorfum ríkisstjórnarinnar til þessara mála. Komst hann m. a. þannig að orði:

„Í fyrsta lagi: Stefnt er að því að ríkja megi jafnrétti milli aðalatvinnuvega landsmanna, og jafnframt að því unnið, að hagsmunir einstakra atvinnugreina séu ekki fyrir borð bornir, ef það samrýmist hagsmunum almennings, eða þjóðhagslegri framkvæmd.

Í öðru lagi: Stefnt er að því að létta tollum af vélum og hráefnum iðnaðarins, samfara því að tollum sé almennt aflétt til þess að veita almenningi ódýrara og betra vöruval og draga með því úr dýrtíð í landinu. Séð verður til þess, að iðnaðurinn í landinu njóti í þessu sambandi eðlilegs aðlögunartíma og ráðstafanir gerðar í lánamálum og á annan hátt til að gera honum auðveldara að tileinka sér ýmsa tækni og aukna hagræðingu og framleiðni til eflingar þessari atvinnugrein í frjálsari viðskiptum.

Í þriðja lagi: Haldið verði áfram að efla Iðnlánasjóð, svo að iðnaðinum skapist viðunandi stofnlánaaðstaða, jafnframt því sem gert er ráð fyrir, að aðstaða hans í bankakerfinu haldist til jafns við aðrar atvinnugreinar. Samtímis hefur verið sköpuð aðstaða til umbóta á sviði lánamála með lögum og reglugerð í samráði við bankana til að breyta lausaskuldum iðnaðarins í löng og hagkvæmari lán.

Í fjórða lagi: Ríkisstjórnin hefur stuðlað að því að hefjast megi í landinu nýjar atvinnugreinar á sviði iðnaðarins, þar sem horfur eru á, að verð og gæði standist erlenda samkeppni, og þjóðhagslega mikilvægt, að slíkar atvinnugreinar eflist, svo sem innlend stálskipasmíði, samfara endurbyggingu gamalla og úreltra dráttarbrauta, og efling fiskiðnaðar, m. a. með niðursuðu og niðurlagningu síldar til útflutnings.

Í fimmta lagi: Sett hafa verið lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og þar með stóraukin rannsóknastarfsemi á sviði iðnaðarins, á vegum tveggja stofnana. Fyrsta lagi Rannsóknarstofnun iðnarins, sem vinna á að rannsóknum til eflingar og hagsbóta fyrir iðnaðinn í landinu og rannsóknum vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu, rannsóknum á nýtingu náttúruauðlinda landsins í þágu iðnaðar, og veiti nauðsynlega þjónustu og kynni niðurstöður rannsókna í vísinda- og fræðsluritum. Í öðru lagi Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins, sem vinnur að endurbótum í byggingariðnaði og lækkun á kostnaði við mannvirkjagerð, hagnýtum jarðfræðirannsóknum og vatnsvirkjunarrannsóknum, kynni niðurstöður rannsókna, veiti upplýsingar um byggingarfræðileg efni og aðstoð við eftirlit með byggingarefni og byggingarframkvæmdum.

Í sjötta lagi: Stefnt er að virkjun stórfljóta landsins, byggingu stórra orkuvera, sem verði grundvöllur og orkugjafi fjölþættrar iðnvæðingar í landinu. Orkuver landsins séu eign Íslendinga, en til þess að virkja megi í stórum stíl og undir lántökum verði risið á sem hagkvæmastan hátt, er tryggi ódýrari raforku, og til þess að styrkari stoðum sé rennt undir atvinnulíf landsmanna, verði erlendu áhættufjármagni veitt aðild að stóriðju, ef hagkvæmt þykir samkvæmt mati hverju sinni og landsmenn brestur fjárhagslegt bolmagn eða aðstaða.

Í sjöunda lagi: Ríkisstjórnin hefur leitað og mun leita samráðs og samvinnu við samtök iðnaðarmanna, Félag íslenzkra iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, um hagsmunamál iðnaðarins og stefnir að því að efla samstarf þessara aðila við iðnaðarmálaráðuneytið og þær stofnanir iðnaðarins, sem undir það heyra, svo sem rannsóknarstofnanir iðnaðarins og Iðnaðarmálastofnun Íslands.“

Frumvarp það sem hér er flutt stefnir að því að lögfesta og framkvæma nokkur þeirra markmiða, sem ríkisstjórnin vill beita sér fyrir.

Samhliða öðrum frumvörpum, sem nú eru lögð fyrir Alþingi til þess að koma betri skipan og samræmdari stjórn á fjárfestingarlánasjóði atvinnuveganna, felst í þessu frumvarpi tillögur um verulega eflingu og nýskipan Iðnlánasjóðs.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fimmfalda árlegt framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs, úr 2 millj. kr. í 10 milljónir króna.

Þessi aukning á ríkissjóðsframlaginu er bæði við það miðuð að efla almenna lánastarfsemi og hag Iðnlánasjóðs og eins til að mæta þeim öðrum megintilgangi

þessa frumvarps að mynda nýjan lánaflokk í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán, sem væru við það miðuð að bæta aðstöðu fyrirtækja til aukinnar framleiðni og til þess að aðlaga sig nýjum viðhorfum vegna breyttra viðskiptahátta, svo sem tollabreytinga og fríverzlunar og nýrrar tækni.

Með frumvarpinu er eldri lántökuheimild Iðnlánasjóðs, sem var 100 millj. kr. hækkuð í 150 millj. króna, og veitt ný lántökuheimild vegna hagræðingarlána allt að 100 millj. króna. Aukið ríkissjóðsframlag skapar m. a. aðstöðu til þess að veita hagkvæmari lán en ella og taka á sjóðinn nokkra byrði, sem kynni að leiða af lægri vöxtum og lengri lánum til útlána en lánsfé sjóðsins væri við bundið.

Með framangreindum breytingum á lögum um Iðnlánasjóð er stefnt að því að stórefla aðstöðu hans til styrktar iðnþróun í landinu, en það er framhald á þeirri eflingu Iðnlánasjóðs sem átt hefur sér stað hin síðari ár.

Verður nú gerð nokkur grein fyrir sögu og eflingu sjóðsins.

Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum nr. 12 9. janúar 1935. Markmið hans var að bæta úr brýnustu lánsfjárþörf iðnaðarins. Framlag ríkissjóðs til sjóðsins skyldi vera kr. 25000.00 á ári næstu 10 árin. Yfirstjórn Iðnlánasjóðs var í höndum atvinnumálaráðherra, en Útvegsbanka Íslands var falin stjórn hans og meðferð. Lán skyldu veitt samkvæmt tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna eftir nánar tilteknum reglum. Lánstími mátti vera allt að tólf árum, hámark lánsupphæðar kr. 5000.00 og vextir ½% hærri en lægstu ríkislánsvextir, sem fáanlegir voru fyrir lántökuárið.

Með lögum nr. 40 27. júní 1941 er gerð breyting á lögum um Iðnlánasjóð frá 1935. Ríkissjóðsframlagið er hækkað í kr. 65000.00 á ári og sjóðnum er enn fremur heimilað að gefa út handhafavaxtabréf, sem nema mega allt að tvöföldum höfuðstóli hans. Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, og eru allar lánsumsóknir háðar umsögn hennar. Landssamband iðnaðarmanna tilnefnir einn mann í nefndina og Félag ísl. iðnrekenda annan. Þriðja manninn skipar ráðherra án tilnefningar. Hámark lánsupphæðar er ⅕ hluti nettótekna sjóðsins árið áður.

Næsta breyting er gerð með lögum nr. 55 7. maí 1946. Með þeirri breytingu hækkar framlag ríkissjóðs í kr. 300 000.00 á ári. Gefa má út handhafavaxtabréf, sem nemi allt að þreföldum höfuðstóli sjóðsins á hverjum tíma, en útgáfa þeirra er þó háð samþykki ráðherra. Hámark lánsupphæðar má ekki vera hærri en sem nemur ⅕ hluta þess fjármagns sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin. Lánstími er lengdur í allt að 15 ár, og skal atvinnumálaráðherra ákveða vaxtafót lánanna.

Þessar tvær breytingar voru síðan felldar inn í hin upphaflegu lög sjóðsins, og þau gefin út sem lög nr. 67 17. júlí 1946.

Með lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. nr. 113 29. des. 1951 er bankanum falin starfræksla Iðnlánasjóðs.

Árið 1962 fól þáverandi iðnaðarmálaráðherra fjögurra manna nefnd að endurskoða iðnlánasjóðslögin. Nefndin lauk störfum fyrir áramót, og var frumvarp til laga fyrir Iðnlánasjóð lagt fyrir Alþingi 1963 sem stjórnarfrumvarp og samþykkt án breytinga. Eru það lög um Iðnlánasjóð nr. 45 3. apríl 1963.

Með þessum lögum eru mörkuð þáttaskil í starfsemi Iðnlánasjóðs, starfsvið sjóðsins aukið og honum séð fyrir nýjum tekjustofni. Í lögunum er Iðnlánasjóður gerður að sjálfstæðri stofnun undir yfirumsjón iðnaðarmálaráðherra. Ráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmanna skipar ráðherra eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annan eftir tilnefningu stjórnar Félags ísl. iðnrekenda og þriðja án tilnefningar. Einn hinna þriggja stjórnarmanna skipar ráðherra formann sjóðsstjórnar. Iðnaðarbanki Íslands hf. hefur á hendi daglegan rekstur Iðnlánasjóðs. Sjóðnum er séð fyrir nýjum tekjustofni, iðnlánasjóðsgjaldinu, 0.4% gjaldi, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og lagt er á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 69 28.

apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga. Sett eru fyllri ákvæði um lántökuheimild Iðnlánasjóðs, sem má vera allt að 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Þá er starfssvið sjóðsins aukið og honum heimilað að lána til byggingar verksmiðju og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnfyrirtækja auk vélakaupa. Upphæð lána er ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs og lánstími eigi lengri en 15 ár og 7 ár til vélakaupa. Ýmis fleiri nýmæli eru í lögunum.

Næstu lög, sem snerta Iðnlánasjóð, eru lögin um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán nr. 36 15. maí 1964, sbr. lög um breytingu á þeim lögum, nr. 24 8. maí 1965.

Ítarleg reglugerð var gefin út af iðnaðarmálaráðherra 10. maí 1965 um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs samkvæmt lögum þessum, og er nú unnið að framgangi þessa máls eins og kveðið er á um í reglugerðinni.

Framlög ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs hafa verið sem hér segir:

1935—1937	25	þús. kr. á ári
1938—1939	23	— — — —
1940—1941	25	— — — —
1942—1946	65	— — — —
1947—1954	300	— — — —
1955—1956	450	— — — —
1957—1958	1 450	— — — —
1959	1 378	— — — —
1960—1965	2 000	— — — —
Samtals kr.	20 074	þús.

Innborgað iðnlánasjóðsgjald í sjóðinn hefur verið sem hér segir:

1963	4 200	þús. kr.
1964	12 919	— —
1965	15 900	— —
Samtals kr.	33 019	þús. kr.

Þá hefur sjóðnum að forgöngu ríkisstjórnarinnar verið útvegaðar frá árinu 1961 50.5 millj. kr. af PL 480 fé og 16 millj. kr. úr bankakerfinu eða samtals 66.5 millj. kr.

Útlán Iðnlánasjóðs frá 1936 hafa verið sem hér segir (í þús. kr.):

	Samtals	Meðaltal á ári
1936—1940	136.4	25.3
1941—1945	258.4	51.7
1946—1950	2 161.4	432.3
1951—1955	4 898.4	979.7
1956—1959	11 047.0	2 209.4
1960		4 420.0
1961		9 719.0
1962		13 931.0
1963		38 847.0
1964		50 610.5
1965		58 378.3

Hér við kemur til athugunar, að Framkvæmdabanki Íslands hefur hin síðari ár stóraukið lánveitingar sínar til iðnaðarins. Lánveitingar til iðnaðar hafa verið sem hér segir á fimm ára tímabili:

1962	24.1	millj.	kr.
1963	42.9	—	—
1964	31.2	—	—
1965	29.9	—	—
1966	24.0	—	— (lánsloforð)

Alls er þetta 152.1 millj. kr. en heildarlán bankans til iðnaðar frá byrjun eru 207.8 millj. kr. Fram til ársloka 1961 og frá upphafi 1953, hafði bankinn lánað samtals til iðnaðar tæpar 80 millj. kr.

Verður þetta sjónarmið haft í huga þegar nú er ráðgert að leggja Framkvæmdabankann niður og Framkvæmdasjóður Íslands taki við eignum hans og skuldbindingum, en sá sjóður veiti lánsfé til fjárfestingarsjóða atvinnuveganna og þar á meðal Iðnlánasjóðs. Árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins mundi þá enn aukast til verulegra muna.

Í árslok 1965 voru eignir og skuldir Iðnlánasjóðs, sem hér segir:

Eignir:

Vélalán	kr.	86 020 258.50
Byggingalán	—	53 582 571.58
Verðbréf	—	98 570.00
Vélar	—	9 418.03
Innstæða í sparisjóði	—	772 213.50
	Kr.	140 483 031.61

Skuldir:

Stofnsjóður	kr.	72 041 461.37
Framkvæmdabanki Íslands	—	50 461 676.00
Verzlunarbanki Íslands hf.	—	2 391 000.00
Búnaðarbanki Íslands	—	7 609 000.00
Iðnaðarbanki Íslands hf.	—	6 000 000.00
Yfirdráttur á hlr. 111 v/Iðnaðarbanka Íslands hf.	—	1 979 894.24
	Kr.	140 483 031.61

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Samkvæmt þessari grein er árlegt framlag ríkissjóðs, sem er einn af tekjuliðum sjóðsins, hækkað úr 2 millj. kr. í 10 milljónir kr. — Aðrir tekjuliðir eru vextir og iðnlánasjóðsgjaldið, 0.4%, sem á sl. ári reyndist 15.9 milljónir króna. Með þessu styrkist að sjálfsögðu mjög hagur sjóðsins og stuðlað er að örum vexti hans.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er hin almenna lánsheimild sjóðsins aukin úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. En frá því, að þessi heimild var lögfest, með l. nr. 45 1963, hefur sjóðurinn tekið lán fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, sem nema samtals 66.5 millj. kr., svo að ekki er eftir ónotuð lánsheimild nema sem svarar 33.5 millj. kr.

Jafnframt er svo veitt ný lánsheimild í sambandi við hinn nýja fyrirhugaða flokk hagræðingarlána, sem nemur 100 millj. króna. Þau eru hugsuð sem viðbótar-

lán við hin almennu lán sjóðsins, með lægri vöxtum og til lengri tíma, til þess að auðvelda iðnfyrirtækjum að mæta frjálsari innflutningi og minnkaðri tollvernd og styrkja aðlögun að nýrri tækni og aukinni framleiðni.

Um 3. og 4. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

Ed. 315. Frumvarp til laga [13. mál]

um vélstjóranám.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. marz.)

Samhljóða þskj. 13 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda:

1. stig. Námskeið á vegum Vélskólans í Reykjavík, námstími 5 mánuðir.
2. stig. I. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
3. stig. II. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
4. stig. III. bekkur vélskólans, námstími 7 mánuðir.

8. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri.
2. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
4. Að umsækjandi kunni sund.
5. Að umsækjandi hafi eitt af þrennu:
   a. lokið vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. staðizt próf að loknu námskeiði fyrir vélstjóraefni, sbr. 4. gr.;
   b. öðlazt a. m. k. tveggja ár reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðizt sérstakt inntökupróf við skólann;
   c. lokið eins vetrar námi í verknámsskóla iðnaðar í málmiðnaðargreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstakt inntökupróf við skólann.

Heimilt er vélskólanum að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi samkv. 5. tl. b og c. Ef umsækjendur um skólavist verða fleiri en hægt er að veita viðtöku eða aðrar sérstakar ástæður verða fyrir hendi, er skólanum heimilt að láta alla umsækjendurna ganga undir inntökupróf.

22. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1966. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 71 frá 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Þeir, sem hefja nám í I. bekk vélskólans haustið 1966, skulu lúta ákvæðum laga þessara, en þeir, sem tekið hafa próf úr I. og II. bekk skólans vorið 1966, skulu ljúka skólanáminu eftir eldri reglum.

Ed. **316. Nefndarálit** [136. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vill samþykkja frumvarpið óbreytt, en ég vil gera á því breytingar.

Frumvarp það, sem hér um ræðir, er ljós vottur þess, hvernig verðbólguþróunin leikur höfuðatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn. Jafnframt er það spegilmynd af því, að núverandi ríkisstjórn og stuðningsflokkar hennar eru þess ekki umkomnir að stöðva þessa öfugþróun. Þess í stað er stöðugt fálmað eftir bráðabirgðaúrræðum til að freista þess að halda útgerðinni gangandi næstu mánuði. Sumar þær ráðstafanir eru þó þess eðlis, að þær hljóta beinlínis að magna verðbólguna, og eru því ekki aðeins hæpnar, heldur beinlínis varhugaverðar.

Enda þótt sjávarútvegurinn hafi að undanförnu búið við óvenjugóð ytri skilyrði, mikil aflabrögð og síhækkandi verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum, verður því ekki neitað, að verðbólgan innanlands er honum afar þung í skauti. Með frv. þessu er ráðgert að veita tilteknum greinum sjávarútvegs og fiskiðnaðar styrk úr ríkissjóði, er nemur um 80 milljónum króna. Hins vegar er ekki þannig um hnútana búið í frv., að stuðningur þessi komi alls kostar réttlátlega niður eða verði fyrst og fremst til hagræðis þeim, sem í mestum erfiðleikum eiga. Til að ráða nokkra bót á þessu flyt ég á sérstöku þskj. tvær breytingartillögur við frv.

Fyrri tillaga mín gerir ráð fyrir, að styrkur til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða verði einkum látinn í té þeim frystihúsum, sem hafa erfiðasta rekstraraðstöðu og því sérstaka þörf fyrir stuðning til þess að geta endurnýjað tæknibúnað sinn og fært hann í hagfellt horf.

Hin tillagan er um það, að styrkur greiddur togurum verði ákveðinn helmingi hærri á úthaldsdag, þegar veitt er fyrir innlendan markað, en þegar aflinn er seldur ísvarinn erlendis.

Í greinargerð fyrir frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert, að þeirri útgjaldaaukningu, sem það bakar ríkissjóði, verði mætt með því að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði. Afleiðingin yrði að sjálfsögðu sú, að nokkrar brýnustu neyzluvörur almennings hækkuðu stórlega í verði. Þær verðbreytingar bitna tilfinnanlegast á þeim, sem hafa lægstar tekjur og nota hæstan hundraðshluta þeirra til matvælakaupa. Að vísu mundu þessar aðgerðir hækka kaupgjaldsvísitölu, en jafnframt auka verðbólguþróunina, sem sízt er á bætandi með opinberum aðgerðum. Útgjöld ríkisins vegna launagreiðslna mundu enn aukast verulega, svo og þeirra atvinnurekenda í sjávarútvegi og fiskiðnaði, sem frumvarpinu er ætlað að styðja. Stuðningur í þessu formi verður því ákaflega dýr þjóðarheildinni og að líkindum engum til framdráttar, þegar fram í sækti, öðrum en þeim, sem beinlínis hirða verðbólgugróðann.

Það er staðreynd, að enda þótt vissar greinar sjávarútvegs þurfi vafalítið stuðnings við, eins og nú er komið, mundi sú tekjuöflunarleið, sem hér er fyrirhuguð, reynast mjög óheppileg og neikvæð. Henni ber því að hafna og leita annarra úrræða, sem ekki hefðu sömu áhrif til aukningar dýrtíðar- og verðbólgu eins og stórfelldar hækkanir á brýnustu lífsnauðsynjum almennings.

Alþingi, 14. marz 1966.

Gils Guðmundsson.

Ed. 317. Breytingartillögur [136. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætist:
   Í reglunum skal ákveðið, að þau frystihús, sem hafa erfiða rekstraraðstöðu og sérstaka þörf fyrir stuðning til endurbóta og framleiðniaukningar, njóti hlutfallslega hærri styrks en hin, sem betri aðstöðu hafa.
2. Við 4. gr. Við greinina bætist:
   Styrkur fyrir þann úthaldstíma, sem skip hefur veitt fyrir innlendan markað, skal vera helmingi hærri en fyrir þann tíma, sem það hefur veitt fyrir erlendan markað.

Nd. 318. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri eru en svo, að þær rúmi 8 farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi eða réttindi til hópferðaaksturs frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3 til 8 farþega. Til fastra ferða teljast í lögum þessum allar ferðir, sem farnar eru í hverri viku eða oftar árið um kring eða einhvern hluta þess. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutninga. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir, ferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir, svo og ferðir með starfsfólk að og frá vinnustað, sem framkvæmdar eru á kostnað vinnuveitanda. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningaferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma. Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt innan sýslu eða sveitarfélaga og þessir aðilar sækja um þau.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum, ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, er skipuð skal skv. 2. gr.

2. gr.

Á eftir f-lið 3. gr. laganna komi:

g. Að sérleyfishafar skuli hafa sérleyfis- og hópferðabifreiðar sínar í afgreiðslu á afgreiðslustöðvum, er Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykkir.

h. Heimilt er ráðherra, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, að binda sérleyfi og einkaleyfi þeim skilyrðum, að sérleyfis- og einkaleyfishafar skuli skuldbundnir að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar hafa verið áður til reksturs á sérleyfisleiðum og teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri, á verði, sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

Nú sækir félag eða einstaklingur um réttindi til hópferðaaksturs og er ráðherra þá heimilt að veita þau að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum með þeim skilyrðum sem hér segir:

a. Að hópferðaréttindin gildi fyrir eitt ár í senn og séu óframseljanleg.

b. Að hópferðaréttindin gildi fyrir ákveðnar bifreiðar.

c. Að hópferðaréttindahafi skuli skuldbundinn til að hafa hópferðabifreiðar sínar í afgreiðslu á afgreiðslustöðvum, er Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykkir.

3. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Sérleyfis-, undanþágu- og hópferðaréttindahafar skulu greiða sérleyfisgjald, 3% af heildartekjum af farþegaflutningum í sérleyfis- og leyfisskyldum hópferðaakstri. Greiðslufyrirkomulag sérleyfisgjaldsins ákveður ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum.

Hópferðaréttindahafar skulu auk sérleyfisgjaldsins greiða árlegt gjald fyrir hópferðaréttindin. Upphæð gjaldsins skal ákveðin með reglugerð, að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum.

Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum, svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

4. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf fyrir.

Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum, og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

5. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Brjóti sérleyfishafi, undanþáguhafi eða hópferðaréttindahafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, að svipta þá sérleyfi, undanþágu eða réttindum til hópferðaaksturs þegar í stað.

6. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000 til 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum hafa nú gilt óbreytt um 10 ára skeið. Á þessu tímabili hafa þær samgöngur, sem lög þessi gilda um, tekið nokkrum breytingum, sérstaklega hafa hópferðir og skipulagðar skemmtiferðir um landið með innlenda og erlenda ferðamenn aukizt að mun og orðið stór þáttur í þessum flutningum.

Þau lagaákvæði, sem gilda um hópferðirnar og skemmtiferðirnar, eru nokkuð óskýr í gildandi lögum, enda var hinn umræddi þáttur sérleyfisflutninganna lítill, er lögin voru sett, og er breytingum á lögunum ætlað að bæta úr því með skýrari ákvæðum.

Aðrar breytingar, sem frumvarp þetta felur í sér eru þær, að sett eru nánari ákvæði um skyldur og réttindi sérleyfishafa og hópferðaréttindahafa en eru í núgildandi lögum.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Nafni laganna er breytt, þar sem þeim er ætlað að ná bæði til fólks- og vöruflutninga.

Um 1. gr.

Breytingar þær á núgildandi lögum, sem þessi grein felur í sér, eru þessar:

a. Ákveðið er, að réttindi til hópferðaaksturs séu veitt á sama hátt og leyfi til áætlunarferða.
b. Nánari ákvæði eru sett um hvað skuli teljast fastar ferðir í samræmi við þau ákvæði, sem gilda um hvað telja skuli áætlunarferðir.
c. Ákvæði gildandi laga um að hópferðir á héraðsmót og almennar skemmtanir innan hvers lögsagnarumdæmis séu undanþegnar sérleyfi, er hér einnig látið ná til annarra hópferða innan lögsagnarumdæmanna og til flutninga starfsfólks að og frá vinnustað, sem framkvæmdir eru á kostnað vinnuveitanda.
d. Ákvæðum gildandi laga um rétt sýslu- og sveitarfélaga til sérleyfa er breytt til samræmis við gildandi ákvæði um rétt bæjarfélaga til einkaleyfa.
e. Ákvæði um rétt sérleyfishafa fyrir endurveitingu á sérleyfum, sem eru í reglugerð, verði tekin inn í lögin.

Um 2. gr.

Breytingar þær á gildandi lögum, sem þessi grein felur í sér eru þessar:

a. Ákvæði eru sett um það, að Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykki afgreiðslustöðvar þær, sem sérleyfisbifreiðar eru afgreiddar frá.
b. Ákvæði eru sett um skyldur og réttindi nýrra sérleyfis- og einkaleyfishafa til kaupa á fasteignum og tækjum, sem álitið er nauðsynlegt að fylgi sérleyfis- og einkaleyfisleiðum.
c. Sett eru ákvæði um útgáfu hópferðaréttinda, svo og gildistíma þeirra. Enn fremur ákvæði um afgreiðslur fyrir hópferðir í samræmi við ákvæði um afgreiðslur fyrir sérleyfisferðir.

Um 3. gr.

Breytingar þær á gildandi lögum, sem þessi grein felur í sér eru einkum þær, að ákvæði eru sett um að hópferðaréttindahafar greiði sérleyfisgjald af hópferðum á sama hátt og sérleyfishafar greiða sérleyfisgjald af sérleyfisferðum og enn fremur, að hópferðaréttindahafar greiði fast árlegt gjald fyrir hópferðaréttindin og sé

upphæð þess ákveðin með reglugerð. Sérleyfisgjald, sem hópferðaréttindahafar hafa greitt að undanförnu, hefur verið ákveðið með reglugerð.

Um 4. gr.

Breytingar þær á gildandi lögum, sem þessi grein felur í sér, eru að ákvæði 7. gr. gildandi laga um yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfis eða undanþágu þarf til, taki einnig til fólksflutninga, sem hópferðaréttindi eru veitt fyrir.

Um 5. gr.

Með þessari grein eru ákvæði 9. gr. gildandi laga um sviptingu sérleyfa einnig látin gilda um sviptingu undanþága og hópferðaréttinda.

Um 6. gr.

Með þessari grein eru lágmarkssektir vegna brota á lögunum hækkaðar úr kr. 100.00 í kr. 1000.00.

Nd. 319. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er félögum sjómanna að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömuleiðis er útgerð farskipa, varðskipa og togara heimilt að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, er heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Óhætt er að fullyrða, að með setningu laga um lífeyrissjóð togarasjómanna árið 1956 hafi verið stigið eitt stærsta skrefið í félagslegum umbótum fyrir sjómenn. Enn náðist merkur áfangi í þessu máli árið 1962, er Alþingi breytti lögum þessum á þann veg, að undirmenn á farskipum, sem höfðu um nokkurt árabil haft samninga um lífeyrissjóðsgreiðslur útgerðanna, fengu aðild að lífeyrissjóði togarasjómanna. Nefnist sjóðurinn eftir þessa breytingu Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum, og má fullyrða, að þessi breyting hafi orðið sjóðnum til styrktar og eflingar og þeim sjómönnum, sem hlut áttu að máli, til aukins öryggis. Hann mun nú vera annar stærsti lífeyrissjóður landsins, og eru eignir hans yfir 70 milljónir króna.

Ekki hefur enn náðst samkomulag um aðild annarra sjómanna en að framan getur að sjóði þessum, þótt nú megi eygja lausn þess vandamáls á næstu árum.

Á þeim árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa komið í ljós nokkrir annmarkar, sem þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að ráða bót á.

Eins og lög nr. 78 frá 28. apríl 1962 hljóða nú, geta ekki aðrir sjómenn en þeir, sem lögskráðir eru á skip, átt aðild að sjóðnum. Er þetta mjög bagalegt fyrir

félög og samtök sjómanna, sem af þessari ástæðu fá ekki til starfa fyrir sig sjómenn, sem aðild eiga að sjóðnum og vilja ekki tapa réttindum sínum þar.

Ekki er lögskráð á skip, meðan þau eru í lengri viðgerðum. Útgerðir telja þó oft og tíðum nauðsynlegt, að hluti skipverja vinni við skip, er svo stendur á, og virðist eðlilegt, að heimilt sé að halda við lífeyrissjóðsréttindum undir þeim kringumstæðum. Sömuleiðis getur útgerð þurft að fá skipverja til að vinna um stundarsakir í landi að útgerð skipsins, eða hann bíði eftir öðru skipi útgerðar, og virðist eðlilegt, að heimildin sé einnig fyrir hendi, er svo stendur á.

Enginn dregur í efa nauðsyn þess, að skipafloti okkar eigi alltaf á að skipa velmenntuðu og fullþjálfuðu starfsfólki í þær stöður á skipum okkar, er slíks krefjast. Þetta er ekki einungis til hagsbóta útgerðinni sjálfri heldur allri áhöfn, auk þess sem öryggi skips og áhafnar vex. Þess munu finnast dæmi, að sjómenn hafi hætt við að leita sér fræðslu í skóla eða á námskeiðum til undirbúnings starfi sínu á skipi vegna skerðingar á réttindum úr framangreindum lífeyrissjóði. Þegar svo er komið, virðist augljóst, að úrbóta er þörf. — Virðist eðlilegt, að heimildin gildi einnig fyrir þá sjómenn, sem veikjast eða slasast, meðan þeir eru í starfi sem sjómenn.

Ed. 320. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1964.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið tölur þess saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins. Mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt, en einn nm. (BJ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. marz 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Bergs.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Sveinn Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.

Ed. 321. Breytingartillaga [104. mál]

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við 3. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 18. apríl 1964, um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

Nd. **322. Frumvarp til laga** [151. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

I. KAFLI
Um Framkvæmdasjóð Íslands.

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn er í vörzlu Seðlabanka Íslands, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs Íslands er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar. Framkvæmdasjóðurinn veitir annars vegar fé til þeirra fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda.

3. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdabanka Íslands, eins og þær eru hinn 1. janúar 1967. Þá tekur Framkvæmdasjóður að sér greiðslu allra skulda bankans, svo og efndir á öllum skuldbindingum hans, þar með töldum ábyrgðum, sem bankinn hefur á sig tekið, frá sama tíma að telja.

Framkvæmdasjóður tekur við öllu fé Mótvirðissjóðs, sem nú er í vörzlu Framkvæmdabankans, að undanskildu því fé, sem bundið er á sérreikningi í Seðlabankanum, og skal hann lána það, ásamt vaxtatekjum af því, að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi sinnar skv. 2. gr. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

Innheimtustörf þau, sem Framkvæmdabankinn hefur annazt fyrir ríkissjóð, skulu falin Ríkisábyrgðasjóði.

4. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innan lands og erlendis, sbr. þó ákvæði 7. gr. laga nr. 30/1960 um skipan innflutnings og gjaldeyrismála o. fl.

5. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs við innlenda aðila. Einnig ábyrgist hann greiðslu allra innlendra og erlendra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Framkvæmdasjóður tekur við af Framkvæmdabanka Íslands, skv. 3. gr.

6. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs er í höndum 7 manna, kosinna með hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargra til vara. Í störfum sínum skal stjórnin hafa samráð við Efnahagsstofnunina, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana. Framkvæmdasjóðurinn heyrir undir fjármálaráðherra, sem ákveður þóknun stjórnar hans. Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður fundartíma og boðar til funda. Á fundum ræður afl atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Seðlabankinn undirbýr stjórnarfundi og á þar fulltrúa.

7. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdasjóðs eru þessi:

a. Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og ráðstöfun á fjármunum hans.

b. Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal á ári hverju um ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra á milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja fjárfestingarlánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr Framkvæmdasjóði.
c. Hún tekur ákvarðanir um vexti og önnur útlánskjör Framkvæmdasjóðs að höfðu samráði við fjármálaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.
d. Hún úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og um afskriftir af kröfum sjóðsins.

8. gr.

Að öðru leyti en segir í 7. gr. er umsjá og rekstur Framkvæmdasjóðs í höndum Seðlabankans, er hefur á hendi bókhald hans og daglegan rekstur, svo og skýrslugerð alla.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Framkvæmdasjóðs eigi síðar en 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins til úrskurðar. Sjóðurinn skal greiða af tekjum sínum allan kostnað af rekstri hans.

Um reikningsskil, endurskoðun, útgáfu fjárhagslegra skuldbindinga og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, svo og reglugerð hans, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Seðlabankinn undirbýr fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs árlegar áætlanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og fjáröflun til hans í samráði við fjármálaráðuneytið og Efnahagsstofnunina. Einnig skal um áætlanir þessar haft samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarlánastofnana.

10. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innan lands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

12. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

II. KAFLI

Um Efnahagsstofnun.

13. gr.

Hlutverk Efnahagsstofnunar er sem hér segir:

a. Að undirbúa fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlanir og fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, og endurskoða þær.
b. Að semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann.

c. Að framkvæma aðrar hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, svo og fyrir Seðlabankann og Framkvæmdasjóð, eftir því sem um semst.
d. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

14. gr.

Efnahagsstofnunin heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar.

15. gr.

Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdasjóður í sameiningu greiða kostnað af starfsemi Efnahagsstofnunarinnar. Þessir aðilar fara einnig með stjórn hennar. Skulu þeir gera með sér samning um stjórn stofnunarinnar og fjármál.

16. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Efnahagsstofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerðar sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið. Byggingarnefndir og oddvitar senda Efnahagsstofnuninni skýrslur, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingaframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

III. KAFLI
Um Hagráð.

17. gr.

Stofna skal Hagráð, er sé vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geti haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni.

18. gr.

Hagráð skal skipað sem hér segir:

Í því skulu eigi sæti tveir ráðherrar, tilnefndir af ríkisstjórninni, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Þá skulu eftirtaldir aðilar eiga rétt á að tilnefna hver einn fulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í Hagráð til eins árs í senn:

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Iðja (félag verksmiðjufólks í Reykjavík), Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Landssamband íslenzkra verzlunarmanna, Samband ísl. sveitarfélaga, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Stéttarsamband fiskiðnaðarins, stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, Verkamannasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands.

Nú stofnar verksmiðjufólk landssamband og tekur fulltrúi þess þá sæti Iðju í ráðinu.

Hagráð heyrir undir viðskiptamálaráðherra.

19. gr.

Hagráð skal koma saman til fundar, þegar formaður þess ákveður eða minnst fjórir ráðsmenn óska. Meginverkefni Hagráðs skal vera að ræða ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir Hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál. Þjóðhags- og framkvæmda-

áætlanir ríkisstjórnarinnar skulu lagðar fyrir Hagráð. Einstakir fulltrúar í Hagráði geta óskað umræðna um sérhvern þann þátt efnahagsmálanna, sem þeir telja ástæðu til, að Hagráð ræði. Umræðuefnin skulu ákveðin og tilkynnt ráðsmönnum með hæfilegum fyrirvara. Skýrsla um umræður í Hagráði skal jafnan send ríkisstjórninni og sömuleiðis ályktanir, sem gerðar kunna að vera. Hagráð getur kosið undirnefndir úr sínum hópi til þess að fjalla um ákveðna þætti efnahagsmála. Störf í Hagráði skulu vera ólaunuð.

20. gr.

Efnahagsstofnunin undirbýr fundi Hagráðs og á fulltrúa á fundum þess. Hún annast skrifstofustörf vegna Hagráðs. Allur kostnaður Hagráðs greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Hlutaðeigandi ráðherrar geta með reglugerðum sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðs þess og stofnana, sem lög þessi fjalla um.

22. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 17 frá 10. febrúar 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, lög nr. 13 frá 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 67 frá 27. apríl 1962, um breytingu á þeim lögum, 9. gr. laga nr. 30 frá 25. maí 1960, svo og öll önnur lög og lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði, I. kafla og 22. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn skulu fyrir árslok 1966 nefna til sinn manninn hvor til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Framkvæmdabanka Íslands úr hendi bankaráðs og bankastjóra bankans. Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Framkvæmdabankans hinn 31. desember 1966 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafi við tekið og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal fjármálaráðherra skera úr þeim.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., skal kjörtími fyrstu stjórnar Framkvæmdasjóðs vera til ársloka 1968.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um Framkvæmdasjóð Íslands.

Með þessu frumvarpi og frumvarpi til laga um Fiskveiðasjóð Íslands er stefnt að því að gera skipulag og starfsemi fjárfestingarlánasjóða einfaldari og hagkvæmari en verið hefur. Er lagt til, að Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóður Íslands sameinist í nýjan sjóð. Jafnframt er lagt til, að Framkvæmdabanka Íslands sé breytt í framkvæmdasjóð, er sé í vörzlu Seðlabanka Íslands og hafi það hlutverk að veita lán til annarra fjárfestingarlánasjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda. Einnig er gert ráð fyrir, að framkvæmdasjóðurinn veiti lán til meiri háttar opinberra framkvæmda.

Á undanförnum árum hafa stofnlánasjóðir landbúnaðar og iðnaðar verið efldir og starfsemi þeirra aukizt mikið. Með sameiningu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs mun hliðstæð efling eiga sér stað, að því er stofnlánasjóði sjávarútvegsins snertir, og mun hún einkum geta leitt til aukinna lána til fiskiðnaðarins. Þessi breyting á stofnlánasjóðunum gerir það að verkum, að ekki er sú þörf, sem áður var, fyrir starfsemi Framkvæmdabanka Íslands á sviði fiskvinnslu. Á hinn bóginn hefur efling stofnlánasjóðanna skapað aukna þörf fyrir fjáröflun til stofnlána og samræmingu á starfsemi stofnlánasjóða við aðra bankastarfsemi í landinu. Breyting Framkvæmdabanka Íslands í framkvæmdasjóð miðar að því að fullnægja þessari þörf. Tengsl framkvæmdasjóðsins við Seðlabankann og tengsl hinna einstöku stofnlánasjóða við viðskiptabanka tryggja nauðsynlega samræmingu við aðra bankastarfsemi og við heildarstjórn bankamála.

Með því skipulagi, sem hér er lagt til, að komið verði á fót, er í veigamiklum atriðum horfið að því skipulagi, sem upphaflega var ætlunin, að yrði á Framkvæmdabanka Íslands, og Framkvæmdasjóðnum er einnig ætlað það meginhlutverk, sem Framkvæmdabankanum var upphaflega ætlað, að hafa forystu um fjáröflunarhlið fjárfestingarmála, útvega og miðla fé til fjárfestingarstarfseminnar. Þegar stofnun Framkvæmdabankans var undirbúin, voru til athugunar tillögur um stofnun sjálfstæðs seðlabanka, og var þá ráð fyrir því gert, að Framkvæmdabankinn væri í nánum tengslum við hann. Af stofnun seðlabanka varð þó ekki í það sinn, og var þá ráð fyrir því gert, að Framkvæmdabankinn stæði í nánu sambandi við Landsbanka Íslands, er þá gegndi hlutverki seðlabanka og átti að annast dagleg afgreiðslustörf fyrir Framkvæmdabankann. Slík samvinna komst hins vegar ekki á, og hefur skortur á tengslum við aðra hluta bankakerfisins torveldað Framkvæmdabankanum að leysa af hendi það meginhlutverk, sem honum upphaflega var ætlað.

Gert er ráð fyrir, að stjórn framkvæmdasjóðsins sé í höndum sjö manna, er Alþingi kjósi hlutfallskosningu til fjögurra ára í senn. Stjórn sjóðsins gangi frá áætlunum um starfsemi sjóðsins og taki ákvarðanir um lánveitingar hans. Seðlabankinn hafi sjóðinn hins vegar í vörzlu sinni, sjái um rekstur hans og undirbúi áætlanir um fjáröflun og lánveitingar. Gert er ráð fyrir, að við undirbúning áætlana og við stjórn sjóðsins yfirleitt sé haft samráð við fjármálaráðuneytið, viðskiptabankana og efnahagsstofnunina.

Um Efnahagsstofnun.

Efnahagsstofnunin var sett á fót á árinu 1962 með sérstökum samningi á milli ríkisstjórnarinnar, Framkvæmdabanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Verkefni hennar var að undirbúa framkvæmdaáætlanir fyrir ríkisstjórnina, semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn og framkvæma aðrar hagfræðilegar athuganir. Hagdeild Framkvæmdabankans fluttist til hinnar nýju stofnunar. Jafnframt var efnahagsmálaráðuneytið, sem stofnað hafði verið 1959, lagt niður og störf þess falin Efnahagsstofnuninni. Þeir þrír aðilar, sem að stofnuninni stóðu, hafa skipt að jöfnu með sér kostnaði af rekstri hennar og skipað stjórn hennar. Í stjórninni hafa átt sæti þrír fulltrúar ríkisstjórnarinnar, einn fulltrúi Seðlabanka Íslands og einn fulltrúi Framkvæmdabanka Íslands. Auk formanns stjórnarinnar, sem jafnframt hefur verið forstjóri stofnunarinnar, hafa fulltrúar ríkisstjórnarinnar verið ráðuneytisstjórinn í fjármálaráðuneytinu, sem verið hefur varaformaður stjórnarinnar, og hagstofustjóri. Sérmenntað starfsfólk stofnunarinnar hefur haldizt svipað að tölu til og var í hagdeild Framkvæmdabankans.

Þau ákvæði um Efnahagsstofnunina, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, miða að því að festa skipan hennar. Efnahagsstofnuninni eru ætluð sömu verkefni og áður. Framkvæmdasjóður kemur í stað Framkvæmdabanka Íslands og stendur ásamt ríkisstjórninni og Seðlabankanum að stofnuninni á grundvelli samnings,

er þessir aðilar gera um stjórn stofnunarinnar og fjármál. Forsætisráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar, eins og áður var.

Á þeim tæpum fjórum árum, sem Efnahagsstofnunin hefur starfað, hafa verkefni hennar reynzt umfangsmikil og vaxandi. Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir sérstökum verkefnum stofnunarinnar í sambandi við starfsemi Framkvæmdasjóðs og Hagráðs.

Um Hagráð.

Á undanförnum árum hafur það komið æ betur í ljós víða um heim, hverja þýðingu það hefur í stjórn efnahagsmála, að fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka skiptist á skoðunum og hafi samráð um meginstefnuna í efnahagsmálum. Í flestum nágrannalandanna hefur verið komið á fót sérstökum vettvangi fyrir slíka samvinnu, þar sem jafnframt fer fram miðlun upplýsinga um þróun efnahagsmála. Með þessu frumvarpi er lagt til, að slíkur vettvangur sé myndaður hér á landi með stofnun hagráðs. Í ráðinu eiga sæti tveir ráðherrar, fulltrúar stjórnmálaflokka, sem sæti eiga á Alþingi, og fulltrúar samtaka atvinnuvega, stétta og sveitarfélaga. Ætlazt er til, að Efnahagsstofnunin undirbúi fundi Hagráðs og leggi fyrir það yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum. Enn fremur er ætlazt til, að þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar séu lagðar fyrir Hagráð.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli.

Framkvæmdasjóður Íslands.

Um 1. gr.

Lagt er til, að sjóðurinn heiti Framkvæmdasjóður Íslands. Dagleg stjórn sjóðsins og varzla hans verður í Seðlabanka Íslands. Sjóðurinn verður hins vegar með algjörlega aðskildan fjárhag og bókhald.

Um 2. gr.

Í greininni er lýst hlutverki Framkvæmdasjóðs og mörkuð sú stefna, að sjóðurinn láni annars vegar til fjárfestingarlánasjóða og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda.

Um 3. gr.

Yfirtaka Framkvæmdasjóðs á eignum Framkvæmdabankans er ákveðin 1. janúar 1967. Nokkur fyrirvari er nauðsynlegur til undirbúnings henni, meðal annars þarf að ræða við skuldheimtumenn Framkvæmdabankans, einkum erlenda.

Í annarri málsgrein er rætt um ráðstöfun þess hluta Mótvirðissjóðs, sem fer til Framkvæmdasjóðs. Ríkisstjórnin hefur í undirbúningi frumvarp um Atvinnujöfnunarsjóð, en í því er gert ráð fyrir, að sá sjóður njóti þess hluta Mótvirðissjóðs, sem er enn bundinn skv. samningi við Bandaríkjastjórn. Í greininni er gert ráð fyrir, að helmingur af fé Mótvirðissjóðs, sem rennur til Framkvæmdasjóðs, verði lánað til framkvæmda í þágu landbúnaðarins í samræmi við núgildandi lagaákvæði um Framkvæmdabankann.

Í þriðju málsgrein er gert ráð fyrir því, að þar umrædd innheimtustörf verði falin Ríkisábyrgðasjóði. Er það mjög eðlileg ráðstöfun, enda hefur fjármálaráðuneytið þegar ráðstafað hliðstæðum innheimtustörfum til sama aðila.

Um 4. gr.

Greinin veitir heimild til fjáröflunar með lántökum innan lands og utan. Er vísað í því sambandi til 7. gr. laga nr. 30/1960. Er þetta gert vegna hugsanlegra erlendra lána. Er rétt, að sjóðurinn leiti samþykkis ríkisstjórnarinnar um erlendar lántökur eins og aðrir.

Um 5. gr.

Ríkissjóður hefur hingað til ábyrgzt allar innlendar skuldbindingar Framkvæmdabankans. Ábyrgð ríkissjóðs varðandi erlendar skuldbindingar bankans hefur hins vegar verið takmörkuð við ákveðna fjárhæð.

Í greininni er gert ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður njóti ábyrgðar ríkissjóðs varðandi allar skuldbindingar gagnvart innlendum aðilum. Erlent lánsfé, sem innlendur aðili hefur endurlánað Framkvæmdasjóði, verður því einnig í skjóli ríkisábyrgðar.

Jafnframt tekst ríkissjóður á hendur alla ábyrgð á innlendum sem erlendum skuldbindingum, sem Framkvæmdasjóður tekur við af Framkvæmdabankanum. Í þessu felst meðal annars, að erlendar skuldbindingar Framkvæmdabankans, sem yfirfærast 1. janúar n. k., verða eftir það með ríkisábyrgð, þó að henni hafi ekki verið til að dreifa fram að þeim tíma. Þykir ekki annað fært, þegar ríkisvaldið endurskipuleggur opinbera stofnun, ekki sízt gagnvart erlendum aðilum.

Stofni Framkvæmdasjóður til skuldbindinga við erlenda aðila, þarf lagaheimild.

Stofni Framkvæmdasjóður til skuldbindinga við erlenda aðila, þarf lagaheimild, ef ríkisábyrgð á að vera á slíkri skuldbindingu.

Um 6. gr.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 7. gr.

Hér er að finna upptalningu á verkefnum stjórnar sjóðsins. Ekki er vikið að fjáröflunarleiðum sjóðsins. Verða þau mál undirbúin, eins og segir í 9. gr. á vegum ríkisstjórnarinnar, Seðlabankans, fjármálaráðuneytisins og Efnahagsstofnunarinnar, einkum í sambandi við árlegar fjáröflunar- og framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar. Verður heildaráætlun, sem rætt er um í b-lið, þáttur í ofangreindri áætlun ríkisstjórnarinnar.

Að öðru leyti skýrir greinin sig sjálf.

Um 8. gr.

Öll dagleg stjórn Framkvæmdasjóðs verður undir stjórn Seðlabankans, og er hann ábyrgur fyrir bókhaldi sjóðsins, rekstri og skýrslugerð.

Um 9. gr.

Í greininni er fjallað um störf Seðlabankans við að undirbúa fyrir stjórn sjóðsins hinar árlegu áætlanir um lánveitingar og fjáröflun sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í b-lið 7. gr. Það er ein forsenda frumvarpsins að koma á víðtækri samræmingu í stjórn fjárfestingarmála. Segir því í niðurlagi greinarinnar, að haft skuli samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarlánastofnana við gerð hinna árlegu áætlana við sjóðinn.

Um 10.—12. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. kafli.

Efnahagsstofnunin.

Um 13.—14. gr.

Hér vísast til almennrar greinargerðar um stofnunina hér að framan.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því, að þeir aðilar, sem greiða kostnað við Efnahagsstofnunina semji sérstaklega um stjórn hennar, rekstur og fjármál.

Um 16. gr.

Greinin er staðfesting á því fyrirkomulagi, sem tekið var upp árið 1962. Náinni samvinnu og verkaskiptingu hefur verið komið á um skýrslugerð milli Hagstofunnar og Efnahagsstofnunarinnar, og verður að sjálfsögðu framhald á því.

Heimildir í greininni eru hinar sömu og Framkvæmdabankinn hafði skv. 9. gr. laga nr. 30/1960.

III. kafli.

Hagráð.

Um 17.—20. gr.

Þarfnast ekki skýringa, frekar en fram kemur í almennri greinargerð hér að framan.

IV. kafli.

Um 21.—23. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um bráðabirgðaákvæði.

Við setningu laga um ríkisbankana í marz 1961 var komið á þeirri reglu að samræma kjörtímabil bankaráða þeirra. Er hér lagt til, að kjörtími stjórnar Framkvæmdasjóðs verði samræmdur við þetta. Að öðru leyti þarfnast ákvæðin ekki skýringa.

Ed. 323. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Tveir nefndarmanna, þeir ÓlJ og HermJ, voru ekki viðstaddir afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 15. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Alfreð Gíslason. Sveinn Guðmundsson.

Ed. 324. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá allsherjarnefnd.

1. Ný grein komi, er verði 1. gr., og hljóði svo:
   Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél" í 2. gr. laganna orðist svo:
   Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.
2. Ný grein komi, er verði 2. gr., þannig:
   Í stað „reiðhjól með hjálparvél" í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.

3. Ný grein komi, er verði 3. gr., þannig:
   Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 11. gr. komi: létts bifhjóls.
4. 1. gr. verði 4. gr., en ný grein, er verði 5. gr., hljóði svo:
   Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjóli.
5. Ný grein, er verði 6. gr., hljóði svo:
   Í stað „reiðhjóla með hjálparvél“ í 5. mgr. 28. gr. komi: léttra bifhjóla.
6. Ný grein, er verði 7. gr., hljóði svo:
   Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.
7. Ný grein, er verði 8. gr., hljóði svo:
   Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.
8. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:
   Frumvarp til laga um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

Nd. 325. Frumvarp til laga [152. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn, eins og segir í lögum þessum, en er í umsjá Útvegsbanka Íslands, með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum, vinnslustöðvum, svo og mannvirkjum, er þjóna sjávarútvegi, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

3. gr.

Auk eigna Fiskveiðasjóðs Íslands, skv. lögum nr. 40/1955, tekur sjóðurinn við öllum eignum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, skv. lögum nr. 41/1946 og nr. 48/1961. Á sama hátt tekur sjóðurinn við eignum Skuldaskilasjóðs útvegsmanna, skv. lögum nr. 120/1950. Tekur sjóðurinn við öllum eignum nefndra stofnana og sjóða, eins og þær eru hinn 1. janúar 1967. Frá sama degi tekur sjóðurinn að sér greiðslu allra skulda nefndra stofnana og sjóða, svo og efndir á öllum skuldbindingum og ábyrgðum þeirra, frá sama tíma að telja.

4. gr.

Auk stofnfjár skv. 3. gr. skal fjáröflun til Fiskveiðasjóðs vera með eftirtöldum hætti:

a. vextir af lánum og öðrum kröfum,
b. útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem renna til sjóðsins lögum samkvæmt,
c. til viðbótar framlagi til sjóðsins skv. b-lið greiðir ríkissjóður honum jafnháa fjárhæð árlega,
d. lántökur innan lands og erlendis, sbr. þó 7. gr. laga nr. 30/1960.

5. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs getur ákveðið stofnun nýrra lánaflokka. Skal nánar kveðið á um þá í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

6. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs gagnvart innlendum aðilum og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

Einnig ábyrgist ríkissjóður greiðslu allra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við af sjóðum og stofnunum þeim, sem nefndar eru í 3. gr.

7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs er í höndum 5 manna. Skal hún skipuð einum fulltrúa Seðlabanka Íslands, tveimur fulltrúum Landsbanka Íslands og tveimur fulltrúum Útvegsbanka Íslands. Sömu aðilar tilnefna jafnmarga varamenn. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Sjóðurinn heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

8. gr.

Verkefni stjórnar Fiskveiðasjóðs eru þessi:

a. Ákvarðanir um lántökur og aðra fjáröflun til starfsemi sjóðsins og útgáfu skjala í því sambandi,
b. ákvarðanir um útlán sjóðsins og lánskjör,
c. ákvarðanir um rekstraráætlun Fiskveiðasjóðs, er gerð skal fyrirfram fyrir eitt ár í senn,
d. úrskurður reikninga sjóðsins og ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og ákvörðun um afskriftir af kröfum hans,
e. ráðning forstjóra sjóðsins,
f. skipun matsnefndar.

Að öðru leyti en hér segir er umsjá og rekstur Fiskveiðasjóðs í höndum Útvegsbankans. Fer um útgáfu fjárskuldbindinga, að því er varðar daglega starfsemi sjóðsins, eftir ákvæðum laga nr. 12/1961 um Útvegsbanka Íslands, eftir því sem við á. Skal nánara kveðið á um þetta í reglugerð, sem ráðherra gefur út.

Stjórn Útvegsbankans ræður aðra starfsmenn sjóðsins og segir þeim upp starfi. Um laun, kjör og réttarstöðu forstjóra og starfsmanna gilda sömu ákvæði og um starfsmenn Útvegsbankans.

9. gr.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við Landsbankann eða Útvegsbankann, ef svo stendur á, að sá banki, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innstæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

10. gr.

Starfsár Fiskveiðasjóðs er almanaksárið. Af tekjum hvers árs skal greiða kostnað við rekstur sjóðsins svo og töp vegna afskrifaðra lána. Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins skulu sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar. Ráðherra staðfestir reikninga sjóðsins að fengnum úrskurði stjórnar og endurskoðenda. Ársreikning skal birta í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Öll lán Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa skulu tryggð með 1. veðrétti í skipunum. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innan lands, mega lán nema ¾ hlutum

kostnaðar eða matsverðs, þess er lægra reynist, en allt að ⅔ hlutum kostnaðarverðs eða matsverðs með sama hætti, séu skipin smíðuð erlendis.

12. gr.

Lán, sem veitt eru gegn veði í öðrum eignum en skipum, að viðbættum lánum, sem hvíla á eigninni við veðsetningu með forgangsveði, mega hæst nema 60% af matsverði.

13. gr.

Hámarkslánstími má vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á skip 15 ár. Um önnur lán miðist lánstími við áætlaðan endingartíma hinna veðsettu eigna, skv. mati sjóðsstjórnar.

14. gr.

Umsækjendur um lán úr Fiskveiðasjóði geta valið um, hvort heldur þeir leggi lánbeiðnir sínar fyrir Fiskveiðasjóð eða viðskiptabanka sinn. Þær lánbeiðnir, sem lagðar eru fyrir viðskiptabanka umsækjenda, skal viðskiptabankinn senda Fiskveiðasjóði ásamt umsögn sinni. Fiskveiðasjóður skal á sama hátt leita umsagnar viðskiptabanka umsækjenda um umsóknir þær, er honum berast beint, áður en þær eru afgreiddar.

15. gr.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn Fiskveiðasjóðs að höfðu samráði við sjávarútvegsmálaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum. Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka. Dráttarvextir skulu vera ½% fyrir hvern byrjaðan hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar, skulu lántakendur greiða 1% lántökugjald í varasjóð, skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

16. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og lánar það innan lands, og er þá heimilt að semja svo um við lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

17. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningsskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningsskrifstofan ákveður.

18. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af Seðlabankanum, einum af Landsbankanum og einum af Útvegsbankanum. Nefndin kýs sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér möt, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins eftir 1961.

19. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum, sem sjóðurinn veitir eða tekur, eru undanþegin stimpilgjöldum.

20. gr.

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til vátryggingarfjárins. Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður krafizt þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvílandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður, ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum.

21. gr.

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

a. Þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
b. við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað.
c. hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,
d. hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt.
e. ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

22. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms, hvað veð í fasteignum og skipum með tilheyrandi áhrærir, samkvæmt lögum um nauðungaruppboð nr. 57 frá 1949, sbr. lög um veð frá 4. nóv. 1887, 3. gr. og skal í þessu sambandi heimilt að semja svo um, að uppboð á hinu veðsetta megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

Nú er skip eða fasteign, sem Fiskveiðasjóður á veð í, seld á nauðungaruppboði, og ber þá uppboðshaldara að tilkynna Fiskveiðasjóði um uppboðið svo tímanlega, að hann geti látið fulltrúa sinn mæta við uppboðið.

23. gr.

Skuldunautar Fiskveiðasjóðs eru skyldir til að fullnægja öllum kvöðum og skuldbindingum, sem á þá eru lagðar í lögum og reglugerðum fyrir Fiskveiðasjóð.

24. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um starfsemi Fiskveiðasjóðs.

25. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi eftirfarandi lög:

a. lög nr. 40 frá 16. maí 1955 um Fiskveiðasjóð Íslands, lög nr. 64 frá 29. maí 1957, lög nr. 41 frá 9. júní 1960, lög nr. 17 frá 10. marz 1961, öll um breyting á nefndum lögum nr. 40/1955, svo og 7. gr. laga nr. 12 frá 29. marz 1961, um Útvegsbanka Íslands,

b. lög nr. 41 frá 29. apríl 1946 um Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, lög nr. 30 frá 16. febrúar 1953 um sama, lög nr. 48 frá 29. marz 1961 um heimild Stofnlánadeildar sjávarútvegsins til að opna nýja lánaflokka, svo og öll önnur lög og lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði í 25. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn skulu nefna til sinn manninn hver til þess að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Fiskveiðasjóðs annars vegar og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins hins vegar úr hendi núverandi stjórnenda þessara sjóða. Skulu þessir menn fylgjast með reikningsskilum beggja sjóða hinn 31. desember 1966 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafi við tekið og gera athugasemdir þar um, ef efni verður til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna skal sjávarútvegsmálaráðherra skera úr þeim.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Fiskveiðasjóður Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins verði sameinuð í einn sjóð, sem heiti Fiskveiðasjóður Íslands. Verði hann undir sameiginlegri stjórn Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands. Dagleg störf sjóðsins verði í höndum Útvegsbankans.

Frumvarpið er að öðru leyti í meginatriðum svipað að efni og lög og reglugerðir, sem fram að þessu hafa gilt um sjóðina.

Sameining þessara tveggja stærstu lánasjóða sjávarútvegsins í einn öflugan sjóð hefur í för með sér, að auðveldara er að koma við hagkvæmri skiptingu ráðstöfunarfjárins milli hinna ýmsu greina sjávarútvegsins, en þarfir þeirra eru mjög mismunandi frá ári til árs. Eftirlit með notkun lánsfjárins ætti einnig að geta orðið virkara og meira samræmi en nú í útlánum. Loks hefur sameiningin í för með sér sparnað í rekstri og ýmislegt hagræði, sem ekki verður rakið hér frekar.

Oft hefur verið um það rætt, að sameina þessa sjóði. Segja má, að spor í þá átt hafi verið stigið með samstarfi því, sem tekið var upp milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans að lánamálum sjávarútvegsins á árinu 1961, er lausaskuldum sjávarútvegsins var breytt í löng lán á vegum Stofnlánadeildarinnar. Reynslan af þessu samstarfi hefur ótvírætt sýnt, að lánamálum sjávarútvegsins er bezt komið undir sameiginlegri stjórn þeirra banka, sem til þessa hafa séð um mestöll lánamál sjávarútvegsins, bæði rekstrarlán og stofnlán, jafnframt því sem dagleg störf verða í höndum Útvegsbankans, er farið hefur með stjórn Fiskveiðasjóðs til þessa.

Hér á eftir verður gerð í stuttu máli grein fyrir sögu og starfi Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar.

Fiskveiðasjóður.

Fiskveiðasjóður var stofnaður með lögum nr. 52 frá 10. nóvember 1905. Hlutverk sjóðsins skyldi vera „að efla fiskveiðar og sjávarútveg landsmanna“. Stofnfé hans var 100 þúsund krónur, er landssjóður lagði fram að mestu í skuldabréfum fyrir lánum úr Viðlagasjóði. Tekjur sjóðsins voru sex þúsund króna árlegt framlag

úr ríkissjóði og ⅓ hluti sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi, ásamt ⅓ af nettóandvirði upptæks afla og veiðarfæra botnvörpunga.

Landsstjórnin (atvinnumálaráðuneytið) annaðist sjóðinn til ársloka 1930. Eignir hans voru þá orðnar kr. 697 856.30 og útlánin kr. 368 355.75. Á árinu 1930 var lögum sjóðsins breytt og ákveðið, að ríkissjóður legði honum 1 millj. króna, og nýr tekjuliður lögfestur, svo nefnt Fiskveiðasjóðsgjald, sem var þá ⅛% af útfluttum sjávarafurðum. Jafnframt var hinum nýstofnaða Útvegsbanka Íslands h.f. falin stjórn sjóðsins og starfræksla, og hefur það fyrirkomulag haldizt síðan.

Fiskveiðasjóður hefur annazt alla starfrækslu Skuldaskilasjóðs vélbátaeigenda, sem stofnaður var árið 1935, og enn fremur rekstur Skuldaskilasjóðs útvegsmanna frá árinu 1951, eftir að skuldaskilameðferð og lánveitingum lauk.

Löggjöf Fiskveiðasjóðs hefur oft verið breytt. Gildandi heildarlög um hann eru nr. 40/1955. Segir í þeim, að tilgangur Fiskveiðasjóðs sé að styrkja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum. Með þessum lögum var hámarksstærð skipa, sem sitja eiga fyrir lánum, aukin úr 150 í 200 rúmlestir. Með lögum frá 1957 var þetta hámark aukið í 300 rúmlestir.

Lánveitingar Fiskveiðasjóðs hafa fyrst og fremst verið vegna kaupa á nýjum fiskiskipum. Lánað er til þeirra eingöngu gegn 1. veðrétti, og nema lánin nú ⅔ af kostnaðarverði nýrra fiskiskipa, sem keypt eru erlendis, og ¾ kostnaðar- eða virðingarverðs skipa, sem smíðuð eru innan lands.

Þá veitir Fiskveiðasjóður lán til endurbóta og viðgerða á fiskiskipum, svo og til véla- og tækjakaupa í þau. Þessi lán hafa verið veitt gegn 1. samhliða veðrétti í skipunum og numið um helmingi kostnaðar.

Loks veitir Fiskveiðasjóður lán til fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna í sjávarútvegi. Þessi lán sjóðsins nema hins vegar litlum hluta af heildarútlánum hans, enda hefur sjóðurinn jafnan átt fullt í fangi með að sinna lánsfjárþörf vegna uppbyggingar fiskiskipaflotans.

Lánstími lána Fiskveiðasjóðs er nú 15 ár til fiskiskipa, en 10—12 ár til fasteigna, 5—8 ár til vélakaupa og 3 ár til tækjakaupa. Vextir af lánum sjóðsins eru 6½% af lánum til skipakaupa og kaupa á tækjum og vélum, en 8% af fasteignalánum.

Fastar, árlegar tekjur Fiskveiðasjóðs eru nú, auk vaxtatekna af útlánum, hluti sjóðsins af útflutningsgjaldi af sjávarafurðum, en hann er nú 17.2%, svo og jafnhátt framlag ríkissjóðs. Auk þess hefur sjóðurinn haft 2 millj. kr. árlegt framlag úr ríkissjóði síðan 1956. Ofangreindir tekjuliðir námu á árinu 1965 samtals 135.3 millj. kr., en auk þess hafði sjóðurinn til ráðstöfunar það ár afborganir af lánum, sem námu 82.9 millj. kr.

Útlán Fiskveiðasjóðs undanfarin fjögur ár hafa verið sem hér segir (í millj. kr.):

	1962	1963	1964	1965
1. Umsamdar greiðslur vegna innfl. skipa	57.7	54.0	71.7	86.9
2. Innlend skipasmíði	28.7	39.0	36.7	52.6
3. Skipaviðgerðir	39.4	38.1	17.3	15.5
4. Fasteignalán	3.3	3.6	2.1	2.5
Samtals	129.1	134.7	127.8	157.5

Varðandi fyrsta liðinn er rétt að taka fram, að sá háttur er hafður á um lán til innfluttra fiskiskipa, að lánin eru ekki greidd lántakendum, heldur tekur Fiskveiðasjóður að sér að greiða jafnóðum erlenda lánið, sem að jafnaði er til sjö ára og jafnhátt Fiskveiðasjóðsláninu.

Jafnaðarreikningur Fiskveiðasjóðs 31. janúar 1966 fer hér á eftir:

Eignir:

1.	Útlán gegn veði í skipum	kr.	979 125 120.00
2.	Fasteignalán	—	32 447 859.00
3.	Lán vegna innl. skipasmíði	—	50 600 000.00
4.	Fasteignalán PL 480	—	26 565 000.00
5.	Bankainnstæða PL 480	—	2 435 000.00
6.	Innstæðureikn. óafgr. lána	—	20 000 000.00
7.	Verðbréf	—	2 698 456.00
8.	Ýmsir skuldunautar	—	3 023 974.82
9.	Kostnaðarreikningur	—	11 985.93
10.	Bankainnstæða	—	75 459 548.27
		Kr.	1 192 366 944.02

Skuldir:

1.	Skuldir í erlendri mynt	kr.	121 273 681.51
2.	Skuld við Seðlabanka Íslands	—	48 000 000.00
3.	Framkvæmdabanki PL 480	—	29 000 000.00
4.	Innstæður lántakenda	—	379 398 609.62
5.	Viðskiptamenn	—	1 106 855.96
6.	Vextir	—	4 587 796.93
7.	Útflutningsgjald og ríkisframlag	—	14 000 000.00
8.	Stofnsjóður	—	575 000 000.00
9.	Afskriftareikningur	—	20 000 000.00
		Kr.	1 192 366 944.02

Stofnlánadeild sjávarútvegsins.

Með lögum nr. 41/1946 var Stofnlánadeild sjávarútvegsins stofnuð í þeim tilgangi að veita lán til nýsköpunar sjávarútvegsins, er þá var á döfinni. Afgreiðsla lána úr deildinni hófst í júlí 1946.

Fjármagn til fyrstu lánaflokkanna nam kr. 153 869 000.00 og var aflað þannig:

Kr. 100 000 000.00 með láni frá Seðlabankanum.
— 28 000 000.00 með sölu skuldabréfa.
— 25 869 000.00 með framlagi frá ríkissjóði Íslands.

Lánin voru veitt gegn 1. veðrétti með 2½% ársvöxtum, til 15 ára vegna kaupa á notuðum skipum og til byggingar fiskvinnslustöðva og dráttarbrauta, en 20 ára til nýrra skipa. Lán til skipa námu mest 67%, en til mannvirkja í landi 60% af kostnaðarverði.

Lánin skiptust þannig:

Til kaupa á 39 togurum voru lánaðar alls	kr.	83 187 000.00
Til kaupa á 109 bátum voru lánaðar alls	—	41 434 000.00
Til bygg. hraðfrystih., fiskvinnslust. o. fl. 56 lán samt. að fjárh.	—	28 640 000.00
Til byggingar dráttarbrauta, 2 lán, alls	—	608 000.00
	Alls kr.	153 869 000.00

Lánin voru öll með ríkisábyrgð. Lánsákvarðanir voru teknar af Landsbankanum að fengnum meðmælum Nýbyggingarráðs.

Nýir lánaflokkar við Stofnlánadeildina voru næst stofnaðir með lögum 48/1961. Var tilgangur laganna að breyta lausaskuldum sjávarútvegsins við viðskiptabankana í hagstæð lán við Stofnlánadeildina. Fjár til þessara lánveitinga var aflað með því að stofna til skuldar við Seðlabankann, en jafnframt skyldu viðskiptabankarnir bæta stöðu sína við Seðlabankann, sem næmi hinum nýju stofnlánum.

Ný lán úr deildinni voru veitt gegn veði í framleiðslutækjum, allt að 70% af matsverði, er miðaðist við endurkaupsverð eignanna að frádregnum eðlilegum afskriftum. Hámarkslánstími var 10—20 ár, eftir því hvort um var að ræða veð í vélum, skipum eða fasteignum, og vextir 6½%.

Lánin voru veitt gegn einfaldri ábyrgð viðskiptabanka lánbeiðanda, og hafði hann jafnframt íhlutunarrétt um ráðstöfun lánsfjárins.

Lánveitingum í þessum lánaflokki lauk á árinu 1963, og námu lánin alls kr. 376.6 millj. kr., en tala lánanna var 245.

Stofnlánadeildin fylgdi Seðlabankanum við aðgreiningu Seðlabanka og Landsbanka árin 1957 og 1961, og hefur verið undir stjórn hans síðan.

Með reglugerð nr. 8/1965 var svo enn opnaður nýr lánaflokkur hjá Stofnlánadeildinni í þeim tilgangi að auka framleiðslu og framleiðni í fiskiðnaði og skyldri starfsemi.

Var gerður sérstakur samningur milli Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans um, að fjármagn frá þessum bönkum, sem var bundið í útlánum deildarinnar frá 1961, verði að verulegu leyti látið ganga til nýrra lána í hinum nýja lánaflokki, eftir því sem það losnar. Af því heildarfjármagni, sem um var að ræða, miðað við 1. jan. 1964, lögðu bankarnir fram 100 millj. kr. sem framlagsfé, en 234.8 millj. kr. sem lán til 25 ára. Framlagsféð var aukið um 10 milljónir króna í byrjun þessa árs. Ákvarðanir um lánveitingar eru í höndum sérstakrar stjórnarnefndar, sem skipuð er tveimur fulltrúum Seðlabankans, tveimur frá Landsbankanum og einum frá Útvegsbankanum.

Gert er ráð fyrir, að í þessum lánaflokki verði hægt að veita 40—50 millj. króna í nýjum lánum árlega. Um síðast liðin áramót var búið að veita 29 lán, samtals um 59 milljónir króna. Vextir hafa verið 8% p. a. Í þessum lánaflokki má lán, ásamt öðrum áhvílandi skuldum, aldrei nema meiru en 60% af matsverði.

Efnahagsreikningur Stofnlánadeildar um síðast liðin áramót fer hér á eftir:

Efnahagur Stofnlánadeildar sjávarútvegsins I 31. desember 1965.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum:				
A-lán	kr.	19 931 282.00		
B-lán	—	355 845.00		
			kr.	20 287 127.00
Verðbréf			—	10 199 754.26
Ýmsir skuldunautar	kr.	667 628.74		
÷ Afskrifað 31/12 1965	—	250 000.00		
			—	417 628.74
Ógreiddir vextir			—	513 258.00
			Kr.	31 417 768.00

Skuldir:

Stofnlánadeildarbréf í umferð:				
4% bréf til 15 ára 1946	kr.	21 000.00		
4% bréf til 15 ára 1949	—	3 000.00		
3% bréf til 5 ára (seld með vöxtum dregnum frá nafnverði)	—	47 000.00		
			kr.	71 000.00

Skuld við Seðlabankann	kr.	28 823 404.41	
Að viðbættum skuldbindingum ríkissjóðs v/vangr. afborgana af A-lánum 31/12 '65	—	2 325 938.00	
			— 31 149 342.41
Ýmsir skuldheimtumenn			— 72 263.94
Fyrir fram greiddir vextir			— 103 383.00
Höfuðstóll:			
Frá fyrra ári	kr.	261 133.73	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1965	—	10 644.92	
	Kr.	271 778.65	
÷ Afskrifað af ýmsum skuldunautum	—	250 000.00	
			— 21 778.65
			Kr. 31 417 768.00

Efnahagur Stofnlánadeildar sjávarútvegsins II 31. desember 1965.

Eignir:

Skuldabréf fyrir lánum:			
C-lán	kr.	104 420 211.10	
D-lán	—	136 608 404.33	
E-lán	—	2 357 500.00	
F-lán	—	65 497 600.00	
			kr. 308 883 715.43
Innstæða hjá Seðlabanka:			
Innstæða á viðskiptareikningi	kr.	5 115 860.14	
Að frádreginni skuld v/E-láns	—	2 957 500.00	
			— 2 158 360.14
Verðbréf			— 32 414 941.61
Ýmsir skuldunautar			— 872 966.06
Ógreiddir vextir			— 9 543 067.00
			Kr. 353 873 050.24

Skuldir:

Framlagareikningur:			
Seðlabanki Íslands	kr.	49 283 840.00	
Landsbanki Íslands	—	49 283 840.00	
Útvegsbanki Íslands	—	24 641 920.00	
			kr. 123 209 600.00
Skuldabréfareikningur:			
Seðlabanki Íslands	kr.	111 511 945.29	
Landsbanki Íslands	—	105 914 256.79	
Útvegsbanki Íslands	—	9 168 151.44	
			— 226 594 353.52
Skuldheimtumenn			— 300 000.00
Fyrir fram greiddir vextir			— 1 432 000.00
Afskriftareikningur			— 2 000 000.00
Höfuðstóll:			
Frá fyrra ári	kr.	668 778.59	
Samkvæmt rekstrarreikningi 1965	—	968 318.13	
	Kr.	1 637 096.72	
÷ Yfirfært á afskriftareikning	—	1 300 000.00	
			— 337 096.72
			Kr. 353 873 050.24

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Þar sem Fiskveiðasjóður er stærri og eldri þeirra tveggja sjóða, sem sameinaðir eru, er talið rétt að nefna hinn nýja sjóð Fiskveiðasjóð Íslands. Ákvæði um stjórn sjóðsins eru í 7. og 8. gr. frumvarpsins, en þar er tekið fram, að sjóðurinn sé í umsjá Útvegsbanka Íslands. Er þar átt við, að dagleg stjórn sjóðsins sé á vegum bankans, en ekki varzla fjármuna nema að takmörkuðu leyti, sjá 9. gr.

Samkvæmt greininni er sjóðurinn sjálfstæð persóna að lögum með aðskildum fjárhag og bókhaldi, og Útvegsbankinn ber enga ábyrgð á skuldbindingum hans.

Um 2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að vinna að þeim verkefnum, sem Fiskveiðasjóður og Stofnlánadeildin höfðu, þ. e. að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum og fiskiðnaði, bæði á sjó og í landi, með veitingu stofnlána. Auk þess er gert ráð fyrir, að sjóðurinn veiti lán til þjónustustöðva sjávarútvegsins. Hefur Stofnlánadeildin veitt lán til þeirra, bæði í fyrstu lánaflokkunum á árunum 1946—47, svo og skv. reglugerð nr. 8 1965 í þeim lánaflokki, sem nú er opinn.

Um 3. gr.

Allar eignir og skuldbindingar hins eldri Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar ganga til hins nýja sjóðs hinn 1. janúar 1967. Sama máli gegnir um eignir og skuldir Skuldaskilasjóðs útvegsmanna, en þessir sjóðir hafa verið í umsjá Fiskveiðasjóðs.

Um 4. gr.

Fjáröflunarleiðir hins nýja sjóðs verða að mestu hinar sömu og verið hafa. Í b- og c-liðum greinarinnar eru endurteknar óbreyttar heimildir, sem voru í lögum nr. 1/1964 3. og 4. gr. Gert er ráð fyrir, að þau lög falli úr gildi og að ný lög, sem komi í þeirra stað, endurnýji heimildina, sem var í 3. gr. nefndra laga. Er því tekjulind, sem var skv. 4. gr. sömu laga um viðbótarframlag ríkissjóðs, fastákveðin í c-lið frumvarpsins sem sjálfstæð heimild.

Í d-lið greinarinnar er veitt heimild til fjáröflunar með lántökum innan lands og utan og vísað í því sambandi til 7. gr. laga nr. 30/1960. Er þetta gert vegna erlendra lána, sem sjóðurinn kann að taka. Er rétt, að sjóðurinn leiti samþykkis ríkisstjórnarinnar um erlendar lántökur eins og aðrir.

Um 5. gr.

Greinin fjallar um stofnun nýrra lánaflokka. Er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsmálaráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um þá, að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins. Jafnframt er gengið út frá því, að meðan heimild greinarinnar, um stofnun nýrra lánaflokka, er ekki notuð, þá verði útlánum við hinn nýja Fiskveiðasjóð hagað á sama hátt og verið hefur til þessa við báða sjóðina. Á þetta einnig við um nústarfandi lánaflokk Stofnlánadeildarinnar, skv. reglugerð nr. 8/1965. Seðlabankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn leggja fé til flokksins og gerðu í því sambandi samning um hann í janúar 1965 á grundvelli nefndrar reglugerðar. Er framhald þess flokks, í núverandi mynd, innan hins nýja Fiskveiðasjóðs að sjálfsögðu háð samþykki þessara banka.

Aðalstarf Fiskveiðasjóðs hefur verið að veita lán til fiskiskipa, og hefur sjóðurinn, vegna mikilla kaupa á þeim, ekki getað veitt fé að neinu ráði til fiskverkunarstöðva í landi.

Stofnlánadeildin lánaði hins vegar upphaflega (frá 1946 í A- og B-lánaflokkum) bæði til fiskiskipa og stöðva í landi. Í C-, D- og E-lánaflokkum frá 1961—62 bæði til skipa og landstöðva, en núverandi lánaflokkur, F, sem er starfandi í útlánum, skv. reglugerð nr. 8/1965, lánar eingöngu til fiskvinnslustöðva, svo og að einhverju leyti til stöðva, sem veita sjávarútvegi þjónustu, t. d. skipasmíðastöðva, dráttarbrauta o. fl.

Um 6. gr.

Með lögum nr. 40/1955, um Fiskveiðasjóð, var ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn, að fjárhæð kr. 150 millj. Ríkissjóður hefur hins vegar ekki borið ábyrgð á öðrum skuldbindingum sjóðsins né lánum, sem sjóðurinn hefur veitt. Samkvæmt 4. gr. laga nr. 41/1946, um stofnlánadeildina, bar ríkissjóður ábyrgð á skuldbindingum hennar gagnvart Seðlabankanum, en eins og áður segir, fékk deildin upphaflega að láni 100 millj. kr. frá Seðlabankanum til útlána, sem hófust 1946. Ríkisábyrgð hefur hins vegar ekki verið fyrir hendi varðandi C-, D-, E- og F-lánaflokka Stofnlánadeildar.

Í 6. gr. er staðfest ábyrgð ríkissjóðs á öllum skuldbindingum, sem Fiskveiðasjóður tekst á hendur gagnvart innlendum aðilum. Skuldbindingar þessar eru fyrst og fremst í íslenzkum krónum, en lagaheimildin felur í sér, að skuldbindingar í erlendri mynt njóti einnig ríkisábyrgðar, enda séu þær gagnvart innlendum aðilum. Um slíkar skuldbindingar Fiskveiðasjóðs er nú að ræða gagnvart Framkvæmdabanka, Landsbanka og Seðlabanka vegna endurlánaðs erlends fjár.

Ábyrgð þessi er hliðstæð ríkisábyrgð, sem Stofnlánadeild landbúnaðarins býr við, sjá 11. gr. laga nr. 75/1962, og er í samræmi við reglur, sem gilda nú orðið um marga opinbera sjóði og stofnanir, t. d. veðdeild Landsbankans, ríkisviðskiptabankana o. fl.

Sérstaka lagaheimild þarf til að að stofna til ríkisábyrgðar með gjaldeyrisláni Fiskveiðasjóðs við erlenda aðila.

Í 2. málsgrein er staðfest, að ríkisábyrgð skuli vera til tryggingar greiðslu allra lána og skuldbindinga, sem Fiskveiðasjóður tekur við frá fyrirrennurum sínum. Á þetta við, hvort sem ríkisábyrgð hefur verið fyrir hendi á slíkum ábyrgðum eða ekki.

Um 7. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs hefur til þessa verið í höndum Útvegsbankans undir yfirumsjón sjávarútvegsmálaráðherra.

Stofnlánadeildin var frá upphafi til 1957 í höndum Landsbankans, en frá þeim tíma í höndum Seðlabankans, og heyrir deildin undir bankamálaráðherra.

Í greininni er gert ráð fyrir, að hinn nýi Fiskveiðasjóður verði undir stjórn bankanna þriggja, Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans. Sjóðurinn heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra á sama hátt og var um hinn eldri Fiskveiðasjóð.

Um 8. gr.

Í 1. málsgrein er að finna tæmandi upptalningu á verkefnum sjóðsstjórnar. Er æskilegt að þetta sé gert, til þess að kveða sem skýrast á um verkaskiptingu milli stjórnar sjóðsins annars vegar og stjórnar Útvegsbankans hins vegar.

Forstjóri sjóðsins er ráðinn af stjórn hans og er hann ábyrgur gagnvart henni. Aðrir starfsmenn hins vegar verða ráðnir af Útvegsbankanum og þeir, ásamt forstjóranum, skulu um laun, starfskjör og réttarstöðu, sitja við sama borð og starfsmenn Útvegsbankans.

Öll dagleg starfsemi sjóðsins fellur undir forstjóra sjóðsins og stjórn Útvegsbankans.

Um 9. gr.

Í 1. málsgrein 11. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabankann, segir, að lánsstofnanir og fjárfestingarsjóðir skuli geyma laust fé sitt á reikningi í Seðlabankanum, eftir því sem við verður komið.

Er mjög eðlilegt, að handbært fé Fiskveiðasjóðs verði geymt í Seðlabankanum með þeim undantekningum, sem um ræðir í seinni hluta 9. gr. Algengt er, að greindir viðskiptabankar veiti bráðabirgðalán til viðskiptavina sinna, eftir að hafinn er undirbúningur að veitingu stofnlána til þeirra. Er sanngjarnt, að mótvirði slíkra bráðabirgðalána sé lagt inn í hlutaðeigandi banka og standi þar fram að lánveitingu.

Handbært fé Fiskveiðasjóðs hefur til þessa verið geymt í Útvegsbankanum. Er æskilegt, að Seðlabankinn létti undir með Útvegsbankanum, ef með þarf, þegar hann missir úr sinni vörzlu fé sjóðsins.

Um 10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 11. gr.

Fiskveiðasjóður hefur til þessa eingöngu lánað gegn 1. veðrétti til fiskiskipa, og er mjög æskilegt, að sú regla haldist. Lánshlutföll þau, sem ákveðin eru í greininni eru óbreytt, frá því sem verið hefur í starfi sjóðsins.

Um 12. gr.

Útlán Fiskveiðasjóðs til annarra eigna en skipa hafa verið mjög takmörkuð. Lán þessi hafa að vísu verið eingöngu á 1. veðrétti, eins og skipalán, en lánshlutföll miðað við mat hins vegar verið ákveðin hverju sinni.

Á hinn bóginn hefur skapazt hámarksregla um lánshlutföll í starfsemi Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Regla núverandi lánaflokks er sú sama og lagt er til að gildi við Fiskveiðasjóð. Er þessi regla einnig í samræmi við hina almennu reglu, sem gildir við veitingu ríkisábyrgða. Hefur reynslan sýnt, að þetta lánahlufall má ekki vera óhagstæðara fyrir lánveitanda en gert er ráð fyrir í greininni. Hins vegar felst í greininni, að ekki er áskilinn 1. veðréttur fyrir þessum lánum, en það hefur verið gert til þessa við Fiskveiðasjóð, eins og áður segir, en ekki við Stofnlánadeildina í síðustu lánaflokkum.

Um 13. gr.

Í greininni er kveðið á um lánstíma, og eru þeir að mestu óbreyttir, frá því sem verið hefur við Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeildina.

Um 14. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 15. gr.

Engin breyting felst í greininni að öðru leyti en því, að dráttarvextir við Fiskveiðasjóð, sem hafa verið ¾%—1% á mánuði, verða nú ½% fyrir hvern byrjaðan hálfan mánuð, sem greiðsla dregst.

Um 16. gr.

Fiskveiðasjóður endurlánar erlent lánsfé og þarf því heimild þá, sem hér um ræðir. Sambærilegt ákvæði var í lögum Fiskveiðasjóðs frá 1955.

Um 17. gr.

Hér er endurtekið ákvæði fyrri laga.

Um 18. gr.

Matsaðferð sú, sem ræðir um í greininni, var tekin upp eftir setningu laga nr. 48/1961, um opnun nýrra lánaflokka við Stofnlánadeildina, og hefur gilt við hana síðan. Sömuleiðis hefur sambærilegt mat verið unnið á vegum Ríkisábyrgðasjóðs frá nóvember 1962, er Seðlabankinn tók að sér varðveizlu sjóðsins. Er mjög áríðandi, að framhald verði á mati þessu við Fiskveiðasjóð. Er þá fyrirsjáanleg náin samvinna Fiskveiðasjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs um þessi möt og liggur í augum uppi, hve mikilvægt það er. Má hugsa sér, að úr þessu verði samræmt mat, sem allir fjárfestingasjóðir hins opinbera og viðskiptabankarnir styðjist við.

Í samræmi við þetta gerir 2. málsgrein ráð fyrir að styðjast megi við möt unnin við nefndar stofnanir eftir 1961. Að sjálfsögðu er þá gert ráð fyrir, að þau séu yfirfarin og uppfærð vegna breytinga á eignum og þess tíma, sem liðið hefur frá matsgerð.

Um 19.—26. gr. og bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 326. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Fimmta grein laganna orðist svo:

Framkvæmdasjóður er í vörzlu Seðlabankans, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

Sjóðurinn starfar samkvæmt eigin lögum og undir sérstakri stjórn. Að öðru leyti er umsjá og daglegur rekstur sjóðsins í höndum Seðlabankans. Sér bankinn einnig um bókhald sjóðsins, svo og skýrslugerð vegna hans.

Um reikningsskil, endurskoðun, fjárhagslegar skuldbindingar og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum laga þessara, svo og reglugerð bankans, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum um Framkvæmdasjóð, Efnahagsstofnun og Hagráð er Seðlabankanum falin varzla og rekstur Framkvæmdasjóðs frá og með 1. janúar 1967, en sjóðurinn er undir sérstakri stjórn, skv. 6. gr. laga hans.

Nauðsynlegt er að finna Framkvæmdasjóði stað í löggjöf Seðlabankans á sama hátt og 5. gr. laga Seðlabankans hefur fjallað um Stofnlánadeild sjávarútvegsins við Seðlabankann. Er þetta gert í 1. gr. frumvarpsins, en fimmta grein laga Seðlabankans fjallar um stöðu Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við bankann.

Nd. 327. Frumvarp til laga [154. mál]

um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð).

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Bankaráði Verzlunarbanka Íslands hf. skal heimilt, að fengnu samþykki fundar hluthafa, að stofna sérstaka deild við bankann, er nefnist Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóður).

Tilgangur stofnlánadeildarinnar er að styðja verzlun landsmanna með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar segir í 4. gr. laga þessara.

2. gr.

Stofnlánadeildin er sjálfstæð deild í bankanum, með sérstakri fjárábyrgð, er bundin sé við eignir hennar. Fjárreiðum stofnlánadeildarinnar skal haldið algerlega aðgreindum frá fjárreiðum annarra deilda bankans, og hefur deildin sérstakt bókhald.

Bankaráð Verzlunarbanka Íslands hf. hefur á hendi stjórn stofnlánadeildarinnar. Ákveður bankaráðið allar lánveitingar deildarinnar, að fengnum tillögum bankastjóra. Um starfsemi stofnlánadeildarinnar gilda almenn ákvæði laga um Verzlunarbanka Íslands hf., eftir því sem við getur átt.

3. gr.

Stofnfé stofnlánadeildarinnar er árlegt framlag frá Verzlunarbanka Íslands hf. samkvæmt ákvörðun aðalfundar ár hvert, og skal það ekki vera lægra en tvær milljónir króna árlega fyrstu fimm árin, sem stofnlánadeildin starfar.

Önnur fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé, sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabankans.
2. Vextir.
3. Fé, sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

4. gr.

Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja veiti stofnlán sem hér segir:

1. Til öflunar búnaðar og áhalda fyrir verzlunarfyrirtæki.
2. Til byggingar verzlunar- og skrifstofuhúsnæðis, svo og til meiri háttar endurbóta á slíku húsnæði. Heimilt er, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að veita verzlunarfyrirtækjum lán til kaupa á verzlunar- og skrifstofuhúsnæði.

5. gr.

Fjárhæð lána má nema allt að fimmtíu af hundraði af kostnaðarverði, enda sé það eigi að dómi stjórnar stofnlánadeildar hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á þeim tíma, er í framkvæmdir var ráðizt.

Byggingar, búnaður og áhöld skulu metin til lántöku á kostnað lánbeiðanda, eftir því sem nánar verður kveðið á um í reglugerð. Setja má og ákvæði í reglugerð um kannanir af hendi sérfróðra manna, sem stjórn stofnlánadeildarinnar getur óskað eftir í sambandi við umsóknir um lán. Má mæla þar svo fyrir, að slíkar kannanir fari fram á kostnað lánbeiðanda.

6. gr.

Lán má veita úr stofnlánadeildinni gegn öruggu veði í þeim byggingum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum, svo og vátryggingarverði þeirra, eða öðrum fullgildum fasteignaveðum.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um veðtryggingar, þ. á m. um vátryggingu á veðbundnum eignum, viðhaldi þeirra o. fl. Í reglugerð er heimilt að setja ákvæði um verðtryggingu lánsfjár í samræmi við lánavísitölu, enda liggi fyrir almenn löggjöf, sem heimili slíka verðtryggingu.

7. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en 12 ár.

Lán til kaupa áhalda skal þó eigi vera lengri en 5 ár, nema sérstakar ástæður mæli með, að dómi stofnlánadeildarinnar.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum afborgunum.

8. gr.

Stjórn stofnlánadeildarinnar ákveður, að fengnu samþykki stjórnar Seðlabankans, vexti af lánum, sem veitt eru úr stofnlánadeild. Mega þeir vera breytilegir í tilteknu hlutfalli við almenna útlánavexti banka og sparisjóða.

9. gr.

Í reglugerð skal setja ákvæði um umsóknir úr sjóðnum og hver gögn fylgja skuli umsókn.

10. gr.

Nú verða eignaskipti að eign, sem veðsett er stofnlánadeildinni, og er stjórn hennar þá heimilt að heimta lán endurgreitt að nokkru eða öllu. Skylt skal seljanda og kaupanda að tilkynna stjórn stofnlánadeildarinnar eignaskiptin.

11. gr.

Nú er lán úr stofnlánadeildinni eigi greitt á réttum eindaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að verðgildi, að það er eigi svo tryggt sem verða skal að dómi stjórnar stofnlánadeildarinnar, eða nýr eigandi tekst eigi á hendur ábyrgð á láninu, og er stjórn stofnlánadeildar þá heimilt að heimta eftirstöðvar láns goldnar þegar í stað án uppsagnar.

12. gr.

Nú er veð selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber uppboðshaldara þá að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett stofnlánadeildinni, og skal stjórn hennar gert viðvart svo tímanlega, að hún geti falið fulltrúa sínum að vera viðstaddur uppboð.

13. gr.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi stofnlánadeildarinnar.

14. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og skal starfsemi deildarinnar hefjast á þeim tíma, er segir í reglugerð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Stofnlánadeildir hafa svo sem kunnugt er starfað um alllangt árabil í þágu höfuðatvinnuveganna, landbúnaðar, sbr. nú lög nr. 75/1962, svo sem þeim er breytt með lögum nr. 31/1964, sjávarútvegs, sbr. nú lög nr. 41/1964, svo og lög nr. 58/1957, 30/1953 og 48/1961, og iðnaðar, sbr. nú lög nr. 45/1963.

Meðal forvígismanna verzlunarsamtaka hér á landi hefur um árabil verið uppi sú skoðun, að brýn þörf sé á að koma á fót stofnlánadeild í þágu verzlunarreksturs landsmanna. Eiga hér við svipuð rök og þau, sem ráðið hafa stofnun lánadeilda til hagsbóta fyrir atvinnugreinar þær, sem nefndar voru. Stofnkostnaður við að koma upp verzlunarfyrirtækjum er orðinn geysimikill. Er mikil þörf á auknu fjárhagslegu liðsinni í þessu efni, ekki sízt við unga og framtakssama menn, sem hyggjast koma á fót fyrirtækjum. Þjóðhagslega séð er slíkt liðsinni mikilvægt, því að aukin samkeppni er vissulega veigamikið úrræði til eðlilegrar ákvörðunar á vöruverði og verðlagi ýmis konar þjónustu.

Óskir kaupsýslumanna um, að koma á fót stofnlánadeild hafa einkum verið ræddar á aðalfundum Verzlunarbanka Íslands hf., og vænta verzlunarmenn forystu frá bankanum um að koma þessu máli fram. Á aðalfundum bankans síðustu árin hafa verið gerðar samþykktir um þetta mál, og lýsa þær og umræður um málið miklum áhuga hjá verzlunarmönnum á þessu nauðsynjamáli. Á aðalfundi bankans 1964 var gerð svofelld ályktun:

„Aðalfundur Verzlunarbanka Íslands hf., haldinn 4. apríl 1964, samþykkir að fela stjórn bankans að vinna að undirbúningi að því, að komið verði á fót stofnlánadeild við bankann".

Þá hafa einstök félög kaupsýslumanna og samtök þeirra, lýst eindregnu fylgi sínu við málið.

Það frumvarp, sem hér liggur fyrir, er að mestu sniðið eftir lögum hér á landi um stofnlánasjóði eða stofnlánadeildir, og er helzta fyrirmyndin lögin um Iðnlánasjóð nr. 45/1963. Hér er samt sá veigamikli munur, að ekki er óskað ríkisábyrgðar eða neins konar fjárhagslegrar fyrirgreiðslu ríkisvalds. Stofnlánadeildin er hugsuð sem sjálfstæð deild í Verzlunarbanka Íslands hf., með sjálfstæða fjárábyrgð, sérstakar fjárreiður og sjálfstætt bókhald. Tengslin við bankann eru allt að einu skýr. Stjórn bankans er jafnframt stjórn stofnlánadeildarinnar og tekur ákvarðanir um lán úr deildinni. Stofnlánadeildin verður til húsa í bankanum og nýtur fyrirgreiðslu bankans í hvívetna.

Leitast verður við að finna stofnlánadeildinni öruggan fjárgrundvöll. Kemur þar bæði til framlag Verzlunarbanka Íslands hf., svo og fé, sem fengið verður með sölu vaxtabréfa, og enn fremur lán, sbr. 3. gr. frv.

Um tilgang sjóðsins og almenna starfsemi hans er ekki ástæða til að fjölyrða. Þar er að meginstefnu til um sams konar ákvæði að ræða sem í lögum nr. 45/1963 um Iðnlánasjóð. Gert er þó ráð fyrir í þessu frv., að einstökum atriðum, sem þar eru lögfest, verði fremur skipað með reglugerð.

Tekið skal fram, að orðið verzlunarhúsnæði í 4. gr. 2. tölulið frumvarpsins tekur m. a. til geymsluhúsnæðis verzlana og sýningarhúsrýmis í þágu verzlunarfyrirtækja.

Nd. 328. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Frá og með gildistöku laga þessara verður sú breyting á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps sem hér greinir:

Að vestan verða mörkin bein lína úr Akurey í vestasta tanga Óslands og þaðan bein lína í nyrzta odda Stapakletts, þaðan bein lína úr nyrzta odda Stapakletts í miðjan Mikleyjarál, með stefnu í Mikleyjarsker, þannig að Ósland í Nesjahreppi er lagt undir Hafnarhrepp.

2. gr.

Nú verður ekki innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekjumissi Nesjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu bætur þá ákveðnar af gerðardómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Hafnarhreppur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kauptúnið Höfn í Hornafirði er verzlunar- og útgerðarstaður Austur-Skaftfellinga. Er þar eina höfnin í sýslunni. Fyrir 20 árum var Nesjahreppi skipt. Hafnarkauptún var þá gert að sérstöku sveitarfélagi. Nær Hafnarhreppur yfir landareign jarðarinnar Hafnarness, og voru landamerki þeirrar jarðar látin ráða hreppamörkum. Hafnarhreppur tók þá að sér rekstur hafnarinnar að öllu leyti, en fyrsta hafnarreglugerðin var sett í Nesjahreppi 1936.

En svo hagar til við höfnina, að eyjan Ósland, sem fyrir nokkru var tengd landi Hafnarkauptúns með uppmokstri úr höfninni og upphlöðnum vegi, liggur að henni að suðvestan. En eyjan Ósland er í landi jarðarinnar Horns, sem er í Nesjahreppi. Þannig er aðliggjandi land hafnarinnar í tveimur hreppum.

Miklar hafnarframkvæmdir standa nú fyrir dyrum í Hornafirði. Fyrirhuguð hafnarmannvirki eiga m. a. að koma meðfram Óslandinu, enda aðstaða þar hin ákjósanlegasta. Höfninni er því nauðsyn á að fá land í Óslandinu.

Samkomulag hefur ekki tekizt á milli hreppsnefnda Nesjahrepps og Hafnarhrepps um breytingu hreppamarka, þannig, að Óslandið tilheyrði Hafnarhreppi. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hefur haft á hendi milligöngu um samninga-

viðræður á milli aðila, og hefur hann tjáð, að nánast virðist ágreiningurinn orðinn um bótaupphæð, og gætu þá sættir tekizt um, að Óslandið félli allt til Hafnarhrepps. Ákjósanlegast hefði verið, að hrepparnir hefðu getað náð samkomulagi sín í milli um málið. Hafnarmálið er mál allra Austur-Skaftfellinga og því naumast ágreiningsefni að greiða fyrir auknum hafnarframkvæmdum, sem ekki þola bið.

Með frv. er gert ráð fyrir, að enn verði reynt til þrautar að ná samkomulagi um bótafjárhæð til Nesjahrepps vegna Óslandsins, en jafnframt lagt til, að matsgerð óvilhallra aðila verði látin skera úr um bótagreiðslu vegna breytinga á hreppamörkunum.

Frv. þetta er flutt að eindreginni ósk hreppsnefndar Hafnarhrepps. Það er sniðið í samræmi við lög, er áður hafa verið sett til breytinga á mörkum sveitarfélaga.

Frumvarp þetta fjallar aðeins um breytingu á hreppamörkum. Eftir er fyrir Hafnarhrepp að eignast landið, sem er í einkaeign margra aðila.

Allir þingmenn Austurlandskjördæmis standa að flutningi þessa frumvarps.

Ed. 329. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið, en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Minni hl. nefndarinnar (ÓlJ, HermJ og AG) vill breyta frumvarpinu og mun gefa út sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 16. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Sigurður Ó. Ólafsson.

Sveinn Guðmundsson.

Ed. 330. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Karli Kristjánssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkissjóði heimilt að verja á árinu 1966: 10 millj. kr. til greiðslu vinnsluuppbóta á þeim stöðum, sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, svo sem af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum. Ráðuneytið setur reglur um greiðslu uppbótanna, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Nd. **331. Nefndarálit** [72. mál]

um frv. til laga um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum og kynnt sér efni þess rækilega. M. a. mættu eftirtaldir menn, sem sömdu frumvarpið að beiðni dómsmálaráðuneytisins, á viðræðufundi hjá nefndinni:

Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóri, Benedikt Sigurjónsson hæstaréttardómari, Ólafur W. Stefánsson stjórnarráðsfulltrúi, Arinbjörn Kolbeinsson læknir, form. Félags íslenzkra bifreiðaeigenda, Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri og Eiríkur Ásgeirsson, form. Skipulagsnefndar fólksflutninga. Einn af höfundum frumvarpsins, Theódór B. Líndal prófessor, gat ekki mætt á fundinum.

Veittu þessir menn nefndinni greinargóðar upplýsingar um málið og svöruðu fjölda fyrirspurna, sem til þeirra var beint. Voru þeir allir sammála um brýna nauðsyn þess, að málið næði fram að ganga.

Að lokinni athugun nefndarinnar á frumvarpinu er niðurstaðan sú, að undirritaður meiri hluti leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en einn nefndarmanna, Óskar E. Levy, mun skila séráliti. Nefndarmennirnir Björn Fr. Björnsson og Skúli Guðmundsson taka þó fram, að þeir séu mótfallnir IV. kafla frumvarpsins um sérstakan skatt af bifreiðum, og Ragnar Jónsson áskilur sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Eins og rakið er í grg. með frv., hafði Alþingi ákveðið árið 1940, í fyrstu umferðarlögunum og nýjum bifreiðalögum, að taka upp hægri handar umferð hér á landi. Þau lög komu þó ekki til framkvæmda vegna hernáms Breta. Endurskoðunarnefnd umferðarlaga, skipuð 1955, var því meðmælt, að tekin yrði upp hægri handar umferð, en gerði ekki tillögur um kostnaðarhliðina við breytinguna, þannig að hún komst ekki til framkvæmda, þegar núgildandi umferðarlög, nr. 26 2. maí 1958, voru sett. En hinn 13. maí 1964 lýsti Alþingi yfir vilja sínum í þessu efni með samþykkt eftirfarandi þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hefja hið allra fyrsta undirbúning að því, að upp verði tekinn hægri handar akstur hér á landi."

Þessi tillaga hafði m. a. verið send til umsagnar vegamálastjóra, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Landssambands vörubifreiðastjóra og umferðarnefndar Reykjavíkur, og lýstu allir þessir aðilar yfir stuðningi við hægri handar umferð.

Frv. það, sem hér um ræðir, er svo samið í framhaldi af þessu. Hafa verið valdir til þess þeir menn, sem vegna starfa sinna þekkja vandamál umferðarinnar betur en flestir aðrir. Telja þeir allir, að hverfa beri frá vinstri handar umferðinni, og í grg. með frumvarpinu hafa þeir fært fram ýtarleg og skýr rök fyrir þeirri niðurstöðu. Er óþarft að endurtaka þau rök hér, en þetta skal þó tekið fram:

I.

Bættar og auknar samgöngur landa á milli hljóta að hafa í för með sér samræmingu á umferðarreglum, og hefur þetta leitt til þess, að hægri handar umferð er orðin meginregla í umferð á landi. Af Evrópulöndum hafa Austurríki, Tékkóslóvakía, Ungverjaland og Portúgal horfið frá vinstri handar umferð til hægri handar umferðar á síðustu áratugum, og næsta ár bætist Svíþjóð í þennan hóp. Verða þá Bretland, Írland, Ísland, Kýpur og Malta einu löndin í Evrópu með vinstri handar umferð.

Þeir, sem telja ekki nauðsynlegt fyrir Ísland að taka upp hægri handar umferð, eins og flestar þær þjóðir, sem við höfum mest samskipti við hafa gert, segja sem svo, að hér gengni öðru máli en t. d. í Svíþjóð, þar sem er mikil umferð erlendra bifreiða, og Svíar gera mikið að því að aka í eigin bifreiðum til annarra

landa. Þessu er því til að svara, að það gerist stöðugt algengara, að Íslendingar hafi með sér bifreiðar til útlanda eða kaupi eða leigi bifreiðar til að aka þeim erlendis. Sömuleiðis fer það í vöxt, að erlendir menn aki leigubifreiðum hérlendis. Svo má það ekki heldur gleymast, að gangandi fólk þarf ekki síður að gæta sín í umferðinni en þeir, sem í bifreiðum aka, og það er einnig nauðsynlegt að samræma umferðarreglur okkar og annarra þjóða vegna gangandi fólks.

Einkum er þetta nauðsynlegt, þegar haft er í huga, að nú á dögum geta menn verið svo fljótir í förum milli landa með flugvélum, að þeir komist úr vinstri handar umferðinni hérna í hægri handar umferð erlendis á fáeinum klukkutímum, — eða öfugt, þegar heim er haldið erlendis frá.

Alþjóðareglur um umferð á sjó og í lofti miðast við hægri handar umferð, og hefur víst engum til hugar komið að leggja til, að innan landhelgi eða lofthelgi hvers lands væru látnar gilda mismunandi reglur að þessu leyti.

Samræmdar alþjóðareglur um umferð á sjó og í lofti veita vissulega mikið öryggi og draga úr slysahættu.

Með samræmingu umferðarreglna hinna ýmsu þjóða að því er varðar umferð á landi er einnig að því stefnt að auka öryggi og draga úr slysahættu.

Það er þess vegna engin tilviljun, að alþjóðasamband læknafélaga þeirra lækna, sem bifreiðum aka (International Union of Associations of Doctor-Motorists) hefur í bréfi, dags. 8. ágúst 1963, til forsætisráðherra Íslands, vakið athygli á því, að af vinstri handar umferðinni, sem enn tíðkist á Íslandi, stafi vaxandi hætta fyrir umferðaröryggi almennt og sérstaklega fyrir þá Íslendinga, sem ferðast til útlanda. Bendir alþjóðasambandið á það í lok þessa bréfs, að með vaxandi alþjóðlegum samgöngum muni þessi hætta sífellt aukast.

II.

Þeir, sem ekki vilja fallast á breytinguna úr vinstri handar umferð í hægri handar umferð hér á landi, segja, að afstaða þeirra mótist öðru fremur af stóraukinni slysahættu, sem þeir telja, að breytingunni hljóti að vera samfara.

Allar þær upplýsingar, sem fyrir liggja, sýna, að of mikið er gert úr þessu atriði. Reynsla annarra þjóða, sem breytt hafa umferðinni hjá sér úr vinstri handar í hægri handar umferð, er á þá leið, að sé breytingin nægilega vel undirbúin með fræðslu og aðvörunum, áður en hún tekur gildi, og auknu eftirliti og leiðbeiningum fyrstu daga eða vikurnar, eftir að hún tekur gildi, megi koma í veg fyrir, að slysahætta aukizt, og jafnvel draga úr henni frá því, sem var fyrir breytinguna.

Það er vitanlegt, að tryggingarfélög fylgjast starfsemi sinnar vegna betur með slysatíðni og slysahættum en aðrir. Nefnd sú, sem frv. samdi, upplýsti á viðræðufundinum við allsherjarnefnd, að einn nefndarmanna hefði sérstaklega kannað, hvort breytingin úr vinstri umferð í hægri hefði annars staðar verkað til hækkunar á tryggingariðgjöld, en komizt að raun um, að svo hefði ekki verið.

Einnig var það álit nefndarinnar, að tryggingarfélög hér mundu ekki þurfa að hækka iðgjöld vegna breytingarinnar.

Í Svíþjóð er starfandi félagsskapur sem nefnir sig „Föreningen för Högertrafik i Sverige“. Hefur sá félagsskapur beitt sér fyrir því, að komið yrði á hægri handar umferð þar í landi, og safnað saman margháttuðum upplýsingum um málið. Eftirfarandi er tekið úr skýrslum þessa félagsskapar um reynsluna af breytingunni í öðrum löndum (lausl. þýtt):

„Í Austurríki var breytt úr vinstri handar í hægri handar umferð í sumum hlutum Týról og Salzburg upp úr 1930. Breytingin virðist aðeins hafa haft í för með sér minni háttar aukningu umferðarslysa fyrst í stað. Breytingin náði aðeins til tveggja milliríkjavega, og við þá hafði verið komið upp sérstöku eftirliti með umferðinni. Þessu er það að þakka, hversu farsællega tókst að koma breytingunni

í framkvæmd. Í júní 1935 var svo hægri handar umferð komið á í Kärnten og í Týról öllu. Það er upplýst, að reynslan strax eftir breytinguna hafi verið hagstæð, og má að verulegu leyti þakka það umfangsmiklum varúðarráðstöfunum.

Í **Wien** var komið á hægri handar umferð 19. sept. 1938, en hinn 1. júlí sama ár hafði breytingin átt sér stað í Efri-Donan og suðurhluta Burgenlands. Í norðurhluta Burgenlands og Neðri-Donan var breytt um 19. sept. 1938, eins og í Wien.

Þegar breytingin átti sér stað í Wien, hittist svo á, að miklir herflutningar og myrkvunaræfingar áttu sér stað. Er ekki svo að sjá, að rekinn hafi verið mjög umfangsmikill áróður fyrir breytingunni yfir í hægri umferð í Wien, en almenningur hafði fyrir fram jákvæða afstöðu, af því að breytingin hafði áður verið framkvæmd annars staðar í Austurríki. Aðstaðan til breytingarinnar var hagstæð, af því að mjög fáir strætisvagnar gengu í borginni.

Í **Tékkóslóvakíu** höfðu áætlanir um breytingu yfir í hægri umferð lengi verið tilbúnar, og áður en Þjóðverjar hernámu landið, hafði breytingin verið fastákveðin. Hernám Þjóðverja olli því, að breytingin gerðist með skjótari hætti en upphaflega hafði verið ráðgert.

Í **Ungverjalandi** var áætlunin um breytinguna tilbúin, áður en síðari heimsstyrjöldin hófst. Formleg ákvörðun var þó ekki tekin fyrr en í maí 1941, og breytingunni var komið á 6. júlí það ár.

Í **Búdapest** þurfti þó að fresta breytingunni til 9. nóv. 1941. Tímaþröngin olli því, að í Búdapest var aðeins hægt að leggja vinnu í það, sem bráðnauðsynlegt gat talizt að framkvæma. Daginn, sem breytingin kom til framkvæmda, bar umferðin það með sér, að undirbúning skorti, en strax á næstu dögum færðist allt í eðlilegt horf. Í nokkurn umþóttunartíma óku strætisvagnar um með dyr báðum megin, og að öðru leyti varð vart við bráðabirgðaráðstafanir. Öll umferð var bönnuð á götum Búdapest milli kl. 12 og 6 aðfaranótt 9. nóvember.

Að fenginni reynslu af breytingunni í Austurríki og Tékkóslóvakíu hafði verið rekinn mjög víðtækur áróður, dyggilega studdur af útvarpi og blöðum. Áskorunum með orðunum „Akið til hægri“ var komið fyrir á öllum auglýsingastöðum, á öllum ökutækjum og á borðum, sem strengdir voru yfir göturnar eða festir á opinberar byggingar. Breytingin í Búdapest komst á með furðanlegri lipurð, og samkvæmt því, sem upp er gefið, hafði breytingin ekki í för með sér nein umtalsverð áhrif á slysatíðnina.

Í **Argentínu** var ákvörðun tekin um breytinguna 2. okt. 1944, en hún kom til framkvæmda 10. júlí 1945. Það er upplýst, að þegar eftir tvo daga hafi umferðin aftur verið komin algerlega í eðlilegt horf. Fyrstu dagana eftir breytinguna var hámarksökuhraði í bæjunum 20 km á klst., í úthverfum þeirra 35 km á klst. og á þjóðvegum 70 km á klst. Takmörkun hámarksökuhraðans olli því, að ökutími sporvagna og strætisvagna lengdist, og við það dró úr flutningagetu þeirra.

Auk venjulegra lögreglumanna var ráðinn fjöldi sérstaklega þjálfaðra aukalögreglumanna. Voru margir þeirra opinberir starfsmenn. Eitt aðalstarf lögreglunnar var að draga úr umferðarhraðanum og gefa fólki í umferðinni aðvaranir. Öllum upplýsingum frú Buenos Aires ber saman um það, að breytingin þar hafi verið furðanlega auðveld í framkvæmd, en þar hafði einnig verið hafður í frammi *mjög umfangsmikill áróður.*“

Það virðist ljóst af þessum upplýsingum o. fl., að komast má að mestu eða jafnvel alveg hjá auknum slysum, þegar breytingin úr vinstri umferð í hægri tekur gildi, hafi hún áður verið nógu rækilega undirbúin, eins og ætlunin er að gera samkv. frv. því, sem hér liggur fyrir.

Það er einnig mat þeirra manna, sem kunnugastir eru umferðarmálunum, að öll sú fræðsla, varúðarráðstafanir og áróður, sem á að eiga sér stað fyrir breytinguna, muni hafa varanleg áhrif til þess að bæta umferðina, eftir að breytingin hefur komizt á.

Af því, sem rakið hefur verið hér að framan, sést, að auknar slyshættur eru samfara því að halda fast við vinstri umferðina, eftir að þær þjóðir, sem við höfum mestar samgöngur við, hafa flestallar tekið upp gagnstæða reglu.

Það er einnig ljóst, að breytinguna yfir í hægri umferð má með góðum undirbúningi framkvæma, án þess að slysatíðni aukist, og á þann hátt, að umferðarmenningin taki varanlegum framförum.

III.

Langflestar bifreiðar hér á landi, aðrar en strætisvagnar, eru með stýri vinstra megin, en það er öfugt við það, sem vera ætti, þar sem víkja skal til vinstri í umferðinni. Þessi staðreynd er þung á metunum að dómi undirritaðra, þegar mælt er með því að breyta umferðarreglunum, eins og frv. gerir ráð fyrir. Röng staðsetning stýrisins hefur verið orsök alvarlegra bifreiðaárekstra og hörmulegra slysa og er einkum viðsjárverð í mikilli og hraðri umferð, hvort sem er í þéttbýli eða á vegum úti.

Eina breytingin, sem gera þarf á bifreiðum með stýri vinstra megin, við það, að tekin er upp hægri handar umferð, er á ljósabúnaði, og er áætlað, að sú breyting kosti aðeins um 350 kr. á bifreið.

Eftir að hægri reglan hefur verið upp tekin, eiga allir bifreiðafarþegar þess kost að fara þeim megin út, sem gangbraut er, en með því er öryggi þeirra aukið til muna.

Strætisvagnar hér eru, sem kunnugt er, með stýri hægra megin, eða réttu megin fyrir vinstriregluna Þannig verður það að vera, og einnig er óhjákvæmilegt, að þeir hafi dyraumbúnað vinstra megin, meðan vinstrireglan gildir. En það er orðið svo að segja ómögulegt að fá þannig útbúna vagna lengur, að því er upplýst er, og ef kaupa ætti strætisvagna með stýri vinstra megin og dyr á hægri hlið, þá mundi ekki vera hægt að nota þá í vinstri umferð nema með kostnaðarsömum breytingum og miklum óþægindum. Þannig mundi staðsetning stýris vinstra megin í strætisvögnum, sem ekið væri í vinstri handar umferð, óhjákvæmilega gera það að verkum, að auk bifreiðastjóranna þyrfti aðstoðarmenn í vagnana, en í Reykjavík einni mundi það þýða 12 til 15 millj. kr. aukin útgjöld á ári hjá strætisvögnunum. Við það, að flestar þjóðir hafa nú tekið upp hægri handar umferð, er svo komið, að þær miða framleiðslu á almenningsvögnum sínum við þá meginreglu. Þannig eru stærstu bifreiðasmiðjur Svíþjóðar þegar hættar að framleiða almenningsvagna fyrir vinstri umferð með hliðsjón af breytingunni, sem þar verður næsta ár, og nýjasta gerð af Mercedes-Benz almenningsvagni er einnig eingöngu með vinstra stýri.

Strætisvagnarnir eru svo þýðingarmikil samgöngutæki, að þetta er eitt þeirra atriða, sem úrslitaþýðingu hafa í þessu máli.

IV.

Innan nefndarinnar er ekki samkomulag um það, hvernig afla skuli fjár til þess að standa undir kostnaði við breytingu frá vinstri umferð til hægri umferðar, sbr. fyrirvara tveggja nefndarmanna við IV. kafla frv. Sá ágreiningur skiptir þó ekki meginmáli, heldur er það mest um vert, að sú ákvörðun, að framkvæma breytinguna til hægri handar umferðar, verði ekki látin dragast.

Með hverju ári, sem umferðarbreytingunni seinkar, hækkar kostnaðurinn við hana.

Árið 1940 var áætlað, að breytingin mundi kosta 50 þús. kr. Árið 1956 var hún áætluð 5.6 millj. kr., og er nú gert ráð fyrir, að kostnaðurinn nemi um 50 millj. kr.

Svíar hafa svipaða sögu að segja. Þeir áætluðu sinn kostnað sem hér segir:

Árið 1943	.....	16 millj. s. kr.
— 1946	.....	27 — - —

Árið 1959	.....	215	millj. s. kr.
— 1961	.....	325	— - —
— 1963	.....	400	— - —

Árið 1967 er ráðgert, að kostnaður þeirra verði um 550 millj. s. kr.

Í grg. frv. var kostnaður vegna breytinga á vegakerfinu sjálfu áætlaður tiltölulega lágur, miðað við það, að umferðarbreytingin komist á árið 1968, eins og frv. gerir ráð fyrir. Varanleg gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum er stöðugt að aukast, og á næstunni mun verða hafizt handa um mikla mannvirkjagerð vegna umferðarinnar í höfuðborginni og í námunda við hana.

Verði þessar framkvæmdir allar þegar í upphafi skipulagðar og undirbúnar með tilliti til hægri handar umferðar, þá hefur það engan aukakostnað í för með sér. En verði þær á hinn bóginn gerðar, án þess að ganga út frá breytingunni úr vinstri í hægri umferð, þá mundi það stórauka kostnað við breytinguna síðar, og gefa tölur þær, sem hér að framan voru nefndar, nokkra hugmynd um, hverju sá kostnaðarauki kynni að nema.

Að þessu leyti hníga einnig öll rök að því, að ekki beri að fresta því lengur að taka upp hægri handar akstur hér á landi.

Það er talið, að aldrað fólk með ökuréttindi muni eiga einna erfiðast með að aðlaga sig hinum breyttu umferðarreglum, sem frv. gerir ráð fyrir, en að eftir hæfilegan umþóttunartíma muni það einnig venjast breytingunni.

Með hliðsjón af þessu er það mikilvægt, að breytingin verði ekki látin dragast, vegna þess að aldursskipting ökumanna er nú þannig, að tala roskinna ökumanna er tiltölulega lág. En með hverju ári, sem líður, fer tala roskinna ökumanna ört vaxandi.

Að þessu öllu athuguðu mælum við með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 16. marz 1966.

Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Ragnar Jónsson, með fyrirvara.	Pétur Sigurðsson.	Skúli Guðmundsson. með fyrirvara.
	Ragnar Arnalds.	Björn Fr. Björnsson, með fyrirvara.	

Ed. 332. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið til fulls sammála um afgreiðslu þess. Við undirritaðir getum ekki fallizt á, að rétt sé að veita ráðherra jafnótakmarkaða undanþáguheimild og frv. gerir ráð fyrir. Við viljum takmarka hana við tiltekin tilvik. Flytjum við því breytingartillögur þess efnis, að ráðherra sé einungis heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum 1.—4. töluliðs 1. gr., ef aðili hefur eignazt fasteign við hjúskap eða erfðir eða öðlazt fasteignarréttindi fyrir gildistöku laga þessara.

Aðrar tillögur okkar til breytingar á frv. eru til samræmis við þá höfuðbreytingartill. okkar.

Alþingi, 16. marz 1966.

Ólafur Jóhannesson, frsm.	Hermann Jónasson.

Ed. 333. Breytingartillögur [19. mál]

við frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 1. minni hl. allsherjarnefndar (ÓlJ, HermJ).

I. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
Hafi maður eignazt fasteign við hjúskap eða erfðir eða öðlazt fasteignaréttindi fyrir gildistöku laga þessara, án þess að skilyrði 1.—4. töluliðs séu fyrir hendi, er ráðherra heimilt að veita aðila leyfi til eignarhaldsins, ef ástæða þykir til. Eigi þarf leyfi til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara.

II. Við 2. gr. Greinin falli burt.

III. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr. og orðist svo:
Nú hefur ráðherra borizt skýrsla samkvæmt 2. gr. eða hann hefur á annan hátt fengið vitneskju um, að maður, sem eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, hafi öðlazt réttindi þau yfir fasteign, er getur í 1. gr., og skal hann þá setja honum frest til að koma málinu í löglegt horf, með því að fá leyfi það, sem vantar, eða með því að láta réttindin af hendi til annars manns, er öðlast megi þau að lögum. Frestur þessi má eigi styttri vera en 6 mánuðir og eigi lengri en 3 ár. Ákvörðun sína um þetta lætur ráðherra innrita fyrir fram eða þinglesa, svo fljótt sem unnt er, á varnarþingi fasteignarinnar. Frestinn skal telja frá þinglýsingardegi.

IV. Við 5. gr. Greinin verði 4. gr. og orðist svo:
Nú hefur aðili eigi sýnt full skilríki fyrir því, að málið sé komið í löglegt horf, áður en fresturinn er útrunninn, og lætur ráðherra þá selja eignarréttinn á nauðungaruppboði á kostnað eiganda, og er hann bundinn við þá sölu og heimildarmaður hans og allir þeir, er réttindi eiga í eigninni. Um uppboðið fer eftir fyrirmælum laga um nauðungaruppboð, nr. 57 25. maí 1949, eftir því sem við á. Uppboðsauglýsingin skal í þessum málum birt fasteignareiganda í stað skuldunauts, og sé hann eigi fyrir á fasteigninni, má birta hana, svo að nægi, hverjum manni öðrum, er þar er fyrir, og sé enginn þar fyrir, þá næstu grönnum. Eigandi fær borgaðan þann hluta uppboðssöluverðsins, sem honum hefði borið, ef hann hefði verið löglega kominn til eignar eða afnota.

V. Við 6. gr. (sem verði 5. gr.).
Í stað „7. gr.“ komi: 6. gr.

VI. Við 7. gr. (sem verði 6. gr.).
Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.

VII. Við 8. gr. (sem verði 7. gr.).
Í stað „4. og 5. gr.“ komi: 3. og 4. gr.

Nd. 334. Frumvarp til laga [156. mál]

um breyting á lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins, nr. 19 10. maí 1965.

Flm.: Einar Olgeirsson, Geir Gunnarsson, Eðvarð Sigurðsson.

1. gr.

C-liður 7. gr. laganna breytist þannig:

3. málsliður: „Hver árgreiðsla, afborgun, vextir og kostnaður skal hækkuð eða lækkuð, eftir því sem við á, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, sbr. lög nr. 63/1964“ — falli burt.

2. gr.

Húsnæðismálastofnun ríkisins skal breyta þeim lánssamningum, sem þegar hafa verið gerðir við húsbyggjendur, þannig að eigi verði reiknuð vísitala á þau lán.

3. gr.

Teknir skulu upp samningar við þá lánveitendur, sem veitt hafa húsnæðismálastjórn beint eða húsbyggjendum fyrir hennar milligöngu lán með þessum skilyrðum um vísitölugreiðslu. Skal reynt að fá þá til þess að falla frá þessu skilyrði með aðstoð ríkisstjórnar og breyta samningum (skuldabréfum o. s. frv.) í samræmi við það. Takist það ekki, skal ríkissjóður greiða mismuninn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er orðin viðurkennd stefna þjóðfélagsins, að gera skuli sem flestum fjölskyldum kleift að eignast eigin íbúð. Með miklum dugnaði einstaklinga hefur tekizt að stíga hin stærstu spor fram á við í þessum efnum á undanförnum áratugum, þrátt fyrir það, að lánin frá því opinbera hafa verið hlutfallslega of lítill hluti af byggingarkostnaði íbúðar. Hefur það óneitanlega létt hinum almenna manni átakið að eignast íbúð, að verðbólgan hefur í flestum tilfellum rýrt skuldir hans og gert þær léttbærari, en kaupgjaldshækkun hins vegar haldizt nokkuð svipuð dýrtíðaraukningunni.

Er nú svo komið, að talið er, að 1964 búi 75% framteljenda í landinu í eigin íbúðum (t. d. 68.7% ófaglærðra verkamanna í eigin íbúðum), en 1940 bjuggu í Reykjavík 39% í eigin íbúðum (2967 bjuggu þá í eigin íbúðum, en 4678 í leiguíbúðum).

Það er nauðsynlegt, að hægt sé að halda þessari stefnu áfram, að gera fjölskyldum af alþýðustétt kleift að eignast þak yfir höfuðið. En nú er greinilegt, að á þessu verður alger breyting til hins verra, ef halda á þeim hætti, er upp var tekinn fyrir tveim árum, að reikna kaupgreiðsluvísitölu á lán þau, sem menn fá frá húsnæðismálastjórn, og vexti af þeim.

Með þessum vísitölulánum yrði hinum almenna manni gert ókleift að rísa undir afborgunum og vöxtum, svo sem eftirfarandi dæmi sýnir:

Fái íbúðareigandi lán að upphæð 280 000 kr. til 25 ára, svo sem nú er ráð fyrir gert í lögum, og eigi hann að borga vísitölu á þetta lán og vexti af því og haldi verðbólgan áfram á sama hátt og gerzt hefur undanfarin 15 ár, — en þá hefur hún vaxið um 10% á ári, — þá yrði hann í stað þeirrar jöfnu árgreiðslu (annuitetsgreiðslu), sem ella væri 18 398 kr., ef allt væri eðlilegt og engin vísitöluskuldbinding á láninu, að greiða svo sem hér segir:

Á 10. ári	47 656 kr.
Á 15. ári	76 912 —
Á 20. ári	123 832 —
Á 25. ári	199 272 —

Með öðrum orðum: Síðasta afborgunin af 280 þús. kr. láni yrði þá tæpar 200 þús. kr. eftir stöðugar greiðslur í 24 ár, og alls yrði þá íbúðareigandinn á árinu 1991 búinn að greiða á þriðju milljón króna fyrir þær 280 þús. kr., er hann fékk að láni frá ríkinu til að hjálpa honum 1966.

Þegar ákvörðun var tekin um þessa vísitölugreiðslu á húsnæðislánum og vöxtum 1964, hafa þeir, sem að því stóðu, vafalaust gengið út frá því, að verðbólgan yrði stöðvuð, og treyst á það. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei fallizt á þessa aðferð sem einu aðferðina til að lána alþýðu manna íbúðarlán, og þegar nú er auðséð, að verðbólgan muni halda áfram af fullum krafti, þá er það alveg frágangssök að

ætla að halda því ákvæði í lögum að reikna vísitölu á húsnæðislán til almennings. Slíkt mundi gera þorra manna ókleift að eignast eigin íbúð og stöðva þar með þá þróun, er verið hefur undanfarna tvo áratugi, og skapa neyð og öngþveiti í húsnæðismálum.

Fyrir þá verkamenn og annað launafólk, sem nú er að byrja á að eignast íbúð, — og alveg sérstaklega fyrir unga fólkið, sem er að hefja búskap, — er húsnæðiskostnaðurinn, hvort heldur er til eigin húsnæðis eða leiguhúsnæðis, hinn erfiðasti að bera. Í Reykjavík mun slíkt fólk t. d. verða að reikna með minnst 5000—7000 kr. á mánuði í þann kostnað og oft miklu meira, ef borga þarf hratt niður skuldir. Og þegar mánaðarkaup hafnarverkamanns fyrir 44 tíma vinnuviku er rúmar 9000 krónur, þá má sjá, að nógu mikið er átakið, sem gera þarf til að eignast þak yfir höfuðið, þótt lánsfjárupphæðin sé ekki látin tvöfaldast á 7 ára fresti í krafti vísitöluákvæðanna. Þegar lánakjör eru þannig, að menn verða jafnvel að borga allt upp í 90 000—100 000 kr. á ári til þess að rísa undir skuldabagganum, — án þess að vísitala sé reiknuð á lánunum, — þá gefur að skilja, að með því að ætla að viðhalda núverandi vísitöluákvæðum um húsnæðislán ríkisins í lögum, þá er beinlínis verið að banna launafólki og sérstaklega ungu launafólki að eignast íbúð.

Það er því lagt til með þessu frv. að fella þetta ákvæði burt. Jafnframt yrði svo að gera ráðstafanir til þess að breyta þeim skuldabréfum, sem þegar hafa verið gefin út með vísitöluákvæðum, svo að þeir, er nú hafa tekið slík lán, losni við þessar óbærilegu álögur.

Þorri fólks gerir sér ekki ljóst, er það tekur slík lán, hvað það raunverulega er að skrifa undir. Fólk treystir ríkinu til heiðarlegra viðskipta við sig og á ekki von á, að verið sé að binda það á slíkan okurklafa.

Það ber að hverfa frá þessu fyrirkomulagi nú þegar. Einnig með tilliti til vinnufriðar í þjóðfélaginu er það affarasælast, því að verkalýðshreyfingin, sem undanfarið hefur haft afskipti af þessum húsnæðismálum í sambandi við kaupgjaldssamninga, getur ekki horft á það afskiptalaust, að verkamönnum verði skömmtuð slík okurskilyrði sem vísitöluskuldbindingin á greiðslu lána og vaxta mundi leiða af sér.

Sþ. 335. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um námslaun, greiðslu skóladvalarkostnaðar o. fl.

Flm.: Ingvar Gíslason, Þórarinn Þórarinsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til þess að gera tillögur um fyrirkomulag námslauna, eflingu námslánasjóðs og greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. — Nefndin skili áliti fyrir næsta reglulegt Alþingi. — Ber nefndinni m. a. að hafa samráð við Lánasjóð ísl. námsmanna, stúdentaráð Háskóla Íslands, Félag ísl. stúdenta erlendis, Alþýðusamband Íslands og Stéttarsamband bænda. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Yfirlit yfir námsstyrktarkerfið.

Lög nr. 52 1961, um Lánasjóð íslenzkra námsmanna, gera ráð fyrir, að sjóðurinn starfi í tveimur deildum, annars vegar Lánadeild stúdenta við Háskóla Íslands og hins vegar Lánadeild námsmanna erlendis. Lánadeild námsmanna erlendis hefur að því leyti víðara verksvið, að réttur til námslána nær að jöfnu til háskólastúdenta og nemenda annarra skóla. Auk þess hafa nemendur erlendis aðgang að beinum

styrkjum, sem menntamálaráð úthlutar. Stúdentar við Háskóla Íslands hafa rétt til námslána, en almennt engra beinna styrkja.

Námslánin eru mismunandi há eftir því, hvaða nám menn stunda. Fer flokkun námslána m. a. eftir lengd námsins, þ. e. hversu mörg ár þarf til þess að ljúka lokaprófi í hlutaðeigandi grein, en fleiri atriði munu og ráða flokkuninni, t. d. möguleikar stúdenta til þess að stunda vinnu með námi. Læknastúdentar njóta hæstu námslána, enda er læknanámið lengra en annað háskólanám og vinnu læknastúdenta með námi mikil takmörk sett, ekki sízt þegar líður á námstímann. Nemendur í öðrum íslenzkum skólum hafa ekki aðgang að námslánum né beinum styrkjum af ríkisfé.

Tekjur sínar fær námslánasjóður fyrst og fremst af framlagi ríkissjóðs samkv. fjárlögum hverju sinni, en auk þess hafa verið tekin lán í bönkum til þess að svara nokkru af þörfum sjóðsins. Sem ljóst má vera er slík fjáröflun óraunhæf til frambúðar og stenzt ekki nema sem bráðabirgðalausn mjög stuttan tíma. Þá hefur sjóðurinn tekjur af eigin fé. Þegar lög um Lánasjóð ísl. námsmanna voru sett 1962, var talið að því stefnt, að meðallánið gæti náð því að verða 25 þús. á ári. Því marki hefur ekki verið náð til þessa. Mun meðallánið vart hafa verið meira en ca. 20 þús. á ári.

Eins og fyrr er á minnzt, leggur ríkið einnig fram óafturkræfa beina námsstyrki, sbr. 14. gr. fjárlaga. Sér menntamálaráð um úthlutun þeirra. Styrkir þessir eru tvenns konar, annars vegar svonefndir fimm ára styrkir („dúxastyrkir“) og hins vegar styrkir til námsmanna erlendis. Fimm ára styrkjanna njóta háskólastúdentar einir, hvort sem þeir stunda nám innanlands eða utan, og aðeins þeir, sem lokið hafa stúdentsprófi með afburða árangri.

Í 13. gr. læknaskipunarlaga segir, að heimilt skuli, samkvæmt tillögum landlæknis, að fenginni umsögn læknadeildar Háskóla Íslands, að veita á ári hverju læknastúdentum ríkislán til náms gegn skuldbindingu um læknaþjónustu í héraði að afloknu námi. Engum má þó veita slíkt námslán, fyrr en hann hefur staðizt fyrsta hluta embættisprófs.

Af því, sem hér hefur verið sagt, má ráða, að háskólastúdentar og aðrir námsmenn, sem nám stunda erlendis, hafa möguleika á að fá nokkurt námslán og nokkurn beinan námsstyrk, stúdentar við Háskóla Íslands hafa möguleika á að fá námslán, en engan beinan styrk, utan þeir, sem rétt kynnu að eiga á svonefndum „dúxastyrk“. Læknastúdentar njóta sérstakra lánsmöguleika samkv. læknaskipunarlögum. Námsmenn í öðrum skólum innanlands fá hvorki lán né styrki af ríkisfé.

Nauðsyn endurskoðunar.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja tímabært að taka námsstyrktarkerfið til rækilegrar endurskoðunar í því skyni að efla það og auka verulega sem nauðsynlegan þátt í framtíðaruppbyggingu menntamála þjóðarinnar. Er þá fyrst fyrir að koma upp námslaunakerfi, er leysi af hólmi núverandi styrkjafyrirkomulag, og efla samtímis Lánasjóð íslenzkra námsmanna frá því, sem nú er. **Þarf að stefna að því, að allir, sem stunda langskólanám og annað dýrt nám heima og erlendis, eigi þess kost að fá svo rífleg námslaun og námslán samanlagt, að svari eðlilegum námskostnaði.** Rétt er að gera ráð fyrir, að slíku kerfi verði komið á í áföngum á nokkrum árum.

Eins og nú háttar aðstöðu langskólamanna og annarra, sem stunda dýrt nám, er óhjákvæmilegt, að þeir vinni mikið með námi, og er ekki að efa, að það veldur verulegum töfum á námsferlinum, lengir námið jafnvel svo að árum skiptir og dregur almennt úr námsárangri. Á þetta einkum við um háskólastúdenta. Fer því fjarri, að almennt geri menn sér grein fyrir örðugleikum stúdenta í þessum efnum. Fer ekki hjá því, að þorri stúdenta stofnar til mikilla skulda á námsárum sínum, auk þess sem þeir hefja lífsstarf sitt — af eðlilegum ástæðum — síðar en flestir eða allir aðrir. **Dýr undirbúningur undir lífsstarfið tekur langan tíma og styttir starfsævi**

menntamanna. Er algengt, að íslenzkir stúdentar séu við nám fram að þrítugu, ef ekki lengur. Bætt fjárhagsaðstaða stúdenta mundi breyta miklu í þessu efni. Almennt mundi námstíminn **styttast** stórlega og **nýtast** miklum mun betur, auk þess sem stúdentarnir kæmust fyrr til starfa og ættu fyrir höndum lengri starfsævi í þágu þjóðfélagsins. **Aukin námsaðstoð af hálfu hins opinbera mundi því fljótlega borga sig** og vel það, enda mundu stúdentarnir m. a. efnast og eflast að gjaldgetu vegna opinberra þarfa fyrr en ella.

Námslaun og námslán þurfa auk þess að ná til fleiri námsmanna innanlands en háskólastúdenta, þó að þar sé þörfin einna brýnust.

Greiðsla skóladvalarkostnaðar.

Eitt þeirra nýmæla, sem hreyft er með þingsályktunartillögu þessari, er það, að settar verði reglur um greiðslu skóladvalarkostnaðar nemenda, sem óhjákvæmilega verða að vista sig til langs tíma utan heimila sinna. Getur þetta átt við nemendur á ýmsum aldri og í mismunandi skólum, m. a. nemendur í heimavistarbarnaskólum, héraðsskólum, menntaskólum, verzlunarskólum o. s. frv. Er það án efa sanngjörn og raunhæf aðferð til þess að **jafna námsaðstöðu í landinu,** að hið opinbera greiði kostnað, sem leiðir af óhjákvæmilegri dvöl nemenda utan heimila þeirra. Til lengdar verður ekki undan því vikizt að fara þessa leið. Er það nú mikill beinn útgjaldaliður fyrir sveitaheimili og önnur, sem líkt eru sett hvað snertir fjarlægð frá skólum, að þurfa að vista börn og ungmenni utan heimilis vegna skólagöngu. Sem dæmi um óbein áhrif á fjárhagsafkomu og heimilislíf sveitaheimila er vert að geta þess, að stór hluti menntaskólanemenda, sem verða að sækja skóla í önnur héruð eða landsfjórðunga, neyðist einnig til þess að dveljast fjarri heimilum sínum hvert sumar í því skyni að afla fjár til skólagöngu sinnar. Þetta á fyrst og fremst við um nemendur úr sveitum, þar sem fjáraflavon er lítil miðað við það, sem gerist í uppgripavinnu til sjávarins. Með þessu móti verða börn og foreldrar fyrr viðskila hvort við annað en ella mundi, auk þess sem heimilin missa dýrmætan liðsafla frá nauðsynjaverkum. Er áreiðanlega tímabært að gefa þessu fullan gaum, enda verulegt hagsmuna- og réttlætismál fyrir þá, sem verða að búa við þetta ástand.

Rétt er að geta þess, að þessi mál hafa verið til endurskoðunar í nágrannalöndum okkar undanfarin ár. Svíar hafa þegar tekið upp mjög víðtækt kerfi námsaðstoðar, sem felst í öflugri lánafyrirgreiðslu og beinum námslaunum. Allir stúdentar og skólanemar yfir 16 ára aldur fá einhvers konar námsaðstoð í formi beinna launa og lána. Hvað háskólastúdenta snertir, þá eru samanlögð laun og lán svo mikil, að svarar eðlilegum námskostnaði. Það þýðir, að stúdentar geta gefið sig að námi heilir og óskiptir allan námstímann. Í Noregi hefur stjórnskipuð nefnd lagt til, að námsstyrktarkerfið verði aukið stig af stigi á 10 árum. Stefnt skuli að því að létta námskostnaðarbyrði nemenda á nær öllum skólastigum, m. a. með greiðslu ferðakostnaðar og aukaútgjalda vegna námsdvalar utan heimila. Nefndin leggur til, að stúdentar hljóti aukinn aðgang að lánum og fái að námi loknu endurgreiddan ákveðinn hluta af námskostnaði. — Í Sovétríkjunum og fleiri löndum í Austur-Evrópu eru námslaun greidd stúdentum við háskóla og víst öðrum námsmönnum.

Ed. 336. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir Tryggingastofnunar ríkisins og Tannlæknafélags Íslands. Hefur nefndin ekki

orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.

Bjartmar Guðmundsson.

Ed. 337. Breytingartillaga [145. mál]

við frv. til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Stafliður b. í 5. gr. orðist svo:

b. Árlegt framlag úr ríkissjóði að fjárhæð 15 millj. kr.

Nd. 338. Frumvarp til laga [81. mál]

um loðdýrarækt.

(Eftir 2. umr. í Nd., 17. marz.)

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágreiningi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinnaframleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýragarðar nefnast búr og girðingar, þar sem loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýragörðum, sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

4. gr.

Það er meginstefna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýragörðum og einungis verði ræktuð þar valin kyn loðdýra.

5. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

6. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýragarð hér á landi, skulu senda landbúnaðarráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um byggingu loðdýragarðsins, um gerð hans, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta í garðinum.

Að fengnu áliti veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð hans öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

7. gr.

Um gerð loðdýragarða, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Leyfi skal aðeins veita til ræktunar minka næstu tvö árin frá gildistöku laganna og eigi fleiri en 5 minkabúum.

Leyfi þessi má þó aðeins veita í byggðarlögum, þar sem villiminks hefur orðið vart. Heimilt er þó að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum í Vestmannaeyjum.

Nd. 339. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 52 14. ágúst 1959, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 16. marz 1966.

Pétur Sigurðsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Óskar E. Levy, frsm.
Ragnar Jónsson.	Skúli Guðmundsson.	Ragnar Arnalds.
	Björn Fr. Björnsson.	

Ed. 340. Frumvarp til laga [11. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. marz.)

6. gr. hljóðar svo:

Fastráðnum starfsmönnum við dýrafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík skal heimilt að veiða fugla og safna eggjum handa safninu, hvar sem er, og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrirfram og sýni skilríki sín, verði því við komið.

8. gr. hljóðar svo:

1. Á Íslandi skulu allar villtar fuglategundir, að undanskildum þeim tegundum, er taldar eru í 2. málsgr., vera friðaðar allt árið.

2. Á eftirgreindum árstímum skal heimilt að veiða þær tegundir, sem hér eru taldar:

a. Allt árið: kjói, svartbakur, sílamáfur, silfurmáfur, hrafn.
b. Frá 20. ágúst til 15. marz: dílaskarfur, toppskarfur, grágæs, heiðagæs, blesgæs, helsingi.
c. Frá 1. september til 31. marz: lómur, fýll, súla, stokkönd, urtönd, rauðhöfðaönd, grafönd, duggönd, skúfönd, hávella, toppönd, skúmur, hvítmáfur, bjartmáfur, hettumáfur, rita.
d. Frá 1. september til 19. maí: álka, langvía, stuttnefja, teista, lundi.
e. Frá 15. október til 22. desember: rjúpa.

13. gr. hljóðar svo:

1. Ef nauðsyn krefur og fuglafriðunarnefnd leggur til, getur ráðuneytið veitt undanþágu frá friðunarákvæðum 8. gr. Slíkar undanþágur má takmarka við tiltekin svæði.
2. Á sama hátt má auka friðun einstakra fuglategunda og takmarka slík ákvæði við tiltekin svæði.

25. gr. hljóðar svo:

Eigi má nota eitur til að tortíma fuglum. Að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar getur ráðuneytið með reglugerð veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, að því er varðar notkun eiturs eða svæfandi lyfja, í sambandi við eyðingu tiltekinna tegunda, svo sem svartbaks, hrafns og kjóa.

26.—44. gr. (lokagrein) hljóða svo:

26. gr.

Skipum og bátum skal óheimilt að þeyta eimflautur að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

27. gr.

1. Forðast skal að trufla fugla, sem friðunar njóta samkvæmt lögum þessum, við hreiður, svo að skaði geti hlotizt af á eggjum þeirra eða ungum.
2. Um mynda- og kvikmyndatökur af örnum, fálkum, snæuglum og haftyrðlum við hreiður þeirra skulu sett sérákvæði í reglugerð.

28. gr.

1. Náttúrufræðistofnun Íslands í Reykjavík hefur ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi í vísindalegum tilgangi, og getur stofnunin veitt einstaklingum leyfi til að veiða fugla í net eða gildrur til merkinga. Má slíkt leyfi jafnt ná til friðaðra fugla sem ófriðaðra. Til merkinganna má eigi nota önnur merki en þau, er stofnunin lætur í té.

2. Hverjum þeim, sem finnur eða handsamar merktan fugl, ber að senda merkið, hvort sem það er íslenzkt eða útlent, til Náttúrufræðistofnunar Íslands, ásamt nánari upplýsingum um fundinn.

V. KAFLI

Um inn- og útflutning, kaup og sölu fugla.

29. gr.

Fugla, sem eru alfriðaðir samkvæmt lögum þessum, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf. Gildir þetta jafnt um lifandi fugla og dauða, ef þeir hafa verið deyddir eða þeim hefur verið náð á ólöglegan hátt, svo og einstaka hluta þeirra.

30. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að fugla, sem samkvæmt lögum þessum eru friðaðir tiltekna tíma árs, megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa,

gefa eða þiggja að gjöf fyrr en daginn eftir að veiðitími þeirra hefst, og eigi lengur en í 14 daga, eftir að honum lýkur. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til fugla, sem hafa verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum innan 7 daga frá því, að veiðitíma þeirra lýkur.

31. gr.

Egg, eggskurn og hreiður þeirra fugla, sem samkvæmt lögum þessum njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar, má eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

32. gr.

1. Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal óheimilt að flytja úr landi. Þó getur menntamálaráðuneytið, að fengnum tillögum fuglafriðunarnefndar, veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar, enda gangi trúnaðarmaður frá Náttúrufræðistofnun Íslands úr skugga um, að innihald sendinga af þessu tagi sé í samræmi við veitt leyfi. Auk þess skal Náttúrufræðistofnun Íslands heimilt að flytja út fuglahami og egg án þess að leyfi ráðuneytis komi til, þegar um er að ræða skipti við erlend söfn eða aðrar hliðstæðar stofnanir.
2. Útflutningsbann fyrri málsgreinar tekur hvorki til rjúpna né alifugla, sem kynnu að verða fluttir úr landi.

33. gr.

Ráðuneytinu er heimilt að ákveða með reglugerð, að innflutta fugla megi eigi bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf, nema þeir hafi verið auðkenndir (plúmberaðir) af réttum yfirvöldum á þann hátt, að auðsætt sé, að þeir séu innfluttir. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til erlendra búrfugla eða alifugla, sem til landsins kunna að verða fluttir.

34. gr.

Fugla, egg, eggskurn og hreiður skal mönnum óheimilt að hafa í vörzlum sínum, nema þeirra hafi verið aflað á löglegan hátt.

35. gr.

1. Óheimilt er að taka hami af fuglum og setja þá upp, nema fuglanna hafi verið aflað á löglegan hátt.
2. Þó er með öllu óheimilt að taka og setja upp hami af örnum, fálkum og snæuglum nema í þágu opinberra almenningssafna íslenzkra.

36. gr.

Nú notar ráðuneytið heimild 30. og 33. gr. og kveður þá á um með reglugerð, hvernig fuglar þeir, er þar um ræðir, skuli auðkenndir (plúmberaðir) og hverjir skuli annast auðkenninguna, svo og gjald fyrir hana og hver greiða skuli.

VI. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfar.

37. gr.

1. Hver sá, er gerist sekur um ólöglegar fuglaveiðar, skal sæta sektum frá 500 til 15 000 krónum. Ef brot er ítrekað, skal sektin nema 1500 til 25 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef fágætar fuglategundir eru veiddar, svo sem örn, snæugla, fálki eða haftyrðill, enda sé síðast talda tegundin veidd í varpstað (í Grímsey við Eyjafjörð) eða í grennd við hann. Lágmarkssekt fyrir að veiða fuglategundir þessar á ólöglegan hátt skal vera 2500 krónur. Sömu lágmarkssekt skal sá sæta, er gerist sekur um ólöglegar æðarfuglaveiðar. Upptaka á ólöglegu veiðifangi,

hagnaði af veiði og á veiðtækjum er heimil samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga. Ekki er það upptöku til fyrirstöðu, þótt annar sé eigandi veiðitækis en sá, er sekur hefur reynzt um brot á lögunum.

2. Tilraun til ólöglegra fuglaveiða sætir refsingu sem fullframið brot. Hlutdeild í ólöglegum fuglaveiðum er refsiverð.

3. Það eru ólöglegar fuglaveiðar samkvæmt lögum þessum, ef maður veiðir fugla, þar sem hann á ekki veiðirétt, ef maður stundar fuglaveiðar með ólöglegum veiðiaðferðum eða veiðitækjum, eða ef maður veiðir fugla andstætt friðunarákvæðum laga þessara.

38. gr.

Ólögleg eggjataka varðar sektum frá 250 til 10 000 krónum. Ítrekað brot varðar sektum frá 500 til 20 000 krónum. Virða skal það refsingu til þyngingar, ef tekin eru egg fágætra fuglategunda, svo sem arnar, snæuglu, fálka og haftyrðils. Lágmarkssekt fyrir ólöglega töku eggja þessara tegunda, svo og æðareggja, skal vera 1500 krónur. Heimilt er að gera egg, sem ólöglega er aflað, upptæk samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga. Sama gildir um hagnað, sem fenginn er með ólöglegri eggjatöku.

39. gr.

Brot á ákvæðum 29.—35. gr. varða sektum frá 250 til 25 000 krónum. Upptaka á ólöglegum birgðum af fuglum, eggjum eða eggskurn er heimil, svo og á hagnaði af sölu þessara verðmæta.

40. gr.

Eigi má maður hleypa af skoti í annars manns landi án leyfis landeiganda eða ábúanda, nema lög mæli öðruvísi fyrir. Brot á þessu ákvæði, svo og á öðrum ákvæðum laga þessara, sem ekki er lögð sérstök refsing við í 17. og 37.—39. gr., varða sektum frá 250 til 5000 krónum.

41. gr.

1. Sektir samkvæmt lögum þessum, svo og upptæk verðmæti, renna í sýslusjóð eða bæjarsjóð, þar sem brot er framið. Upptækt veiðifang samkv. 37.—38. gr. eða andvirði þess skal þó renna til veiðiréttarhafa þess, er misgert var við, nema fuglar hafi verið veiddir eða egg tekin andstætt friðunarákvæðum laganna.

2. Nú er brot framið í fleiri lögsagnarumdæmum en einu, og skiptast þá sektir og upptæk verðmæti að jöfnu milli sýslusjóða eða bæjarsjóða.

42. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu rekin að hætti opinberra mála.

43. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög og lagaákvæði:

Lög nr. 63/1954, um fuglaveiðar og fuglafriðun, og reglur, er settar hafa verið samkvæmt þeim.

Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

44. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 341. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til laga um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Frá Karli Kristjánssyni og Ólafi Jóhannessyni.

Við 23. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Nú hefur maður komið sér upp veiðitækjum samkvæmt fuglaveiðisamþykkt, sbr. síðasta málslið 21. gr. laga nr. 63/1954, sem óheimilt verður að nota eftir þessum lögum, og skal þá ríkissjóði skylt að greiða honum bætur, ef hann krefst, fyrir veiðitækin samkvæmt mati.

Ed. 342. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til laga um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna, AG, áskilur sér þó rétt til að flytja brtt. við 5. gr. frv.

Alþingi, 17. marz 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Alfreð Gíslason. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Bjartmar Guðmundsson.
Ásgeir Bjarnason.

Nd. 343. Breytingartillögur [148. mál]

við frv. til laga um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:
   Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkvæmt 1. tölulið.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „allt að 150 milljón króna lán“ komi: allt að 200 milljón króna lán.
3. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „15 ár“ í 12. gr. laganna komi: 20 ár — og í stað orðanna „7 ára“ komi: 10 ára.

Ed. 344. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 1. gr. Í stað „Vélskólans í Reykjavík“ komi: Vélskóla Íslands.
2. Við 4. gr. Í stað „Vélskólinn í Reykjavík“ komi: Vélskóli Íslands.
3. Við 6. gr. Í stað „dýptarmæla, miðunarstöðva“ í 1. mgr. komi: dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva.
4. Við fyrirsögn III. kafla. Í stað „Vélskólinn í Reykjavík“ komi: Vélskóli Íslands.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Markmið hans er að búa nemendur undir að ljúka vélstjóraprófi 2., 3. og 4. stigs. Auk þess hefur skólinn með höndum námskeið vegna vélstjóranáms 1. stigs, sbr. II. kafla. Skólinn starfar í þrem bekkjum. Þá er skólanum og heimilt, ef þörf krefur og aðstæður leyfa, að halda uppi kennslu fyrir 2. námstig (I. bekk) utan Reykjavíkur.
6. Við 10. gr. Í stað „Vélskólans í Reykjavík“ í 1. mgr. komi: Vélskóla Íslands.
7. Við 11. gr. Í stað „dýptarmæla, miðunarstöðva“ (I. bekkur) komi: dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva.

Sþ. 345. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um listasöfn og listsýningar utan Reykjavíkur.

Flm.: Ingvar Gíslason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til þess að gera tillögur um stofnun og starfrækslu opinberra listasafna utan Reykjavíkur. Jafnframt skal nefndin gera tillögur um það í samráði við samtök myndlistarmanna, hvernig helzt mætti stuðla að því, að haldnar verði fleiri myndlistarsýningar (samsýningar og sérsýningar) utan höfuðborgarinnar. — Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Landsbyggðin utan Reykjavíkur er ærið fátæk að listasöfnum og undantekning, ef myndlistarmenn þjóðarinnar sýna verk sín opinberlega annars staðar en í Reykjavík. Jafnvel á Akureyri eru myndlistarsýningar fágætir viðburðir. Slíkt ástand er engan veginn heillavænlegt. Hversu háskalegt sem það er landsbyggðinni að dragast aftur úr í atvinnulegum efnum — og um það er enginn ágreiningur — þá felst einnig dulin, ef ekki augljós hætta, þegar menningarskilyrði eru að verulegum mun lakari á einum stað en öðrum. Félags- og menningarlegur ójöfnuður meðal þjóðarinnar, hvort heldur er milli einstakra stétta eða landshluta, hefur hættu í för með sér, sem gefa þarf nánar gætur og hindra sem framast má verða.

Telja má með réttu, að löngum hafi menningarlegur jöfnuður verið aðal íslenzku þjóðarinnar. Lista- og bókmenntaáhugi var sameign allra manna, hvort sem þeir voru efnaðir eða örsnauðir. Menningarskilyrði voru almennt lík í landshlutunum. Því er vart að heilsa nú á tímum. Ójöfn menningarskilyrði eru næsta áberandi í landinu. Þær tvær listgreinar t. d., sem gróskumestar hafa verið síðustu áratugi, myndlist og tónlist, eru mjög einskorðaðar við Reykjavík. Á það þó alveg sérstaklega við um myndlistina. Listsýningar, hver annarri betri, eru tíðum haldnar í höfuðborginni. Líður varla sú vika, að ekki sé eitthvað að gerast í Listamannaskál-

anum eða Bogasal Þjóðminjasafnsins. Menntaskólanemar í Reykjavík hafa komið upp tveimur ógleymanlegum myndlistarsýningum í vetur í húsakynnum skólans. Útlend list er einnig sýnd við og við í höfuðborginni. Með þessu er þó alls ekki sagt, að ekkert standi til bóta í listmálum höfuðborgarinnar. Listamannaskálinn er t. d. gjörónýtt hús og með öllu ósamboðinn sem listsýningarstaður. Það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd, að Reykjavík ein nýtur nær alls þess, sem gerist í myndlist á Íslandi. Þessi mál eru almennt í algerri vanrækslu úti um landið. Úr þeim þarf að bæta með sérstöku og skipulegu átaki í anda þeirrar tillögu, sem hér er flutt. Þjóðfélaginu ber að búa svo um hnútana, að öllum landsmönnum sé tryggð sem jöfnust aðstaða til að kynnast því, sem gerist og gerzt hefur í listum hér á landi. Með þeim hætti má skapa frjálsa list fyrir fólkið, gera listina að almenningseign. Eitthvað er bogið við það þjóðfélag, sem stefnir til menningarlegs ójafnaðar. Slík þróun er þeim mun ógeðfelldari hér á landi sem vitað er, að íslenzka þjóðin hefur ávallt verið listelsk og listnjótendur óháðir þjóðfélagsstöðu og búsetu. Enda er mikill áhugi á listum í sveitum og kaupstöðum víðs vegar um landið. Þann áhuga má glæða og veita fullnægju með skynsamlegri listkynningu og stofnun listasafna svo víða sem kostur er. Þeir tiltölulega fáu listamenn, sem sýnt hafa verk sín úti um land, hafa orðið aufúsugestir.

Stofnun listasafna utan Reykjavíkur þarf að undirbúa svo vel, að við verði unað um langa framtíð. Fjárhags- og skipulagsgrundvöllur verður að vera traustur og veita svigrúm til eðlilegrar framþróunar. Þótt listasöfn séu stofnuð í kaupstað, sýslu eða stærri landshluta, þá ber þeim eigi að síður að vera á „landsmælikvarða", þau eiga aðeins að sækjast eftir hinu bezta í listum. En æskilegt er og raunar sjálfsagt, að þau sinni einnig sérstaklega þeirri listsköpun, sem kann að eiga sér stað innan hvers safnhverfis. Mundi þá væntanlega koma í ljós betur en ella, hvers virði slík list er í raun og veru. En umfram allt ættu almenn listasöfn að gefa sem sannasta mynd af listmenningunni á hverjum tíma.

Annað aðalatriði þessarar tillögu er, að ráð verði fundin til þess að fjölga myndlistarsýningum utan höfuðborgarinnar. Ef til vill er fjölgun listsýninga nauðsynlegur undanfari stærri aðgerða í listmálum landsbyggðarinnar. Virðist það og tiltölulega auðleyst verkefni. Víða eru sæmilegar aðstæður til myndlistarsýninga, og ef þær væru nýttar sem kostur er, mætti stórlega fjölga listsýningum úti um land án teljandi viðbúnaðar eða kostnaðar.

Sþ. 346. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um vantraust á ríkisstjórnina.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson, Ólafur Jóhannesson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.

Nd. 347. Breytingartillaga [81. mál]

við frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 6. gr. Fyrir orðin „tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýragarðsins" kemur: og meðmælum náttúruverndarráðs er landbúnaðarráðherra heimilt að viðurkenna loðdýragarð.

Ed. 348. Nefndarálit [19. mál]

um frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Mælir meiri hlutinn með, að það verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn vill gera á því breytingu.

Í upphafi 1. gr. eru sett fram skilyrði fyrir því, að einstaklingar og félög megi eignast rétt til fasteigna hér á landi, og er meginefnið það, að eigendur skuli vera íslenzkir ríkisborgarar. Síðar í sömu grein er þessu þó öllu riftað, og er ráðherra heimilað að hafa skilyrðin að engu, hvenær sem honum býður svo við að horfa. Þessari ótakmörkuðu heimild er minni hlutinn mótfallinn og vill þrengja hana að mun, þannig að útlendingur fái því aðeins rétt til fasteignar, að hann hafi eignazt hana við hjúskap eða erfðir eða öðlazt réttindin fyrir gildistöku laganna. Um þessa takmörkun á heimild ráðherra flytur 1. minni hl. breytingartillögu á þskj. 333, og er 2. minni hl. fylgjandi henni.

Í 4. tölulið 1. gr. er gert ráð fyrir, að útlendingar megi að vissu marki eiga fé í íslenzku hlutafélagi og geti þannig fengið eignar- og afnotarétt fasteignar hér á landi. Engin ákvæði um þetta eru í gildandi lögum. Ráðabreytni þessari er 2. minni hl. andvígur og flytur í samræmi við það breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þar sem ákveðið er, að í félagi, þar sem enginn einstaklingur ber fulla ábyrgð, skuli allir aðilar vera íslenzkir ríkisborgarar.

Aðrar þjóðir telja nauðsynlegt að takmarka rétt útlendinga til fasteigna í löndum sínum. Sú nauðsyn er álitin því brýnni sem þjóðin er fámennari. Sérstaklega er okkur Íslendingum mikill vandi á höndum að þessu leyti. Ef erlendum einstaklingum eða félögum tekst að ná tangarhaldi á dýrmætum fasteignum eða auðlindum landsins, er vá fyrir dyrum í okkar litla þjóðfélagi. Alþingi ber því að setja strangar skorður í þessu efni og má sízt veita einum ráðherra fullt úrskurðarvald. Ef til álita kemur að veita undanþágur í einstökum tilvikum, þá færi bezt á því, að Alþingi sjálft fjallaði þar um hverju sinni, en ekki ráðherra, svo mikilsverð er takmörkun réttar útlendinga til eigna og umráða í landinu.

Alþingi, 21. marz 1966.

Alfreð Gíslason.

Ed. 349. Breytingartillaga [19. mál]

við frv. til l. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar (AG).

4. töluliður 1. gr. orðast svo:

Ef félag er, þar sem enginn félaga ber fulla ábyrgð á skuldum félagsins, eða stofnun, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og allir félagar, hluthafar eða aðilar vera íslenzkir ríkisborgarar.

Nd. 350. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins, og fer hér á eftir álit meiri hlutans.

Frv. þetta var fyrst lagt fram á Alþingi, þegar langt var liðið á þingtímann vorið 1965, en var þá ekki afgreitt úr nefnd. Eins og viðskiptamálaráðherra gerði þá grein fyrir, var tilgangurinn með flutningi frumvarpsins þá fyrst og fremst sá að gefa mönnum kost á að kynna sér efni þess, þar sem hér væri um að ræða vandasamt mál og því æskilegt, að góður tími gæfist til að kynna sér það milli þinga. Í yfirlýsingu, sem forsætisráðherra gaf fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í upphafi þings á s. l. hausti, var þess getið, að þetta væri eitt þeirra mála, sem ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir lagasetningu um á þingi því, er nú situr.

Er fjárhagsnefnd hafði fengið frv. til meðferðar, sendi hún það til umsagnar Seðlabankans og viðskiptabankanna og Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis. Umsagnir bárust frá Seðlabanka Íslands, Iðnaðarbanka Íslands, Verzlunarbanka Íslands, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands.

Í umsögn sinni mælir Seðlabankinn eindregið með samþykkt frv.

Iðnaðarbankinn og Verzlunarbankinn lýsa stuðningi við meginstefnu og tilgang frv., en benda á einstök atriði, sem þeir telja, að betur mættu fara.

Landsbankinn tekur ekki afstöðu til frv. í heild, en aðeins til þeirra ákvæða þess, sem varða starfsemi viðskiptabankanna og það hlutverk, sem þeim er ætlað samkvæmt frv.

Útvegsbankinn lýsir stuðningi við megintilgang frv., en bendir á ýmsa annmarka, er varða starfsemi viðskiptabankanna.

Hinir tveir síðastnefndu bankar telja og, að málið hafi ekki fengið fullnægjandi athugun, og leggja til, að það verði athugað milli þinga af sérstakri nefnd manna með sérþekkingu á þessu sviði, er hafi náið samráð við bankana.

Að öðru leyti vísast til umsagnanna, sem prentaðar eru í heild sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Að beiðni nefndarinnar kom dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri á fund hennar, og var rætt við hann um einstök atriði frv.

Síðar og í framhaldi af þeim viðræðum og enn fremur í tilefni af umsögnum viðskiptabankanna, sem áður getur, hefur bankastjórn Seðlabankans sent nefndinni greinargerð, þar sem hún gerir nánari grein fyrir þeim atriðum, sem viðskiptabankarnir telja, að helzt geti valdið vandkvæðum við framkvæmd málsins. Greinargerð þessi er svo hljóðandi:

„Í framhaldi af viðræðum Jóhannesar Nordals bankastjóra við hæstvirta fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis og í tilefni af umsögnum viðskiptabankanna um frumvarp til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga vill bankastjórn Seðlabankans taka fram eftirfarandi:

Í frumvarpinu er stefnt að því að opna leið til verðtryggingar fjárskuldbindinga til langs tíma eingöngu. Alltaf hefur verið ljóst, að almenn verðtrygging kemur ekki til greina, og er það m. a. staðfest af umsögnum bankanna. Almenn verðtrygging yrði allt of stórt skref að stíga, m. a. með tilliti til þess, hve lítil reynsla er fengin af verðtryggingu og áhrifum hennar. Aðeins tvö lönd, Finnland og Ísrael, hafa tekið upp verðtryggingu í einhverjum mæli og þó hvergi nærri almenna verðtryggingu. Með verðtryggingu fjárskuldbindinga til langs tíma á hins vegar að vera unnt að ná verulegum ávinningi, án þess að lagt sé út í hið geysilega umstang, kostnað og óvissu, sem fylgja mundi almennri verðtryggingu. Verðlagsóvissan er og hvergi

nærri eins mikið vandamál fyrir þá, sem binda fé sitt til skamms tíma, og hægt er að bæta nokkuð úr þörfum þeirra með hærri vöxtum en vera mundi við stöðugt verðlag, eins og reyndar hefur verið gert undanfarið.

Viðskiptabankarnir telja verðtryggingu æskilega, en segja meginhluta útlána sinna renna til lána til skamms tíma, sem ekki sé ætlunin að verði verðtryggð samkvæmt frumvarpinu. Hins vegar búast þeir við, að mikið framboð verði á fé inn á verðtryggða reikninga. Verði því vandkvæði á því að ná þeim jöfnuði milli verðtryggðra inn- og útlána, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Einstakir bankar leggja þó mismunandi áherzlu á vandkvæði þessi.

Það er álit Seðlabankans, að hér sé gert of mikið úr líklegum tilflutningi sparifjár á bundna reikninga og einkum þó of lítið úr möguleikum bankanna til þess að mæta lánsfjárþörf viðskiptamanna sinna með verðtryggðum meðallöngum lánum.

Reynslan ein getur skorið úr því, hve mikið framboð verður á fé inn á verðtryggða reikninga með uppsagnarfresti. Eins og fyrr segir, er þörfin á verðtryggingu að sjálfsögðu mest að því er varðar sparnað til langs tíma, þ. e. a. s. innstæður, sem jafnvel standa árum saman. Í raun og veru hefur tæplega verið grundvöllur undanfarið fyrir slíkum innstæðum vegna verðbólgu. Hinir verðtryggðu reikningar yrðu einkum miðaðir við þarfir slíkra innstæðueigenda og yrði því með löngum uppsagnarfresti. Hve löngum, færi eftir reynslunni, en ekki er ósennilegt, að byrjað yrði á þriggja ára innlánum. Sparifé í bönkum er að verulegu leyti til skemmri tíma. Samkvæmt athugunum Seðlabankans stendur almennt sparifé að meðaltali í 11 mánuði og fé á 6 og 12 mánaða bókum í 5 ár. Fyrir fram mundu menn hins vegar ekki binda fé svo lengi í sama mæli. Að vísu er hér um um meðaltöl að ræða, og hluti innstæðnanna í báðum flokkum stendur lengur en þetta. Jafnframt má búast við, að ef kjörin á bundnum reikningum með verðtryggingu yrðu miklu betri en á öðrum innlánum, mundi almenningur láta fé sitt standa lengur en áður. Kemur þá að því, að gert er ráð fyrir að hafa áhrif á framboð á fé til verðtryggingar með vaxtamismun milli verðtryggðra og venjulegra reikninga, enda er óeðlilegt að hvetja fólk til lengri bindingar en það ella mundi kjósa. Ljóst er, að vaxtamismunur þessi hlýtur að verða það mikill og bindingartíminn það langur í fyrstu, að tryggt sé fyrir fram, að ekki komi til meiri tilfærslu fjár en bankarnir geta ráðið við að lána út með verðtryggingu, án þess að fé skorti til nauðsynlegra stuttra lána. Á einu til tveimur árum kæmi svo í ljós, hvert framboðið yrði.

Öruggt verður að telja, að meiri hluti þess fjár, sem til bankanna hefur leitað, verði áfram óbundið eða lítt bundið á venjulegum reikningum og hafi bankarnir þar fé til þeirra útlána, sem verðtrygging á ekki við. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að vextir af sparifé eru hærri hér á landi nú en þeir væru við stöðugt verðlag. Þannig er hluti verðrýrnunar höfuðstólsins bættur upp með vöxtum. Vextir af sparifé eru nú 7—9%. Hugsanlegt er að hækka eitthvað verðbót í formi vaxta á inn- og útlánum til skamms tíma, þyki það rétt eða nauðsynlegt, þó að verðrýrnun sparifjár, sem stendur aðeins stuttan tíma, sé ekki eins tilfinnanleg eins og þegar um sparnað til langs tíma er að ræða. Hins vegar gæti slíkt skipt máli frá réttlætissjónarmiði, einkum varðandi útlánin.

Eins og fyrr segir, telja bankarnir vandkvæði á að lána nema lítinn hlut sparifjárins til þriggja ára eða lengri tíma. Það er fullljóst, að bankarnir þurfa að breyta formi og lengd útlána sinna að töluverðu leyti frá því, sem nú er, til þess að hægt sé að taka upp verðtryggingu sparnaðar til langs tíma. Í stuttu máli þýðir það, að þeir breyti í meðallöng lán þeim víxilskuldum og yfirdáttarlánum, sem eru orðin föst í reynd, og veiti jafnframt stærri hluta af lánafyrirgreiðslu sinni til fyrirtækja í formi meðallangra lána en áður. Þetta telur Seðlabankinn fært innan vissra marka og jafnframt til hagsbóta fyrir viðskiptamennina. Á það einnig við um hluta af rekstrarfjárþörf fyrirtækja. Styðst Seðlabankinn hér m. a. við reynsluna af lána-

breytingu sjávarútvegsins árið 1961, en þá var um fjórðungi af heildarskuldum sjávarútvegsins við bankana breytt í föst lán. Kostir verðtryggingar fyrir sparfjáreigendur réttlæta jafnframt, að bankarnir leggi á sig nokkuð aukna vinnu vegna þessa.

Enn fremur er rétt að leggja áherzlu á það, að viðskiptabankarnir gegna svo mikilvægu hlutverki í fjármálalífi þjóðarinnar, að varla verður hjá því komizt, að verðtrygging nái til þeirra, enda hafa þeir undir höndum töluverðan hluta af sparnaði þjóðarinnar til langs tíma. Með verðtryggingu sparifjár til langs tíma eiga þeir að geta laðað til sín meira af slíkum sparnaði en áður, í stað þess að almenningur fjárfesti beint eða verji fénu til neyzlu. Taki þeir ekki þátt í verðtryggingu að sínu leyti, má búast við, að þeir verði undir í samkeppninni um sparnað til langs tíma gagnvart sparisjóðum, líftryggingafélögum, vaxtabréfaútgáfum eða á annan hátt.

Vér viljum svo að lokum gera eftirfarandi athugasemdir varðandi afstöðu viðskiptabankanna til þessa máls.

Í fyrsta lagi er rétt að benda á það enn einu sinni, að Seðlabankanum hefur verið frá upphafi ljós hin margvíslegu vandamál, er framkvæmd verðtryggingar hlýtur að hafa í för með sér fyrir viðskiptabankana. Hefur þetta sjónarmið einmitt ráðið því, að frumvarpið um verðtryggingu hefur verið byggt upp sem heimildarfrumvarp, svo að hægt yrði að taka upp verðtryggingu hjá viðskiptabönkunum smám saman og að því marki, sem reynslan sýndi að væri framkvæmanlegt. Föst ákvörðun um slík atriði í lögum gæti haft mikla örðugleika í för með sér.

Í öðru lagi er svo rétt að leggja áherzlu á það, að það hlýtur ætíð að vera eitt meginhlutverk Seðlabankans að stuðla að heilbrigðri starfsemi viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana, Seðlabankinn hlýtur því að haga framkvæmd verðtryggingar þannig, að hún hafi ekki í för með sér óeðlilegar truflanir á starfsemi bankakerfisins eða skipa því fjárhagslega örðugleika. Til þess að tryggja þetta enn fremur hefur það verið ætlun Seðlabankans að gangast fyrir stofnun sérstakrar samvinnunefndar, er skipuð yrði fulltrúum viðskiptabanka og annarra innlánsstofnana, er allar ákvarðanir varðandi framkvæmd verðtryggingar hjá bankakerfinu yrðu bornar undir. Liggur það reyndar í hlutarins eðli, að án slíkrar samvinnu yrði framkvæmd verðtyggingar með skipulegum hætti ekki framkvæmanleg.

Í þriðja lagi vill svo bankastjórn Seðlabankans taka fram, að hún telur frekari athugun þessara mála milli þinga ástæðulausa. Seðlabankinn hefur að undanförnu kynnt sér eftir föngum reynslu annarra þjóða af verðtryggingu, og er frumvarpið byggt upp á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir. Þau framkvæmdaratriði, sem leysa þarf úr varðandi verðtryggingu innan bankakerfisins, verða þar að auki ekki nema að litlu leyti leyst á grundvelli reynslu annarra þjóða, t. d. Finna. Hér verður að byggja fyrst og fremst á athugun á innlendum staðháttum og þeirri reynslu, sem fengist af framkvæmd verðtryggingar, eftir því sem tímar liðu. Meginatriðið er, að sú reynsla fáist með þeim hætti, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, með því að hefja framkvæmd verðtryggingar á takmörkuðu sviði peningakerfisins. Á þeirri reynslu yrði síðan ákveðin áframhaldandi þróun málsins í samráði við viðskiptabankana og sparisjóði."

Alvarlegasta meinið í efnahagsþróuninni hér á landi nú um aldarfjórðungsskeið hefur verið verðbólgan. Um þetta er enginn ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna, enda hafa allar ríkisstjórnir á þessu tímabili lýst því sem einu af meginstefnumálum að stöðva verðbólguþróunina.

Margvíslegra ráða hefur verið leitað til lækningar á þessu meini, en eitt er það ráð, sem í vaxandi mæli á undanförnum árum hefur verið nefnt sem vænlegt til góðs árangurs í baráttunni gegn verðbólgunni, en það er verðtrygging fjárskuldbindinga. Á undanförnum áratug eða svo hefur verið fjallað um þessi mál að tilhlutan stjórnarvalda, þingsályktunartillögur hafa verið fluttar á Alþingi og blaðagreinar skrifaðar, þar sem hvatt hefur verið til athugana og aðgerða á þessu sviði.

Er ekki að efa, að mjög margir eru þeirrar skoðunar, að verðtrygging fjárskuldbindinga gæti verið þýðingarmikið vopn í baráttunni gegn verðbólguþróuninni.

Nokkrar tilraunir hafa og verið gerðar í þessa átt, annars vegar til öflunar lánsfjár til ákveðinna framkvæmda með útgáfu spariskírteina, sem ríkissjóður gaf út á árunum 1964 og 1965, en hins vegar til verðtryggingar sparifjár, þar sem eru skyldusparnaður og sparifjársöfnun skólabarna. Er í öllum tilfellum miðað við tiltekna vísitölu, en þó ekki ávallt hina sömu. Á sviði útlána hefur verðtrygging verið upp tekin á vissum lánum húsnæðismálastjórnar allt frá árinu 1955, og síðan á árinu 1964 er verðtrygging á öllum lánum þeirrar stofnunar. Hið síðastnefnda var afleiðing sérstaks samkomulags milli ríkisstjórnarinnar og verkalýðssamtakanna, í sambandi við lausn kjaradeilu í júní 1964.

Allt þetta sýnir vaxandi skilning og trú manna á því, hverja þýðingu verðtryggingarleiðin getur haft í baráttunni við verðbólguna.

Það er því mjög eðlilegt, í framhaldi af því, sem áður hefur gerzt í þessu máli, að næsta skrefið yrði, að málið kæmi til meðferðar Alþingis og að góður tími yrði ætlaður til meðferðar þess. Málið var því lagt fyrir Alþingi seint á síðasta þingi, svo að mönnum gæfist gott tækifæri til að kynna sér það milli þinga. Seðlabankinn hafði samið frv., og hafði verið lögð í það mikil vinna að kynna sér framkvæmdir á þessu sviði í öðrum löndum og þá reynslu, sem þar hafði fengizt. Er frv. m. a. byggt upp á grundvelli þeirra upplýsinga, sem þannig liggja fyrir. Ljóst er þó, að ekki er unnt að notfæra sér reynslu annarra þjóða á þessu sviði, nema að vissu marki, þar sem aðstæður eru hér um margt ólíkar, og segja má raunar, að aðstæður í hverju landi hljóta mestu um það að ráða, hvernig framkvæmdum verði bezt hagað, þannig að tilætluðum árangri verði náð. Þetta á e. t. v. mest við á því sviði, sem snertir starfsemi viðskiptabankanna, en einmitt þar hafa efasemdir þessara banka helzt komið fram.

En einmitt það, að augljóst var, að margvísleg vandamál hljóta að koma upp fyrir viðskiptabankana við framkvæmd verðtryggingarinnar, réð því, að frv. var haft í formi heimildarfrumv., þar sem ógerningur væri að setja í upphafi ákvæði í lög um mörg atriði varðandi framkvæmdina, en byggja yrði á þeirri reynslu, sem smám saman fengist.

Í umsögnum tveggja viðskiptabankanna, sem áður getur, kemur það fram, að nokkurs ótta gætir hjá þeim, að framkvæmd verðtryggingar á fjárskuldbindingum til skamms tíma kunni að geta valdið viðskiptabönkunum miklum erfiðleikum og torveldað eðlilega starfsemi þeirra.

Í framhaldi af umsögn Landsbankans hafa því farið fram viðræður um þessi atriði milli viðskiptamálaráðherra, Seðlabankans og Landsbankans, og hefur ríkisstjórnin, sem afleiðing af þeim viðræðum og að höfðu samráði við Landsbankann, óskað eftir því, að bætt verði við 5. gr. frv. ákvæði um nefndarskipun, svo sem fram kemur í breytingartill. nefndarinnar, sem flutt er á sérstöku þingskjali. Er ráð fyrir því gert, að skipuð verði nefnd fulltrúa viðskiptabankanna og skuli Seðlabankinn hafa samráð við þá nefnd við notkun þeirra heimilda, sem felast í 5. gr., en það eru einmitt þau atriði frv., sem varða viðskiptabankana mest.

Með þessari breytingu er því tryggt fullt samráð við viðskiptabankana um þessa mikilvægu framkvæmd.

Þá flytur meiri hl. nefndarinnar aðra breytingartill. við 5. gr. frv., samkvæmt ósk Seðlabankans. Er þar gert ráð fyrir þeim möguleika að veita lán með verðtryggingu til skemmri tíma en annars er ætlað samkv. 4. gr. c., enda séu slík lán þá eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta. Hér er um að ræða öryggisráðstöfun, ef notkun verðtryggðra innlánsreikninga yrði veruleg við viðskiptabankana og aðrar innlánsstofnanir, samkv. heimild í 1. málsgr. þessarar gr., og nauðsyn væri talin á því að veita þar á móti lán með verðtryggingu til skamms tíma.

Baráttan við verðbólguna hefur verið varanlegt vandamál allra ríkisstjórna á

Íslandi síðastliðin 25 ár. Mörg eru þau ráð, sem reynd hafa verið af hálfu stjórnvaldanna í þeirri baráttu og með misjöfnum árangri. Hefur öll sú reynsla sýnt, að ekkert er þar einhlítt.

Með þessu frv. er að vísu ekki farið inn á algerlega nýja braut, þar sem dreifðar tilraunir hafa áður verið gerðar á sviði verðtryggingar, svo sem áður var að vikið. Með frv. er hins vegar skapaður grundvöllur til áframhaldandi aðgerða á þessu sviði, á breiðari grundvelli en áður hefur verið. Er þá gert ráð fyrir því, að innan ramma frv. verði möguleikar til samræmdra aðgerða, sem er nauðsynlegt, ef von á að verða til þess, að árangur verði af.

Er það skoðun meiri hl. nefndarinnar, að með skynsamlegri notkun þeirra heimilda, sem frv. veitir, og góðri samvinnu þeirra aðila, sem að framkvæmdinni standa, geti sú leið, sem hér er ætlað að fara, orðið hið þýðingarmesta vopn í þeirri viðleitni að tryggja verðgildi peninga.

Með þetta í huga mælir meiri hl. nefndarinnar með því, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem áður getur.

Alþingi, 19. marz 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Jónas G. Rafnar.
Matthías Á. Mathiesen.

Fylgiskjal I.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. desember 1965.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Hæstvirt fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, hefur leitað umsagnar Seðlabankans um frumvarp til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frumvarpið var samið hér við Seðlabankann, og leyfum vér oss að vísa til þess, m. a. 4. málsgreinar, um rökstuðning fyrir frumvarpinu.

Fyrsta skrefið til almennrar verðtryggingar var tekið á miðju s. l. ári með júnísamkomulaginu svokölluðu, sem m. a. leiddi til þess, að verðtryggingarákvæði voru tekin upp í útlánum Húsnæðismálastjórnar ríkisins.

Síðan hefur ríkissjóður efnt til þriggja verðbréfaútboða með verðtryggingarkjörum. Var þeim mjög vel tekið af almenningi, eins og kunnugt er.

Seðlabankinn hefur kynnt sér ýtarlega reglur og framkvæmd verðtrygginga í Finnlandi. Einnig er honum kunnugt um, hvernig á þessum málum hefur verið tekið í Ísrael. Fræðimenn innlendir og erlendir hafa fyrr og síðar mælt með beitingu verðtryggingar, einkum við þrálátt verðbólguástand.

Með lögfestingu verðtryggingar skv. frumvarpinu er farið inn á nýja braut í peninga- og fjárfestingarmálum hérlendis. Þó að á reynslu annarra sé að byggja, þá er hún ekki einhlít. Því hefur þótt óumflýjanlegt að fara þá leið, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, að gefa ákveðnum aðila heimildir til þess að móta þróun verðtryggingar. Teljum vér það óhjákvæmilegt, jafnvel þó að Seðlabankinn taki með því á sig viðtæka ábyrgð.

Æskilegt er, að ýtarlegar umræður verði um frumvarpið á Alþingi og öðrum opinberum vettvangi, áður en það fær afgreiðslu. Með tilliti til þessa var það borið fram á Alþingi s. l. vor, og hefur það gefið mönnum nokkurt tækifæri til að íhuga efni þess.

Seðlabankinn vill að lokum mæla eindregið með samþykkt frumvarpsins. Hann

er að sjálfsögðu fús að senda fulltrúa á fundi nefndarinnar til þess að ræða efni frumvarpsins og láta í té skýringar með einstökum atriðum, ef óskað er.

Virðingarfyllst,

Seðlabanki Íslands.

Jóhannes Nordal. Jón G. Maríasson.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARBANKI ÍSLANDS HF

Reykjavík, 15. febr. 1966.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Iðnaðarbanka Íslands h.f. hefur borizt til umsagnar frá hæstvirtri fjárhagsnefnd neðri deildar frumvarp til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Vér erum í meginatriðum hlynntir efni framvarpsins og teljum, að með lögfestingu þess yrði stórt skref stigið í þá átt að minnka ýmiss konar ónauðsynlega fjárfestingu og fjárfestingu, sem eingöngu er framkvæmd í trausti þess, að áframhaldandi verðbólga tryggi byggjendum gróða í formi eignaaukningar. Mundu lögin þannig draga úr þenslu á vinnumarkaðnum og stuðla að því, að fjárfesting beindist í hinar skynsamlegustu framkvæmdir hverju sinni, jafnframt því að draga úr þeim sífelldu verðhækkunum, sem átt hafa sér stað hér á landi á undanförnum áratugum.

Vér viljum þó benda á, að heimild sú, sem Seðlabankanum er veitt í 5. gr. lagafrumvarpsins til að heimila innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en þriggja ára, orkar mjög tvímælis. Ógerlegt er að segja fyrir um, hver áhrif það hefði á óverðtryggðar almennar sparifjárinnstæður, ef sparifjáreigendum væri gefinn kostur á fullri verðtryggingu innstæðna sinna gegn aðeins eins til tveggja ára bindiskyldu.

Eins og ástandið á lánamarkaðinum er í dag, er rekstrarfjárþörf iðnaðarins að mestu leyti fullnægt með víxillánum til skamms tíma í viðskiptabönkunum. Mótvirði þessa fjár eru fyrst og fremst almennar sparfjárinnstæður, a. m. k. á meðan Seðlabankinn hefur enn ekki tekið upp endurkaup afurðavíxla eins og í landbúnaði og sjávarútvegi. Ef almenningi stæði til boða fullkomin verðtrygging gegn bindiskyldu í skamman tíma, er mjög hætt við því, að almennar sparifjárinnstæður mundu dragast verulega saman og verða undir í samkeppni við bundna, en verðtryggða sparifjárreikninga. Innlánsstofnanir ættu ekki annarra kosta völ en að lána fé þetta með verðtryggingu til langs tíma, a. m. k. 3 eða 5 ára, skv. ákvæðum 4. gr. lagafrumvarpsins, og yrði þar með þrengt verulega að rekstrarfjáröflun þeirra atvinnuvega, sem ekki njóta fyrirgreiðslu í Seðlabankanum um endurkaup afurðavíxla.

Mælumst vér því til þess, að 2. mgr. 5. gr. verði felld niður.

Virðingarfyllst,

f. h. Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Bragi Hannesson. Pétur Sæmundsson.

Fylgiskjal III.

VERZLUNARBANKI ÍSLANDS HF.

18. febrúar 1966.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dagsett 30. nóvember 1965, ásamt frumvarpi til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frumvarpið fjallar um mjög þýðingarmikið mál, sem hingað til hefur eigi verið gerð fullnægjandi skil. Þó hefur mönnum allengi verið ljóst, að nauðsyn ber til að vernda hag sparifjáreigenda betur en gert hefur verið síðasta aldarfjórðung. Hefur hin stöðuga verðbólga, er svo til óslitið þann tíma hefur herjað með þjóð vorri, haft hinar verstu afleiðingar fyrir alla þá, er lagt hafa peninga sína á vöxtu í banka og sparisjóði. Ber því að fagna öllum þeim aðgerðum, sem ganga í þá átt að stemma stigu við þeirri þróun og snúa dæminu við. Ákvæði þessa frumvarps, ef að lögum verður, munu vissulega verka í þá átt, og er það vel. Jafnframt er eðlilegt, að þeir, er lánsfé hafa undir höndum, greiði þá verðrýrnun, sem verða kann á lánstímanum. Vér viljum eindregið lýsa stuðningi vorum við stefnu og megintilgang frumvarpsins.

Varðandi einstök ákvæði þess og fyrirhugaða framkvæmd leyfum vér oss að benda á eftirfarandi:

1. Samkvæmt 4. gr. frv. a-lið er gert ráð fyrir, að yfirleitt verði miðað við vísitölu framfærslukostnaðar við ákvörðun verðtryggingar. Þó er Seðlabankanum heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu. Eðlilegast virðist, að sjálfstæð vísitala sé reiknuð fyrir verðtryggingu fjárskuldbindinga, þar sem vísitala framfærslukostnaðar tekur eigi til allra þeirra fjölmörgu atriða, sem hafa þarf í huga, þegar ákvarða þarf verðbreytingar á peningum yfir ákveðið tímabil.
2. Samkvæmt 5. gr. frv. má Seðlabankinn heimila bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum með verðtryggingu til skemmri tíma en 3 ára, er síðan yrði lánað í verðtryggðum lánum til skamms tíma. Að vorum dómi getur slík almenn verðtrygging haft alvarlegar afleiðingar varðandi rekstrarlán til atvinnuveganna, sem oft á tíðum eru í formi víxla til skamms tíma. Væri eðlilegra að bæta þeim innstæðueigendum, sem eigi vilja binda fé sitt til 3 ára hið skemmsta og öðlast þannig rétt til verðtryggingar, í einhverju með greiðslu hærri vaxta en greiddir eru þeim aðilum, sem verðtryggingar njóta. Mundu þá vextir ef til vill geta orðið enn áhrifaríkara hagstjórnartæki.
3. Lagafrumvarpið hefur inni að halda mörg heimildarákvæði, sem Seðlabankanum og ráðherra er síðan ætlað að ákveða nánar með reglugerð. Vér viljum benda á, að nauðsynlegt er, að þær stofnanir, sem koma til þess að hafa framkvæmd máls þessa með höndum, fái að fylgjast náið með nánari undirbúningi að framkvæmd málsins, svo að unnt verði að viðhafa alla þá kostgæfni, sem nauðsyn ber, þegar málinu verður hrundið í framkvæmd.

Að lokum viljum vér ítreka stuðning vorn við frumvarp þetta, og erum vér þess fullvissir, að með framkvæmd þeirra ákvæða, sem þar greinir, muni nást verulegur árangur í baráttu þjóðarinnar við verðbólguna.

Virðingarfyllst,

Verzlunarbanki Íslands hf.

Egill Guttormsson.
Höskuldur Ólafsson.

Fylgiskjal IV.

LANDSBANKI ÍSLANDS.

Reykjavík, 24. febrúar 1966.

Í bréfi, dags. 30. nóv. f. á., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis óskað eftir umsögn Landsbankans um frumvarp það um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Hér um mjög flókið vandamál að ræða, sem mikið hefur verið rætt og ritað um af sérfróðum mönnum erlendis, og fjarri því, að niðurstöður hafi fengizt, sem allir séu ásáttir um. Bankastjórn Landsbankans telur sér ekki fært í þessari umsögn að ræða hin fræðilegu viðhorf og mun því að mestu takmarka umsögn sína við þau ákvæði frumvarpsins, sem snerta starfsemi viðskiptabankanna og það hlutverk, sem þeim er ætlað samkvæmt frumvarpinu.

Verðbólga (og gengisfall, sem hætt er við að sigli í kjölfar hennar, þegar til lengdar lætur) veldur margvíslegri röskun í þjóðfélaginu. Eitt áberandi einkenni hennar er það tjón, sem hún veldur þeim aðilum, sem varðveita eigur sínar í peningum, hvort sem þeir geyma þá í kistuhandraðanum, í sparisjóði eða í skuldabréfum, nema eigið verðgildi myntarinnar sjálfrar (einkum gullpeninga) eða sérstök verðtrygging komi til af hálfu þeirra, er hafa tekið fé til vörzlu.

Á tilsvarandi hátt hagnast þeir, sem skulda peninga. Verður þetta sérstaklega áberandi, þegar menn hafa eignazt fasteignir eða skip fyrir lánsfé og hafa „látið verðbólguna borga", en í raun réttri á þetta jafnt við um flesta aðra verðmætasöfnun fyrir lánsfé, ef ekki er gripið til sérstakra ráðstafana til þess að draga úr gróðanum.

Verðbólguþróunin hér á landi hefur leikið bæði sparifjáreigendur og fjárfestingarsjóði landsmanna grátt á undanförnum árum, og er það í senn eðlilegt og lofsvert, að leitað sé að leiðum til úrbóta. Menn hafa þar eðlilega komið auga á verðtryggingu lána miðað við vísitölu, og hefur sú leið nokkuð verið farin hér á landi.

Þetta á einkum við í sambandi við lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins, þar sem saman hafa farið viðleitni til að tryggja lántakendum lága vexti og óskir um að vernda hagsmuni fjárfestingarsjóða og þar með getu þeirra til áframhaldandi starfsemi. Hinir lágu vextir hafa þó ekki orðið annað en nafnið eitt í framkvæmd, miðað við þá vexti, sem á sama tíma hafa verið heimtaðir af óverðtryggðum lánum. Verðtrygging hefur verið á sumum lánum Húsnæðismálastjórnar allt frá 1955, þ. e. hinum svonefndum B-, D- og E-lánum, og síðan á árinu 1964 er verðtrygging á öllum lánum stofnunarinnar. Munu hin verðtryggðu lán nema nálægt 56% af heildarútlánum stofnunarinnar, eða um 480 millj. króna af röskum 860 milljónum. Verðbréf þau, sem hér um ræðir, munu að verulegu leyti, eða 83%, vera í eigu Byggingarsjóðs ríkisins, en afgangurinn skiptast á milli Atvinnuleysistryggingasjóðs, tryggingarstofnana, Seðlabankans og einhverra annarra að óverulegu leyti. M. ö. o., sú verðtrygging er nær eingöngu í þágu fjárfestingarsjóða, sbr. þó það, sem segir hér á eftir um skyldusparnað.

Vert er að geta þess, að verðtrygging B-lána nær aðeins til afborgana, en verðtrygging D- og E-lána bæði til afborgana og vaxta. Verðtrygging B- og D-lána miðast við framfærsluvísitölu, en E-lána við kaupgreiðsluvísitölu.

Annars eðlis eru þau verðtryggðu lán, sem boðin hafa verið út hér á landi:

1) Sogsvirkjunarlánið 1959. Lánið var til 5 ára, höfuðstóll 30 millj. króna, og verðtryggingin miðaðist við vísitölu rafmagnsverðs. Greitt upp í nóv. 1964.

2) Spariskírteini ríkissjóðs til 10—12 ára (en þó geta eigendur krafizt innlausnar eftir 3 ár), sem boðin voru út í þrennu lagi: 75 millj. kr. í nóvember 1964, 47 millj. kr. í maí 1965 og 28 millj. kr. í nóvember 1965, eða samtals 150 millj. króna. Seldust þau á mjög skömmum tíma bæði einstaklingum og stofnunum. Verðtrygging spariskírteinanna miðast við vísitölu byggingarkostnaðar.

Kaupendur þessara bréfa hafa að sjálfsögðu fengið þá tryggingu gegn verðbólgunni, sem vísitalan megnar að veita, en við útboð lánanna hefur fjáröflunarsjónarmiðið eflaust verið efst í huga þeirra, sem gengu frá lánskjörunum.

Loks er eftir að nefna tvo flokka verðtryggðra skuldbindinga, þar sem tillitið til eiganda sparifjárins er aðalsjónarmiðið: Hinar svonefndu „barnabækur“, sem bankarnir gefa skólabörnum í þeirri von, að þau haldi áfram að bæta í þær sparifé, og skyldusparnað ungmenna.

Ákvæði um skyldusparnað voru sett í lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun. Fólki, 16—25 ára, er skylt að leggja til hliðar 6% (nú 15%) af launum. Fé það, sem á þennan hátt safnast, skal ávaxtað í innlánsdeild Byggingarsjóðs ríkisins fyrir alla þá, sem búsettir eru í kaupstöðum og kauptúnum, en í veðdeild Búnaðarbankans fyrir þá, sem búsettir eru í sveitum. Fæst útborgað við 26 ára aldur eða hjónaband og heimilisstofnun og er endurgreitt að viðbættum vöxtum og uppbót vegna vísitöluhækkunar, sem greidd er af vísitölubundnum verðbréfum á innlánstímanum. Skyldusparnaðurinn nam um s. l. áramót 187 millj. kr. í Byggingarsjóði og 33 millj. kr. í Búnaðarbankanum.

Sparifjársöfnun skólabarna verðtryggir upphæðir frá 100 til 1000 kr. fyrir hvern sparifjáreiganda, og miðast tryggingin við framfærsluvísitölu. Verðtrygging þessi nam um s. l. áramót nálægt 1.5 millj. króna.

Í stuttu máli má segja, að verðtrygging sú, sem að framan greinir, hafi verulega þýðingu fyrir Byggingarsjóð ríkisins og þar með fyrir lánakerfi Húsnæðismálastofnunarinnar, sem og fyrir skyldusparnaðinn, en meiri hluti þess fjár er, eins og að framan getur, ávaxtaður í Byggingarsjóði. Sem almenn verðtrygging á sparifé einstaklinganna eru spariskírteini ríkissjóðs, „barnabækurnar“ og skyldusparnaðurinn hins vegar ekki öllu fyrirferðarmeiri en krækiber í ámu, því að innstæður í bönkum og sparisjóðum voru um seinustu áramót röskir 6 milljarðar króna, en engin tök eru á að vita, hve mikið sparifé til viðbótar er geymt í óverðtryggðum skuldabréfum og kröfum.

Í frumvarpi því, sem nú liggur fyrir Alþingi, um verðtryggingu fjárskuldbindinga eru samningar um slíkar verðtryggingar ekki leyfðir almennt, en gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin og Seðlabankinn geti veitt ýmsum aðilum heimild til þess að veita verðtryggð lán. Er þar sumpart um að ræða verndun á eigin fé fjárfestingarstofnana og lífeyrissjóða, svo og á verðmæti líftrygginga, en sumpart er fjallað um stöðu banka og annarra innlánsstofnana, og er það sú hlið málsins, sem hér verður rædd. Auk hliðstæðrar heimildar við þá aðila, sem nefndir voru, til útlána á eigin fé með verðtryggingu, má Seðlabankinn leyfa þeim að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fjárhæðir tryggðar með sama móti, sjá 5. gr. frv.

Í 4. gr. c) er gert ráð fyrir því, að lágmarkstími verðtryggðra fjárskuldbindinga verði 3 ár, en þó má Seðlabankinn skv. 5. gr. stytta þann tíma að því er innlán varðar. Enn fremur hefur oss skilizt, að nú sé ætlunin að bæta við 5. gr. umboði til Seðlabankans til að heimila bönkum og öðrum innlánsstofnunum að veita skemmri verðtryggð lán, ef nánari skilyrðum er fullnægt, enda séu slík lán eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta.

Nú er þetta að vísu allt í heimildaformi og því allt í óvissu um, hvað yrði heimilað og með hvaða skilyrðum. Ákvæði 5. gr., sem leyfir Seðlabankanum að heimila verðtryggingu innstæðufjár til skemmri tíma en 3 ára, sbr. og ummæli í athugasemdum við frumvarpið, freistar þó til þeirrar ályktunar, að hér sé um það að ræða að koma á almennri verðtryggingu sparifjár, sem allir eigi kost á, sem fáanlegir séu til að binda innstæðuna í þann lágmarkstíma innan 3 ára markanna, sem Seðlabankinn segir til um. Enginn vafi leikur á því, að almenningur hefur lagt þann skilning í frumvarpið, að hér sé ætlunin að koma á slíkri almennri úrlausn.

Þá kemur til athugunar, hvaða getu viðskiptabankarnir hafa til að leysa það hlutverk, sem þeim væri þarna lagt á herðar. Til glöggvunar má nefna nokkrar tölur

úr reikningum Landsbankans. (Hliðstæðar tölur fyrir aðra banka væri auðvelt að nefna, en þær mundu aðeins sanna hið sama). Í árslok hafði bankinn (þar með talin öll útibú hans) þessar fjárhæðir til varðveizlu í sparisjóði (talið í heilum og hálfum tugum milljóna):

Ávísanareikningar	175	millj. kr.
Almennar bækur	1530	— —
6 mánaða bækur	290	— —
1 árs bækur	335	— —
10 ára bækur	70	— —
Samtals	2400	millj. kr.

Til viðbótar sparifénu kemur og til greina eigið fé bankanna, sem gert er ráð fyrir að heimilað verði að verðtryggja, en samkvæmt reikningum viðskiptabankanna nam það í árslok 1964 ca. 670 millj. króna.

Hversu mikinn hundraðshluta af sparifénu mundu eigendurnir óska eftir að fá verðtryggðan? Þessu er ekki unnt að svara nema með ágizkunum, því að auk hinnar almennu óvissu um undirtektir almennings um alla fjárbindingu er ekkert vitað um það, hvaða skilyrði Seðlabankinn mundi setja fyrir þeim heimildum, sem hann kynni að veita. Skiptingin á milli almennra sparisjóðsbóka annars vegar og 6 mánaða og eins árs bóka hins vegar gefur ekki mikla leiðbeiningu í þessu efni, því að vitanlega er freistingin meiri að binda féð, þegar um verðtryggingu er að ræða, heldur en við smávegis vaxtamun. Ef sparifjáreigendur gætu fengið verðtrygginguna sér að meinfangalausu, mundu þeir að sjálfsögðu vilja verðtryggja 100%, en eftir því sem tímalengd bindingarinnar eykst, má ætla að dragi úr ásókninni; en eins og getið var að framan, ákveður Seðlabankinn lágmarkstíma bindingarinnar, og er greinilega gert ráð fyrir, að hann verði lægri en 3 ár. Þá hljóta vextirnir að hafa áhrif á eftirspurn eftir verðtryggingunni. Eðlilega er ekki rætt um vaxtamun í frv. sjálfu, en gert er ráð fyrir því í athugasemdunum, að vextir í verðtryggðum samningum verði að öðru jöfnu aðrir og lægri en í óverðtryggðum samningum. Þótt þessi munur yrði allverulegur, má ætla, að menn héldu áfram að sækjast eftir verðtryggingunni, sbr. reynsluna af lánsútboðum ríkisins, sem nefnd voru hér að framan.

Ákvæði þau, sem Seðlabankinn kemur til með að setja um lágmark innlánstíma og vaxtafót, koma, eins og að framan segir, til að hafa áhrif á eftirspurnina, en ef ekki er sett önnur skömmtun á þessi fríðindi, sýnist engin fjarstæða að geta sér þess til, að eigendur helmings sparifjárins vildu nota sér verðtrygginguna. Höfum ágizkunina óákveðnari vegna allra vafaatriðanna og segjum 40—60%. Það væri þá fyrir Landsbankann einan 960—1440 milljónir króna.

Hvort sem þessi ágizkun stenzt eða ekki, er vert að hugleiða, hvaða fjármagni viðskiptabankarnir ráða yfir til útlána með verðbindingu. Er þá vert að hafa það í huga, að á undanförnum árum hefur þróunin gengið æ meir í þá átt í öllum löndum, að sérstakar stofnanir og sjóðir annist fjárfestingarmálin, en að viðskiptabankarnir sjái viðskiptavinum sínum fyrir rekstrarfé og öðrum stuttum lánum. Vitanlega er þetta ekki undantekningarlaust, og bankarnir halda enn áfram að fjárfesta álitlegar fjárhæðir til langs tíma, oftast að undirlagi ríkisstjórnarinnar, t. d. með þátttöku í framkvæmdaáætlunum ríkisstjórnarinnar á hverjum tíma. Hlutur bankanna í framkvæmdaáætlunum hefur á undanförnum árum verið:

1963	79.1	millj. kr.	(Landsbk.	22.7	millj. kr.)
1964	55.9	— —	(—	31.6	— —)
1965	94.8	— —	(—	35.7	— —)
Alls	229.8	millj. kr.	(Landsbk.	90.0	millj. kr.)

Þótt gert væri ráð fyrir verðtryggingu á hliðstæðum framlögum á komandi árum, hrykki það skammt. Og að óbreyttri meginstefnu í bankamálum fer heildarhlutfall þeirra útlána, sem eðlilegt getur talizt að verðtryggja, sífellt minnkandi.

Ef aftur er tekið dæmi af Landsbankanum, má líta á það, hve mikið af fjármagni sínu hann hafði í lánum til langs tíma um síðustu áramót. Er sú flokkun þannig (í heilum og hálfum milljónatugum):

Bankavaxtabréf	50	millj. kr.
Skuldabréf stofnlánadeildar sjávarútvegsins	155	— —
Innlend verðbréf	355	— —
Afborgunarlán	75	— —
Samtals	635	millj. kr.

Til samanburðar má benda á aðra lánaflokka:

Innlendir víxlar	870	millj. kr.
Afurðalán	1115	— —
Yfirdráttarlán	880	— —
Greiddar óinnleystar ábyrgðir	165	— —
Á viðskiptareikningi í Seðlabanka	200	— —
Samtals	3230	millj. kr.

Um lánin til langs tíma (635 milljónirnar) mætti hugsa sér, að bankinn hefði ekkert á móti því að breyta þeim í verðtryggð lán. En þótt hann vildi taka upp þá stefnu, þá væri ekki hlaupið að því að skipta, því að hér er um að ræða umsamin lán, oft til langs tíma, jafnvel áratugi. Ef litið er á lánin í hinum flokknum, þá er auðsætt, að afurðalánin væri ekki unnt að verðtryggja. Segja má, að meðal innlendra víxla og yfirdráttarlána leynist eitthvað, sem ekki væri óeðlilegt að semja um sem verðtryggð lán, en það getur vart orðið neitt sem um munar, nema farið væri inn á þá braut að breyta rekstrarlánum í verðtryggð lán, en það skilst oss að einmitt beri að forðast samkvæmt frv. og athugasemdunum við það. Oss virðist því að tölurnar hér að framan sýni það ótvírætt, að Landsbankanum væri alls ekki unnt að breyta svo miklu af lánum sínum í verðtryggð lán, að það fengi staðið undir almennri verðtryggingu á því sparifé, sem hann varðveitir. „Hálfdrættings"-verðtryggingin, sem gert er ráð fyrir í breytingartillögunni við 5. grein, virðist oss ekki létta neitt undir með viðskiptabönkunum í þessu efni, heldur fyrst og fremst gera mörkin óskýrari um það, hvaða lán séu verðtryggingarhæf. En án skýrra og hlutlægra reglna um það, hvenær farið væri inn á verðtrygginguna, mundi skapast kringum þessi lán úlfúð og illindi, samanburður eins viðskiptamanns við annan og eilífar ásakanir um hlutdrægni.

Röksemdafærslunni hér að framan kynni að verða mætt með því, að gert sé ráð fyrir verðbindingu á miklu hærri hundraðshluta sparifjárins en aðstandendur frumvarpsins hafi í huga. Hér sé, eins og oft hefur verið tekið fram, aðeins um heimild að ræða, og komi ekki til mála, að Seðlabankinn færi að veita rýmri heimildir en svo, að viðskiptabankarnir gætu framkvæmt þær án þess að lenda út í öngþveiti. Hér hefur málið verið rætt út frá því sjónarmiði, að gera ætti tilraun til einhvers í áttina til almennrar verðtryggingar sparifjár, og þar væri viðskiptabönkunum vissulega ofætlun að standa undir þeim kvöðum, sem á þá væru lagðar. En þótt hundraðshluti verðtryggingarinnar væri lækkaður margfaldlega miðað við það, sem hér hefur verið gert ráð fyrir, t. d. í 10% af sparifénu, væri hann enn langsamlega of stór fyrir viðskiptabankana til að taka hann að sér, án þess að lánakerfi þeirra færi úr skorðum. Jafnvel þótt farið væri niður í verðtryggingu á aðeins 5% sparifjárins, væri þetta álitleg fjárhæð, 120 millj. króna fyrir Landsbankann

samkvæmt reikningunum um síðustu áramót. Ef þátttaka bankans í væntanlegu láni til framkvæmdaáætlunar væri verðtryggð, væri hér kannske komið að því verðtryggingarhlutfalli á útlánum, sem viðráðanlegt væri, en þá yrði að gera ráð fyrir því, að bankinn notaði ekki væntanlega heimild til verðtryggingar á eigin fé. En hvernig ætti að skammta sparifjáreigendum svo smávægilega verðtryggingu? Væri ekki hætta á því, að þeir þættust aðeins fá reykinn af réttunum, miðað við það, sem þeir búast við af þessari lagasetningu?

Niðurstaðan af þessum athugunum er sú, að vér hljótum að ráða frá samþykkt þeirra ákvæða, er varða viðskiptabankana og verðbindingu sparifjár. Samþykkt þessara ákvæða, þótt aðeins sé í heimildarformi, getur aðeins vakið tálvonir um úrlausnir eftir ófærum leiðum og dregið athyglina frá aðalatriðinu, **að til er ein örugg leið til verðtryggingar á sparifé, sem sé að forðast það, sem verðrýrnuninni veldur, sjálfa verðbólguna.**

Um frumvarpið að öðru leyti óskum vér, eins og segir í upphafi þessarar umsagnar, ekki að fara út í fræðilegar rökræður á einstökum atriðum, en viljum beina því til fjárhagsnefndar og Alþingis, hvort ekki væri réttast, að málið í heild væri athugað milli þinga af nefnd manna með sérþekkingu á þessu sviði og gengið frá nýjum tillögum m. a. á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengizt hefur erlendis af löggjöf í þessa átt.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands.

Pétur Benediktsson. Svanbjörn Frímannsson. Jón Axel Pétursson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgisskjal V.

Reykjavík, 5. marz 1966.

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS.

Með bréfi, dags. 30. nóv. s. l., hefur fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis óskað eftir umsögn Útvegsbankans um frumvarp til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Hér á landi hefur verðtrygging fjárskuldbindinga verið framkvæmd aðeins að óverulegu leyti. Aðeins tvær tegundir spariinnlána eru verðtryggðar, þ. e. skyldusparnaður ungs fólks, en ákvæði um hann voru sett með lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., og sparifjársöfnun skólabarna, það eru hinar svonefndu barnabækur, sem bankarnir gefa skólabörnum í því skyni að hvetja til sparnaðar, þar sem verðtryggðar eru fjárhæðir frá 100 krónum til 1000 króna fyrir hvern sparifjáreiganda. Auk þessa hafa svo einstök lán hins opinbera verið verðtryggð. Lán Húsnæðismálastofnunar ríkisins eru nú vertryggð, samkvæmt kaupgreiðsluvísitölu, og ríkissjóður hefur undanfarin tvö ár boðið út verðtryggð skuldabréfalán, og miðast verðtrygging þeirra við vísitölu byggingarkostnaðar.

Það er álit vort, að æskilegt sé, að farið verði í auknum mæli inn á þá braut að verðtryggja sparifé, og er þá að sjálfsögðu bæði eðlilegt og óhjákvæmilegt að verðtryggja útlán á móti. Er hér haft í huga, að það geti e. t. v. orðið til þess annars vegar að draga úr því tjóni, sem verðbólgan veldur sparifjáreigendum, bæði einstaklingum og sjóðum, og hins vegar til þess að draga úr sjálfum meinvaldinum, sjálfri verðbólguþróuninni. Ætla mætti, að verðtrygging mundi auka sparnað og jafnframt draga úr fjárfestingarkapphlaupinu, sem gerir hvort tveggja í senn, að draga of mikið fé frá aðalatvinnuvegunum og ofbjóða vinnuaflinu.

Það er hins vegar að vorum dómi margvíslegum örðugleikum bundið að fram-

kvæma verðtryggingu í stórum stíl, og fjallar frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, lítið um, hvernig leysa eigi þau vandamál. Hefur frumvarpið nánast aðeins að geyma heimildarákvæði fyrir Seðlabankann til þess að veita ýmsum aðilum leyfi til að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út tilsvarandi fjárhæðir, auk eigin fjár, með verðtryggingu.

Það yrði fyrirsjáanlega mikið vandamál fyrir viðskiptabankana, sem lána að mjög litlu leyti fjárfestingarlán eða önnur þau lán, sem fyrst og fremst kemur til greina að verðtryggja, að veita verðtryggingu á verulegan hluta af spariinnlánum sínum. Er í þessu sambandi rétt að benda á hinn mikla aðstöðumun, sem er hjá þeim annars vegar og sparisjóðum o. fl. aðilum hins vegar, sem margir hverjir, eða jafnvel flestir, lána mestan hluta útlána sinna í fjárfestingarlánum. Sýnist ekki vera mikið vandamál fyrir þá að verðtryggja að langmestu leyti það sparifé, sem þeim býðst, sem viðskiptabankarnir geta augljóslega ekki. Væri því hætt við því að sparifé landsmanna leitaði fremur til þeirra en viðskiptabankanna, sem þó verða fyrst og fremst að standa undir rekstrarlánum til atvinnuveganna. Gæti þessi þróun haft hinar örlagaríkustu afleiðingar í þá átt að neyða viðskiptabankana til þess að draga úr rekstrarlánum en auka fjárfestingarlán. Auk þess hafa viðskiptabankarnir ekki jafna aðstöðu að þessu leyti. Sumir þeirra, einkum Landsbankinn og Útvegsbankinn, verða að hafa tiltölulega meiri hluta útlána sinna bundinn í rekstrarlánum, sérstaklega í sjávarútvegi, en aðrir viðskiptabankar, og yrði vandamálið því vandleystara hvað þá snertir en ýmsa aðra.

Verðtrygging á rekstrarlánum kemur naumast til greina, þar sem slíkt mundi fremur hafa verðbólguaukandi áhrif og því vinna gegn öðru höfuðmarkmiði frumvarpsins.

Þessar hugleiðingar um aðstöðumun sparisjóða o. fl. annars vegar og viðskiptabankanna hins vegar eiga fyrst og fremst við, þegar horft er nokkuð fram í tímann. Hins vegar má segja, að aðstaðan yrði nokkuð hliðstæð hjá öllum innlánsstofnunum varðandi lán til langs tíma, sem í gildi væru, þegar verðtrygging væri tekin upp. Þeim lánum yrði ekki nema að mjög litlu leyti hægt að breyta í verðtryggð lán nema á löngum tíma, þ. e. a. s. aðeins jafnóðum og þau greiðast. Aftur á móti er fyrirsjáanlegt, að þeim innlánum, sem á annað borð yrði breytt í verðtryggðar innstæður, mundi verða breytt í það horf á mjög skömmum tíma. Er auðsætt, að þarna yrði líka mikið vandamál við að glíma.

Vér teljum, að lagasetning um verðtryggingu fjárskuldbindinga sé svo vandasamt og veigamikið mál, að það þurfi mjög gaumgæfilegrar athugunar við, sérstaklega að því er snertir framkvæmd málsins í viðskiptabönkunum, og að æskilegt væri, að sú löggjöf, sem um það kynni að verða sett, að undangenginni slíkri athugun, gæti orðið ýtarlegri í einstökum atriðum í því efni en frumvarp það, sem nú liggur fyrir, gerir ráð fyrir.

Frumvarp það, sem nú liggur fyrir Alþingi, var einnig flutt á Alþingi í fyrra, en var þá ekki afgreitt, að því er talið var til þess að nánari athugun málsins gæti farið fram, áður en Alþingi það, er nú situr, kæmi saman. Oss er ekki kunnugt um, að nein athugun hafi farið fram á þessu tímabili, a. m. k. hefur enginn haft forgöngu um slíka athugun í samráði við viðskiptabankana.

Vér teljum því rétt, með tilvísun til framanritaðs, að leggja til, að málið í heild verði nú athugað milli þinga af sérstakri nefnd, er hafi náið samráð við bankana, og að nefndin, ef hún telur ástæðu til, gangi frá nýjum tillögum, þar sem m. a.. verði tekið tillit til vandamála viðskiptabankanna og innlánsstofnana yfirleitt, sem að framan eru rakin.

Bankastjórn Útvegsbanka Íslands,

Jóhannes Elíasson. F. R. Valdimarsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 351. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar (DÓ, SI, JR, MÁM).

5. gr. orðist svo:

Seðlabankinn getur heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár, með vaxtatryggingu. Er Seðlabankinn ekki bundinn af ákvæðum 4. gr. c. við veitingu slíkrar heimildar, þegar um innstæðufé við innlánsstofnanir er að ræða.

Verði notkun verðtryggðra innlánsreikninga veruleg við banka og aðrar innlánsstofnanir, getur Seðlabankinn, ef nauðsyn krefur, einnig heimilað þessum stofnunum að veita lán með verðtryggingu til skemmri tíma en segir í 4. gr. c., enda séu slík lán eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber Seðlabankanum að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10 1961.

Viðskiptamálaráðherra skipar nefnd, er í skulu sitja fulltrúar viðskiptabankanna, og skal Seðlabankinn hafa samráð við hana við notkun þeirra heimilda, er í grein þessari felast honum til handa.

Ed. 352. Frumvarp til laga [160. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	12.03	09	orðist svo:	
		09	Annað	0
2.	13.03	02	orðist svo:	
		02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
3.	18.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Búðingsduft	100%
4.	25.23	00	orðist svo:	
	25.23	**00**	**Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall**	**20%**
5.	28.25	00	orðist svo:	
	28.25	00	Títanoxyd	25%
6.	38.19		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		18	Efnivörur til sútunar	35%
7.	39.07		orðist svo:	
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunar- og slysavarnartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar, 10 lítra og stærri	10%

		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
		67	Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%
		71	Girðingastaurar	20%
		72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	35%
		73	Skrautvörur	100%
		89	Aðrar vörur úr plasti	70%
8.	42.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Úrarmbönd	70%
9.	42.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Töskuhandföng	70%
10.	44.23	orðist svo:		
	44.23	**Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett, tilsniðin hús og samsett parketgólf):**		
		01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	40%
		02	Hús tilhöggvin	40%
		03	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	50%
11.	48.07	orðist svo:		
	48.07	**Pappír eða pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappi, sem telst til nr. 48.06, eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:**		
		10	*Prent- og skrifpappír*	30%

			Annað:	
		81	Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn	30%
		83	Þakpappi og annar asfaltborinn pappír	35%
		84	Pappír og pappi, áprentaður, ót. a.	60%
		85	Límborinn pappír	30%
		86	Veggfóður	35%
		87	Einangrunarplötur	40%
		88	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
		91	Umbúðapappír, áprentaður, utan um brauð	40%
		92	Pappi til myndamótagerðar	25%
		93	Efni í vélaþéttingar	35%
		99	Annars	60%
12.	48.18	00	orðist svo:	
	48.18		**Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa:**	
		01	Frímerkjaalbúm	50%
		09	Annað	100%
13.	48.19		orðist svo:	
		01	Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	50%
		02	Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir	4%
		09	Annað	70%
14.	48.21	01	orðist svo:	
		01	Pípur og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
			Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		07	Dömubindi og barnableiur	35%
15.	49.08	00	orðist svo:	
	49.08	00	**Færimyndir alls konar**	50%
16.	49.11		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		02	Biblíumyndir og myndir til notkunar við kennslu í skólum	0
17.	59.11		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Einangrunarbönd	35%
18.	60.01		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		04	Hringprjónuð grisja til umbúða um kjöt	2%
19.	62.05		orðist svo:	
	62.05		**Aðrar tilbúnar spunavörur (þar með talin snið):**	
		01	Skóreimar	40%
		02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
		04	Úrarmbönd	70%
		05	Rúðuþéttingar	35%
		06	Plötur til veggklæðningar	40%
		07	Geymar með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		08	Ofnir hólkar til umbúða	50%
		09	Annars	100%

20. 70.14 02 og 03 orðist svo:

	02	Glös fyrir olíulampa	35%
	03	Luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og duflaljósker	35%

21. 73.10 orðist svo:

73.10		**Stengur (einnig vírstengur) úr járni eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar; jarðborspípur úr stáli:**	
		Valsaður vír:	
	11	Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	19	Annað	35%
		Annað:	
	21	Steypustyrktarjárn	35%
	23	Jarðborspípur úr stáli	35%
	29	Annars	15%

22. 73.21 orðist svo:

73.21		**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, stíflur, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr járni eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki, úr járni eða stáli:**	
	01	Bryggjur og brýr, hálf- eða fullgerðar, samsettar; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í bryggjur eða brýr	35%
	02	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
	09	Annað	40%

23. 73.23 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	04	Áletraðar dósir utan um útflutningsvörur	4%

24. 76.08 orðist svo:

76.08	00	**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, prófílar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr alúmíni**	40%

25. 76.16 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	08	Bólur til gatnamerkingar	35%

26. 79.06 Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:

	05	Forskaut	15%

27. 83.01 00 orðist svo:

83.01	00	**Lásar og skrár (til notkunar með lykli, rafmagni eða öðru) og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; rammar með lás fyrir handtöskur, ferðakistur og annað þess háttar og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; lyklar til allra ofangreindra vara, fullgerðir eða ófullgerðir, úr ódýrum málmum**	40%

28. 83.02 00 orðist svo:

83.02	00	**Smávarningur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, svo sem húsgögn, hurðir, stiga, glugga, vinduglugga, tjöld; enn fremur til vagngerðar, söðlasmíði, ferðakista, skrína og annars þess háttar (þar með taldar sjálfvirkar dyralokur); snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar úr ódýrum málmum**	40%

29.	83.13	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
30.	84.18	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		25	Lofthreinsunartæki til heimilisnotkunar	80%
31.	84.30	05 orðist svo:		
		05	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	10%
32.	84.61	02 falli niður.		
33.	85.04	00 orðist svo:		
	85.04	**Rafgeymar:**		
		01	Efni í rafgeyma	20%
		09	Annað	40%
34.	87.02	Eftirtalin númer orðist svo:		
		37	Bifreiðar í jeppaflokki, með ekki meira bil en 100″ milli miðdepla ása	40%
		38	Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins hverju sinni	40%
35.	94.03	00 orðist svo:		
	94.03	**Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:**		
		01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	90%

2. gr.

Á eftir 42. lið laganna, eins og sá liður er í 1. gr. laga nr. 102 22. des. 1965, komi þrír nýir liðir, svo hljóðandi:

43	Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.
44	Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45	Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, sem svari því, að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 23., 33., 49., 60., 89. og 95. liður laga nr. 15 21. maí 1964 og nr. 84.30.05 í 15. lið laga nr. 11 24. apríl 1965.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og opinberlega hefur verið tilkynnt, hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita sér fyrir lækkun á innflutningstollum af húsum og húshlutum. Tollar af húsum og húshlutum eru nú samkvæmt tollskrárlögum ýmist 50% eða 60%, eftir því, hvort um er að ræða hús úr járni og stáli eða timbri. Tollur af byggingavörum er ýmist 35%, 40%, eða 50%, ef um er að ræða vörur, sem einnig eru framleiddar hér í landinu, svo sem samsett gler, saumur og fleira. Þegar tillit er tekið til þessa, þótti ekki rétt að fara með hinn almenna toll af húsum og húshlutum neðar en í 40%, þar eð óeðlilegt þykir, að fullunnin vara sé lægra tolluð heldur en efnivaran til framleiðslu hennar. Er því á þessu stigi gert ráð fyrir, að tollur af húsum og húshlutum verði lækkaður í 40%. Þá er lagt til í frumvarpinu, að tollur af sementi lækki úr 35% í

20%. Í frumvarpinu er einnig að finna nokkrar tæknilegar leiðréttingar og staðfestingar á þegar gerðum úrskurðum. Að öðru leyti vísast til athugasemda við hinar einstöku breytingatillögur.

Um 1. gr.

1. Í gildandi lögum er grasfræ, í 10 kg umbúðum og stærri, tollfrjálst, en annað fræ er með 20% tolli. Lagt er til, að annað fræ, svo sem trjáfræ, blómafræ o. fl., verði einnig tollfrjálst.
2. Lagt er til, að víkka nr. 13.03.02, sem tekur til lakkrísextrakts í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakts í 3 lítra flátum eða stærri, þannig að liðurinn nái einnig yfir lakkrísduft á 3 lítra flátum og stærri með 40% tolli. Hefur verið í 125% tolli til þessa.
3. Hér er lagt til, að búa til nýtt númer yfir búðingsduft með 100% tolli til samræmis við búðingsduft í nr. 21.07, en búðingsduft það, sem hér tollast, hefur verið með 125% tolli til þessa.
4. Lagt er til, að tollur af sementi lækki úr 35% í 20%. Þegar litið er til hinnar miklu náttúrlegu verndar, sem sement hefur vegna þyngdar og kostnaðar við flutning til landsins, þykir óeðlilegt að hafa tollvernd svo háa sem verið hefur, og er því lagt til, að tollurinn af sementi verði lækkaður í 20%.
5. Lagt er til að lækka toll af títanoxyd, sem er mikilvægt hráefni fyrir málningargerðir og fleira, úr 35% í 25%.
6. Lagt er til að lækka toll af efnivörum til sútunar úr 50% í 35% til samræmis við sams konar vöru í nr. 34.02.
7. Nokkrar breytingar verða á númerum undir þessum lið: Björgunartæki úr plasti eru með 20% tolli, en hér er lagt til að víkka þann lið, þannig að lági tollurinn nái einnig til slysavarnatækja auk björgunartækja. Tollur af smávarningi úr plasti lækkar úr 70% í 40%.

   Lagt er til að lækka toll af girðingarstaurum úr plasti í 20% til samræmis við sams konar vöru úr járni í nr. 73.40. Tollur af kúplum og glösum fyrir siglingaljós og duflaljósker er hér lækkaður úr 100% í 35%. Þá er búið til nýtt númer fyrir hús og mannvirki og húshluta með 40% tolli. Það númer tekur eftirleiðis einnig til glugga, gluggakarma og hurða úr plasti og lækkar þá tollur af því úr 50% í 40%. Aðrar vörur úr plasti eru lækkaðar úr 100% í 70%.
8. Hér kemur inn nýtt númer fyrir úrarmbönd með 70% tolli til samræmis við sams konar vöru úr járni í nr. 73.40, en úrarmbönd úr leðri hafa til þessa verið með 90% tolli.
9. Hér kemur inn nýtt númer fyrir töskuhandföng með 70% tolli, en hefur til þessa verið með 100% tolli. Er þetta gert til samræmis við toll af sams konar vöru úr járni í nr. 83.09.
10. Hér er lagt til, að tollur af húsum og húshlutum úr timbri, sem nú er 60%, lækki í 40%, sbr. það, sem segir í upphafsorðum athugasemda við lagafrumvarpið. Tollur af samsettum parketgólfum lækkar þó aðeins í 50%, eða í sama toll og er af parketstöfum í nr. 44.13. Þá er búið til nýtt númer fyrir innréttingar, sem í einstaka tilfellum geta talizt til þessa númers, með 60% tolli, sbr. nr. 94.03.
11. Í gildandi lögum er þakpappi með 35% tolli, en hér er lagt til að víkka það númer þannig, að það nái einnig til asfaltsborins pappírs, sem þá lækkar úr 60% tolli. Þá er lagt til, að búin verði til nokkur ný númer, fyrir umbúðapappír áprentaðan utan um brauð með 40% tolli, fyrir pappa til myndamótagerðar með 25% tolli og fyrir efni í vélaþéttingar með 35% tolli. Vörur þessar hafa verið í 60% tolli.
12. Gert er ráð fyrir að lækka toll af frímerkjaalbúmum úr 100% í 50%.
13. Búið er til nýtt númer fyrir áprentaða merkimiða fyrir útflutningsafurðir með 4% tolli, og er þá ekki gert ráð fyrir, að tollendurgreiðsla fáist við útflutning hinna fullunnu afurða. Varan er nú í 70% tolli.

14. Vélaþéttingar og pípur úr sellólósavatti eru nú með 35% tolli. Lagt er til að víkka númer það, sem tekur til þessara vara, þannig að það nái einnig til ýmiss konar smáhluta til véla með 35% tolli. Hér kemur inn nýtt númer fyrir barnableiur og dömubindi með 35% tolli til samræmis við sams konar vörur úr vatti og spunaefnum í nr. 59.01. Vörur þessar eru nú með 100% tolli.
15. Lagt er til að lækka toll af þessu númeri, sem tekur til ýmiss konar færimynda, þar með talið færiletur fyrir prentiðnaðinn, úr 90% í 50% toll.
16. Lagt er til, að búa til nýtt númer fyrir bibliu- og fræðslumyndir, sem verði tollfrjálst.
17. Hér kemur inn nýtt númer fyrir einangrunarbönd úr spunaefnum með 35% tolli til samræmis við sams konar vöru úr ýmsum öðrum efnum. Varan er nú með 65% tolli.
18. Lagt er til að búa til nýtt númer fyrir efni í kjötpoka, sem flokkast undir þennan tollskrárlið, sem verði með 2% tolli til samræmis við toll af kjötpokunum fullunnum í nr. 60.05.
19. Björgunartæki úr spunavörum eru með 20% tolli, en hér er lagt til, að númerið verði víkkað og nái einnig til slysavarnatækja með hinum lága tolli. Búin eru til nokkur ný númer undir þessum lið, fyrir úrarmbönd í 70% tolli, rúðuþéttingar með 35% tolli, plötur til veggklæðningar með 40% tolli og geyma með yfir 300 lítra rúmtaki með 50% tolli til samræmis við toll af vörum þessum úr öðrum efnum. Einnig er nýtt númer fyrir ofna hólka til umbúða með 50% tolli. Tollur af vörum þessum er nú 100%.
20. Lagt er til að búa til nýtt númer fyrir luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og duflaljósker með 35% tolli. Tollur af vörunni er nú 100%.
21. Lagt er til, að allt steypustyrktarjárn verði með 35% tolli, án tillits til þess, hver sverleiki þess er, en það er nú með 15% tolli, ef það er yfir 25 mm í þvermál. Allt smíðajárn verður nú með 15% tolli, en var með 35% tolli, ef það er undir 25 mm í þvermál.
22. Númer þetta (þ. e. 73.21.09) tekur til ýmissa mannvirkja og hluta til þeirra, og er lagt til að tollurinn lækki úr 50% í 40%. Búið er til nýtt númer fyrir innréttingar úr járni með 60% tolli, sbr. nr. 94.03.
23. Hér kemur inn nýtt númer fyrir áletraðar dósir utan um útflutningsvörur með 4% tolli, og er þá gert ráð fyrir, að tollgjöld verði ekki endurgreidd við útflutning hinna fullunnu afurða. Tollur af vöru þessari er nú 50% við innflutning, en tollgjöld eru endurgreidd eftir á, þegar hin fullunna vara hefur verið flutt úr landi.
24. Tollur af vörum þessum, sem eru hús, skemmur og aðrar byggingar og hlutar til þeirra úr alúmíni, lækkar úr 50% og 60% í 40%.
25. Hér kemur inn nýtt númer fyrir bólur úr alúmíni, til að merkja gangbrautir o. fl. með 35% tolli, en hefur til þessa verið í 70% tolli.
26. Hér kemur inn nýtt númer fyrir forskaut, sem eru vörur úr zinki, til að varna ryðmyndun á stálskipum, og er lagt til, að tollurinn verði 15%, en hefur verið 70% til þessa.
27.—28. Lagt er til að lækka toll af lásum og skrám og ýmiss konar smávarningi úr ódýrum málmi úr 70% í 40%, en vörur þessar eru mikið notaðar í byggingaiðnaðinum.
29. Hér kemur inn nýtt númer fyrir áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir með 4% tolli, og verður þá sá tollur ekki endurgreiddur við útflutning afurðanna. Tollur af öðrum lokum er 70%.
30. Lagt er til, að búið verði til nýtt númer fyrir lofthreinsunartæki til heimilisnota með 80% tolli, sem er hinn almenni tollur af heimilistækjum. Lofthreinsunartæki þau, sem teljast til þessa númers, hafa verið með 35% tolli til þessa.
31. Númer þetta, sem tekur til flökunarvéla, flatningsvéla og hausskurðarvéla til vinnslu á fiski, er nú með 10% tolli. Hér er lagt til að víkka númerið, þannig að

það nái einnig til síldarsöltunarvéla og roðflettingavéla, sem nú eru með 25% tolli.

32. Lagt er til, að númer þetta, sem tekur til blöndunartækja, falli niður. Lækkar þá tollur af þeim úr 60% í 35%, sem er hinn almenni tollur af efnivörum til pípulagna.
33. Lagt er til að lækka toll af efni í rafgeyma úr 30% í 20%.
34. Bifreiðar í jeppaflokki með ekki meira bil en 94 tommur milli miðdepla ása, eru nú með 40% tolli og 30% leyfisgjaldi, samkvæmt nýútgefinni reglugerð. Lagt er til að lengja það bil, sem má vera milli miðdepla ása, þannig að það verði 100 tommur. Þá er lagt til að breyta númeri því, sem tekur til sjúkrabifreiða, sem jafnframt eru lögreglubifreiðar, þannig að númerið nái eftirleiðis til sjúkrabifreiða, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og verði slíkar bifreiðar með 40% tolli, en undanþegnar leyfisgjaldi.
35. Lagt er til að skipta þessu númeri, sem tekur til húsgagna og hluta til þeirra, þannig að sérstakt númer verði búið til fyrir innréttingar með 60% tolli, en önnur húsgögn verði áfram í 90% tolli.

Um 2. gr.

Í 3. gr. laganna eru tekin inn þrjú ný heimildarákvæði, eitt um að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitafélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað. Heimild, hliðstæð þessari, er nú í 22. gr. fjárlaga, en rétt þykir að taka heimildina inn í tollskrárlög. Þá er lagt til að taka inn heimild til að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðafyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni. Mjög mikið er um það, að góðgerðafyrirtæki fari fram á tollundanþágur af hinum og þessum vörum, sem þau flytja inn til starfsemi sinnar, en engin heimild hefur verið í lögum til að undanþiggja slíkar vörur innflutningstollum. Er því lagt til að taka þessa heimild inn í tollskrárlögin og einskorða niðurfellinguna við sölumerki.

Í þriðja lagi er lagt til að taka inn heimild til að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum fyrir kartöflugarða, sem svari því að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.

Nd. 353. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með því, að frv. verði samþykkt. Einn nefndarmanna, BP, er á móti frv. og mun skila séráliti. Einstakir nefndarmenn, sem undirrita þetta nál., áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 18. marz 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Ben. Gröndal, fundaskr.	Ágúst Þorvaldsson.
Jónas Pétursson.	Sverrir Júlíusson.	Hannibal Valdimarsson.

Nd. 354. Breytingartillaga [72. mál]

við frv. til laga um hægri handar umferð.

Frá Skúla Guðmundssyni og Birni Fr. Björnssyni.

IV. kafli (12.—15. gr.) frumvarpsins falli burt.

Nd. 355. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Hinn 5. febrúar 1953 var á Alþingi samþykkt þingsályktunartillaga frá þrem þingmönnum Framsóknarflokksins um að láta fara fram athugun á því, hvort og með hverju móti takast mætti á hagfelldan hátt að tryggja verðgildi þess fjár, sem bankar og sparisjóðir taka til geymslu og ávöxtunar. Þessi athugun var gerð, en ekki varð af framkvæmdum. Á sumarþingi 1959 og aftur á aðalþingi það ár, svo og á árunum 1963 og 1964 fluttu nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins þingsályktunartillögur um skipan nefndar til að athuga, með hverjum hætti við verði komið verðtryggingu sparifjár, en þær tillögur fengust ekki afgreiddar.

Af framangreindu sést, að alllangt er síðan ýmsir gerðu sér grein fyrir þeim háska, sem af því leiðir, að íslenzkt fjármálalíf hefur undanfarna áratugi einkennzt öðru fremur af sífelldu verðfalli peninga. Sú þróun hefur haft óheppilegar afleiðingar á mörgum sviðum og er ein orsök þess verðbólguvaxtar, sem hér hefur átt sér stað. Innlendur sparnaður er ein mikilvægasta forsenda þróttmikillar og heilbrigðrar efnahagsstarfsemi. Afleiðing peningaverðfallsins er hins vegar ónógur sparnaður, sem leitt hefur til lánsfjárskorts til hvers konar framkvæmda og rekstrar atvinnufyrirtækja. Lánastarfsemi hefur í aukum mæli markazt af stuttum og óhagkvæmum lánum úr bankakerfinu og vaxandi lánastarfsemi utan þess. Gróðinn, sem sífellt verðfall peninganna hefur skapað lántakendum, veldur æðisgengnu kapphlaupi, um hið takmarkaða lánsfé og verðbólgufjárfestingu. Endurskipting eigna þjóðfélagsins, þar sem lántakar hagnast stöðugt á kostnað lánveitenda, getur hvorki talizt sanngjörn né æskileg. Því mundi það tvímælalaust mikill ávinningur, ef hægt væri að skapa jafnvægi í þessum efnum, en í þá átt mundi verðtrygging sparifjár og annarra fjárskuldbindinga stórt skref, ef takast mætti að framkvæma eftir heppilegum leiðum.

Fram til þessa hefur verðtrygging fjárskuldbindinga ekki verið framkvæmd hér á landi nema í mjög smáum stíl. Aðeins tvær tegundir spariinnlána eru verðtryggðar, þ. e. skyldusparnaður ungs fólks skv. lögum nr. 42 frá 1957 og sparifjársöfnun skólabarna, en samanlagt nema þessir tveir liðir aðeins örlitlu broti af sparifé landsmanna. Að því er útlánum viðkemur, hafa örfáar tegundir opinberra lána verið verðtryggðar, og eru slík ákvæði nú í gildi um lán frá Húsnæðismálastofnun ríkisins og þau skuldabréfalán ríkissjóðs, sem boðin voru út á árunum 1964 og 1965 samkvæmt sérstakri lagaheimild. Allar aðrar fjárskuldbindingar en þær, sem nú voru nefndar, er skv. gildandi lögum óheimilt að verðtryggja.

Seint í aprílmánuði 1965 lagði ríkisstjórnin fram frumvarp um verðtryggingu fjárskuldbindinga, en málið hlaut þá enga afgreiðslu. Frumvarp þetta hefur verið endurflutt á þessu þingi og hefur verið alllengi í athugun hjá fjárhagsnefnd. Hefur nefndin sent frumvarpið til umsagnar viðskiptabankanna, og annar af bankastjórum Seðlabankans, dr. Jóhannes Nordal, kom til viðtals við nefndina um það.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hluti hennar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með nokkrum breytingum, en undirritaðir telja æskilegt, að málið fái nokkru rækilegri athugun en þegar hefur farið fram.

Frumvarpið er í heimildarformi. Samkvæmt 3. gr. þess skal Seðlabanki Íslands hafa umsjón með framkvæmd laganna og veita heimildir til verðtryggingar, nema hún sé sérstaklega heimiluð í lögum, enda séu umsóknir um slíkar heimildir sendar bankaeftirliti Seðlabankans. Að vísu eru í 4. gr. talin nokkur almenn skilyrði verðtryggingar, en engar fastar reglur um framkvæmdina eru í frumvarpinu. Við teljum, að þar sem um svo þýðingarmikið mál er að ræða, væri ákjósanlegra, að löggjöfin væri ákveðnari um ýmsa þætti þess heldur en verða mundi, ef frumvarpið væri samþykkt í núverandi mynd.

Einnig lítum við svo á, að tækju fjárfestingarlánastofnanir yfirleitt upp verðtryggingu á útlánum sínum, væri eðlilegra að lögákveða, við hvaða verðtryggingargrundvöll eigi að miða í hinum einstöku lánaflokkum, enda hefur það verið algild regla um þá verðtryggingu, sem fram til þessa hefur verið leyfð.

Í þeim þingsályktunartillögum, sem að framan eru nefndar, hefur aðaláherzlan verið lögð á verðtryggingu sparifjár, þ. e. að gæta hagsmuna sparifjáreigendanna og vernda eigur þeirra. Í frumvarpinu er hins vegar fyrst og fremst fjallað um verðtryggingu lána frá sérstökum fjárfestingarlánastofnunum. Enda þótt okkur sé ljóst, að náið samband hljóti ávallt að vera milli verðtryggingar sparifjár annars vegar og útlána hins vegar og að allmikil vandkvæði muni á að verðtryggja meginhlutann af innlögðu sparifé, teljum við þó, að til þess að raunverulegs árangurs af slíkri lagasetningu í baráttunni við verðbólguna sé að vænta, þurfi verðtryggingin að vera nokkuð almenn.

Í umsögnum Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, sem prentaðar eru á þingskjali 350, eru á glöggan hátt dregnir fram þeir erfiðleikar, sem eru á almennri verðtryggingu sparifjár, eins og hún er áformuð skv. frumvarpi þessu, svo og á framkvæmd nokkurra annarra atriða þess. Þar er jafnframt lagt til, að málið í heild verði athugað milli þinga af nefnd manna með sérþekkingu á þessu sviði og gengið frá nýjum tillögum, m. a. á grundvelli þeirrar reynslu, sem fengizt hefur erlendis af löggjöf í þessa átt.

Undir þetta viljum við taka og leggjum því til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur nauðsynlegt, að þetta mikilsverða mál fái rækilegri athugun en þegar hefur farið fram og að löggjöf um verðtryggingu, ef sett verður, feli í sér skýrari ákvæði um reglur þær, sem farið skuli eftir við framkvæmd laganna, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til að athuga málið og gera tillögur um það fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. marz 1966.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 356. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin ræddi tillöguna á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar. Umsagnar var leitað hjá Félagi ísl. iðnrekenda, Iðju, félagi verk-

smiðjufólks í Reykjavík, Iðju, félagi verksmiðjufólks á Akureyri, Sambandi ísl. samvinnufélaga og Efnahagsstofnuninni.

Tillaga þessi var einnig lögð fram á síðasta Alþingi og var þá send sömu aðilum til umsagnar. Að þessu sinni bárust aðeins umsagnir frá Sambandi ísl. samvinnufélaga, sem mælir með samþykkt tillögunnar, og Félagi ísl. iðnrekenda, sem mælti með till. í fyrra vegna samdráttar, sem það taldi að hefði orðið í veiðarfæra- og fataiðnaði, en telur till. nú óþarfa. Bendir félagið á, að fram hafi farið sérstök athugun á veiðarfæraiðnaðinum og fataiðnaðurinn sé nú í athugun hjá Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Flutningsmenn tillögunnar leggja til, að athugunin verði látin fara fram í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks. Á það skal bent, að fulltrúar þessara aðila eiga sæti í stjórn Iðnaðarmálastofnunarinnar. Verður því ekki séð annað en að þegar sé unnið að þessari athugun og með þeim hætti, sem flutningsmenn töldu æskilegan.

Iðnaðurinn hefur um langt árabil búið við óæskileg vaxtarskilyrði. Innflutningshöft og tollar hafa að vissu leyti valdið honum erfiðleikum og torveldað eðlilega uppbyggingu og tækniþróun, en að öðru leyti orðið þess valdandi, að ekki hefur til fulls reynt á samkeppnishæfni hans og getu til aukinnar hagsældar fyrir þjóðina.

Stefna ríkisstjórnarinnar um innflutningsfrelsi og nokkur tollalækkun er til hagsbóta fyrir neytendur, en gerir kröfur til iðnaðarins um tækniþróun og aukna framleiðni. Ríkisstjórnin hefur því haft til athugunar og að nokkru framkvæmt margvíslegar aðgerðir til þess að aðlaga þessa atvinnugrein nýjum viðhorfum, og er þess að vænta, að þessi stefna leiði til nýsköpunar og eflingar iðnaðarins og þá að öðru jöfnu fyrst og fremst þeirra starfsgreina, sem mesta þjóðhagslega þýðingu hafa og skapað geta þjóðinni bezt lífskjör. Þess er einnig rétt að geta, að í nokkrum greinum iðnaðarins hefur þegar orðið framleiðsluaukning.

Af aðlögunaraðgerðum ríkisstjórnarinnar má nefna löggjöf á árinu 1963, sem miðaði að stórfelldri eflingu Iðnlánasjóðs, og frumv., sem nú hefur verið lagt fram um nýja eflingu sjóðsins, með fimmföldun á ríkisframlagi og 150 millj. kr. hækkun á lántökuheimild. Af þeirri lántökuheimild eru 100 millj. kr. ætlaðar til stofnunar nýs lánaflokks í því skyni að veita sérstök hagræðingarlán til eflingar rekstrartækni og aukinnar framleiðni. Þess má geta, að lánveitingar úr Iðnlánasjóði voru síðustu árin, áður en núverandi ríkisstjórn tók við stjórnartaumunum, rúmar 2 millj. kr. á ári að meðaltali, en voru á árinu 1965 rúmar 58 millj. kr., en auk þess voru lánveitingar Framkvæmdabankans til iðnaðarins á því ári um 30 millj. kr., eða samtals nærri 90 millj. kr. Með frumv. því, sem nú hefur verið lagt fram, verður aðstaða til lánveitinga enn aukin til muna. Þá má einnig nefna lög um breytingu á lausaskuldum iðnaðarins í föst lán, sem samþykkt voru á árinu 1964, og reglugerð um vaxtabréfalán Iðnlánasjóðs, sem gefin var út s. l. vor.

Af öðrum aðgerðum má m. a. nefna verulega tollalækkun á iðnaðarvélum á síðasta þingi og enn meiri tollalækkun á dráttarbrautum til skipaviðgerða og skipasmíða, og eru tollamál iðnaðarins enn í athugun.

Þá má einnig nefna nýskipan um rannsóknir í þágu iðnaðarins.

Skylt er að geta þess, að forustumenn iðnaðarins hafa tekið þessum nýju viðhorfum með miklum skilningi. Þeir hafa ekki lagzt gegn innflutningsfrelsi eða stefnu ríkisstjórnarinnar almennt í þessu efni. Þeir hafa lagt áherzlu á aðlögunaraðgerðirnar og haft um það málefnalegt og gott samstarf við ríkisstjórnina, og þess vegna hefur svo vel orðið ágengt í þessu efni sem raun ber vitni.

Með tilvísun til ofanritaðs leggur meiri hl. nefndarinnar til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum árum á margvíslegan hátt unnið að aðlögunarmálum iðnaðarins. Má í því sambandi nefna stórfelldar umbætur á lánamálum iðnaðarins, og enn liggur fyrir þinginu nýtt frumvarp um eflingu Iðnlánasjóðs, sem

m. a. gerir ráð fyrir nýjum lánaflokki til hagræðingarframkvæmda og aukinnar framleiðni. Unnið er að frekari aðgerðum og athugunum varðandi eflingu iðnaðarins og þar á meðal þeirri, sem flutningsmenn tillögunnar leggja til að framkvæmd verði, að svo miklu leyti sem þeir telja þörf á, sem því ættu að vera kunnugastir. Alþingi telur því óþarft að samþykkja sérstaka ályktun um málið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. marz 1966.

Sigurður Ingimundarson, form.	Ragnar Jónsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.	Axel Jónsson.

Nd. 357. Nefndarálit [148. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá iðnaðarnefnd.

Með lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð, voru mörkuð þáttaskil í starfsemi sjóðsins. Sjóðnum var þá tryggður nýr tekjustofn, 0,4% gjald, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og lagt er á sama stofn og aðstöðugjald til sveitarfélaga. Sett voru fyllri ákvæði um lántökuheimildir sjóðsins og endurlán. Þá var starfssvið hans aukið, þar sem gert var ráð fyrir að veita úr sjóðnum lán til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnaðarfyrirtækja, auk véla- og tækjakaupa. Upphæð lána var ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs og ýtarleg ákvæði sett um það, gegn hvaða tryggingum lán skyldu veitt.

Hinar auknu tekjur sjóðsins og notkun lántökuheimildarinnar hefur gert honum kleift að stórauka útlán sín, en á s. l. ári námu þau samtals rúmlega 58 millj. kr.

Með frv. á þingskjali 314, sem flutt er af hæstv. ríkisstjórn, er enn stefnt að því að efla Iðnlánasjóð. Þar er lagt til að hækka framlag ríkissjóðs til sjóðsins úr 2 millj. kr. í 10 millj. kr., í fyrsta sinn árið 1967, og hækka hina almennu lántökuheimild úr 100 millj. kr. í 150 millj. kr. Þá er lagt til að veita lánsheimild, 100 millj. kr., í sambandi við fyrirhugaðan flokk hinna svonefndu hagræðingarlána, en þeim er ætlað að koma til viðbótar almennum lánveitingum sjóðsins. Verða þau lán væntanlega með hagstæðari kjörum fyrir lántakendur.

Iðnaðarnefnd hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt, en þrír nefndarmanna, þeir GíslG, ÞÞ og EðS, áskilja sér rétt til þess að fylgja breytingartill., er fram kunna að koma.

Alþingi, 21. marz 1966.

Jónas G. Rafnar, form., frsm.	Sig. Ingimundarson, fundaskr.	Eðvarð Sigurðsson.
Þórarinn Þórarinsson.	Gísli Guðmundsson.	Sigurður Ágústsson.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Ed. 358. Nefndarálit [43. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd tók frv. til meðferðar á tveim fundum og sendi það til umsagnar stjórn Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnun ríkisins. Nefndin varð ekki á einu máli um afgreiðslu þess. Leggur meiri hlutinn til, að frv. fellt, en minni hlutinn mælir með samþykkt þess.

Í umsögn Tannlæknafélagsins segir, að félagið geti ekki tekið neina afstöðu til frumvarpsins, en ekki er þar tilgreint, hvað valdi því getuleysi.

Tryggingastofnun ríkisins minnir í álitsgerð sinni á tannlæknaskortinn í landinu og hvernig hann valdi því, að ekki hafi enn tekizt að koma skólatannlækningum í gott horf. Þess vegna hafi það „verið talið óskynsamlegt, að sjúkrasamlög keppi við skólana um þá starfskrafta, sem hér um ræðir."

Í sambandi við þessi ummæli vill minni hluti nefndarinnar benda á, að nú þegar leitar til starfandi tannlækna fólk á öllum aldri. Börn undir skólaskyldualdri, unglingar og fullorðnir njóta meðferðar eins og skólabörnin. Þetta er staðreynd, þrátt fyrir tannlæknaskortinn, og hún breytist ekki, þótt frv. verði að lögum. Í því er aðeins fjallað um greiðslu kostnaðar, en ekki um það, hverjir njóta skuli þeirrar tannlæknaþjónustu, sem fáanleg er. Þannig fellur um sjálfa sig meginröksemd Tryggingastofnunar gegn frv.

Óþörf er sú ábending í umsögninni, að aukin réttindi leiði til útgjaldahækkunar hjá sjúkrasamlögunum. Það má öllum ljóst vera, enda hefur löggjafinn þegar ákveðið, hvernig við slíku skuli bregðast, sbr. 54. gr. og 55. gr. laga um almannatryggingar.

Önnur ummæli álitsgerðar Tryggingastofnunar, svo sem um tannskemmdir vanfærra kvenna, staðfesta réttmæti þess skilnings, sem liggur að baki frv., og eru beinn stuðningur við efni þess.

Umsagnir stjórnar Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins eru prentaðar með nefndaráliti þessu sem fylgiskjöl I og II.

Alþingi, 21. marz 1966.

Alfreð Gíslason, frsm. Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

TANNLÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 16. 12. 1965.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis hefur sent stjórn T.F.Í. frv. til l. um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 40 30. apríl 1963, til umsagnar.

Stjórn Tannlæknafélags Íslands vill í þessu sambandi taka eftirfarandi fram:

Tannlæknafélag Íslands getur ekki tekið afstöðu til frumvarps þessa til laga nr. 45 um sjúkralöggjöf fyrir tannlækningar í því formi, sem það er sett fram og hér liggur fyrir.

F. h. stjórnar Tannlæknafélags Íslands,

Geir R. Tómasson,
form.

Fylgiskjal II.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

Reykjavík, 4. febrúar 1966.

Með bréfi 2. 11. 1965 sendi heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis Tryggingastofnun ríkisins til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, flutt af Alfreð Gíslasyni.

Frumvarpið felur í sér þá breytingu á núgildandi lögum, að sjúkrasamlögum skuli skylt að greiða ¾ hluta kostnaðar við tannlækningar, þegar þær teljast bein heilsufarsleg nauðsyn. Jafnframt er gert ráð fyrir samningum milli sjúkratrygginga og tannlækna um þessa þjónustu.

Í núgildandi lögum er heimild fyrir sjúkrasamlög að taka upp í samþykktir sínar greiðslu fyrir tannlækningar, en samlög hafa lítið notfært sér þessa heimild.

Aðalástæðan fyrir því, að sjúkrasamlög hafa lítið sem ekkert snúið sér að þessum þætti heilbrigðisþjónustu, er ekki skilningsleysi á nauðsyn slíkrar þjónustu.

Ástæðan er fyrst og fremst sú, að tannlæknaskorturinn í landinu hefur valdið því, að ógerlegt hefur reynzt fyrir bæjar- og sveitarfélögin að koma skólatannlækningum í gott horf, en góð tannlæknisþjónusta barna og unglinga er að sjálfsögðu forsenda þess, að þessi mál geti komizt í lag.

Það hefur því verið talið óskynsamlegt, að sjúkrasamlög keppi við skólana um þá starfskrafta, sem hér um ræðir, en bíða heldur þar til skólatannlækningar væru komnar í gott horf.

Í Reykjavík benda líkur til, að svo geti orðið innan 6—8 ára, og þá gæti sjúkrasamlagið tekið við sem greiðsluaðili fyrir tannlækningar a. m. k. um ákveðið árabil, eftir að skyldunámi lýkur, t. d. til 18 eða 20 ára aldurs.

Eins og nú er ástatt, telur því Tryggingastofnun ríkisins, að það sé ekki skynsamlegt að samþykkja frumvarpið. Hins vegar kemur til álita að gera samlögum að taka þátt í greiðslu ýmiss konar dýrra og tímabundinna tannviðgerða, svo sem meiri háttar tannréttinga barna og unglinga, tannsmíði vegna meðfæddra eða áunninna gómgalla og tannviðgerða vanfærra kvenna. Um allt þetta má fullyrða, að það verði varla leyst af skólatannlæknum, þar eð sérfræðiþekkingu þarf til, og um síðasta þáttinn er það vitað, að tannskemmdir um meðgöngutíma eru oft allmikið vandamál og þörf að draga ekki viðgerðir.

Auk þeirra atriða, sem hér hafa verið rakin, hlýtur málið að verða sjúkrasamlögum verulegt fjárhagslegt vandamál, en ekki liggja fyrir, svo að vitað sé, neinar tölur um kostnað við tannlæknisþjónustu í landinu almennt.

Tryggingastofnunin getur því, eins og áður er fram tekið, ekki mælt með samþykkt frumvarpsins, eins og það hefur verið lagt fyrir Alþingi.

Tryggingastofnun ríkisins.

Sverrir Þorbjarnarson.

Ed. 359. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél“ í 2. gr. laganna orðist svo:

Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.

2. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.

3. gr.

Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 11. gr. komi: létts bifhjóls.

4. gr.

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini. Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini gildir í 5 ár frá útgáfudegi. Þó má gefa slíkt ökuskírteini út til skemmri tíma, ef sérstakar ástæður þykja til. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast að nýju próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðastjórapróf.

5. gr.

Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjóli.

6. gr.

Í stað „reiðhjóla með hjálparvél“ í 5. mgr. 28. gr. komi: léttra bifhjóla.

7. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.

8. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.

9. gr.

5. og 6. mgr. 81. gr. orðist svo:

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 360. Frumvarp til laga [104. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 21. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Hveragerðishreppi í Árnessýslu allt það land jarðarinnar Vorsabæjar, sem liggur neðan (austan) Hamarsins og línu frá Litla-Hamri skemmstu leið í Varmá.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það ákveðið af gerðardómi, sem kaupandi og seljandi tilnefna hvor sinn mann til, en sýslumaður Árnessýslu skipar oddamann. Hveragerðishreppi skal ekki gert að greiða þá verðhækkun á landinu, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Hveragerðishreppi heimilt að greiða á 25 árum.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær, og þá á sama verði hlutfallslega og Hveragerðishreppi verður gert að greiða fyrir landið, en óheimilt er hreppsnefnd Hveragerðishrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Námur og jarðhitaréttindi fylgja ekki hinu selda landi. Seljandi skal jafnan án endurgjalds eiga umferðarrétt og rétt til annarra landsnota, sem þörf kann að vera á vegna hagnýtingar jarðhita.

2. gr.

Hreppsnefnd Hveragerðishrepps er heimilt að taka eignarnámi lóðir í einkaeign og erfðafesturéttindi úr landi jarðarinnar Vorsabæjar, er liggja innan takmarka þeirra, er um ræðir í 1. gr., ef nauðsyn krefur vegna skipulags hreppsins.

Um framkvæmd eignarnáms fer eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 18. apríl 1964, um heimild fyrir ríkissjóð til lóðakaupa í Hveragerðishreppi.

Ed. 361. Nefndarálit [83. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Reyðarfjarðarhreppi jörðina Kollaleiru.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. marz 1966.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson.

Ed. 362. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Viðstaddir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 17. marz 1966.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Páll Þorsteinsson. Jón Þorsteinsson.

Ed. 363. Frumvarp til laga [161. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Flm.: Helgi Bergs, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Á eftir 86. gr. laganna komi ný grein, sem orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, og má það nema allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Gjald þetta skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

Sama gjald skal innheimt af bifreiðum, sem settar hafa verið saman innanlands, og skulu slíkar bifreiðar metnar eftir sömu reglum og innfluttar, og er óheimilt að skrásetja þær, fyrr en gjald þetta hefur verið greitt.

Ríkisstjórnin úrskurðar í vafaatriðum, hvaða bifreiðar skuli gjaldskyldar.

Tekjum samkvæmt þessari grein skal varið til nýbyggingar þjóðvega, sbr. þó 32. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1967. Um leið er úr gildi felld 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Greinargerð.

Verkefnin í vegamálum hrannast upp. Tala bifreiða landsmanna hefur tvöfaldazt á s. l. 10 árum, en álagið á vegakerfið eykst enn meir, því að bílarnir þyngjast og umferðarhraðinn eykst með ári hverju.

Undanfarin 30—40 ár hafa verið unnin stórvirki í vegamálum landsins. Viðleitnin hefur miðazt við það að tengja sem flest byggðarlög landsins akvegakerfinu, þannig að bílfært yrði. Þessu verki hefur miðað vel áfram, þó að enn sé mikið ógert. Þannig eru óbyggðir langir kaflar af hringvegi um landið, ýmist alveg eftir að gera þá bílfæra eða þeir eru aðeins ruddir. Nauðsynlegt er að ljúka þessu verki sem allra fyrst.

Nú stöndum við frammi fyrir alveg nýju verkefni í vegamálum. Þar sem umferðin er orðin mest og hröðust og farartækin þyngst, verður vegagerðin að miðast við annað og meira en gera bílfært. Hún verður að miðast við að gera

vegi, sem eru hagkvæmir fyrir umferðina og fara vel með farartækin. Það eru ekki litlir þjóðfélagslegir hagsmunir í húfi að takmarka slit og eyðileggingu á farartækjunum, þegar á það er litið, að bifreiðar að verðmæti 5000—6000 milljónir króna eru að staðaldri á ferðinni um vegakerfi landsins.

Óhóflega stór hluti af vegafénu fer til viðhalds eða um 100 milljónir króna af 260 milljónum. Aðeins um 60 milljónir fara til nýbyggingar þjóðvega, en 100 millj. kr. fara í brýr, til sýsluvega, kaupstaða, vélakaupa og í stjórn og undirbúning.

Með samþykkt vegalaganna viðurkenndi Alþingi tilvist þessa verkefnis. Þar er ákveðið, að þeir vegir, sem gera má ráð fyrir að innan 10 ára fari um yfir 1000 bílar á dag, skuli teljast hraðbrautir og gerast með varanlegu slitlagi. Á hinn bóginn hefur Alþingi ekki séð fyrir fé til þessara framkvæmda af samtímatekjum utan 10 millj. kr., sem ekki nægja fyrir vöxtum af því fé, sem þegar er komið í slíkar framkvæmdir.

Þau myndarlegu átök, sem gerð hafa verið í vegamálum á undanförnum áratugum, hafa nær algerlega verið kostuð af samtímatekjum. Er ljóst, að það verður einnig að gera í framtíðinni, a. m. k. að mestu leyti. Er því ljóst, að leggja verður mjög miklu meira fé til vegabygginga á komandi árum en að undanförnu.

Víða erlendis þykir sjálfsagt, að ríkistekjur af farartækjum og rekstrarvörum þeirra renni til uppbyggingar vegakerfisins. Þar til fyrir um það bil áratug var það einnig svo hér á landi, að umferðartekjurnar og útgjöldin til vegamála vógu salt. En síðan hefur æ meira af þessu fé runnið til annarra þarfa ríkissjóðs.

Félag íslenzkra bifreiðaeigenda hefur látið reikna út, að á árunum 1960—1964 hafi tekjurnar af umferðinni numið 2046 milljónum króna, þar af runnu til viðhalds og byggingar vega 750 millj. kr., eða 37%, en til annarra þarfa ríkissjóðs 1295 millj. kr., eða 63%.

Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að nokkuð af því, sem áður hefur runnið til annarra þarfa af þessum tekjum ríkissjóðs, renni nú í vegasjóð. Er um að ræða leyfisgjaldið, sem talið er að nemi nú árlega um 150 millj. króna. Þegar sveitarfélögin hefðu fengið það, sem þeim ber samkv. 32. gr. vegalaga, yrðu þá eftir 130—135 millj. kr., sem gert er ráð fyrir að rynnu eingöngu til nýbyggingar þjóðvega.

Sþ. 364. Nefndarálit [66. mál]

um till. til þál. um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd.

Frá fjárveitinganefnd.

Tillaga sama efnis var borin fram á síðasta þingi og var þá vísað til fjárveitinganefndar, sem lagði einróma til, að hún yrði samþykkt með tiltekinni orðalagsbreytingu. Tillagan kom þó ekki á dagskrá, áður en þingi lyki, og dagaði málið uppi.

Nú hefur málið verið tekið upp að nýju á þessu þingi í því formi, sem fjárveitinganefnd lagði til í fyrra. Hefur afstaða nefndarinnar ekki breytzt til málsins.

Fjárveitinganefnd telur, að hér sé hreyft gagnlegu máli, sem rétt sé að athuga til fullrar hlítar. **Mælir nefndin með samþykkt tillögunnar óbreyttrar,** eins og hún er orðuð á þingskjali 78.

Alþingi, 15. marz 1966.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Geir Gunnarsson.	Jónas Pétursson.	Óskar E. Levy.
Halldór Ásgrímsson.	Halldór E. Sigurðsson.	

Sþ. 365. Fyrirspurn [162. mál]

til menntamálaráðherra um Íþróttasjóð.

Frá Daníel Ágústínussyni.

1. Hvaða ráðstafanir hyggst ríkisstjórnin gera til að greiða úr fjárhagsvandræðum Íþróttasjóðs?
2. Hvað líður störfum þeirrar nefndar, sem menntamálaráðherra skipaði í febrúar 1963 til þess að endurskoða lagaákvæði um Íþróttasjóð?

Nd. 366. Frumvarp til laga [163. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Daníel Ágústínusson, Halldór Ásgrímsson, Óskar Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við stofnæðar, aðaldreifiæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Styrkurinn nemi þó aldrei meira en helmingi alls kostnaðar.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð gegn tryggingum, sem hún metur gildar, á nauðsynlegum lánum, sem sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkvæmt 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og styrkur samkvæmt 4. gr. aldrei fara sameiginlega yfir 90% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er endurflutt. Síðast er það var til umræðu á Alþingi, árið 1964, var því vísað til ríkisstjórnarinnar til athugunar.

Með því, að ekkert hefur heyrzt frá ríkisstjórninni um málið, svo að okkur flm. sé kunnugt, þykir okkur rétt að flytja það af nýju.

Í lögum nr. 93 5. júní 1947 er kveðið á um efnahagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum. Enn fremur eiga ákvæði laganna við um vatnsveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt vatnalögunum frá 1923. Heimilt er að veita úr ríkissjóði styrk, sem nema má allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Löggjöf þessi hefur um margt reynzt hin nýtasta og gert ýmsum sveitarfélögum og vatnsveitufélögum fært að stofna til vatnsveitugerðar, sem að öðrum kosti hefði reynzt þeim erfitt eða ókleift.

Að fenginni reynslu af framkvæmd laganna hefur þó komið í ljós, að eðlilegt má telja, að lögunum verði breytt til annars horfs um nokkur atriði. Skulu þau rakin nokkru nánar.

Styrkurinn úr ríkissjóði getur orðið æði takmarkaður og langt fram yfir það, sem ætla má, að löggjafinn hafi hugsað sér, þegar svokölluð stofnæð er einungis lítill hluti alls vatnsveitukerfisins. Þá koma aftur á móti svokallaðar aðaldreifiæðar snemma til og verða í rauninni höfuðhluti dreifilínukerfisins. Miðast þá styrkurinn aðeins við stofnæðina sjálfa, en hún er sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Þannig er stofnæð skilgreind af hálfu þeirra aðila, sem styrkjum úthluta. Skal út af fyrir sig eigi dregið í efa, að þessi túlkun sé rétt. En auðséð er hins vegar, að þegar svo stendur á um stofnæð, er nauðsynlegt, að styrkurinn nái einnig til aðaldreifilínukerfisins, ef verulegt gagn á að verða að. Slík aðstaða getur hæglega komið til, og eru þess dæmi bæði í kauptúnum, þorpum og ekki hvað síst í sveitum, þar sem strjálbýlt er og dreifingarkerfið er viðáttumikið. Við þessar aðstæður getur framkvæmd vatnsveitugerðar stöðvazt eða orðið ónóg, nema ríflegur styrkur komi til. Skortir þannig heimild í lögunum til nauðsynlegrar aðstoðar, þegar þörf hennar er hvað brýnust. Til þess að bæta nokkuð úr í þessu efni leggjum við flm. frv. til, að styrkur úr ríkissjóði skuli einnig ná til aðaldreifiæða.

Þá þykir okkur flm. rétt að setja inn í lögin ákvæði á þá leið, að ábyrgð sú, sem ríkissjóði er heimilt að veita sveitarstjórnum vegna vatnsveitugerðar, sé sjálfskuldarábyrgð. Lög um ríkisábyrgðir gera ráð fyrir því, að ábyrgð ríkissjóðs sé einföld, nema sérstaklega sé fram tekið. Vatnsveitugerðir eru mikilsverðar framkvæmdir í þágu almennings. Er því ærin ástæða til þess, að ríkissjóður beri þyngri ábyrgð en ella.

Að lokum er lagt til í frv., að hækkuð verði ábyrgðar- og styrksfjárhæðin sameiginlega upp í allt að 90% af stofnkostnaði allrar vatnsveitunnar.

Ljóst er, að frv. þessu, ef að lögum verður, þurfa að fylgja stórhækkaðar fjárveitingar til vatnsveitna. Á fjárlögum fyrir árið 1966 eru í þessu efni ætlaðar 1.8 millj. kr. Þessi fjárhæð vegur að sjálfsögðu lítt á móti þörfinni eins og er, hvað þá síðar. Hér þarf stórátaks og tillagið að margfaldast.

Um það munu allir samdóma, að vatnsveitumál séu ein veigamestu hagsmunamál sveitarfélaga og ríkissjóði beri að koma til aðstoðar, svo að um muni.

Því er það von okkar flm., að þessu frv. verði nú vel tekið og málinu síðan fylgt myndarlega eftir með nauðsynlegum fjárveitingum.

Sþ. 367. Nefndarálit [21. mál]

um till. til þál. um athugun á samdrætti í iðnaði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum, en varð ekki sammála um afgreiðslu hennar.

Meiri hlutinn telur tillöguna óþarfa og vill, að hún sé afgreidd með rökstuddri dagskrá, en undirritaðir leggja til, að hún sé samþykkt óbreytt.

Tillaga þessi var einnig flutt á síðasta þingi, en varð þá eigi útrædd. Einnig þá klofnaði allsherjarnefnd um tillöguna, meiri hlutinn vildi vísa henni til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. mælti þá sem nú með samþykkt hennar. Þá bárust umsagnir frá 5 aðilum, og mæltu 4 þeirra með því að samþykkja tillöguna, en einn lagðist gegn henni. Að þessu sinni var tillagan aftur send til umsagnar sömu aðila og fyrr, en nú bárust aðeins svör frá þrem þeirra.

Samband ísl. samvinnufélaga og Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík mæla enn sem fyrr eindregið með samþykkt tillögunnar, en Félag ísl. iðnrekenda hefur breytt afstöðu sinni síðan svar var sent hinn 31. marz 1965. Nú telja þessi samtök,

að „nefndarskipun, sem áðurnefnd þingsályktunartillaga gerir ráð fyrir", sé óþörf, en mæltu áður eindregið með samþykkt tillögunnar.

Þrátt fyrir þá afstöðu, sem F. Í. I. hefur nú tekið til málsins, er þó staðreynd, að í ýmsum greinum iðnaðar hefur orðið verulegur samdráttur. Ætti ekki að þurfa að leiða rök að því. Öllum, sem eitthvað fylgjast með þróun þessarar atvinnugreinar, hljóta að vera dæmi þessa kunn af eigin raun. Allmörg fyrirtæki hafa þegar orðið að hætta rekstri, en önnur berjast í bökkum og ekki séð, hver örlög þeirra verða. Mörg fyrirtæki hafa orðið að draga reksturinn saman og fækka starfsfólki. Á þetta jafnt við um nýstofnuð fyrirtæki sem þau, er lengri starfsaldur eiga að baki. Meðan svo heldur fram, er sýnt, að alvarlegir örðugleikar eru á rekstri íslenzkra iðnfyrirtækja og því að okkar dómi ótímabært að fullyrða, að athugun á rekstrargrundvelli hans sé óþörf.

Ýmsar orsakir liggja til þeirra erfiðleika, sem hér um ræðir, m. a. minnkuð tollvernd, erlend undirboð, lánsfjárskortur, óhagstæð skattakjör o. fl. Í sumum tilfellum hníga fleiri en ein orsök að erfiðleikunum og vega þá misjafnlega þungt.

Til þess að unnt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, er óhjákvæmilegt að þekkja til hlítar þær orsakir, sem erfiðleikunum valda, og er það því skoðun okkar, að umrædd athugun eigi að fara fram. Í tillögunni er gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin láti fara fram athugun á samdrætti, sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum, og hafi um athugunina samráð við Félag íslenzkra iðnrekenda og fulltrúa iðnverkafólks. Annað er efni tillögunnar ekki, og það er skoðun okkar, að á þennan hátt verði bezt grafizt fyrir rætur meinsemdarinnar. Andstaða F. Í. I. nú á þeim grundvelli, að ráðgerð sé nefndarskipun til að vinna þetta verk, er því á misskilningi byggð.

Fleira fólk hefur nú framfæri sitt af hvers konar iðnaðarstarfsemi en nokkurri einni atvinnugrein hér á landi. Þýðing iðnaðar fyrir íslenzkan þjóðarbúskap er því óumdeilanleg og mun enn fara vaxandi, enda hljótum við Íslendingar eins og aðrar þjóðir að stefna að því að efla þennan þátt atvinnumálanna og búa honum skilyrði eftir föngum til jafns við aðrar höfuðatvinnugreinar þjóðarinnar.

Vitað er, að hin stóraukna dýrtíð, samfara lánsfjárskorti, hefur skapað iðnaðinum margvíslega rekstrarörðugleika. Afleiðingin er sú, að íslenzkur iðnaður stendur mjög höllum fæti í samkeppninni við erlend iðnfyrirtæki, sem búa við annars konar kjör, að því er rekstrarfé og vexti varðar. Á það hefur oft verið bent, að iðnaðurinn hér á landi eigi að geta staðizt samkeppni erlendis frá án verndartolla eða óeðlilega hárra aðflutningsgjalda. Því aðeins er hugsanlegt að ná þessu marki, að iðngreinunum sé ekki, jafnframt því sem erlend iðnaðarfyrirgreiðsla flæðir inn í landið, íþyngt svo með ónógu og dýru lánsfé, að samkeppnisaðstaða hans sé þegar af þeirri ástæðu gersamlega vonlaus.

Þótt nokkrar ráðstafanir hafi að undanförnu verið gerðar til að létta undir með þessari atvinnugrein, sýnir reynslan, að þær nægja ekki til þess að sporna gegn þeirri óheillaþróun, sem að undanförnu hefur átt sér stað, og með hliðsjón af því teljum við, að umrædda athugun beri að láta fara fram, og mælum því með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 22. marz 1966.

Einar Ágústsson, frsm. Gísli Guðmundsson. Ragnar Arnalds.

Nd. **368. Frumvarp til laga** [13. mál]

um vélstjóranám.

(Eftir 3. umr. í Ed., 22. marz.)

Samhljóða þskj. 13 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:

Vélstjóranám skal vera í fjórum stigum, er verði grundvöllur mismunandi atvinnuréttinda:

1. stig. Námskeið á vegum Vélskóla Íslands, námstími 5 mánuðir.
2. stig. I. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
3. stig. II. bekkur vélskólans, námstími 8½ mánuður.
4. stig. III. bekkur vélskólans, námstími 7 mánuðir.

4. gr. hljóðar svo:

Vélskóli Íslands skal árlega halda fimm mánaða námskeið fyrir vélstjóraefni, eitt í Reykjavík og eitt eða fleiri eftir þörfum úti á landi, til að búa menn undir að ljúka 1. stigi vélstjóranáms.

6. gr. hljóðar svo:

Kennslugreinar á námskeiðinu skulu vera: íslenzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og tilsögn í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva og fiskileitartækja.

Að námskeiðinu loknu skulu haldin próf. Þeir, sem standast prófin, hafa þar með lokið 1. stigi vélstjóranáms.

Fyrirsögn III. kafla hljóðar svo:

Vélskóli Íslands.

7. gr. hljóðar svo:

Vélskóli Íslands starfar í Reykjavík. Markmið hans er að búa nemendur undir að ljúka vélstjóraprófi 2., 3. og 4. stigs. Auk þess hefur skólinn með höndum námskeið vegna vélstjóranáms 1. stigs, sbr. II. kafla. Skólinn starfar í þrem bekkjum. Þá er skólanum og heimilt, ef þörf krefur og aðstæður leyfa, að halda uppi kennslu fyrir 2. námstig (I. bekk) utan Reykjavíkur.

8. gr. hljóðar svo:

Inntökuskilyrði í skólann eru:

1. Að umsækjandi hafi náð 18 ára aldri.
2. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi eða hlotið hliðstæða menntun.
3. Að umsækjandi sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.
4. Að umsækjandi kunni sund.
5. Að umsækjandi hafi eitt af þrennu:
   a. lokið vélstjóranámi 1. stigs, þ. e. staðizt próf að loknu námskeiði fyrir vélstjóraefni, sbr. 4. gr.;
   b. öðlazt a. m. k. tveggja ára reynslu í meðferð véla eða vélaviðgerðum og staðizt sérstakt inntökupróf við skólann;
   c. lokið eins vetrar námi í verknámsskóla iðnaðar í málmiðnaðargreinum og hlotið a. m. k. 6 mánaða reynslu að auki í meðferð véla eða vélaviðgerðum og enn fremur staðizt sérstakt inntökupróf við skólann.

Heimilt er vélskólanum að halda námskeið til undirbúnings inntökuprófi samkv. 5. tl. b og c. Ef umsækjendur um skólavist verða fleiri en hægt er að veita viðtöku eða aðrar sérstakar ástæður verða fyrir hendi, er skólanum heimilt að láta alla umsækjendurna ganga undir inntökupróf.

10. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn Vélskóla Íslands. Það ræður skólastjóra svo og fasta kennara og stundakennara eftir þörfum í samráði við skólastjórann. Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ráðherra skipar fimm manna skólanefnd til fjögurra ára í senn. Einn skal skipaður án tilnefningar, og er hann formaður nefndarinnar. Hinir fjórir skulu skipaðir eftir tilnefningu Vélstjórafélags Íslands, Mótorvélstjórafélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands, þannig að hver þessara aðila tilnefni einn mann. Fimm varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Skólanefndin skal fylgjast með rekstri skólans og hafa eftirlit með kennslutilhögun og námsefni. Nefndin úrskurðar um það, hvort skilyrðum til inntöku í skólann sé fullnægt. Skólastjóri hefur tillögurétt á fundum nefndarinnar.

Ráðherra setur skólanefnd, skólastjóra og kennurum erindisbréf.

11. gr. hljóðar svo:

Kennslugreinar í vélskólanum skulu vera sem hér segir, sbr. þó 20. gr.:

I. bekkur: íslenzka, danska, enska, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, kælitækni, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, hjúkrunarfræði og kennsla í meðferð og umhirðu talstöðva, dýptarmæla, radartækja, miðunarstöðva og fiskileitartækja.

II. bekkur: íslenzka, danska, enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, eðlisfræði, vélteikning, smíðar, burðarþolsfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg, kælitækni og bókfærsla.

III. bekkur: enska, þýzka, stærðfræði, vélfræði verkleg og bókleg, efnafræði, vélteikning, eðlisfræði, rafmagnsfræði verkleg og bókleg og vatnsvélafræði.

22. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1966. Frá sama tíma eru úr gildi numin lög nr. 71 frá 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, svo og önnur lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

Þeir, sem hefja nám í I. bekk vélskólans haustið 1966, skulu lúta ákvæðum laga þessara, en þeir, sem tekið hafa próf úr I. eða II. bekk skólans vorið 1966, skulu ljúka skólanáminu eftir eldri reglum.

Nd. 369. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþykkt. Gísli Guðmundsson og Jón Skaftason munu þó flytja brtt. og áskilja sér rétt til að fylgja öðrum brtt., sem fram kunna að koma. Lúðvík Jósefsson mun skila sérstöku nefndaráliti, en tekur fram, að hann sé ekki andvígur frumvarpinu.

Alþingi, 22. marz 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.
Jón Skaftason, með fyrirvara.	Sverrir Júlíusson.	Guðl. Gíslason.

Nd. 370. Nefndarálit [136. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á samkomulagi, sem ríkisstjórnin hefur gert við fiskkaupendur. Samkvæmt því er ráðgert, að ríkissjóður greiði til nokkurra greina sjávarútvegsins 80 milljónir króna á árinu 1966. Hér er að ræða 17 milljónum króna hærri fjárhæð en sams konar styrkur nam á árinu 1965.

Það mun flestum þykja næsta undarlegt, að ríkissjóður skuli þurfa að greiða beinan styrk til útgerðarinnar í slíku árferði sem verið hefur fyrir íslenzkan sjávarútveg undanfarin ár. Fyrir liggja upplýsingar um, að verðlag á sjávarafurðum hefur farið stórhækkandi s. l. 3 ár. Einkum hefur hækkunin orðið mikil árin 1964 og 1965. Auk hins ágæta markaðsverðs hefur afli verið góður og mjög mikill á síldveiðum. En þrátt fyrir þessi hagstæðu skilyrði blasir við sú staðreynd, að ríkisstjórnin verður að semja um beinar stuðningsgreiðslur við ýmsa mikilvægustu þætti sjávarframleiðslunnar. Skýringar á þessu fyrirbæri eru þær, að dýrtíðin í landinu hefur farið sífellt vaxandi á undanförnum árum, og afleiðing þess er stórhækkandi framleiðslukostnaður.

Það árferði, sem að öllu réttu lagi hefði átt að verða til þess, að hagur útgerðarinnar batnaði mikið, hefur snúizt upp í erfiðleika vegna verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar. Frumvarp þetta er staðfesting á þessari staðreynd.

Stefna ríkisstjórnarinnar í dýrtíðarmálum er augljóslega óbreytt frá því, sem verið hefur. Það ber greinargerð þessa frumvarps m. a. merki um. Í henni tilkynnir ríkisstjórnin, að hún ætli sér að afla fjár til stuðningsins við sjávarútveginn með því að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði. Afleiðingar þess, að niðurgreiðslur minnka, verða þær, að verðlagsvísitalan mun hækka um 3.6—4 stig, en samkvæmt því mun kaupgjald síðan hækka um 2—3%. Hækkað kaupgjald leiðir af sér hækkuð ríkisútgjöld, og er áætlað, að þær hækkanir nemi um 20 milljónum króna á ári. Til þess að mæta 80 millj. kr. greiðslum til sjávarútvegsins og 20 millj. kr. launahækkunum hjá ríkinu þarf því að lækka niðurgreiðslur á vöruverði um 100 milljónir króna. Ráðstafanir þessar munu að sjálfsögðu auka aftur á útgjöld fiskiðnaðarins vegna kauphækkana um að minnsta kosti 12 millj. kr. á ári.

Afleiðingar þessara verðlagshækkana verða auðvitað enn nýjar verðhækkanir á ýmsum sviðum og þannig koll af kolli. Hækkun verðlagsvísitölunnar leiðir beint af sér hækkun á afborgunum og vöxtum af íbúðarhúsalánum húsnæðismálastjórnar, og þannig mun flest annað hækka einnig. Ríkisstjórnin skirrist því ekki við að ýta af stað einni verðhækkunarskriðunni enn. Slíkt gerir hún um leið og hún þykist vera að aðstoða útflutningsframleiðsluna í landinu.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þeim fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar að ætla að draga úr niðurgreiðslum á vöruverði með þeim afleiðingum, að verðlag hækki. Við teljum, að nú sé sérstök þörf á því að hamla gegn hækkandi verðlagi innanlands og að reyna að ná tökum á verðbólguvandanum.

Eins og komið er, verður ekki staðið gegn því, að staðið verði við umsamdar greiðslur til sjávarútvegsins, enda er enginn vafi á því, að sumar greinar hans eiga mjög í vök að verjast vegna síhækkandi framleiðslukostnaðar. En ráðið til varanlegs stuðnings við útflutningsframleiðsluna er ekki að leyfa dýrtíðinni að leika lausri. Útflutningsframleiðslan þarf öllum öðrum fremur á stöðugu verðlagi innanlands að halda.

Alþingi, 22. marz 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 371. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 23. marz 1966.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Sigurður Ágústsson.
Guðlaugur Gíslason.	Björn Pálsson.	Sigurvin Einarsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 372. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um raforkuveitur.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Í þessu frv. eru tvö meginatriði:

1. Að leggja skuli á árunum 1966—68 línur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila, sem ekki hafa áður fengið rafmagn frá samveitum eða sérstökum vatnsaflstöðvum, þar sem meðalvegalengd milli býla er 2 km eða minni. — Samkvæmt áætlun raforkumálaskrifstofunnar frá 30. júní 1964 er hér um 774 býli að ræða, en inn á þá áætlun vantar raunar, að áliti flutningsmanna frv., allmörg býli hér og þar á landinu, þar sem meðalvegalengd er innan við 2 km. Línurnar, sem gert var ráð fyrir í áætluninni, eru taldar upp í greinargerð frv. og fjöldi býla við hverja línu.

2. Að gerð verði fyrir 1. okt. 1966 kostnaðaráætlun um raflínulagnir frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins um þær byggðir, þar sem meðalvegalengd er 2—2.5 km og 2.5—3 km, og verði sú áætlunargerð falin raforkuráði. Enn fremur verði ráðinu falið að gera tillögur um aukna aðstoð til vatnsaflstöðva og um uppsetningu dísilstöðva á heimilum, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þyki fært að leggja til þeirra raflínur frá samveitum, enda séu tillögurnar um dísilstöðvar við það miðaðar, að notendur þeirra njóti ekki minni stuðnings af opinberri hálfu en þeir, sem fá rafmagn frá samveitum. Í greinargerð frv. segir, að þetta gæti orðið annaðhvort á þann hátt, að hið opinbera kæmi stöðvunum upp og leigði þær fyrir hóflegt gjald, eða að veitt yrðu ríflég lán með lágum vöxtum og jafnvel beinn stuðningur til kaupa á dísilstöðvunum.

4. nóv. s. l. ákvað nefndin að senda frv. til umsagnar raforkuráði, raforkumálastjóra og Búnaðarfélagi Íslands.

Svar raforkuráðs er dagsett 15. nóv. Þar segir, að framkvæmdaáætlun héraðsveitna sé „enn til meðferðar“ í ráðinu og því „ekki auðið að taka afstöðu til frumvarpsins“.

Svar stjórnar Búnaðarfélags Íslands er einnig dags. 15. nóv. Þar segir m. a., að hafa beri í huga, að „þróun og vaxtaraukning dreifbýlisins“ sé „því mjög háð, að rafmagn sé þar tiltækt“.

Svar raforkumálastjóra er dagsett 24. nóv., og eru í því ýmsar upplýsingar fjárhagslegs eðlis, m. a. um áætlaðan stofnkostnað á býli, þar sem meðalvega-

lengd er allt að 2 km og þar sem meðalvegalengd er allt að 2½—3 km. Upplýst er, að hámarkslán út á vatnsaflstöð fyrir eitt býli sé nú 175 þús. kr. og fyrir 2 býli 250 þús. kr., en lánstími 20 ár og vextir 5%. Enn fremur, að lán út á 3½ kw. dísilstöðvar séu 35 þús. kr. og út á 6 kw. stöðvar 52 þús. kr., til 9—10 ára með 6% vöxtum. Talið er, að þessar lánsupphæðir nemi allt að 85% af kaupverði vélanna, „miðað við hagstæðustu kaup“. En stofnkostnaður dísilstöðvar er að sjálfsögðu annar og hærri en kaupverð vélanna.

Nokkru eftir þinghléið ákvað nefndin að grennslast eftir því hjá raforkuráði, hvort það gæti, með því að langt var um liðið, bætt nokkru við svar sitt frá 15. nóv. eða tekið afstöðu til frv. Ræddi formaður nefndarinnar þetta mál við raforkuráð, og á fundi 18. marz skýrði hann henni frá því, að enn væri meðferð framkvæmdaáætlunarinnar ólokið í ráðinu og því ekki nýrra svara að vænta að svo stöddu. Á þessum fundi var málið afgreitt. Vildi meiri hl. n. vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, en minni hl. leggur til, að það verði samþykkt.

Minni hl. skírskotar til þess, sem upplýst er hér að framan, að áætlun raforkumálaskrifstofunnar um lagningu raflína til þeirra býla, þar sem meðalvegalengd er allt að 2 km, hefur nú verið til „meðferðar“ í raforkuráði síðan á miðju ári 1964 eða hátt á annað ár. Svo virðist sem raforkuráð bíði eftir ákvörðun Alþingis, enda er það á valdi þingsins, og þess eins, að ákveða fjárveitingar eða lánsfjáröflun til þeirra framkvæmda, sem hér er um að ræða. Telja verður, að málið liggi ljóst fyrir og ekki ástæða til að tefja það með því að vísa því til ríkisstjórnarinnar. Upplýsingar, sem nýlega komu fram á Alþingi um kostnaðarlækkun vegna nýrrar raflínutækni, styðja jákvæða afgreiðslu frv.

Eftir er þá að sjá ráð fyrir þeim heimilum, er falla ekki undir reglur um allt að 2 km meðalvegalengd. En um þetta fjallar 3. gr. frv., sbr. það, er fyrr var sagt, að lagt verði fyrir raforkuráð að gera áætlun og tillögur um mál þeirra á þann hátt, sem nánar er til tekið. Í svari raforkuráðs er ekki að þessu atriði vikið og þá heldur engin athugasemd við það gerð, að ráðið vinni þetta verk. Ekki ætti að vera neitt því til fyrirstöðu, að áætlun og tillögur ráðsins gætu legið fyrir á næsta hausti, og er það þá Alþingis að taka ákvörðun um það mál og þar með lokastig rafvæðingar landsbyggðarinnar, á hvern hátt það skuli framkvæmt og hvenær.

Biðin er löng og óvissan örðug fyrir heimilin, sem hér eiga hlut að máli, og þau eru mörg víðs vegar um land. Tillögur, er þessi efni varða, hafa verið uppi á mörgum undanförnum þingum, og sýnist nú ekki ástæða til þess fyrir þingið að víkja sér lengur undan þeim ákvörðunum, sem í þessu frv. felast.

Alþingi, 20. marz 1966.

Gísli Guðmundsson, frsm. Þórarinn Þórarinsson. Eðvarð Sigurðsson.

Sþ. 373. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Gísli Guðmundsson, Sigurvin Einarsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna milliþinganefnd til að gera tillögur um endurnýjun strandferðaskipaflotans og skipulagningu strandferðanna. Skal nefndin haga störfum með tilliti til þess, að hægt sé að leggja tillögurnar fyrir Alþingi 1966. Skal að því stefnt, að hægt sé að veita landsbyggðinni sem hagkvæmasta þjónustu og að reksturinn verði sem ódýrastur miðað við veitta þjónustu.

Greinargerð.

Í eigu Skipaútgerðar ríkisins eru nú fimm strandferðaskip. Hér fer á eftir skýrsla um aldur þeirra, stærð, ganghraða, vörurými, farþegarými o. fl.

	Smíðaár	Brúttótonn	Ganghraði sjómílur	Svefnrúm farþega	Rúmmál lesta: alls rúmfet	Rúmmál lesta: þar af frystilest rúmfet	Burðargeta venjulegra stykkjavara, tonn	Olíufarmtankar, tonn	Lyftigeta, tonn
1 m/s Esja	1939	1347	13	148	30935	4450	300		3
2 m/s Herðubreið	1947	366	9	12	14220	4055	180—280	34	10
3 m/s Skjaldbreið	1948	366	9	12	14220	4055	180—280	34	10
4 m/s Hekla	1948	1456	14	166	32700	4875	350		10
5 m/s Herjólfur .	1959	516	11	21—33	10208	1617	130—200	100	5

Svo sem sjá má af ofangreindu yfirliti, eru 4 af strandferðaskipum Skipaútgerðar ríkisins á þessu ári orðin 18—27 ára gömul og því mjög viðhaldsfrek, en hitt skiptir þó ekki síður máli, að þessi skip eru að öðru leyti orðin rekstrarlega óhentug vegna þróunar annarra samgangna á síðustu tveim áratugum.

Augljóst má telja, að þjóðinni muni um langa framtíð nauðsynlegt að halda uppi strandferðum ásamt öðrum samgöngum. Virðist því aðkallandi að endurnýja umræddan skipakost og aðlaga hann breyttum þjóðfélagsháttum.

Esja, Hekla, Herðubreið og Skjaldbreið hafa vafalaust að stærð, farþegarými og öllum búnaði verið eins og þá hentaði að beztu manna yfirsýn. — Síðan hefur orðið mikil breyting á íslenzku þjóðlífi, og þá ekki sízt, ef á heildina er litið, á sviði vöru- og farþegaflutninga með ströndum fram. Gagngerðustu breytingunni hvað snertir farþegaflutningana valda flugvélarnar með þeim aðstæðum, sem reynt hefur verið að búa þeim með stærri og smærri flugvöllum víðs vegar um landið. Þar við bætist svo hinn mikli fjöldi stórra áætlunarbifreiða og minni einkabifreiða, sem stórfjölgar ár frá ári um allt land.

Öll þessi flutningatæki eru þó meira og minna háð veðráttunni, og þá fyrst og fremst að vetrinum vegna veðra og fannalaga. Kemur slíkt minnst að sök með farþegaflug til hinna stærri og betur búnu flugvalla, en á þeim tíma árs er ekki að treysta farþegaflugi til smærri staða né heldur reglubundnum ferðum bifreiða milli landshluta og byggðarlaga.

Segja má, að mörg byggðarlög geti ekki treyst á þessi farartæki lengur en 3—5 mánuði ár hvert. Verður þá að grípa til þeirrar fyrirgreiðslu, sem hið opinbera hefur ætíð talið sér skylt að láta landsbyggðinni í té, þar sem eru strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga.

Eins og áður er sagt og öllum er kunnugt, er þörfin fyrir farþegaskip með ströndum fram nú allt önnur en hún var þegar Esja og Hekla voru byggðar. Mætti vel hugsa sér, að eitt hraðskreitt og vel búið skip af hæfilegri stærð og vel búið farþegaþægindum gæti nú vegna breyttra aðstæðna veitt betri þjónustu að því er varðar farþegaflutning milli hafna og á lengri leiðum en þau tvö skip, Esja og Hekla, sem upphaflega voru byggð og fyrst og fremst starfrækt í því skyni. Mætti hugsa sér, að hið nýja farþegaskip hefði lítið vörurými, t. d. aðeins fyrir póst og varning, sem mjög fljótlegt væri að losa í höfn. Einnig er trúlegt, að á slíku skipi væri æskilegt, að á þilfari væri öllu þannig fyrir komið, að hægt væri að taka sem flesta ferðamannabíla um borð, og auðvitað væri nauðsynlegt, að skipið yrði búið hómu, sem gæti lyft þungavélum og öðru slíku, sem sífellt fer í vöxt að flytja þurfi á milli staða.

Að því er varðar vöruflutningaskip til strandferða er augljóst, að þau þurfa fyrst og fremst að vera tvö — og þó að margra áliti þrjú. Væru þá tveim skipum

ætlaðar fastar strandferðir, eins og Herðubreið og Skjaldbreið nú, en hinu þriðja ætlað að hlaupa í skarðið, þegar um væri að ræða óvenjulega flutningaþörf eða leysa hin skipin af hólmi vegna viðgerða o. s. frv. Verður það auðvitað að metast af fróðum og færum mönnum, hvort rétt sé að stefna að byggingu þriggja slíkra vöruflutningaskipa, þótt smíði tveggja væri látið sitja fyrir.

Um vöruflutninga með ströndum fram er hið sama að segja og farþegaflutningana, að þar hefur orðið stórbreyting á síðustu árum. Þar virðast flutningabílar nú fullnægja þörf stórra landssvæða. Slíkir vöruflutningar tíðkast nú um Vesturland, Norðurland að sunnan allt til Eyjafjarðar og jafnvel Húsavíkur, og a. m. k. í 3—4 mánuði að sumarlagi eru talsverðir vöruflutningar á bílum til Egilsstaða, Seyðisfjarðar og fjarðanna þar fyrir sunnan. Má og svipað segja um Norðausturland milli Tjörness og Smjörvatnsheiðar. En þrátt fyrir landflutningana má segja, að Vestfirðir, Norðausturland og Austfirðir allir séu í heild mjög háðir vöruflutningum á sjó og fleiri landshlutar að vetrarlagi, þótt ekki sé með talinn sá vandi, sem að höndum ber í sambandi við harðindi af völdum vetrarríkis og hafísa.

Ekki virðist um það að ræða að draga úr þeim skipakosti, sem Skipaútgerð ríkisins hefur nú yfir að ráða til vöruflutninga, heldur er aðkallandi nauðsyn að stækka og bæta flutningaskip útgerðarinnar og auka þar með afkastagetu þeirra og hæfni til að mæta vetrarveðráttu og vetrarsjóum. Þessi skip verða að byggjast fyrst og fremst sem flutningaskip með tiltölulega mikið og hentugt lestarrúm og búin sterkum bómum, en ekki mun ástæða til að auka farþegarúm að ráði, þar sem búast má við, að farþegar noti þessi skip meira á milli hafna en á langleiðum. Hitt er þó augljóst, að æskilegt er að bæta aðstöðu fyrir farþega miðað við þá aðstöðu, sem nú er fyrir hendi í „Breiðunum".

Flutningsmenn leggja áherzlu á, að athugun þessara mála verði lokið af nefndarinnar hálfu í byrjun næsta Alþingis, svo að hægt verði á því þingi að afgreiða málið í því formi, sem bezt er talið henta fyrir landsbyggðina. Þyrftu hlutaðeigandi stjórnarvöld að hefjast handa þá þegar, því að umbætur á þessu sviði eru orðnar aðkallandi.

Fyrir flm. vakir, að nefndin taki til athugunar þær tillögur um strandferðir með sérstöku tilliti til landshlutanna, sem þegar hafa komið fram á Alþingi á undanförnum árum. Einnig, að athuguð verði sérstaklega afgreiðsluaðstaða strandferðaskipanna, t. d. í Reykjavík.

Gert er ráð fyrir, að núverandi strandferðaskip verði seld, eftir því sem henta þykir, jafnóðum og ný skip eru byggð og tekin í notkun.

Nd. 374. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum. Yfirdýralæknir og kjötmatsformaður mættu á fundi hjá nefndinni, og var rætt við þá ýtarlega um efni frv. Ljóst er, að kröfur um góða meðferð sláturafurða fara sívaxandi og víða er úrbóta þörf í meðferð þeirra. N. er sammála um að mæla með samþykkt frv. með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „tvö ár" í síðasta málsl. 2. mgr. komi: þrjú ár.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Hver sá, sem hyggst slátra sauðfé eða öðrum fénaði, sbr. 2. gr., í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu umsókn um löggildingu húsa til slátrunar og frystingar og geymslu

á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Hver sá, sem hyggst byggja hús til slátrunar og frystingar á sláturafurðum eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim, áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu annast héraðsdýralæknar eftirlit með sláturog frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum undir stjórn yfirdýralæknis. Í reglugerð má setja ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og sláturhússtjóra.

3. Við 4. gr. Við greinina bætist:
   Héraðsdýralæknir skal leitast við að framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.
4. Við 9. gr. Síðasti málsl. 1. mgr. falli niður.

Alþingi, 19. marz 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Björn Pálsson.
Ágúst Þorvaldsson.	Jónas Pétursson.	Sverrir Júlíusson.
	Hannibal Valdimarsson.	

Nd. 375. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Hvers vegna er Ísland nær skóglaust? Það er af því, að loftslag og atvinnuhættir eru óhagkvæmir fyrir trjágróður. Hér á landi þrífst ekki skógur nema í vissum byggðarlögum. Trjáplöntur vaxa tæpast nema hafa skjól og geta því varla gegnt því hlutverki að skýla öðrum gróðri. Þar sem kvikfjárrækt er stunduð, þarf tvöfaldar girðingar til þess að vernda trjáplönturnar. Á vetrum leggur snjó að og yfir slíkar girðingar, skepnur komast að trjáplöntunum og eyðileggja þær. Bændur hafa tæpast tíma til að halda við slíkum girðingum, trjáplönturnar kafna í grasi og hirðuleysi. Ákvæði um það að endurgreiða styrki til slíkra girðinga, ef þeim er ekki haldið við, eru hlægileg. Sú innheimta mundi ganga seint og illa. Hægt er að rækta skjólbelti þar, sem eingöngu er stunduð korn- og kartöflurækt. Þar þarf ekki nema einfaldar girðingar. Borgi sig að hafa skjólbelti á slíkum stöðum, geta menn gert það án mikils kostnaðar. Skógrækt hefur ekki verið stunduð á Íslandi af því, að það borgi sig fjárhagslega. Ef ekki er arðvænlegt fyrir einstaklinga að rækta skjólbelti án styrkja, þá borgar sig ekki fyrir ríkið að styrkja skjólbeltarækt. Það er og meir en vafasamt, hvort rétt er að læða því inn hjá mönnum, að ekkert sé hægt að gera og helzt megi ekkert gera án þess að fá styrki til þess frá ríkinu. Ég legg því til, að frumvarpið verði látið daga uppi, þrátt fyrir það, þó að ég viti, að auðveldara sé að segja já en nei.

Alþingi, 24. marz 1966.

Björn Pálsson.

Nd. 376. Frumvarp til laga [165. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Ólafi Baldvinssyni land býlisins Gilsbakka í Arnarneshreppi.

Flm.: Jónas G. Rafnar.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafi Baldvinssyni land það úr jörðinni Syðri-Bakka í Arnarneshreppi, sem honum hefur verið mælt út og nefnist Gilsbakki.

Náist ekki samkomulag um andvirði hins selda, skal það ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fyrir sem næst 20 árum fékk Ólafur Baldvinsson úthlutað landspildu úr landi Syðri-Bakka í Arnarneshreppi. Fyrir nokkrum árum fékk Ólafur útmælt viðbótarland, sem nægir til þess að koma býlinu í tölu nýbýla.

Ólafur hefur farið þess á leit að fá land þetta keypt, og hefur umsagnar hreppsnefndar Arnarneshrepps verið leitað um málið.

Í bréfi, dags. 16. marz 1966, mælir hreppsnefndin eindregið með því, að Ólafi verði gefinn kostur á að kaupa landið.

Ed. 377. Lög [19. mál]

um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Afgreidd frá Ed. 24. marz.)

Samhljóða þskj. 264.

Nd. 378. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litla-Gerði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. HV gat ekki mætt á fundi, þegar frv. var afgreitt.

Alþingi, 25. marz 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Óskar Jónsson.
Björn Pálsson.	Sverrir Júlíusson.	Jónas Pétursson.

Sþ. **379. Tillaga til þingsályktunar** [166. mál]

um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla.

Flm.: Matthías Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera ýtarlegar athuganir á því, á hvern hátt verði bezt að því unnið að koma á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og bæta nýtingu sjávaraflans með því að efla þær iðngreinar, sem vinna úr honum þær vörur, sem skapa mest útflutningsverðmæti.

Jafnframt skal nefndin kynna sér og gera tillögur um, ef tök eru á, að komið verði í framkvæmd nýjum vinnsluaðferðum, svo sem frystiþurrkun og geislun með geislavirkum efnum.

Nefndin skal enn fremur athuga og gera tillögur um, á hvern hátt megi efla kynningu og sölumöguleika á þessum afurðum meðal viðskiptaþjóða okkar og leita úrræða til að selja íslenzkar sjávarafurðir til fleiri þjóða en nú er gert.

Nefndin skal leggja áherzlu á að hraða störfum sínum eftir föngum og skila áliti sínu og tillögum til ríkisstjórnarinnar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur sjávarafli okkar Íslendinga í heild stóraukizt. Hins vegar hefur okkur ekki að sama skapi orðið nægilega mikið úr þessu mikla aflamagni, því að mikið magn af hálfunnum sjávarafla hefur verið flutt úr landi, en úr því svo framleiddar dýrmætar fullunnar vörur í erlendum verksmiðjum. Má hér nefna sem dæmi fryst og sykursöltuð hrogn, grásleppuhrogn, frysta og saltaða síld og saltaðan ufsa, en langmestur hlutinn af þessum vörum fer í frekari vinnslu erlendis. Hin erlendu fyrirtæki flytja svo í mörgum tilfellum fullunnu vöruna út um allan heim.

Afkoma okkar hefur byggzt eingöngu á hinu mikla og sívaxandi aflamagni, en ekki á góðri nýtingu þess.

Við verðum nú að horfast í augu við það, að bolfisksgengdin við strendur landsins hefur farið minnkandi, og vart má treysta á það, að við getum haldið til langframa áfram að ausa upp stöðugt auknu magni af síld.

Með tilliti til þessa má telja lífsnauðsyn, að rannsakað verði til hlítar, á hvern hátt megi bæta úr þessu og nýta betur afla þann, sem fæst, og einnig sjávarafurðir, sem nú eru ekki nýttar eða einungis að litlu leyti, þannig að aukið útflutningsverðmæti skapist, án þess að höggvið sé meira í það hráefnismagn, sem fyrir hendi er.

Þessu marki verður einungis náð með því að efla þann iðnað, sem vinnur dýrustu vöruna úr hráefninu og skilar þannig mestu útflutningsverðmæti miðað við hráefnisnotkun.

Iðnaður sá, sem hér kemur til greina er:

Niðursuðu- og niðurlagningariðnaður.

Framleiðsla tilbúinna rétta úr sjávarafurðum, sem yrðu sendir á markaðinn annaðhvort frystir eða í dósum.

Enn fremur gætu ef til fleiri vinnsluaðferðir komið til greina, svo sem frystiþurrkun og geislun með geislavirkum efnum.

Þess er og að gæta, að í mörgum tilfellum gæti slíkur iðnaður verið staðsettur á svæðum, þar sem atvinnuleysis gætir, og mundi þannig tvennt nást í einu.

Nú á iðnaður þessi við mikla erfiðleika að stríða, og má segja, að hann hafi

aldrei átt þess kost að dafna. Valda því margs konar erfiðleikar hér innanlands, svo og hörð samkeppni við gömul og gróin fyrirtæki erlendis, sem víða njóta sérstakrar fyrirgreiðslu sinna yfirvalda og oft betri tollakjara, t. d. innan EFTA.

Má í þessu sambandi benda á þá erfiðleika, sem frystiiðnaðurinn átti við að stríða á fyrstu árum sínum og hvernig tókst að leysa úr þeim.

Nd. 380. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til laga um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með frumv. því, sem hér um ræðir, er alllöng greinargerð. Þar segir m. a.: „Þegar taka skal afstöðu til þess, hvort hafa skuli vinstri eða hægri handar umferð, vaknar fyrst sú spurning, hverjir séu kostir og gallar hvorrar reglunnar um sig. Talið er, að í sjálfu sér hafi hvorug reglan sérstaka kosti umfram hina."

Ég tel ekki ástæðu fyrir okkur Íslendinga að breyta hér um, og það er raunar ofvaxið mínum skilningi, hvers vegna við ættum nú að fara að kosta mörgum tugum milljóna króna, eða jafnvel 100—130 millj. kr., eins og talið er af sumum að kostnaðurinn muni verða, til þess að taka upp hægri handar akstur, sem í engu er betri en sá vinstri að dómi sérfróðra manna.

Þá telja og flestir, sem um þetta mál hafa talað eða ritað, að aukin slysahætta stafi af breytingunni úr vinstri í hægri handar akstur, og í áður nefndri greinargerð er hún talin „nokkur".

Ég tel rétt að forðast slysin, vernda mannslífin og spara peningana í þessu máli og legg til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 25. marz 1966.

Óskar E. Levy.

Nd. 381. Nefndarálit [18. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er eingöngu um þá breytingu á umferðarlögunum, að í þau verði sett fyrirmæli um, að þeir menn, sem neyta áfengis við akstur vélknúins ökutækis, aka eða reyna að aka slíku tæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, skuli sviptir ökuleyfi að fullu eða rétti til að öðlast það.

Í gildandi lögum er bann við því að neyta áfengis við akstur, og þeim, sem eru undir áhrifum áfengis, er bannað að aka eða reyna að aka vélknúnu ökutæki. Auk annarra refsinga fyrir brot á þessu lagabanni, sem ákveðnar eru í lögum, eru þar fyrirmæli um ökuleyfissviptingu um skemmri eða lengri tíma. Þó er heimilt að sleppa sviptingu réttinda, ef sérstakar málsbætur eru taldar vera, ef um fyrsta brot er að ræða og ef ölvun ökumannsins hefur ekki farið fram úr vissu marki.

Þessi undanþáguheimild frá ákvæðinu um sviptingu ökuréttinda er ákaflega varhugaverð, þar sem hún stuðlar að því að auka bifreiðaakstur drukkinna manna. Ætti því að nema heimildina úr lögum, eins og lagt er til í þessu frumvarpi. Bezt mun gefast að hafa hér hreinar línur. Svipta þá menn ökuréttindum að fullu, sem fara með vélknúið ökutæki, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis.

Það er því miður mjög algengt, að menn brjóti umferðarlögin með því að aka bifreiðum, þegar þeir eru undir áfengisáhrifum. Í einu dagblaðanna í Reykjavík var frá því sagt fyrir fáum dögum, að frá því um síðustu áramót til 24. marz hefði lögreglan í Reykjavík einni tekið 128 ölvaða bifreiðastjóra við akstur. Upplýsingar liggja hins vegar ekki fyrir um afleiðingarnar af akstri þeirra, en víst er, að þeir hafa valdið mörgum slysum og miklu tjóni. Dauðinn heldur oft um stýrið hjá ölvuðum ökumönnum.

Bifreiðum hefur fjölgað ákaflega hér á landi síðustu árin, en vegirnir eru víða ófullkomnir, og veldur það erfiðleikum í ört vaxandi umferð. Vissulega þurfa allir, sem bifreiðum stjórna, að vera lausir við áfengisáhrif og fara gætilega.

Mikill fjöldi landsmanna hefur nú réttindi til bifreiðaaksturs og telur sér þau mikils verð. Víst er, að verði í lög tekið, að þeir menn skuli án undantekninga sviptir ökuleyfum að fullu, sem gera sig seka um að aka bifreiðum, þegar þeir eru undir áhrifum áfengis, mun þeim mönnum fækka mjög, sem hreyfa bifreið, þegar þeir hafa bragðað áfengi. Flestum mun verða ljós sú mikla áhætta, sem því fylgir. Menn eiga á hættu að missa ökuréttindi ævilangt, en þau eru mikils virði nú á tímum. Þannig mundi samþykkt frumvarpsins verða mörgum ölkærum mönnum til hamingju. Forða þeim frá að aka ölvaðir, valda banaslysum eða meiðslum á sjálfum sér og öðrum vegfarendum, efnahagslegu tjóni og margvíslegum hörmungum. Það er því ekki síður hagsmunamál áfengisneytenda en annarra manna, að þau ströngu fyrirmæli, sem tillögur eru um í frv., verði í lög tekin.

Eins og þegar hafa verið leidd rök að, er enginn vafi á því, að verði frumvarp þetta samþykkt og ákvæðum þess fylgt við framkvæmd umferðarlaganna, mun draga mjög mikið úr slysum af völdum drukkinna ökumanna. Það er því sjálfsögð öryggisráðstöfun, öllum til gagns, en engum til tjóns, að ákvæði frumvarpsins verði lögfest.

Það er, samkvæmt því er að framan greinir, tillaga mín til hæstv. þingdeildar, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 28. marz 1966.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 382. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Gísla Guðmundssyni og Jóni Skaftasyni.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsgrein:

Enn fremur er ríkissjóði heimilt að verja á árinu 1966: 10 millj. kr. til greiðslu vinnsluuppbóta á þeim stöðum, sem fiskvinnsla ber sig ekki vegna erfiðrar aðstöðu, svo sem af því að hráefni skortir eða afli er sérstaklega dýr í vinnslu, enda sé vinnslan talin nauðsynleg vegna útgerðar á hlutaðeigandi stöðum. Ráðuneytið setur reglur um greiðslu uppbótanna, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna.

Sþ. 383. Tillaga til þingsályktunar [167. mál]

um endurskoðun laga um almannavarnir vegna hafíshættu o. fl.

Flm.: Jónas Pétursson, Matthías Bjarnason, Sigurður Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða lög um almannavarnir í því skyni að fella inn í þá löggjöf fyllri ákvæði að því er varðar hættur af

völdum náttúruhamfara, svo sem jarðskjálfta, eldgosa og hafíss, sem kynni að loka siglingaleiðum umhverfis land eða einstökum höfnum eða svæðum.

Enn fremur verði athugað að fella inn í lögin ákvæði um aðstoð við hjálparsveitir, sem stofnaðar hafa verið eða kunna að verða stofnaðar, um þjálfun hjálparsveitanna og kaup á tækjum til þeirra.

Áherzla skal lögð á, að endurskoðun þessari verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

S. l. vetur kom hafís að landinu eftir nær hálfrar aldar tímabil, sem verið hafði íslaust við landið að mestu. Það kom í ljós, að víða voru byggðarlög vanbúin að mæta langvarandi hafnbönnum af hafís. Stórvandræði hlutust þó ekki af, vegna þess að ekki var um langvarandi hafþök að ræða og enn fremur vegna þess að fremur snjólétt var og vegir því víða færir.

En þessi koma hafíssins var mikil aðvörun. Flm. telja nauðsynlegt að taka upp á víðtækum grundvelli athuganir á því, hvernig bezt verður fyrir komið nauðsynlegri forsjá og tryggingum gegn slíkri vá og öðrum af náttúruvöldum, svo sem jarðskjálftum og eldgosum.

Hlutverk almannavarna, sem löggjöf hefur verið sett um, er í höfuðatriðum á öðru sviði. En í 1. gr. laganna er þó gert ráð fyrir, að dómsmálaráðherra geti lagt fyrir almannavarnir að veita aðstoð, ef tjón vofir yfir af náttúruhamförum. Þess vegna er það nú þegar á verksviði almannavarna að veita aðstoð, ef náttúruhamfarir eru yfirvofandi eða hafa valdið tjóni. En okkur sýnist þörf fyllri ákvæða í lögum, ákvæða, sem gera tryggingu gegn hugsanlegri vá að föstum lið í starfi almannavarna. Herir norðursins geta orðið okkur þungir í skauti, og varúðarráðstafanir af þeim sökum þurfa að verða fastur liður í öryggismálum þjóðfélagsins.

Lög um almannavarnir gera ráð fyrir samstarfi við stjórnir héraðanna í öryggismálum, eins og sjálfsagt er. Þess þarf og vel að gæta, að ekki sé með löggjöf dregið úr forsjálnishneigð héraðanna, því að fyrst og fremst veltur farsæl framtíð slíkra mála á forsjá og dug byggðarlaganna. En heildaryfirsýn er nauðsynleg, og geta byggðarlaganna til að skapa sér öryggi er nokkuð misjöfn. Hér skal sérstaklega minnt á olíuna, sem fólkið er nú orðið háðara en nokkurn tíma fyrr. Skipuleg framkvæmd um söfnun olíubirgða er nauðsynleg og sjálfsögð.

Hér á landi eru nú starfandi nokkrar hjálparsveitir, sem skipaðar eru áhugamönnum, og hafa þær unnið mikið starf við leit að fólki og veitt margvíslega aðstoð, þegar slys ber að höndum. Það er skoðun flm., að nauðsyn beri til, að slíkum hjálparsveitum verði komið á fót í sem flestum héruðum landsins og þjóðfélagið aðstoði starfsemi þessara sveita með því að útvega þeim þjálfara og styrki þær til kaupa á hjúkrunargögnum og öðrum tækjum til að sinna alhliða björgunarstarfi, þegar slys ber að höndum.

Nd. 384. Nefndarálit [30. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir á þingskjali 276.

Alþingi, 28. marz 1966.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson, frsm.
Óskar E. Levy.	Björn Fr. Björnsson.	Ragnar Arnalds.
	Pétur Sigurðsson.	

Nd. 385. Breytingartillaga [136. mál]

við frv. til laga um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Frá Birgi Finnssyni og Matthíasi Bjarnasyni.

Aftan við 1. gr. komi 2 nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tímabilinu frá 1. október 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 aura á hvert kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 milljónum króna.

Ed. 386. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til laga um skrásetningu réttinda í loftförum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. marz 1966.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Sigurður Ó. Ólafsson. Páll Þorsteinsson.
Bjartmar Guðmundsson.

Ed. 387. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 28. marz 1966.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Björn Jónsson.
Ásgeir Bjarnason. Páll Þorsteinsson. Sigurður Ó. Ólafsson.
Bjartmar Guðmundsson.

Nd. 388. Frumvarp til laga [168. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Flm.: Ragnar Guðleifsson, Matthías Á. Mathiesen, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson.

1. gr.

Lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar stækkar til norðurs um landsvæði úr landi Keflavíkur h/f, Keflavík, svo og úr landi Keflavíkurflugvallar í eigu ríkissjóðs, hvort tveggja í Gerðahreppi.

Mörkin milli Keflavíkurkaupstaðar og Gerðahrepps breytast því og verða sem hér segir:

Að vestan eru mörkin frá hornpunkti, þar sem norðurmörk Njarðvíkurhrepps skera beina línu dregna úr Kölku í Keflavíkurborg, unz sú lína sker núverandi háspennulínu. Síðan fylgja mörkin háspennulínunni til norðurs u. þ. b. 1400 m. Þar beygir háspennulínan til NNA, og fylgja mörkin henni u. þ. b. 560 m, unz hún beygir til NNV. Úr þeim hornpunkti liggja mörkin í ANA í stefnu á vitann á Hólmsbergi til sjávar.

2. gr.

Frá gildistöku laga þessara tekur Keflavíkurkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Gerðahreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Nú verður ekki innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli bæjarstjórnar Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefndar Gerðahrepps um eigna- og skuldaskipti, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þau þá ákveðin af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Sami gerðardómur skal ákveða bætur fyrir tekjurýrnun Gerðahrepps, er kann að leiða af lögum þessum. Aðilar tilnefna hvor sinn mann í gerðardóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni bæjarstjórnar Keflavíkur. Er frumvarpið samið í samráði við félagsmálaráðuneytið og endanlega afgreitt af bæjarstjórn Keflavíkur á fundi 22. marz s. l., ásamt meðfylgjandi skýringum.

Nauðsyn þess að stækka lögsagnarumdæmi Keflavíkurkaupstaðar er löngu orðin knýjandi. Keflavíkurkaupstaður liggur á milli tveggja sveitarfélaga. Njarðvíkurhreppur liggur að kaupstaðnum að sunnan og Gerðahreppur að vestan og norðan.

Heita má, að nú þegar sé allt land innan lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar fullbyggt að mörkum Njarðvíkurhrepps. Svipað má segja um landið að vestan og norðan, að mörkum Gerðahrepps. Þar er þó enn óbyggt land um 55 ha. Nokkur hluti þess lands hefur verið skipulagður fyrir iðnað, og stór hluti er land, sem fyrir nokkrum árum, meðan landrými var meira, hefði verið talið lítt byggilegt.

Þegar Keflavíkurflugvöllur var byggður, var land undir hann tekið úr landi 5 sveitarfélaga á Reykjanesskaganum. Af landi Keflavíkur voru þá teknir um 300 ha. eða rúmlega 5/7 hlutar byggilegs lands undir flugvöllinn og mannvirki tilheyrandi honum. Nokkur hluti þess lands hefur fengizt aftur og er nú að mestu byggður, en um 220 ha. eru enn þá í eigu ríkisins og í lögsagnarumdæmi lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli.

Á undanförnum mánuðum hefur verið leitað eftir því hjá varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins að fá enn til viðbótar spildu af þessu landi, upp í heiðina, til vesturs, ca. 65 ha., og var þá talið, að þar yrðu endanleg takmörk Keflavíkur að vera við land flugvallarins. En síðan hefur farið fram hljóðmæling á þessu svæði og í nágrenni þess, og hefur þá komið í ljós, að meginhluti þessarar spildu er talinn óbyggilegur vegna hávaða, þegar miðað er við þær kröfur, sem gerðar eru til lágmarksháva ða í íbúðarhverfum í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum. Þessi stækkun byggingarsvæðis Keflavíkur til vesturs kemur því að mjög takmörkuðum notum til byggingar íbúðarhúsa. Vísast hér til bréfs flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, þar sem hann varar við, að byggt verði nær flugvellinum. (Sbr. fskj. II.) Enn fremur vísast til meðfylgjandi uppdráttar, er sýnir, að hávaði á þessu svæði er meiri en talinn er mesti þolanlegi hávaði í íbúðarhverfum í Bandaríkjunum og á Norðurlöndum.

En þótt þessi landspilda væri ekki þessum annmörkum háð, er hér um svo lítið landrými að ræða, að ófullnægjandi væri, nema annað og stærra landsvæði fengist einnig, og því er lagt til að færa lögsagnarumdæmi Keflavíkur út til norðvesturs og norðurs. Er hér annars vegar um að ræða land Keflavíkur h/f á Berginu, ca. 50 ha. að stærð (sbr. meðf. uppdrátt), og hins vegar land ríkissjóðs, er nú tilheyrir Keflavíkurflugvelli, og er að stærð um 300 ha. Þetta landsvæði hvort tveggja er nú í Gerðahreppi.

Á þessu landsvæði ríkissjóðs í Gerðahreppi er engin byggð, en á landi Keflavíkur h/f á Berginu eru nú um 70 íbúar. En þetta fólk er eðlilega í meiri tengslum við Keflavík en Gerðahrepp. Börnin af Berginu ganga í skóla í Keflavík, og presturinn í Keflavík fræðir þau og fermir. Af sömu ástæðu, nálægðinni við Keflavík, eru verkamennirnir á Berginu í Verkalýðs- og sjómannafélagi Keflavíkur, enda vinna þeir allir í Keflavík eða á Keflavíkurflugvelli, en engir í Gerðahreppi, nema þeir, sem hafa sjálfstæða atvinnu heima.

Land þetta í Gerðahreppi, sem frumvarpið gerir ráð fyrir að falli undir lögsögu Keflavíkur, má telja að meiri hluta sæmilegt til bygginga, og telur skipulagsstjóri, að með því landi til viðbótar spildunni frá flugvellinum muni allt land Keflavíkurkaupstaðar verða um 600 ha., sem mundu með hóflegri nýtingu nægja fyrir um 15—20 þúsund manna byggð. Af þessu landi eru nú taldir ca. 100 ha. óbyggilegir vegna hávaða flugvéla í flugtaki og lendingu á Keflavíkurflugvelli, samkvæmt gögnum frá skipulagsstjóra.

Keflavíkurkaupstaður er nú fjórði stærsti kaupstaður landsins utan Reykjavíkur, en er jafnframt talinn landþrengsti kaupstaðurinn á landinu. Íbúatala Keflavíkur 1. des. 1965 var 5117 og hefur vaxið um 6% frá 1962.

Á tímabilinu 1956—1960, á 5 árum, var tala íbúða, er bygging var hafin á, 256 eða að meðaltali um 51 á ári. En á næsta 5 ára tímabili, 1961—1965, var bygging hafin á aðeins 168 eða 36 að meðaltali á ári. Stafar þetta eingöngu af því, að eigi hefur verið hægt að fullnægja eftirspurn eftir byggingarlóðum.

Af framangreindum upplýsingum ætti að vera ljóst, að byggilegt land innan Keflavíkurkaupstaðar er svo takmarkað, að það hefur á undanförnum árum heft mjög vöxt bæjarins og mundi innan skamms tíma stöðva hann að fullu. Hins vegar mundi sú stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkur, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, skapa möguleika til þess að skipuleggja byggð fram í tímann og um leið grundvöll fyrir eðlilegan vöxt Keflavíkurkaupstaðar.

Fylgiskjal I.

SKIPULAGSSTJÓRINN

Reykjavík, 7. marz 1966.

Að gefnu tilefni skal tekið fram, að af skipulagslegum ástæðum hefur lengi verið þörf á að rýmka um mörk Keflavíkurkaupstaðar, sem síðan 1945 hefur verið landþrengsti kaupstaður á öllu landinu. Hafa þessi landþrengsli m. a. orsakað það, að ekki hefur verið unnt að gera skynsamlegar skipulagsáætlanir nokkra áratugi fram í tímann, svo sem lög mæla þó fyrir um.

Samkvæmt þeim tillögum, er nú liggja fyrir um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkur, er um tvenns konar stækkanir að ræða, annars vegar til vesturs eða upp í heiðina, að núverandi háspennulínu. Er hér um að ræða ca. 65 hektara lands, sem tilheyrði Keflavíkurkaupstað fram til ársins 1945, að það var lagt undir Keflavíkurflugvöll. Land þetta er í sjálfu sér vel fallið til byggingar, en sá böggull fylgir hér skammrifi, að verulegur hluti þessa svæðis er í slíkri nálægð og afstöðu til flugbrautar þeirrar, er liggur NA–SV, að það hlýtur að teljast óhæft til íbúðarbyggingar, samkvæmt þeim kröfum um lágmarkshávaða í íbúðarhverfum, er gilda á Norðurlöndum og Bandaríkjunum. Stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkur til vesturs kemur því af þessum sökum aðeins að takmörkuðum notum.

Hinn stækkunarmöguleikinn er til norðurs, og er hér annars vegar um að ræða land, sem tilheyrir Gerðahreppi, þ. e. spilda sú, er í daglegu tali er kallað Bergið og er rúml. 50 hektarar að stærð, en hins vegar spilda úr landi Gerðahrepps, ei nú tilheyrir Keflavíkurflugvelli, u. þ. b. 300 hektarar að stærð. Er land þetta mjög sæmilegt til byggingar og í hæfilegri fjarlægð og afstöðu til flugvallarins.

Núverandi stærð Keflavíkurkaupstaðar er u. þ. b. 200 ha., og mundi sú landstærð vart leyfa nema 6000—7000 manna byggð miðað við hóflega nýtingu lands.

Með þeim stækkunum á lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem hér er mælt með, verður stærð kaupstaðarins alls rúml. 600 hektarar, og mundi sú landstærð með hóflegri nýtingu nægja fyrir um 15 000—20 000 manna bygð.

Tel ég ekki goðgá með hliðsjón af vexti Keflavíkur undanfarna áratugi, að hann nái þessari stærð á næstu 50—60 árunum, og því tel ég nauðsynlegt, að kaupstaðnum séu tryggðir þessir stækkunarmöguleikar sem fyrst svo að unnt sé að miða skipulagsáætlanir við það mark.

Virðingarfyllst,

Zóphónías Pálsson.

Til bæjarstjórans, Keflavík.

Fylgiskjal II.

FLUGMÁLASTJÓRNIN, KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Utanríkisráðuneytið, varnarmáladeild, Reykjavík.


Keflavíkurflugvöllur, 9. marz 1966.

Mér hefur verið tjáð, að Keflavíkurbær og Njarðvíkurhreppur hafi á prjónunum áform um að færa byggð sína nær Keflavíkurflugvelli nú á næstunni.

Í þessu sambandi vil ég árétta það, sem fór í milli mín og hins háa ráðuneytis, í síma, nú fyrir skömmu. Þá fór ég fram á það, að þannig verði búið um hnútana, ef leyft verður að byggja nær flugvellinum, að fullt tillit verði tekið til starfrækslu flugvallarins við skipulagningu byggingarsvæðisins og að fylgt verði



Keflavík. Sýnir byggð 1963. Hvít lína sýnir núverandi mörk byggingarsvæðis kaupstaðarins.



Mörkuðu reitirnir í stefnu af flugbrautum Keflavíkurflugvallar til N og NNA sýna svæði, þar sem hávaði getur orðið 90—95 dB—A eða meiri, miðað við flugvélar af gerðinni DC 8 C.
Mesti þolanlegi hávaði í íbúðarhverfum er í U. S. A. talinn 63 dB—A, en á Norðurlöndum 60 dB—A.

Teiknistofa skipulagsins 1966.

ströngustu skipulagskröfum þar að lútandi, til að firra væntanlega íbúa óþægindum vegna hávaða og jafnframt hugsanlegri slysahættu vegna flugvéla í flugtaki eða lendingu.

Mér vitanlega eru ekki til íslenzk lög eða reglugerðir um þennan þátt skipulagsmála, en benda má á lærdóma, sem aðrar þjóðir hafa dregið af þessu hvimleiða vandamáli.

Bandaríki Norður-Ameríku hafa framkvæmt umfangsmiklar og kostnaðarsamar rannsóknir á þessu sviði og hafa í framhaldi af þeim sett reglugerðir, sem fjalla um þennan vettvang. Öll rök mæla því með því, að skynsamlegt sé fyrir okkur að færa okkur í nyt þessa reynslu og hafa þarlendar reglur til fyrirmyndar við skipulagningu umræddrar byggðar.

Flugstarfsemi er í miklum blóma hér á landi, og er hún einn aðalþátturinn í samgöngumálum landsins. T. d. fluttu Flugfélag Íslands og Loftleiðir samanlagt um 270 000 farþega á s. l. ári, og hjá félögum þessum starfa um 1000 manns.

Millilandaflugvellir eru með kostnaðarsömustu mannvirkjum, sem gerð eru, og farkostir flugfélaganna dýrustu samgöngutæki, sem eru í notkun í dag. Það er því höfuðnauðsyn, að rekstur þessara samgöngutækja gangi snurðulaust fyrir sig, nótt sem nýtan dag.

Keflavíkurflugvöllur er þannig í sveit settur í dag, að örsjaldan kemur fyrir, að kvartanir berist frá nágrannabyggðunum vegna hávaða frá flugvélum. Geta farþegaflugvélar því athafnað sig án nokkurra takmarkana vegna nærliggjandi byggðar. Er það út af fyrir sig mikið öryggisatriði og hagræðingarmál.

Það er von mín, að mál þetta verði leitt þannig til lykta, að notagildi Keflavíkurflugvallar sem alþjóðlegrar samgöngumiðstöðvar verði á engan hátt skert og með því verði komið í veg fyrir, að íbúar í nágrenni hans verði fyrir óþægindum og slysahættu að óþörfu.

Pétur Guðmundsson,

flugvallarstjóri.

Nd. 389. Nefndarálit [29. mál]

um frv. til laga um raforkuveitur.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Í frv. þessu felast tvö meginatriði. Í fyrsta lagi, að leggja skuli á árunum 1966—68 rafmagnslínur frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins til allra heimila á landinu með meðallínulengd milli býla allt að 2 km. Og í öðru lagi, að gerð verði fyrir 1. okt. 1966 kostnaðaráætlun um raflínulagnir, þar sem meðallínulengd er 2—2.5 km og 2.5—3 km, og að raforkuráði verði falið að gera tillögur um aukna aðstoð til vatnsaflsstöðva og dieselstöðva, þar sem ekki þykir fært að leggja raflínur frá samveitum.

Nefndin leitaði umsagnar raforkuráðs, raforkumálastjóra og Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands tekur ekki beina afstöðu til frv., en leggur m. a. áherzlu á, „að leitað sé úrræða til þess, eftir því sem föng eru á og fjárhagsgrundvöllur frekast leyfir, að dreifa rafmagni um byggðir lands vors“.

Raforkuráð fjallaði um erindið á fundi 12. nóv. s. l. og samþykkti svo hljóðandi umsögn um frv.: „Með hliðsjón af því, að framkvæmdaáætlun héraðsveitna er enn til meðferðar í raforkuráði, telur ráðið ekki auðið að taka afstöðu til frumvarpsins.“

Í svarbréfi raforkumálastjóra, dags. 24. nóv. s. l., er ekki heldur tekin afstaða til frv., en þar koma fram margvíslegar upplýsingar varðandi kostnaðaráætlun þá, er flutningsmenn frv. óska eftir að framkvæmd verði. Raforkumálastjóri upplýsir m. a., að stofnkostnaður rafmagnslínu til býla með allt að 2 km meðalfjarlægð muni vera um 200 þús. kr. og hallarekstur miðað við 20 ára jafngreiðslu (annuitet) 20 100 kr. á býli á ári. Stofnkostnað miðað við 2.5—3 km meðalfjarlægð telur hann 285—330 þús. kr. og rekstrarhalla 31—36 þús. kr. á býli að meðaltali á ári. Í bréfi raforkumálastjóra eru ýmsar fleiri tölulegar upplýsingar varðandi þetta mál, og fylgir það hér með sem fylgiskjal.

Nefndin grennslaðist nýlega eftir því hjá raforkuráði, hvort nýjar upplýsingar væru fyrir hendi, en fékk það svar, að enn væri meðferð framkvæmdaáætlunarinnar ólokið.

Meiri hl. nefndarinnar telur því að svo stöddu rétt að **vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 28. marz 1966.

Jónas G. Rafnar, form.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.
Matthías Á. Mathiesen.
Sigurður Ágústsson.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

24. nóvember 1965.

Hr. Jónas G. Rafnar alþm.
Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, Alþingi.

Iðnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 4. nóv. þ. á., sent mér til umsagnar frumvarp til laga um raforkuveitur á þingskjali nr. 29, og vil ég í því sambandi taka þetta fram:

1. Áætlun sú um héraðsrafmagnsveitur, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, var á sínum tíma gerð sem lausleg yfirlitsáætlun í því skyni að fá fyrstu hugmynd um hugsanlega fjárþörf til veitulagna á komandi árum.

   Þessi yfirlitsáætlun var látin ná yfir samveitur til að leiða rafmagn til býla með allt að 2.0 km meðalfjarlægð, og áætlaðist kostnaður um 200 000 kr. á býli að meðaltali eða um 180 000 000 kr. til þeirra um 900 býla, sem yfirlitið náði til.
2. Lausleg fjárhagsáætlun rafmagnsveitu, sem kostar um 200 000 kr. á býli, er á þessa leið:

Gjöld:

Fjármagnskostnaður miðað við 7% annuitet til 20 ára 9.44% af 200 000	kr.	18 900.00
Gæzla, viðhald, stjórn, eftirlit 2.5% af 200 000	—	5 000.00
Raforkukaup 2 kW og 6000 kWst á núverandi verði, sem er 1300 kr/árskW + 10 aurar/kWst	—	3 200.00
Gjöld samtals	kr.	27 100.00

Tekjur:

Miðað við meðaltekjur af raforkusölu til heimilisnota eftir úrtaki á 6 veitusvæðum	kr.	7 000.00
Halli	kr.	20 100.00

3. Ef miðað væri við, að stofnkostnaður sveitarafvæðingarinnar væri greiddur að fullu með fjárveitingum og ekki væru byggðar óhagstæðari veitur en sem svaraði 200 000 kr. stofnkostnaði á býli að meðaltali, mundi hallarekstur þeirra veitna samt verða um 20 100 kr. á býli/ári miðað við fjárhagsáætlunina hér að framan í lið 2.
4. Ef horfið yrði að því að leiða rafmagn frá samveitu enn lengra út um hinar dreifðu sveitir heldur en yfirlitsáætlunin gerði ráð fyrir, t. d. allt að 2.5—3.0 km meðalfjarlægð milli býla, eins og í frumvarpinu segir, mundi veitukostnaður á býli miðað við verðlag í dag verða um 285—330 þús. kr. og rekstrarhalli 31—36 þús. kr. á býli á ári að meðaltali.
5. Sú aðstoð, sem nú er veitt bændum við að koma upp einkarafstöðvum fyrir heimili sín, er lánveitingar úr raforkusjóði, er nema allt að 175 000 kr. á vatnsaflsrafstöð fyrir 1 býli og allt að 250 000 kr., ef rafstöðin er fyrir 2 býli. Þessi lán eru til 20 ára með 5% vöxtum.

   Lánveitingar úr raforkusjóði til mótorrafstöðva hjá bændum eru allt að 85% af kaupverði rafstöðvanna miðað við hagstæðustu kaup og eru t. d. 35 000 kr. til 3.5 kW rafstöðva og 52 000 kr. til 6 kW rafstöðva. Þessi lán eru til 9—10 ára með 6% vöxtum.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason. Páll Hafstað.

Ed. 390. Frumvarp til laga [169. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Selárdal í Súgandafirði.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Ólafi Þ. Þórðarsyni kennara, Stað í Súgandafirði, eyðijörðina Selárdal í Súgandafirði til skógræktar fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörð þessi er óhæf til ábúðar, enda verið í eyði um alllangt skeið. Ekki eru heldur líkur til, að svo standi á, að hentugt sé að sameina þessa jörð öðrum jörðum nálægum. En í daldragi, þar sem bæjarhús stóðu, er dálítið kjarr, svo að skilyrði fyrir ræktun trjágróðurs eru betri en ella mundi vera. Þó er þessi trjágróður ekki svo mikill, að Skógrækt ríkisins muni sjá ástæðu til að kosta til friðunar honum fyrst um sinn. Ýmis önnur svæði, sem eru vænlegri til skógræktar, verða að sitja fyrir, en fé til friðunaraðgerða takmarkað.

En nú hefur áhugamaður um skógrækt falazt eftir jörðinni til skógræktar, og virðist eðlilegt að verða við ósk hans, þar sem það er öllum aðilum að bagalausu.

Meðmæli hreppsnefndar Suðureyrarhrepps eru þannig:

Súgandafirði, 20. janúar 1966.

Hr. Ólafur Þ. Þórðarson, kennari, Suðureyri.

Vegna fyrirspurnar þinnar í bréfi frá nóv. s. l. um, hvort hreppsnefnd Suðureyrarhrepps vildi mæla með sölu jarðarinnar „Selárdalur“ til þín, skrifa ég þér þetta bréf.

Á fundi nefndarinnar í gær var umrætt erindi tekið til afgreiðslu. Samþykkti nefndin að verða við tilmælum þínum, og staðfestist það hér með.

Með vinsemd og virðingu,

oddviti Suðureyrarhrepps,

Herm. Guðmundsson.

Ed. 391. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

1. 4. gr. frv. orðist svo:
   6. mgr. 27. gr. orðist svo:
   Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini. Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskírteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðarstjórapróf.
2. 10. gr. frv. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. júní 1966.

Ed. 392. Frumvarp til laga [170. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Flm.: Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason, Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum“ í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: annars staðar en í Faxaflóa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 4. tölubl. Ægis 1966 er grein eftir hr. fiskifræðing Jón Jónsson, sem hann nefnir: Ástand fiskstofnanna við Ísland. — Efni greinarinnar telur greinarhöfundur að sé byggt á skýrslu, sem samin var á s. l. ári af nefnd færustu sérfræðinga á þessu sviði, sem Evrópuþjóðirnar eigi völ á.

Í upphafi greinarinnar segir, að ástand fiskstofnanna í Norður-Atlantshafi hafi um nokkurt skeið verið mönnum áhyggjuefni, þar sem með vaxandi sókn séu margir þeirra farnir að láta á sjá. Það, sem mestum áhyggjum virðist valda í þessu sambandi, er sú staðreynd, að meira sé tekið úr íslenzka þorskstofninum en hann virðist þola. Í öðru lagi veldur það sérstökum áhyggjum, hvað stór hluti af þorskveiðinni er ókynþroska fiskur. Hvað veiðunum utan landhelginnar viðkemur, er talið, að leggja beri áherzlu á að auka möskvastærðina í botnvörpu á Íslandsmiðum upp í 130 mm til samræmis við það, sem nú gildir í Barentshafi.

Eins og nú er komið tækni í fiskveiðunum, er þess vissulega full þörf að gera hverjar þær ráðstafanir, sem leitt geta til þess að vernda allan ungfisk og uppeldisstöðvar í flóum og fjörðum umhverfis landið allt fyrir þeim veiðitækjum, sem vitað er að mestri rányrkju valda.

Eigi verður um það deilt, að Faxaflói er ein allra þýðingarmesta fiskuppeldisstöðin við strendur Íslands. Kemur þar til m. a., að Faxaflói liggur næst aðalhrygningarstöðvunum við suðurströnd landsins, en þangað er ungviðinu næst að leita skjóls, og þar eru öll hin ákjósanlegustu skilyrði frá náttúrunnar hendi til vaxtar og þroska.

Þá er þess að geta, að á engu hafsvæði hér við land hafa verið gerðar jafnýtarlegar vísindarannsóknir í þessum efnum og í Faxaflóa. Meðan vér áttum við að búa fiskveiðilandhelgi, sem aðeins náði 3 sjómílur frá ströndinni, voru af íslenzkum og erlendum fiskifræðingum gerðar margendurteknar rannsóknir í þessu skyni.

Niðurstöður þeirra rannsókna vöktu á sínum tíma alþjóðaathygli á þeim geysilega mun, sem var á vaxtarskilyrðum ungfisksins utan og innan landhelginnar. Kom þá glöggt í ljós, að innan landhelginnar var mikil gnægð ungfisks, sem lifði við hin beztu lífs- og þroskaskilyrði. En utan landhelginnar sýndu rannsóknir þessar, að allt öðru máli var að gegna, þar hafði uppfæðingurinn orðið rányrkjunni að bráð.

Eftir að landhelgin var færð út í 4 sjómílur frá yztu annesjum og allir flóar og firðir voru friðaðir fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskmagnið ykist þar. En samfara því kom það einnig til, að veiðarnar og hið góða hráefni nýttist á allan hátt betur. Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna í Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Það leið skammur tími, eftir að dragnótaveiðarnar hófust að nýju í flóanum, þar til þess fór að verða vart, að fiskmagnið fór hraðminnkandi. Er nú svo komið, að heita má, að í Faxaflóa sé fiskilaust á flestum tímum árs, a. m. k. á móts við það, sem áður átti sér stað.

Dragnótaveiðin gaf að vísu nokkra raun í byrjun, meðan hún naut ávaxtanna af undanfarandi friðun, en brátt dró úr þeim veiðum einnig og því meira sem lengra hefur liðið. Má í því sambandi benda á þá staðreynd, að fiskveiðum þessum er nú haldið uppi með styrk úr aflatryggingasjóði vegna hins litla aflamagns, sem veiðarnar gefa.

Hættan af dragnótaveiðum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflóinn er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskisvæði við strendur landsins. Hér þarf því þegar að spyrna við fótum og bægja frá þeirri augljósu hættu, sem við blasir. En það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að banna með öllu dragnóta- og botnvörpuveiðar í Faxaflóa. Slíkar ráðstafanir þarf vafalaust að gera víðar, en hér í Faxaflóa er sökum legu hans og staðhátta allra mest í húfi. Þess vegna má það ekki dragast lengur, að hér verði bót á ráðin á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Nd. 393. Frumvarp til laga [171. mál]

um vernd barna og ungmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

I. KAFLI
Inngangur.

1. gr.

Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almennt eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnaheimilum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, gæzluleikvöllum, sumardvalarheimilum, fávitahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru líkamlega eða andlega miður sín, einkum þeim, sem eru blind, málhölt, fötluð eða fávita.
6. Eftirlit með börnum og ungmennum, sem eru siðferðilega miður sín, hafa framið afbrot eða eru á annan hátt á glapstigum.
7. Vinnuvernd.
8. Eftirlit með skemmtunum.

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldursskeiði 16—18 ára.

2. gr.

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum góð uppeldisskilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði, sem eru andstæð því uppeldistakmarki.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og félagsmála og aðra þá, sem fjalla um málefni barna og ungmenna.

3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðilja og annað starfslið á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða vísir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

II. KAFLI
Um barnaverndarnefndir.

4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi landsins. Heimilt er þó að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir mjög fámennir.

5. gr.

Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna til 16 ára aldurs, svo og ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

6. gr.

Bæjarstjórn (borgarstjórn) í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.) skal skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd eða hreppsnefndum (sbr. 4. gr.). Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. l. nr. 58 29. marz 1961, 19., sbr. 18. gr., og um þá kosningu fer eftir 37. gr. sömu laga eftir því sem við á, sbr. þó 8. gr. 1. málsgr. hér á eftir.

Barnaverndarnefnd skal að jafnaði skipuð bæði konum og körlum. Kjósa skal með sama hætti jafnmarga varamenn í barnaverndarnefnd.

Í kaupstöðum skal leitazt við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur.

7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram. Barnaverndarnefnd gegnir störfum, þar til ný nefnd hefur verið kosin.

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami og sveitarstjórnar, er kýs hana, þó svo að barnaverndarnefnd gegnir störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin, sbr. einnig 61. gr.

Oddvitar (sveitarstjórar) og bæjarstjórar (borgarstjóri) skulu þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram skýra menntamálaráðuneytinu frá skipun nefndar.

8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorazt undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorazt undan kosningu fyrir fullt og allt.

Bæjarstjórnir (bæjarráð) og hreppsnefndir ákveða þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr sveitarsjóði, þar með talin laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

9. gr.

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir apríllok ár hvert.

10. gr.

Barnaverndarnefnd skal, að fenginni heimild sveitarstjórnar, ráða eftir þörfum sérhæft starfslið, er annist dagleg störf í umboði hennar, svo og annað starfsfólk. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir athugun á því, hvort kleift sé að ráða sérhæfða starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna umdæma, t. d. fjórðunga eða smærri umdæma.

11. gr.

Um störf og starfsháttu fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

III. KAFLI
Um barnaverndarráð.

12. gr.

Ráðherra skipar fimm manna barnaverndarráð til 4 ára í senn. Skal það hafa aðsetur í Reykjavík. Formaður ráðsins skal vera embættisgengur lögfræðingur.

Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn.

Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu uppeldisstofnun samkvæmt lögum þessum.

Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundabók.

Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk við hæfi.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna, og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

IV. KAFLI
Um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar.

13. gr.

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi.

Nú á embættisgengur lögfræðingur ekki sæti í nefndinni, og skal héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þá taka sæti í nefndinni sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Ályktanir um þessi málefni fá ekki gildi, nema 2 nefndarmenn hið fæsta af 3, 3 af 4, 4 af 5 eða 6, 5 af 7 og 6 af 8 gjaldi þeim jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarnefndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við getur átt.

Öllum meiri háttar málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, og skal vekja athygli á, að heimild sé til málskots, sbr. 56. gr., ef því er að skipta.

Um starfsháttu barnaverndarnefnda, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða og boðun varamanna, skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er menntamálaráðherra setur. Í reglugerð má einnig kveða á um verkaskiptingu innan hinna fjölmennari nefnda svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda.

15. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinda að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

16. gr.

Við úrlausn barnaverndarmáls skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna, sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra þeim, sem sláturleyfi hefur, og yfirdýralækni samstundis frá því. Setur yfirdýralæknir umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður um stundarsakir, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Hann tilkynnir þá jafnframt atvinnumálaráðuneytinu og aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð, unz úr sé bætt.

Héraðsdýralæknir skal leitast við að framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.

9. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði. Kjötmatsformaður hafi ekki ákveðið starfssvæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna og samræma mat og flokkun á kjöti og innyflum af sláturfénaði, samkvæmt reglugerðum, sem settar eru um þau efni í samræmi við 8. gr. laga þessara, á landinu öllu. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir.

Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa góða þekkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum og mikla reynslu í öllu því, er lýtur að meðferð og mati sláturafurða.

Ráðherra setur yfirkjötmatsmönnum starfsreglur og ákveður umdæmi þeirra og launakjör.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Annan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Ed. 398. Frumvarp til laga [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Jón Árnason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Guðmundi Gíslasyni bónda á Kársstöðum í Helgafellssveit eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni Guðmundar Gíslasonar bónda á Kársstöðum í Helgafellssveit, að fengnum meðmælum hreppsnefndar Helgafellssveitar og umsögn Leifs Kr. Jóhannessonar héraðsráðunautar, og fylgja umsagnir nefndra aðila hér með.

Arnarstöðum, 26. febrúar 1966.

Á fundi hreppsnefndar Helgafellssveitar 24. þ. m., þar sem mættir voru 4 hreppsnefndarmenn, kom til umræðu og afgreiðslu erindi Guðmundar Gíslasonar bónda á Kársstöðum, þar sem hann óskar eftir meðmælum hreppsnefndarinnar um kaup á eyðijörðinni Örlygsstöðum hér í sveit.

Álit hreppsnefndarinnar er, að Kársstaðir séu ekki nægjanlega landstór jörð fyrir utan fjallland, til þess að þar séu möguleikar á því að reka þar bú samkvæmt nútímakröfum, sem framfleytt geti fjölskyldu. Lönd þessara jarða liggja saman, og land Örlygsstaða er of lítið til nútíma búreksturs, en báðar jarðirnar eru til samans góð bújörð.

Að umræðum loknum samþykkti hreppsnefndin samhljóða að mæla með því, að Guðmundur Gíslason fái keypta eyðijörðina Örlygsstaði og verði hún sameinuð jörðinni Kársstöðum.

Þess skal og getið, að mæðiveikigirðing liggur um land Kársstaða og rýrir að ráði land jarðarinnar í nálægð bæjar og túns.

Virðingarfyllst,

f. h. hreppsnefndarinnar,

Haukur Sigurðsson.

Yfirlýsing.

Undirritaður mælir með, að Guðm. Gíslason bóndi, Kársstöðum í Helgafellssveit, fái jörðina Örlygsstaði í sömu sveit keypta.

Jarðir þessar liggja saman, og er eðlilegt, að þær verði sameinaðar, þar sem Kársstaðir hafa takmarkað land og Örlygsstaðir svo landlítil, að ekki er möguleiki á, að þar verði rekinn sæmilegur búskapur, enda eyðijörð síðustu 29 árin.

Kársstaðir hafa orðið fyrir landskerðingu vegna mæðiveikigirðingar, sem gerð var árið 1939, og ekki líkur fyrir, að jörðin fái það land aftur í náinni framtíð.

Til þess að Kársstaðir hafi skilyrði til nútíma búreksturs, þarf jörðin viðbótarland, og verður þá eðlilegast, að Örlygsstaðir falli undir hana.

Stykkishólmi, 28. febrúar 1966.

Leifur Kr. Jóhannesson, héraðsráðunautur.

Nd. 399. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 3. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Sjóðsstjórninni er heimilt að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, þar með talin lán til orlofsheimila verkafólks.

Alþingi, 29. marz 1966.

Guðl. Gíslason, form. Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. Hannibal Valdimarsson.
Óskar Jónsson. Axel Jónsson. Jón Skaftason.

Nd. 400. Breytingartillaga [136. mál]

við brtt. á þskj. 385 [Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins].

Frá sjávarútvegsnefnd.

Fyrir orðin „1. október“ komi: 1. júlí.

Sþ. 401. Tillaga til þingsályktunar [173. mál]

um endurskoðan lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Jón Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Jónsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki sé tímabært að láta fram fara endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um löndun erlendra fiskiskipa á afla sínum í íslenzkum höfnum með það fyrir augum að bæta úr atvinnuerfiðleikum einstakra byggðarlaga, sem skortir hráefni til vinnslu.

Greinargerð.

Samkvæmt íslenzkum lögum er meginreglan sú, að erlendum fiskiskipum er óheimilt að landa afla sínum í íslenzkum höfnum. Í lögum nr. 33 19. júní 1922 er atvinnumálaráðherra þó heimilað að veita leyfi til þess, að eigendur síldarverksmiðja megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eigin nota. Hefur sú heimild sjaldan verið notuð.

Nokkur undanfarin ár hefur síldargöngum hér við land verið þannig háttað, að sumarsíld hefur aðallega veiðzt við Austfirði. Af því hefur leitt, að síldarverk-

smiðjur á Norðurlandi og Vestfjörðum hafa lítt eða ekki verið hagnýttar. Þær hafa ekki fengið hráefni til vinnslu. Úr þessu hefur þó lítillega verið bætt með flutningum á síld milli landshluta.

Sú spurning hefur því vaknað, hvort ekki væri hyggilegt að rýmka ákvæðin um löndunarmöguleika erlendra fiskiskipa og bæta með því úr tilfinnanlegum erfiðleikum í einstökum landshlutum. Má í þessu sambandi benda á, að íslenzk síldveiðiskip hafa fengið leyfi til þess að landa afla sínum erlendis, t. d. í Noregi og Danmörku.

Með tillögu þessari er lagt til, að athugun verði látin fram fara á þessum málum.

Fjórir af flm. þessarar tillögu leggja jafnframt fram frv. um breytingu á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi. Er þar um að ræða bráðabirgðabreytingu, sem ætlað er að gilda í eitt ár, meðan athugun sú, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, fer fram.

Nd. 402. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur ekki aðeins rætt ýtarlega frv. þetta um fjölgun prófessorsembætta við Háskóla Íslands, heldur og fjallað um stöðu skólans almennt og framtíð hans. Mættu þeir Gylfi Þ. Gíslason, menntamálaráðherra, og Ármann Snævarr, rektor háskólans, á fundum nefndarinnar og tóku þátt í þeim umræðum.

Í umræðum þessum kom fram mikill áhugi nefndarmanna á að efla Háskóla Íslands, bæta aðstöðu hans og kennsluhætti og efla vísindastarf innan hans. Sérstaklega var tekið undir þá skoðun, sem menntamálaráðherra lét í ljós í framsögu fyrir frv., að háskólinn ætti að vera miðstöð íslenzkra fræða, innanlands og utan, og væri sérstök ástæða til að hlúa að þeirri deild hans.

Í þessu sambandi varð nefndin sammála um að leggja til eina breytingu á frv., þá, að fjölgað skyldi um eitt prófessorsembætti til viðbótar í íslenzkum fræðum. Er það hugmynd nefndarmanna, að hinn nýi prófessor eigi að kenna íslenzka nútímasögu og eigi sú kennsla ásamt þeim rannsóknum, er henni fylgja, jafnan að ná fram undir líðandi stund. Aukin áherzla á samtímasögu á að gera hverri kynslóð kleift að læra af hinum næstu, sem á undan fóru.

Niðurstaða nefndarinnar er, að hún mælir með frv. með eftirtalinni

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „í heimspekideild 12“ komi: í heimspekideild 13.

Alþingi, 29. marz 1966.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Axel Jónsson. Björn Fr. Björnsson.
Sigurvin Einarsson. Einar Olgeirsson. Guðl. Gíslason.

Ed. 403. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað um það álits nokkurra aðila.

Nefndin kvaddi á sinn fund skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, sem jafnframt var formaður nefndar þeirrar, er undirbjó frv., og ræddi við hann breytingar, sem til umræðu höfðu verið í nefndinni.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþ. með nokkrum breytingum, sem hún flytur tillögur um á sérstöku þskj., og verður gerð fyrir þeim nánari grein í framsögu.

Alþingi, 29. marz 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Karl Kristjánsson.	Bjartmar Guðmundsson.	Páll Þorsteinsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Ed. 404. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

Frá menntamálanefnd.

1. Á undan 1. gr. frv. komi ný gr., svo hljóðandi, og breytist greinatala frv. í samræmi við það:
   Fyrir orðið „skipstjórapróf“ í 1. gr. laganna komi: próf skipstjóra.
2. Við 2. gr. Síðari málsl. orðist svo:
   Á eftir orðinu „íþróttir“ komi: einkum sund.
3. Á eftir 2. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   4. gr. laganna orðist svo:
   Í skólanum skulu vera þessi fullnaðarpróf: Fiskimannapróf 2. stigs, farmannapróf 3. stigs og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.
4. Við 6. gr. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í upphafi 1. efnismgr. komi orðin: 3. stigs.
5. Við 7. gr.
   a. Á eftir orðinu „farmannaprófi“ í 1. tölul. komi orðin: 3. stigs.
   b. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í 2. tölul. komi orðin: 3. stigs.
   c. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í 6. tölul. komi orðin: 3. stigs.
   d. Á eftir orðinu „farmannaprófs“ í 8. tölul. komi orðin: 3. stigs.
6. Við 10. gr. Í stað orðsins „stórþjóðamáli“ í 2. efnismgr. komi: stórþjóðarmáli.
7. Við 12. gr.
   a. Í stað orðsins „sex“ í 1. mgr. komi: eigi færri en sex.
   b. Í stað orðsins „fimm“ í 2. mgr. komi: eigi færri en fimm.
8. Við 13. gr.
   a. Á eftir orðunum „góðu farmannaprófi“ í fyrri málslið komi orðin: 3. stigs.
   b. Í stað orðsins „skipstjórapróf“ í síðari málslið komi: skipstjóra.
9. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 5/1955 gilda um þá, er hafa byrjað nám í skólanum, áður en lög þessi koma til framkvæmda.

Ed. 405. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 25/1943, um breyt. á lögum nr. 16/1939, um breyt. á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með breytingu, sem nefndin flytur tillögu um á sérstöku þskj.

Alþingi, 29. marz 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Gils Guðmundsson.
Karl Kristjánsson.	Bjartmar Guðmundsson.	Páll Þorsteinsson.
	Jón Þorsteinsson.	

Nd. 406. Breytingartillaga [135. mál]

við frv. til l. um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá Ragnari Jónssyni.

Við 4. gr. Orðin „leitast við að“ í 2. mgr. falli burt.

Nd. 407. Breytingartillaga [136. mál]

við brtt. á þskj. 385 [Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins].

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Orðin „á tímabilinu frá 1. október 1965 til 31. desember“ falli niður.

Nd. 408. Breytingartillögur [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein, er orðist svo:
   3. töluliður í ákvæðum til bráðabirgða orðist svo:
   Á meðan kjararannsóknarnefnd starfar, skal kostnaður við störf nefndarinnar greiddur úr atvinnuleysistryggingasjóði, enda séu fulltrúar Alþýðusambandsins í nefndinni kjörnir hlutfallskosningu á þingum þess. Reikningar yfir slíkan kostnað skulu samþykktir af forsætisráðherra.
2. Við 4. gr. bætist:
   Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 21 21. maí 1964, um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

Ed. 409. Frumvarp til laga [135. mál]

um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 29. marz.)

Samhljóða þskj. 284 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Sláturfénaði (sauðfé, geitum, svínum, nautgripum og hrossum), sem slátra á í því augnamiði að flytja kjötið nýtt, kælt, fryst, saltað eða á annan hátt verkað á erlendan markað eða til sölu og neyzlu innanlands, skal slátra í löggiltum sláturhúsum og kæling og frysting kjötsins fara fram í löggiltum frystihúsum. Atvinnumálaráðuneytið löggildir sláturhús og frystihús, að fengnum meðmælum frá yfirdýralækni eða hlutaðeigandi héraðsdýralækni, ef húsin eru að dómi þeirra svo fullkomin að gerð og öllum útbúnaði, að hægt sé þess vegna að fullnægja nauðsynlegum heilbrigðis- og hreinlætiskröfum.

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir og hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema í þrjú ár frá gildistöku laga þessara.

Ráðherra setur reglur um útbúnað sláturhúsa og frystihúsa, söltunar- og reykhúsa, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og kjötmatsformanns.

3. gr. hljóðar svo:

Hver sá, sem hyggst slátra sauðfé eða öðrum fénaði, sbr. 2. gr., í þeim tilgangi að selja afurðir á opinberum markaðsstöðum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu umsókn um löggildingu húsa til slátrunar og frystingar og geymslu á sláturafurðum, söltunar o. s. frv. Hver sá, sem hyggst byggja hús til slátrunar og frystingar á sláturafurðum eða gera meiri háttar breytingar og endurbætur á slíkum húsum, skal senda atvinnumálaráðuneytinu teikningar af húsunum og fá samþykki þess á þeim, áður en framkvæmdir hefjast. Leita skal umsagnar yfirdýralæknis eða héraðsdýralæknis um teikningarnar og fyrirhugaðar breytingar og endurbætur. Eftir löggildingu annast héraðsdýralæknar eftirlit með slátur- og frystihúsum í hlutaðeigandi umdæmum undir stjórn yfirdýralæknis. Í reglugerð má setja ákvæði um þekkingu og verkkunnáttu verkstjóra og sláturhússtjóra.

4. gr. hljóðar svo:

Nú fullnægir löggilt slátur- eða frystihús eigi lengur skilyrðum þeim, sem sett voru fyrir löggildingu, og ber þá dýralækni, sem eftirlitið hefur annazt, að skýra þeim, sem sláturleyfi hefur, og yfirdýralækni samstundis frá því. Setur yfirdýralæknir umráðamönnum hússins hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er, og fellur löggildingin niður um stundarsakir, ef eigi er bætt úr göllunum innan hins ákveðna frests. Hann tilkynnir þá jafnframt atvinnumálaráðuneytinu og aðilum þeim, sem sláturleyfin veita, að slátrun á þeim stað skuli þá þegar stöðvuð, unz úr sé bætt.

Héraðsdýralæknir skal framkvæma skoðun á slátur- og frystihúsum á þeim tíma, sem gefur nægan frest til úrbóta, ef þörf krefur, fyrir næstu sláturtíð.

9. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar kjötmatsformann og 4 yfirkjötmatsmenn, og hafi hver yfirkjötmatsmaður ákveðið starfssvæði. Kjötmatsformaður hafi ekki ákveðið starfs-

svæði, enda skal hann hafa yfirumsjón með þeim atriðum í lögum þessum, er snerta verksvið yfirkjötmatsmanna, og samræma mat og flokkun á kjöti og innyflum af sláturfénaði, samkvæmt reglugerðum, sem settar eru um þau efni í samræmi við 8. gr. laga þessara, á landinu öllu. Einnig skal hann, eftir því sem við verður komið, gera athugun á kjöti og öðrum sláturafurðum, sem fluttar eru á erlendan markað og til helztu sölustaða innanlands, og framkvæma yfirmat á þeim, ef þurfa þykir.

Kjötmatsformaður og yfirkjötmatsmenn skulu hafa góða þekkingu á kjöti og öðrum sláturafurðum og mikla reynslu í öllu því, er lýtur að meðferð og mati sláturafurða.

Ráðherra setur yfirkjötmatsmönnum starfsreglur og ákveður umdæmi þeirra og launakjör.

Ferðakostnað í þágu yfirmatsins skulu þeir fá greiddan samkvæmt reikningi, sem ráðuneytið úrskurðar.

Annan kostnað, sem af yfirmatinu leiðir, skal greiða úr ríkissjóði.

Nd. 410. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Ed., 29. marz.)

1. gr.

Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél“ í 2. gr. laganna orðist svo:

Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.

2. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.

3. gr.

Í stað „reiðhjóls með hjálparvél“ í 1. mgr. 11. gr. komi: létts bifhjóls.

4. gr.

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini. Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskírteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðarstjórapróf.

5. gr.

Í stað „reiðhjóli með hjálparvél“ í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjóli.

6. gr.

Í stað „reiðhjóla með hjálparvél“ í 5. mgr. 28. gr. komi: léttra bifhjóla.

7. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.

8. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél“ í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.

9. gr.

5. og 6. mgr. 81. gr. orðist svo:

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. júní 1966.

Ed. 411. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og kvatt á sinn fund fulltrúa tollskrárnefndar til þess að fá skýringar á einstökum atriðum þess.

Mælir nefndin með því, að það verði samþykkt með breytingum, er n. flytur till. um á sérstöku þingskjali. Einstakir nm. áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja frekari brtt. Fáein erindi, er nefndinni hafa borizt, mun hún taka til nánari athugunar fyrir 3. umr.

Alþingi, 29. marz 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Helgi Bergs, með fyrirvara.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara.	Björn Jónsson.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
	Sveinn Guðmundsson.	

Ed. 412. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Helga Bergs og Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr.

1. Á eftir 9. tölulið komi sex nýir liðir, er orðist svo:
   a. 44.03 Undirliður breytist.
      20 Í stað „35%“ komi: 20%.

b. 44.04 Undirliður breytist.
10 Í stað „35%“ komi: 20%.
c. 44.05 Undirliður breytist.
19 Í stað „35%“ komi: 20%.
d. 44.13 Undirliður breytist.
19 Í stað „35%“ komi: 20%.
e. 44.14.00 Í stað „35%“ komi: 20%.
f. 44.15.00 Í stað „35%“ komi: 20%.

2. Við 21. tölulið.
73.10.21 Í stað „35%“ komi: 20%.

Nd. 413. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd Nd. hefur haft mál þetta til meðferðar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt þess, en BFB flytur brtt. þess efnis, að heimild 1. gr. frv. öðlist því aðeins lagagildi, að á undan gangi þjóðaratkvæðagreiðsla. Skúli Guðmundsson vill, að frv. verði fellt. Ragnar Arnalds var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 29. marz 1966.

Matthías Bjarnason, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Pétur Sigurðsson, frsm.
Óskar E. Levy. Björn Fr. Björnsson.

Ed. 414. Breytingartillaga [118. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 25/1943, um breyt. á l. nr. 16/1939, um breyt. á l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Fyrirsögn frv. orðist svo:
Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Nd. 415. Breytingartillögur [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Birni Fr. Björnssyni.

1. Við 1. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
Ríkisstjórninni er þó heimilt, að undangenginni þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. bráðabirgðaákvæði þessara laga, að leyfa tilbúning öls til sölu innanlands og til útflutnings, sem hefur inni að halda allt að 4½% af vínanda að rúmmáli.
2. Á eftir 2. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða:

Ríkisstjórninni er skylt að láta á árinu 1966 fram fara þjóðaratkvæðagreiðslu meðal alþingiskjósenda um, hvort þeir vilji leyfa tilbúning og sölu áfengs öls samkv. því, sem segir í 1. gr.

Ef meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, er samþykkur, öðlast heimild 1. gr. gildi. Við þjóðaratkvæðagreiðsluna skal fara eftir lögum um kosningar til Alþingis, eftir því sem við á.

Nd. 416. Frumvarp til laga [20. mál]

um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 29. marz.)

1. gr.

Eigi er heimilt frekar en leyft er í lögum þessum að stofna til fjárskuldbindinga í íslenzkum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis, að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við breytingar á vísitölum, vöruverði, gengi erlends gjaldeyris, verðmæti gulls, silfurs eða annars verðmælis.

Ákvæði í fjárskuldbindingum, sem brjóta í bága við ákvæði 1. málsgreinar, eru ógild.

Ákvæði 1. og 2. málsgreinar eiga þó ekki við þær lögmætu fjárskuldbindingar, sem innlendir aðilar taka á sig gagnvart aðilum búsettum erlendis.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er þeim, sem endurlánar erlent lánsfé, heimilt að áskilja, að hið innlenda lán ásamt vöxtum endurgreiðist miðað við sama gengi og gildir um endurgreiðslu hins erlenda láns.

Sé hið erlenda lánsfé, sem þannig hefur verið endurlánað innan lands, endurgreitt fyrr eða á styttri tíma en innlenda lánið, er óheimilt að innheimta hið síðara eða vexti af því, miðað við hærra gengi en gilti, þegar erlenda lánið var greitt.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal hafa umsjón með framkvæmd laga þessara. Veitir hann heimildir til verðtryggingar, nema hún sé heimiluð sérstaklega í lögum. Umsóknir um heimildir til verðtryggingar skulu sendar bankaeftirliti Seðlabankans.

4. gr.

Almenn skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum skulu vera þessi:

a) Verðtrygging skal yfirleitt miðuð við vísitölu framfærslukostnaðar, eins og hún er reiknuð á hverjum tíma. Seðlabankanum skal þó heimilt að leyfa, að verðtrygging sé miðuð við aðra vísitölu eða við breytingar tiltekins vöruverðs, enda sé sú viðmiðun betri mælikvarði á greiðslugetu þess aðila, sem tekst á hendur verðtryggða skuldbindingu. Sé ekki um opinbera, skráða vísitölu eða verðlag að ræða, skal Seðlabankinn, í samráði við Hagstofu Íslands, setja sérstakar reglur um þann verðtryggingargrundvöll, sem miðað sé við.

b) Verðtrygging skal fyrst og fremst heimiluð í fjárskuldbindingum, sem eru tengdar öflun fasteigna eða annarra fjármuna, sem ætla má að hækki í verði með almennum verðlagsbreytingum. Skulu verðtryggð lán ætíð vera tryggð með veði í slíkum eignum eða öðrum verðtryggðum kröfum.

c) Fjárskuldbindingin skal vera gerð til eigi skemmri tíma en þriggja ára, og er þá miðað við greiðslu í einu lagi eftir á. Sé samið svo um, að greiðslur hefjist áður en þrjú ár eru liðin, skal fjárskuldbindingin vera gerð til lengri tíma, eða sem því nemur, að hún standi eigi skemur en þrjú ár að meðaltali. Þannig sé lán með jöfnum árlegum afborgunum skemmst til 5 ára. Skal ekki miðað við samningstíma, heldur þann tíma, sem skuldbindingin raunverulega stendur, nema hún sé eindöguð innan samningstímans vegna verulegra vanefnda. Reikna skal lánstíma frá því að lán var útborgað og þar til það er endurgreitt, en greiðslufrest kaupsamnings frá afhendingu hins selda.
d) Eigi má reka peningaviðskipti með þeim hætti að endurlána með verðtryggingu fé, sem fengið er með öðrum kjörum. Sé um endurlán að ræða, skal það vera meginregla, að verðtryggingarákvæðin standist á í báðum samningunum.
e) Verðtryggðar kröfur og skuldbindingar skulu ætíð skráðar á nafn.

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurlán erlends fjár samkv. 2. gr.

5. gr.

Seðlabankinn getur heimilað bönkum og öðrum innlánsstofnunum að taka á móti innstæðum gegn verðtryggingu og lána út samsvarandi fé, auk jafnvirðis eigin fjár, með vaxtatryggingu. Er Seðlabankinn ekki bundinn af ákvæðum 4. gr. c. við veitingu slíkrar heimildar, þegar um innstæðufé við innlánsstofnanir er að ræða.

Verði notkun verðtryggðra innlánsreikninga veruleg við banka og aðrar innlánsstofnanir, getur Seðlabankinn, ef nauðsyn krefur, einnig heimilað þessum stofnunum að veita lán með verðtryggingu til skemmri tíma en segir í 4. gr. c., enda séu slík lán eigi verðtryggð nema allt að 50% höfuðstóls og vaxta.

Ákvarðanir samkvæmt þessari grein ber Seðlabankanum að tilkynna opinberlega á sama hátt og vaxtaákvarðanir, sbr. 13. gr. laga nr. 10 1961.

Viðskiptamálaráðherra skipar nefnd, er í skulu sitja fulltrúar viðskiptabankanna, og skal Seðlabankinn hafa samráð við hana við notkun þeirra heimilda, er í grein þessari felast honum til handa.

6. gr.

Opinberar fjárfestingalánastofnanir, sem stofnaðar eru með lögum, skulu hafa heimild til að veita verðtryggð lán af eigin fé sínu og endurlána verðtryggt fé. Lánskjör slíkra lána skulu ákveðin af stjórn stofnunarinnar að fengnu samþykki ráðherra þess, sem stofnunin heyrir undir, svo og Seðlabankans.

7. gr.

Viðurkenndum lífeyrissjóðum skal heimilt að ávaxta sjóði sína í verðtryggðum lánum, tryggðum með veði í íbúðarhúsum og með sömu kjörum og íbúðalán Húsnæðismálastofnunar ríkisins við veðdeild Landsbankans eru á hverjum tíma. Önnur verðtryggð lán lífeyrissjóða eru því aðeins heimil, að samþykki Seðlabankans komi til.

Seðlabankinn getur heimilað líftryggingarfélögum að veita lán með verðtryggingu, enda njóti eigendur líftryggingarsamninga alls hags af þeim verðbótum, sem um kann að verða að ræða.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um grundvöll og/eða útreikning verðtryggingar og getur þá hver málsaðili vísað honum til þriggja manna nefndar, en hún fellir fullnaðarúrskurð í málinu. Ef breyting verður gerð á grundvelli einhverrar vísitölu, sem leyfð hefur verið í verðtryggðum samningum, skal nefndin fella úrskurð um það, hvernig umreikna skuli milli hinna tveggja vísitölugrundvalla. Hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar, en auk hans tilnefnir Hæstiréttur mann í nefndina og Seðlabankinn annan.

9. gr.

Verðtryggingarákvæði í fjárskuldbindingum öðrum en innlánum, sbr. 5. gr., eru því aðeins gild, að viðeigandi skjöl séu skráð við hlutaðeigandi embætti, sem annast þinglýsingar. Á þetta einnig við skuldaskjöl vegna endurlánaðs fjár skv. 4. gr. d., ef ný skjöl eru útgefin vegna endurlánsins. Skrásetning skal fara fram innan tveggja mánaða frá útgáfu skjals og gegn þóknun, sem ráðherra ákveður. Hlutaðeigandi embættismaður staðfestir með áritun á samning eða skuldbindingu, að skrásetning hafi farið fram. Hann heldur sérstaka skrá um öll árituð skjöl. Hann skal einnig sjá um, að verðtryggingar sé getið í veðbókarvottorðum, ef slíkri kvöð hefur verið þinglýst á eign.

10. gr.

Almennar heimildir til verðtryggingar, svo og leiðbeiningar til embættismanna, sem annast skrásetningar samkv. 9. gr., skulu auglýstar í Lögbirtingablaðinu.

11. gr.

Seðlabankinn getur krafið hvern þann, er fengið hefur heimild til verðtryggingar, um skýrslur og gögn, sem hana varða. Sé slíkum skýrslum og gögnum eigi skilað innan tilsetts tíma, má beita dagsektum allt að 5000 krónum eftir ákvörðun ráðherra. Sá, sem gefur aðilum, sem annast framkvæmd þessara laga, rangar skýrslur, skal sæta refsingu samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum allt að 500 þúsund krónum. Ef miklar sakir eru eða brot ítrekað, má dæma sökunaut í varðhald eða fangelsi allt að 4 árum og svipta má hann atvinnurétti um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal og heimil vera.

Mál út af brotum á lögum þessum fara að hætti opinberra mála.

12. gr.

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

13. gr.

Við gildistöku þessara laga falla úr gildi öll fyrri lagaákvæði um verðtryggingu fjárskuldbindinga, svo og önnur ákvæði, sem fara í bága við lög þessi. Þegar áunnin réttindi og skyldur samkv. fyrri lögum skulu þó halda gildi sínu.

Haldast skulu ákvæði eftirtalinna laga:

Lög nr. 17/1953, 10. gr., um Framkvæmdabanka Íslands.

Lög nr. 17/1961, 2. gr., um breyting á lögum nr. 40 16. maí 1955, um Fiskveiðasjóð Íslands.

Lög nr. 10/1964, 3. gr., um Seðlabanka Íslands.

Lög nr. 59/1964, 2. gr., um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka innlent lán, með áorðnum breytingum í lögum nr. 23/1965.

Lög nr. 19/1965, 5. og 10. gr., um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 417. Nefndarálit [107. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 5 7. marz 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1966.

Guðl. Gíslason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr.
Óskar Jónsson.
Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson.
Axel Jónsson.
Jón Skaftason.

Nd. 418. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. marz 1966.

Guðl. Gíslason, form., frsm.
Birgir Finnsson, fundaskr., með fyrirvara.
Óskar Jónsson.
Matthías Bjarnason.
Hannibal Valdimarsson.
Axel Jónsson.
Jón Skaftason.

Ed. 419. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á eftir 18. tölul. 1. gr. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
   61.04 Hér komi nýtt númer, þannig:
   02 Bleiur 70%
2. Aftan við 2. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   46 Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.

Sþ. 420. Þingsályktun [66. mál]

um stofnun garðyrkjuskóla á Akureyri eða í grennd.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 78.

Ed. 421. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Flm.: Jón Þorsteinsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Jónsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi svofellt bráðabirgðaákvæði:

Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir bann 2. mgr. 3. gr. laga þessara að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum í íslenzkum höfnum á tímabilinu 1. júní 1966 til 31. maí 1967. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, eftir því sem hagkvæmt þykir. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er fram borið í samræmi við óskir, sem borizt hafa frá hinum hráefnasnauðu stöðum norðanlands. Að tilhlutan Síldarsaltendafélags Siglufjarðar og stjórnar Síldarverksmiðjunnar Rauðku var samið lagafrumvarp um þetta efni, sem bæjarstjórn Siglufjarðar hefur eindregið mælt með. Frumvarp það, sem hér er flutt, gengur í svipaða átt, en þó heldur skemmra.

Flutningsmenn þessa frumvarps eru einnig meðflutningsmenn að þingsályktunartillögu um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum, sem lögð hefur verið fram í sameinuðu þingi. Vegna hinnar brýnu nauðsynjar á hráefnisöflun telja flutningsmenn frumvarps þessa mikla þörf á að veita vinnslu- og verkunarstöðvum nú þegar til bráðabirgða takmarkaða heimild til að kaupa hráefni af erlendum veiðiskipum, jafnframt því sem mál þetta í heild verði athugað og frambúðarlausn fundin í samræmi við áðurgreinda þingsályktunartillögu.

Með frumvarpi því um breytingar á lögum um rétt til fiskveiða í landhelgi, sem Síldarsaltendafélag Siglufjarðar og stjórn Síldarverksmiðjunnar Rauðku létu semja, fylgdi sérstök greinargerð, þar sem undirstöðuatriðum þessa máls eru gerð glögg skil. Fer sú greinargerð orðrétt hér á eftir:

„Meðan Íslendingar voru að byggja upp útgerð sína og fiskiflota, var eðlilegt, að þeir óttuðust samkeppni voldugra erlendra aðila, og þá sérstaklega, ef þeir höfðu aðstöðu hér á landi til jafns við Íslendinga sjálfa. Var því bæði rétt og sjálfsögð sú stefna, sem fylgt hefur verið til þessa, að meina útlendingum löndun fisks í íslenzkum höfnum. Á þessum árum voru markaðir Íslendinga fyrir íslenzkar fiskafurðir mjög óstöðugir og einatt offramleiðsla á fiski.

Nú er þetta allt gjörbreytt. Íslendingar hafa komið sér upp glæsilegum fiskiskipaflota, og sjávarútvegurinn stendur í heild á traustum fótum. Munu fáar þjóðir

hafa sterkari samkeppnisaðstöðu í sjávarútvegi en Íslendingar. Markaðir fyrir fiskafurðir virðast óþrjótandi, og fer því fjarri, að Íslendingar hafi getað annað eftirspurn nú um alllangt skeið.

Þegar svona er komið, er einsætt, að bann við hráefniskaupum af erlendum veiðiskipum á sér engin skynsamleg rök. Það hefur til þessa verið talinn meiri gróðavegur að kaupa óunnið hráefni og fullvinna það heldur en að selja óunnið hráefni. Það er alkunna, að hinar vanþróuðu þjóðir eru yfirleitt hráefnisseljendur, en hinar auðugu iðnaðarþjóðir hráefniskaupendur. Hvers vegna skyldum við Íslendingar ekki nýta þau tækifæri, sem okkur gefast til kaupa á hráefni af útlendingum, og fullvinna til útflutnings? Almennt skoðað er breyting sú, sem í frumvarpinu felst, því sjálfsögð frá þjóðhagslegu sjónarmiði.

Hins vegar er því ekki að leyna, að sérstakar ástæður liggja til þess, að frumvarpið er nú flutt. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að mörg undanfarin ár hefur ríkt vandræðaástand í atvinnumálum margra sjávarplássa á Norðurlandi, vegna breytinga á göngum síldarinnar og fiskleysis almennt. Á þessum stöðum eru hins vegar dýr og afkastamikil mannvirki til fiskvinnslu og þar búsettur fjöldi fólks, sem er þrautþjálfað við vinnslu sjávarafla. Siglufjörður skal tekinn sem dæmi um þessi sjávarpláss. Á Siglufirði eru síldarverksmiðjur, sem afkasta 30—35 þúsund málum á sólarhring. Þar eru 22 síldarsöltunarstöðvar, sem með fullum afköstum geta saltað í 18 þúsund tunnur á sólarhring. Þar eru hraðfrystihús, sem hafa veruleg afköst, ef hráefni er nægilegt. Þar hefur að sjálfsögðu byggzt upp verzlun, iðnaður og alls konar þjónusta, sem bundin er við rekstur hinna stórvirku atvinnutækja. Fjárfesting í öllum þessum atvinnutækjum mun nema mörgum hundruðum milljóna króna. Á Siglufirði eru nú búsettir um 2500 manns, en íbúum fækkar smám saman, og standa hús manna einatt eftir auð og yfirgefin.

Svipaða sögu mætti segja um fleiri staði á Norðurlandi, en Siglufjörður er tekinn sem dæmi, þar sem hann er stærsta sjávarplássið. Færi nú svo, að síldin færi aftur að veiðast fyrir Norðurlandi eftir nokkur ár, þá væri illa farið og hlytist af stór skaði fyrir þjóðarbúið, ef norðlenzku sjávarplássin væru komin í auðn og engir möguleikar til að veita aflanum viðtöku.

Á þessu vandamáli Norðlendinga verður ekki ráðin bót með flutningi síldar af fjarlægum miðum, nema að litlu leyti. Nærtækt og sjálfsagt ráð við vandanum er að heimila að kaupa afla af erlendum veiðiskipum. Norðmenn og Færeyingar hafa látið í ljós áhuga á að landa afla á Íslandi og mundu jafnvel sætta sig við, að leyfi næði aðeins til hafna fjarri veiðisvæðum, einmitt þeirra hafna, sem Íslendingar vilja sízt sigla til með afla sinn.

Þá skal bent á enn eina hlið þessa máls. Vegna hins ört stækkandi fiskiskipaflota Íslendinga er vaxandi áhugi meðal útgerðarmanna og skipstjóra að stunda veiðar á fjarlægum miðum, þegar veiði er ekki hér við land, t. d. við strendur Noregs, og væri þeim þá mikið hagsmunamál að landa þar afla sínum. Augljóst er, að um þessi mál yrði að gera gagnkvæma samninga. Skal hér vakin athygli á viðtali hins kunna aflamanns, Eggerts Gíslasonar, við norska blaðið Fiskaren, er birtist í blaðinu 2. febrúar s. l., en þar segir Eggert, að gagnkvæmur samningur um landanir íslenzkra og norskra fiskiskipa sé brýn nauðsyn, og blaðið skýrir jafnframt frá því, að þessari hugmynd hafi verið mjög vel tekið af sjávarútvegsmálaráðuneytinu norska.

Forustumenn í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar hafa gert sér ljóst, að brýn þörf er, að tekin verði upp ný stefna í þessum málum. Á síðasta Fiskiþingi, sem haldið var í Reykjavík dagana 1.—12. febrúar 1966, var gerð svo hljóðandi ályktun:

„Fiskiþingið telur tímabært að losa, að meira eða minna leyti, um bann við kaupum á fersksíld og öðrum fiski af erlendum veiðiskipum, t. d. með gagnkvæmum samningum.“

Hvergi er í lögum beinlínis bannað að kaupa afla af erlendum fiskiskipum í íslenzkum höfnum, enda þótt lög um rétt til fiskveiða í landhelgi virðist hafa slíkt

bann að forsendu. Það er aftur á móti höfuðregla nú í dag, að innflutningur til landsins skuli vera frjáls, sbr. lög um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, nr. 30/1960, og verður eigi annað séð en að innflutningur á fiski sé frjáls. En frumvarpi þessu er ætlað að taka af allan vafa í þessu efni og jafnframt að koma á þessi mál skynsamlegri skipan, þeirri, að sjávarútvegsmálaráðherra sé fengið vald til að ákveða um fiskkaup af útlendingum í íslenzkum höfnum. Er einsætt, að sú aðferð er skynsamlegri heldur en hin, að rígbinda þessi mál með lögum. Að sjálfsögðu mun ráðherra setja þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem hann telur þurfa við, svo sem að hlýtt verði reglum um verðlag o. fl. Yfirleitt sýnist heppilegt, að heimild ráðherra sé sem allra rýmst, og eru ekki á hann lagðar aðrar hömlur en þær, að leyfi megi ekki veita til lengri tíma en 2 ára í senn, en slík takmörkun er að sjálfsögðu nauðsynleg. Má vera, að réttara væri að takmarka leyfi við aðeins eitt ár.

Þess er að vænta, að frumvarp þetta verði afgreitt sem lög af þingi því, er nú situr.

Nd. 422. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er lagt til að veita ríkisstjórninni heimild til að leyfa tilbúning á áfengu öli, m. a. til sölu innanlands.

Undirritaður er andvígur því, að slík heimild verði veitt, m. a. af þeim ástæðum, er nefndar verða hér á eftir.

Lítill vafi er á því, að verði leyft að selja hér áfengt öl, mun drykkjumönnum fjölga og áfengisneyzlan aukast. Vínd rykkja er nú mikil hér á landi og hefur farið vaxandi. Það verður að teljast mjög misráðið að gera ráðstafanir til að auka áfengisnotkunina og þau vandræði, sem henni fylgja. Fremur ættu menn að leita ráða til að draga úr neyzlu áfengra drykkja og, ef mögulegt væri, afnema hana með öllu.

Mikil hætta er á því, að ungt fólk freistist til þess að drekka áfengt öl, ef það er fáanlegt, og leið margra liggi þaðan til hinna sterkari drykkja.

Trúlegt er, að áfenga ölið yrði nokkuð algengur svaladrykkur fólks á vinnustöðum. Afleiðingar þess yrðu minni vinnuafköst og aukin slysahætta.

Flutningsmenn og meðmælendur frumvarpsins gera enga tilraun til að sýna fram á, að þörf sé fyrir þá lagabreytingu, sem stefnt er að með frumvarpinu. Þess er heldur ekki að vænta, því að enginn getur bent á, að samþykkt frv. mundi verða til heilla fyrir nokkurn mann. Lögfesting þeirra ákvæða, sem það hefur að geyma, mundi hins vegar verða fjölda manna til tjóns og auka þann ófarnað í þjóðfélaginu, sem áfengið veldur nú þegar.

Ferðamálaráð og Samband veitinga- og gistihúsaeigenda sendu allsherjarnefnd meðmæli með frumvarpinu. En þeir aðilar, sem taldir eru hér á eftir, hafa sent Alþingi mótmæli gegn frumvarpinu og áskoranir um að fella það:

Áfengisvarnaráð.
Stórstúka Íslands.
Stúkan Harpa, nr. 59, Bolungarvík.
Stjórn Kvenfélagasambands Íslands.
Stúkan Ísafold—Fjallkonan nr. 1, Akureyri.
Stúkan í Stykkishólmi.
Áfengisvarnanefnd Stykkishólms.
Stúkan Daníelsher nr. 4, Hafnarfirði.

Fulltrúaráð bandalags kvenna, Reykjavík.
Aðalfundur Mæðrafélagsins, Reykjavík.
Kvenfélag Langholtssafnaðar, Reykjavík.
Aðalfundur áfengisvarnanefndar kvenna í Reykjavík og Hafnarfirði.
Hjálpræðisherinn á Íslandi.
Fulltrúaráð verkalýðsfélaganna, Akureyri.
Stúkan Minerva nr. 172, Reykjavík.
Þingstúka Reykjavíkur.
Aðalfundur Kvenréttindafélags Íslands.
Framkvæmdanefnd Umdæmisstúkunnar nr. 1.
Stúkan Morgunstjarnan nr. 11, Hafnarfirði.
Verkakvennafélagið Framsókn, Reykjavík.
Aðalfundur Kvenfélags Hríseyjar.
Landssamband ísl. ungtemplara.
Aðalfundur Kvenfélags sósíalista, Reykjavík.
Stúkan Einingin nr. 14, Reykjavík.
Þing Héraðssambandsins Skarphéðins.
Aðalfundur Reykjavíkurdeildar Bindindisfélags ökumanna.
Stjórn Sambands breiðfirzkra kvenna.
Stjórn Náttúrulækningafélags Íslands.
Stúkan Framsókn nr. 187, Siglufirði.
Siglufjarðardeild bindindisfélags ökumanna.
Stykkishólmsdeild bindindisfélags ökumanna.

Fundur í fulltrúaráði Landssambandsins gegn áfengisbölinu, þar sem mættir voru fulltrúar frá 14 félögum og félagssamböndum, og var áskorun til Alþingis um að fella frv. samþykkt þar einróma.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 31. marz 1966.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 423. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um athugun á breyttri héraðsdómaskipan.

Flm: Björn Fr. Björnsson, Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa á árinu 1966 5 manna nefnd til þess að kanna, hvort eigi sé rétt að breyta héraðsdómaskipan í landinu með það fyrir augum m. a. að stækka verulega umdæmi dómstóla og dómendum verði yfirleitt eigi fengin önnur störf en þau, sem varða dómsmál.

Nefndin skal þannig skipuð, að hæstiréttur, lagadeild háskólans, Dómarafélag Íslands og Lögmannafélag Íslands tilnefni einn mann hver aðili. Ríkisstjórnin skipi fimmta manninn og sé hann formaður nefndarinnar.

Kostnaður til framkvæmd tillögunnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Í þjóðfélögum, sem búa við réttarfar bundið vestrænum réttarreglum og réttarvitund, þykir eigi fara vel saman, að dómendur hafi einnig á hendi umsvifamikil

umboðsstörf. Af þeirri sök hefur stefnan þar verið sú að draga sem mest úr hendi dómenda umboðsleg embættisstörf og búa þannig að dómstólum, að þeir hafi sem óháðasta og traustasta aðstöðu við úrlausn dómsmála.

Enginn vafi sýnist leika á því, að tími sé til þess kominn að íhuga, hvort ekki sé rétt, að hér á landi einnig verði þessari stefnu haldið fram og unnið að því að færa héraðsdómaskipan okkar til þess vegar, að dómendur hafi eigi á hendi umboðsstörf nema þá að óverulegu leyti.

Þegar hinu forna bæjarfógetaembætti Reykjavíkur var skipt árið 1917, var skipting starfa þess m. a. á þá leið að skilja dómsstörf frá umboðsstörfum, og enn frekar við síðari breytingar á dómaskipan þar. Var hið gamla embætti orðið ærið annasamt og breyting talin mjög aðkallandi. Um mörg bæjarfógeta- og sýslumannsembætti mun mega segja að líku gegni í dag.

Því er af ýmsum haldið fram, að hin ólíku, en margþættu störf dómenda veiki fremur traust það, sem öllum ber saman um að dómstólar þurfi að búa við af almennings hálfu. Það valdi einnig dómendum ýmsum vandkvæðum oft á tíðum að sinna, svo sem þeir bezt vildu, hinum mikilvægasta og viðkvæmasta hluta starfans, meðferð og afgreiðslu dómsmála. Hin daglega önn í fjárhagsmálefnum embættanna og öðrum umboðsstörfum hlýtur vissulega að gera erfitt um vik. Þess ber þó að geta og leggja áherzlu á, að ekki er um að efast, enda fullvíst, að dómsmál hafi að jafnaði farið vel úr hendi þessum embættismönnum. En það verður ekki þakkað eðlilegri eða hentugri aðstöðu, síður en svo, heldur dómendum sjálfum, sem hafa verið sér meðvitandi um ábyrgðarmikið starf og unnið það af fullri kostgæfni og beztu þekkingu.

Hin vandasama undirbúningsvinna, sem meðferð dómsmála krefst, er alloft, e. t. v. oftast, unnin, þegar venjulegum starfstíma er lokið. Dómendum, sem eigi hafa að staðaldri til meðferðar dómsmál, hlýtur ætíð að vera vandi á höndum, þegar meiri háttar mál ber að. Kennir þá auðvitað skorts á æfingu í dómsstörfum og nauðsynlegu tómi til lesturs fræðibóka og annarrar athugunar um málsefni. Hér þarf mikillar sérhæfingar við. Þessu munu dómendur sjálfir kunnugastir og gerst vita.

Hin margvíslegu umboðsstarfaumsvif embættanna leiða að sjálfsögðu til hvers konar viðskipta við íbúa umdæmisins, sem lítt kunna að samrýmast skiptum dómanda við sömu aðila síðar í dómsmáli. Margir líta svo á, að dómendur eigi að vera utan við átök og erjur stjórnmála og félagsmálastarfs yfirleitt. Það sé bæði embætti og málsaðilum fyrir beztu. Að vísu verður það engan veginn talið, að slíkt hafi komið að sök. En þó mætti e. t. v. segja, að mörgum dómanda, sem staðið hefur frammi í félagsmálabaráttu, hafi það eigi allténd verið leikur einn að sigla milli skers og báru. Hefur þá mestu varðað, að dómendur hafa verið þeim kostum búnir yfirleitt, að til góðs hefur leitt án árekstra.

Í stjórnarskrá okkar er í 34. gr. ákvæði þess efnis, að þeir dómendur, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi, séu ekki kjörgengir við alþingiskosningar. Dómendur í hæstarétti munu vera einir dómenda, sem falla undir þetta ákvæði stjórnarskrárinnar.

Sú leið, sem ætla mætti að fara bæri, ef í þá stefnu yrði haldið, sem hér er vikið að, er sú að stækka umdæmi dómstóla að miklum mun.

Við flm. till. teljum, að með slíkri breytingu, vandlega athugaðri með hliðsjón af aðstöðu, mætti enn auka á réttaröryggi og dómsmálaþjónusta yrði fullkomnari og traustari á ýmsa lund. Mætti þá jafnframt gera gangskör að því að búa á allan hátt sem bezt að embættum dómenda og meir við hæfi dómsvaldsins, sem vissulega er einn mikilvægasti þáttur ríkisvaldsins og ætti jafnan að vera sem óháðast öðrum greinum þess.

Hér hefur í stórum dráttum, að dómi okkar flm., verið hreyft mikilsverðu málefni, sem ber að veita verðskuldaða athygli. Hitt er á að líta, að sinn tíma hlýtur að taka að virða hin fjölmörgu atriði, sem til greina koma, svo að vinna megi sem bezt að og affarasælli lausn náð.

Verði breytingar talin þörf, ber að vanda, svo sem auðið er, til hennar og gæta þess vel, að hagsmunum þjóðfélagsins og réttarskipan verði sem tryggilegast borgið.

Fyrir því leggjum við flm. til á þessu stigi, að hinum færustu mönnum verði fenginn sá vandi til úrlausnar að segja rökstutt álit sitt um það, hvort breyta skuli um stefnu í þessum efnum, og síðan, ef sú verður skoðun þeirra, hverjar leiðir í skipan dómsmála þættu eðlilegastar og hagkvæmastar.

Nd. 424. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óheinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum. Hefur nefndin fengið þær upplýsingar hjá ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, varðandi 5. gr. frv., þar sem heimilað er að auglýsa gildistöku síðari breytinga á umræddri alþjóðasamþykkt í C-deild Stjórnartíðinda, að sú heimild verði eingöngu notuð, þegar um sé að ræða minni háttar breytingar, sem varði ekki beinlínis hagsmuni Íslands. Að fengnum þessum upplýsingum mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins. — Einn nm., Sverrir Júlíusson, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 31. marz 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
Guðlaugur Gíslason.	Gísli Guðmundsson.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 425. Nefndarálit [61. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 14. apríl 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og er sammála um, að setja beri ákveðnar reglur í þá átt, sem frumvarpið greinir. Hins vegar er meiri hluti nefndarinnar eigi reiðubúinn að afgreiða málið, eins og það liggur fyrir, en telur rétt, að kannað verði nánar, hver séu lagaákvæði eða venja með nágrannaþjóðum okkar í þessu efni. Nefndinni þykir, eins og á stendur, rétt að leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar í trausti þess, að hún láti fara fram frekari athugun málsins og leggi það fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 31. marz 1966.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.	
Pétur Sigurðsson.	Óskar E. Levy.	Björn Fr. Björnsson.	Ragnar Arnalds.

Nd. 426. Nefndarálit [145. mál]

um frv. til l. um Lánasjóð sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Þrír nefndarmenn, þeir JSk, ÓskJ og HV, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., ef fram koma.

Alþingi, 31. marz 1966.

Guðlaugur Gíslason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Óskar Jónsson.	Axel Jónsson.
Jón Skaftason.	Matthías Bjarnason.	Hannibal Valdimarsson.	

Nd. 427. Lög [103. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litla-Gerði í Grýtubakkahreppi.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 223.

Nd. 428. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. marz.)

1. gr.

1. málsgr. 37. gr. laganna orðist svo:

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti: 1. Í guðfræðideild 4, 2. í læknadeild 13, 3. í lagadeild 5, 4. í viðskiptadeild 3, 5. í heimspekideild 13, og er eitt þeirra embætti forstöðumanns Handritastofnunar Íslands, sbr. lög nr. 36 18. apríl 1962, 6. gr., 6. í verkfræðideild 5.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands, 1. gr., lög nr. 51 27. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 51 11. júní 1960, um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands, og lög nr. 72 31. des. 1964, um breyting á lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Ed. 429. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

(Eftir 2. umr. í Ed., 31. marz.)

1. gr.

Fyrir orðið „skipstjórapróf“ í 1. gr. laganna komi: próf skipstjóra.

2. gr.

Í stað orðanna „tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf“ í 2. gr. laganna komi: eins og tveggja ára deild fyrir fiskimannapróf.

3. gr.

Á eftir orðinu „eðlisfræði“ í 3. gr. komi: rafmagnsfræði. Á eftir orðinu „íþróttir“ komi: einkum sund.

4. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Í skólanum skulu vera þessi fullnaðarpróf: Fiskimannapróf 2. stigs, farmannapróf 3. stigs og próf skipstjóra á varðskipum ríkisins.

5. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, sem verður 5. gr., og greinatala laganna breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Til fiskimannaprófs 1. stigs og farmannaprófs 1. stigs útheimtist:

I. Stærðfræði (skrifleg):
   1. Í reikningi: Kunnátta í fræðinni um heilar tölur, jákvæðar og neikvæðar, almenn brot, þríliðureikning, einfaldan prósentureikning, veldi og rót, notkun logaritma.
   2. Í flatarmálsfræði: Beinar línur, horn, þríhyrningar, ferhyrningar, hringurinn, flatarmál þríhyrnings, rétthyrnings og hrings.
   3. Þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar og á útreikningi flatra, rétthyrndra þríhyrninga samkvæmt henni.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
   1. Þekking á jarðhnettinum, lögun hans og stærð, bauganeti hans, breidd og lengd; kompáslínur og kompásstrik.
   2. Þekking á kompásnum og notkun hans, á misvísun og halla (inklination), segulskekkju og hvernig hún er fundin með jarðlægum athugunum, á segulskekkjutöflum og stýristöflum.
   3. Þekking á sjókortum, innihaldi þeirra og notkun.
   4. Þekking á miðunartækjum, vegmælum og djúpmælitækjum; þekking á leiðarreikningi, drift og straumi; að setja stefnu skipsins og að finna stað skipsins í sjókortinu.
   5. Þekking á dagbókarhaldi; kunna að finna, hvenær flóð verður og fjara.
   6. Þekking á sextanti og notkun hans.
   7. Þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg, skrifleg og verkleg):
   1. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum, á bjargtækjum og notkun þeirra.
   2. Þekking á hirðingu og meðferð á skipum, reiða og seglum, undirstöðuþekking á stöðugleika skipa; talíureikningur, almennar skipamælingar.

3. Að kunna algengustu hnúta, samsetning kaðla og vira, netaviðgerð og seglasaum.

Auk þess er nemendum skylt að hlýða á fyrirlestra um fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

IV. Íslenzka (skrifleg og munnleg):

Að læra íslenzka réttritun og undirstöðuatriði íslenzkrar málfræði, einkum þau atriði, er stuðla að stafsetningarkunnáttu. Að hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Efnið skal valið þannig, að nemendur læri sem flest orð og orðatiltæki, er að sjómennsku lúta. Nemendur skulu kunna nokkurn veginn lögskipaða réttritun og geta samið stutta ritgerð um einfalt efni, þannig að orðfæri sé sæmilegt og lesmerki rétt sett.

V. Danska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VI. Enska (munnleg):

Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 75 bls. í 8 bl. broti í lausu máli.

VII. Sjóréttur (skriflegur):

Að þekkja helztu lagaákvæði, er varða rétt og skyldur skipstjórnarmanna.

VIII. Heilsufræði (munnleg):

Að hafa fengið yfirlit yfir það helzta, er stendur í lækningabókum sjómanna, og sé einkum lögð áherzla á þessi atriði:

1. Hjálp í viðlögum við slysfarir og algengustu kvilla.
2. Sóttvarnarreglur, sem skipum er skylt að hlýða.
3. Almennar heilbrigðis- og þrifnaðarreglur í skipum.

6. gr.

5. gr. laganna, sem verður 6. gr., orðist þannig:

Til fiskimannaprófs 2. stigs útheimtist hið sama og til fiskimannaprófs 1. stigs og enn fremur:

I. Stærðfræði (skrifleg):

1. Í flatarmálsfræði: Marghyrningar, sporbaugur, rétthyrndur þríhyrningur, einslaga og samfalla þríhyrningar, uppdrættir og útreikningur flatarmáls einföldustu flata.
2. Í þríhyrningafræði: Sinus-regla um flata þríhyrninga.
3. Í rúmfræði: Útreikningur rúmtaks ferstrendings og sívalnings.

II. Siglingafræði (skrifleg og munnleg):

1. Fyllri þekking á segulskekkju kompássins, kunna að finna segulskekkju með viks-athugun sólar, skyn á kompás-leiðréttingum.
2. Þekking á samdrætti og kunna að reikna stefnu og vegalengd milli tveggja staða með vaxandi breiddarmun og lengdarmun.
3. Þekking á leiðarbókarhaldi.
4. Þekking á himinhvolfinu og daglegri hreyfingu þess, á bauganetum þess, á að ákveða afstöðu himinhnatta, þekking á sólinni og hreyfingu hennar. Þekking á mælingu tímans og skiptingu hans. Kunna að finna ristíma og hvarftíma sólar.
5. Þekking á hæðarleiðréttingum sólar og að kunna að finna breiddina með athugun sólar í hádegisbaug.
6. Kunna að finna staðarlínu fyrir skipið og segulskekkju kompássins með hæðaraðferðinni.
7. Fyllri þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru um borð í fiskiskipum.

III. Sjómennska (munnleg og skrifleg):
1. Þekking á notkun alþjóða-merkjabókar og þekking á ljós- og hljóð-morsemerkjum eftir Morse-stafrófi.
2. Skipamælingar og fyllri þekking á stöðugleika skipa. Áhrif skrúfu og stýris.

IV. Íslenzka (munnleg og skrifleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Fyllri málfræðiþekking og helztu atriði setningafræðinnar.

V. Danska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, geta talað dönsku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.

VI. Enska (munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti, einkum um sjómennsku, geta talað ensku nokkuð og kunna helztu málfræðiatriði.

VII. Sjóréttur (skriflegur):
Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs.

VIII. Heilsufræði (munnleg):
Fyllri þekking en til fiskimannaprófs 1. stigs, einkum um næma sjúkdóma, samræðissjúkdóma og varnir gegn þeim.

IX. Vélfræði (munnleg):
Einföldustu atriði mótorfræðinnar ásamt yfirliti yfir algengustu vélar, notkun þeirra, umhirðu og eldsneyti.

X. Bókhald:
Að kunna það bókhald, er staðan útheimtir.

XI. Nemendum er skylt að hlýða á fyrirlestra um veðurfræði.

7. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verður 7. gr., og greinatala breytist því til samræmis, svo hljóðandi:

Til farmannaprófs 2. stigs útheimtist:

Stærðfræði (skrifleg):
Hið sama og krafizt er til fiskimannsprófs 2. stigs og enn fremur:
1. Í reikningi: Jöfnur með tveimur óþekktum stærðum.
2. Í flatarmálsfræði: Skyn á rétthyrndu koordinatkerfi.
3. Í þríhyrningafræði: Fyllri þekking á hornaföllunum og notkun þeirra. Útreikningar rétthyrndra kúluþríhyrninga.

Siglingafræði (skrifleg):
Að mestu hið sama og krafizt er til fiskimannaprófs 2. stigs og enn fremur: Kunna að finna stað skipsins með staðarlínum, byggðum á athugunum sólar, tungls fastastjörnu eða reikistjörnu. Fyllri þekking á himintunglum.
Þekking á notkun helztu raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.

Sjómennska (skrifleg og munnleg):
Hið sama og til farmannaprófs 1. stigs og enn fremur:
1. Stutt lýsing á byggingu skipa, rúmlestir, rúmmálsreikningur, djúprista og stöðugleiki. Viðhald skipa á sjó og landi.
2. Bátar og notkun þeirra. Tæki til fermingar og affermingar skipa. Meðferð farms og kjölfestu.
Öryggisráðstafanir og útreikningar við skipsströnd, árekstur, eldsvoða, sjóskaða o. fl. Einfaldur jafnvægisreikningur með tilliti til fermingar og affermingar skipa. Notkun taflna um styrkleika, aðallega þeirra hluta, sem notaðir eru við fermingu og affermingu skipa. Skyldur stýrimanns á verði.
3. Þekking á alþjóðlegum siglingareglum og neyðarbendingum og á bjargtækjum og notkun þeirra.

Eðlisfræði (skrifleg):
Þekking á eðlisfræðilegum eiginleikum hluta. Jafnvægi og hreyfing fastra, fljótandi og loftkenndra efna, þyngdarlögmál.
Samstilling og sundurliðun krafta. Eðlisþyngd. Dælur. Loftþyngdarmælar. Aðaldrættir hitafræðinnar. Einfaldar reglur um hljóðið og ljósið. Undirstöðuatriði rafmagnsfræðinnar til skilnings á byggingu raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.
Íslenzka (skrifleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum og geta skýrt það vel. Efnið skal valið þannig, að nemendur læri sem flest orðtök, er að sjómennsku lúta. Jafnframt skulu þeir hafa lært nokkurn veginn lögskipaða réttritun og helztu atriði íslenzkrar málfræði og setningafræði.
Danska (skrifleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum, einkum um líf og störf sjómanna. Helztu málfræðiatriði. Að geta gert léttan, danskan stíl.
Enska (skrifleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 150 bls. í 8 bl. broti, einkum um líf og störf sjómanna, skilja „Nautical Almanac"; geta gert létta, enska stíla.
Sjóréttur (skriflegur):
Sama þekking og til fiskimannaprófs 2. stigs.
Heilsufræði (munnleg):
Sama þekking og til fiskimannaprófs 2. stigs.
Vélfræði (munnleg):
Þekking á algengustu mótorvélum, einkum dísilvélum og gæzlu þeirra, ásamt hjálparvélum og eldsneytiseyðslu.

8. gr.

6. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist þannig:
Til farmannaprófs 3. stigs hið sama og til farmannaprófs 2. stigs og enn fremur:
Stærðfræði (skrifleg og munnleg):
Í rúmfræði: Afstaða beinnar línu til flatar og flata innbyrðis. Þekking prisma, strýtu, keilu, kúlu, sívalnings og á línum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Skyn á bogahornum og bogaþríhyrningum. Rúmtak prisma, strýtu, keilu, kúlu og sívalnings.
Siglingafræði (skrifleg og munnleg):
Fyllri þekking á segulskekkju kompássins. Kompásleiðréttingar. Þekking á stórbaugskortum og siglingu eftir stórbaug.
Fyllri þekking á notkun raf- og radíótækja, sem notuð eru við siglingar.
Sjómennska (skrifleg og munnleg):
1. Vatnsþéttar skiljur og tæmingartæki. Áhrif skrúfu og stýris. Helztu lagaákvæði um flokkun og skoðun skipa. Olíureikningar, áhrif vökva með frían yfirborði á stöðugleika. Hleðsluplön.
2. Þekking á notkun alþjóðamerkjabókar, hljóð- og ljósmorse.

Rafmagnsfræði (skrifleg):
Fyllri þekking í rafmagnsfræði en til farmannaprófs 2. stigs til skilnings á raf- og radíótækjum, sem notuð eru við siglingar.
Landafræði og veðurfræði (skrifleg):
Stutt yfirlit yfir landslag hinna helztu meginlanda. Helztu skipgengar ár og fljót. Heimshöfin og helztu siglingaleiðir.
Helztu verzlunarborgir.
Skyn á helztu loft- og sjávarmælitækjum. Skipting hitans á yfirborði jarðar. Vatnsgufa loftsins, ský og úrkoma. Veðurfregnir og veðurkort.

Rafmagn í gufuhvolfinu. Loftþrýstingur. Vindar og lögmál þeirra. Þekking helztu hafstrauma.
Íslenzka (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Fyllri þekking á íslenzkri málfræði og setningafræði en til farmannaprófs 2. stigs. Að geta samið vel og skilmerkilega skýrslur, er staðan útheimtir.
Danska (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Geta gert danska stíla.
Enska (skrifleg og munnleg):
Að hafa lesið og geta lagt út að minnsta kosti 200 bls. í 8 bl. broti í lausu máli og ljóðum. Geta gert enska stíla.
Sjóréttur (skriflegur):
Fyllri þekking en til farmannaprófs 2. stigs, einkum um farmbréf og farmskírteini. Farmsamningar.
Heilsufræði (munnleg):
Fyllri þekking en til farmannaprófs 2. stigs, einkum um hitabeltissjúkdóma og varnir gegn þeim.
Bókhald og viðskiptafræði (skrifleg):
Þau atriði, er farmenn skiptir mestu og staða þeirra heimtar.
Vélfræði (munnleg):
Þekking algengra eimvéla ásamt kötlum og hjálparvélum. Hestöfl, eldsneytiseyðsla og gæzla vélarinnar.

9. gr.

7. gr. laganna, sem verður 9. gr., orðist þannig:

Til skipstjóraprófs á varðskipum ríkisins er krafizt:

1. Að nemandi hafi lokið farmannaprófi 3. stigs og hlotið í meðaleinkunn að minnsta kosti ¾ hámarkseinkunnar. Undanþegnir þessu ákvæði eru þeir, sem fengið hafa réttindi sem skipstjórar á varðskipum ríkisins, þegar lög þessi öðlast gildi, enn fremur má veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef kennarar skólans mæla eindregið með því.
2. Stærðfræði:
   Fyllri þekking en til farmannaprófs 3. stigs í þríhyrningafræði, flatarmálsfræði og rúmfræði.
3. Siglingafræði:
   a. Mælistaðir og lega þeirra til staðarákvarðana. Grundvallaratriði sjómælinga og sjókortagerð.
   b Þekking á leiðréttingum horna, merkja og miðana á jörðunni til útsetninga í vaxandi kort.
   c. Þekking á leiðréttingum sextanthorna vegna hæðarmismunar mælistaðanna.
   d. Fyllri þekking á byggingu og notkun hinna elektronisku siglingatækja.
4. Alþjóðamerki:
   Leikni í notkun ljós- og hljóðmerkja og merkjaflagga. Dulmál.
5. Alþjóðaréttur:
   Helztu ákvæði alþjóðaréttar og milliríkjasamninga um landhelgi og úthaf. Íslenzka landhelgis- og fiskveiðigæzlu. Stjórnskipan og réttarfar. Skýrslugerðir. Tollmál.
6. Enska:
   Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en til farmannaprófs 3. stigs.
7. Sjómennska:
   Vinnustjórn, skipulag, bjarganir, brunavarnir, hjálp í viðlögum o. fl. Notkun ýmissa tækja varðskipa og gæzluflugvéla, starfsreglur, siðir og venjur.

8. Eðlisfræði:
   Fyllri þekking í almennri eðlisfræði (mekanik) og rafmagnsfræði en til farmannaprófs 3. stigs.
9. Vopn og verjur:
   Almenn þekking á skotvopnum, tundurduflum, sprengjum o. fl., notkun þeirra og vörnum gegn þeim.
10. Líkamsæfingar:
   Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

10. gr.

8. gr. laganna, sem verður 10. gr., orðist þannig:

Við burtfararpróf skal auk kennarans, sem prófar, vera einn prófdómari í hverri grein, og skipar ráðuneytið til þess sérfræðinga eftir föngum. Í fallgreinum skulu þó vera tveir prófdómarar.

Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

11. gr.

Í stað „1.—5. lið 11. gr.“ í 9. gr. laganna, sem verður 11. gr., komi: 1.—4. lið 13. gr.

12. gr.

10. gr. laganna, sem verður 12. gr., orðist þannig:

Þeir, sem staðizt hafa próf við stýrimannaskólann, skulu fá prófskírteini, er sýni aðaleinkunn þeirra og séreinkunnir.

Prófskírteinin við burtfararpróf skulu gefin út á íslenzku og að minnsta kosti einu stórþjóðarmáli.

13. gr.

5. tl. 11. gr. laganna, sem verður 13. gr., falli niður.

14. gr.

Í stað orðsins „fimm“ í 13. gr. laganna, sem verður 15. gr., komi: eigi færri en sex.

Í stað orðsins „fjórir“ í sömu mgr. sömu greinar komi: eigi færri en fimm.

15. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna, sem verður 16. gr., orðist þannig:

Til þess að verða fastur kennari í siglingafræði verður hlutaðeigandi að hafa lokið að minnsta kosti góðu farmannaprófi 3. stigs við skólann. Fastur kennari í stærðfræði og siglingafræði við farmannadeildina verður að hafa lokið prófi frá deildinni fyrir skipstjóra á varðskipum ríkisins, eða sambærilegu prófi.

16. gr.

17. gr. laganna, sem verður 19. gr., orðist þannig:

Námskeið, er veiti þá fræðslu, sem þarf til þess að öðlast skipstjórnarréttindi samkv. 4. gr. l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, og þá fræðslu, sem þarf til þess að ljúka fiskimannaprófi 1. stigs og jafnframt til að setjast í 2. bekk í fiskimannadeild stýrimannaskóla, skal samgöngumálaráðuneytið fela skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík að láta halda á eftirfarandi stöðum, þegar næg þátttaka er fyrir hendi: Á Ísafirði, Akureyri og í Neskaupstað.

Námskeiðin skulu haldin annað hvert ár á hverjum stað, en þó eigi nema á tveimur stöðum sama árið. Skulu þau standa yfir frá byrjun októbermánaðar til loka marzmánaðar. Heimilt er að hafa námskeiðin á öðrum stöðum en ofan greinir, að tilskildu samþykki samgöngumálaráðuneytisins.

Í reglugerð skal ákveðið nánar um þátttöku, inntökuskilyrði, kennslufyrirkomulag og próf við námskeiðin, en verkefni til fiskimannaprófs 1. stigs skulu

send frá stýrimannaskólanum í Reykjavík. Prófdómara skipar samgöngumálaráðuneytið samkvæmt tillögu skólastjóra stýrimannaskólans í Reykjavík.

Kostnaður við námskeiðin greiðist úr ríkissjóði.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði laga nr. 5/1955 gilda um þá, er hafa byrjað nám í skólanum, áður en lög þessi koma til framkvæmda.

18. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög um stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955, og gefa lögin út þannig breytt.

Ed. 430. Frumvarp til laga [118. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 31. marz.)

1. gr.

4. gr. laga nr. 68/1934 orðist þannig:

Útvarpsráð skipa sjö menn. Skulu þeir ásamt jafnmörgum varamönnum kosnir hlutfallskosningu á Alþingi á fyrsta þingi eftir hverjar alþingiskosningar. — Menntamálaráðherra skipar formann úr flokki hinna kosnu útvarpsráðsmanna.

Útvarpsráði skal heimilt að skipta með sér verkum við undirbúning útvarpsdagskrár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25/1943 og lög nr. 16/1939, um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Um leið og lög þessi öðlast gildi, skal kjósa í útvarpsráð samkv. þeim á þingi því, er nú situr, og fellur þá jafnframt niður umboð hinna fyrri útvarpsráðsmanna.

Nd. 431. Lög [30. mál]

um breyting á lögum nr. 19 frá 1887, um aðför.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 276.

Nd. 432. Lög [107. mál]

um breyting á lögum nr. 5 7. marz 1962, um sveitarstjórnarkosningar.

(Afgreidd frá Nd. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 227.

Ed. 433. Frumvarp til laga [176. mál]

um Atvinnujöfnunarsjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Atvinnujöfnunarsjóður. Hann er í eigu ríkisins, en í umsjá Landsbanka Íslands eftir því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnulífs og skilyrði fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að einstök byggðarlög fari í auðn.

2. gr.

Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs er:

a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkvæmt lögum nr. 40/1962.
b. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 150 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1966.
c. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 55 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árunum 1966—1969.
d. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, samkvæmt 4. gr. laga nr. 17/1953.

3. gr.

Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs eru:

a. Skattgjald álbræðslu við Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á, 9 fyrstu árin, til Hafnarfjarðarkaupstaðar, og 4.1%, er rennur til lðnlánasjóðs. Að 9 árum liðnum skal hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar af skattgreiðslunni lækka í 20%, en hlutur Atvinnujöfnunarsjóðs aukast að sama skapi.
b. Vextir.

4. gr.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skipa sjö menn, er Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 4 ára í senn. Varastjórn skal kosin á sama hátt og til jafnlangs tíma.

Stjórnin velur formann og varaformann úr sínum hópi.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs, og greiðist hún af fé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs tekur ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum. Styrki má eigi veita, nema allir stjórnarmenn séu á einu máli um styrkveitinguna. Samþykki allra stjórnarmanna þarf einnig til eftirgjafar eldri lána eða breytinga á lánsskilmálum.

Stjórnin ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

6. gr.

Efnahagsstofnunin skal vera stjórn sjóðsins til aðstoðar um gerð áætlana og undirbúning lánaákvarðana. Skal Efnahagsstofnunin m. a. láta fram fara skipu-

lagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðalaga eða landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styrkja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr.

Forgang skulu hafa lánveitingar til framkvæmda, sem liðir eru í áætlunum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt að styðja, sbr. næstu málsgrein hér á undan.

Stjórn sjóðsins skal, eftir því sem unnt er, hafa samstarf við aðrar fjárfestingalánastofnanir um þær framkvæmdir, sem hún veitir fé til.

Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef eigið fé sjóðsins nægir eigi, til viðbótar lánveitingum annarra stofnsjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana, samkvæmt þessari grein. Er sjóðnum jafnframt í þessu skyni heimilt að taka erlend lán allt að 300 millj. kr., hvort heldur er beint, og er þá heimilt að veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins. Lánsfé má sjóðstjórn eingöngu verja til framkvæmda, er örugglega tryggja endurgreiðslu lánsfjárins, nema um sé að ræða lánsfé með sérstökum kjörum frá Atvinnuleysistryggingasjóði, samkv. heimild í lögum þess sjóðs um lán til Atvinnubótasjóðs vegna lausnar sérstakra atvinnuvandamála. Er Atvinnujöfnunarsjóði heimilt að veita því fé móttöku með þeim kjörum, er um semst við Atvinnuleysistryggingasjóð.

7. gr.

Landsbanki Íslands hefur umsjá með Atvinnujöfnunarsjóði, sér um bókhald hans og daglegan rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn. Lausafé Atvinnujöfnunarsjóðs skal geymt á reikningi í Seðlabankanum.

Atvinnujöfnunarsjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Atvinnujöfnunarsjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Landsbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

8. gr.

Umsóknir um lán eða styrki úr Atvinnujöfnunarsjóði skal senda á sérstökum eyðublöðum, er sjóðstjórn lætur gera. Kveður stjórnin nánar á um það, hver gögn og skilríki skulu fylgja umsókn.

9 gr.

Um endurskoðun og bókhald Atvinnujöfnunarsjóðs fer eftir lögum nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 21. apríl 1962, um Atvinnubótasjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er flutt í samræmi við þá stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að mynda sjóð, til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins í ríkara mæli og á

skipulegri hátt en auðið hefur verið að gera með hinu takmarkaða ráðstöfunarfé Atvinnubótasjóðs. Tryggir frumvarpið Atvinnujöfnunarsjóði miklum mun meira starfsfé en Atvinnubótasjóður hefur haft, og jafnframt er sú meginstefna mörkuð, að unnið verði að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið, fyrst og fremst eftir fyrirframgerðum áætlunum.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er nánar vikið að hlutverki sjóðsins, en ráðstöfunarfé hans eingöngu af eigin fé mun verða um 50 milljónir króna á árinu 1967, fer síðan árlega hækkandi og mun verða um 112 milljónir króna árið 1975. Er í þeim áætlunum þá ekki reiknað með hinum víðtæku lántökuheimildum, sem sjóðurinn hefur, og aðeins gert ráð fyrir að innheimtist árlega 4 milljónir króna, að meðtöldum vöxtum, af lánum Atvinnubótasjóðs, sem um síðustu áramót námu 116 milljónum króna. Eigi er heldur meðtalið það ráðstöfunarfé, sem ætla má, að Atvinnujöfnunarsjóður fái í samræmi við þá sérstöku útlánaheimild Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem nú er verið að lögfesta á Alþingi. Á árinu 1966 mun Atvinnujöfnunarsjóður hafa til ráðstöfunar 44 milljónir króna, en jafnframt hefur þegar verið gert ráð fyrir, að sjóðurinn annist milligöngu um fjárhagsaðstoð þá, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að veita vegna erfiðleika útgerðar fyrir Norðurlandi í vetur í samræmi við kjarasamninga verkalýðsfélaganna á síðastliðnu sumri. Nemur sú aðstoð 6—7 milljónum króna, sem gert er ráð fyrir, að Atvinnuleysistryggingasjóður leggi fram, þannig að ráðstöfunarfé Atvinnujöfnunarsjóðs á yfirstandandi ári verður a. m. k. 50 milljónir króna. Samtals má áætla, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi á næstu 10 árum til ráðstöfunar, eingöngu af eigin fé sínu, rúmar 700 milljónir króna, og að hrein eign sjóðsins verði þá rúmar 545 milljónir króna. Má til samanburðar geta þess, að á 15 ára tímabili, frá 1951—1965, hefur samtals verið varið til atvinnuaukningar og síðar til Atvinnubótasjóðs 160 milljónum króna. Er því hér um að ræða mjög stórfellda aukningu fjár til þess sérstaklega að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, enda þótt ekki séu meðtaldar þær miklu lántökuheimildir, sem Atvinnujöfnunarsjóði eru nú veittar, og heimildir Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að verja árlega hluta vaxtatekna sinna til þess að mæta sérstökum atvinnuörðugleikum, sem ætla má, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi að meira eða minna leyti milligöngu um ráðstöfun á, og jafnframt leysi verkefni, sem oft hvíldi með verulegum þunga á Atvinnubótasjóði. Verði á næstu árum þörf sérstakra átaka af hálfu Atvinnujöfnunarsjóðs í sambandi við framkvæmdaáætlanir fyrir einstaka landshluta eða héruð, sem eigið ráðstöfunarfé sjóðsins hrekkur ekki til að mæta, á að vera auðvelt að grípa til lántökuheimildanna með hliðsjón af hinum öruggu framtíðartekjum sjóðsins, sem eru að verulegu leyti gengistryggðar. Ber jafnframt að hafa það í huga, að Atvinnujöfnunarsjóði er ekki ætlað að létta af neinum öðrum stofnlánasjóðum þeim verkefnum, er á þeim hvíla, heldur að vera viðbót lánveitinga annarra stofnsjóða atvinnuveganna á þeim stöðum á landinu, þar sem nauðsynlegt er að veita sérstaka fjárhagsaðstoð í samræmi við stefnumið Atvinnujöfnunarsjóðs.

Um 1. gr.

Lagt er til, að Atvinnujöfnunarsjóður verði í umsjá Landsbanka Íslands, er annist afgreiðslu lána og innheimtu. Atvinnubótasjóður var í umsjá Framkvæmdabanka Íslands, en gert er ráð fyrir, að sá banki verði lagður niður.

Í 2. mgr. er hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs skilgreint í meginatriðum. Ekki er æskilegt að marka sjóðnum of þröngan starfsramma, heldur verði sjóðstjórninni veitt rúm heimild til þess að setja sjóðnum lánareglur, er þjónað geti sem bezt þeim tilgangi, er sjóðnum er ætlaður. Þar sem sjóðnum er fyrst og fremst ætlað að starfa í samræmi við framkvæmdaáætlanir og kerfisbundnar athuganir á atvinnulífi einstakra landshluta og héraða, hlýtur fyrst og fremst að verða að laga starfsemi sjóðs-

ins eftir þeim verkefnum, er þær áætlanagerðir leiða í ljós, að brýnust nauðsyn sé að sinna.

Um 2. gr.

Lagt er til að afla Atvinnujöfnunarsjóði stofnfjár með fernum hætti:

1. Með því að afhenda sjóðnum eignir Atvinnubótasjóðs, en þær námu um síðustu áramót 116 milljónum króna í skuldabréfum. Skipuleg innheimta afborgana og vaxta af atvinnuaukningarlánum hófst fyrst eftir að Atvinnubótasjóður tók til starfa. Má því gera ráð fyrir að lengja verði lánstíma flestra hinna eldri lána, en ástæðulaust er hins vegar að innheimta ekki þessi lán, nema þar sem sérstaklega stendur á.
2. Ríkissjóður leggi fram á næstu 10 árum 150 milljónir króna með jöfnum árgreiðslum, í fyrsta sinn á árinu 1966. Er reiknað með því framlagi í fjárlögum yfirstandandi árs.
3. Atvinnujöfnunarsjóði verði afhentar 55 milljónir króna af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960. Verði Atvinnujöfnunarsjóði greitt þetta framlag á árunum 1966—1969.
4. Atvinnujöfnunarsjóður fái til eignar eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, samkvæmt 4. gr. laga nr. 17/1953. Nema þessar eftirstöðvar um 43 milljónum króna, og er gert ráð fyrir, að Atvinnujöfnunarsjóður fái það fé til ráðstöfunar á næstu 4 árum.

Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs er þannig um 364 milljónir króna, og sé reiknað með, að 5% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins séu styrkir og aðeins innheimtist árlega 4 milljónir króna í árgjöldum af lánum Atvinnubótasjóðs, má gera ráð fyrir að höfuðstóll Atvinnujöfnunarsjóðs verði rúmar 545 milljónir króna árið 1975, þegar hinum föstu stofnfjárframlögum ríkissjóðs er að fullu lokið.

Um 3. gr.

Eðlilegt þykir, að meginhluti skatttekna af væntanlegri álbræðslu renni til Atvinnujöfnunarsjóðs, í því skyni að stuðla að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið, til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan samdrátt landsbyggðarinnar. Áætlað er, að fyrsta heila starfsár álbræðslunnar verði árið 1970, og að framleiðslugjald hennar, fyrstu 3 árin, nemi rúmum 16 milljónum króna á ári, miðað við núverandi gengi. Næstu 3 ár þar á eftir nemi framleiðslugjaldið rúmum 24 milljónum króna á ári, þá verði gjaldið í 9 ár rúm 51 milljón króna á ári, hækki þá næstu 3 ár í 71 milljón króna árlega, þá hækki árgjaldið í 80 milljónir króna næstu 3 ár og loks verði árgjaldið rúmar 90 milljónir króna í 4 ár.

Lagt er til, að 70.9% skattgjaldsins renni til Atvinnujöfnunarsjóðs fyrstu 9 árin, en úr því 75.9%. Miðað við, að álbræðslan verði fullgerð í þremur áföngum, myndi hluti Atvinnujöfnunarsjóðs af skattgjaldinu á árunum 1970—1972 nema um 11.3 milljónum á ári og árin 1973—1975 rúmum 17 milljónum króna á ári. Árin 1976—1978 yrði skattgjaldið hins vegar 36.2 millj. og mun hækka í 38.7 millj. fyrir árin 1979—1984. Árin 1985—1987 mun skattgjaldið nema 53.9 millj. króna á ári. Úr því fer skattgjaldið hækkandi í samræmi við heildarskattgjald álbræðslunnar.

Þar eð Atvinnujöfnunarsjóði er tryggt svo mikið eigið starfsfé, fara nettó vaxtatekjur sjóðsins fljótt að nema álitlegum fjárhæðum.

Um 4. gr.

Lagt er til, að stjórn sjóðsins verði skipuð 7 mönnum, er Alþingi kjósi. Verður að telja æskilegt, miðað við verkefni sjóðsins, að allir þingflokkar eigi þar sinn fulltrúa.

Um 5. gr.

Gert er ráð fyrir, að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánareglur og aðrar starfsreglur, innan þeirra marka, er hlutverk sjóðsins setur. Eðlilegt þykir, að styrkir séu ekki veittir, nema sjóðstjórn sé á einu máli um það, og að sama skilyrði sé sett til eftirgjafar lána eða breytinga á lánsskilmálum. Er það í samræmi við þær starfsreglur, sem nú gilda um Atvinnubótasjóð, og hafa þeir starfshættir gefið góða raun.

Um 6. gr.

Í þessari grein eru lagðar meginlínur um framkvæmdaáætlanir þær, sem sjóðurinn á fyrst og fremst að starfa eftir. Er Efnahagsstofnuninni falið að annast áætlunargerð þessa í samráði við stjórn sjóðsins, og enn fremur að undirbúa lánsákvarðanirnar. Í greininni er jafnframt skýrt tekið fram, að Atvinnujöfnunarsjóði sé ekki ætlað að taka á sig skyldur annarra lánasjóða, heldur komi til viðbótar framkvæmdalánum annarra fjárfestingalánastofnana.

Atvinnujöfnunarsjóði er veitt almenn og ótakmörkuð lántökuheimild hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana, en rétt þykir og nauðsynlegt að hafa sérstaka heimild til þess að taka erlend lán í sama skyni. Nú þegar hefur verið samið um verulegar lántökur erlendis í sambandi við Vestfjarðaáætlun, og mjög líklegt er, að leitað verði eftir erlendu lánsfé í sambandi við einstaka þætti annarra framkvæmdaáætlana. Nauðsynlegt er, til tryggingar fjárhagsafkomu sjóðsins, að lánsfé sé einungis endurlánað til framkvæmda, er örugglega geta tryggt endurgreiðslu lána.

Sérstök heimild er sett í þessa grein, til þess að veita móttöku fé, sem um kann að semjast við Atvinnuleysistryggingasjóð, að ráðstafað verði fyrir milligöngu Atvinnujöfnunarsjóðs, samkvæmt hinni sérstöku heimild um ráðstöfun fjórða hluta árlegra vaxtatekna Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Um 7.—10. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 434. Frumvarp til laga [177. mál]

um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dags. 28. marz 1966, um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík, í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslenzku og ensku.

2. gr.

Ákvæði samnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

AÐALSAMNINGUR

SAMNINGUR, gerður hinn 28. dag marzmánaðar 1966

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér eftir nefnd „ríkisstjórnin“)

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér eftir nefnt „Alusuisse“), sem er félag stofnað að svissneskum lögum

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að stóriðjunefnd, er skipuð var af iðnaðarmálaráðuneytinu hinn 5. maí 1961, og raforkumálastjórnin hafa um nokkurt árabil rannsakað kosti þess að virkja vatnsraforkumagn Íslands í sambandi við raforkunotkun til iðnaðar;

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse, félag, er stundar alhliða áliðnað, hefur rætt við ríkisstjórnina hagkvæmni þess að reisa á Íslandi álbræðslu, er noti orku frá íslenzkum stöðvum um langt árabil;

MEÐ ÞVÍ að með lögum frá Alþingi nr. 59 20. maí 1965 var stofnuð Landsvirkjun, og henni heimilað að byggja raforkuver við Þjórsá og tilteknar eldsneytisaflstöðvar;

MEÐ ÞVÍ að Hafnarfjarðarkaupstaður (hér á eftir nefndur „kaupstaðurinn“) er reiðubúinn að byggja hafnarmannvirki við Straumsvík á Suðvesturlandi;

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse er reiðubúið að fela Íslenzka Álfélaginu hf. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“), að byggja álbræðslu við Straumsvík;

MEÐ ÞVÍ að ISAL, Landsvirkjun og kaupstaðurinn hafa lögformlega samþykkt í rafmagnssamningi og hafnar- og lóðarsamningi að efna og takast á hendur þær skuldbindingar, sem lagðar eru á hvern um sig með tilteknum ákvæðum samnings þessa;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

I. KAFLI

1. gr.

Skýringar á orðum, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiskjölunum.

1.01. Nema annars sé krafizt vegna samhengis, hafa nöfn aðila samnings þessa og aðila, er nefndir eru í honum og fylgiskjölunum, eftirfarandi merkingar:

a) „Ríkisstjórnin" merkir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands, og þegar við á, ráðuneyti og ríkisstofnanir;

b) „Alusuisse" merkir Swiss Aluminium Limited, félag, sem stofnað er að svissneskum lögum, sem hefur skráða skrifstofu sína í Chippis, Valais-fylki, Sviss, og hefur aðalskrifstofu sína í Zürichborg í Sviss;

c) „Landsvirkjun" merkir Landsvirkjun, fyrirtæki, stofnað með lögum frá Alþingi nr. 59 20. maí 1965, sem hefur aðalskrifstofu sína í Reykjavíkurborg, Íslandi;

d) „Kaupstaðurinn" merkir Hafnarfjarðarkaupstað;

e) „ISAL" merkir Íslenzka Álfélagið hf. (Icelandic Aluminium Company Limited), dótturfélag Alusuisse, stofnað sem íslenzkt félag samkvæmt samningi þessum, sem hefur skráða skrifstofu sína í kaupstaðnum;

f) „Dótturfélag Alusuisse" merkir sérhvert félag, nú eða síðar, sem eigi er íslenzkt, þar sem meira en 50% þeirra hluta, er almennur atkvæðisréttur fylgir, er í eigu Alusuisse;

g) „Minnihluta hluthafi" merkir sérhvert félag, sem er ekki íslenzkt (annað en Alusuisse), og sem á 49% eða minna af hlutafé ISALs;

h) „Alþjóðabankinn" merkir Alþjóðabanka til endurbyggingar og nýbyggingar, alþjóðastofnun, sem hefur aðalskrifstofu sína í Washingtonborg, District of Columbia, Bandaríkjum Norður-Ameríku.

1.02. „Fylgiskjöl" merkir skjöl þau, er hér með fylgja, merkt A til og með E, sem sé:

a) Rafmagnssamningur (fylgiskjal A) milli Landsvirkjunar og ISALs;

b) Hafnar- og lóðarsamningur (fylgiskjal B) milli kaupstaðarins og ISALs;

c) Aðstoðarsamningar:

i) Samningur um aðstoð — hönnun og bygging (fylgiskjal C1) milli ISALs og Alusuisse;

ii) Samningur um aðstoð — rekstur (fylgiskjal C2) milli ISALs og Alusuisse; og

iii) Samningur um aðstoð — sala (fylgiskjal C3) milli ISALs og Alusuisse;

d) Samningur um framkvæmdatryggingu (fylgiskjal D) milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse;

e) Stofnskrá og samþykktir ISALs (fylgiskjal E).

„Fylgisamningar" merkir fylgiskjöl, sem eru í eðli sínu samningar, en það eru rafmagnssamningurinn, hafnar- og lóðarsamningurinn, samningarnir um aðstoð og samningurinn um framkvæmdatryggingu.

1.03. Nema annars gerist þörf vegna samhengis, hafa orðatiltæki þau, sem notuð eru í samningi þessum og fylgiskjölunum, eftirtaldar merkingar:

a) „Ál" merkir legerað eða ólegerað ál af sérhverri gerð, stærð eða lögun, þar með talið klumpar til endurbræðslu, stykki til völsunar, bútar til þrýstimótunar, stengur, kúlur og álduft, og einnig að meðtöldum samfellt steyptum plötum, lengjum og stöngum (hvort sem þær eru sundurbrotnar eða hringaðar upp) og stykkjum stönsuðum úr samfellt steyptum lengjum, þó þannig, að með áli telst ekki unnið ál (svo sem heit- og kaldvölsuð þynna, þrýstimótuð og smíðuð stykki) framleitt utan steypuhúss bræðslunnar, eða úrunnið ál, framleitt í steypuhúsi bræðslunnar, nema það sé framleitt í samfelldri framleiðsluröð, þar sem byrjað er með fljótandi áli.

b) „Bræðsla" merkir álbræðsluna og tilheyrandi mannvirki á bræðslulóðinni, eins og hún er gerð og búin á hverjum tíma, með 60 megavatta málraun fyrir fyrsta

áfanga bræðslunnar og að lokum 120 megavatta málraun fyrir þriðja áfanga bræðslunnar, og sem getur, þegar hún er fullbyggð, verið:

i) einn eða fleiri bræðslukerjasalir með röð af álbræðsluofnum ásamt tilheyrandi rafbúnaði, svo sem tengivirkjum, spennubreytum, afriðlum, straumrofum og fylgibúnaði;
ii) eitt eða fleiri steypuhús með bræðslu-, geymslu-, lágbræðslu-, steypu- og homogeniseringarbúnaði, ásamt hjálpartækjum, þar með talið klumpastaflarar, hnífar, sagir, lengjasteyputæki (fullbúin með bútunar- og hringunarsamstæðum), bútastansarar og kúlugerðartæki;
iii) fylgi- og hjálpartæki til framleiðslu og festingar á rafskautum, brottnáms flúorsambanda, meðferðar á málmúrgangi og anóðuendum, dælingar og meðferðar á vatni og til viðgerðar og viðhalds á verksmiðju og tækjum;
iv) rannsóknarstofur til efnagreininga og til eftirlits með framleiðslu og gæðum;
v) lestunar-, losunar-, flutnings- og geymslutæki (hvort sem þau eru staðsett á bræðslulóðinni eða á hafnarsvæðinu) og vörugeymslur fyrir framleiðsluna, efnivörur, vistir og hitunarkerfi;
vi) stjórnarbyggingar, þar með talin skrifstofubygging, matstofa og búningsklefabygging.

c) „Tengivirki bræðslunnar“ merkir 220 kílóvolta tengivirki utanhúss, sem ISAL mun láta gera við Straumsvík á bræðslulóðinni.

d) „Bræðslulóðin“ merkir það svæði, þar sem bræðslan og tengivirki bræðslunnar skulu standa, og er það sérstaklega tilgreint á uppdrætti af bræðslulóð, fylgiskjal A með hafnar- og lóðarsamningnum.

e) „Fyrsti áfangi bræðslunnar“ skal merkja bræðsluna, eins og hún er gerð og búin með 60 megavatta málraun, og þar með talin eftirfarandi mannvirki:

i) einn bræðslukerjasalur með álbræðsluofnum, ásamt tilheyrandi rafbúnaði;
ii) steypuhús með tilheyrandi búnaði;
iii) afriðilsbygging, stöð til meðferðar á málmúrgangi, stöð fyrir anóðufestingar og verkstæði til viðgerða á katóðum;
iv) geymslurými fyrir alumina, verkstæði, bílageymslur, vöruskemma, vatnsveitukerfi, fæðikerfi fyrir þrýstiloft, eldsneytisgeymar og eldsneytis-fæðikerfi og miðstöðvarhitunarkerfi;
v) tengivirki bræðslu og rafbúnaður með millispennu;
vi) skrifstofubygging, matsalur, búningsklefabygging og rannsóknarstofur.

Fyrrgreind verksmiðjumannvirki eru sýnd á afstöðumynd fyrir álbræðsluna (60 MW), er fylgir bræðsluáætluninni sem uppdráttur III (fylgiskjal C með hafnar- og lóðarsamningi), en þessi mannvirki öll má stækka hvenær sem er, eða auka með byggingu og búnaði annarra mannvirkja, sem talin eru í staflið b), málsgr. 1.03, innan þeirra málrauna, sem þar greinir.

f) „Annar áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 90 megavatta málraun.

g) „Þriðji áfangi bræðslunnar“ merkir bræðsluna eins og hún er að gerð og búnaði með 120 megavatta málraun.

h) „Fyrri stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 30 megavatta málraun fram yfir málraun fyrsta áfanga bræðslunnar.

i) Síðari stækkun bræðslunnar“ merkir þann hluta bræðslunnar, sem hefur 30 megavatta málraun fram yfir málraun annars áfanga bræðslunnar.

j) „Búrfellsvirkjun“ merkir vatnsaflsvirkjunina, eins og hún er á hverjum tíma að gerð og búnaði, þar með talin farvegsbreytingar- og inntaksmannvirki, neðanjarðargöng, þrýstivatnspípur, stöðvarhús á yfirborði, spennistöð og tengivirki, staðsett við Búrfell við Þjórsá, Suðurlandi, sem hefur í upphafi 105 megavatta málraun og að lokum 210 megavatta málraun, í upphafi tengd um eina 220 kílóvolta háspennulínu við spennistöð í Sogsvirkjun og þaðan í upphafi um eina 220 kílóvolta

háspennulínu við spennistöð við Geitháls, og þaðan um tvær 220 kílóvolta háspennulínur við tengivirki við Straumsvík og þaðan um tvo straumteina við tengivirki bræðslunnar.

k) „Varavirki" skal hafa þá merkingu, sem því hugtaki er gefin samkvæmt 8. gr. rafmagnssamningsins.

l) „Tengivirki við Straumsvík" merkir 220 kílóvolta tengivirki utanhúss, sem Landsvirkjun lætur reisa við Straumsvík, nálægt tengivirki bræðslunnar.

m) „Höfn" skal merkja innri höfnina í Straumsvík, sem landmegin takmarkast af strönd Straumsvíkur, en þeim megin, sem að hafi snýr, af línu, sem dregin er frá bryggjusporði að norðurodda vesturstrandar Straumsvíkur, eins og sýnt er á uppdrætti I, er fylgir hafnaráætluninni (fylgiskjal B með hafnar- og lóðarsamningi), en sú höfn skal vera hluti af Hafnarfjarðarhöfn.

n) „Hafnarmannvirki" skal merkja hafnargarð þann, sem liggja skal út frá austurströnd Straumsvíkur, og skal veita um það bil 220 metra langt viðlegupláss með 10 metra dýpi við bryggju miðað við meðalstórstraumsfjöru, byggður þannig, að dýpkun um 12 metra til viðbótar sé möguleg síðar, hafnarvarðarhús, eitt 100 tonna legudufl, 2 stormpolla og hafnarveginn (eins og sá vegur er nánar skilgreindur í málsgr. 3.02 í hafnar- og lóðarsamningi), ásamt aðstöðu fyrir þau mannvirki, sem ISAL þarf sérstaklega á að halda á hafnargarðinum, svo sem kveðið er á um í málsgr. 6.02 í hafnar- og lóðarsamningnum, allt eins og nánar er lýst í hafnaráætluninni (fylgiskjal B með þeim samningi).

o) „Fyrsti afhendingardagur rafmagns" („AR I") merkir þann dag, sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.

p) „Annar afhendingardagur rafmagns" („AR II") merkir þann dag, sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.

q) „Þriðji afhendingardagur rafmagns" („AR III") merkir dag þann, sem skilgreindur er og ákveðinn samkvæmt ákvæðum 9. gr. samnings þessa.

r) „Samningsbundið rafmagn" skal hafa þá merkingu, sem því hugtaki er gefin í 7. gr. rafmagnssamningsins.

s) „Fjárfestingar Alusuisse, minnihluta hluthafa eða ISALs" skal merkja allar eignir, réttindi og hagsmuni sérhvers þessara aðila samkvæmt samningi þessum, eða fylgiskjölunum, eða vegna hans eða þeirra, bein eða óbein, að meðtalinni þeirri hlutdeild, sem Alusuisse eða minnihluta hluthafi er talinn eiga í eignum ISALs.

t) „Lágmarksmagn" hefur þá merkingu, sem því orði er gefin í 20. grein rafmagnssamningsins.

u) „Gildistökudagur" samnings þessa merkir dag þann, sem ákveðinn er samkvæmt 48. grein samnings þessa.

v) „Valdagur" merkir 25. eða 35. árdag eftir AR I, eftir því sem við á.

w) „Staðfestingarlög" merkja lög þau frá Alþingi, sem veita samningi þessum lagagildi á Íslandi samkvæmt ákvæðum 48. gr.

II. KAFLI
ALMENN FYRIRHEIT OG ÁBYRGÐIR AF HÁLFU RÍKISSTJÓRNARINNAR OG ALUSUISSE

2. gr.
Almenn fyrirheit af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

2.01. Ríkisstjórnin skal gera allar þær ráðstafanir, sem á hennar valdi eru, með viðeigandi tilliti til réttarstöðu Landsvirkjunar og kaupstaðarins, til að láta Landsvirkjun og kaupstaðinn a) gera allar nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir fyrir sitt leyti til að efna og framkvæma ákvæði samnings þessa og fylgiskjalanna og b) forðast að gera nokkrar ráðstafanir, sem eru í ósamræmi við slíkar efndir og framkvæmd.

2.02. Alusuisse skal gera allar þær ráðstafanir, sem á þess valdi eru, til að láta ISAL a) gera allar nauðsynlegar eða viðeigandi ráðstafanir fyrir sitt leyti til að efna og framkvæma ákvæði samnings þessa og fylgiskjalanna, og b) forðast að gera nokkrar ráðstafanir, sem eru í ósamræmi við slíkar efndir og framkvæmd.

2.03. Ákvæðin í málsgreinum 2.01 og 2.02 skulu ekki takmarka né draga úr skyldum ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse samkvæmt ábyrgðarskuldbindingum þeirra hvors um sig, er felast í 3. grein.

3. gr.
Ábyrgðir af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

3.01. Ríkisstjórnin ábyrgist skilyrðislaust Alusuisse og ISAL:

a) réttar og skilvísar efndir Landsvirkjunar á öllum loforðum og skuldbindingum hennar samkvæmt samningi þessum og rafmagnssamningnum, þar á meðal greiðslu á sérhverri fjárhæð, sem Landsvirkjun kann að vera skylt að greiða sem bætur fyrir hvers konar vanefnd af hálfu Landsvirkjunar á samningi þessum og rafmagnssamningnum; og

b) réttar og skilvísar efndir kaupstaðarins á öllum loforðum hans og skuldbindingum samkvæmt samningi þessum og hafnar- og lóðarsamningnum, þar á meðal greiðslu á sérhverri fjárhæð, sem kaupstaðnum kann að verða skylt að greiða sem bætur fyrir hvers konar vanefnd á samningi þessum og hafnar- og lóðarsamningnum.

3.02. Ef Landsvirkjun eða kaupstaðurinn láta hjá líða að inna af hendi á gjalddaga greiðslur þær, sem skírskotað er til í málsgrein 3.01 a) eða málsgrein 3.01 b), skal ríkisstjórnin greiða í þeirra stað innan 30 daga frá því fram er komin tilkynning og greiðsluáskorun frá Alusuisse eða ISAL, eftir því sem við á.

3.03. Alusuisse ábyrgist skilyrðislaust ríkisstjórninni, Landsvirkjun og kaupstaðnum:

a) réttar og skilvísar efndir ISALs á öllum loforðum ISALs samkvæmt samningi þessum, rafmagnssamningnum og hafnar- og lóðarsamningnum;

b) réttar og skilvísar efndir á öllum skuldbindingum ISALs samkvæmt samningi þessum, rafmagnssamningnum og hafnar- og lóðarsamningnum, þar á meðal greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum, sem ISAL kann á hverjum tíma að standa í við ríkisstjórnina, Landsvirkjun eða kaupstaðinn samkvæmt eða vegna samnings þessa, rafmagnssamningsins eða hafnar- og lóðarsamningsins, þar með talin sérhver fjárhæð, sem ISAL kann að verða skylt að greiða sem bætur fyrir hvers konar vanefnd af þess hálfu samkvæmt samningi þessum eða greindum fylgisamningum.

3.04. Ef ISAL lætur hjá líða að greiða á gjalddaga skuldir sínar og fjárskuldbindingar, sem skírskotað er til í málsgrein 3.03 b), skal Alusuisse greiða í þess stað sem hér segir:

i) innan 10 daga frá því fram er komin tilkynning og greiðsluáskorun frá Landsvirkjun, að því er varðar greiðslur fyrir rafmagn samkvæmt rafmagnssamningnum;

ii) innan 15 daga frá því fram er komin tilkynning og greiðsluáskorun frá ríkisstjórninni, að því er varðar greiðslu á framleiðslugjaldinu;

iii) innan 30 daga frá því fram er komin tilkynning og greiðsluáskorun frá ríkisstjórninni, Landsvirkjun eða kaupstaðnum, eftir því sem við á, að því er varðar greiðslu á öllum öðrum skuldum eða fjárskuldbindingum.

3.05. Ákvæði málsgr. 24.04 í rafmagnssamningnum, en samkvæmt þeim undanþiggja Landsvirkjun og ISAL hvort annað gagnkvæmt frá allri ábyrgð á tjóni, sem stafar af misfellum í rekstri á mannvirkjum þeirra hvors um sig, hvort heldur það stafar af skorti eða meintum skorti á hæfilegri aðgæzlu í slíkum rekstri, og hvort heldur slíkar misfellur í rekstri leiða til brots á samningi þessum eða ein-

hverjum fylgisamninganna, skulu taka til þessa samnings að því leyti, að hvorki ríkisstjórnin né Alusuisse skulu bera ábyrgð, samkvæmt nokkru ákvæði þessa samnings, á neinu því tjóni, sem slíkar misfellur í rekstri hafa valdið, eða þótt þau hafi látið undir höfuð leggjast að koma í veg fyrir þá athöfn eða athafnaleysi, sem slíku tjóni hefur valdið.

3.06. Samtímis því, að samningur þessi er undirritaður, skulu ríkisstjórnin og Alusuisse undirrita samninginn um framkvæmdatryggingu, í því formi, sem hann er í fylgiskjali D með samningi þessum.

III. KAFLI
BYGGING MANNVIRKJA OG SKYLD EFNI

A. Búrfellsvirkjun og varavirki.

4. gr.
Bygging Búrfellsvirkjunar og varavirkja.

Landsvirkjun skal byggja og setja upp Búrfellsvirkjun og byggja eða sjá á annan hátt fyrir varavirkjum, þannig að Landsvirkjun, ásamt hinu samtengda kerfi sínu, geti haft tiltækt samningsbundið rafmagn, með því orkumagni og afli og á þeim tímum, sem krafizt er í samningi þessum og rafmagnssamningnum, allt eftir því, sem nánar er ákveðið í og með skilmálum og skilyrðum samnings þessa og rafmagnssamningsins.

5. gr.
Skuldbinding um að láta í té rafmagn.

Landsvirkjun skal hafa samningsbundið rafmagn tiltækt fyrir bræðsluna á eða fyrir AR I, AR II og AR III og síðan; þá skal hún hafa tiltæk mannvirki til afhendingar á rafmagni til byggingarframkvæmda og aðgang að rafmagni í neyðartilvikum og halda varavirkjum við, allt eftir því, sem nánar er ákveðið í og með skilmálum og skilyrðum samnings þessa og rafmagnssamningsins.

B. Bræðslan og mannvirki, sem henni fylgja.

6. gr.
Bygging bræðslunnar.

ISAL skal byggja og útbúa bræðsluna þannig, að fyrsti áfangi bræðslunnar, fyrri stækkun bræðslunnar og síðari stækkun bræðslunnar verði í hverju tilviki fullgerð og útbúin til rekstrar eigi síðar en á AR I, AR II og AR III, eftir því, sem við á, allt eftir því, sem nánar er ákveðið í og með skilmálum og skilyrðum samnings þessa, rafmagnssamningsins og hafnar- og lóðarsamningsins.

7. gr.
Skuldbinding um greiðslu fyrir rafmagn.

ISAL skal kaupa og greiða fyrir rafmagn frá Landsvirkjun og skal greiða fyrir hið tilskilda lágmarksmagn samningsbundins rafmagns frá AR I, AR II og AR III, hvort sem það er notað eða ekki, allt eftir því, sem nánar er ákveðið í og með skilmálum og skilyrðum samnings þessa og rafmagnssamningsins.

8. gr.
Bygging hafnarmannvirkja.

8.01. Eftir því sem ákveðið er í og með skilmálum og skilyrðum samnings þessa og hafnar- og lóðarsamningsins, skal kaupstaðurinn byggja og viðhalda hafn-

armannvirkjunum, en þau mannvirki skulu byggð í samræmi við ákvæði 6. greinar hafnar- og lóðarsamningsins.

8.02. Þar eð hafnaráætlunin (fylgiskjal B með hafnar- og lóðarsamningnum) mælir svo fyrir, að endanleg hönnun hafnarmannvirkjanna og útboð og veiting samninga um byggingu þeirra, séu háð samþykki ISALs, þá skal skuldbinding kaupstaðarins um tímanlega byggingu hafnarmannvirkjanna að því marki, sem lýst er í málsgr. 6.05 í hafnar- og lóðarsamningnum, vera háð því, að ISAL veiti greiðlega samþykki sitt við slíkri endanlegri hönnun, útboði og veitingu samninga (enda hafi ISAL verið veittar hæfilegar upplýsingar um framvindu hönnunarinnar og það fengið endanleg útboðsgögn í tæka tíð og því greiðlega tilkynnt um væntanlegan eða væntanlega verktaka), svo og því, að ekki komi til neinna verulegra breytinga í endanlegri áætlun og verklýsingu af hálfu ISALs frá þeirri bráðabirgða útreikningsákvörðun, sem sett er fram í hafnaráætluninni og uppdráttum þeim, sem henni fylgja. Ef svo fer, að dráttur af hálfu ISALs á að uppfylla þau ákvæði, sem að framan greinir, valdi töfum á byggingu hafnarmannvirkjanna, þá skal kaupstaðurinn vera undanþeginn allri ábyrgð, sem að öðrum kosti kynni að koma til samkvæmt málsgr. 9.05 samnings þessa, og skal Alusuisse ekki öðlast neinn rétt samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.05 til þess að fresta AR I vegna nokkurra slíkra tafa.

8.03. Eins og nánar er ákveðið í hafnar- og lóðarsamningnum og með skilmálum þeim og skilyrðum, sem greinir í þeim samningi og samningi þessum, leigir kaupstaðurinn ISAL bræðslulóðina. Er ISAL skylt að greiða fastagjald fyrir höfnina og hafnarmannvirkin, og ráðstafanir eru gerðar varðandi útvegun á vatni til rekstrar bræðslunnar og tilheyrandi mannvirkja.

C. Ákvörðun um afhendingardaga rafmagns.

9. gr.

Ákvörðun um AR I, AR II og AR III.

9.01. Fyrsti, annar og þriðji afhendingardagur rafmagns („AR I", „AR II" og „AR III") skulu meðal annars vera fyrstu dagarnir, hver um sig, sem Landsvirkjun verður skuldbundin til að hafa samningsbundið rafmagn (annað en rafmagn til gangsetningar bræðslunnar) tiltækt fyrir fyrsta, annan og þriðja áfanga bræðslunnar, samkvæmt ákvæðum samnings þessa og rafmagnssamningsins, og sem ISAL verður skuldbundið til að kaupa og greiða fyrir lágmarksmagn rafmagns að minnsta kosti, eftir því sem við á um hvern áður nefndan áfanga, svo sem einnig er kveðið á um í samningi þessum og rafmagnssamningnum. Hinar eiginlegu dagsetningar AR I, AR II og AR III skulu vera þær endanlegu dagsetningar, sem tilteknar eru eða tilgreindar um hvern þeirra samkvæmt málsgr. 9.02, 9.03 og 9.04, eða samkvæmt yfirlýsingu um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.05, 9.06 eða 9.07.

9.02. AR I skal vera sá dagur, sem ákveðinn er á eftirfarandi hátt (þó þannig að allar dagsetningar, sem greindar eru eða vísað til í þessari málsgrein, eru háðar frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.05 og 9.06):

a) Fyrsta áætlaða dagsetning AR I er hér með tiltekin hinn 1. júní 1969;

b) Eigi síðar en 1. júní 1967 skal Landsvirkjun gefa út fyrri tilkynningu sína um AR I og tilgreina þar dagsetningu, er sé önnur áætluð dagsetning AR I, og skal hún eigi vera fyrr en 1. júní 1969 og eigi síðar en 1. júní 1970;

c) Eigi síðar en 1. desember 1968, eða sex mánuðum fyrir aðra áætlaða dagsetningu AR I, sem tilgreind er af hálfu Landsvirkjunar samkvæmt staflið b) hér að framan, hvort sem síðar er, skal Landsvirkjun gefa út síðari tilkynningu sína, þar sem dagsetning AR I er endanlega tilgreind, og skal sú dagsetning eigi vera fyrr en önnur áætluð dagsetning AR I, og hvorki síðar en sex mánuðum eftir aðra áætlaða dagsetningu AR I né síðar en 1. júní 1970; enn fremur að því tilskildu, að ef Landsvirkjun lætur undan fallast að gefa út síðari tilkynningu sína, svo sem

hér er áskilið, þá skal AR I vera önnur áætluð dagsetning AR I eins og hún er tilgreind í fyrri tilkynningu Landsvirkjunar, og ef Landsvirkjun lætur undan fallast að gefa út fyrri tilkynningu sína, þá skal dagsetning AR I vera hinn 1. júní 1969 (þó með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.05 og 9.06 í báðum tilfellum).

9.03. AR II skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, og skal hann eigi vera fyrr en einu ári og (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.07) eigi síðar en þremur árum eftir AR I, en að öðrum kosti, ef slíkt samkomulag liggur ekki fyrir, er AR II hér með tiltekinn þann dag, sem er þremur árum eftir AR I (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.07).

9.04. AR III skal vera sá dagur, sem ákveðinn er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, og skal hann eigi vera fyrr en einu ári eftir AR I og (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.07) eigi síðar en þremur árum eftir AR II, en að öðrum kosti, ef slíkt samkomulag liggur ekki fyrir, er AR III hér með tiltekinn þann dag, sem er þremur árum eftir AR II (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.07).

9.05. Fari svo af einhverjum ástæðum öðrum en seinkun á byggingarframkvæmdum af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure):

a) að Landsvirkjun hafi ekki, hinn 1. apríl 1967, reist eða látið reisa mannvirki til afhendingar á rafmagni til byggingarframkvæmda, svo sem krafizt er samkvæmt málsgr. 11.01 í rafmagnssamningnum (með fyrirvara um frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.06), eða

b) að kaupstaðurinn hafi ekki byggt hafnarmannvirkin í tæka tíð, svo sem krafizt er samkvæmt málsgr. 6.05 í hafnar- og lóðarsamningnum, að því marki, að ISAL geti hafið uppsetningu á hafnarkrönum og tækjum til affermingar á alúmína, og síðan tekið á móti hráefni, svo sem alúmína og anóðum, til álframleiðslu í bræðslunni,

þá skal ISAL eigi að síður vera skuldbundið til að gera allar ráðstafanir, sem í þess valdi standa, án tillits til aukins kostnaðar, til að byggja og útbúa fyrsta áfanga bræðslunnar fyrir AR I. Hins vegar skal allur aukakostnaður, sem ISAL verður fyrir vegna slíkra vanefnda af hálfu Landsvirkjunar eða kaupstaðarins, metinn sem tjón af völdum Landsvirkjunar eða kaupstaðarins, eftir því sem við á. Nú getur ISAL eigi lokið við byggingu og búnað fyrsta áfanga bræðslunnar fyrir AR I, þrátt fyrir slíkar ráðstafanir, og skal Alusuisse þá heimilt að lýsa yfir frestun á AR I samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.08 til þess dags, sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu (þó þannig, að tilkynna skal um slíka yfirlýsingu eigi fyrr en 90 dögum og eigi síðar en 30 dögum fyrir AR I); allt að því tilskildu, að slík frestun skal eigi gerð um lengra tímabil en þann tíma, sem Landsvirkjun eða kaupstaðurinn stóðu ekki við skuldbindingar sínar.

9.06. Fari svo einhvern tíma fyrir AR I, að

a) framkvæmdir við byggingu Búrfellsvirkjunar eða mannvirkja til afhendingar á rafmagni til byggingarframkvæmda, eða

b) framkvæmdir við byggingu hafnarmannvirkja, eða

c) framkvæmdir við byggingu fyrsta áfanga bræðslunnar,

verði fyrir töfum sökum óviðráðanlegra afla (force majeure), og Landsvirkjun, kaupstaðurinn eða ISAL, hvert sem í hlut á, geti ekki samkvæmt beztu fyrirhyggju komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum þeim ráðum, sem eðlileg mega teljast, þá skal ríkisstjórninni eða Alusuisse, eftir því sem við á, vera heimilt að lýsa yfir frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.08 á AR I og hverjum þeim dagsetningum öðrum, sem tilgreindar eru eða vísað er til í málsgr. 9.02, og á dagsetningu þeirri, sem tilgreind er í málsgr. 9.05 a) (og málsgr. 11.01 í rafmagnssamningnum), til þess dags, sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu; að því tilskildu þó,

að með sérhverri slíkri frestun skal sjálfkrafa frestað um jafnlangan tíma öllum síðari dagsetningum, sem greindar eru eða vísað til í málsgr. 9.02 eða málsgr. 9.05 a) (og málsgr. 11.01 í rafmagnssamningnum), og því jafnframt, að frestunin skal eigi fara fram úr þeim tímatöfum, sem slík óviðráðanleg öfl (force majeure) hafa valdið.

9.07. Fari svo einhvern tíma innan tveggja ára fyrir þá dagsetningu AR II eða AR III, eftir því sem við á, sem tilgreind er með samkomulagi milli Landsvirkjunar og ISALs, eða tiltekin samkvæmt málsgr. 9.03 og 9.04 í samningi þessum, að framkvæmdir við byggingu Búrfellsvirkjunar eða við fyrri eða síðari stækkun bræðslunnar verði fyrir töfum af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), og Landsvirkjun eða ISAL, eftir því sem við á, geti ekki samkvæmt beztu fyrirhyggju komið í veg fyrir slíkar tafir með öllum ráðum, sem eðlileg mega teljast, þá skal ríkisstjórninni eða Alusuisse, hvort sem í hlut á, vera heimilt að lýsa yfir frestun samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.08 á AR II eða AR III, eftir því sem við á, til þess dags, sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu, að því tilskildu þó, að frestunin skal eigi fara fram úr þeim tímatöfum, sem slík óviðráðanleg öfl (force majeure) hafa valdið.

9.08. Sérhver yfirlýsing um frestun af hálfu ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse samkvæmt málsgr. 9.05, 9.06 eða 9.07 skal gefin með skriflegri tilkynningu til allra aðila, sem nefndir eru í 53. gr., og þegar um er að ræða tilkynningu um frestun samkvæmt málsgr. 9.06 eða 9.07, þá skal hún gefin svo fljótt sem mögulegt er og í engu tilfelli síðar en 30 dögum eftir að þeirri tímatöf lýkur, sem hin óviðráðanlegu öfl (force majeure) hafa valdið og leitt hefur til slíkrar frestunar; nema þegar svo vill til að AR I, AR II eða AR III, eftir því sem við á, mundi verða meðan tímatöfin varir, eða innan 30 daga eftir að henni lýkur, þá skal sá aðilinn, sem heimilt er að lýsa yfir frestun, senda fyrrnefndum aðilum bráðabirgðatilkynningu um þá fyrirætlan sína að lýsa yfir frestun fyrir AR I, AR II eða AR III, eftir því sem við á, en að svo búnu skal hann gefa út endanlega yfirlýsingu um frestun svo fljótt sem mögulegt er, og í engu tilfelli síðar en 5 dögum eftir að tímatöfinni lýkur. Ríkisstjórninni eða Alusuisse, eftir því sem við á, er heimilt að véfengja sérhverja yfirlýsingu um frestun og lengd sérhverrar meintrar tímatafar, eða að öll eðlileg ráð hafi verið viðhöfð til að koma í veg fyrir slíkar tafir. Slík véfenging skal borin fram eigi síðar en 60 dögum eftir útgáfu yfirlýsingar samkvæmt málsgr. 9.05, 9.06 eða 9.07. Ef eigi tekst að ná vinsamlegu samkomulagi um slíka véfengingu, má vísa málinu til meðferðar dómstóla eða leggja það í gerð samkvæmt 46. og 47. gr. Dómstóllinn eða gerðardómurinn skal hafa vald til þess að ráða málum varðandi deiluatriði þau, sem upp kunna að koma vegna slíkrar véfengingar, á þann hátt, sem hann telur viðeigandi.

IV. KAFLI
REKSTUR BRÆÐSLUNNAR
A. Ákvæði varðandi reksturinn.
10. gr.
Framleiðsluafköst.

10.01. Með takmörkunum þeim, er greinir í málsgreinum 10.02 og 10.03, skal ISAL á hverjum tíma halda uppi, með fyrirvara um frávik allt að tíu af hundraði (10%), lágmarksársframleiðslu á áli fyrir fyrsta, annan og þriðja áfanga bræðslunnar, sem svarar 30.000, 45.000 og 60.000 smálestum, eftir því sem við á, og nefnast slík framleiðsluafköst í þessari grein „lágmarksársframleiðsla“.

10.02. Ef þriggja mánaða samanlögð raunveruleg framleiðsla áls hjá álbræðslum þeim, sem þá eru í eigu Alusuisse eða dótturfélaga Alusuisse, öðrum en bræðslu

ISALs (hér eftir nefndar „aðrar álbræðslur Alusuisse"), fer einhvern tíma, á þremur mánuðum samfleytt, niður úr einum fjórða af þáverandi samanlagðri meðalársframleiðslugetu slíkra annarra álbræðslna Alusuisse af einhverjum eftirtöldum ástæðum:

a) söluvandkvæðum, sem leiða til minnkandi álsölu frá Alusuisse og dótturfélögum Alusuisse; eða
b) almennum skorti á hráefnum, þar á meðal á alúmína, anóðum og öðrum undirstöðuefnum;

skal ISAL þar á eftir, og eins lengi og slík lægri raunveruleg samanlögð framleiðsla heldur áfram, og sem henni nemur, að undangenginni tilkynningu til ríkisstjórnarinnar, heimilt að draga úr framleiðslu í bræðslunni niður fyrir lágmarksársframleiðslu samkvæmt hlutfallstölu, er sé eigi hærri að hundraðshluta en sem nemur því, sem þriggja mánaða samanlögð raunveruleg framleiðsla hjá öðrum álbræðslum Alusuisse hefur lækkað niður fyrir fjórða hluta af samanlagðri meðalársframleiðslugetu þeirra. Framleiðsla bræðslunnar skal aukin upp í lágmarksársframleiðslu samtímis sérhverri síðari aukningu í samanlagðri raunverulegri framleiðslu hjá öðrum álbræðslum Alusuisse og í hlutfalli við hana, og skal ISAL tilkynna ríkisstjórninni um sérhverja slíka aukningu.

10.03. Ef Landsvirkjun hefur ekki á einhverju ári tiltækt samningsbundið rafmagn í því orkumagni, sem tilskilið er í málsgr. 7.01 rafmagnssamningsins, skal lágmarksársframleiðsla minnka í hlutfalli við það á því ári.

10.04. Að því er varðar ákvæðin í þessari grein eru núverandi aðrar álbræðslur Alusuisse og árleg meðalframleiðslugeta hverrar þeirra á undirskriftardegi samnings þessa: Chippis (Sviss) 34.000 smálestir; Steg (Sviss) 25.000 smálestir; Porto Marghera (Ítalíu) 28.000 smálestir; Fusina (Ítalíu) 20.000 smálestir; Rheinfelden (Vestur-Þýzkalandi) 56.000 smálestir; New Johnsonville (Tennessee, Bandaríkjum Norður-Ameríku) 58.000 smálestir; Lend (Austurríki) 12.000 smálestir og Husnes (Noregi) 60.000 smálestir. Alusuisse skal afhenda ríkisstjórninni endurskoðaða skrá, ef nokkur ný álbræðsla hefur tekið til starfa eða einhver álbræðsla er látin hætta rekstri, eða ef átt hefur sér stað veruleg breyting á meðalársframleiðslugetu einhverrar álbræðslu, og skal slík endurskoðuð skrá tilgreina samanlagða ársframleiðslugetu annarra álbræðslna Alusuisse, miðað við dag þann, er slík endurskoðuð skrá er lögð fram. Ofanrituð skrá og sérhver önnur slík endurskoðuð skrá skal talin gilda þar til Alusuisse leggur fram breytingar á henni eða aðra skrá.

11. gr.
Takmarkanir á rekstri.

ISAL skal stunda álframleiðslu ásamt allri skyldri starfsemi, en skal ekki, nema að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, takast á hendur vinnslu úr áli (svo sem á heit- eða kaldvölsuðum þynnum, þrýstimótun og smíðum) utan steypuhúss bræðslunnar, eða vinnslu úr áli í steypuhúsi bræðslunnar, nema í samfelldri framleiðsluröð, er byrjar með fljótandi áli, né nokkra aðra starfsemi, sem er óskyld álframleiðslu.

12. gr.
Mengun.

12.01. ISAL skal bera fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni, utan við svæði með ummáli reiknuðu frá miðju bræðslukerjasalarins í fyrsta áfanga bræðslunnar, eins og sýnt er á uppdrætti II með bræðsluáætluninni (fylgiskjal C með hafnar- og lóðarsamningnum). ISAL tekst á hendur fulla ábyrgð á hverju því tjóni, sem hlýzt af gastegundum og reyk frá bræðslunni innan slíks svæðis, á eignum eða öðrum hagsmunum manna, sem nú búa þar eða eiga þar eignir, svo og gagnvart þeim, sem síðar kunna að öðlast framsal frá þeim, að svo miklu leyti sem um er að ræða núverandi afnot

þess eða afnot í framtíðinni, önnur en búskap og garðyrkju. Aðrir þeir, sem héðan í frá taka sér bólfestu innan ofannefnds svæðis eða eignast þar eignir, taka með því á sig áhættu á hvers konar tjóni að því er varðar búskap og garðyrkju, er hlýzt af gastegundum eða reyk frá bræðslunni, og ISAL skal ekki bera ábyrgð á því.

12.02. ISAL mun gera allar eðlilegar ráðstafanir til að hafa hemil á og draga úr skaðlegum áhrifum af rekstri bræðslunnar í samræmi við góðar venjur í iðnaði í öðrum löndum við svipuð skilyrði.

12.03. ISAL skal framkvæma reglulegar athuganir með því að taka með vissu millibili sýnishorn af gróðri, efnum og eignum á fyrirfram ákveðnum athugunarstöðum í nágrenni bræðslulóðarinnar, í samvinnu við hlutaðeigandi rannsóknastofnun ríkisstjórnarinnar, að því er varðar möguleg áhrif af gastegundum og reyk frá bræðslunni. Niðurstöður slíkra athugana skulu vera tiltækar fyrir ríkisstjórnina.

13. gr.
Reglur um öryggi, heilbrigði og hreinlæti.

Að tilskildum ákvæðum 12. gr. skal ISAL byggja, útbúa og reka bræðsluna og halda henni við í samræmi við núgildandi og síðari lög og reglur á Íslandi varðandi öryggi í atvinnurekstri, heilbrigði og hreinlæti, og skal í þessum efnum vera háð eftirliti opinberra stofnana, sem ábyrgð bera á framkvæmd á slíkum reglum.

B. Tollar, leyfi og erlendur gjaldeyrir.

14. gr.
Aðflutnings- og útflutningsgjöld.

14.01. Eftirtalið skal undanþegið aðflutnings- og útflutningsgjöldum, nema öðruvísi sé ákveðið í málsgr. 14.02:

a) innflutningur af hálfu ISALs eða fyrir þess hönd eða verktaka, sem ISAL ræður til sín, á öllum efnum, vélum, ökutækjum, eldsneyti, smurningsefnum, búnaði og vistum, þar á meðal auka- og varahlutir, til notkunar, neyzlu eða ísetningar við byggingu bræðslunnar;

b) innflutningur af hálfu ISALs eða fyrir þess hönd til neyzlu, notkunar og vinnslu af hálfu ISALs á hráefnum, eldsneyti og smurningsefnum, vélum, búnaði, vistum, sérstökum prömmum, farartækjum og umbúðum, auka- og varahlutum, sem ISAL þarf á að halda til rekstrar bræðslunnar;

c) útflutningur á áli framleiddu af ISAL í bræðslunni; og

d) útflutningur á efnum útnýttum við framleiðsluna, þar með talið, án þess að tæmandi sé, anóður, anóðustengur, málmúrgangur og notaður búnaður, vélar og ökutæki, þar með taldir auka- og varahlutir.

14.02. Benzín, neyzluvörur til persónulegra nota, matvæli, skrifstofuvörur, fólksbifreiðar og önnur ökutæki, sem eru ekki notuð beint í byggingu og rekstri bræðslunnar, skulu ekki undanþegin aðflutningsgjöldum.

14.03. Efni, vistir, vörur og búnaður af sérhverri tegund, sem flutt er inn tollfrjálst til notkunar á bræðslulóðinni, en síðan er ráðstafað á Íslandi, skal háð aðflutningsgjöldum, eins og þau eru á þeim tíma, þegar þeim er ráðstafað, miðað við sanngjarnt markaðsverð þeirra þá.

14.04. Tollfrjáls inn- og útflutningur samkvæmt þessari grein skal skoðaður og tollafgreiddur á inn- eða útflutningsstað samkvæmt viðeigandi reglum, er almennt gilda á Íslandi. ISAL skal greiða hæfileg tollafgreiðslu- og skoðunargjöld, miðað við tilkostnað.

14.05. Erlendu starfsfólki, sem byrjar fast starf eða lýkur því á Íslandi hjá ISAL, skal heimilt að flytja inn og út búslóð og persónulega muni, án aðflutnings- eða útflutningsgjalda, í samræmi við núgildandi framkvæmd á Íslandi.

14.06. Að því er snertir þessa gr. (14. gr.), skulu aðflutnings- og útflutningsgjöld merkja öll gjöld, álögur, þóknanir, tolla og skatta, sem lögð eru á innflutning og útflutning, þar með taldir sértollar, undirboðstollar og gjöld af innflutnings- og útflutningsleyfum.

15. gr.

Leyfi.

Ríkisstjórnin og kaupstaðurinn skulu veita leyfi, sem með þarf til byggingar og rekstrar bræðslunnar. Leyfisgjöld og álögur, sem greiða ber fyrir slík leyfi, skulu vera þau, er greinir í staflið g) í málsgrein 31.01 í samningi þessum.

16. gr.

Rekstrarfé og erlendur gjaldeyrir.

16.01. Frá þeim degi, er fyrsti áfangi bræðslunnar tekur við samningsbundnu rafmagni, skal ISAL hafa á Íslandi, annað hvort í íslenzkum gjaldeyri eða í auðveldlega yfirfæranlegum erlendum gjaldeyri, rekstrarfé, er eigi sé minna samtals að fjárhæð en a) raunverulegur rekstrarkostnaður á sérhverjum þremur mánuðum samfelldum á næstliðnum sex mánuðum eða b) áætlaður rekstrarkostnaður á næstkomandi þremur mánuðum, hvort sem hærra kann að vera. Í þessari málsgrein (16.01), skal rekstrarkostnaður merkja hlaupandi skuldbindingar, til orðnar á Íslandi (þar með talið greiðsla fyrir vinnu, efni, vistir, framleiðslugjald, auk þeirra skatta og gjalda, er greinir í 31. gr.), þó ekki að meðtöldum skuldbindingum ISALs vegna kaupa á raforku eða á innfluttum efnum, sem þarf til rekstrar bræðslunnar.

16.02. Að fullnægðum skilyrðum málsgreinar 16.01 skal ISAL eiga rétt á a) að taka við, geyma, fjárfesta og endurfjárfesta í erlendum gjaldeyri í reikningum utan Íslands, allar greiðslur eða upphæðir færðar ISAL til tekna, sem stafa annaðhvort frá fjárfestingarviðskiptum eða viðskiptum í rekstri félagsins, og að inna af hendi greiðslur úr slíkum reikningum og b) að taka við og geyma íslenzkan og erlendan gjaldeyri í reikningum á Íslandi og að inna af hendi greiðslur úr slíkum reikningum.

16.03. Erlendum gjaldeyri, sem Alusuisse, minnihluta hluthafi og ISAL skipta í íslenzkan gjaldeyri, skal skipt í samræmi við íslenzk lög um eftirlit með erlendum gjaldeyri, á því gengi, sem í gildi er á þeim tíma, sem skipt er. Ef margs konar útflutningsgengi er notað, skal ál njóta gengis, sem ekki er óhagstæðara en bezta gengi, sem gildir fyrir sérhvern flokk útflutningsafurða, er í hundraðshlutum miðað við verðmæti á stærri hlut í heildarútflutningi Íslands en ál, eða 20%, hvort sem hærra er, þó þannig, að í engu tilviki skal útflutningsgengi, er gildir fyrir ál, vera óhagstæðara en vegið meðaltal hinna ýmsu útflutningsgengja, er gilda fyrir allan annan íslenzkan útflutning.

16.04. Í þessari grein telst „gengi" fela í sér hvers konar álag, frádrátt eða gjald, hvers eðlis sem er, er ríkisstjórnin leggur á gjaldeyrisyfirfærslur, þó þannig, að öll skipti í íslenzkan gjaldeyri eða kaup á honum skulu háð venjulegri bankaþóknun og venjulegri gjaldeyrisskiptaþóknun og kostnaði.

16.05. Útlendu starfsfólki, sem er í föstu starfi hjá ISAL á Íslandi, skal heimilt að yfirfæra til útlanda með vissu millibili þann hluta af launum, kaupi og sparifé, sem stafar af vinnu þess á Íslandi, er ekki hefur verið eytt á Íslandi.

C. Starfslið, efni, framleiðsluvörur og þjónusta, svo og aðstoðarsamningar.

17. gr.

Starfslið og verkafólk.

17.01. Við byggingu bræðslunnar skulu ISAL og verktakar þess nota íslenzkt verkafólk og annað starfslið, að svo miklu leyti, sem það er fyrir hendi. Þegar ís-

lenzkt verkafólk og annað starfslið er ekki fyrir hendi til þeirra starfa, er ISAL og verktökum þess heimilt að nota erlent verkafólk og starfslið eftir þörfum í þessu skyni, í samræmi við lög nr. 39/1951, eins og þeim er nú beitt í framkvæmd.

17.02. Alusuisse skal þjálfa, og ISAL ráða til sín, íslenzkt verkafólk, faglært og ófaglært, svo og verkfræðinga, tæknifræðinga og aðra sérfræðinga af íslenzku þjóðerni, við rekstur bræðslunnar. Með hliðsjón af því, að álframleiðsla er í eðli sínu tæknileg, sérhæfð og óslitin, er ISAL heimilt að ráða til sín sérþjálfað og reynt erlent starfslið, allt að fimmtíu menn, til rekstrar bræðslunnar, eins lengi og að svo miklu leyti, sem þess gerist þörf að dómi ISALs. Meðan verið er að setja bræðsluna í gang, og á þeim tímabilum, er nægilega margir reyndir íslenzkir starfsmenn eru ekki fyrir hendi, er ISAL enn fremur heimilt að ráða til sín það sérþjálfaða og reynda starfslið, sem þörf er á við rekstur bræðslunnar, í samræmi við lög nr. 39/1951, eins og þeim er nú beitt í framkvæmd.

17.03. Að fullnægðum skilyrðum málsgr. 17.01 og málsgr. 17.02 og venjulegri framkvæmd útlendingaeftirlits, skal ríkisstjórnin leyfa erlendum yfirmönnum og starfsmönnum Alusuisse, sérhvers dótturfélags Alusuisse, ISALs og verktaka þess, ásamt fjölskyldum og skylduliði, komu til landsins og brottför frá því í sambandi við byggingu og rekstur bræðslunnar.

17.04. Til þess að forðast tvísköttun á tekjum og eignum manna, sem eru búsettir í Sviss en starfa á Íslandi á vegum Alusuisse, einhvers dótturfélags Alusuisse, ISALs eða verktaka þess, í sambandi við byggingu og rekstur bræðslunnar, mun ríkisstjórnin leggja fyrir ríkisstjórn Svissneska sambandslýðveldisins tillögu um samþykkt sáttmála, á grundvelli „Uppkasts að Sáttmála um tvísköttun tekna og eigna", sem undirbúið er af OECD („Uppkast að sáttmála"). Á meðan ekki er gerður gagnkvæmur sáttmáli milli ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnar Svissneska sambandslýðveldisins, er kveður öðruvísi á, skal ríkisstjórnin beita ákvæðum uppkasts að sáttmála, að því er varðar tekjur og eignir slíks svissnesks starfsliðs, sem þannig er ráðið til starfa á Íslandi. Ríkisstjórnin skal einnig beita ákvæðum uppkasts að sáttmála um tekjur og eignir erlendra ríkisborgara, annarra en Svisslendinga, sem þannig eru ráðnir til starfa á Íslandi, nema — og þar til — gerður verði gagnkvæmur sáttmáli annars efnis milli ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórna þeirra ríkja, sem slíkir erlendir ríkisborgarar tilheyra.

18. gr.
Efni, framleiðsluvörur og þjónusta.

18.01. Við byggingu og rekstur bræðslunnar skal ISAL veita forréttindi:

a) efnum og framleiðsluvörum af íslenzkri gerð eða uppruna, að því tilskildu, að þær séu samkeppnisfærar um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur af erlendum uppruna, og

b) þjónustu frá íslenzkum þjónustufyrirtækjum (svo sem verktökum í byggingariðnaði, skipa- og vátryggingafélögum), að því tilskildu, að þau séu samkeppnisfær um verð og gæði við samsvarandi erlend fyrirtæki.

ISAL mun leitast við að greiða fyrir kaupum á íslenzkum efnum og framleiðsluvörum og skiptum við íslenzk þjónustufyrirtæki, með því að haga þannig til afgreiðslutímum og með skiptingu samninga og undirsamninga og á annan hátt, sem félaginu kann að vera fært, en lokaákvarðanir í þeim efnum skulu vera í höndum ISALs. ISAL og ríkisstjórnin munu í sameiningu taka til athugunar allar kvartanir, er við og við kunna að berast í sambandi við ákvæði þessarar greinar.

18.02. Til að efla íslenzka verzlun og þjónustuiðnað, sem verzlar með innflutt efni og framleiðsluvörur, mun ISAL kaupa innflutt efni og framleiðsluvörur af íslenzkum kaupmönnum og umboðsmönnum, ef slík kaup eru samkeppnisfær um verð og gæði við efni og framleiðsluvörur, sem ISAL flytur sjálft inn.

18.03. Með fyrirvara um ákvæði málsgr. 18.01 mun ríkisstjórnin ekki setja neinar takmarkanir eða fyrirmæli varðandi:

a) kaup og innflutning á neinum efnum, framleiðsluvörum né þjónustu, af öðrum uppruna en íslenzkum, til notkunar við byggingu og rekstur bræðslunnar;

b) notkun skipa af sérhverju þjóðerni og val á skipafélögum og skipaafgreiðslum, til flutnings á efnum og framleiðsluvörum, sem ISAL notar eða framleiðir; og

c) sölu til útflutnings á i) áli framleiddu í bræðslunni og ii) notuðum efnum, sem ganga af við framleiðsluna, og notuðum búnaði, vélum, ökutækjum og varahlutum, eins og þetta er tilgreint í staflið d) í málsgr. 14.01 í samningi þessum.

19. gr.
Aðstoðarsamningar.

19.01. Samtímis undirritun rafmagnssamningsins og hafnar- og lóðarsamningsins, skulu ISAL og Alusuisse undirrita aðstoðarsamninga, í því formi, sem þeir eru í fylgiskjölum C1, C2 og C3 með samningi þessum, sem hér segir:

a) Samningur um aðstoð — hönnun og bygging, en samkvæmt honum samþykkir Alusuisse meðal annars að láta ISAL í té hönnunar- og verkfræðiþjónustu og sérkunnáttu sína og tækni, í sambandi við hönnun og byggingu fyrsta áfanga bræðslunnar og fyrri og síðari stækkunar bræðslunnar, þar með talin umsjón á staðnum, á meðan á byggingu hvers áfanga stendur;

b) Samningur um aðstoð — rekstur, en samkvæmt honum samþykkir Alusuisse meðal annars að láta ISAL í té að staðaldri fjárhagslega og stjórnunarlega aðstoð og tæknilega aðstoð og sérkunnáttu í sambandi við rekstur bræðslunnar, þar með talin tæknileg umsjón á staðnum fyrstu 60 rekstrardaga fyrsta áfanga bræðslunnar og fyrri og síðari stækkunar bræðslunnar; og

c) Samningur um aðstoð — sala, en samkvæmt honum samþykkir Alusuisse meðal annars að taka að sér að vera einkaumboðsmaður um allan heim fyrir ISAL, við sölu á áli framleiddu í bræðslunni og samþykkir sem slíkt að leggja sig fram, svo sem frekast má verða, til þess að fá pantanir, og að veita alla aðra aðstoð við sölu og dreifingu, sem nauðsynleg er til sölu á allri álframleiðslu bræðslunnar; allt eins og áskilið er í og með skilmálum þeim og skilyrðum, er í aðstoðarsamningunum greinir.

19.02. Eins og áskilið er í aðstoðarsamningunum og með skilmálum þeim og skilyrðum, sem þar greinir, skal þjónusta, sérkunnátta og önnur aðstoð, sem Alusuisse ber að veita ISAL, veitt á þann hátt, að hún þjóni í öllu sem bezt hagsmunum ISALs. Aðstoðarsamningunum skal ekki breytt og þeir ekki framseldir, án tilkynningar til þeirra aðila, er taldir eru í 53. gr. samnings þessa og samþykkis ríkisstjórnarinnar. Rísi, að því er varðar aðstoðarsamningana, nokkur ágreiningur, þar sem ríkisstjórnin hefur hagsmuna að gæta, skal ákvörðun um slíkan ágreining fara eftir 46. og 47. gr. samnings þessa.

V. KAFLI
ISAL

20. gr.
Stofnun ISALs.

20.01. Alusuisse heimilast sem einkastofnanda og einkahluthafa eða, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar við þátttöku annarra hluthafa, ásamt einum eða fleiri minnihluta hluthöfum:

a) að láta stofnsetja ISAL eftir samningi þessum og samkvæmt íslenzkum lögum með þeim breytingum, sem af staðfestingarlögunum leiðir;

b) að láta ISAL starfa sem félag og stunda viðskipti sín í þeim tilgangi, er segir í samningi þessum og í stofnskrá þess og samþykktum, og neyta hluthafaréttinda í ISAL að öllu leyti; og

c) að sjá um uppgjör og félagsslit ISALs samkvæmt samningi þessum og viðeigandi íslenzkum lögum, með þeim fyrirvara, sem leiðir af ákvæðum málsgr. 24.03.

Þess er ekki krafizt af Alusuisse, að það verði skrásett á Íslandi vegna hlutdeildar þess og starfsemi í sambandi við ISAL.

20.02. Við samþykkt og skráningu á stofnskrá og samþykktum ISALs, skal ISAL verða hlutafélag samkvæmt íslenzkum lögum með þeim breytingum, sem af staðfestingarlögunum leiðir, og skal sem slíkt eiga og mega notfæra sér öll félagsréttindi, sem veitt eru með stofnskrá þess og samþykktum og íslenzkum lögum þannig breyttum.

21. gr.
Hlutafé ISALs.

Innborgað hlutafé ISALs, eins og það er ákveðið á hverjum tíma, skal aldrei vera minna en sem svarar fjárhæð, er jafngildir einum þriðja hluta af bókfærðu verði fastafjármuna þess. Upphaflegt hlutafé ISALs má auka hvenær sem er, eftir því sem rekstur ISALs krefst, í samræmi við ákvæði samþykkta þess. Hlutafé ISALs má lækka hvenær sem er, með breytingum á samþykktum þess, á þann hátt, er í þeim greinir, þó þannig, að hlutafé ISALs skal ekki lækka niður fyrir fjárhæð, er jafngildi einum þriðja hluta af bókfærðu verði fastafjármuna þess.

22. gr.
Hlutabréf í ISAL.

22.01. Hlutabréf í ISAL skal gefa út og skrá á nafn Alusuisse og, ef Alusuisse fer fram á það og ríkisstjórnin samþykkir það, á nafn eins eða fleiri minnihluta hluthafa. Enn fremur má Alusuisse, með samþykki ríkisstjórnarinnar, selja og framselja hlutabréf í ISAL til eins eða fleiri minnihluta hluthafa við því verði, sem Alusuisse ákveður, að því áskildu þó, að eftir slíka útgáfu eða sölu skal Alusuisse aldrei eiga minna en fimmtíu og einn hundraðshluta (51%) þeirra útistandandi hlutabréfa, sem almennur atkvæðisréttur í ISAL fylgir.

22.02. Alusuisse eða minnihluta hluthafa er óheimilt að selja, framselja eða veðsetja hlutabréf í ISAL, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Áritun um takmörkun þessa á framsalsrétti skal prenta á sérhvert hlutabréf eða hlutafjárskírteini á íslenzku og ensku.

22.03. Ef hlutabréf í ISAL hafa verið gefin út eða framseld minnihluta hluthafa með samþykki ríkisstjórnarinnar, skal minnihluta hluthafinn þar með og svo lengi sem hann á slík hlutabréf öðlast og vera aðnjótandi réttinda hluthafa í ISAL og þeirra hagsbóta, sem því fylgja, þó með þeim skilmálum og skilyrðum, sem segir í þessari málsgrein. Án þess að takmarka rétt ríkisstjórnarinnar til þess að setja önnur skilyrði fyrir veitingu samþykkis síns til slíkrar útgáfu eða framsals á hlutabréfum í ISAL, skal það þó jafnan vera skilyrði fyrir slíkri útgáfu eða framsali, að hinn væntanlegi minnihluta hluthafi undirriti og afhendi ríkisstjórninni skriflegt skjal í því formi, er ríkisstjórnin telur fullnægjandi, þar sem minnihluta hluthafinn skal meðal annars samþykkja og fallast á öll ákvæði og skilmála samnings þessa og fylgiskjalanna og skal samþykkja að vera bundinn af öllum slíkum ákvæðum og skilmálum að svo miklu leyti, sem þau eiga við um minnihluta hluthafa, þar með talin, en ekki einvörðungu, ákvæði 45., 46. og 47. gr. samnings þessa.

23. gr.

Stjórn og endurskoðendur ISALs.

23.01. Stjórn ISALs skal í upphafi skipuð sjö mönnum, og skulu tveir þeirra tilnefndir af ríkisstjórninni. Stjórnendur ISALs þurfa ekki að vera hluthafar. Verði stjórnendur fleiri eða færri en sjö, ber ríkisstjórninni réttur til að eiga fulltrúa í engu óhagstæðara hlutfalli en í upphafi. Meirihluti stjórnarmanna skulu vera íslenzkir ríkisborgarar, þar á meðal stjórnarformaður, og skulu fulltrúar ríkisstjórnarinnar teljast með þeim meirihluta. Stjórnarmenn, sem eigi eru íslenzkir ríkisborgarar, þurfa eigi að eiga búsetu eða lögheimili á Íslandi. Stjórnin skal kosin árlega á aðalfundi ISALs að undanskildum skipuðum fulltrúum ríkisstjórnarinnar.

23.02. Á aðalfundi ISALs skal kjósa tvo endurskoðendur, er hafi það hlutverk að athuga ár hvert reikninga ISALs og gerðir stjórnarinnar að því leyti, sem þeir telja nauðsynlegt. Endurskoðendur má eigi kjósa úr hópi stjórnarmanna, en kjósa má þá úr hópi hluthafa eða utan. Annar endurskoðendanna þarf ekki að vera íslenzkur ríkisborgari.

24. gr.

Atkvæðagreiðslur.

24.01. Eitt atkvæði fylgir hverri kr. 1.000.000 (einnar milljónar króna) hlutareign, og Alusuisse og sérhverjum hluthafa öðrum skal heimilt að neyta atkvæða á öllum fundum ISALs án takmörkunar fyrir samanlagða tölu þeirra hluta, sem skráðir eru á nafn þess eða þeirra.

24.02. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum stofnskrár félagsins og samþykkta, skal löglega boðaður aðalfundur ISALs og sérhver aukafundur félagsins eiga og fara með æðsta vald í öllum málum ISALs og án takmörkunar á framanskráðu skal árlegur aðalfundur þess eiga fullan rétt og úrslitavald til þess:

a) að kjósa stjórn (að undanskildum stjórnarmönnum, sem ríkisstjórnin skipar); og

b) að ákveða upphæð arðs og ákveða tilgang og upphæð varasjóðs, sem lagður verði til hliðar af hagnaði ISALs, og breyta fjárhæð slíks varasjóðs eins og hæfilegt kann að þykja.

24.03. Alusuisse skal ekki framkvæma eða leyfa félagsslit, skipti eða uppgjör ISALs, né heldur samruna þess eða sameiningu eða sölu allra eða verulegs hluta allra eigna félagsins á samningstímabilinu, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

VI. KAFLI

SKATTAR OG GJALDSKYLDA

A. Framleiðslugjald.

25. gr.

Framleiðslugjald.

25.01. Með þeim undantekningum, er greinir í 31. gr., og í stað allra skatta nú eða síðar, venjulegra eða sérstakra, sem greiða ber skilyrðislaust eða í sérstökum tilgangi, samkvæmt íslenzkum lögum, skal leggja á ISAL og ISAL skylt að greiða eitt framleiðslugjald, er lagt sé á og greitt af hverri smálest áls, sem afskipað er frá bræðslunni eða sem telst umframbirgðir eins og ráðgert er í 28. gr. („framleiðslugjald").

25.02. Að tilskildum ákvæðum málsgr. 25.03, 26. gr. (nema að því er varðar staflið f) í þessari málsgr.) og 27. gr., verður framleiðslugjald á smálest sem hér segir:

a) frá upphafi rekstrar fram til AR III ..... US$ 12.50;

b) frá AR III til 15. árdags AR I ..... US$ 20.00;

c) frá 15. árdegi AR I til 15. árdags AR II ..... US$ 27.50;

d) frá 15. árdegi AR II til 15. árdags AR III ..... US$ 31.25;
e) frá 15. árdegi AR III, þar til að því kemur, að framleiðslugjaldið verði endurskoðað miðað við valdag, skv. 30. gr., eða ef það er ekki endurskoðað þannig, þar til samningur þessi gengur úr gildi ..... US$ 35.00;
f) frá því framleiðslugjaldið er endurskoðað miðað við valdag, skv. 30. gr., þar til að síðari valdegi kemur, eða þar til samningur þessi gengur úr gildi, skal framleiðslugjaldið nema upphæð, sem ákvörðuð verður skv. málsgr. 30.02 (eða eins og slík upphæð kann að verða leiðrétt samkv. málsgr. 30.11).

25.03. Fari svo á einhverju almanaksári eftir AR I, AR II eða AR III, að Landsvirkjun geti af einhverjum ástæðum, þar með talin óviðráðanleg öfl (force majeure) (að undanteknum takmörkunum skv. málsgr. 12.05 eða 12.06 í rafmagnssamningnum), eigi séð bræðslunni fyrir samningsbundnu rafmagni í því orkumagni, sem svarar lágmarksmagni, skal hverjum þeirra daga, sem tilteknir eru í stafliðum b), c), d), e) og f) í málsgr. 25.02 sem 15. árdagur AR I, AR II eða AR III, eða valdagur, eftir því sem við á, sem verður eftir að slíkur misbrestur á sér stað, frestað um þann hluta úr almanaksári, er svarar þeim hundraðshluta, sem hið afhenta orkumagn á árinu er minna en lágmarksmagn (í beinu hlutfalli við hvern hluta úr almanaksári).

26. gr.

Breytingar á framleiðslugjaldinu.

Upphæð framleiðslugjaldsins í Bandaríkjadollurum eins og hún er tilgreind í stafliðum a) til og með e) í málsgrein 25.02 skal hækka um sjö Bandaríkjadollara (US$ 7.00) á smálest fyrir sérhvert Bandaríkjacent (US$ 0.01) á enskt pund, sem heimsmarkaðsverð áls á útskipunartíma frá bræðslunni hækkar yfir tuttugu og sjö Bandaríkjacent (US$ 0.27) á enskt pund, og skal lækka um sjö Bandaríkjadollara (US$ 7.00) á smálest fyrir hvert Bandaríkjacent (US$ 0.01) á enskt pund, sem heimsmarkaðsverð áls fellur niður fyrir tuttugu og tvö Bandaríkjacent (US$ 0.22) á enskt pund, en brot úr Bandaríkjacenti reiknast pro rata. Með tilliti til greinar þessarar reiknast heimsmarkaðsverð áls sem verð á hrááls-klumpum að lágmarkshreinleika 99.50% eins og það er auglýst vikulega í „Metal Bulletin", London, á grundvelli tilkynninga á hverjum tíma frá Aluminium Limited, Montreal, Kanada, sem útflutningsverð fyrir Evrópumarkað uppgefið í Bandaríkjacentum á enskt pund eða eins og auglýst er í hverju því riti, sem hverju sinni kynni að koma í stað „Metal Bulletin", London, í alþjóðaáliðnaðinum.

27. gr.

Hámarks- og lágmarksákvæði og gjaldfrestur á skatti.

27.01. Þrátt fyrir ákvæði 25. gr., 26. gr., málsgr. 27.02 og 30. gr., ber ISAL að greiða lágmarks framleiðslugjald án tillits til framleiðslu eða nettóhagnaðar, að upphæð 100.000 Bandaríkjadollarar hvert almanaksár, frá AR I og til AR III, og síðan lágmarks framleiðslugjald að upphæð 200.000 Bandaríkjadollarar hvert almanaksár; þó þannig að slíkt lágmarks framleiðslugjald reiknist hlutfallslega, ef þörf krefur, á því almanaksári, sem AR I og AR III ber upp á.

27.02. Að tilskildum ákvæðum málsgr. 27.01 og 27.05 skal framleiðslugjaldið eins og það er reiknað samkvæmt 25. gr., 26. gr. eða 30. gr., sem í heild verður gjaldskylt á hverju almanaksári, aldrei fara fram úr fimmtíu af hundraði (50%) nettóhagnaðar ISALs (skv. skilgreiningu málsgr. 27.04) á því ári.

27.03. Hafi ISAL að dómi Alusuisse greitt meira en fimmtíu af hundraði (50%) af nettóhagnaði sínum í framleiðslugjald fyrir eitthvert almanaksár, er Alusuisse heimilt að tilkynna það ríkisstjórninni, og ber þá skylda til að sanna með endurskoðuðum reikningum, að framleiðslugjaldið hafi numið meiru en fimmtíu af hundraði (50%) af nettóhagnaði ISALs það ár. Hina endurskoðuðu reikninga (svo og hina endurskoðuðu reikninga, sem krafizt er samkvæmt málsgr. 30.03) ber að leggja fyrir ríkisstjórnina á grundvelli ársreikninga ISALs fyrir viðkomandi ár og séu þeir samdir af óháðum löggiltum endurskoðendum, sem Alusuisse velur. Ríkisstjórnin hefur rétt til að skipa á sinn kostnað alþjóðafyrirtæki óháðra löggiltra endurskoðenda til að yfirfara og sannprófa slíka reikninga og ársreikninga ISALs fyrir hvaða ár sem er, og heimilast endurskoðendum þessum að framkvæma þá athugun á bókum og skjölum ISALs, sem þeir kunna að telja nauðsynlega. Endurskoðaða reikninga, að undanskildum reikningum, sem nota skal í þeim tilgangi, er greinir í málsgr. 30.03, fyrir hvaða ár sem er, ber Alusuisse að leggja fyrir ríkisstjórnina eigi síðar en 1. maí næsta ár á eftir, og kjósi ríkisstjórnin að láta athuga slíka reikninga og ársreikninga, ber að ljúka þeirri athugun fyrir 1. september það ár.

27.04. Útreikning nettóhagnaðar ISALs vegna VI. kafla samnings þessa ber að grundvalla á viðurkenndum bókhaldsreglum, sem eiga við um iðnaðarfyrirtæki af sams konar stærð og tegund og ISAL, og samkvæmt hlutlægum mælikvarða á viðskiptaháttum milli óskyldra aðila, að því er varðar öll viðskipti ISALs, og skal hann fylgja eftirtöldum reglum:

a) verksmiðjukostnaður fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrri stækkunar og síðari stækkunar hennar afskrifaður með jöfnum ársafskriftum á 15 ára tímabili frá AR I, AR II og AR III að telja, eftir því sem við á;

b) einkaleyfisgjöld, leyfisgjöld, verkfræði- og sérfræðiþóknun, svo og söllaun, reiknist samkvæmt ákvæðum aðstoðarsamninganna (fylgiskjöl C1, C2 og C3); og

c) vaxtakjör í samræmi við fyrsta flokks lánstraust og eðlilegur fjárútvegunarkostnaður og skuldagreiðsluáætlanir af hálfu ISALs.

Nettóhagnað ISALs skal reikna út að frádregnum rekstrarkostnaði og -útgjöldum, þar með taldir skattar og gjöld, sem tilgreind eru í 31. grein, og án frádráttar á greiðslum á framleiðslugjaldi, arði og varasjóðstillögum.

27.05. Fari svo, að Alusuisse sýni fram á samkvæmt ákvæðum málsgr. 27.03, að greiðslur ISALs á framleiðslugjaldinu hafi eitthvert almanaksár farið fram úr fimmtíu af hundraði (50%) nettóhagnaðar ISALs það sama ár, ber ISAL skattinneign er samsvari umframgreiðslunni frá 31. des. þess árs að telja. Slík skattinneign flyzt með 5% ársvöxtum og skal mæta síðari greiðslum á framleiðslugjaldi, eins og hér segir:

a) á því tímabili, sem framleiðslugjaldið er tiltekið sem US$ 12.50 í staflið a) málsgr. 25.02, dregst skattinneignin frá sérhverri greiðslu ISALs, svo fremi að, en eingöngu að svo miklu leyti sem framleiðslugjaldið fer þá fram úr US$ 12.50 við hækkun samkvæmt 26. gr.;

b) á því tímabili, sem framleiðslugjaldið er tiltekið sem US$ 20.00 í staflið b) málsgr. 25.02, dregst skattinneignin frá sérhverri greiðslu ISALs, svo fremi að, en eingöngu að svo miklu leyti sem framleiðslugjaldið fer þá fram úr US$ 20.00 við hækkun samkvæmt 26. gr.;

c) á þeim tímabilum, sem tilgreind eru í stafliðum c), d), e) og f) í málsgr. 25.02, dregst skattinneignin frá sérhverri greiðslu ISALs, svo fremi að, en eingöngu að svo miklu leyti sem framleiðslugjaldið, hvort sem það hefur verið leiðrétt samkv. ákvæðum 26. gr. eða endurskoðað samkv. ákvæðum 30. gr. (eða síðan leiðrétt samkv. ákvæðum málsgr. 30.11), fer þá fram úr US$ 20.00.

28. gr.

Söfnun á umframbirgðum.

28.01. Fari svo, að ISAL safni birgðum af áli, sem framleitt hefur verið í bræðslunni, að því magni og á þeim tímabilum, sem hér segir:

a) frá AR I til AR II af áli umfram 10.000 smálestir;
b) frá AR II til AR III af áli umfram 15.000 smálestir; og
c) frá AR III og síðan þar til samningur þessi gengur úr gildi af áli umfram 20.000 smálestir;

ber ISAL að greiða framleiðslugjaldið á þann umfram smálestafjölda af áli („umframbirgðir") eins og útskipun hefði þá farið fram. ISAL skal mánaðarlega leggja fyrir ríkisstjórnina skýrslur um birgðasöfnun af áli hjá bræðslunni.

28.02. Framleiðslugjaldið, sem ISAL ber að greiða af umframbirgðum, verður gjaldskylt, þegar ríkisstjórnin tilkynnir, og skal greiða það innan þrjátíu daga; þó þannig, að framleiðslugjaldið skal eigi lagt á ISAL vegna áls við útskipun, ef gjaldið hefur þegar verið lagt á það ál sem umframbirgðir.

29. gr.

Framkvæmdaratriði.

29.01. Framleiðslugjaldið verður gjaldskylt við sérhverja útskipun áls úr bræðslunni, nema ISAL sýni fram á, að framleiðslugjaldið hafi verið lagt á alla slíka útskipun eða hluta hennar sem umframbirgðir samkvæmt ákvæðum málsgr. 28.02. Greiðslur skulu fara fram þrjátíu dögum eftir afgreiðslu flutningaskipsins, þegar um er að ræða ál, sem út er flutt með skipi, eða afgreiðslu landflutningatækja frá bræðslulóðinni, þegar um er að ræða ál, sem flutt er landveg. Hin gjaldskylda upphæð í hverju tilviki skal reiknuð á grundvelli farmskírteina eða annarra flutningsskjala, sem út eru gefin vegna álsins, og samkvæmt bókum ISALs, og er háð eðlilegum aðgerðum varðandi sannprófun og eftirlit.

29.02. ISAL skal greiða framleiðslugjaldið í Bandaríkjadollurum, eða öðrum gjaldeyri, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um, og í bankareikning, sem ríkisstjórnin tilgreinir í þessum tilgangi.

30. gr.

Endurskoðun á framleiðslugjaldi.

30.01. Framleiðslugjaldið skal endurskoðað samkvæmt skriflegum tilmælum ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse á valdegi eða miðað við þann dag, ef gildistími samnings þessa er framlengdur samkvæmt málsgr. 49.01; þó þannig, að sá samningsaðili, er endurskoðunar óskar, skal hafa tilkynnt gagnaðilanum um tilmæli sín í þá átt með að minnsta kosti sex mánaða fyrirvara. Ef samningstíminn er framlengdur á valdegi, en hvorugur samningsaðili gefur út slíka tilkynningu, skal þáverandi framleiðslugjald halda gildi sínu til næsta valdags, eða þar til samningur þessi rennur út, eftir því sem við á.

30.02. Upphæð hins endurskoðaða framleiðslugjalds á valdegi eða frá þeim degi að telja, skal ákveðin á grundvelli eftirfarandi líkingar:

$$T = \frac{NP \times TL}{A}$$

þar sem:

T = framleiðslugjaldið, eins og það hefur verið endurskoðað, í Bandaríkjadollurum á smálest af áli.
NP = árlegur nettóhagnaður ISALs miðað við valdag, ákveðinn samkvæmt málsgr. 30.03.

TL = íslenzka skattstigið miðað við valdag (tilgreint sem brot), ákveðið samkvæmt málsgr. 30.04.
A = ársálframleiðsla bræðslunnar í smálestum miðað við valdag, ákveðin samkvæmt málsgr. 30.05.

30.03. Í grein þessari merkir „árlegur nettóhagnaður ISALs miðað við valdag" upphæð í Bandaríkjadollurum, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um með hliðsjón af:

a) árlegum meðaltalsnettóhagnaði ISALs um fimm næstliðin ár, ákveðnum samkvæmt málsgr. 27.04 og endurskoðuðum samkvæmt málsgr. 27.03; og

b) áætluðum árlegum meðaltalsnettóhagnaði ISALs, er byggist á fimm ára forsögn um sölutekjur, rekstrarkostnað, fyrningu, vexti og fjármagnskostnað og reglubundnum ráðstöfunum til endurnýjunar bræðslunnar, sem ákveðinn er í samræmi við ákvæði málsgr. 27.04 og samrýmanlegur er við endurskoðuð reikningsuppgjör þau, sem um ræðir í staflið a) í málsgrein þessari (30.03).

30.04. Í grein þessari merkir „íslenzka skattstigið miðað við valdag" það brot, er hefur sem teljara:

a) árlega samanlagða skattbyrði ISALs, reiknaða í Bandaríkjadollurum, er leiða myndi af álagningu valdagsskattanna á ISAL, eins og þeir eru skilgreindir í málsgr. 30.08 og samkvæmt málsgr. 30.09 og 30.10;

en nefnari þess skal vera:

b) árlegur nettóhagnaður ISALs miðað við valdag.

Áskilið er, að íslenzka skattstigið miðað við valdag fari ekki fram úr fimmtíu af hundraði (50%) að því er varðar ákvæði málsgr. 30.02.

30.05. Í grein þessari skal ársálframleiðsla bræðslunnar í smálestum miðað við valdag nema því magni, er ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um með hliðsjón af:

a) meðalársframleiðslu bræðslunnar á næstliðnu fimm ára tímabili; og

b) áætlaðri ársframleiðslu bræðslunnar á grundvelli fimm ára forsagnar.

30.06. Eftirfarandi skattar, sem nú eru álagðir samkvæmt íslenzkum lögum, hafa verið teknir inn í framleiðslugjaldið:

a) tekjuskattur samkvæmt lögum nr. 90/1965;
b) tekjuútsvar samkvæmt lögum nr. 51/1964 og 67/1965;
c) eignaskattur samkvæmt lögum nr. 90/1965;
d) eignaútsvar samkvæmt lögum nr. 51/1964 og 67/1965;
e) fasteignaskattur samkvæmt lögum nr. 51/1964;
f) aðstöðugjald samkvæmt lögum nr. 51/1964;
g) iðnlánasjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 45/1963;
h) kirkjugarðsgjald, sem lagt er á sem álag á skatta þá, sem taldir eru í staflíðum b), d) og f) í þessari málsgrein, samkvæmt lögum nr. 21/1963; og
i) byggingarsjóðsgjald, sem lagt er sem álag á skatta þá, sem taldir eru í staflíðum a) og c) í þessari málsgrein, samkvæmt lögum nr. 19/1965.

Framleiðslugjaldið felur ekki í sér aðflutnings- og útflutningsgjöld eins og þau eru skilgreind í málsgr. 14.06, eða skatta og gjöld, sem kveðið er á um í 31. gr.

30.07. Skattar þeir, sem taldir eru í málsgr. 30.06 og sameinaðir hafa verið í framleiðslugjaldinu, fela í sér þá skattabyrði, sem leiðir af öllum núverandi íslenzkum sköttum af eftirfarandi tegund:

a) tekjuskattar;
b) almennir eignaskattar eða nettóverðmætisskattar;
c) fasteignaskattar, sem eru almenns eðlis og ekki álagðir með sérstakri tilvísun eða tilgangi;
d) skattar á viðskiptaútgjöld (svo sem samkvæmt lögum nr. 51/1964) og veltu eða verðmætisaukningu (sem ekki eru nú til á Íslandi), sem allir eru þess

eðlis að ekki er heimilt samkvæmt lögum að velta þeim beint yfir á viðskiptavini fyrirtækisins í sambandi við ákveðin viðskipti; og

e) sérhver gjöld, sem á eru lögð sem álag á eða hluti af þeim sköttum, sem vitnað er til í stafliðum a) til d) í þessari málsgrein, að báðum meðtöldum.

30.08. Skattar þeir, sem sameinaðir verða í hinu endurskoðaða framleiðslugjaldi samkvæmt þessari grein, skulu vera skattar þeir, sem taldir eru í málsgr. 30.06, ef þeir eru í gildi miðað við valdag, svo og sérhverjir skattar, sem koma kunna í þeirra stað eða bætast við og á eru lagðir miðað við þann dag og eru sömu tegundar og skattar þeir, sem lýst er í málsgr. 30.07 („Valdagsskattar").

30.09. Valdagsskattar skulu teknir inn í hið endurskoðaða framleiðslugjald, hvort sem þeir eru á lagðir af ríkisstjórninni eða bæjar- og sveitarstjórn, og hvort sem þeir renna í ríkissjóð eða annan sjóð. Þegar um skatta bæjar- eða sveitarstjórnar er að ræða, skulu valdagsskattarnir fela í sér þá skatta, sem greiddir eru af íslenzkum félögum, sem skattskyld eru í Reykjavík. Valdagsskattarnir skulu koma fram í hinu endurskoðaða framleiðslugjaldi að því marki eingöngu, sem þeir eiga almennt við um iðnfyrirtæki, sem viðskipti reka á Íslandi, og eru reglubundnar álögur, sem lagðar eru á árlega eða með öðru tímabundnu millibili eða á annan reglubundinn hátt.

30.10. Valdagsskattar skulu reiknaðir á grundvelli árlegs nettóhagnaðar ISALs miðað við valdag, að því er tekur til skatta, sem byggjast á nettótekjum, og á viðeigandi skattstofn, að því er tekur til skatta, sem ekki miðast við nettótekjur. Útreikningur til skatts á árlegum nettóhagnaði ISALs miðað við valdag skal byggður á þeim almennu grundvallarreglum um bókhald, sem tilgreindar eru í málsgr. 27.04, og þeim sérstöku bókhaldsreglum, sem beitt kann að hafa verið við ISAL á hverjum tíma við uppgjör, sem gerð hafa verið samkvæmt ákvæðum málsgr. 27.03. Að áskildu því, sem að framan greinir, skal álagning valdagsskatta á árlegan nettóhagnað ISALs miðað við valdag, og viðeigandi skattstofn þeirra skatta, sem ekki miðast við nettótekjur, framkvæmd á grundvelli þeirrar íslenzku skattalöggjafar, sem þá er í gildi. Álagning valdagsskatta skal byggð á lögákveðinni stighæð. Ef skattayfirvöld hafa valfrelsi um stighæð einhverra skatta, skal það skattstig ráða, sem almennt er beitt á valdegi.

30.11. Meginregla sú, sem sett er í 26. gr. varðandi leiðréttingar á framleiðslugjaldinu miðað við hækkun og lækkun á heimsmarkaðsverði á áli, skal taka til hins endurskoðaða framleiðslugjalds á þann hátt, sem ríkisstjórnin og Alusuisse koma sér saman um.

30.12. Með þeim fyrirvara, sem segir í málsgr. 30.01, skal ISAL vera háð álagningu og greiðslu hins endurskoðaða framleiðslugjalds með þeirri upphæð, sem ákveðin verður samkvæmt málsgr. 30.02 og leiðrétt samkvæmt málsgr. 30.11, frá valdegi að telja og til næsta valdags, eða þar til samningur þessi rennur út, eftir því sem við á. Hið endurskoðaða framleiðslugjald skal vera háð ákvæðum 27. gr., 28. gr. og 29. gr.

B. Almenn skatta- og gjaldaákvæði.

31. gr.
Aðrir skattar og gjöld.

31.01. Auk framleiðslugjaldsins, sem ISAL ber að greiða, skal ISAL skylt að greiða þá skatta og gjöld, sem núgildandi lög gera ráð fyrir, að því marki og í þeim mæli, sem segir í þessari málsgrein (svo og aðra svipaða skatta og gjöld, sem almennt eru þau sömu að upphæð og síðar kunna að verða lögleidd):

a) stimpilgjöld samkvæmt lögum nr. 75/1921 (með áorðnum breytingum) af útgáfu á hlutabréfum ISALs og síðari aukningu á hlutafé félagsins, er nemi i) einum og sex tíundu hlutum af hundraði (1.6%) fyrir fyrstu tíu milljón krónurnar

(kr. 10.000.000) af hlutafé og ii) tveim tíundu úr einum hundraðshluta (0.2%) af hlutafé, sem er fram yfir tíu milljónir króna (kr. 10.000.000);

b) stimpilgjöld samkvæmt lögum nr. 75/1921 (með áorðnum breytingum) af framsölum á hlutabréfum, er nemi 0.24% af nafnverði;

c) stimpilgjöld samkvæmt lögum nr. 75/1921 (með áorðnum breytingum) af útgáfu eða framsali á viðskiptabréfum, á nafn eða til handhafa, útgefnum af ISAL, sem bera vexti og ætlað er að ganga manna í milli, er nemi i) 0.24% af nafnverði, ef þau eru án tryggingar, og ii) 0.72% af nafnverði, ef þau eru tryggð með veði eða ábyrgð;

d) stimpilgjöld samkvæmt lögum nr. 75/1921 (með áorðnum breytingum) af afsalsbréfum og leigusamningum um fasteignir (að undanskildum leigumála þeim fyrir bræðslulóðina, sem gerður er samkvæmt 2. gr. hafnar- og lóðarsamningsins), og af vátryggingarskírteinum og öðrum skjölum samkvæmt þeim taxta, sem í gildi er, þegar þau viðskipti eiga sér stað;

e) þungaskatt, nema fyrir sérstök ökutæki, sem einungis eru notuð innan bræðslulóðarinnar við rekstur bræðslunnar, benzíngjald og gúmmígjald samkvæmt lögum nr. 71/1963 (með áorðnum breytingum), allt samkvæmt þeim töxtum, sem í gildi eru á hverjum tíma samkvæmt lögunum; og vegatolla samkvæmt ákvæðum 95. gr. laga nr. 71/1963, miðað við þann taxta, sem í gildi er á hverjum tíma samkvæmt lögunum;

f) þinglýsingargjöld samkvæmt lögum nr. 104/1965 við þinglýsingu á afsalsbréfum og veðbréfum samkvæmt þeim töxtum, sem í gildi eru á hverjum tíma samkvæmt lögunum (þar á meðal gjald fyrir þinglýsingu hafnar- og lóðarsamningsins eða viðeigandi hluta af honum, eftir því sem segir í 24. gr. laganna);

g) ýmis skrásetningar- og leyfisgjöld samkvæmt lögum nr. 104/1965 miðað við þá taxta, sem í gildi eru á hverjum tíma samkvæmt lögunum; og skráningargjöld vélknúinna ökutækja samkvæmt 32. gr. téðra laga (nema fyrir sérstök ökutæki, sem einungis eru notuð innan bræðslulóðarinnar við rekstur bræðslunnar) miðað við þann taxta, sem í gildi er á hverjum tíma samkvæmt lögunum;

h) skoðunargjald bifreiða samkvæmt lögum nr. 26/1958 (nema fyrir sérstök ökutæki, sem einungis eru notuð innan bræðslulóðarinnar við rekstur bræðslunnar); og skipaskoðunargjald fyrir sérstaka flutningapramma ISALs samkvæmt lögum nr. 50/1959, hvort tveggja miðað við þann taxta, sem í gildi er á hverjum tíma samkvæmt téðum lögum;

i) öryggiseftirlitsgjald samkvæmt lögum nr. 23/1952, miðað við kostnað af skoðun á bræðslunni;

j) leyfisgjöld samkvæmt lögum nr. 30/1960 og 92/1965 af innfluttum vörum, sem taldar eru í málsgr. 14.02, ef þess er krafizt í téðum lögum, og samkvæmt þeim taxta, sem þar er tiltekinn; og af yfirfærslum fyrir ISAL á íslenzkum peningum í erlendan gjaldeyri, eftir þeim taxta, sem tiltekinn er í téðum lögum;

k) skipulagsgjald samkvæmt lögum nr. 19/1964 af öllum byggingum, sem skilgreindar eru sem „hús“ í málsgr. 31.05;

l) byggingarleyfisgjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, eins og hún verður að byggingu og búnaði með 120 megavatta málraun, er nemi einni milljón og fimm hundruð þúsund krónum (kr. 1.500.000) og greiðist hinn 1. janúar 1967; og

m) gatnagerðargjald til kaupstaðarins vegna bræðslunnar, eins og hún verður að byggingu og búnaði með 120 megavatta málraun, er nemi þremur milljónum og fimm hundruð þúsund krónum (kr. 3.500.000) og greiðist hinn 1. janúar 1967.

31.02. a) ISAL skal skylt að greiða söluskatt samkvæmt lögum nr. 10/1960 (með áorðnum breytingum), eða að þola álag hans, og sérhvern innlendan söluskatt eða svipaðan veltu- eða framleiðsluskatt, sem síðar kann að verða í lög leiddur og heimilt er að velta yfir í tilteknum viðskiptum, að því er tekur til:

i) hvers konar vörukaupa ISALs á íslenzkum markaði og hvers konar þjónustu, sem ISAL er látin í té á Íslandi; og
ii) hvers konar sölu af hálfu ISALs á íslenzkum markaði, þar með talin sala á áli og hvers konar umframbirgðum eða búnaði.

b)
i) ISAL skal ekki háð sköttum af framangreindu tagi vegna rafmagns samkvæmt rafmagnssamningnum, né heldur vegna nokkurrar starfsemi á bræðslulóðinni, sem ISAL framkvæmir sjálft, þar með talin þjónusta og vinnsla, eða sem Alusuisse annast samkvæmt aðstoðarsamningunum;
ii) söluskatturinn eða aðrir skattar af framangreindu tagi skulu ekki lagðir á vörur þær, sem taldar eru í málsgr. 14.01 í samningi þessum og ISAL flytur inn, sem eru notaðar, nýttar, unnar eða ísettar á bræðslulóðinni við byggingu bræðslunnar af hálfu ISALs eða einhvers verktaka ISALs eða af hálfu ISALs í rekstri bræðslunnar;
iii) á grundvelli laga nr. 10/1960 (með áorðnum breytingum) skulu verktakar, sem inna af hendi vinnu eða þjónustu við byggingu bræðslunnar, vera undanþegnir söluskatti að því er tekur til vinnulauna og tæknilegs og stjórnunarlegs fastakostnaðar, þar með talinn fjármagnskostnaður og ágóðahlutur. Sama undanþága skal, meðan á byggingu stendur, gilda um þá skatta framangreinds eðlis, sem síðar kunna að verða lögleiddir.

31.03. ISAL skal skylt að greiða eftirtalin félagsleg gjöld, sem heyra til hagsbóta á sviði félagslegs öryggis og íslenzkum vinnuveitendum ber nú að greiða:
a) lífeyrisiðgjald atvinnurekenda samkvæmt lögum nr. 40/1963 (með áorðnum breytingum);
b) slysatryggingagjald samkvæmt lögum nr. 40/1963;
c) atvinnuleysistryggingarsjóðsgjald samkvæmt lögum nr. 4/1959.

ISAL skal skylt að greiða þau félagsleg gjöld, sem framvegis kunna að verða lögleidd til hagsbóta eða velferðar fyrir starfsfólk og íslenzkum vinnuveitendum ber almennt að greiða.

31.04. ISAL skal skylt að greiða skatta, sem lögleiddir verða sem þáttur í lausn almennrar vinnudeilu og iðnfyrirtækjum ber almennt að greiða í stað launahækkunar, svo sem launaskatt samkvæmt lögum nr. 14/1965, og svipaða skatta, sem síðar kunna að koma til og almennt eru sama eðlis.

31.05. ISAL skal hlíta lögum og reglugerðum um lögskyldar ábyrgðartryggingar, þar á meðal greiðsluskyldu um iðgjöld af þeim, á bifreiðum og öðrum ökutækjum (að undanskildum sérstökum ökutækjum, sem eingöngu eru notuð innan bræðslulóðarinnar í rekstri bræðslunnar), samkvæmt lögum nr. 26/1958 og svipuðum lögum. er síðar koma til. ISAL skal vátryggja byggingar (að frátöldu fylgifé og búnaði), sem reistar eru á bræðslulóðinni, gegn bruna í samræmi við ákvæði laga nr. 9/1955, þó þannig, að bræðslukerjasalir, steypuhús, geymsluturnar og geymar bræðslunnar teljast ekki „hús“ í skilningi laganna.

31.06. ISAL skal skylt að greiða iðnaðarrannsóknagjald samkvæmt lögum nr. 64/1965 á laun verkamanna og fagmanna, miðað við þann taxta, sem nú er tiltekinn í lögunum.

31.07. ISAL skal greiða fyrir þjónustuþægindi, sem veitt eru að beiðni þess, svo sem síma, vatn frá vatnsveitu bæjar- eða sveitarfélags og skolplögn.

31.08. Allar greiðslur, sem greiða ber samkvæmt þessari grein, skal inna af hendi í íslenzkum gjaldeyri.

32. gr.
Tvísköttun.

Til þess að koma í veg fyrir tvísköttun skal litið svo á, að hvorki Alusuisse, neitt dótturfélag Alusuisse né nokkur minnihluta hluthafi hafi fasta starfsstöð á Íslandi, að því er varðar skattamál, vegna hlutdeildar þeirra og starfsemi í sambandi við ISAL einna saman.

33. gr.
Ákvæði varðandi gjaldskyldu.

33.01. Ákvæði samnings þessa, ásamt ákvæðum fylgiskjalanna, skulu ein vera ráðandi um gjaldskyldu í skiptum milli ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og kaupstaðarins annars vegar, og Alusuisse, minnihluta hluthafa og ISALs hins vegar, sem rísa kann af hvers konar hlutdeild í ISAL eða starfsemi í sambandi við það meðan samningur þessi og fylgisamningarnir eru í gildi og allt að 10 árum eftir að þeir renna út eða er rift. Án takmörkunar á almennu orðalagi hér að framan, skal sérstaklega eigi leggja neina aðra skatta né gjöld á Alusuisse, neinn minnihluta hluthafa né ISAL vegna neinnar fjárfestingar í ISAL, byggingar og rekstrar bræðslunnar, greiðslu arðs og vaxta, greiðslu á framleiðsluleyfis- eða einkaleyfisgjöldum og þóknun samkvæmt aðstoðarsamningunum, framsals á hlutabréfum eða eignum, lækkunar á hlutafé ISALs, skiptameðferðar og félagsslita ISALs, er samningur þessi og fylgisamningarnir renna út eða er rift, eða, allt að tíu árum þar á eftir, vegna enduryfirfærslu á hlutafé, afgangsfé eða framlögum samkvæmt 50. gr., né nokkurrar annarrar hlutdeildar í eða starfsemi í sambandi við ISAL.

33.02. Að undanskildu því, er greinir í samningi þessum og rafmagnssamningnum, skal eigi leggja á ISAL, beint eða óbeint, neins konar skatt né gjald í sambandi við öflun, flutning, spennubreytingu, afriðlun, notkun eða eyðslu á rafmagni, sem bræðslunni er látin í té samkvæmt rafmagnssamningnum.

VII. KAFLI
ALMENNT
A. Almenn ákvæði.

34. gr.
Húsnæði.

Þess er ekki krafizt af ISAL, að það sjái fyrir húsnæði handa íslenzkum starfsmönnum sínum, sem hafa fast starf við bræðsluna. Slíkir starfsmenn skulu á venjulegan hátt hafa aðgang að húsnæðislánum, sem almennt eru fáanleg á Íslandi. Ef það skyldi verða nauðsynlegt að sjá slíkum starfsmönnum fyrir húsnæði, í kaupstaðnum eða annars staðar, skal slíkt húsnæði, hvort sem séð er fyrir því beint með byggingu af hálfu ISALs eða óbeint með lánum til slíkra starfsmanna, njóta sömu aðstöðu og veitt er vegna annars húsnæðis á Íslandi, að því er varðar útvegun á skipulagsþjónustu (þar með talin vatnsveita, vatnsleiðslur, skolplögn, framræsla og rafmagn), og ISAL skal ekki hafa neinar sérstakar skyldur varðandi slíka skipulagsþjónustu sökum þess, að slíkt húsnæði sé notað af starfsmönnum þess.

35. gr.
Meðferð fjárfestinga.

35.01. Ríkisstjórninni ber jafnan að tryggja, að farið sé með fjárfestingar Alusuisse, minnihluta hluthafa og ISAL á réttlátan og sanngjarnan hátt, svo og að veita slíkum fjárfestingum ávallt vernd og öryggi á yfirráðasvæði sínu. Ríkisstjórnin skal ekki á neinn hátt skerða stjórn, viðhald, notkun, nýtingu eða ráðstöfun slíkra fjárfestinga með ósanngjörnum eða hlutdrægum aðgerðum.

35.02. Ríkisstjórnin skal ekki gera neinar ráðstafanir, sem beint eða óbeint svipta Alusuisse, minnihluta hluthafa eða ISAL neinum fjárfestingum þeirra eða hluta af þeim, nema:

a) slíkar ráðstafanir séu gerðar vegna almenningsþarfa og lögum samkvæmt;
b) slíkar ráðstafanir séu óhlutdrægar; og

c) slíkum ráðstöfunum sé fylgt eftir með greiðslu fullra bóta, sem nemi sannvirði fjárfestinga þeirra, er í hlut eiga, greiðist án teljandi tafa og fáist yfirfærðar í þeim mæli, sem nauðsynlegur er, til að slíkar bætur megi koma að haldi fyrir Alusuisse, minnihluta hluthafa eða ISAL, eftir því sem við á.

35.03. Ríkisstjórninni heimilast að grípa til aðgerða, er brjóta í bága við ákvæði greinar þessarar, einvörðungu ef:

a) hún á í styrjöld, ófriði eða öðrum alvarlegum þjóðfélagslegum vanda, sem upp kemur vegna óviðráðanlegra afla (force majeure) eða ófyrirséðra aðstæðna eða ógna mikilvægum öryggishagsmunum hennar; eða

b) aðgerðirnar eru framkvæmdar samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, eða að tillögu þess eða allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í þá átt að varðveita eða koma á aftur heimsfriði og öryggi.

Engar slíkar aðgerðir skulu vera víðtækari eða vara lengur en hin aðkallandi nauðsyn krefur.

36. gr.
Beztu kjör.

Hvorki Landsvirkjun né ríkisstjórnin munu bjóða neinum erlendum álframleiðanda hagstæðara rafmagnsverð fyrir álbræðslu á Íslandi en verð það og skilmála, er greinir í rafmagnssamningnum.

37. gr.
Rekstur á Norðurlandi og vinnsla úr áli.

Fari svo, að ríkisstjórnin hyggi á það í framtíðinni að byggja álbræðslu á Norðurlandi, lýsir Alusuisse yfir því, að félagið er reiðubúið að taka til vinsamlegrar athugunar þátttöku í slíku fyrirtæki í félagi við íslenzka aðila svo fremi, að það sé fjárhagslega hagkvæmt. Alusuisse mundi þá reiðubúið til að leggja bræðslufyrirtækinu til viðskiptalega og tæknilega aðstoð með sanngjörnum kjörum. Alusuisse og ISAL eru reiðubúin til að aðstoða íslenzka iðnaðaraðila við þróun úrvinnslu áls á Íslandi með því að leggja fram tæknikunnáttu og aðstoð og með fjárhagslegri þátttöku í slíkum framkvæmdum með þeim kjörum og skilmálum, sem ríkisstjórnin og Alusuisse kunna að verða ásátt um.

38. gr.
Breytingar á byggingar- og rekstrarkostnaði.

Hækki eða lækki byggingar- eða rekstrarkostnaður bræðslunnar, Búrfellsvirkjunar, hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna eða annarra skyldra mannvirkja, að meira eða minna leyti og af hvaða ástæðu sem er, hvort sem fyrirsjáanlegt var eða ekki, skulu slíkar breytingar ekki verða forsenda að breytingum, umskiptum eða undanþágu frá neinum ákvæðum samnings þessa eða neins fylgisamninganna og skulu engin áhrif hafa á skuldbindingar aðila hans og þeirra.

B. Óviðráðanleg öfl (force majeure).

39. gr.
Óviðráðanleg öfl (force majeure).

Í samningi þessum og fylgisamningunum eru óviðráðanleg öfl (force majeure) hér með skilgreind þannig, að þau taki til ófriðar (hvort sem um stríðsyfirlýsingu er að ræða eða ekki), styrjaldaraðgerða, byltinga, uppreisna, uppþota, fjöldauppnáms, múgæsinga, sprenginga, eldsvoða, jarðskjálfta, eldgosa, storma, flóðbylgja, flóða, ísa, þurrka, eldinga, sóttkvía, flutningabanna, almennrar stöðvunar á flutn-

ingum eða siglingum, eða hvers kyns ámóta atvika, sem ekki er unnt að koma í veg fyrir eða hafa stjórn á með eðlilegum ráðum af hálfu aðila samnings þessa eða fylgisamninganna, og í þessu tilliti skulu óviðráðanleg öfl (force majeure) einnig taka til allsherjarverkfalla, staðbundinna verkfalla eða ámóta vinnutruflana á Íslandi, sem aðili sá, er fyrir slíku verður, hefur ekki getað komið í veg fyrir eða haft stjórn á, enda þótt hann hafi beitt öllum eðlilegum ráðum, sem honum voru tiltæk, en eingöngu um þann tíma, sem aðilanum var ókleift að binda endi á ástandið með öllum slíkum ráðum, sem honum voru tiltæk.

40. gr.
Áhrif óviðráðanlegra afla (force majeure).

40.01. Eigi skal misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu aðila samnings þessa eða fylgisamninganna á að efna nokkra skuldbindingu sína eða að framfylgja nokkrum skilmálum eða skilyrðum samnings þessa eða fylgisamninganna teljast vanefnd á slíkri skuldbindingu, skilmála eða skilyrði, ef og að því leyti, sem slíkur misbrestur eða aðgerðarleysi stafar af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure).

40.02. Ef svo vill til, að misbrestur eða aðgerðarleysi verður af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), þá skulu skuldbindingar þær samkvæmt samningi þessum og fylgisamningunum og skilmálar þeir og skilyrði sömu samninga, sem eigi er unnt að efna sökum misbrests eða aðgerðarleysis, teljast hafa verið óvirk, á meðan slíkur misbrestur eða aðgerðarleysi varir, og án takmörkunar á almennu gildi þess, sem að framan greinir, og án þess að takmarka eða draga úr nokkrum beinum ákvæðum samnings þessa eða fylgisamninganna varðandi óviðráðanleg öfl:

a) ef slík óviðráðanleg öfl (force majeure) eru völd að truflun á því, að hlítt sé úrskurði eða dómi, sem vísað er til í málsgr. 41.02 a) iv) eða 41.02 b) iv), þá skulu tímatakmörk þau, sem tilgreind eru í slíkum úrskurði eða dómi varðandi slíka fullnægju hans (nema slíkur úrskurður eða dómur geri sérstaklega ráð fyrir slíku tilviki) framlengjast til jafns við tímalengd þeirra tafa, sem orsakast af völdum slíkra óviðráðanlegra afla (force majeure);

b) ef ISAL hefur látið undir höfuð leggjast að ljúka við fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrri stækkun bræðslunnar eða síðari stækkun bræðslunnar, á eða fyrir AR I, AR II eða AR III, eftir því sem við á, og ef þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru til að ljúka við sérhvern slíkan áfanga eða stækkun, verða síðan fyrir töfum af völdum slíkra óviðráðanlegra afla (force majeure), þá skal það tveggja ára tímabil, sem við á og vísað er til í málsgr. 41.02 a) i), framlengt til jafns við tímalengd þeirra tafa, sem slík óviðráðanleg öfl (force majeure) hafa valdið;

c) ef Landsvirkjun hefur látið undir höfuð leggjast að sjá ISAL fyrir samningsbundnu rafmagni á eða fyrir AR I, AR II eða AR III, eftir því sem við á, og ef byggingarframkvæmdir við Búrfellsvirkjun verða síðan fyrir töfum af völdum slíkra óviðráðanlegra afla (force majeure), þá skal það tveggja ára tímabil, sem við á og vísað er til í málsgr. 41.02 b) i), framlengt til jafns við tímalengd þeirra tafa, sem slík óviðráðanleg öfl hafa valdið; og

d) ef slík óviðráðanleg öfl (force majeure) valda töf á því, að bætt verði úr hvers konar riftunarvanefnd innan þess sextíu daga tímabils (eftir tilkynningu), sem vísað er til í málsgr. 41.03, þá skal slíkt sextíu daga tímabil framlengt til jafns við tímalengd þeirra tafa, sem slík óviðráðanleg öfl hafa valdið.

40.03. Sá aðili, sem bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl (force majeure) samkvæmt þessari grein, skal hafa sönnunarbyrði um tilvist slíkra óviðráðanlegra afla. Misbrestur eða aðgerðarleysi skal, að því er grein þessa varðar, því aðeins talið hafa orsakazt af óviðráðanlegum öflum (force majeure), að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, sanni a) að misbrestur hans eða aðgerðarleysi sé bein afleiðing af óviðráðanlegum öflum (force majeure), eins og þau eru skilgreind í 39. gr., og b) að sá aðili, sem hlut á að slíkum misbresti eða aðgerðarleysi, hafi

sýnt hæfilega aðgæzlu og gripið til allra þeirra ráða annarra, sem eðlileg mega teljast, til þess að forðast slíkan misbrest eða aðgerðarleysi.

40.04. Ef svo vill til, að misbrestur eða aðgerðarleysi af hálfu eins aðila, sem orsakast af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), geri öðrum aðila ókleift að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum eða fylgisamningunum, að öllu eða einhverju leyti og sá aðili, sem fyrir þessu verður, sannar a) að slík vanefnd sé bein afleiðing af misbresti eða aðgerðarleysi hins aðilans og b) að sá aðili, sem fyrir þessu verður, hafi sýnt hæfilega aðgæzlu og gripið til allra þeirra ráða annarra, sem eðlileg mega teljast, til að forðast slíka vanefnd, þá skal slík vanefnd af hans hálfu einnig talin hafa orðið af völdum óviðráðanlegra afla, að því er tekur til ákvæða þessarar greinar.

40.05. Ríkisstjórnin eða Alusuisse, eftir því sem við á, skulu þegar tilkynna hvort öðru um óviðráðanleg öfl (force majeure), sem valda einhverjum misbresti eða aðgerðarleysi við efndir á skuldbindingum samkvæmt samningi þessum eða fylgisamningunum, af hálfu ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar eða kaupstaðarins, annars vegar, og Alusuisse og ISAL, hins vegar, og skulu þau á sama hátt tilkynna þetta þeim aðilum, sem taldir eru í 53. gr. samnings þessa.

40.06. Sérhverjum aðila að samningi þessum eða fylgisamningunum, sem á verður misbrestur eða aðgerðarleysi í því að efna að öllu eða einhverju leyti skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum eða fylgisamningunum sökum óviðráðanlegra afla (force majeure), skal skylt að gera allt, sem í hans valdi stendur, til þess að draga úr áhrifum slíks misbrests eða aðgerðarleysis á fullar efndir skuldbindinga sinna. Þá skal hann og, jafnskjótt og hinna óviðráðanlegu afla (force majeure) gætir ekki lengur, beita öllum eðlilegum ráðum, sem á hans valdi eru, til að hefja á ný, og með minnstu mögulegum töfum, efndir á slíkum skuldbindingum.

40.07. Fari svo, að Búrfellsvirkjun eða bræðslan hafi verið með öllu eða að verulegu leyti eyðilögð af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), ber ríkisstjórninni og Landsvirkjun, annars vegar, og Alusuisse og ISAL, hins vegar, eftir því sem við á, skylda til að endurnýja slík mannvirki, nema óhagkvæmt væri eða fjárhagslega óheppilegt að ráðast í það. Aðilar þeir, sem fyrir slíku óláni verða, skulu eftir sem áður beita öllum eðlilegum ráðum til þess að gera tjón hinna aðilanna af þessum sökum sem allra minnst.

C. Vanefndir, riftun og stöðvanir.

41. gr.
Takmörkun á rétti til riftunar.

41.01. Vanefnd af hálfu sérhvers aðila, eins og þeir eru skilgreindir hér á eftir, á því að framkvæma eða halda sérhverja skuldbindingu, skilmála og skilyrði, sem hann á að halda eða framfylgja samkvæmt ákvæðum samnings þessa, eða fylgisamninganna, skal ekki, nema svo sé beinlínis kveðið á um í þessari grein eða sérstöku ákvæði samnings þessa eða fylgisamninganna, veita nokkurn rétt til riftunar af hálfu nokkurs annars aðila.

Að því er varðar ákvæði þessarar greinar, 42. gr. og 43. gr., skal hugtakið aðili merkja ríkisstjórnina, Alusuisse, Landsvirkjun, ISAL og kaupstaðinn, eftir því sem efnis- og orðasamband leyfir og gefur tilefni til.

41.02. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af 39. gr., 40. gr. og málsgr. 41.03, skulu vanefndir á því að framkvæma eða halda þær skuldbindingar, skilmála eða skildaga, sem lýst er hér á eftir, er vara tilgreint tímabil (en hverjar slíkar vanefndir, sem vara tilgreint tímabil, skulu teljast „riftunarvanefndir", að því er varðar ákvæði greinar þessarar, 42. gr. og 43. gr.), og einungis slíkar vanefndir, er vara þann tíma, skulu veita rétt til riftunar, sem beita má á þann hátt og með þeim áhrifum, sem kveðið er á um hér á eftir:

a) Riftunarvanefndir af hálfu Alusuisse eða ISALs:

i) Misbrestur af hálfu ISALs við lúkningu á fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrri stækkun bræðslunnar, eða síðari stækkun bræðslunnar, eftir því sem við á, innan tveggja ára frá hverjum af AR I, AR II eða AR III að telja;

ii) vanefndir á greiðslu fjár, sem ISAL skuldar samkvæmt ákvæðum samnings þessa, rafmagnssamningsins eða hafnar- og lóðarsamningsins um tímabil, sem nemur 90 dögum eftir að slík greiðsla féll í gjalddaga, eða, ef Alusuisse hefur, á þessu 90 daga tímabili, sent ríkisstjórninni skriflega tilkynningu (afrit af henni skal einnig sent þeim aðilum öðrum, sem tilgreindir eru í 53. gr.) þess efnis, að hafin séu og yfir standi gjaldþrotaskipti, greiðsluþrot, endurskipulagning eða álíka aðgerðir gegn eða af hálfu Alusuisse eða varðandi verulegan hluta af eignum þess, eða að félagið hafi viðurkennt greiðsluþrot sín í þeim skilningi, að það geti eigi staðið við greiðsluskuldbindingar sínar, eftir því sem þær falla í gjalddaga, þá skal tilgreint 90 daga tímabil framlengjast um 90 daga til viðbótar;

iii) sérhver vanefnd á því, sem máli skiptir, að framkvæma eða halda einhverja skuldbindingu, skilmála eða skildaga, samkv. málsgr. 22.01, málsgr. 22.02 eða málsgr. 24.03, sem varir óbætt um sex mánaða tíma eftir að ríkisstjórnin hefur sent Alusuisse tilkynningu, þar sem slík vanefnd er skilgreind og þess krafizt, að úr verði bætt;

iv) misbrestur af hálfu Alusuisse eða ISALs við að fullnægja úrskurði gerðardóms eða dómstóls, sem kveðinn er upp samkvæmt 46. gr. eða 47. gr. samnings þessa, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðin eru í slíkum úrskurði eða dómi, hvort sem slíkur úrskurður eða dómur hefur risið út af eða verið byggður á riftunarvanefndum eða ekki.

b) Riftunarvanefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar eða kaupstaðarins:

i) Misbrestur á því af hálfu Landsvirkjunar að gera tiltækt í byrjun, samkvæmt rafmagnssamningnum, það samningsbundna rafmagn, sem þarf til fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrri stækkunar bræðslunnar eða síðari stækkunar bræðslunnar, eftir því sem við á, innan tveggja ára frá hverjum af AR I, AR II eða AR III að telja;

ii) eftir að Landsvirkjun hefur gert tiltækt, samkvæmt rafmagnssamningnum, það samningsbundna rafmagn, sem þarf til einhvers ákveðins áfanga bræðslunnar, vanefnd af hálfu Landsvirkjunar á þeirri skuldbindingu sinni samkvæmt rafmagnssamningnum, að hafa samningsbundið rafmagn tiltækt fyrir slíkan áfanga bræðslunnar, ef sú vanefnd varir dag hvern í 90 daga samfellt;

iii) sérhver vanefnd á því, sem máli skiptir að framkvæma eða halda einhverja þeirra skuldbindinga, skilmála eða skilyrða, sem greinir í 35. gr., er varir óbætt um 6 mánaða skeið eftir að Alusuisse hefur sent ríkisstjórninni skriflega tilkynningu, er tilgreini slíka vanefnd og krefjist þess, að úr henni verði bætt;

iv) misbrestur af hálfu ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar eða kaupstaðarins við að fullnægja úrskurði gerðardóms eða dómstóls, sem kveðinn er upp samkv. 46. gr. eða 47. gr. samnings þessa, innan þeirra tímatakmarka, sem ákveðin eru í slíkum úrskurði eða dómi, hvort sem slíkur úrskurður eða dómur hefur risið út af eða verið byggður á riftunarvanefndum eða ekki.

41.03. Nú vill svo til, að riftunarvanefnd á sér stað og úr henni hefur ekki verið bætt innan 60 daga frá því, að tilkynning hefur réttilega verið send hverjum þeim aðila, sem vanefndinni veldur (afrit af tilkynningunni skal einnig senda til hvers af þeim aðilum, sem nefndir eru í 53. gr.) af hálfu aðila, sem eigi er að vanefnd valdur, þar sem skýrt er frá því framkvæmda- eða aðgerðarleysi, sem hin meinta riftunarvanefnd byggist á, þá skal Alusuisse, ef vanefndin er af hálfu ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar eða kaupstaðarins, eða ríkisstjórninni, ef Alu-

suisse eða ISAL eru völd að henni, heimilt að gefa út yfirlýsingu, en afrit af henni skal sent hverjum þeim aðila, sem valdur er að vanefndinni, og hverjum þeim aðila öðrum, sem nefndur er í 53. gr., þar sem þessum samningi er rift, frá dagsetningu þeirrar yfirlýsingar að telja; þó að því tilskildu (nema um sé að ræða riftunarvanefndir þær, sem vísað er til í tölulið iv) í staflið a) eða tölulið iv) í staflið b) í málsgr. 41.02), að ef sá aðili eða þeir aðilar, sem valdir eru að vanefndinni, hafa þann dag, sem hinu 60 daga tímabili lýkur, eða fyrr, vefengt slíkan rétt til riftunar og krafizt þess, að málinu verði vísað til dómstóla eða það lagt í gerð, skal málinu vísað til dómstóla eða gerðardóms samkv. ákvæðum 46. gr. og 47. gr., og skal þá samningi þessum því aðeins rift, að dómur dómstóls eða úrskurður gerðardóms kveði svo á, að réttur til slíkrar riftunar sé fyrir hendi. Sérhver slíkur dómur eða úrskurður skal kveða á um þær skaðabætur, ef nokkrar eru, sem sá aðili eða þeir aðilar, sem valdir eru að vanefndinni, skulu bera ábyrgð á af völdum athafnar þeirrar eða athafnaleysis (með fyrirvara um sérhverja sérstaka undanþágu frá eða takmörkun á ábyrgð samkvæmt samningi þessum, rafmagnssamningnum, hafnar- og lóðarsamningnum eða samningnum um framkvæmdatryggingu), sem til slíkrar riftunar leiddi, og skulu þær skaðabætur felldar á þann aðila, sem ábyrgur er fyrir þeim.

42. gr.
Takmörkun á stöðvunarrétti.

42.01. Ef ekki er öðruvísi ákveðið í samningi þessum eða fylgisamningunum, skal farið eftir ákvæðum þessarar greinar um rétt hvers aðila um sig til að stöðva efndir á einhverri þeirra skuldbindinga, skilmála eða skilyrða, sem honum ber að framkvæma eða halda samkvæmt sömu samningum, sökum vanefndar einhvers annars aðila á einhverri þeirra skuldbindinga, skilmála eða skildaga, sem honum ber að efna samkvæmt sömu samningum.

42.02. Nú eiga sér stað vanefndir eða meintar vanefndir af hálfu einhvers aðila, sem fólgnar eru í því, að hann framkvæmir ekki eða heldur einhverjar þær skuldbindingar, skilmála eða skildaga, sem hann á að efna samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða fylgisamninganna, þá skal hverjum aðila öðrum, sem slíkar vanefndir bitna á, vera heimilt, án þess að grípa til málshöfðunar samkvæmt ákvæðum málsgr. 42.03, eða 46. gr. eða 47. gr., að láta af því að efna einhverja skuldbindingu, skilmála eða skildaga, sem hann á að efna samkvæmt ákvæðum sömu samninga, þegar atvik þau, sem hér er lýst, eiga við:

A) Þegar um er að ræða einhverjar slíkar vanefndir eða meintar vanefndir, að sá aðilinn, sem fyrir þeim verður, álítur að eðlileg nauðsyn sé til stöðvunar á efndum einhverrar skuldbindingar, skilmála eða skildaga af hans hálfu til þess að koma í veg fyrir eða draga úr i) verulegu tjóni, sem sá aðili, er fyrir slíku verður, telur eðlilega ástæðu til að ætla, að átt geti sér stað sökum slíkra vanefnda á eignum hans eða hagsmunum, eða ii) verulegri ábyrgð, sem slíkur aðili telur eðlilega ástæðu til að ætla að hann geti bakað sér gagnvart öðrum sökum slíkra vanefnda, þá skal þolanda vanefndanna (eftir að hann hefur sent tilkynningu um fyrirhugaða stöðvun til þess aðilans, sem vanefndunum veldur) vera heimilt að stöðva slíkar framkvæmdir eða láta af efndum að því marki, sem sanngjarnt má teljast, til þess að koma í veg fyrir eða draga úr slíku tjóni eða ábyrgð.

B) Eigi sér stað vanefndir á að framkvæma eða halda einhverja eftirfarandi skuldbindingu, skilmála eða skildaga, er halda áfram það tímabil, sem tilgreint er, og hvorki tilvist slíkra vanefnda né áframhald þeirra tilgreint tímabil er vefengt af hálfu þess aðilans, sem vanefndum veldur, samkvæmt því sem tilgreint er hér á eftir:

a) Vanefndir Alusuisse eða ISALs:

i) Sérhver riftunarvanefnd, sem lýst er í tölulið i), iii) eða iv) í málsgr. 41.02 a) (um það tímabil, sem þar er tilgreint);

ii) vanefndir á greiðslum, sem ISAL skuldar samkvæmt ákvæðum samnings þessa, rafmagnssamningsins eða hafnar- og lóðarsamningsins, um 45 daga tímabil eftir að slíkar greiðslur féllu í gjalddaga;

b) vanefndir af hálfu ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar eða kaupstaðarins:

i) Sérhver riftunarvanefnd, sem lýst er í tölulíðum i), iii) eða iv) í málsgr. 41.02 b) (um það tímabil, sem þar er tilgreint);

ii) vanefnd Landsvirkjunar, sem lýst er í tölulið ii) í málsgr. 41.02 b), ef slík vanefnd varir dag hvern í 45 daga samfleytt;

þá skal hver sá aðili annar, sem fyrir slíku verður, hafa rétt til þess að stöðva framkvæmdir eða hætta að framfylgja einhverjum af þeim skuldbindingum, skilmálum eða skildögum, sem hann á að framkvæma eða framfylgja, nema því aðeins og þar til tilvist slíkra vanefnda, eða áframhald þeirra tilgreint tímabil, hefur verið véfengt í góðri trú af hálfu þess aðila, sem þeim veldur, með því að hefja í tæka tíð málssókn fyrir dómstólum eða gerðardómi samkvæmt ákvæðum 46. gr. og 47. gr.

Sá réttur til stöðvunar, sem kveðið er á um í staflið A) í þessari málsgrein, er háður þeirri takmörkun, að ef dómstóll eða gerðardómur úrskurðar að slík stöðvun hafi ekki verið réttlætanleg samkvæmt ákvæði téðs stafliðs A), þá skal dómstólnum eða gerðardóminum heimilt að gera þeim aðilanum, sem stöðvað hefur framkvæmdir, skylt að greiða skaðabætur vegna slíkrar stöðvunar, eftir því sem dómurinn telur hæfilegt, og má dómurinn jafnframt mæla svo fyrir, að sá aðili hefji á ný efndir skuldbindinga sinna.

42.03. Án þess að takmarka rétt til stöðvunar samkvæmt málsgr. 42.02, ef til vanefnda eða meintra vanefnda kemur af hálfu einhvers aðila við að framkvæma eða halda einhverja af þeim skuldbindingum, skilmálum eða skildögum, sem sá aðili hefur tekizt á hendur samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða fylgisamninganna (annarra en vanefnda þeirra, sem getið er í staflið B) í málsgr. 42.02), þá skal hver sá aðili annar, sem verður fyrir slíkum vanefndum, ef

i) hann lítur svo á að stöðvun á efndum einhverrar skuldbindingar, skilmála eða skildaga, sem hann á að efna samkvæmt ákvæðum þessa samnings eða fylgisamninganna, sé réttlætanleg (með tilliti til eðlis, tímalengdar og umfangs vanefndarinnar og eðlis og umfangs hinnar fyrirhuguðu stöðvunar), og

ii) hann hefur í tæka tíð sent tilkynningu til bráðabirgða til þess aðilans, sem vanefndunum veldur, um þá ætlan sína að stöðva slíkar efndir,

og svo fremi sem ekki hefur verið bætt úr vanefndunum eftir móttöku slíkrar bráðabirgðatilkynningar, leggja málið í gerð á þann hátt og í þeim tilgangi, sem tilgreindur er í þessari málsgrein (42.03), til þess að fá skorið úr um rétt sinn til að stöðva slíkar efndir.

Slík gerð skal framkvæmd af gerðardómara, sem hvorki er svissneskur né íslenzkur þegn, skipuðum með samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse innan 20 daga frá því að bráðabirgðatilkynningin er gefin út. Nú kemur ríkisstjórnin og Alusuisse sér ekki saman um skipun dómara, innan tiltekins tíma, og skal hann þá skipaður, ef ríkisstjórnin og Alusuisse óska þess, af forseta alþjóðadómsins í Haag. Nú vill svo til, að forseti alþjóðadómstólsins er annað hvort svissneskur eða íslenzkur ríkisborgari eða hefst ekki handa eða getur það ekki af einhverri ástæðu, og skal dómarinn þá skipaður af varaforseta alþjóðadómstólsins. Innan 45 daga frá því að hann er skipaður, skal dómarinn kveða upp úrskurð um það, hvort fyrirhuguð stöðvun á efndum sé réttlætanleg, með tilliti til eðlis, tímalengdar og umfangs slíkra vanefnda, og eðlis og umfangs hinnar fyrirhuguðu stöðvunar. Ef úrskurður dómarans liggur eigi fyrir innan fyrrgreindra 45 daga, þá skal þeim aðila, sem verður fyrir vanefndunum, heimilt að stöðva efndir eftir því sem tilgreint er í téðri tilkynningu, og má hann halda slíkri stöðvun áfram, nema því aðeins og þar til sá aðili, sem valdur er að vanefndunum, hefur framkvæmdir að nýju, eða þar til dómarinn lætur önnur fyrirmæli frá sér fara.

Nú úrskurðar dómarinn að hin fyrirhugaða stöðvun af hálfu þess aðila, sem fyrir vanefndunum verður, sé réttlætanleg, þá skal sá hinn sami aðili mega hefja stöðvun eða, ef hann hefur þegar hafið slíka stöðvun, þá skal honum heimilt að halda henni áfram. Nú úrskurðar dómarinn að hin fyrirhugaða stöðvun sé ekki réttlætanleg, og skal hann þá gefa þeim aðila, sem fyrir vanefndum hefur orðið, fyrirmæli um að hefja ekki fyrirhugaða stöðvun eða, ef slík stöðvun er þegar hafin, að hefja á nýjan leik efndir á skuldbindingum sínum.

Hvenær sem er áður en, og eigi síðar en 90 dögum eftir að dómarinn hefur kveðið upp úrskurð sinn, getur annað hvort ríkisstjórnin eða Alusuisse óskað þess, að komið verði á fót gerðardómi, er skipaður sé samkvæmt ákvæðum 47. greinar. Skulu gerðardómendur þá skipaðir samkvæmt ákvæðum málsgr. 47.02, að því tilskildu þó, að dómari sá, sem skipaður er samkvæmt ákvæðum þessarar málsgr. (42.03) sé þriðji dómandi slíks gerðardóms. Gerðardómurinn skal meta það tjón, sem hvers konar vanefndir eða stöðvanir af hálfu aðila hafa orsakað, á þann hátt, sem dómurinn telur hæfilegt. Þá skal gerðardómurinn jafnframt mega veita sérhverja frekari viðeigandi leiðréttingu mála, samkvæmt ákvæðum málsgr. 47.04.

Ákvæði þessarar málsgr. (42.03) skulu teljast viðauki við ákvæði 46. gr. og 47. greinar, en eigi koma í stað þeirra.

43. gr.

Skaðabætur og aðrar bætur.

43.01. Þótt einhver aðili notfæri sér réttinn til að leita eftir fébótum, vegna þess að eigi hafi verið framkvæmd eða haldin einhver skuldbinding, skilmáli eða skildagi, sem framkvæma skal eða standa við samkvæmt samningi þessum eða einhverjum fylgisamninganna, skal það ekki verða til þess að firra þann aðila rétti til að rifta samningi þessum, ef og þegar slíkar vanefndir annars aðila leiða til riftunarheimildar eða réttar til þess að stöðva efndir á einhverri skuldbindingu, skilmála eða skildaga samkvæmt samningi þessum eða einhverjum fylgisamninganna, svo sem ráð er fyrir gert í 42. gr., og eigi skal vanefndaraðili í neinu tilviki losna undan skaðabótaskyldu vegna þess, að slíkum rétti til riftunar samnings eða stöðvunar á efndum hefur verið beitt.

43.02. Ef eigi hefur verið staðið við skuldbindingu, skilmála eða skildaga af hálfu einhvers aðila, hvort sem þær vanefndir hafa leitt til riftunarheimildar á samningi þessum eða réttar til að stöðva efndir, svo sem ráð er gert fyrir í 42. gr., eða ekki, skal sá aðili, sem eigi á sök, eiga rétt á skaðabótum eða leiðréttingu, þar á meðal, en ekki takmarkað við, lögbann eða beinar efndir, eða annarri viðeigandi leiðréttingu (að áskildri sérhverri undanþágu frá eða takmörkun á ábyrgð, sem greinir í samningi þessum, rafmagnssamningnum, hafnar- og lóðarsamningnum eða samningnum um framkvæmdatryggingu).

43.03. Ef efndir af hálfu eins aðila í annars stað eru viðeigandi og gerlegar, má bæta úr sérhverri vanefnd af hálfu einhvers aðila þannig, að sá eða þeir aðilar, sem ekki eru valdir að vanefndinni, láti efna þá skuldbindingu, skilmála eða skilyrði, sem um er að ræða, en kostnað af því og útgjöld skal vanefndaraðilinn bera. Ef vanefndaraðilinn greiðir ekki eða gerir ráðstafanir til að greiða skilvíslega slíkan kostnað og útgjöld að kröfu þess aðila, sem þannig hefur séð um efndir í hans stað, skal vísa málinu til dómstóls eða gerðardóms samkvæmt ákvæðum 46. gr. og 47. greinar samnings þessa og skal dómstóllinn eða gerðardómurinn ákveða og meta slíkan kostnað og útgjöld svo og hvers kyns skaðabætur, sem hljótast af vanskilum á þeim.

44. gr.

Riftun vegna óviðráðanlegra afla (force majeure).

Ef Búrfellsvirkjun eða bræðslan hefur algjörlega eða að mestu leyti verið eyðilögð vegna óviðráðanlegra afla (force majeure), þá skal ríkisstjórninni eða Lands-

virkjun, annars vegar, eða Alusuisse og ISAL, hins vegar, eftir því sem við á, ekki bera skylda til þess að endurnýja slík mannvirki samkvæmt ákvæðum málsgr. 40.07, og skal sá aðili að samningi þessum, sem óviðráðanleg öfl (force majeure) hafa ekki áhrif á, eiga rétt á að rifta samningi þessum með yfirlýsingu til gagnaðilans og til sérhvers þess aðila, sem nefndur er í 53. gr. samnings þessa, frá dagsetningu slíkrar yfirlýsingar að telja.

D. Lög, sem fara skal eftir, deilur og gerð.

45. gr.
Lög þau, sem fara skal eftir.

Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

46. gr.
Deilur.

Ef nokkur deila rís milli aðila samnings þessa og samningsins um framkvæmdatryggingu, milli aðila rafmagnssamningsins, milli aðila hafnar- og lóðarsamningsins, eða milli ríkisstjórnarinnar, annars vegar, og Alusuisse eða ISAL, hins vegar, varðandi aðstoðarsamningana (eða milli minnihluta hluthafa, annars vegar, og ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar eða kaupstaðarins, hins vegar), varðandi skýringu, túlkun eða framkvæmd eða um gildi eða áhrif samnings þessa eða fylgiskjalanna, eða varðandi réttindi eða skuldbindingar aðila (þar á meðal sérhvers minnihluta hluthafa að því er grein þessa og 47. grein varðar) að samningi þessum eða fylgiskjölunum, á gildistíma samnings þessa eða að honum loknum, þá skulu slíkir aðilar í góðri trú reyna að jafna ágreining sinn á vinsamlegan hátt. Ef ekki tekst með slíkum tilraunum að komast að samkomulagi, geta ríkisstjórnin, annars vegar, og Alusuisse, hins vegar, samið um að vísa deilunni til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms til endanlegrar ákvörðunar, og náist eigi samkomulag, skal ríkisstjórnin eða Alusuisse, eftir því sem við á, vísa slíkri deilu til alþjóðlegs gerðardóms samkvæmt ákvæðum 47. gr. Það er ekki ætlun aðila samnings þessa að leita til alþjóðlegs gerðardóms til að jafna neina deilu, sem eigi varðar verulegar fjárhæðir eða mikilsverð málefni.

47. gr.
Alþjóðleg gerð.

47.01. Verði sáttmáli um málamiðlun í fjárfestingardeilum milli ríkja og þegna annarra ríkja, dags. 18. marz 1965 („SID-samþykktin") samþykktur og fullgiltur af ríkisstjórninni og ríkisstjórn Svissneska sambandslýðveldisins, án fyrirvara eða skilyrða, ber ríkisstjórninni og Alusuisse, með beggja samþykki, að leggja í gerð hjá Alþjóðastofnuninni til lausnar fjárfestingardeilum („SID-stofnunin") sérhverja deilu, sem hún á lögsögu yfir, og rís út af samningi þessum eða fylgisamningunum, og gildi þá gerðarmálsmeðferð SID-samþykktarinnar og reglur SID-stofnunarinnar. Samkvæmt 25. gr. 2) b) SID-sáttmálans fallast ríkisstjórnin og Alusuisse á, að litið sé á ISAL sem svissneskan þegn í merkingu nefnds sáttmála. Samkvæmt 25. gr. 1) SID-sáttmálans tilnefnir ríkisstjórnin hér með Landsvirkjun sem ríkisstofnun í merkingu nefnds sáttmála.

47.02. Eigi SID-samþykktin ekki við um deilumál, getur ríkisstjórnin eða Alusuisse leitað alþjóðlegrar gerðar, með tilkynningu til þeirra aðila, sem greinir í 53. gr.

samnings þessa, þar sem gerð er grein fyrir máli því, er gerðar er beiðzt um. Slíka gerð framkvæmi þriggja manna gerðardómur og velur ríkisstjórnin einn þeirra, Alusuisse annan og ríkisstjórnin og Alusuisse sameiginlega hinn þriðja. Þriðji gerðardómsmaðurinn skal hvorki vera svissneskur né íslenzkur ríkisborgari. Geti ríkisstjórnin og Alusuisse ekki komið sér saman um skipan þriðja gerðardómsmannsins, skal hann skipaður, að beiðni annars hvors, af hendi forseta alþjóðadómstólsins í Haag („alþjóðadómstóllinn"). Skipi ríkisstjórnin eða Alusuisse ekki sinn gerðardómsmann, eða tilkynni ekki hinum aðilanum um skipunina innan sextíu daga, áður en málsmeðferð hefjist, ber hinum aðilanum réttur til að beiðast þess, að forseti alþjóðadómstólsins skipi annan gerðardómsmann, og skipi ríkisstjórnin og Alusuisse eigi þriðja gerðardómsmann innan sextíu daga, skipar forseti alþjóðadómstólsins hann. Ef forseti alþjóðadómstólsins er annað hvort svissneskur eða íslenzkur ríkisborgari, eða hefst ekki handa af einhverjum ástæðum eða getur það ekki, skal varaforseti alþjóðadómstólsins hafa skipunarvaldið.

47.03. Gerðarmálsmeðferð sú, sem greinir í reglum SID-stofnunarinnar og IV. kafla og V. kafla SID-samþykktarinnar, skal gilda um gerðardóm samkvæmt málsgr. 47.02, að svo miklu leyti, sem hún er ekki í ósamræmi við ákvæði greinar þessarar. Vettvangur gerðar skal fara eftir samkomulagi gerðardómsmanna, en vera í Haag, náist ekki samkomulag um það atriði, eða í Genf í Sviss, ef ríkisstjórnin krefst þess. Meiri hluti atkvæða innan gerðardómsins skal ráða um sérhverja ákvörðun og úrskurð dómsins. Gerðardómurinn skal sjálfur kveða á um valdsvið sitt og skal hann ákveða, á hvaða tungumáli málflutningur skal fara fram fyrir dóminum. Í úrskurði gerðardóms skal skriflega gerð grein fyrir forsendum og lokaniðurstaðan skal vera endanleg og bindandi fyrir aðila samnings þessa og fylgisamninganna og fyrir sérhvern þann, sem rétt á til meðalgöngu í slíkum gerðardómsmálum, sem væri hún endanlegur dómur æðsta dómstóls á Íslandi eða í Sviss. Aðilar samnings þessa og allir framangreindir aðilar skulu fullnægja niðurstöðunni í góðri trú. Hvenær sem við á, skulu úrskurðir gerðardóms samkvæmt þessari málsgrein tiltaka, á hvaða tíma beri að fullnægja þeim.

47.04. Gerðardómurinn, sem til er stofnað samkvæmt málsgr. 47.01 eða 47.02, má kveða upp bráðabirgðaúrskurð og veita bráðabirgðaúrlausn á meðan endanleg ákvörðun um lausn deilunnar liggur ekki fyrir, þar með talið en eigi takmarkað við að einhver aðili skuli þurfa eða láti hjá líða að grípa til einhverra aðgerða, eða heimila einhverjum aðila að stöðva framkvæmd skuldbindinga.

47.05. Ef viðurkennt er með úrskurði gerðardóms, samkvæmt þessari grein, að krafa hafi verið réttmæt, má í úrskurðinum ákvarða hæfilegar bætur til handa þeim aðila, sem kröfuna gerir. Kostnað við gerðardóminn skal ákvarða í samræmi við alþjóðlegar gerðardómsvenjur.

47.06. Að því er varðar ákvæði 46. gr. og 47. gr. geta Landsvirkjun og kaupstaðurinn, annars vegar, og dótturfélög Alusuisse, minnihluta hluthafa og ISAL, hins vegar, haft meðalgöngu og orðið aðilar að sérhverju gerðardómsmáli samkvæmt 46. gr. eða 47. gr., ef deila sú, sem lögð er í gerð, varðar þá beinlínis.

E. Ýmislegt.

48. gr.

Lagagildi og gildistökudagur.

48.01. Þegar samningur þessi og samningurinn um framkvæmdatryggingu hafa verið undirritaðir af ríkisstjórninni og Alusuisse, skal samningur þessi, ásamt afritum af viðfestum fylgiskjölum, svo og lagafrumvarpi þar að lútandi, lagður fyrir Alþingi til staðfestingar og samþykktar. Að lokinni staðfestingu, og þegar öðrum löggjafaratriðum er lokið, og fullnægt er skilyrðum þeim, sem tilgreind eru í

málsgr. 48.02, skal samningur þessi öðlast gildi („gildistökudagur“) og hafa lagagildi á Íslandi, svo sem kveðið er á um í staðfestingarlögunum; að því tilskildu þó, að ef samningur þessi skyldi ekki öðlast gildi innan sex mánaða frá þeim degi að telja, sem ríkisstjórnin og Alusuisse undirrita samning þennan, þá skal samningur þessi og fylgisamningarnir renna út og úr gildi falla, og eigi koma til framkvæmda, ef annað hvort ríkisstjórnin eða Alusuisse óska þess.

48.02. Skilyrði fyrir því, að samningur þessi öðlist gildi, eru sem hér segir:

a) fullgild stofnun ISALs sem íslenzks félags samkvæmt ákvæðum samnings þessa;

b) undirritun rafmagnssamningsins af hálfu Landsvirkjunar og ISALs;

c) undirritun hafnar- og lóðarsamningsins af hálfu kaupstaðarins og ISALs;

d) undirritun aðstoðarsamninganna af hálfu ISALs og Alusuisse;

e) gildistaka lánssamnings milli Alþjóðabankans og Landsvirkjunar um lánsfé til Búrfellsvirkjunar.

49. gr.
Samningstímabil.

49.01. Samningur þessi skal vera í gildi þar til tuttugu og fimm ár eru liðin frá AR I. Eigi síðar en þremur árum áður en tuttugu og fimm ár eru liðin frá AR I („valdegi“), getur annað hvort ríkisstjórnin eða Alusuisse kosið að framlengja samningstímabilið, og þar með gildistíma fylgisamninganna, um tíu ár til viðbótar. Eigi síðar en þremur árum áður en þrjátíu og fimm ár eru liðin frá AR I („valdegi“), getur annað hvort ríkisstjórnin eða Alusuisse á sama hátt kosið að framlengja gildistímabil samnings þessa, þar með talinn gildistíma fylgisamninganna um tíu ár til viðbótar. Ef ríkisstjórnin eða Alusuisse kjósa slíka framlengingu, skal sá aðili, sem það gerir, tilkynna það þeim aðilum, er nefnir í 53. gr. Viðeigandi tilkynning í tæka tíð skal teljast gild til að framlengja gildistíma samnings þessa og fylgisamninganna þau tímabil, sem um getur, og er slíkt bindandi fyrir aðila samnings þessa og fylgisamninganna.

49.02. Eftir að samningur þessi og fylgisamningarnir renna út eða þeim er rift, skulu V. kafli og 33., 35., 45., 46., 47. og 50. gr. samnings þessa vera áfram í gildi að svo miklu leyti, sem nauðsynlegt er til að fullnægja þeim tilgangi, er þar greinir.

50. gr.
Réttindi að loknum samningstíma eða við riftun.

Eftir að samningur þessi og fylgisamningarnir renna út eða þeim er rift, skulu allar fjárfestingar Alusuisse, sérhvers minnihluta hluthafa og ISALs vera áfram á þeirra nafni. Alusuisse skal þá eiga rétt á, ef það óskar þess, að leysa ISAL upp og slíta því. Ef ISAL er tekið til skipta, eða því slitið, annað hvort þegar þeir renna út eða þeim er rift, skal Alusuisse eða sérhverjum minnihluta hluthafa heimilað, innan tíu ára þar frá, að endurheimta:

a) upphæð fjárfestinga sinna í ISAL og þann samansafnaða hagnað ISALs, sem er utan Íslands; og

b) innkomið fé vegna sölu á eignum ISALs á Íslandi við skuldaskil, á því gengi, sem ákvarðað er í 16. gr. samnings þessa.

51. gr.
Breytingar.

Breytingar á samningi þessum skal eingöngu gera með viðbótarsamningi, sem ríkisstjórnin og Alusuisse gera skriflega sín í milli og Alþingi staðfestir, og þegar aðilum þeim, sem nefndir eru í 53. gr., hefur verið tilkynnt þar að lútandi.

52. gr.

Tungumál.

Opinber tungumál samnings þessa eru íslenzka og enska, og skulu bæði málin jafngild.

53. gr.

Tilkynningar.

Sérhver tilkynning, sem krafizt er eða heimiluð er samkvæmt samningi þessum eða rafmagnssamningnum, hafnar- og lóðarsamningnum eða aðstoðarsamningunum, skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti, sem staðfest skal með ábyrgðarbréfi (og öðlast gildi við póstlagningu bréfs eða afhendingu símskeytis á símstöð) til þeirra aðila á þau heimilisföng, sem skráð eru hér að neðan, eða til einhvers annars heimilisfangs, er tilkynnt hefur verið um skriflega af einhverjum eftirtalinna aðila til hinna:

Ríkisstjórnin	Iðnaðarmálaráðherra, Reykjavík, Íslandi.
Alusuisse	Swiss Aluminium Limited, Feldeggstrasse 4, P. O. Box 8034 Zürich, Sviss.
Landsvirkjun	Landsvirkjun, Reykjavík, Íslandi.
Hafnarfjarðarkaupstaður	Bæjarstjóri Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, Íslandi.
ISAL	Íslenzka Álfélagið hf., Hafnarfirði, Íslandi.
Alþjóðabankinn	International Bank for Reconstruction and Development, 1818 H Street, N. W., Washington, D. C., 20433, U.S.A.

Þeir aðilar, sem rétt eiga á að fá tilkynningar, sem krafizt er eða heimilaðar eru samkvæmt samningi þessum, eða fylgisamningunum, geta afsalað sér þeim rétti skriflega annað hvort fyrir eða eftir þann dag, sem krafizt er eða heimilað að senda slíka tilkynningu á.

54. gr.

Framsal.

Réttindi eða skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skulu eigi framseldar eða faldar öðrum af hálfu ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse, án samþykkis hins aðilans að samningi þessum og tilkynningar til þeirra aðila, sem nefndir eru í 53. gr. samnings þessa, og sérhvert áformað framsal eða umboðsgjöf án slíks samþykkis hins samningsaðilans skal vera ógild og óvirk með öllu.

55. gr.
Heildarskilningur.

(A) In the event of any such default or alleged default as to which the affected Party shall consider that the suspension of performance or observance of any obligation, term or condition on its part is reasonably required to avoid or mitigate (i) substantial damage, which such affected Party reasonably believes may occur, as a result of such default, to the property or interests of such affected Party, or (ii) substantial liability which such affected Party reasonably believes may be incurred by it to others as a result of such default, then (the affected Party having given notice of its intended suspension to the defaulting Party) such affected Party may suspend such performance or observance to the extent considered reasonably required to avoid or mitigate such damage or liability.

(B) In the event of default in the performance or observance of any of the following obligations, terms or conditions, continued for the period indicated, if neither the existence of such default nor the continuance thereof for the period indicated is disputed by the defaulting Party as hereinbelow set forth:

(a) Defaults by Alusuisse or ISAL:

(i) any Termination Default described in clause (i), (iii) or (iv) of Section 41.02(a) (continued for the period therein indicated);

(ii) default in the payment of money owing by ISAL under this Agreement, the Power Contract or the Smelter Site and Harbor Agreement for a period of 45 days after such payment became due and payable;

(b) Defaults by the Government, Landsvirkjun or the Township:

(i) any Termination Default described in clause (i), (iii) or (iv) of Section 41.02(b) (continued for the period therein indicated);

(ii) default by Landsvirkjun described in clause (ii) of Section 41.02(b), if such default shall continue during each of 45 consecutive days,

then unless and until the existence of such default or its continuance for the period indicated shall be disputed in good faith by the defaulting Party by the timely commencement of judicial or arbitration proceedings pursuant to Articles 46 and 47, any other Party affected shall have the right to suspend the performance or observance of any of the obligations, terms or conditions to be performed or observed by such other Party.

Such right of suspension as in paragraph (A) of this Section 42.02 provided is subject to the limitation that if a court or an arbitration board shall determine that such suspension was not justified under said paragraph (A) the court or the arbitration board may assess against the Party who has suspended performance, such damages resulting from such suspension as it may determine to be proper and may direct such Party to resume the performance of its obligations.

Section 42.03. Without limiting the rights of suspension specified in Section 42.02, in the event of a default or alleged default by any Party in the performance or observance of any of the obligations, terms or conditions to be performed by such Party hereunder or under the Scheduled Contracts (other than defaults referred to in paragraph (B) of Section 42.02), any other Party affected by such default, if

(i) it shall consider that the suspension of performance or observance of any obligation, term or condition to be performed hereunder or thereunder by it is justified (having regard to the nature, duration and extent of such default and the nature and degree of such proposed suspension), and

(ii) it shall have given timely preliminary notice to the defaulting Party of its intention to suspend such performance or observance,

shall, if the default shall not have been remedied following receipt of said preliminary notice, invoke arbitration in the manner and for the purpose specified in this Section 42.03 for a determination of its right to suspend such performance or observance.

Such arbitration shall be by an Umpire, who shall not be a Swiss or Icelandic national, appointed by agreement between the Government and Alusuisse within 20 days of the preliminary notice. If the Government and Alusuisse shall not agree upon the appointment of the Umpire within said period of time, the Umpire shall be appointed, if the Government or Alu-

suisse shall so request, by the President of the International Court of Justice at The Hague. If the President of said International Court of Justice shall be either a Swiss or Icelandic national or for any other reason fails or is unable to act, then the Umpire shall be appointed by the Vice President of said Court. The Umpire shall, within 45 days from the date of his appointment, determine whether the proposed suspension of performance or observance is justified, having regard to the nature, duration and extent of such default and the nature and degree of the proposed suspension. If such determination by the Umpire shall not have been made within the period of 45 days referred to above, the affected Party may suspend performance as indicated in said notice and may continue such suspension unless and until the defaulting Party shall resume performance or until otherwise directed by the Umpire.

If the Umpire shall determine that the proposed suspension by the affected Party is justified, such Party shall be entitled to effect such suspension or, if it shall theretofore have effected such suspension, it shall be entitled to continue such suspension. If the Umpire shall determine that the proposed suspension is not justified, he shall direct the affected Party not to effect the proposed suspension or, if such suspension shall have been theretofore effected, to resume the performance of its obligations.

At any time prior to the time when, but not more than 90 days after, the Umpire shall have rendered his decision, either the Government or Alusuisse may request that an arbitration board be constituted as provided in Article 47. In such case, the arbitrators shall be appointed as provided in Section 47.02, excepting, however, that the Umpire appointed pursuant to this Section 42.03 shall be the third arbitrator of said arbitration board. The arbitration board shall assess damages resulting from any defaults and suspensions by the Parties, as it may determine proper. The arbitration board may likewise grant any further appropriate relief pursuant to Section 47.04.

The provisions of this Section 42.03 are supplemental to the provisions of Articles 46 and 47 and not in substitution therefor.

ARTICLE 43

Damages and Other Relief

Section 43.01. Exercise by any Party of the right to seek money damages for any nonperformance or nonobservance of any obligation, term or condition to be performed or observed under this Agreement or any of the Scheduled Contracts shall not operate to deny such Party the right to terminate this Agreement if and when such nonperformance or nonobservance by another Party ripens into a Termination Default or the right to suspend performance or observance of any obligation, term or condition hereunder or thereunder as provided in Article 42, and exercise of such right to terminate this Agreement or such right to suspend performance or observance shall in no event relieve the defaulting Party of liability for damages.

Section 43.02. In the event of the nonperformance or nonobservance of any obligation, term or condition by any Party, whether or not such nonperformance or nonobservance shall have given rise to a right to terminate this Agreement or a right to suspend performance or observance as provided in Article 42, the nondefaulting Party shall be entitled to damages or affirmative relief including, but not limited to, injunction or specific performance, or such other relief as may be appropriate (subject to any specific exemption from or limitation of liability in this Agreement, the

Power Contract, the Smelter Site and Harbor Agreement or the Performance Guaranty Agreement).

Section 43.03. If substituted performance or observance is appropriate and feasible, any failure or omission of performance or observance by a Party may be remedied by the nondefaulting Party or Parties, who shall cause the obligation, term or condition in question to be performed or observed, the costs and expenses thereof to be borne by the defaulting Party. If, upon demand of a Party who shall have caused such substituted performance or observance, the defaulting Party shall fail promptly to pay or provide for the payment of the costs and expenses thereof, the matter shall be submitted to a court or arbitration tribunal pursuant to Articles 46 and 47 of this Agreement and the court or tribunal shall fix and assess such costs and expenses and any damages consequent upon their nonpayment.

ARTICLE 44

Termination by Force Majeure

In the event that Force Majeure shall have completely or substantially destroyed the Búrfell Facilities or the Smelter and the Government and Landsvirkjun, on the one hand, or Alusuisse and ISAL, on the other hand, as the case may be, shall not be obligated to replace such facilities by the provisions of Section 40.07, the Party to this Agreement not affected by Force Majeure shall have the right to terminate this Agreement by declaration to the other and to each person named in Article 53 of this Agreement as of the date of such declaration.

D. Governing Law, Disputes and Arbitration

ARTICLE 45

Governing Law

This Agreement shall insofar as possible be construed, interpreted and applied in accordance with the provisions of this Agreement and the Scheduled Documents, and otherwise the construction, interpretation and application and the validity and effect of this Agreement shall be determined by Icelandic law and such rules of international law as may be applicable, including principles of law recognized by civilized nations in general.

ARTICLE 46

Disputes

If any dispute shall arise between the parties to this Agreement and the Performance Guaranty Agreement, between the parties to the Power Contract, between the parties to the Smelter Site and Harbor Agreement, or between the Government on the one hand and Alusuisse or ISAL on the other hand with respect to the Assistance Agreements (or between any Minority Shareholder, on the one hand, and the Government, Landsvirkjun or the Township, on the other) with respect to the construction, interpretation or application or the validity or effect of this Agreement or the Scheduled Documents, or concerning the rights or obligations of the parties (including in such term, for the purposes of this Article and Article 47, any Minority Shareholder) to this Agreement or to the Scheduled Contracts, during the term of this Agreement or thereafter, all such parties shall make every

good faith effort to settle amicably their differences. If such efforts fail to reach agreement, then the Government, on the one hand, and Alusuisse, on the other hand, may agree to submit the dispute to the Icelandic courts or an Icelandic arbitration tribunal for final determination, and failing such agreement, the Government or Alusuisse, as the case may be, shall submit such dispute to an international arbitration panel as provided in Article 47. It is not the intention of the Parties to this Agreement to resort to international arbitration for the settlement of any dispute which does not involve substantial amounts or issues of significance.

ARTICLE 47

International Arbitration

Section 47.01. If the Convention on the Settlement of Investment Disputes between States and Nationals of Other States dated 18 March 1965 ("SID Convention") is adopted and ratified by the Government and the Government of the Swiss Confederation without reservations or conditions, the Government and Alusuisse shall, upon the consent of both, submit to arbitration before the International Centre for Settlement of Investment Disputes ("SID Centre"), any dispute arising under this Agreement or the Scheduled Documents subject to its jurisdiction, and the arbitration procedures of the SID Convention and the rules of the SID Centre shall govern. Pursuant to Article 25(2) (b) of the SID Convention, the Government and Alusuisse agree that ISAL shall be considered as a national of Switzerland for purposes of such Convention. Pursuant to Article 25(1) of the SID Convention, the Government hereby designates Landsvirkjun as an agency of the Government for purposes of such Convention.

Section 47.02. If the SID Convention is not applicable to a dispute, then international arbitration may be commenced by the Government or Alusuisse by giving notice to the persons named in Article 53 of this Agreement, including in such notice a statement of the matter required to be arbitrated. Such arbitration shall be by a board of three arbitrators, one of whom shall be chosen by the Government, one by Alusuisse and the third jointly by the Government and Alusuisse. The third arbitrator shall not be a Swiss or Icelandic national. If the Government and Alusuisse cannot agree upon the appointment of the third arbitrator, the latter shall be appointed at the request of either by the President of the International Court of Justice at The Hague ("International Court"). If the Government or Alusuisse does not appoint its arbitrator or does not advise the other of the appointment made by it within sixty days of the commencement of proceedings, the other shall have the right to apply to the President of the International Court to appoint a second arbitrator, and if the Government and Alusuisse do not appoint a third arbitrator within sixty days, the President of the International Court shall appoint the third arbitrator. If the President of the International Court shall be either a Swiss or Icelandic national or for any reason fails or is unable to act, then the Vice President of the International Court shall have the appointing power.

Section 47.03. The procedures for arbitration set forth in the Rules of the SID Centre and Chapter IV and Chapter V of the SID Convention shall govern arbitration pursuant to Section 47.02 to the extent not inconsistent with the provisions of this Article. The place of arbitration shall be such as may be agreed upon between the arbitrators, or failing such agreement, shall be at the Hague or, if the Government shall so request, shall be at Geneva, Switzerland. The award and any decision shall be made by a

majority of the arbitration board. The arbitration board shall be the judge of its own competence and shall determine the language to be used at the proceedings. The decision of the arbitration board shall state its reasons in writing and the award shall be final and binding upon the parties to this Agreement and the Scheduled Contracts and upon each person who is entitled to intervene as a party in such arbitration proceedings as if it were a final judgment of a court of last resort of Iceland or Switzerland. The Parties to this Agreement and all such persons shall comply in good faith with the award. Where ever appropriate, arbitration awards hereunder shall specify a time for compliance therewith.

Section 47.04. The arbitration board, constituted pursuant to either Section 47.01 or Section 47.02, may make a preliminary finding and grant preliminary relief pending a final determination of the dispute, including, but not limited to, requiring any party to take or refrain from taking any action or permitting any party to suspend performance of obligations.

Section 47.05. In case any arbitration award under this Article recognizes that a complaint was justified, provision may be made therein for such reparation as may be appropriate in favor of the complaining party. The costs of the arbitration shall be awarded in conformity with the usual practice in international arbitration.

Section 47.06. For purposes of Article 46 and Article 47, Landsvirkjun and the Township, on the one hand, and any Alusuisse Affiliate, any Minority Shareholder and ISAL, on the other hand, if directly affected by the dispute submitted to arbitration, may intervene in, and become a party to, any arbitration proceedings pursuant to Article 46 or Article 47.

E. Miscellaneous

ARTICLE 48

Force of Law and Effective Date

Section 48.01. Upon the signing of this Agreement and the Performance Guaranty Agreement by the Government and Alusuisse, this Agreement, with copies of the Scheduled Documents annexed, accompanied by the Law Bill related thereto, shall be submitted to the Althing for ratification and approval. Upon ratification and after all other legislative requirements are completed, and upon the occurrence of the conditions specified in Section 48.02, this Agreement shall become effective ("Effective Date") and have the force of law in Iceland as provided in the Ratifying Act; provided, however, that if this Agreement shall not become effective within six months from the date of signing of this Agreement by the Government and Alusuisse, then at the request of either the Government or Alusuisse this Agreement and the Scheduled Contracts shall expire and be of no further force and effect.

Section 48.02. The conditions upon the occurrence of which this Agreement shall become effective are as follows:

(a) the effective organization of ISAL as an Icelandic corporation pursuant to this Agreement;

(b) the signing of the Power Contract by Landsvirkjun and ISAL;

(c) the signing of the Smelter Site and Harbor Agreement by the Township and ISAL;

(d) the signing of the Assistance Agreements by ISAL and Alusuisse;

(e) the effectiveness of the loan agreement between the World Bank and Landsvirkjun respecting the financing of the Búrfell Facilities.

ARTICLE 49

Term of Agreement

Section 49.01. This Agreement shall continue in force until the twenty-fifth anniversary of PDD I. Not less than three years prior to the twenty-fifth anniversary of PDD I ("Option Date"), either the Government or Alusuisse may elect to extend the term of this Agreement, including the term of the Scheduled Contracts, for an additional ten-year period. Not less than three years prior to the thirty-fifth anniversary of PDD I ("Option Date"), either the Government or Alusuisse may similarly elect to extend the term of this Agreement, including the term of the Scheduled Contracts, for a further additional ten-year period. Any such election by the Government or Alusuisse shall be made by notice given by the Party electing to the persons named in Article 53. The due and timely giving of such notice shall be effective to extend the term of this Agreement and the Scheduled Contracts for the periods indicated and shall be binding on the Parties to this Agreement and the parties to the Scheduled Contracts.

Section 49.02. Following the expiration or termination of this Agreement and the Scheduled Contracts, Part V and Articles 33, 35, 45, 46, 47 and 50 of this Agreement shall continue in effect to the extent necessary for the purposes thereof.

ARTICLE 50

Rights upon Expiration or Termination

Following the expiration or termination of this Agreement and the Scheduled Contracts, all Investments of Alusuisse, any Minority Shareholder and ISAL shall remain in such persons. Alusuisse shall at that time have the right, if it chooses, to wind up and dissolve ISAL. If ISAL is wound up or dissolved, either upon the expiration or termination of this Agreement and the Scheduled Contracts or within ten years thereafter, Alusuisse and any Minority Shareholder shall be permitted to repatriate:

(a) the amount of its Investments in ISAL and the accumulated earnings of ISAL held outside Iceland; and

(b) the proceeds of the liquidation of the assets of ISAL in Iceland,

at the rate of exchange as determined by Article 16 of this Agreement.

ARTICLE 51

Amendments

Amendments to this Agreement shall be made only by supplemental agreement entered into in writing between the Government and Alusuisse ratified by the Althing and upon notice to the persons named in Article 53 of this Agreement.

ARTICLE 52

Official Languages

The official languages of this Agreement shall be Icelandic and English, each of which shall be equally authentic.

ARTICLE 53

Notices

Any notice required or permitted to be given under this Agreement, the Power Contract, the Smelter Site and Harbor Agreement or the Assistance

Agreements shall be in writing and shall be given by registered letter, or by telegram or cable confirmed by registered letter (which shall be effective upon deposit of any letter in the mails or any telegram or cable in the telegraph or cable office) to the persons at the addresses set forth below or to any other address which shall have been given in writing by any one of said persons to the others:

The Government	Minister of Industries Reykjavík Iceland
Alusuisse	Swiss Aluminium Limited Feldeggstrasse 4 P. O. Box 8034 Zurich, Switzerland
Landsvirkjun	Landsvirkjun Reykjavík Iceland
The Township	Mayor of Hafnarfjörður Hafnarfjörður Iceland
ISAL	Icelandic Aluminium Company Limited Hafnarfjörður Iceland
World Bank	International Bank for Reconstruction and Development 1818 H Street, N. W. Washington, D. C. 20433 U. S. A.

Notices required or permitted under this Agreement or the Scheduled Contracts may be waived in writing by the persons entitled to receive such notice, either before or after the date on which such notice is required or permitted to be given.

ARTICLE 54
Assignment

The rights and obligations under this Agreement shall not be assigned or delegated by the Government or Alusuisse, without the consent of the other Party hereto and notice to the persons named in Article 53 of this Agreement, and any purported assignment or delegation without such consent of the other Party hereto shall be void and of no effect.

ARTICLE 55
Whole Understanding

This Agreement and the Scheduled Documents contain the whole understanding of the parties hereto and to the Scheduled Contracts, and supersede all previous oral or written representations or agreements.

ARTICLE 56

Headings

Headings given to Parts and Articles of this Agreement are intended for convenience of reference only and shall not affect the interpretation of this Agreement.

In Witness Whereof, this Agreement has been signed on behalf of the Government and Alusuisse as of the date first above written.

The Government of Iceland
By .....
Jóhann Hafstein
Minister of Industries

Swiss Aluminium Limited
By .....
Emanuel R. Meyer
Managing Director
and
.....
Paul H. Müller
Member of the Executive Board

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er ráðgert að lögfesta samningagerð ríkisstjórnarinnar við Swiss Aluminium, Ltd., sem iðnaðarmálaráðherra undirritaði fyrir hönd ríkisstjórnarinnar í Reykjavík 28. marz s. l. með fyrirvara um, að Alþingi staðfesti þennan samning.

Í samningi þessum, sem samkvæmt frumvarpinu er ákveðið að lögfesta, felst það meginefni málsins, að svissnesku fyrirtæki, Swiss Aluminium Ltd., er heimilað að reisa hér á landi álbræðslu og að fá keypta raforku til rekstrar hennar um tiltekinn tíma frá Búrfellsvirkjun í Þjórsá ásamt varaaflsstöðvum, sem Landsvirkjun lætur byggja.

Framkvæmd málsins er hugsuð í því formi, að myndað verði hlutafélag, Íslenzka álfélagið hf., ISAL, sem hið svissneska fyrirtæki á, og að í nafni þess verði álbræðslan reist og rekin.

Ríkisstjórnin hefur áður, við mörg tækifæri, gert alþingismönnum grein fyrir aðdraganda og meginatriðum máls þessa. Stundum þurfti að gera það í trúnaði undir meðferð málsins, en jafnframt hefur Alþingi verið skýrt ýtarlega frá málinu á venjulegan og formlegan hátt, með skýrslugerð í fyrirspurnartíma og við sérstakar umræður.

Vísast sérstaklega í þessu sambandi til tveggja skýrslugerða ríkisstjórnarinnar:

I. Skýrsla stóriðjunefndar til ríkisstjórnarinnar um aluminiumverksmiðju og stórvirkjun, dags. 11. nóv. 1964. Þessi skýrsla var þá afhent þingmönnum í trúnaði, en henni fylgdu eftirfarandi skýrslur:

1) Greinargerð um rannsóknir til undirbúnings virkjana á Suðvesturlandi og Norðurlandi, dags. 28. okt. 1964. — Frá raforkumálastjóra. —
2) Virkjun Þjórsár við Búrfell og Jökulsár við Dettifoss til raforkuvinnslu fyrir aluminiumbræðslu, — samanburður (greinargerð dags. 13. apríl 1963). — Frá stóriðjunefnd. —
3) Samanburður á nokkrum virkjunartilhögunum fyrir orkuveitusvæði Sogsvirkjunar og Laxárvirkjunar (greinargerð dags. í okt. 1964). — Frá Tækninefnd í virkjunarmálum. —
4) Greinargerð um raforkumál Norðurlands, dags. 30. sept. 1964. — Frá Tækninefnd í virkjunarmálum. —
5) Samanburður á staðsetningu aluminiumbræðslu norðanlands og sunnan (greinargerð dags. 9. nóv. 1964). — Frá stóriðjunefnd. —

II. Skýrsla ríkisstjórnarinnar til Alþingis um athugun á byggingu aluminiumverksmiðju á Íslandi. — S. þ. þskj. 635. — Lögð fram 5. maí 1965. —

Samkvæmt niðurstöðum skýrslna þessara reyndist svo mikill munur kostnaðar og annarrar aðstöðu á virkjunum fyrir norðan eða sunnan að ekki þótti áhorfsmál annað en hefja nú stórvirkjun við Búrfell í Þjórsá, og afgreiddi síðasta Alþingi lög um Landsvirkjun, nr. 59/1965 í samræmi við það. Var þá ráðgert, að Búrfellsvirkjun gæti látið álbræðslu í té nægjanlega orku, og hún sennilega staðsett við Straumsvík, sunnan Hafnarfjarðar.

Ríkisstjórnin lagði áherzlu á, að kannaðir væru til hlítar möguleikar á því að staðsetja bræðsluna fyrir norðan og þá helzt við Eyjafjörð, vegna þess hversu mikilvægt ríkisstjórnin telur að gætt sé jafnvægis milli byggðarlaga, svo sem verða má. Þegar aðstaða til þess var ekki fyrir hendi að svo stöddu, ákvað ríkisstjórnin að undirbúa fyrir Alþingi frumvarp til laga um atvinnujöfnunarsjóð, sem hefði þann tilgang að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölþættara atvinnulífs en skilyrði að öðru leyti fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, sem eru til þess fallin, að stuðla að jafnvægi í byggð landsins. Frumvarp um sjóðsmyndun þessa liggur nú fyrir Alþingi, en samkvæmt því stofnfé

og tekjum, sem þessum sjóði er ætlað, mun hann eflast mjög mikið á skömmum tíma og eignast eigið fé um 500 milljónir króna á um það bil 10 árum, og hafa þegar í upphafi eigið árlegt ráðstöfunarfé um 50 millj. kr., sem fer ört vaxandi, og þess utan eru sjóðnum ætlaðar víðtækar lántökuheimildir í upphafi, sem honum er hins vegar auðvelt að rísa undir síðar, þar sem einn megintekjustofn hans verða skattgreiðslur frá álbræðslu, ef reist yrði.

Stöðugur undirbúningur og athuganir þessa máls hafa átt sér stað síðan þáverandi iðnaðarmálaráðherra skipaði stóriðjunefnd, þann 5. maí 1961, til þess að rannsaka málið. Rannsókn orkumálanna hefur jafnframt verið í höndum Raforkumálaskrifstofunnar, en þær rannsóknir, sem leitt hafa til þeirra niðurstaða, sem nú er byggt á, eiga sér miklu lengri aðdraganda.

Frá ársbyrjun 1965 má segja, að byrjað hafi undirbúningur þess að semja uppköst að samningi milli ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Ltd., ásamt fylgisamningum, rafmagnssamningi, hafnar- og lóðarsamningi og fleiri samningum og fylgiskjölum.

Ríkisstjórnin ákvað þá að koma á fót þingmannanefnd til þess að undirbúa málið fyrir Alþingi. Þingmannanefndin hóf starfsemi sína í byrjun febrúar 1965 og áttu þá sæti í nefndinni 2 þingmenn frá hvorum stjórnarflokkanna og 2 þingmenn tilnefndir af þingflokki Framsóknarflokksins, sem þá hafði, með bréfi til iðnaðarmálaráðherra, dags. 8. des. 1964, talið rétt, að athugaðir væru möguleikar á því, í sambandi við stórvirkjun, að koma upp álbræðslu. Þetta bréf þingflokks Framsóknarflokksins var skrifað af tilefni bréfs iðnaðarmálaráðherra, dags. 23. nóv. 1964, og skýrslum og greinargerðum þeim, er því fylgdu, sbr. hér að framan. Tveir þingmenn, tilnefndir af þingflokki Alþýðubandalagsins, tóku síðar sæti í nefndinni. Iðnaðarmálaráðherra hefur verið formaður þingmannanefndarinnar.

Þingmannanefndin hefur haldið 26 fundi. Hún hefur á hverjum tíma haft aðgang að öllum gögnum máls þessa, bæði varðandi orkumál og álbræðslu. Hún hefur haft aðstöðu til þess að kynna sér nokkuð eðli og rekstur álbræðslu, sömuleiðis uppbyggingu og starfsemi hins svissneska álfyrirtækis. Hún hefur yfirfarið öll samningsuppköst aðalsamningsins og henni hefur verið kynnt efni fylgisamninga. Hún hefur starfað eins og hver önnur þingnefnd að undirbúningi málsins, án hliðsjónar af afstöðu þingmanna í grundvallaratriðum til þess, hvort þeir teldu æskilegt, að þetta mál næði fram að ganga eða ekki.

Nefnd sérfræðinga hefur verið ríkisstjórninni til aðstoðar við samningagerðina: Dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, Eiríkur Briem, rafmagnsveitustjóri og síðar framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Hjörtur Torfason, lögfræðingur, Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri og Mr. Kyle, lögfræðingur í lögfræðiskrifstofu Milbank, Tweed, Hadley & McCloy, New York. Sérfræðinganefndin hefur starfað undir stjórn iðnaðarmálaráðherra.

Í sambandi við hafnargerð í Straumsvík og staðsetningu álbræðslu þar, hefur verið haft samráð við bæjarstjóra, bæjarráð, bæjarverkfræðing og hafnarstjóra Hafnarfjarðar. Vitamálastjóri og yfirverkfræðingur vitamálaskrifstofunnar hafa haft með höndum áætlanir um hafnargerðina. Þessir aðilar hafa allir tekið þátt í samningaviðræðum við hina svissnesku aðila í sambandi við hafnar- og lóðarsamninginn.

Fulltrúar frá Alþjóðabankanum hafa jafnan fylgzt með samningaviðræðum, en að því er stefnt að fá lánsfé hjá bankanum til virkjunarframkvæmdanna.

Þann 6. apríl 1965 barst stóriðjunefnd bréf frá „Íslenzkri málnefnd", Háskóla Íslands. Þar segir svo:

„Íslenzk málnefnd hefur á fundi sínum í dag ákveðið að leggja til við stóriðjunefnd, að í stað orðsins **alúmíníum** eða **alúmín**, sem hvorugt fer vel í íslenzku máli, verði tekið upp orðið **ál**. Helztu rök nefndarinnar fyrir tillögunni eru þessi:

1) Ál minnir á orðið **stál**, sem einnig er efnisheiti, mikið notað í iðnaði.

2) Orðið fer vel í samsetningum, sbr. t. d. **álgerð, áliðja, álverk, álverksmiðja.** Engin hætta er á samblöndun við orð, samsett af **áll**, því að þau eru mynduð með eignarfalli (t. d. **álshöfuð, álaveiðar).**

3) Orðið er íslenzkulegt.

4) Sums staðar er orðin venja að stytta orð, sem mikið þarf að nota í samsetningum, t. d. í sænsku **el-**, f. **elektricität.**

Ef þessi tillaga þykir of róttæk, mætti benda á, að **alúm** færi betur í íslenzku en **alúmíníum** og **alúmín.**"

Ríkisstjórnin hefur fallizt á að fara að tillögum nefndarinnar og verður því orðið ál notað fyrir **aluminium** í öllum skjölum máls þessa.

Verður nú að því vikið að gera nánar grein fyrir aðalsamningnum, sem lagt er til að lögfesta, og meginefni hans. Síðan verður gerð grein fyrir hinum einstöku fylgisamningum og fylgiskjölum, sem máli þessu eru tengd.

YFIRLIT UM SAMNINGANA

Samningur ríkisstjórnarinnar við Alusuisse um álbræðslu við Straumsvík og skjöl þau, sem honum fylgja, eru í aðalatriðum sem hér segir, sbr. málsgr. 1.02 í aðalsamningnum:

1. Aðalsamningur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, dags. 28. marz 1966. Í samningi þessum er fjallað um þau atriði, er helzt skipta máli varðandi byggingu og rekstur álbræðslunnar, svo sem byggingartíma, afköst og umfang starfseminnar, öryggi í rekstri, tolla- og gjaldeyrismál, starfslið hennar og innlend viðskipti (III. og IV. kafli). Í V. kafla samningsins ræðir um stofnun og skipulag Íslenzka Álfélagsins hf. (ISALs), hins fyrirhugaða dótturfélags Alusuisse hér á landi, er byggja mun og reka bræðsluna. M. a. eru þar ákvæði um hlutafé félagsins og hömlur á útgáfu þess og ráðstöfun, stjórn félagsins og slit þess. Í VI. kafla ræðir um skattamál varðandi bræðsluna og þá einkum framleiðslugjald það, sem ISAL er ætlað að greiða í stað almennra skatta hér á landi, svo og ýmsa aðra skatta og gjöld, sem á það munu falla. Auk þessa er í samningnum kveðið á um ýmis mikilvæg atriði varðandi skipti samningsaðilanna og réttarstöðu sín í milli og gildi og framkvæmd samninganna í heild. Ber þar fyrst að nefna ábyrgð Alusuisse á efndum ISALs á samningsskyldum sínum og skilvísri greiðslu allra fjárskuldbindinga félagsins gagnvart hinum íslenzku samningsaðilum, svo og ábyrgð ríkisstjórnarinnar á efndum af hálfu Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar (II. kafli). Enn fremur er m. a. kveðið á um meðferð fjárfestinga þeirra, sem gerðar verða samkvæmt samningnum, áhrif óviðráðanlegra afla (force majeure) á samningsskyldur aðila, vanefndir og afleiðingar þeirra, lög þau, sem ráða skulu túlkun og framkvæmd samningsins, deilumál aðila og lausn þeirra, gildistöku samningsins, staðfestingu og lagagildi, lengd samningstímans og ýmis atriði, sem varða almenna framkvæmd samningsins (breytingar, hömlur á framsali, tilkynningar o. fl.). (VII. kafli).
2. Rafmagnssamningur (fylgiskjal A með aðalsamningi) milli Landsvirkjunar og ISALs, er fjalla mun um afhendingu og sölu á rafmagni því, er starfræksla bræðslunnar byggist á. Er þar m. a. að finna tæmandi ákvæði um afl það og orku, er bræðslunni verði látin í té af hálfu Landsvirkjunar, lágmarksmagn það, sem skylt verður að greiða fyrir á ári hverju, rafmagnsverð til bræðslunnar og leiðréttingu þess og endurskoðun á samningstímanum, auk margvíslegra framkvæmdaratriða.
3. Hafnar- og lóðarsamningur (fylgiskjal B með aðalsamningi) milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og ISALs. Samkvæmt ákvæðum hans mun ISAL látin í té lóð undir bræðsluna við Straumsvík í landi Hafnarfjarðar og hafnaraðstaða í víkinni,

þar sem kaupstaðurinn mun byggja hafnargarð og tilheyrandi mannvirki. Mun ISAL greiða allan byggingarkostnað hafnarmannvirkjanna, svo og viðhaldskostnað, ef aðrar tekjur hafnarinnar rísa ekki undir honum, auk annarra tiltekinna greiðslna. Loks er þar kveðið á um heimild ISALs til vatnstöku fyrir bræðsluna á lóðinni sjálfri og tilteknu landssvæði sunnan Reykjanesbrautar. Samningnum fylgja tiltekin heimildarskjöl varðandi byggingu hafnarmannvirkjanna (hafnaráætlun) og staðsetningu, byggingu og starfrækslu bræðslunnar (lóðaruppdráttur og bræðsluáætlun).

4. Aðstoðarsamningar (fylgiskjöl C 1, C 2 og C 3 með aðalsamningi) milli ISALs og Alusuisse. Með samningum þessum er ISAL tryggð tæknileg, viðskiptaleg og stjórnarleg aðstoð af hálfu Alusuisse við byggingu og rekstur bræðslunnar gegn tiltekinni þóknun. Mun Alusuisse annast verkfræðistörf við hönnun og byggingu bræðslunnar (fskj. C 1), veita samfellda tæknilega og stjórnunarlega aðstoð við rekstur hennar (fskj. C 2) og gegna umboðsmennsku við sölu á framleiðslu hennar (fskj. C 3). Eru þar innifalin afnot allra einkaleyfa og vörumerkja Alusuisse, er gildi hafa fyrir bræðsluna.
5. Samningur um framkvæmdatryggingu (fylgiskjal D með aðalsamningi) milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, dags. 28. marz 1966. Með honum leggur Alusuisse fram sérstaka tryggingu fyrir því, að fyrsti áfangi bræðslunnar verði byggður á tilsettum tíma, í formi bankaábyrgðar af hálfu Schweizerische Kreditanstalt í Zürich. Fer ábyrgðarfjárhæðin hækkandi úr 50 í sem næst 200 milljónir íslenzkra króna eftir því sem Búrfellsvirkjun miðar áfram á fyrsta árinu eftir gildistökudag samninga, en lækkar á næstu 15 mánuðum, ef og eftir því sem byggingu bræðslunnar vindur fram. Er hún úr sögunni að þeim tíma liðnum, ef jafnhárri fjárhæð eða hærri hefur þá verið varið til byggingarinnar af hálfu ISALs.
6. Auk framangreindra samninga eru fyrirhuguð stofnskrá og samþykktir Íslenzka Álfélagsins hf. lagðar fram sem fylgiskjal E með aðalsamningnum. Er hvort tveggja einfalt og stutt í sniðum, eftir því sem venja er til hér á landi.

Framangreindir fylgisamningar hafa allir sama gildistíma og aðalsamningurinn, að framkvæmdatryggingarsamningnum undanteknum. Eru almenn ákvæði þeirra sniðin eftir aðalsamningnum eða til hans vísað um efni þeirra, svo sem um áhrif óviðráðanlegra afla (force majeure), vanefndir, lagagrundvöll, lausn deilumála o. s. frv. Er það að sjálfsögðu skilyrði fyrir gildistöku þeirra hvers um sig, og aðalsamningsins sjálfs, að þeir verði allir undirritaðir í því formi, sem nú liggur fyrir.

Aðalsamningurinn, sem staðfestingar er leitað á með frumvarpi þessu, er prentaður hér að framan með íslenzkum og enskum texta, sem báðir eru jafngildir. Fylgiskjöl hans eru prentuð hér að neðan með hinum íslenzka texta sínum. Jafnframt verða þingmönnum látin í té til samanburðar eintök af hinum enska texta fylgiskjalanna, sem jafngildur er hinum íslenzka, þótt eigi verði hann prentaður sem hluti af þingskjali þessu.

Verður nú vikið nánar að hinum einstöku samningum og rakið stuttlega aðalefni þeirra hvers um sig.

AÐALSAMNINGUR

Aðilar að samningunum og aðstaða þeirra.

Í málsgr. 1.01 í samningi þessum eru taldir þeir aðilar, sem helzt koma við sögu málsins auk samningsaðilanna sjálfra, þ. e. ríkisstjórn Íslands, Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstaður á aðra hlið, en Alusuisse, ISAL, dótturfélög Alusuisse og minnihluta hluthafi eða hluthafar á hina. Loks er Alþjóðabankinn, er hagsmuna hefur að gæta sem helzti lánveitandi til Búrfellsvirkjunar. Hafa fulltrúar hans fylgzt náið með viðræðum samningsaðilanna.

Gagnaðili ríkisstjórnarinnar við þessa samningsgerð, Swiss Aluminium Ltd., (Alusuisse), er eitt af elztu og þekktustu áliðjufyrirtækjum heims. Félagið var stofnað í fámennan hóp árið 1888 á grundvelli einkaleyfis fyrir aðferð til álrafgreiningar, og var álbræðsla þess í Neuhausen við Rínarfossa hin fyrsta í Evrópu. Félagið hefur síðan vaxið jafnt og þétt, ekki sízt á síðari árum, og stundar nú alhliða áliðnað, allt frá bauxítvinnslu til framleiðslu á álpappír (foil), ásamt dótturfélögum sínum og skyldfélögum víða um heim, og stendur í fremstu röð um alla tækni við álframleiðslu. Félagið er nú stærsta áliðjufyrirtæki á meginlandi Evrópu og þar með utan Bandaríkjanna. Yrði bræðslan við Straumsvík hin tíunda á þess vegum, og þá svipuð þeim stærstu, sem fyrir eru, sbr. 10. gr. samningsins. Hlutafé félagsins er nú sem næst 140 milljónir svissneskra franka að nafnverði og að mestu leyti í svissneskum höndum, en dreift á fjölmennan hóp hluthafa. Við skipulagsbreytingu á félaginu fyrir nokkrum árum var hlutafé þess allt nafnskráð og þær hömlur jafnframt settar við meðferð þess, að eigendaskipti skyldu háð samþykki stjórnar félagsins. Eru því hverfandi líkur til verulegra breytinga á skipulagi félagsins eða aðildar að því.

Íslenzka Álfélagið hf., eða ISAL, verður stofnað af hálfu Alusuisse og skrásett hér á landi í því skyni að byggja og reka hina fyrirhuguðu álbræðslu, ef frumvarp þetta verður að lögum. Er nánar fjallað um stofnun þess og skipulag í V. kafla samningsins.

Um dótturfélög Alusuisse er þess að geta, að þau eru ekki beinir aðilar að neinum þeim samningum, sem hér liggja fyrir. Hins vegar má vænta þess, að þau komi mjög við sögu við rekstur álbræðslunnar við Straumsvík, sem aðilar að þeirri alhliða starfrækslu, er Alusuisse hefur um hönd í áliðnaðinum. Þannig má búast við því, að þau muni að verulegu leyti sjá ISAL fyrir hráefni til bræðslunnar í Straumsvík, svo sem áloxýði (alumina) frá Hollandi og Ítalíu, eða Ástralíu, ef af framkvæmdum verður við bauxítnámur þær, sem Alusuisse hefur nú í rannsókn þar í landi. Á sama hátt er líklegt, að þau muni geta hagnýtt eða tekið við mestu af því áli, sem framleitt yrði við Straumsvík. Þannig er t. d. gert ráð fyrir því í málsgr. 10.01 í samningnum um aðstoð við sölu (fskj. C 3), að Alusuisse geti falið tilteknum aðilum skyldur sínar um öflun markaða fyrir ál frá Straumsvík, og eru þar talin 4 dótturfélög Alusuisse í jafnmörgum markaðslöndum, sbr. og málsgr. 3.04 í sama samningi.

Meirihluta hluthafi eða hluthafar eru heldur ekki aðilar að neinum samninganna, og ekki vitað, hvort um þátttöku slíks aðila verður að ræða við hina fyrirhuguðu álbræðslu. Er hún því aðeins heimil, að leyfi ríkisstjórnarinnar komi til hverju sinni. Er nánar greint frá hugsanlegri aðild slíkra hluthafa í 22. gr. samningsins og þar m. a. gert ráð fyrir því, að þeir samþykki að verða bundnir af öllum ákvæðum hans, sem að þeim vita, áður en til þátttöku kemur. Athygli er vakin á því, að heitið á eingöngu við erlenda aðila, en ekki íslenzka.

Enda þótt Landsvirkjun, Hafnarfjarðarkaupstaður og ISAL séu eigi aðilar að aðalsamningi ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, leggur hann þeim ýmsar skyldur á herðar. Einkum á þetta við um ISAL, þar sem fjallað er í samningnum um öll helztu málefni, er almennt varða bræðsluna og starfsemi hennar. Svo sem ráðgert er í formálsorðum aðalsamningsins, munu þessir aðilar lýsa því yfir við gerð fylgisamninga sinna, að þeir takist á hendur efndir á þeim skuldbindingum, sem á þá eru lagðar með aðalsamningnum (sbr. 33. gr. rafmagnssamningsins og 26. gr. hafnar- og lóðarsamningsins).

Fylgisamningar þessara aðila sín á milli, þ. e. rafmagnssamningurinn annars vegar og hafnar- og lóðarsamningur hins vegar, eru að sínu leyti sjálfstæðir samningar, þótt nátengdir séu aðalsamningnum. Þeir skipta þó aðila aðalsamningsins eigi minna máli en mörg ákvæði hans sjálfs. Því er svo fyrir mælt í hvorum um sig, að samningnum megi eigi breyta án samþykkis ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, né heldur verður aðilum þeirra heimilt að framselja samningsréttindi sín eða fela þau

öðrum án slíks samþykkis (28. og 29. gr. rafmagnssamningsins og 21. og 22. gr. hafnar- og lóðarsamningsins). Riftun þessara samninga á samningstímanum er og háð ákvörðun þessara aðila. Jafnframt heita aðilar aðalsamningsins hvor öðrum því, að gæta þess eftir megni, að samaðilar þeirra hvors um sig efni ákvæði þessara fylgisamninga (2. gr. aðalsamningsins). Loks ábyrgjast þeir hvor öðrum og samaðilum hins, að samaðili sinn eða sínir efni í öllu þær skuldbindingar, sem á þá eru lagðar með aðalsamningnum og þessum fylgisamningum. Er nánar fjallað um þá ábyrgð í 3. gr. aðalsamningsins.

Með ákvæði þessu ábyrgist ríkisstjórnin það gagnvart Alusuisse og ISAL, að Landsvirkjun efni skyldur sínar samkvæmt aðalsamningnum og rafmagnssamningi sínum við ISAL, og að Hafnarfjarðarkaupstaður efni á sama hátt skyldur þær, sem á hann eru lagðar með aðalsamningnum og hafnar- og lóðarsamningi sínum við ISAL (málsgr. 3.01 og 3.02). Tekur sú ábyrgð til greiðslu á skaðabótum, sem á aðila þessa kunna að falla vegna vanefnda á samningsskyldum sínum.

Alusuisse ábyrgist á hinn bóginn efndir af hálfu ISALs á öllum loforðum þess og skuldbindingum samkvæmt aðalsamningnum, rafmagnssamningnum og hafnar- og lóðarsamningnum. Tekur það til skilvísrar greiðslu á öllum skuldum ISALs og fjárskuldbindingum samkvæmt samningum þessum gagnvart aðilum þeirra, svo og greiðslu skaðabóta vegna vanefndar á þeim, ef til kemur (málsgr. 3.03). Hér er með öðrum orðum um að ræða skilyrðislausa persónulega ábyrgð Alusuisse gagnvart ríkisstjórninni, Landsvirkjun og Hafnarfjarðarkaupstað á öllum greiðslum ISALs fyrir rafmagn frá Landsvirkjun, smáum og stórum, skattgreiðslum þess og greiðslu hafnargjalda, svo hið helzta sé nefnt.

Ábyrgð aðilanna verður virk á gjalddaga þeirra greiðslna, sem um er að ræða, þó þannig, að þeim er settur tiltekinn, stuttur frestur til að inna af hendi í stað þess, er greiða skyldi, frá því að tilkynnt er um greiðslufall (málsgr. 3.02 og 3.04).

Í málsgr. 3.05 er fyrirvari gerður vegna þeirrar sérstöku undanþágu frá ábyrgð, sem um getur í 24. gr. rafmagnssamningsins varðandi misfellur í rekstri á mannvirkjum Landsvirkjunar og ISALs. Tekur sú undanþága að sjálfsögðu jafnt til ábyrgðarmanna þessara aðila.

Í málsgr. 3.06 er því loks slegið föstu, að gengið skuli frá hinni sérstöku framkvæmdatryggingu Alusuisse varðandi byggingu fyrsta áfanga bræðslunnar samkvæmt samningnum á fylgiskjali D, og hefur sá samningur þegar verið undirritaður.

Bræðslan og starfsemi hennar.

Sú starfsemi, sem einkum mun fara fram í verksmiðjunni við Straumsvík, er framleiðsla á hreinum álmálmi með bræðslu á áloxýði (alumina), sem inn verður flutt í þessu skyni ásamt öðrum hráefnum, svo sem kryolíti og álfluoríði, er bæði eru notuð sem hvatar við bræðsluna. Hér er um að ræða þriðja stig þeirrar vinnslu, sem til þarf við framleiðslu á fullunninni álvöru. Hið upphaflega hráefni þeirrar framleiðslu er yfirleitt bauxít, málmgrýti eða leir, er víða finnst í jörðu, einkum í hitabeltislöndum, og myndast við veðrun á grjóti, er inniheldur álsambönd. Er almennt miðað við, að um vinnsluhæft bauxít sé að ræða, ef málmgrýtið inniheldur 32% eða meira af áloxýði. Á fyrsta stigi framleiðslunnar er málmgrýtið malað, þvegið og þurrkað og þannig aukið hlutfallslegt innihald þess af málminum. Á öðru stigi er áloxýðið unnið úr bauxíti með efnagreiningu, þar sem mikið er byggt á varma, og fer sú vinnsla yfirleitt fram í mjög stórum verksmiðjum. Kristallast það í hvítt duft, sem síðan er unnið í álbræðslu, sem fyrr segir, og úr því brætt ál með rafgreiningu, Er almennt gert ráð fyrir því, að tæpar 2 smálestir af áloxýði þurfi til framleiðslu á einni smálest af áli. Á fjórða stigi tekur við vinnsla úr málminum með ýmsu móti, svo sem með steypu, völsun, þrýstimótun og smíðum. Er þá sumpart skilað fullunninni vöru, en þó mestmegnis hálfunninni framleiðslu, sem síðan er fullunnin til hinna margvíslegu nota, sem málminum er beitt til.

Bræðsla á áloxýði fer fram með rafgreiningu í þar til gerðum stálkerjum við mjög hátt hitastig. Er rafstraumi hleypt á hráefnið um kolefnisrafskaut, sem stungið er ofan í kerin (anóður), en kerin sjálf eru jákvæða rafskautið (katóðan), og klædd innan með kolefni. Hér er um að ræða samfellda vinnslu, þannig að stöðugur rafstraumur er á kerjunum og málmurinn þar jafnan í deiglunni. Er álið tappað af jafnóðum og það fellur út í kerinu og það flutt bráðið í steypuhús bræðslunnar, þar sem það er mótað í klumpa, stengur og álíka form, eftir því hvort það er ætlað til endurbræðslu, völsunar, þrýstimótunar (extrusion) eða annarra smíða á síðara framleiðslustigi.

Kerin eru sett upp í tvöfaldri röð eftir endilöngum kerjasal bræðslunnar og rafstraumi veitt á röðina frá afriðli (rectifier) við enda byggingarinnar. Talið er, að til rafgreiningar með þeim hætti, sem hér segir, muni þurfa sem næst 15 000 kWst. af raforku fyrir hverja smálest af áli, miðað við þá tækni, sem nú er beitt.

Takmörkun þeirri á starfsemi álbræðslunnar við Straumsvík, sem leiðir af þessu skipulagi áliðnaðarins, er nánar lýst í málsgr. 1.03 a) í aðalsamningnum, þar sem skýrgreint er orðið „ál". Er þar gert ráð fyrir því, að framleiddur verði í bræðslunni álmálmur í ýmsum myndum, sem almennt tíðkast á þessu vinnslustigi, svo sem klumpar til endurbræðslu, stykki til völsunar og stengur eða bútar til þrýstimótunar, auk þess sem hann kunni að verða blandaður öðrum málmum, svo sem magnesium. Hins vegar mun engin aðvinnsla á málminum fara fram utan steypuhúss bræðslunnar, og aðvinnsla í steypuhúsinu sjálfu er takmörkuð við þá meðferð, sem unnt er að veita málminum í samfelldri framleiðsluröð, þar sem byrjað er með fljótandi áli frá bræðslunni. Er þar t. d. um að ræða plötur og lengjur, sem mótaðar eru við samfellda steypu og hringaðar upp eða bútaðar sundur jafnótt og steypt er.

Í bræðslunni við Straumsvík verður í fyrstu byggð ein kerjaröð, sbr. málsgr. 1.03 e), þar sem skýrgreindur er „fyrsti áfangi bræðslunnar" og verða þar yfir 100 bræðsluker. Mun kerjaröðin hafa 60 MW málraun, þ. e. skráða aflnýtingu, og afkasta rúmlega 30 000 smálestum áls á ári við eðlilega nýtingu. Í öðrum áfanga verður síðan bætt við hálfri kerjaröð, einu til þremur árum eftir að hin fyrsta á að taka til starfa, sbr. málsgr. 1.03 f) og h), svo og 6. gr. og málsgr. 9.03. Í þriðja áfanga verður síðari kerjaröðin fullbyggð, og hefur þá bræðslan náð fullri stærð með 120 MW málraun. Því byggingarstigi ber að ná ekki síðar en 3 árum eftir að fyrri stækkuninni á að vera lokið, en heimilt er að ljúka því fyrr, ef svo semst við Landsvirkjun, sbr. málsgr. 1.03 g) og i), svo og 6. gr. og málsgr. 9.04. Er ekki ólíklegt, að síðari kerjaröðin verði byggð í einu lagi á þeim tíma, sem ætlaður er til byggingar fyrri helmingsins. Kerjasalir bræðslunnar verða allmikil mannvirki, eða hartnær 1 kílómetri að lengd. Mannvirkjum þeim öðrum, sem starfseminni heyra til, er nánar lýst í málsgr. b) og e) og í bræðsluáætlun þeirri, sem fylgir hafnar- og lóðarsamningnum. Má þar einkum nefna steypuhús bræðslunnar, færibelti og síló fyrir áloxýð, tengivirki og annan rafbúnað, auk verkstæðis, vöruskemmu, skrifstofubyggingar og svipaðra mannvirkja.

Bygging mannvirkja.

Í 4. gr. samningsins er rætt um byggingu Búrfellsvirkjunar og varavirkja af hálfu Landsvirkjunar. Hér er um óbeina skuldbindingu að ræða, þannig, að prófsteinninn á efndir hennar verður sá, hvort Landsvirkjun getur látið í té samningsbundið rafmagn á þeim tíma, sem til afhendingar þess er tekinn, en ekki ástand mannvirkjanna sem slíkra á þeim degi. Í 5. gr. er vikið að helztu skuldbindingum Landsvirkjunar samkvæmt rafmagnssamningnum, sem að öðru leyti er háður skilmálum hans, og þá fyrst og fremst þeirri skyldu, að láta bræðslunni í té hið samningsbundna rafmagn.

Í 6. gr. er síðan vikið að byggingu bræðslunnar og tími settur til að ljúka hinum ýmsu áföngum hennar. Verður nánar vikið að þeim tímamörkum við skýr-

ingu á ákvæðum 9. gr., sbr. og athugasemdir við rafmagnssamninginn. Í 7. gr. er vikið að helztu skyldum ISALs samkvæmt rafmagnssamningnum, sem í öllu eru honum háðar, og þá einkum skyldu þess til að greiða fyrir það lágmarksmagn raforku, sem umsamið er, hvort sem það er notað eða ekki.

Í 8. gr. er vikið að byggingu hafnarmannvirkjanna við Straumsvík, sem mælt er um í 6. gr. hafnar- og lóðarsamningsins. Skiptir þar mestu máli sá tími, sem til er tekinn til að ljúka byggingu hafnargarðsins að því marki, að ISAL geti hafið uppsetningu á hafnarkrönum sínum og færibelti, sbr. málsgr. 6.05 í hafnar- og lóðarsamningi. Er við það miðað um þau tímamörk, að ISAL hafi hæfilegt svigrúm til að viða að sér hráefni og setja bræðsluna í gang áður en kemur að fyrsta afhendingardegi rafmagns, er hefja þarf fullan rekstur, eða greiðslur fyrir lágmarksrafmagn að öðrum kosti. Þar eð fyrirkomulag hafnarmannvirkjanna er í tilteknum atriðum háð samkomulagi við ISAL, er hugsanlegt, að bygging þeirra verði fyrir töfum vegna ágreinings um þau efni milli þess og Hafnfirðinga. Því er svo fyrir mælt í málsgr. 8.02, að kaupstaðurinn verði því aðeins bundinn af skuldbindingu sinni um tímanlega byggingu mannvirkjanna, að ISAL veiti greiðlega samþykki sitt, þegar þess er leitað, og að það æski ekki verulegra breytinga á endanlegri gerð mannvirkjanna frá því, sem þegar hefur verið áætlað. Verði ISAL ekki fært um að taka við samningsbundnu rafmagni á fyrsta afhendingardegi vegna misbrests í þessum efnum, haggar það ekki skuldbindingu þess gagnvart Landsvirkjun um greiðslu fyrir lágmarksmagn, og kaupstaðurinn ber að sjálfsögðu ekki ábyrgð á því tjóni, sem slíkum töfum kann að verða samfara fyrir ISAL.

Í málsgr. 8.03 er loks vikið að öðrum helztu samningsatriðum hafnar- og lóðarsamningsins, sem í öllu eru háð ákvæðum hans.

Afhendingardagar rafmagns.

9. gr. samningsins fjallar um ákvörðun afhendingardaga samningsbundins rafmagns til bræðslunnar (AR I, AR II og AR III). Eru þeir þau tímamörk, sem lögð verða til grundvallar um alla framkvæmd samninganna í heild, og er hinn fyrsti þar mikilvægastur. Við hann eru miðaðar allar áætlanir um byggingu mannvirkja og annan undirbúning þess, að full vinnsla geti hafizt í fyrsta áfanga bræðslunnar, og frá honum er talinn gildistími samninganna (49. gr.) og flest þau tímamörk, sem máli skipta um skattgreiðslur (25. gr.) og rafmagnsverð (13. gr. rafmagnssamningsins). Á þeim degi verður Landsvirkjun skuldbundin til að hafa samningsbundið rafmagn tiltækt fyrir fyrsta áfanga bræðslunnar, og um leið fellur á ISAL sú skylda, að greiða fyrir umsamið lágmarksmagn raforku, hvort sem bræðslan er þá tilbúin til starfrækslu eða ekki. Hið sama gildir að þessu leyti um hina síðari afhendingardaga að því er varðar stækkun bræðslunnar.

Ákvæði samningsins um AR I eru sett með það fyrir augum, að fyrsti áfangi bræðslunnar (ein kerjaröð með 60 MW málraun) verði fullbyggður og búinn til starfrækslu á þeim tíma, sem fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar (105 MW) verði tilbúinn til notkunar. Ber Landsvirkjun að tiltaka daginn eftir því sem mælt er í málsgr. 9.02. Við því má búast, að afhending rafmagns frá Búrfellsvirkjun geti hafizt á miðju ári 1969, og er AR I því tiltekinn til bráðabirgða sem hinn 1. júní 1969. Tveimur árum fyrir þann tíma, eða fyrir 1. júní 1967, ber Landsvirkjun að tilkynna aðilum nánari ákvörðun sína um AR I. Er henni þá heimilt að fresta deginum allt að einu ári, eða til 1. júní 1970. Sex mánuðum fyrir þann dag, sem hún hefur þannig tiltekið, ber henni síðan að tilkynna aðilum endanlega ákvörðun sína um AR I. Er henni þá heimilt að fresta deginum allt að 6 mánuðum frá þeim degi, er síðast var tiltekinn, en þó ekki fram yfir 1. júní 1970.

Þess ber að gæta, að öll þessi tímamörk eru háð frestun, ef óviðráðanleg öfl (force majeure) hamla byggingu Búrfellsvirkjunar, hafnarmannvirkjanna eða bræðslunnar. Á það bæði við um hin einstöku tímamörk og þau innbyrðis hlutföll, sem

milli þeirra eru, þannig að frestunin skerðir ekki það svigrúm, sem Landsvirkjun er veitt um endanlega ákvörðun sína (málsgr. 9.06). Hins vegar verður AR I ekki frestað, þótt dráttur yrði á byggingu þessara mannvirkja af öðrum orsökum. Um hafnarmannvirkin gildir það sérstaklega, að ISAL fær ekki sjálfkrafa rétt til að fresta AR I, þótt dráttur kynni að verða á byggingu hafnarmannvirkjanna af hálfu Hafnarfjarðarkaupstaðar. Er það einungis ef útilokað er að ljúka byggingu bræðslunnar vegna slíkra tafa, þótt öllum tiltækilegum ráðum sé beitt, án tillits til kostnaðar, að frestun af þessum orsökum kemur til greina (málsgr. 9.05).

Ákvæði samningsins um AR II og AR III eru sett með tilliti til þess svigrúms, sem ISAL verður veitt um stækkun bræðslunnar, og jafnframt þess fyrirvara, sem Landsvirkjun þarf að hafa um stækkun Búrfellsvirkjunar. Svo sem fyrr segir, verður ISAL skylt að bæta hálfri kerjaröð með 30 MW málraun við fyrsta áfanga bræðslunnar eigi síðar en þremur árum eftir að hann átti að taka til starfa, þ. e. eftir AR I. Afhendingu á rafmagni til þeirrar stækkunar ber að hefja á AR II, er ákveðinn verði með samkomulagi við Landsvirkjun, þó ekki fyrr en einu ári eftir AR I. Eigi síðar en þremur árum eftir AR II er ISAL skylt að fullbyggja síðari helming þessarar kerjaraðar, þannig að hún nái 60 MW málraun. Afhendingu rafmagns til þessa áfanga ber að hefja á AR III, er ákveðinn verði með samkomulagi við Landsvirkjun, þó ekki fyrr en einu ári eftir AR I, eins og hið fyrra sinni. Getur það þannig tekið frá einu ári allt að sex árum frá því, að fyrsti áfangi bræðslunnar á að taka til starfa, að hún verði fullbyggð með 120 MW málraun.

AR II og AR III eru einnig háðir frestun, ef óviðráðanleg öfl valda töfum á byggingu Búrfellsvirkjunar eða greindum stækkunum bræðslunnar. Þar eð hvor aðili um sig þarf a. m. k. 2ja ára undirbúning til að ljúka þeim áföngum, sem um er að ræða, er miðað við áhrif óviðráðanlegra afla á því tímabili fyrir AR II og AR III (málsgr. 9.07).

Ýmis ákvæði varðandi rekstur bræðslunnar (framleiðsluafköst, leyfi, mengun o. fl.)

Í ákvæðum 10. gr. samningsins felst sú skuldbinding af hálfu ISALs, að halda jafnan uppi eðlilegum framleiðsluafköstum í bræðslunni og lækka þau eigi nema sérstakar ástæður komi til, og þá aðeins þannig, að sambærilegt sé við samdrátt á afköstum í öðrum álbræðslum á vegum Alusuisse. Er til þess ætlazt, að hvor kerjaröð verði nýtt a. m. k. sem svarar 30.000 smálestum áls á ári, eða ekki fjær en 10% frá því marki. Samdráttur á afköstum umfram það er því aðeins heimill, að aðrar álbræðslur Alusuisse hafi á næstliðnum þremur mánuðum ekki starfað með venjulegum afköstum, af þeim ástæðum, sem segir í málsgr. 10.02, og þá einungis að því marki, sem svarar hlutfallslegum samdrætti í afköstum þeirra.

Svo sem fyrr var getið, verður starfsemi ISALs einskorðuð við framleiðslu á áli, eins og það er skýrgreint í málsgr. 1.03 a). Er þeirri takmörkun á starfssviði félagsins nánar lýst í 11. gr. Gert er ráð fyrir því í 15. gr. samningsins, að ISAL verði veitt þau leyfi af opinberri hálfu, sem nauðsynleg eru til starfsemi þess.

Í 12 gr. samningsins er fjallað um þá hlið á starfsemi bræðslunnar, sem að umhverfinu snýr. Í útblásturslofti frá álbræðslum er jafnan nokkuð fluor, sem getur haft skaðleg áhrif á gróður í næsta nágrenni, einkum þar sem loft er kyrrt. Er nánar rætt um aðstæður við bræðsluna við Straumsvík í þessu tilliti í skýrslu Rannsóknarstofnunar iðnaðarins, er fylgir með greinargerð þessari. Með samningsákvæði þessu er ISAL lögð á herðar full ábyrgð á hverju því tjóni, sem verða kann af þessum sökum utan þess svæðis í nágrenni verksmiðjunnar, sem afmarkað er á uppdr. II með bræðsluáætluninni. Er það 5 km breitt frá austri til vesturs og um 3 km í suður frá ströndinni. Innan þessa svæðis ber ISAL einnig fulla ábyrgð á slíku tjóni gagnvart þeim, sem hafa þar aðsetur eða eiga eignir. Hins vegar ber það ekki ábyrgð á slíku tjóni gagnvart þeim, sem síðar setjast þar að eða eignast

eignir, ef um er að ræða tjón á búskap eða garðyrkju. Þó ber það jafnan ábyrgð gagnvart þeim, sem eignir öðlast á svæðinu við framsal frá núverandi eigendum, að því er tekur til núverandi notkunar þeirra eigna, enda þótt í umræddu skyni sé (málsgr. 12.01).

ISAL er skylt að gera allar eðlilegar varúðarráðstafanir gegn tjóni af greindum sökum í samræmi við góðar iðnaðarvenjur (málsgr. 12.02). Sömuleiðis ber því skylda til að fylgjast með áhrifum útblásturslofts á umhverfið í samráði við opinberar rannsóknarstofnanir og láta ríkisstjórninni í té niðurstöður athugana sinna í því efni (málsgr. 12.03).

Í 13 gr. samningsins er sérstaklega tekið fram, að ISAL skuli háð venjulegum öryggis- og heilbrigðisreglum við byggingu og rekstur bræðslunnar og eftirliti þeirra stofnana, sem framfylgja skulu slíkum reglum, svo sem öryggiseftirlits ríkisins.

Tollamál.

Í 14. gr. samningsins er kveðið á um tollamál bræðslunnar. Mun ISAL verða undanþegið aðflutningsgjöldum af efni og tækjum, sem það eða verktakar þess flytja inn til byggingar bræðslunnar, innan þeirra marka, sem segir í málsgr. 14.01 a). Sama gildir um hráefni, vélar o. fl., sem það flytur sjálft inn til rekstrar bræðslunnar (málsgr. 14.01 b). Slík undanþága nær þó ekki til þess innflutnings af því tagi, sem um ræðir í málsgr. 14.02, svo sem neyzluvarnings, skrifstofubúnaðar, benzíns eða ökutækja annarra en þeirra, sem beint eru notuð í byggingu og rekstri bræðslunnar. Ál frá bræðslunni og afgangshlutir, sem út verða fluttir, verða undanþegin útflutningsgjöldum (málsgr. 14.01 c) og d).

Undanþegnar vörur, sem ISAL ráðstafar hér á landi, verða tollaðar með venjulegum hætti (málsgr. 14.03). ISAL verður háð venjulegri tollmeðferð og tolleftirliti, og mun greiða allan eðlilegan kostnað, sem því er samfara (málsgr. 14.04). Erlendu starfsfólki, sem hingað kemur á vegum ISALs, verður heimill tollfrjáls innflutningur á heimilismunum sínum með þeim hætti, sem nú tíðkast (málsgr. 14.05).

Gjaldeyrismál.

Með 16. gr. samningsins er ISAL lögð sú skylda á herðar, að hafa hér jafnan handbært rekstrarfé í íslenzkum peningum eða auðskiptum erlendum gjaldeyri, er eigi sé minna en sem svarar þriggja mánaða rekstrarútgjöldum þess hér á landi, öðrum en greiðslum fyrir rafmagn, þar á meðal framleiðslugjaldi félagsins og öðrum sköttum (málsgr. 16.01). Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því, að félagið megi eiga gjaldeyrisinnstæður erlendis og þurfi ekki að yfirfæra hingað aðrar greiðslur fyrir málm sinn en þær, sem til þarf við reksturinn hér á landi, meðan framangreindum skilyrðum er fullnægt af þess hálfu. Horfir þetta til að gera einfaldara allt gjaldeyriseftirlit með félaginu, sem að sjálfsögðu verður viðhaft, og gjaldeyrismeðferð á þess vegum. Í þessu sambandi er rétt að minna á, að félaginu er ætlað að inna af hendi margar af mikilvægustu greiðslum sínum til íslenzkra aðila í Bandaríkjadollurum eða öðrum frjálsum gjaldeyri. Gildir það einkum um greiðslur til Landsvirkjunar fyrir rafmagn (málsgr. 21.04 í rafmagnssamningnum), greiðslu á fastagjaldi vegna Straumsvíkurhafnar (málsgr. 11.07 í hafnar- og lóðarsamningnum) og um framleiðslugjald þess til ríkisins (málsgr. 29.02).

Það skiptir að sjálfsögðu máli eftir sem áður, á hvaða gengi félaginu verði heimilað að yfirfæra hingað andvirði framleiðslu sinnar, ef fleiri gengi en eitt yrðu skráð hér á landi. Er reglunni í málsgr. 16.03 ætlað að skera úr um það efni. Samkvæmt henni mun ál fá að njóta þess gengis, sem bezt gerist um þá flokka útflutningsafurða, er sérstaka gengisskráningu hafa, enda eigi þeir stærri hlut í útflutningsverðmæti Íslendinga en álið, eða sem svarar einum fimmta hlut, hvort sem hærra er, þó þannig, að slíkt gengi sé aldrei lakara en meðaltal hinna ýmsu gengja, sem

skráð eru á þeim tíma fyrir íslenzkan útflutning, vegið eftir verðmæti hvers gengisflokks um sig. Það hefur þannig mjög takmörkuð áhrif á gengi áls, þótt tilteknum erfiðum markaðsvörum Íslendinga verði veitt gengisfríðindi.

Í málsgr. 16.04 er að finna skýrgreiningu á því, hvað átt sé við með „gengi" í framangreindu sambandi, og er þar fylgt reglum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í málsgr. 16.05 er föstum starfsmönnum ISALs gefið fyrirheit um yfirfærslu launa sinna hér á landi eftir því, sem þörf krefur.

Starfslið við bræðsluna.

Til þess er ætlazt með samningnum, að ISAL noti íslenzkt starfslið, verkafólk, fagmenn og kunnáttumenn, við byggingu og rekstur bræðslunnar, sbr. 17. gr. Er Alusuisse skylt að aðstoða félagið við að þjálfa slíkt starfsfólk og sérhæfa til starfa í bræðslunni. Það er og stefna félagsins, sem vænta má, að ráða hérlent vinnuafl eftir föngum. Má búast við því, að bræðslan verði snemma rekin með íslenzkum starfskröftum að miklu eða öllu leyti.

Vegna þeirrar sérhæfingar, sem á þarf að halda við rekstur bræðslunnar, verður ISAL jafnframt heimilað að hafa hér sérþjálfað og reynt erlent starfslið að vissu marki eftir eigin mati, þó eigi fleiri en 50 manns í senn (málsgr. 17.02). Á þeim tímum, sem nægilegt hæft starfslið er ekki fyrir hendi hérlendis, og á gangsetningartíma hinna þriggja áfanga bræðslunnar, verður ISAL þó að sjálfsögðu heimilað að fara fram úr þessu marki, enda munu þær ráðningar fara fram á grundvelli atvinnuleyfa, er veitt verði í samræmi við gildandi lagaframkvæmd. Búizt er við því, sem kunnugt er, að starfslið við rekstur bræðslunnar fullbyggðrar verði um 450 manns, þannig að framangreind sérregla mun eigi varða meiru en um það bil níunda hluta starfskrafta hennar.

Í málsgr. 17.03 eru ákvæði um komu og brottför erlendra starfsmanna ISALs og verktaka þess, svo og þeirra yfirmanna og starfsmanna Alusuisse og dótturfélaga þess, sem erindi eiga að reka við bræðsluna. Í málsgr. 17.04 eru loks ákvæði um sköttun hinna erlendu starfsmanna þessara aðila hér á landi. Er ráðgert, að beitt verði af Íslands hálfu þeim reglum, sem felast í uppkasti OECD að sáttmála um tvísköttun, nema tvísköttunarsamningar náist við Sviss eða önnur þau ríki, sem hagsmuna eiga að gæta vegna borgara sinna hér á landi. Sáttmálauppkast þetta felur í sér hina helztu tilraun, sem gerð hefur verið í þá átt að koma á marghliða tvísköttunarsamningum milli ríkja, og ekki ólíklegt, að hún muni bera slíkan ávöxt, þegar fram í sækir. Hefur uppkast þetta verið samþykkt af Íslands hálfu með tilteknum fyrirvara, og eru þeir tvíhliða tvísköttunarsamningar Íslendinga, sem nú eru á döfinni, að miklu leyti byggðir á ákvæðum þess.

Sú regla, sem þannig mun skipta mestu í framkvæmd, felst í 15. gr. sáttmálauppkastsins. Samkvæmt henni verður Íslendingum heimilt að leggja venjulega tekjuskatta á allar launatekjur hinna erlendu starfsmanna, nema a) þeir hafi dvalið hér skemur en 6 mánuði (183 daga) á skattárinu, b) laun þeirra séu greidd af vinnuveitanda, sem ekki á hér búsetu, og c) launagreiðslurnar séu ekki bornar uppi af fastri starfsstöð vinnuveitandans hér á landi. Takmörkun þessi, sem ekki felur í sér verulegt frávik frá núgildandi skattalögum, tekur þannig aðeins til starfsmanna Alusuisse, erlendra dótturfélaga þess og sumra verktaka ISALs, en launatekjur starfsmanna ISALs sjálfs yrðu skattskyldar hér á þeim dvalartíma, sem lög gera ráð fyrir. Hins vegar verða ekki skattlagðar hér aðrar tekjur eða hagsmunir erlendra starfsmanna ISALs en launatekjur þeirra, nema þeir hafi öðlazt hér fullkomna búsetu. Koma ákvæði 4. gr. samþykktarinnar til við ákvörðun um það efni.

Innlend og önnur viðskipti.

Með 18. gr. samningsins er ISAL lögð sú skylda á herðar, að veita vörum af íslenzkri gerð og uppruna forgangsrétt við innkaup sín til bræðslunnar, enda séu

þær samkeppnishæfar við erlendar vörur um verð og gæði. Sama gildir um þjónustu íslenzkra aðila, svo sem verktaka, skipa- og tryggingarfélaga. Mun ISAL leitast við að búa í haginn fyrir slík innkaup og þjónustu t. d. með skiptingu samninga og pantana, en á þó sjálft ákvörðunarvald um þá hagræðingu (málsgr. 18.01).

ISAL mun á sama hátt beina erlendum innkaupum sínum um hendur íslenzkra kaupsýslumanna og þjónustuaðila, sem hafa á boðstólum erlendar vörur, þegar þau kaup eru jafnhagkvæm og bein innkaup ISALs erlendis frá (málsgr. 18.02). Að öðru en því, sem leiðir af forgangsrétti Íslendinga samkvæmt framansögðu, mun ríkisstjórnin hins vegar ekki leitast við að hafa áhrif á erlend viðskipti ISALs, hvort heldur innkaup eða sölu, eða beina þeim í tilteknar áttir.

Aðstoð af hálfu Alusuisse.

Með aðstoðarsamningum þeim, sem fyrr greinir, mun Alusuisse láta ISAL í té tæknilega, stjórnunarlega og viðskiptalega aðstoð við byggingu og rekstur bræðslunnar gegn tiltekinni þóknun. Er hér einkum um að ræða verkfræðilega aðstoð við hönnun og byggingu bræðslunnar, tæknilega aðstoð við reksturinn og aðstoð við sölu á allri framleiðslu bræðslunnar.

Nánari grein verður gerð fyrir samningum þessum í heild hér á eftir, og er rétt að vísa þangað um frekari skýringar. Þess ber þó sérstaklega að geta, að samningum þessum má ekki breyta án samþykkis ríkisstjórnarinnar. Það er og bein skylda Alusuisse gagnvart ríkisstjórninni að sjá til þess, að aðstoð þess þjóni í öllu sem bezt hagsmunum ISALs.

ISAL, skipulag þess og fjármögnun.

Í V. kafla samningsins er að finna nánari ákvæði um stofnun og skipulag ISALs, hins fyrirhugaða dótturfélags Alusuisse, auk þess sem fyrirhuguð stofnskrá þess og samþykktir eru lagðar fram sem fylgiskjal E með samningnum.

Samkvæmt 20. gr. samningsins verður ISAL stofnað og skráð samkvæmt íslenzkum lögum, eftir því sem til er ætlazt með samningnum, og með þeim breytingum á ákvæðum hlutafélagalaga, sem leiðir af staðfestingarlögunum. Eru þær helztar, að Alusuisse verður heimilað að vera einkastofnandi félagsins og einkahluthafi, ef svo ber undir (málsgr. 20.01). Jafnframt verður ekki nauðsynlegt, að stjórnendur félagsins eigi hlut í því, auk þess sem ríkisstjórnin mun skipa fulltrúa í stjórn félagsins án annarrar hlutdeildar (málsgr. 23.01). Loks verður hverjum hluthafa heimilt að neyta atkvæðisréttar fyrir allt hlutafé sitt, án takmörkunar sem þeirrar, er felst í 31. gr. hlutafélagalaga (málsgr. 24.01). Eru þetta síður en svo einsdæmi, heldur þvert á móti. Það er altítt í nýrri hlutafélagalögum, að einum aðila sé heimilað að stofna hlutafélag um fyrirtæki og öðlast þar með takmarkaða ábyrgð á skuldbindingum þess eða að hlutareign í félagi megi færast á eina hendi. Sömuleiðis hefur löngu verið horfið frá þeirri kröfu í mörgum löndum, að stjórnendur væru hluthafar, enda hreint formsatriði. Loks er það regla víðast um heim, en ekki undantekning, að hluthafar geti neytt alls hlutafjár síns við atkvæðagreiðslur.

Í ákvæðum málsgr. 23.01 um búsetu og þjóðerni stjórnenda ISALs felst og undanþága frá ákvæðum 4. gr. iðjulaga. Sama gildir um ákvæði málsgr. 22.01, þar sem þess er beinlínis krafizt, að Alusuisse eigi jafnan meirihluta hlutafjár í ISAL, og þarf samþykki Alþingis til þess, að breyta þeirri tilhögun. Þessi undanþága frá ákvæðum iðjulaga felur að sjálfsögðu ekki í sér lagabreytingu, þar eð ráðherra hefði verið heimilt að veita hana.

Með þessum áskilnaði verður ISAL stofnað og skráð samkvæmt hlutafélagalögum, og mun stjórn þess skipuð íslenzkum borgurum að meirihluta til (málsgr. 23.01). Verður það því íslenzkt félag í hvoru tveggja þessu tilliti, og sama gildir að sjálfsögðu, þegar litið er á starfsstöð þess. Fleiri mælikvarðar koma þó til greina,

þegar meta skal þjóðerni félaga, enda um afstætt hugtak að ræða. Í þeim tilvikum, sem fara þarf eftir meirihlutavaldi í félaginu, verður það að sjálfsögðu ekki talið íslenzkt meðan slíkt vald er í höndum Alusuisse svo sem krafizt er í 22. gr.

Áskilið er um hlutafé ISALs, að það verði aldrei lægra að nafnverði en sem nemur ⅓ hluta af bókfærðu verði fastafjármuna þess (21. gr.). Verður hér um verulegt hlutafjárframlag að ræða, sem marka má af því að stofnkostnaður bræðslunnar getur orðið allt að 60 milljónum Bandaríkjadollara eða laust yfir 2.500 milljónir króna, þar af um 1.400 milljónir króna í fyrsta áfanga. Ekki er að öðru leyti fjallað í samningnum um fjármögnun ISALs nema að því, sem leiðir af samningnum um framkvæmdatryggingu og annarri ábyrgð Alusuisse, en Alusuisse mun að sjálfsögðu annast um alla fjáröflun til byggingar bræðslunnar, eitt eða í félagi við minnihluta hluthafa, og bera þá áhættu af byggingu hennar og rekstri, sem leiðir af hlutareign þess í ISAL og ábyrgðum þess gagnvart hinum íslenzku samningsaðilum.

Um hlutabréf í ISAL er þess enn fremur krafizt í 22. gr., að þau verði nafnskráð. Eigi má gefa þau út til annarra en Alusuisse, nema leyfi ríkisstjórnarinnar komi til, né heldur má Alusuisse eða aðrir hluthafar framselja bréf sín án slíks samþykkis. Það er og skilyrði, sem fyrr segir, að Alusuisse haldi jafnan eigi minna en 51% af þeim útistandandi hlutum í félaginu, sem almennur atkvæðisréttur fylgir. Er þá átt við alla þá hluti, sem greiða má atkvæði fyrir um almenn mál, hvort sem eiginleg hlutabréf hafa verið útgefin eða ekki.

Í málsgr. 22.03 er fjallað um hugsanlega aðild minnihluta hluthafa, er háð verður leyfi ríkisstjórnarinnar. Verður þess krafizt af slíkum aðila, auk annars, sem þurfa þykir, að hann fallist á það skriflega að vera bundinn af ákvæðum samningsins og fylgiskjalanna, og þá ekki sízt ákvæðunum um lausn deilumála.

Í 23. gr. er fjallað um stjórn ISALs og endurskoðendur. Ber að skipa meirihluta stjórnarinnar íslenzkum borgurum, svo sem víða er krafizt um félög með erlendu hlutafé. Mun ríkisstjórnin skipa tvo af sjö stjórnarmönnum, og ber henni aðild í engu óhagstæðara hlutfalli, ef breyting verður á heildartölu stjórnarmanna. Annar endurskoðenda félagsins skal vera íslenzkur borgari.

Í 24. gr. samningsins eru venjuleg ákvæði um atkvæðisrétt hluthafa og afgreiðslu mála á hluthafafundum, utan þeirrar breytingar varðandi takmörkun atkvæðisréttar, sem fyrr greinir. Loks eru settar skorður við skiptum eða slitum félagsins, samruna þess við önnur félög eða sölu á eignum þess, og samþykki ríkisstjórnarinnar áskilið um þau efni (málsgr. 24.03). Eru þau ákvæði sett til frekari tryggingar þeim hömlum, sem gilda um framsal hlutabréfa skv. 22. gr.

Skattamál.

Í VI. kafla samningsins er ítarlega fjallað um skattamál ISALs, bæði framleiðslugjald félagsins, hámark þess og lágmark, leiðréttingu og endurskoðun (25.—30. gr.) og aðra skatta og gjöld, sem á félagið kunna að falla (31. gr.). Auk þess eru takmörkuð ákvæði um skattskyldu Alusuisse, dótturfélaga þess og minnihluta hluthafa (32. gr.) og almenn ákvæði um gjaldskyldu (33. gr.). Fjallað er um almenna skipan þessara mála í öðrum þætti athugasemda þessara, og verður hér látið nægja að rekja stuttlega efni hinna ýmsu ákvæða.

Til þess er ætlazt, sem segir í 25. gr., að ISAL greiði sérstakt framleiðslugjald í stað almennra skatta hér á landi, og verði það lagt á hverja smálest áls, sem skipað er út eða flutt af framleiðslustað. Má sjá í málsgr. 30.06, hvaða skattar hafa einkum komið til greina við útreikning og samninga um fjárhæð þess. Framleiðslugjaldið fellur á þegar við fyrstu útskipun frá bræðslunni og greiðist óslitið síðan, með þeim breytingum og takmörkunum, sem síðar getur.

Grunnhæð framleiðslugjaldsins er tiltekin í málsgr. 25.02, í Bandaríkjadollur-

um, og er skattgjaldið að því leyti gengistryggt. Hækkar það úr $12.50 við upphaf starfseminnar í $20.00, er bræðslan hefur náð fullum afköstum, og þaðan smám saman í $ 35.00, eftir því sem 15 ár líða frá AR I, AR II og AR III, en það er afskriftartími hinna þriggja áfanga bræðslunnar. Á valdegi, þ. e. að 25 og aftur að 35 árum liðnum frá AR I, er heimilt að óska endurskoðunar á grunnupphæð gjaldsins, ef til þess kemur, að samningurinn verði framlengdur, og fer hún þá fram samkvæmt því, er í 30 gr. segir.

Um þessar breytingar á grunnupphæð gjaldsins er þess að geta, að hækkun þess og endurskoðun verður frestað fram yfir þá daga, sem til hennar eru teknir, eða dögunum öllu heldur frestað að því er þennan tilgang varðar, ef verulegur skortur hefur orðið á rafmagni til framleiðslu í bræðslunni á greiðslutíma gjaldsins. Fari afhending á orku til bræðslunnar á einhverju ári niður úr því lágmarksmagni, sem ISAL er skylt að greiða fyrir, af ástæðum, sem Landsvirkjun varða, verður þessum tímamörkum frestað. Mundi slík frestun t. d. nema 1 mánuði, ef 75 GWst vantar á það lágmarksmagn, sem við bræðsluna á, er hún hefur náð fullri stærð (málsgr. 25.03).

Í 26. gr. er kveðið á um hækkun og lækkun framleiðslugjaldsins, ef til breytinga kemur á heimsmarkaðsverði því, sem nú er á áli (24.5 bandarísk cent á pund). Verði frávikið meira en 2.5 cent, hækkar gjaldið eða lækkar um 7 dollara fyrir hvert sent, sem umfram er, eða hlutfallslega fyrir hvert brot úr senti. Sem sjá má af samhenginu, er ál hér ekki notað í hinni skýrgreindu merkingu orðsins, heldur er átt við hráálsklumpa með tilteknum hreinleika, en markaðsverð þeirra er auglýst vikulega í „Metal Bulletin", sem er helzta heimild um álverð á brezkum og öðrum evrópskum mörkuðum.

27. gr. fjallar um takmarkanir þær, sem gilda um fjárhæð árlegra greiðslna á framleiðslugjaldinu. Er þar fyrst, að skattgjaldið má aldrei vera lægra á ári hverju en 200 000 dollarar, eftir að bræðslan hefur verið fullbyggð, án tillits til hagnaðar eða raunverulegrar framleiðslu. Er hér í raun og veru um sérstakan lágmarksskatt að ræða, sem á fellur, ef framleiðslugjaldið skyldi annars fara niður úr þessari fjárhæð (málsgr. 27.01).

Á hinn bóginn er það skilyrði sett, að greiðslur á framleiðslugjaldi fyrir almanaksárið fari ekki fram úr 50% af nettótekjum ISALs á því ári, svo sem þær eru skilgreindar í því sambandi. Hefur Alusuisse alla sönnunarbyrði um það, að fram úr þessu marki hafi verið farið, og ber að leggja fram endurskoðaða reikninga því til staðfestingar. Er ríkisstjórninni heimilt af sinni hálfu að skipa óháða endurskoðendur til að rannsaka þau gögn, og hafa þeir fullt vald til könnunar á öllu, sem máli skiptir í því sambandi. Er ráðgert, að til þess verði fengið alþjóðlegt endurskoðendafirma, er reynslu hafi af skiptum við fyrirtæki á borð við Alusuisse og dótturfélög þess (málsgr. 27.03).

Við útreikning á nettótekjum ISALs í þessu sambandi ber almennt að fara eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, og jafnframt ber að meta öll viðskipti þess eftir því, sem gerist í skiptum milli óháðra aðila, eða m. ö. o. reglu þeirri, sem kennd er við „arm's length" í enskumælandi löndum. Regla þessi er algengust og þekktust þeirra aðferða, sem unnt er að beita við mat á skiptum skyldfélaga og annarra nátengdra aðila. Á Íslandi hefur hún verið lögfest sem slík í 5. gr. tollskrárlaga við mat á því, hvað sé hæfilegt tollverð vöru. Að sjálfsögðu gætir hennar og víða í íslenzkri skattalöggjöf, þótt ekki sé hún nefnd því nafni. Hér mundi reglunni t. d. beitt um verð á hráefni til ISALs og söluverð á framleiðslu þess. Sérstakar reglur eru að auki settar um ákvörðun á afskriftum ISALs og fjármagnskostnaði félagsins í þessu sambandi, auk þess sem þóknun fyrir einkaleyfi, tækniaðstoð o. s. frv. er bundin við það, sem aðstoðarsamningarnir segja til um. Nettótekjur eru reiknaðar áður en framleiðslugjald, arður og varasjóðstillög hafa verið frádregin (málsgr. 27.04).

Svo er um hnútana búið, að greiðslur á framleiðslugjaldi við útskipun skuli

eigi fara niður úr grunnupphæð þeirri, sem framleiðslugjaldið er einkum miðað við, enda þótt til endurgreiðslu eigi að koma vegna þess, að skattur á næstliðnu ári hafi farið yfir 50% tekna. Verður sú skattinneign, sem þannig myndast, eigi dregin frá einstökum skattgreiðslum ISALs, nema gjaldhæðin sé þá umfram $20.00 á smálest ($12.50 í upphafi).

Ákvæði 28. gr. eru sett til að sporna við því, að ISAL geti safnað óeðlilegum álbirgðum við bræðsluna án þess að greiða af því framleiðslugjald miðað við heimsmarkaðsverð á hverjum tíma. Er því skylt, að kröfu ríkisstjórnarinnar, að greiða skatt af álbirgðum, sem fara fram úr 3—4 mánaða framleiðslu.

Í 29. gr. eru rakin framkvæmdaratriði varðandi innheimtu framleiðslugjaldsins og það áskilið, að gjaldið skuli greitt í Bandaríkjadollurum, nema um annað verði samið.

30. gr. samningsins fjallar um endurskoðun þá, sem fara mun fram á framleiðslugjaldinu að kröfu aðila, ef gildistími samningsins verður framlengdur að 25 og aftur að 35 árum liðnum. Er þar fyrst og fremst um samkomulagsatriði að ræða. Mun grunnupphæð gjaldsins þá endurmetin eftir því, sem um semst milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, á þeim grundvelli, sem segir í málsgr. 30.02. Skal þar annars vegar tekið tillit til þeirrar almennu skattbyrði, sem þá verður ríkjandi hér á landi, og hins vegar afkomu ISALs á þeim tíma. Verða meðalárstekjur þess reiknaðar út miðað við hagnað þess næstliðin fimm ár og áætlaða afkomu þess fimm ár fram í tímann. Verður þar fylgt þeim reglum, sem segir í málsgr. 27.04, þar á meðal reglunni um viðskipti milli óháðra aðila og því, að arður og varasjóðstillög komi ekki til frádráttar. Þó verður gert ráð fyrir því við forsögn um tekjur félagsins fimm ár fram í tímann, að hæfilegar ráðstafanir verði gerðar varðandi endurnýjun bræðslunnar.

Sköttum þeim, sem til greina koma við mat almennrar skattbyrði á Íslandi á þeim tíma, er nánar lýst í málsgr. 30.07 til 30.09. Er þar um að ræða hliðstæður þeirra beinu skatta á tekjur, eignir og aðstöðu eða veltu, sem nú tíðkast hér á landi. Skattar þessir skulu metnir við nettótekjur og annan skattstofn ISALs eftir því, sem almennt gerist um iðnfyrirtæki hér á landi. Ef svo reynist, að skattbyrðin í heild fari fram úr 50% af nettótekjum, skal ekki tekið tillit til þess, sem umfram er, við útreikning og samninga um upphæð hins endurskoðaða framleiðslugjalds.

Jafnframt því, sem grunnupphæð gjaldsins verður endurskoðuð, ber að heimfæra reglu 26. gr. um viðmiðun þess við heimsmarkaðsverð á hina nýju upphæð eftir því, sem aðilar verða ásáttir um (málsgr. 30.11).

Í 31. gr. eru talin ýmis önnur gjöld og skattar, sem ISAL ber að greiða hér á landi á samningstímanum. Er að sjálfsögðu nauðsyn á nákvæmni um skilgreiningu í því efni, þar sem slíkar skattgreiðslur hagga ekki upphæð framleiðslugjaldsins, nema til þess komi, að það fari fram úr 50% af nettótekjum.

Þeir skattar og gjöld, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi stimpilgjöld, bifreiða- og vegaskattar, þinglýsingar- og skráningargjöld, skoðunar- og leyfisgjöld, sem félagið mun greiða eftir því sem til er tekið í málsgr. 31.01. Í öðru lagi er fjallað um greiðslur félagsins á söluskatti og öðrum sköttum af því tagi, bæði að því er varðar beina greiðslu félagsins sem seljanda og hitt, að skattinum verði velt á það sem kaupanda vöru eða þjónustu (málsgr. 31.02). Skatturinn verður að sjálfsögðu ekki lagður á kaup þess á samningsbundnu rafmagni, né heldur á svonefnda innri þjónustu félagsins eða vörur þær, sem það flytur inn í skjóli ákvæða málsgr. 14.01. Við byggingu bræðslunnar mun félagið og verktakar þess njóta þeirrar undanþágu, sem nú gildir almennt skv. 7. gr. laga nr. 10/1960. Að öðru leyti mun skatturinn falla á kaup þess og sölu á vöru og þjónustu með venjulegum hætti, þar á meðal á innflutning skv. málsgr. 14.02. Í þriðja lagi mun ISAL greiða félagsleg gjöld vegna almannatrygginga o. s. frv. með venjulegum hætti, svo og launaskatta af því tagi, sem nú er skv. lögum nr. 14/1965 (málsgr. 31.03 og 31.04). Félagið mun og greiða

iðnaðarrannsóknagjald skv. 45. gr. laga nr. 64/1965 (málsgr. 31.06). Loks mun félagið gegna lögbundnum skyldum varðandi ábyrgðar- og brunatryggingar (málsgr. 31.05) og greiða afgjöld eða endurgjald með venjulegum hætti fyrir þjónustu, sem því kann að verða veitt af opinberri hálfu (málsgr. 31.07).

Með 32. gr. er því slegið föstu, að bræðsla ISALs skuli ekki talin föst starfsstöð hluthafa félagsins né þeirra dótturfélaga Alusuisse, sem við það kunna að skipta. Loks eru í 33. gr. ákvæði um gjaldskyldu ISALs og þeirra aðila, sem að því standa, til ítrekunar því, sem að framan greinir, auk þess sem sérstaklega er fjallað um gjaldskyldu varðandi öflun og meðferð á því rafmagni, sem félaginu yrði látið í té samkvæmt rafmagnssamningnum.

Almenn ákvæði.

Ekki er við því búizt, að gera þurfi sérstakar ráðstafanir í nágrenni bræðslunnar varðandi húsnæði fyrir starfsmenn hennar, sem væntanlega yrðu flestir búsettir í nærliggjandi kaupstöðum og kauptúnum, enda ekki um svo fjölmennt starfslið að ræða, að verulegu skipti um byggingamál á þeim stöðum. Hins vegar er 34. gr. samningsins ætlað að tryggja það, að íslenzkum starfsmönnum ISALs verði ekki mismunað í lóða- og íbúðalánamálum, né heldur félaginu sjálfu þeirra vegna.

Í 35. gr. samningsins er fjallað um meðferð fjárfestinga ISALs, Alusuisse og hugsanlegra minnihluta hluthafa, og er þar átt við eignir þeirra og réttindi, sem af samningunum rísa, sbr. málsgr. 1.03 s). Er aðilunum heitið því, að þær verði ekki beittar mismunun (málsgr. 35.01). Tekur það í sjálfu sér ekki til þess, þótt eitthvað skorti á beztu kjör eða jafnfrétti við innlendar eignir, svo nefndir séu aðrir mælikvarðar, er tíðkast í svipuðum skiptum. Jafnframt er því heitið, að þær verði ekki beittar eignarnámi, nema almenningsþörf komi til og fullar bætur fyrir, enda sé það framkvæmt löglega og hlutdrægnislaust (málsgr. 35.02). Er hér um að ræða hliðstæðu þeirrar verndar, sem aðilarnir mundu njóta skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Loks er þess getið í málsgr. 35.03, að ríkisstjórninni sé heimilt að víkja frá ákvæðum greinarinnar, ef aðkallandi nauðsyn ber til. Er það ekki annað en endursögn á gildandi rétti.

Samkvæmt ákvæðum 36. gr. munu Landsvirkjun og ríkisstjórnin ekki bjóða erlendum álframleiðendum lægra rafmagnsverð til álbræðslu á Íslandi en það, sem greinir í rafmagnssamningnum. Í 37. gr. felst ráðagerð af hálfu Alusuisse um þátttöku í stofnun álbræðslu á Norðurlandi, ef ríkisstjórnin skyldi hyggja á slíkt fyrirtæki, og er hún að sjálfsögðu án skuldbindingar á báða bóga. Enn fremur munu Alusuisse og ISAL reiðubúin til að stuðla að úrvinnslu á áli hér á landi af hálfu íslenzkra aðila og aðstoða þá við slíka nýtingu þess óbeina hagnaðar, sem verða mundi af starfrækslu bræðslunnar hér á landi. Loks er svo fyrir mælt í 38. gr., að breytingar á byggingar- eða rekstrarkostnaði bræðslunnar, Búrfellsvirkjunar og hafnarmannvirkja í Straumsvík skuli ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðila samningunum samkvæmt.

Óviðráðanleg öfl (force majeure).

Í 39. og 40. gr. samningsins er fjallað um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra á samningsskyldur aðila hans og fylgisamninganna. Er hér átt við force majeure eða vis major, sem svo nefnast, eða utanaðkomandi atvik þess eðlis, að ekki er unnt að varast afleiðingar þeirra eftir því, sem almennt gerist, þótt eðlileg aðgát sé höfð. Má það heita föst regla, að gera ráð fyrir slíkum atvikum í samningum sem þessum, og þá einkum rafmagnssamningnum.

Í 39. gr. er að finna tæmandi skýrgreiningu á því, hvað telja megi óviðráðanleg öfl að því er samningana varðar, og skipta því aðrar skýrgreiningar hugtaksins eigi máli. Meðal þess, sem þarna er talið, má nefna ísalög og eldgos. Verkföll og vinnudeilur eru tekin sérstaklega til meðferðar og því settar sérstakar skorður, hvenær telja megi þau til óviðráðanlegra afla.

Í 40. gr. greinir síðan um skilyrði þess, að áhrif óviðráðanlegra afla á efndir af hálfu aðila verði tekin til greina. Sá aðili, er bera vill fyrir sig óviðráðanleg öfl, hefur sönnunarbyrði um tilvist þeirra og verður jafnframt að sanna, að athöfn hans eða athafnaleysi sé bein afleiðing af þeim (eða bein afleiðing af vangetu annars aðila, er fyrir þeim hefur orðið, sbr. málsgr. 40.04). Enn fremur verður hann að sýna fram á, að hann hafi viðhaft alla aðgát og gripið til allra eðlilegra ráða, sem honum voru tiltæk, til að forða afleiðingum þeirra (málsgr. 40.03). Loks ber þeim aðila, sem fyrir óviðráðanlegum öflum verður, að draga úr áhrifum þeirra eftir megni og hefja efndir skuldbindinga sinna að nýju jafnskjótt og þeim er af létt (málsgr. 40.05).

Að fullnægðum þessum skilyrðum verður brestur á efndum af hálfu aðila af völdum óviðráðanlegra afla eigi talin vanefnd á samningsskyldum hans (málsgr. 40.01). Þeim skyldum, sem eigi er unnt að gegna af þessum sökum, telst frestað meðan ástandið varir (málsgr. 40.02). Jafnframt verða framlengd þau tilteknu tímabil, sem greinir í stafliðum a) til e) í málsgr. 40.02, ef tilteknar afleiðingar óviðráðanlegra afla koma fram, auk þess sem ákvæði eru um svipaða frestun tímamarka í ýmsum öðrum ákvæðum samningsins (t. d. 9. gr.).

Í málsgr. 40.07 er loks ákvæði um það, hvernig með skuli fara, ef óviðráðanleg öfl eyðileggja helztu mannvirki aðilanna að mestu eða öllu leyti.

Vanefndir og afleiðingar þeirra.

Í 41. til 43. gr. samningsins er kveðið á um vanefndir aðila samningsins og fylgisamninganna, þ. e. þeirra aðila, sem taldir eru í málsgr. 40.01, og tilteknar afleiðingar þeirra. Er það einkum tilgangur þessara ákvæða að gera því skóna, í hvaða tilfellum verði heimilt að rifta samningunum (41. gr.) eða stöðva efndir á ákvæðum þeirra (42. gr.). Verður að telja það heppilegt, að hafa skýr ákvæði um þau efni í samningum sem þessum. Um skaðabætur og hvers konar aðra leiðréttingu mála fer hins vegar eftir almennum reglum (43. gr.).

Í málsgr. 41.02 er það tæmandi talið, af hvaða tilefni aðilar megi rifta gerðum samningum. Er þar um að ræða tilteknar vanefndir, er varað hafa tiltekið tímabil. Af hálfu Alusuisse og ISALs eru það einkum vanskil á hinum ýmsu greiðslum, er inna ber af hendi samkvæmt samningunum, t. d. á sköttum, rafmagnsreikningum, hafnargjöldum og öðru, sem veitt geta gagnaðilum þeirra riftunarrétt (tölul. ii, stafl. a)). Er það skilyrði, að vanskilin hafi varað í 90 daga, en eigi skiptir máli, hvort skuldarupphæðin er há eða lág. Af hálfu hinna íslenzku samningsaðila er það einkum skortur á samningsbundnu rafmagni, sem orðið getur tilefni til riftunar. Er þar annars vegar um að ræða tveggja ára drátt á því, að samningsbundið rafmagn verði haft tiltækt í upphafi, og hins vegar skort á samningsbundnu rafmagni, sem varað hefur dag hvern í 90 daga samfleytt, þ. e. hverja stund dagsins. Skiptir þá ekki máli, hversu verulegan skort er um að ræða.

Samkvæmt málsgr. 41.03 eru það ríkisstjórnin annars vegar og Alusuisse hins vegar, sem ákvörðun taka um það, hvort beita skuli riftunarrétti. Er það heimilt, ef vanefndin er enn óbætt 60 dögum eftir að vanefndaraðilanum var um hana tilkynnt. Hafi vanefndaraðilinn ekki véfengt riftunarréttinn á því tímabili, verður samningunum rift einhliða, en að öðrum kosti sætir málið úrlausn dómstóla eða gerðardóms.

Í 42. gr. er það rakið, af hvaða tilefni aðilar megi láta af efndum vegna vanefndar gagnaðila á ákvæðum samninganna. Kemur það í fyrsta lagi til greina, ef verulegt tjón eða veruleg ábyrgð gagnvart öðrum vofir yfir þeim aðila, sem fyrir vanefndinni verður. Er þá heimilt að láta af efndum að því marki, sem nauðsyn krefur, án frekari fyrirvara (málsgr. 42.02, stafl. A).

Í öðru lagi verður heimilt að láta af efndum, ef fyrir hendi eru þær vanefndir af hálfu aðila, sem taldar eru í stafl. a) og b) í málsgr. 42.02, staflið B. Er þar um

að ræða riftunarvanefndir þær, sem taldar eru í málsgr. 41.02, þó þannig, að vanskil á greiðslum af hálfu ISALs og skortur á rafmagni af hálfu Landsvirkjunar þurfa eigi að vara lengur en 45 daga, til þess að stöðvunarrétti verði beitt. Er þá aðila þeim eða aðilum, sem vanefndin bitnar á, heimilt að stöðva efndir hvaða skuldbindinga sinna sem er, nema vanefndaraðilinn véfengi það í góðri trú með málssókn innan hæfilegs tíma, að hin meinta vanefnd sé fyrir hendi. Samkvæmt þessu ákvæði yrði Landsvirkjun t. d. heimilt að loka fyrir rafmagn til bræðslunnar, ef vanskil á greiðslu rafmagnsreikninga af hálfu ISALs hafa varað í 45 daga, nema ISAL treystist til að véfengja vanskilin með málshöfðun.

Í þriðja lagi er aðila heimilt, ef hann telur annars eðlilegt að láta af efndum af sinni hálfu vegna tiltekinnar vanefndar annars aðila, að bera rétt sinn til stöðvunar undir sérstakan gerðardómara, sem tilnefndur yrði til að skera úr um það efni. Ber gerðardómaranum að leyfa eða staðfesta stöðvunina á þeim fresti, sem tiltekinn er í ákvæðinu, ef hann telur hana réttmæta eftir atvikum, eða banna hana að öðrum kosti (málsgr. 42.03). Er heimilt að fylgja eftir slíku máli með kröfu um skaðabætur á hendur þeim aðila, sem úrskurður gerðardómarans féll á. Ákvæði þetta snertir á engan hátt þann stöðvunarrétt, sem fyrr var getið og kveðið er á um í málsgr. 42.02, og má vænta þess, að takmörkuð nauðsyn verði á að beita því.

Í 43. gr. er kveðið á um skaðabætur og aðra leiðréttingu mála, sem fer að almennum reglum (málsgr. 43.02). Skiptir það engu um rétt til skaðabóta vegna vanefndar, hvort riftunarrétti eða stöðvunarheimild hefur verið beitt eða ekki, og öfugt (málsgr. 43.01). Loks er aðilum heimilt að efna skuldbindingar gagnaðila sinna í þeirra stað og á þeirra kostnað, ef því verður við komið (málsgr. 43.03).

Í 44. gr. er ríkisstjórninni og Alusuisse loks heimilað að rifta samningnum, ef Búrfellsvirkjun eða bræðslan hafa eyðilagzt svo af völdum óviðráðanlegra afla, að óbætandi þyki, sbr. málsgr. 40.07.

Lagagrundvöllur.

Í 45. gr. samningsins er kveðið á um lagagrundvöll hans, sem annars mundi ráðast af atvikum. Samkvæmt ákvæðum hennar skal fara um skýringu, túlkun og framkvæmd og um gildi og áhrif samningsins að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

Með þjóðarétti er hér átt við þær reglur, sem vísað er til í 1. málsgr. 38. gr. samþykkta Alþjóðadómstólsins, sbr. augl. nr. 91/1946. Þær reglur hans, sem við kunna að eiga í þessu sambandi, varða fyrst og fremst lágmarksskilyrði þau um réttarfar og mannréttindi, sem sett eru fullvalda ríkjum. Er vart ástæða til að ætla, að íslenzk lög verði léttvæg fundin í þeim efnum að óbreyttri stjórnarskrá.

Deilumál.

Deilur þær, sem rísa kunna af samningnum og fylgisamningunum milli aðila hans eða þeirra varðandi skýringu, túlkun og framkvæmd eða gildi og áhrif hans eða þeirra, skal með fara á þann veg, sem segir í 46. gr. og 47. gr. Ber að leggja þær fyrir íslenzka dómstóla eða íslenzkan gerðardóm, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru á það sátt, en að öðrum kosti fyrir alþjóðlegan gerðardóm samkvæmt því, sem fyrir er mælt í 47. gr. Er það eigi ætlun aðilanna að leggja í slíka gerð nokkur mál, sem eigi varða verulegar fjárhæðir eða mikilvæg málefni.

Gerðardómur sá, sem greinir í 47. gr., er með tvennum hætti, þó þannig, að í báðum tilfellum verður farið eftir sömu reglum um flutning og meðferð mála. Er þar annars vegar gerðardómur stofnunar þeirrar til lausnar fjárfestingardeilum milli ríkja og þegna annarra ríkja (SID-stofnunin), sem verið er að koma á fót vegna Alþjóðabankans, sbr. málsgr. 47.01, og hins vegar gerðardómur sá, sem skipa má skv. málsgr. 47.02.

Gerðardómsstofnun þeirri, sem nú var nefnd og vikið er að í málsgr. 47.01, verður væntanlega komið á fót á þessu ári á grundvelli samþykktarinnar um málamiðlun í fjárfestingardeilum milli ríkja og þegna annarra ríkja dags. 18. marz 1965. Var gengið frá samþykktinni af hálfu Alþjóðabankans að aflokinni ráðstefnu aðildarríkja hans síðla árs 1964, og átti Ísland þar fulltrúa meðal annarra. Er nú þess eins beðið, að samþykktin verði staðfest af 20 aðildarríkjum bankans. Hafa 33 ríki þegar undirritað hana með fyrirvara um staðfestingu, þar á meðal öll Norðurlöndin. Ríkisstjórnin mun á næstunni leita heimildar Alþingis til staðfestingar samþykktinni af Íslands hálfu. Aðild Svissneska sambandslýðveldisins að samþykktinni er og skilyrði þess, að ákvæði hennar verði hagnýtt varðandi deilur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, þar sem hún á aðeins við um deilur milli aðildarríkja sinna og þegna annarra aðildarríkja. Í því sambandi er þess að geta, að Sviss er ekki aðili að Alþjóðabankanum og getur því ekki gerzt stofnaðili að samþykktinni. Hins vegar er ekkert því til fyrirstöðu, að það gerist aðili að samþykktinni eftir að hún tekur gildi við staðfestingu hins tilskilda fjölda aðildarríkja, en á það hefur enn eigi reynt.

Gerðardóms samkvæmt ákvæðum samþykktarinnar yrði leitað með bréfi til stofnunarinnar, þar sem grein er gerð fyrir sakarefni. Heyri deilan undir lögsögu stofnunarinnar, ber að skipa gerðardómendur, einn eða fleiri, eftir því sem aðilar verða ásáttir um. Nái þeir ekki samkomulagi um alla gerðarmennina, skal aðalbankastjóri Alþjóðabankans skipa þá gerðarmenn, sem á vantar. Ber honum að velja þá úr þeim hópi gerðarmanna, sem stofnunin hefur á að skipa. Er þar um að ræða sérfróða menn á sviði lögfræði, viðskipta, iðnaðar og fjármála, sem þekktir eru að verðleikum á sínu sviði. Aðilum sjálfum er hins vegar heimilt að velja gerðarmenn sína utan þessa hóps, enda séu þeir sömu hæfileikum búnir.

Þess ber að gæta, að lögsaga SID-stofnunarinnar tekur aðeins til lagalegra deilna, er rísa beinlínis af fjárfestingum. Mundi það væntanlega eiga við um flestar deilur aðilanna út af samningunum. Hún tekur og aðeins til deilna milli aðildarríkis (eða stofnunar eða stjórnlagalegrar deildar aðildarríkis) og þegns annars aðildarríkis. „Stjórnlagaleg deild“ mundi hér eiga við Hafnarfjarðarkaupstað, en „stofnun“ við Landsvirkjun. Er svo fyrir mælt í málsgr. 47.01, að Landsvirkjun skuli talin slík stofnun að því er SID-samþykktina varðar, til að taka af tvímæli um það efni. „Þegn“ í framangreindu sambandi merkir m. a. félag eða annan ópersónulegan aðila, er telst hafa þjóðerni aðildarríkis þess, sem í deilunni á, en hefur verið tiltekinn sem þegn annars aðildarríkis með samkomulagi deiluaðila vegna erlendrar hlutdeildar í félaginu. Í þessu sambandi er því svo fyrir mælt í málsgr. 47.01, að ISAL skuli talið svissneskur þegn að því er samþykktina varðar. Er það síður en svo í ósamræmi við hið íslenzka þjóðerni, sem ISAL mundi hafa í öðru tilliti. Hér er til þess ætlazt, að litið verði til meirihlutavalds í félaginu um ákvörðun á þjóðerni þess, en það vald er í höndum Alusuisse, sem fyrr segir. Er framangreindum ákvæðum ætlað að tryggja það, að unnt verði að leggja sakarefni þessara aðila fyrir gerðardómsstofnunina af hálfu þeirra aðila, er ábyrgð bera á efndum þeirra, þ. e. ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

Gerðardómsmeðferð skv. SID-samþykktinni mun m. a. hafa þann kost umfram önnur úrræði, að úrskurðir gerðardómsins yrðu svo til sjálfkrafa aðfararhæfir í öllum aðildarríkjum samþykktarinnar.

Ef SID-samþykktin á eigi við um deilu aðilanna, skal henni vísað til gerðardóms þess, sem lýst er í málsgr. 47.02, með tilkynningu til þeirra aðila, sem taldir eru í 53. gr. Skipa ríkisstjórnin og Alusuisse þar hvor sinn gerðarmann, en hinn þriðja sameiginlega. Náist eigi um hann samkomulag, skal hann skipaður af forseta Alþjóðadómstólsins í Haag að beiðni annars eða beggja.

Nánari ákvæði um framkvæmd gerðarinnar eru í málsgr. 47.03. Skal málflutningur lúta sömu reglum og vera mundi um gerðardóm SID-stofnunarinnar, sem fyrr segir. Gerðarmenn ráða, hvar gerð skuli fram fara, en verði eigi samkomulag, fer

hún fram í Haag. Þó getur ríkisstjórnin jafnan krafizt þess, að hún fari fram í Genf. Getur það flýtt fyrir viðurkenningu úrskurðarins fyrir svissneskum dómstólum og aðför að Alusuisse, ef hann hefur verið kveðinn upp í Sviss, og er það að sjálfsögðu hið veigamesta atriði. Úrskurður gerðardómsins bindur deiluaðilana og aðila fylgisamninganna, sem væri hann endanlegur dómur æðsta dómstóls á Íslandi eða í Sviss. Með því er að sjálfsögðu ekki átt við það, að úrskurðurinn verði aðfararhæfur í þessum löndum, án þess að fleira komi til, heldur er með þessu undirstrikað, að um sé að ræða endanlegan úrskurð, sem aðilar muni eigi véfengja. Ber þeim að framfylgja honum í góðri trú. Ákvæði um bráðabirgðaúrlausn af hálfu dómsins, leiðréttingu mála og kostnað af gerðinni er loks að finna í málsgr. 47.04 og 47.05.

Sú meðferð mála, sem lýst er í 46. gr. og 47. gr., á aðeins við um deilur út af samningunum milli samningsaðilanna sjálfra, sem fyrr segir. Aðrar deilur þeirra í milli eða deilur þeirra við þriðja aðila sæta að sjálfsögðu ekki þessari meðferð. Ber að heyja þær á því varnarþingi, þar sem þeim verður réttilega haldið til laga, hvort sem er á Íslandi, í Sviss eða annars staðar. Mundi þannig fara um mál þeirra íslenzku aðila, sem sökótt kynnu að eiga við ISAL eða Alusuisse, ekki síður en um sakir slíkra aðila við hina íslenzku aðila að samningunum.

Ákvæði þessara greina eru sameiginleg fyrir aðalsamninginn og fylgisamningana, sem fyrr segir, þó þannig, að þau varða ekki deilur milli Alusuisse og ISALs út af aðstoðarsamningunum, nema ríkisstjórnin hafi þar hagsmuna að gæta. Jafnframt er svo fyrir mælt í rafmagnssamningnum og hafnar- og lóðarsamningnum, að farið skuli með deilur milli aðila þeirra sem deilur milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Er það eðlileg afleiðing þeirrar ábyrgðar, sem þau hafa tekið á efndum af hálfu ISALs, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar. Það verða því ríkisstjórnin og Alusuisse, sem fara mundu með sakarefni í öllum málum, sem til gerðardóms yrðu lögð skv. 47. gr. Hins vegar mundu aðrir aðilar að samningunum, sem deilan varðar, geta átt meðalgöngu að gerðinni, sbr. málsgr. 47.06.

Gildistaka og gildistími.

Í 48. gr. er fyrir mælt um gildistöku samningsins. Er það fyrst fyrir að sjálfsögðu, að leitað skuli staðfestingar Alþingis með þeim hætti, sem gert er með frumvarpi þessu. Að staðfestingu fenginni og að afloknum þeim löggjafaratriðum, sem henni mundu fylgja, tekur samningurinn gildi að fullnægðum skilyrðum málsgr. 48.02. Er þar um að ræða stofnun ISALs, sem bíður heimildar Alþingis, og undirritun þeirra fylgisamninga, sem það er aðili að, svo og hitt, að lánssamningur Landsvirkjunar við Alþjóðabankann hafi tekið gildi. Allir fylgisamningarnir munu taka gildi á sama tíma og aðalsamningurinn.

Lagt er til með frumvarpi þessu, að samningnum verði veitt lagagildi á Íslandi, sem ráðgert er í þessari grein. Er það eðlileg ráðstöfun, þótt þau ákvæði hans, sem til lagabreytingar horfa, séu ekki ýkja mörg. Er þar aðallega um að ræða nokkur ákvæði IV. kafla, t. d. 14. gr., þau atriði varðandi stofnun ISALs, sem fyrr voru nefnd, og ákvæði VI. kafla um skattamál. Auk þess er nauðsyn lagaheimildar fyrir þeirri ábyrgð, sem ríkisstjórnin tækist á hendur með ákvæðum 3. gr. Hins vegar má vænta þess, að lagagildi samningsins mundi verða ýmsum öðrum ákvæðum hans til styrktar í mikilvægum efnum fyrir báða aðila.

Í 49. gr. er fjallað um samningstímann, sem talinn er frá AR I, sem fyrr var getið. Skal samningurinn gilda um 25 ára skeið frá þeim degi, en stofnlán Búrfellsvirkjunar verða greidd upp að fullu fyrir þann tíma. Samninginn má síðan framlengja um 10 ár og skal það gert að beiðni annars hvors aðila, og að þeim loknum um önnur 10 ár. Tiltekin ákvæði munu halda gildi sínu að því er þann takmarkaða tilgang varðar, sem þau gegna, og eru þau talin í málsgr. 49.02. Í því sambandi má og minna á málsgr. 2.05 í hafnar- og lóðarsamningnum. 50. gr. fjallar loks um rétt hluthafa ISALs til að leysa upp félagið við samningslok og að yfirfæra andvirði þeirra eigna, sem til falla við uppskipti þess.

Ýmis framkvæmdaratriði.

Í 51. gr. er fjallað um breytingar á samningunum, sem allar mundu fara fyrir Alþingi. Í 52. gr. er getið hinna tveggja texta samningsins, sem báðir eru jafngildir. Í 53. gr. ræðir um tilkynningar til hinna ýmsu aðila, sem hagsmuna hafa að gæta. Með ákvæðum 54. gr. er því slegið föstu, að samningsréttindi sín geti aðilar ekki framselt án leyfis gagnaðila. Loks segir réttilega í 55. gr., að hér sé um að ræða allan samning aðilanna, og í 56. gr., að fyrirsagnir í samningnum séu til hagræðis einvörðungu og ekki efnislegur hluti hans.

ÞJÓÐHAGSLEG ÁHRIF AF BYGGINGU ÁLBRÆÐSLU

Margt kemur til greina, er meta skal áhrif álbræðslu á framtíðarafkomu þjóðarbúsins. Við slíkt mat verður að vega á eina hlið þann ávinning, sem slíkri framkvæmd væri samfara, en á hina þær byrðar, sem íslenzka þjóðarbúið tekur á sig á móti. Í því, sem hér fer á eftir, verður þetta gert með þeim hætti, að fyrst verður rakið, hvaða efnahagslegur hagur er að byggingu álbræðslu í hagkvæmari þróun orkumála, auknum gjaldeyris- og þjóðartekjum og aukinni iðnvæðingu. Síðan verður kannað, hvað Íslendingar þurfa að leggja á móti í vinnuafli, fjármagni og áhættu. Verður svo að lokum hægt að vega þessa þætti saman í því skyni að meta, hver heildarútkoma dæmisins reynist frá sjónarmiði Íslendinga.

Í þessum samanburði öllum er gengið út frá því, að hagkvæmasta leiðin varðandi þróun raforkuframleiðslu fyrir Suður- og Vesturland á næstu árum sé virkjun Búrfells, hvort sem álbræðsla yrði byggð eða ekki. Reyndist þetta niðurstaða víðtækra samanburðarathugana, sem gerðar voru á Búrfellsvirkjun annars vegar og byggingu ýmissa smærri orkuvera hins vegar. Var meðal annars gerð grein fyrir athugunum þessum með frumvarpi um Landsvirkjun, er fram var lagt vorið 1965.

Verður nú rætt um einstaka þætti hins þjóðhagslega samanburðar, og verður byrjað á raforkumálunum.

Áhrif álbræðslu á þróun raforkumála.

Í sérstökum kafla hér á eftir er gerð allrækileg grein fyrir þeim hagstæðu áhrifum, sem bygging álbræðslu og langur rafmagnssamningur við hana mun hafa á hag Landsvirkjunar og þróun raforkumála. Álbræðslan gerir það kleift að ráðast með hagkvæmum hætti í byggingu stórra orkuvera í hinum miklu óvirkjuðu jökulám Íslands. Gerður hefur verið víðtækur tölulegur samanburður á því, hver muni verða afkoma Landsvirkjunar, ef ráðizt væri í Búrfellsvirkjun án rafmagnssamnings við álbræðslu annars vegar, en með slíkum samningi hins vegar. Þessir útreikningar hafa verið gerðir ár fyrir ár allt fram til ársins 1985, en Búrfellsvirkjun án álbræðslu mundi fullnægja raforkuþörfinni sunnan- og vestanlands fram til þess tíma. Til þess að gera þá leið að byggja Búrfellsvirkjun með samningi um orkusölu til álbræðslu sambærilega, hefur verið gert ráð fyrir byggingu annarrar virkjunar á eftir Búrfellsvirkjun, er hefði 126 MW afl, svo að séð yrði fyrir allri raforkuþörf fyrir Suðvesturland fram til ársins 1985. Í reikningunum hefur verið gert ráð fyrir því, að þessi virkjun yrði gerð við Háafoss, en ýmsar aðrar leiðir geta að sjálfsögðu komið til greina. Í útreikningunum er áætlað að verja til þessarar seinni virkjunar 975 millj. kr. án vaxta á byggingartíma.

Samanburður á þessum tveimur leiðum í raforkumálum hefur leitt í ljós eftirfarandi meginniðurstöður:

Sé litið á rekstrarafkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, eins og hún mundi vera samkvæmt hvorri leiðinni fyrir sig, kemur í ljós, að samanlagður tekjuafgangur fram til ársins 1985 mundi án vaxta verða 700 millj. kr. meiri, ef gerður

yrði rafmagnssamningur við álbræðslu. Er þá þegar búið að reikna inn í dæmið allan kostnað af byggingu nýs orkuvers, er kæmi í stað þess hluta Búrfellsvirkjunar, er framleiddi raforku fyrir álbræðsluna. Sú mikla lækkun á framleiðslukostnaði raforku fyrir innanlandsmarkað, sem samningur við álbræðslu gerir mögulega, gæti að sjálfsögðu komið fram annaðhvort í lægra raforkuverði eða örari uppbyggingu raforkukerfisins, eftir því hvað þætti þjóðhagslega hagkvæmara.

Að því er raforkuverðinu viðkemur, sýna útreikningar, að raforkukostnaður á árunum 1969—1980 mundi verða 28% hærri, ef Búrfellsvirkjun væri eingöngu byggð fyrir almenningsnotkun og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu. Fyrstu árin mundi þó raforkuverðið þurfa að hækka enn þá meira en þetta umfram það, sem nauðsynlegt yrði, ef álbræðsla væri byggð. Ef þjóðhagslegar ástæður benda til þess í framtíðinni, að hagkvæmt sé að halda áfram örri uppbyggingu orkuframleiðslunnar í landinu, er líklegt, að þeim hagnaði, sem hér um ræðir, verði frekar varið til örari uppbyggingar, heldur en lækkunar raforkuverðs. Sé allur hagnaðarmismunurinn á þessum tveimur leiðum lagður í nýja stórvirkjun á móti 50% lánsfjáröflun annars staðar að, mundi það t. d. nægja ríflega fyrir virkjun Dettifoss.

Hinn mikli hagnaður, sem í því felst að gera samning við álbræðslu nú, liggur einfaldlega í því, að geta miklu fyrr en ella nýtt til tekjuöflunar fyrir þjóðarbúið stórfellda raforkuframleiðslu, sem ella væri ekki markaður fyrir. Þetta mun svo aftur hafa í för með sér örari uppbyggingu orkuframleiðslunnar í framtíðinni ásamt þeim efnahagslegu tækifærum, sem í því felast.

Loks er svo rétt að benda á það, að hér hefur aðeins verið rætt um afkomu Landsvirkjunar fram til ársins 1985, en eftir þann tíma mun rafmagnssamningurinn við álbræðsluna halda áfram að skila Landsvirkjun miklum umframtekjum árlega. Um 22 árum eftir að virkjunin tekur til starfa verða öll lán hennar fullgreidd, svo að allar tekjur álbræðslunnar að frádregnum tiltölulega litlum árlegum rekstrarkostnaði munu þá verða hreinn greiðsluafgangur fyrir raforkukerfið.

Áhrif álbræðslu á gjaldeyris- og þjóðartekjur.

Bygging álbræðslu mun hafa í för með sér mjög verulega aukningu gjaldeyristekna, og í því felst einn meginávinningur þjóðarbúsins af þessari framkvæmd. Framleiðsluafköst álbræðslunnar verða í upphafi 30 þús. tonn af málmi á ári, en þau munu aukast í tveimur áföngum upp í 60 þús. tonn, en þeirri framleiðslu verður náð í síðasta lagi sex árum eftir að fyrsti áfangi tekur til starfa. Búast má við, að afköst fari síðan smávaxandi með bættri nýtingu bræðslunnar. Útflutningsverðmæti 60 þús. tonna framleiðslu mun verða nálægt 1300 millj. kr. miðað við núgildandi verðlag.

Verðmæti útflutningsins gefur hins vegar ekki rétta mynd af hreinum gjaldeyristekjum af bræðslunni, þar sem hún þarf að flytja inn mikið hráefni, svo og að greiða vexti, afborganir og önnur gjöld í erlendum gjaldeyri. Gerðar hafa verið áætlanir um rekstrarkostnað bræðslunnar, þar sem öll slík útgjöld í erlendum gjaldeyri eru talin frá, og benda þær til þess, að hreinar gjaldeyristekjur af 60 þús. tonna bræðslu muni nema 300—320 millj. kr. á ári hverju, en af 30 þús. tonna bræðslu 150 millj. kr. Hefur þá einnig verið tekið tillit til endurgreiðslu erlendra lána af Búrfellsvirkjun í hlutfalli við orkukaup álbræðslunnar frá henni. Auk þessara tekna, af rekstri bræðslunnar, munu Íslendingar hafa verulegar gjaldeyristekjur í sambandi við byggingu hennar.

Áætlað er, að mannaflaþörf við rekstur 30 þús. tonna álbræðslu sé um 300 manns, er hækki í 450, þegar bræðslan hefur náð fullum afköstum. Þetta samsvarar því, að hreinar gjaldeyristekjur á mann séu í upphafi 500 þús. kr., en hækki síðan í um það bil 700 þús. kr., þegar bræðslan hefur náð fullum afköstum.

Erfitt er að bera þær tölur, sem hér hafa verið nefndar, saman við aðra gjaldeyrisaflandi atvinnuvegi, þar sem ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það,

hve miklum hluta erlendur kostnaður nemur af heildargjaldeyristekjum þessara greina. Árið 1965 var sjávarútveginum sérstaklega hagstætt, og mun framleiðsluverðmæti hans þá hafa numið nær 6000 millj. kr. Að þessari framleiðslu munu hafa unnið beint í útgerð, fiskvinnslu og iðnaði, sem eingöngu vinnur í þágu sjávarútvegsins, um 15 þús. manns. Heildarútflutningsverðmæti á mann hefur því verið um 400 þús. kr., en frá því þarf að draga erlendan tilkostnað, sem í þessum atvinnuvegi mun að jafnaði liggja nærri ⅓ af framleiðsluverðmætinu. Munu þá hreinar gjaldeyristekjur hafa numið 250—300 þús. kr. á hvert mannár, sem unnið hefur verið. Að sjálfsögðu eru þessar hreinu gjaldeyristekjur mjög mismunandi í einstökum greinum sjávarútvegsins, og þar að auki breytilegar frá ári til árs. Hins vegar er ljóst, að jafnvel borið saman við hinn afkastamikla sjávarútveg Íslendinga mun álbræðslan skila mjög hagstæðum tekjum í erlendum gjaldeyri miðað við þann mannafla, sem við rekstur hennar verður bundinn.

Bein áhrif álbræðslunnar á þjóðartekjur eru mjög svipuð hreinum gjaldeyristekjum af henni. Á hinn bóginn er rétt að hafa í huga, að álbræðslan er ný undirstöðuatvinnugrein, sem skapar viðbótargjaldeyristekjur, sem aftur verða undirstaða frekari aukningar þjóðarteknanna. Reynslan hefur sýnt, að aukning þjóðartekna hér á landi er mjög háð því, hver aukning á sér stað í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar. Gjaldeyrisöflunin er á vissan hátt undirstaða annarrar tekjuöflunar, svo sem í formi framleiðslu á innlendum neyzluvörum og hvers konar þjónustu. Reynslan hefur bent til þess, að í grófum dráttum þurfi hrein gjaldeyrisöflun að nema um ¼ af þjóðartekjunum. Þetta þýðir með öðrum orðum, að aukning hreinna gjaldeyristekna skapi svigrúm til allt að fjórfaldrar aukningar þjóðartekna. Þetta hefur komið skýrt í ljós í því, að undanfarin 20 ár hafa öll tímabil ört vaxandi þjóðartekna verið í beinu samhengi við mikla aukningu gjaldeyristekna. Samkvæmt þessum reikningi má ætla, að álbræðslan skapi svigrúm til aukningar þjóðartekna, er nemi allt að 1200 millj. kr., sem að sjálfsögðu mundu dreifast um hagkerfið.

Skattlagning álbræðslu.

Mikilvægur þáttur í tekjum Íslendinga af rekstri álbræðslunnar eru skattar þeir, sem hún mun greiða. Um skattafyrirkomulagið hefur verið samið sérstaklega í aðalsamningnum, en meginatriðið í því er, að í stað venjulegra skatta, sem íslenzk fyrirtæki greiða, verði skattlagning álbræðslunnar í formi sérstaks framleiðslugjalds, er lagt verði á hvert tonn, er bræðslan framleiðir. Gjaldið er ákveðið í dollurum og greiðist í þeim gjaldeyri eða öðrum, er Íslendingar kunna að samþykkja. Í upphafi er gjaldið 12.5 dollarar á tonn, en hækkar í 20 dollara á tonn, þegar bræðslan hefur náð fullum afköstum. Þegar afskriftatímanum lýkur, en hann er ákveðinn 15 ár fyrir hvern áfanga bræðslunnar, hækkar gjaldið í 35 dollara á hvert tonn.

Framleiðslugjaldið hefur verið við það miðað, að skattlagning álbræðslunnar verði ekki lægri en hún mundi vera samkvæmt hæstu skattaálagningarreglum, er í gildi eru hér á landi. Samkvæmt þeim mundi skattlagning slíks fyrirtækis nema nálægt ⅓ af ágóða, áður en frá er dreginn útgreiddur arður eða varasjóðstillög.

Framleiðslugjaldið er miðað við núverandi verð á áli á heimsmarkaðnum, en það er 24.5 sent á hvert enskt pund. Hefur það verð mjög lítið breytzt nú um mörg ár. Framleiðslugjaldið verður óbreytt, þótt ál hækki eða lækki um 10% frá núverandi verði, en ef það fer út fyrir þau mörk, hækkar eða lækkar skatturinn um 7 dollara á tonn fyrir hvert eitt sent, sem verðið breytist. Má telja mjög lítil líkindi á því, að verðið fari niður fyrir neðri mörkin, nema um mjög almennt verðhrun verði að ræða á heimsmörkuðum. Verði hins vegar áframhald almennra verðhækkana í heiminum, eins og margir búast við, munu Íslendingar njóta hækkana á verði á áli í formi mjög ört hækkandi skatttekna. Ef heimsmarkaðsverð á áli hækkar um 25% mun framleiðslugjaldið hækka úr 20 dollurum í 45 dollara eða um 125%. Vegna þeirrar áhættu, sem í framleiðslugjaldinu felst fyrir Alusuisse, hefur verið fallizt

á, að það geti fengið lækkun á skattinum, ef hann fer yfir 50% af nettótekjum fyrirtækisins. Þannig er þó um samið, að þetta ákvæði verði aldrei til þess að lækka greiddan skatt niður fyrir 20 dollara á hvert tonn af framleiddu áli. Í stað þess mundi álbræðslan fá skattinnstæðu, er hún gæti notað til lækkunar á framleiðslugjaldinu, þegar það fer yfir 20 dollara á tonn. Tryggir þetta Íslendingum öruggar lágmarkstekjur af skattinum á samningstímabilinu, hver sem afkoma álbræðslunnar er.

Margvísleg rök hnigu að því, að samið var um það skattafyrirkomulag, sem nú hefur verið lýst. Mikilvægust í því sambandi er sú nauðsyn Íslendinga, að í samningunum séu þeim tryggðar öruggar tekjur af álbræðslunni, svo að um sem minnsta áhættu sé að ræða fyrir þá varðandi þessar framkvæmdir í heild. Álbræðslan mun njóta lítillar sem engrar þjónustu af hálfu íslenzkra yfirvalda, nema sérstök greiðsla komi fyrir, svo að líta má á meginhluta skattteknanna sem hreinar tekjur fyrir þjóðarbúið. Einnig má líta á skattana sem viðbótargreiðslu fyrir þá aðstöðu, er felst í samningnum um sölu raforku til bræðslunnar, en hann er undirstaða þess, að slíkt fyrirtæki sé staðsett hér á landi. Miðað við óbreytt verð á áli munu skatttekjur af bræðslunni fyrstu 25 árin nema rúmum 1400 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Samtals munu því tekjur af raforkusölu og sköttum af álbræðslunni á þessu 25 ára tímabili nema nær 4100 millj. kr. Eru það vissulega mjög miklar tekjur miðað við það, sem Íslendingar þurfa að leggja af mörkum til þess að tryggja bræðslunni raforku. Vegna þess hve álbræðslan er fjármagnsfrekt fyrirtæki og mannaflaþörf hennar tiltölulega lítil miðuð við verðmæti framleiðslunnar, eru skattar þeir, er hún greiðir, mjög háir á hvern vinnandi mann í fyrirtækinu. Eftir að bræðslan er búin að ná fullum afköstum mun skattgreiðslan nema um 110 þús. kr. á hvern vinnandi mann, en hækka í nær 200 þús. kr., þegar afskriftatímanum lýkur.

Önnur ástæða fyrir því að leggja skatta á í formi framleiðslugjalds er, að mjög erfitt er að fylgjast með og ákveða raunverulegan ágóða fyrirtækis eins og álbræðslu, sem raunverulega er hlekkur í langri framleiðslukeðju, sem öll er í höndum sama aðila. Þekkt erlent ráðgjafarfyrirtæki, sem leitað var til í þessu efni, mælti eindregið með því, að reynt yrði að hafa skattlagninguna í formi framleiðslugjalds, er aldrei færi niður úr ákveðnu lágmarki. Hefur tekizt að tryggja slíkt fyrirkomulag með hagstæðum hætti í þeim samningum, sem nú liggja fyrir. Jafnframt því sem ákvörðun nettótekna slíks fyrirtækis er miklum vandkvæðum bundin, mundi það eftir íslenzkum skattalögum hafa verulega möguleika til þess að draga úr eða fresta skattgreiðslum. Mikill hluti skattlagningar fyrirtækja fer t. d. til sveitarfélaga, þar sem afslættir eru veittir frá skattstigum, en það mundi verða nærri því óhjákvæmilegt, þegar svo stórt fyrirtæki væri staðsett í tiltölulega litlu sveitarfélagi. Einnig mundu íslenzkar afskriftarreglur og reglur um greiðslur í varasjóð hafa orðið þess valdandi, að fyrirtækið mundi greiða mjög litla skatta fyrstu árin. Einn skattur í formi framleiðslugjalds er því miklu öruggari og hreinlegri skattlagning á slíku fyrirtæki, heldur en þau margbrotnu skattalög, sem nú gilda hér á landi og miðuð eru við allt aðra tegund fyrirtækja.

Loks er svo það sjónarmið, að æskilegt hefur verið talið að verja skatttekjum álbræðslunnar með öðrum hætti en skatttekjum fyrirtækja yfirleitt. Óeðlilegt þótti t. d., að viðkomandi sveitarfélag fengi langdrýgstan hluta skattanna, þegar um er að ræða stórt fyrirtæki í erlendri eigu, sem stofnað er með sérstökum samningum við íslenzka ríkið. Ríkisstjórnin hefur auk þess talið æskilegt, að tekjum af álbræðslunni verði varið að miklum hluta til að efla alhliða uppbyggingu atvinnulífs landsmanna og að jafna atvinnuskilyrðin um landið með eflingu heilbrigðs atvinnurekstrar. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að leggja til, að 70% af skatttekjum bræðslunnar fyrstu níu árin, en 75% eftir það, verði látið ganga til atvinnujöfnunarsjóðs í samræmi við frumvarp um það efni, sem hún hefur undirbúið. Yfir 25 ára tímabil er hér um að ræða tekjur fyrir atvinnujöfnunarsjóð að upphæð 1037 millj.

kr., eða rúm 41 millj. kr. á ári að meðaltali. Til Hafnarfjarðarkaupstaðar munu ganga 25% fyrstu níu árin, en 20% úr því, og munu þá skatttekjur Hafnarfjarðar verða 294 millj. á sama tímabili, eða um 12 millj. kr. á ári að meðaltali. Loks er lagt til, að 5% gangi til Iðnlánasjóðs, en það eru um 3 millj. kr. á ári yfir 25 ára tímabil.

Eins og áður segir, kemur framleiðslugjaldið í stað beinna skatta, er álbræðslan mundi ella greiða hér á landi. Hins vegar mun hún auk þess greiða margvísleg önnur gjöld, svo sem hvers konar félagsleg gjöld, launaskatt, söluskatt af vörum og þjónustu, er hún kaupir hér á landi, margvísleg leyfisgjöld og fleira. Á hinn bóginn er hún undanþegin aðflutningsgjöldum af vörum, sem eru beinlínis fluttar inn til byggingar eða rekstrar álbræðslunnar sjálfrar. Slík undanþága frá greiðslu aðflutningsgjalda er óhjákvæmileg, þar sem um er að ræða beina útflutningsframleiðslu, sem í öðrum löndum þarf yfirleitt enga slíka skatta að greiða. Á hinn bóginn nær þessi undanþága frá aðflutningsgjöldum ekki til neins konar neyzluvarnings, né vörutegunda svo sem bíla, skrifstofuvarnings eða annars, sem ekki er beinlínis tengt bræðslunni sjálfri.

Áhrif til aukinnar iðnvæðingar.

Framleiðsla álbræðslunnar yrði í formi hrámálms í ýmiss konar formum, sem síðan yrði fluttur til útlanda til frekari vinnslu. Þessi innlenda hráefnaframleiðsla mundi hins vegar einnig geta skapað tækifæri til þess, að upp risi í landinu ýmiss konar iðnaður úr áli, einkum til innanlandsnotkunar. Eitt af því, sem háir íslenzkum iðnaði, er hár hráefnakostnaður, þar sem flest hráefni eru hér innflutt og mun dýrari en í þeim iðnaðarlöndum, sem við er keppt. Frá þessu sjónarmiði mundi bygging álbræðslu skapa mikilvæg ný tækifæri, þar sem ál gæti orðið hér jafnódýrt eða ódýrara en í nágrannalöndunum. Þetta ætti ekki aðeins að skapa góða aðstöðu til samkeppni við innfluttar álvörur, heldur einnig betri aðstöðu til að byggja upp útflutningsiðnað en á flestum öðrum sambærilegum sviðum. Möguleikarnir til framleiðslu fyrir innanlandsmarkað verða að sjálfsögðu mikilvægastir fyrst í stað, en ál á að vera mjög samkeppnishæft við margar efnisvörur, sem nú eru fluttar til landsins. Má þar sérstaklega nefna, að það ryður sér nú mjög til rúms í byggingariðnaðinum á kostnað bæði stáls og timburs, en auk þess er það í beinni samkeppni við plast og ýmsar aðrar efnistegundir í öðrum greinum. Ál hefur mikla kosti sem byggingarefni í íslenzkri veðráttu, þar sem það tærist ekki, auk þess sem styrkleiki þess miðað við þyngd er mjög mikill. Einnig ryður ál sér mjög til rúms í fiskiðnaðinum, og má þar til nefna álkassa, þiljur í lestum fiskiskipa, dósir til niðursuðu og fleira.

Ljóst er, að áliðnaður mun ekki vaxa hér upp fyrirhafnarlaust. Til þess þarf bæði mikið fjármagn, tækniþekkingu og aðgang að mörkuðum. Framleiðslueiningar í flestum greinum álvinnslu eru hins vegar miklu minni en í álbræðslu, svo að hér er um að ræða verkefni, sem íslenzk fyrirtæki munu miklu frekar ráða við, og er full ástæða til þess að að því verði unnið eftir föngum. Hefur Alusuisse í aðalsamningnum við ríkisstjórnina lýst sig reiðubúið til þess að veita tæknilega og aðra aðstoð við að koma upp slíkum iðnaði.

Vinnuaflsþörf álbræðslu.

Hér að framan hefur verið rakið, hvaða efnahagslegan ávinning Íslendingar munu hafa af starfsemi fyrirhugaðrar álbræðslu hér á landi. Kemur þá að því að kanna, hvort Íslendingar þurfi að leggja eitthvað það á móti, er vegi þennan efnahagslega ávinning upp, svo að framkvæmdin reynist engu að síður þjóðinni óhagkvæm. Er rétt að byrja á því, sem flestir munu telja mikilvægast, en það er það vinnuafl, er Íslendingar munu láta álbræðslunni í té.

Í kaflanum um áhrif álbræðslu á gjaldeyristekjur og þjóðartekjur hér að framan, hefur þegar verið gerð grein fyrir því, hverjar gjaldeyristekjur þjóðarbúið

muni hafa af hverjum manni, sem við bræðsluna mun starfa. Er þegar af þeim tölum ljóst, að hér er um mjög hagkvæma notkun vinnuafls að ræða, jafnvel samanborið við hinar afkastamestu atvinnugreinar þjóðarinnar. Er þegar í því falið svar við þeirri spurningu, hvort þjóðinni sé hagkvæmt að nota vinnuafl á þennan hátt.

Engu að síður getur sú spurning vaknað hvort þetta vinnuafl muni verða frá öðrum atvinnuvegum tekið, svo að þeir þurfi að búast við erfiðleikum, er þeir mundu ella sleppa við. Ekkert bendir til þess, að slíkur ótti eigi við rök að styðjast.

Sé fyrst litið á rekstur álbræðslunnar, eftir að hún er fullgerð, er augljóst, að hér er um að ræða iðngrein, sem krefst tiltölulega lítils vinnuafls bæði miðað við það fjármagn, sem í henni er bundið, svo og samanborið við framleiðsluverðmæti. Í þessu felst einmitt skýringin á hinum háu tekjum á mann, er þessi framleiðslugrein skapar. Þegar álbræðslan hefur náð fullum afköstum, er gert ráð fyrir því, að um 450 manns muni starfa við hana. Á þessu marki að vera náð eftir 10 ár, þ. e. a. s. árið 1975. Á tíu ára tímabilinu 1965—1975 er hins vegar reiknað með því, að fjölgun vinnandi fólks í landinu muni nema tæpum 17 þúsundum. Álbræðslan mun þannig aðeins taka til sín tæplega 3% af þeim mannafla, sem bætast mun við á vinnumarkaðinum á þessu tímabili. Árið 1975 mun um ½% vinnandi fólks á landinu vera í þjónustu álbræðslunnar, en um ⅔% vinnandi karla. Hér er auðsjáanlega ekki um að ræða vinnuaflseftirspurn, er geti haft nein teljandi áhrif á þá efnahagsstarfsemi, sem fyrir er í landinu. Sízt er líklegt, að þetta skipti miklu máli fyrir sjávarútvegsinn, enda fer mannaflaþörf hans mjög lítið vaxandi, þar sem stærri og afkastameiri framleiðslutæki eru nú meginundirstaða þeirrar framleiðsluaukningar, sem þar á sér stað.

Annað vandamál er mannaflaþörf vegna byggingar álbræðslunnar, en hún verður mest á árinu 1968, en allmiklu minni á árinu 1967, þegar bygging fyrsta áfanga hefst, og á árinu 1969, þegar honum lýkur. Þessi mannaflaþörf er hins vegar mun minni en mannaflaþörfin vegna byggingar Búrfellsvirkjunar, en það er framkvæmd, sem nauðsynlegt er að leggja í, hvort sem álbræðslan er byggð eða ekki. Aukning raforkukerfisins er ein þeirra grundvallarframkvæmda, sem ekki verður skotið á frest, enda verður orðið mjög tæpt um raforku fyrir suð-vesturhluta landsins, þegar Búrfellsvirkjun tekur til starfa. Á hitt er engu síður nauðsynlegt að líta, að svo stórar framkvæmdir hljóta að kalla á aukið vinnuafl, á meðan á þeim stendur, og er nauðsynlegt, að það vandamál sé tekið föstum tökum. Í sérstöku fylgiskjali er gerð grein fyrir ýtarlegum rannsóknum, er Efnahagsstofnunin hefur látið framkvæma varðandi vinnuaflsmálin í heild, en þó þennan þátt sérstaklega, og vísast hér til þess.

Vinnuaflsþörf vegna framkvæmda við virkjun, álbræðslu og hafnargerð í Straumsvík mun nema 7—800 mannárum á árunum 1967 og 1968, en miklum mun lægri tölu á árunum 1966 og 1969. Samkvæmt athugunum Efnahagsstofnunarinnar nemur þetta tæplega helmingi þeirrar árlegu aukningar mannafla, sem verður á ári hverju, á árunum 1965—1970, en hún er talin um 1600 manns. Hér er engu að síður um verulega mannaflaþörf að ræða, sem nauðsynlegt er að taka fullt tillit til í efnahagslegum áætlunum á næstu árum, en hún er þó ekki svo mikil, að ástæða sé til að ætla, að hún þurfi að valda verulegri röskun í jafnvægi vinnumarkaðsins við venjulegar aðstæður. Á hinn bóginn verður á það að líta, að þessi mannaflaþörf fylgir á eftir mjög mikilli aukningu mannafla í byggingarstarfsemi á nokkrum undanförnum árum. Er talið, að þessi aukning hafi numið 7—800 manns hvort áranna 1964 og 1965, en það er allt að þrisvar sinnum meiri aukning en gert hefur verið ráð fyrir í áætlunum, þegar yfir lengri tíma er litið.

Athuganir Efnahagsstofnunarinnar benda til þess, að vinnuaflsjafnvægi sé fyrst og fremst hætta búin á árinu 1967. Það virðist því sérstaka nauðsyn bera til þess, að gaumgæfilega sé athugað, hvernig hægt sé að bæta vinnuaflsjafnvægi ársins 1967. Mun ríkisstjórnin hafa þetta í huga í sambandi við undirbúning framkvæmdaáætlunar fyrir næstu fjögur árin, svo og hina sérstöku áætlun fyrir árið 1967, en að

því verður unnið á þessu ári. Er þá eðlilegt að kanna sérstaklega, hvaða möguleikar eru til að draga úr og fresta vinnuaflsfrekum framkvæmdum á árinu 1967, og koma þar t. d. til greina varnarliðsframkvæmdir, enda þótt þær séu nú ekki mjög miklar. Sérstaklega verður kannað í sambandi við verksamninga og á annan hátt, að hve miklu leyti sé hægt að draga úr notkun innlends vinnuafls við virkjunina og byggingu álbræðslunnar, ef þess gerist þörf vegna vinnuaflsskorts. Eru ýmsar leiðir mögulegar í því efni, svo sem nokkur tilflutningur framkvæmda milli ára, mismunandi mikil notkun tilbúinna hluta frá útlöndum og ef til vill einhver notkun erlends vinnuafls. Vinnuaflsskorturinn, sem áætlanir virðast leiða í ljós, er ekki meiri en svo, að úr honum ætti að vera hægt að bæta með ýmsum ráðstöfunum af því tagi, sem hér hafa verið nefndar, án þess að atvinnuvegunum séu skapaðir neinir nýir örðugleikar.

Þegar rætt er um efnahagsmál, hættir mönnum mjög við að dæma alla framtíð út frá því ástandi, sem ríkir á líðandi stundu. Undanfarin ár hefur verið hér óvenjulega mikil atvinna, jafnvel svo, að verulegur vinnuaflsskortur hefur gert vart við sig í mörgum atvinnugreinum. Slíkt ástand hlýtur að skapa ýmis vandamál, enda þótt engum blandist hugur um það, að það hafi verið launþegum að mörgu leyti hagkvæmt og átt þátt í síbatnandi kjörum þeirra. Þótt þessi mikla eftirspurn eftir vinnuafli hafi nú haldizt um skeið, er engan veginn öruggt, að hún haldist fyrirhafnarlaust um ókomin ár. Koma þar annars vegar til sveiflur, sem Íslendingar fá lítt við ráðið, svo sem í heimsviðskiptum almennt, verðlagi og sölumöguleikum á erlendum mörkuðum og í aflabrögðum og öðrum ytri aðstæðum. Hins vegar er sú staðreynd, sem flestir Íslendingar hafa enn ekki gert sér nægilega grein fyrir, að fjöldi vinnuhæfs fólks í landinu mun aukast miklu örar næstu áratugi en nokkru sinni síðan í byrjun þessarar aldar. Ætti því að vera full ástæða til að fagna hverju tækifæri, sem gefst, til að skapa nýja og arðbæra atvinnu fyrir þær hendur, sem við bætast.

Áhrif álbræðslu á öflun fjármagns.

Önnur mikilvæg spurning, sem svara þarf varðandi byggingu álbræðslu, er, hvort hún bindur fyrir Íslendingum fjármagn, sem nota hefði mátt til annarra hluta. Nú standa þessi mál þannig, að álbræðslan verður byggð algerlega fyrir erlent fé, og án fjárhagslegra skuldbindinga af Íslendinga hálfu. Hér er því eingöngu um að tefla, hvaða áhrif bygging álbræðslu hefur á fjármagnsþörf til virkjunarframkvæmda.

Nú er hér eins og áður um tvo kosti að velja. Annaðhvort að byggja Búrfellsvirkjun án samnings um álbræðslu eða með slíkum samningi. Verði álbræðslan ekki byggð, gæti fyrsti og erfiðasti áfangi Búrfellsvirkjunar orðið nokkru minni og um 286 millj. kr. ódýrari en nú er ráðgert. Lántökur Íslendinga vegna virkjunarinnar gætu því lækkað um þá upphæð.

Á móti þessu kemur svo hitt, að með samningi við álbræðsluna fást beinar gjaldeyristekjur fyrir orkusölu, er standa munu undir öllum lántökum til Búrfellsvirkjunar. Fyrstu 25 árin verða tekjur af raforkusölu til álbræðslunnar um 400 millj. kr. hærri en samanlagðar greiðslur vaxta og afborgana af Búrfellsvirkjuninni allri ásamt varastöðvum. Við þetta bætist svo, að Íslendingar munu hafa miklar gjaldeyristekjur af rekstri álbræðslunnar sjálfrar, er munu auka greiðslugetu þeirra í erlendum gjaldeyri og um leið lántökumöguleika þeirra. Kemur þetta bezt í ljós af því, að gjaldeyristekjur Íslendinga af bræðslunni í heild munu endurgreiða allan erlendan kostnað vegna byggingar Búrfellsvirkjunar ásamt varastöðvum á fyrstu sex árunum.

Sannleikurinn er sá, að bygging Búrfellsvirkjunar fyrir íslenzkan markað einan mundi reynast mjög stórt og erfitt átak, sem hlyti að draga stórlega úr möguleikum til að afla lánsfjár erlendis til annarra nauðsynlegra framkvæmda og uppbyggingar í íslenzku atvinnulífi. Með samningi við álbræðsluna má segja, að hið erlenda fyrirtæki taki á sig allar byrðar vegna afborgana og vaxta af lánum til Búrfellsvirkj-

unar í erlendum gjaldeyri, svo að þau munu ekki þrengja að getu Íslendinga til að leggja fjármagn í aðrar framkvæmdir.

Því verður að sjálfsögðu ekki haldið fram, að Íslendingar gætu ekki ráðið við það að byggja Búrfellsvirkjun án samnings við erlent fyrirtæki um nýjan iðnrekstur hér á landi. Sú framkvæmd mundi hins vegar verða þjóðinni geysilega dýr og neyða hana til þess að taka bæði á sig hærra raforkuverð og beina miklu fjármagni til virkjunarinnar frá öðrum framkvæmdum. Frá fjármagnssjónarmiði er því samningur um álbræðslu Íslendingum hagkvæmur og mun sízt valda öðrum atvinnuvegum erfiðleikum, heldur létta fjáröflun til þeirra.

Áhætta Íslendinga af byggingu álbræðslu.

Öllum framkvæmdum og atvinnurekstri fylgir nokkur áhætta, og hafa Íslendingar ekki farið varhluta af henni. Eðli atvinnuvega þeirra er þannig, að mjög erfitt er að sjá fyrir framtíðaraðstæður í einstökum greinum, enda eru mörg dæmi um framkvæmdir og fyrirtæki hér á landi, sem aldrei hafa skilað arði af því fjármagni, sem í þau hefur verið lagt. Það er því mikilvægt fyrir Íslendinga, að nýjar atvinnugreinar hafi ekki í för með sér aukna áhættu, og hefur það sjónarmið mjög verið ríkjandi í viðræðum og samningum, sem fram hafa farið við hið svissneska fyrirtæki að undanförnu. Þegar með því, að álbræðslan er í eigu erlends fyrirtækis, sem leggur fram allt fjármagn til hennar, er tryggt, að hin fjárhagslega áhætta af þessum nýja atvinnurekstri hvíli á herðum erlendra aðila en ekki Íslendinga. Mönnum kann að virðast, að Íslendingar hefðu haft meiri hagnaðarvon af því að geta reist álbræðslu af eigin rammleik, en þá hefðu þeir bæði þurft að leggja á sig miklar byrðar í fjárframlögum, auk þess að taka á sig mikla áhættu af rekstri í atvinnuvegi, þar sem þeir munu óhjákvæmilega standa höllum fæti miðað við þau stórfyrirtæki, sem þar eru nú starfandi. Álbræðsla er óvenjulega fjármagnsfrekur rekstur, svo að Íslendingar hefðu með slíku þurft að taka á sig gífurlegar skuldbindingar miðað við þjóðartekjur sínar og fjárhagsgetu. Auk þess er álbræðsla langoftast þáttur í miklu fjölþættari rekstri, sem hefst í málmgrýtisnámum og endar í hinni fjölbreyttustu úrvinnslu áls, sem úr bræðslunni kemur. Það er af þessum sökum ekki eins girnilegt og ætla mætti að vera aðili að aðeins einum þætti þessa margslungna atvinnurekstrar.

Í samningum þeim, sem nú liggja fyrir við Alusuisse, hefur verið reynt að ganga svo frá hnútunum, að áhætta Íslendinga af fyrirtækinu væri sem allra minnst, og fyrirtækið skilaði örugglega viðunandi tekjum í íslenzka þjóðarbúið. Lögð hefur verið áherzla á það, að Alusuisse taki á sig miklar skuldbindingar í þessu efni, svo að hagur Íslendinga væri sem bezt tryggður og tekjur af álbræðslunni fyrir íslenzka þjóðarbúið öruggar og jafnar. Mikilvægust í þessu efni eru ákvæðin um lágmarksgreiðslu fyrir raforku, sem þýðir, að álbræðslan er skuldbundin til þess að greiða fyrir meginhluta þeirrar raforku, sem um hefur verið samið að selja henni, hvort sem hún þarf á henni að halda eða ekki. Gilda þessi ákvæði, á meðan samningarnir eru í gildi. Í öðru lagi hefur Alusuisse skuldbundið sig til þess að lækka aldrei framleiðslu álbræðslunnar á Íslandi meira hlutfallslega en annarra álbræðslna sinna að samanlögðu. Þetta þýðir, að lækkun framleiðslu vegna sölutregðu mun aldrei bitna á álbræðslunni á Íslandi umfram aðrar, sem í eigu fyrirtækisins eru. Þessi tvö ákvæði um fasta lágmarksgreiðslu fyrir raforku og stöðuga framleiðslu eiga að tryggja það, eins og bezt verður á kosið, að atvinna, skattar og aðrar tekjur af álbræðslunni verði jafnar og öruggar.

Sama eðlis eru þau ákvæði samninganna, að Alusuisse greiði fastan skatt á tonn af áli, sem framleitt er af álbræðslunni, til þess að greiða venjulega fyrirtækjaskatta hér á landi. Gerð er sérstök grein fyrir þessari skattlagningu annars staðar í skýrslunni, og byggist hún á þeirri skattbyrði, sem áætlað er, að á slíkt fyrirtæki mundi leggjast samkvæmt íslenzkum skattalögum. Hins vegar er einna mikilvægast við þetta fyrirkomulag, að það tryggir öruggar skatttekjur, sem ekki eiga að geta farið

niður úr 20 dollurum á tonn, hvað sem líður afkomu fyrirtækisins. Er hér um að ræða mjög mikilvægt efnahagslegt öryggi fyrir Íslendinga.

Loks eru svo ákvæði um það í samningunum, að Alusuisse sjálft taki á sig fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum dótturfyrirtækis síns hér á landi. Á þetta við um greiðslu fyrir raforku, skatta, hafnarleigu og hvers konar önnur gjöld. Felst í þessu mikilvæg trygging, sem mjög óvenjulegt er, að erlend fyrirtæki taki á sig, þegar þau festa fé í öðru landi. Til enn frekara öryggis setur Alusuisse Íslendingum 20 milljón svissneskra franka (200 milljón króna) framkvæmdatryggingu með sérstökum samningi, ef svo skyldi fara, að ekki yrði staðið við samninga um að reisa álbræðsluna á tilsettum tíma.

Nauðsynlegt er að hafa öll þessi atriði í huga, þegar þessir samningar eru bornir saman við fyrirkomulag, sem samið hefur verið um í öðrum löndum, þegar um erlenda fjárfestingu hefur verið að ræða. Óhætt er að fullyrða, að skuldbindingar Alusuisse í þessum efnum eru miklu meiri en almennt tíðkast og óvenjulega fast um það búið, að fyrirtækið skili öruggum tekjum í þjóðarbúið. Hugsanlegt er, að hægt hefði verið að fá einhver af hinum fjárhagslegu atriðum samninganna lítið eitt hagstæðari, ef slakað hefði verið á þessum hörðu kröfum um skuldbindingar af hálfu hins erlenda fyrirtækis. Það hefur hins vegar verið eindregið mat ríkisstjórnarinnar og annarra, sem um mál þetta hafa fjallað, að nauðsynlegt væri að forðast alla áhættu í þessum efnum, svo sem kostur væri, svo að þessi framkvæmd yrði til þess að auka öryggi í þjóðartekjum Íslands en ekki til að draga úr því.

Áhættuhlið málsins verður hins vegar ekki metin til fulls, nema einnig sé metin sú áhætta, sem Íslendingar taka á sig í sambandi við Búrfellsvirkjunina sjálfa. Hér skiptir að sjálfsögðu einna mestu máli hinn fasti samningur um greiðslu á lágmarksmagni af raforku frá álbræðslunni, er tryggir fjárhagslegan grundvöll virkjunarfyrirtækisins um langa framtíð. Hefur áður verið sýnt fram á, hvernig tekjur af rafmagnssamningnum við álbræðsluna, sem verða í erlendum gjaldeyri, standa undir öllum erlendum skuldbindingum, sem Landsvirkjun verður að taka á sig vegna lána til Búrfellsvirkjunar. Í tveimur öðrum greinum getur verið um að ræða áhættu fyrir Landsvirkjun í sambandi við þessa framkvæmd.

Í fyrsta lagi er sú áhætta, sem í því er fólgin, að bygging virkjunarinnar reynist dýrari en áætlanir hafa gert ráð fyrir. Segja má, að þessi áhætta sé nú svo að segja úr sögunni, þar sem þegar hafa borizt tilboð í byggingarmannvirkin og nokkrar aðalvélar orkuversins, og eru þessi tilboð að mestu leyti föst, jafnvel þótt verðlag breytist. Engu að síður er gert ráð fyrir verulegum fjárhæðum vegna ófyrirséðra útgjalda, svo að hér er eins vel um búið og hægt er á þessu stigi málsins.

Í öðru lagi hafa ýmsir verið uggandi um það, að áætlanir um rekstur Búrfellsvirkjunar væru óraunhæfar, þar sem ístruflanir í Þjórsá kynnu að hækka verulega rekstrarkostnað stöðvanna. Ísvandamálin í Þjórsá hafa verið rannsökuð mjög ýtarlega af sérfræðingum og ráðunautum Landsvirkjunar og Raforkumálaskrifstofunnar, síðan undirbúningur og rannsóknir vegna Búrfellsvirkjunar hófust. Eru öll mannvirki við Búrfell sérstaklega skipulögð með það fyrir augum, að dregið verði sem mest úr þessum ístruflunum, en auk þess gera áætlanir um Búrfellsvirkjun ráð fyrir kostnaði af að setja upp og reka varastöðvar, svo og að gera ýmsar aðgerðir ofar í Þjórsá í því skyni að draga úr truflunum vegna íss. Samtals er í áætlununum um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar gert ráð fyrir útgjöldum að upphæð um 200 millj. kr. beinlínis í því skyni að leysa þetta vandamál. Einnig gera rekstraráætlanir ráð fyrir olíukostnaði vegna notkunar varastöðva, eftir því sem hann er áætlaður af sérfræðingum. Að öllu þessu athuguðu er það álit Landsvirkjunar, að áætlanir um rekstrarkostnað Búrfellsvirkjunar séu fullkomlega raunhæfar. Hins vegar er rétt í þessu sambandi að benda á, að ístruflanir mundu að sjálfsögðu valda sömu vandræðum, þótt Búrfellsvirkjun væri byggð fyrir Íslendinga eina og án álbræðslu. Enn fremur er á það að minna, sem kemur fram hér að framan, að á 15 ára tímabili er beinn fjárhagslegur ávinningur Landsvirkjunar af samningi við álbræðslu samanborið við það að byggja Búrfells-

virkjun án hennar um 700 millj. kr. Það virðist algerlega óhugsandi, að viðbótarkostnaður vegna frekari aðgerða til að draga úr ístruflunum gæti nokkurn tíma kostað meira en lítið brot af þessum hagnaði. Að öðru leyti er rétt að vísa til frekari upplýsinga um þetta mál í fylgiskjali, þar sem fjallað er um Búrfellsvirkjun.

Að öllu þessu samanlögðu verður því ekki séð, að Íslendingar taki á sig neina óeðlilega áhættu með þeim rafmagnssamningi, sem fyrirhugað er að gera við álbræðsluna.

Niðurstöður.

Ef draga á saman niðurstöður þess mats, sem hér hefur farið fram á þjóðhagslegum áhrifum álbræðslu, eru þær í aðalatriðum sem hér segir:

Fjárhagslegur ávinningur Íslendinga af álbræðslu verður mjög verulegur. Hún mun gera Íslendingum kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á fjárhagslega hagkvæmum grundvelli, og mun það geta komið fram bæði í lægra raforkuverði en ella og örari uppbyggingu raforkukerfisins. Auk þess munu Íslendingar hafa miklar beinar gjaldeyristekjur af rekstri álbræðslunnar, sem mun skapa svigrúm enn aukinna þjóðartekna.

Það er mikilvægt, að á móti þessum ávinningi þurfa Íslendingar ekki að taka á sig fjárhagslegar skuldbindingar, heldur mun rafmagnssamningur við álbræðsluna og gjaldeyristekjur af henni létta stórlega það átak, sem fyrsta stórvirkjunin verður fyrir þjóðarbúið. Einnig hefur verið reynt með öðrum ákvæðum samninganna að búa svo um hnútana, að tekjur og atvinna af álbræðslunni verði sem jafnastar og öruggastar.

Það sem Íslendingar fyrst og fremst leggja álbræðslunni til er vinnuafl, en á móti fást meiri og öruggari gjaldeyristekjur á mann en dæmi eru til í öðrum atvinnugreinum landsmanna. Vinnuaflsþörfin hefur verið könnuð sérstaklega og er ekki útlit fyrir, að hún muni valda þeim atvinnugreinum erfiðleikum, sem fyrir eru í landinu.

Þegar þetta mál er skoðað í heild, er nauðsynlegt að sjá það í samhengi þróunar þjóðarbúskaparins almennt. Af álbræðslunni mun verða mikill þjóðhagslegur ávinningur í auknum þjóðartekjum og fjölbreyttari iðnaði. Engum mundi hins vegar detta í hug að halda því fram, að framlag álbræðslu til íslenzkra efnahagsmála sé svo stórt, að ekki sé eftir sem áður jafnmikil þörf á því að efla aðra atvinnuvegi landsmanna og þá ekki síst útflutningsatvinnuvegina. Þess vegna er það sérstaklega mikilvægt, að álbræðslan mun ekki draga fjármagn frá uppbyggingu annarra atvinnuvega, heldur styrkja almennt gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og þar með vaxtarmöguleika allra atvinnuvega.

Öllum ætti að geta verið ljóst, að í eflingu raforkuframleiðslunnar í landinu og nýjum arðbærum framleiðslugreinum, felst á engan hátt vantraust eða vantrú á þeim atvinnuvegum, sem hingað til hafa borið uppi þjóðarbúskap Íslendinga og munu halda áfram að gera það um ókomna tíma. Aukin fjölbreytni í atvinnuháttum hefur reynzt þjóðarbúinu í heild og einstökum greinum þess til styrktar og örvunar. Svo mun og verða í þessu dæmi. Nýting þeirra stórkostlegu auðæfa, sem felast í fallvötnum Íslands, til nýrrar iðnvæðingar, mun skapa þjóðinni betri og traustari efnahagsgrundvöll, sem öllum hlýtur að verða til góðs. Íslendingar eru vaxandi þjóð, þar sem nýjar hendur geta leyst ný verkefni, án þess að því sé fórnað, sem fyrir er.

ÁHRIF BYGGINGAR ÁLBRÆÐSLU Á RAFORKUVERÐ OG AFKOMU LANDSVIRKJUNAR

Í skýrslu ríkisstjórnarinnar til Alþingis, er lögð var fram í maí 1965, svo og í athugasemdum við frumvarp við Landsvirkjun, var gerð allrækileg grein fyrir áhrifum byggingar álbræðslu á þróun raforkumála. Rétt þykir að gera enn á ný grein fyrir helztu atriðum þessa máls, enda liggja nú fyrir svo til endanlegar stofnkostn-

aðartölur fyrir Búrfellsvirkjun, svo og upplýsingar varðandi önnur atriði, er mestu máli skipta varðandi rekstur Landsvirkjunar. Einnig er nauðsynlegt, að menn varist misskilning, er stafað gæti af því, að mikill hluti þeirra upplýsinga, sem áður hafa verið birtar um þetta mál, er byggður á þeirri forsendu, að álbræðslan hafi 30 þús. tonna ársafköst, en nú hefur verið um það samið, að ársafköst hennar verði fljótlega aukin upp í 60 þús. tonn. Gerðar hafa verið á grundvelli þeirra lokaupplýsinga, sem nú liggja fyrir, nýir reikningar um afkomu Landsvirkjunar og framleiðslukostnað raforku, og eru þær niðurstöður, sem hér fara á eftir, byggðar á þessum útreikningum.

Víðtækar athuganir hafa farið fram á því, hvernig hagkvæmast væri að sjá fyrir mjög vaxandi raforkuþörf hér á landi næstu tvo áratugina og þá sérstaklega á Suður- og Vesturlandi, þar sem meginhluti raforkumarkaðsins liggur. Tæknilega hefur hér verið um tvær meginleiðir að ræða, annars vegar byggingu nokkurra tiltölulega lítilla orkuvera, bæði vatnsaflsstöðva og gufuaflsstöðva, en hins vegar byggingu stórvirkjunar, er reynzt hefur langhagkvæmust í Þjórsá við Búrfell. Samanburður þessara leiða leiddi eindregið í ljós, að Búrfellsvirkjun væri til lengdar miklu hagkvæmari en smærri orkuver. Á hinn bóginn fylgir henni sá annmarki, að hún krefst mjög mikillar byrjunarfjárfestingar, og rekstur hennar fyrstu árin verður erfiður, þar sem markaður er alltof lítill fyrir þá miklu orku, sem virkjunin getur framleitt. Fjárhagslegur grundvöllur slíkrar virkjunar gjörbreytist hins vegar, ef hægt er að selja verulegt orkumagn til nýs iðnaðar, eins og álbræðslu. Samkvæmt nýjustu áætlunum, er að mestu leyti byggjast á föstum tilboðum, er þegar hafa verið gerð í verkið, kostar fyrsti áfangi Búrfellsvirkjunar, er byggð væri til að fullnægja almenningseftirspurn eftir raforku á Suður- og Vesturlandi, alls 1129 millj. kr. Sé hins vegar byggð 105 þús. kW virkjun í upphafi, er ætluð væri til þess að selja raforku til álbræðslu, mundi kostnaður fyrsta áfanga hækka í 1415 millj., eða um 286 millj. kr. Á móti þessari kostnaðaraukningu, sem öll mundi verða tekin að láni, koma hins vegar stórauknar tekjur af raforkusölu, er verða þess valdandi, að raunverulegur raforkukostnaður fyrir innanlandskerfið lækkar stórlega frá því, sem ella hefði orðið. (Það er ástæða til þess að benda á það sérstaklega hér, að áætlanir um kostnað af fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar, bæði með og án álbræðslu, hafa hækkað allverulega frá því, sem fram kom í skýrslu til ríkisstjórnarinnar í maí 1965, en sú hækkun stafar af því, að frekari verkfræðilegar athuganir hafa leitt í ljós, að æskilegt væri að byggja í upphafi miklu meiri hluta af byggingarmannvirkjunum en ráðgert hafði verið. Hér er hins vegar svo að segja eingöngu um tilfærslu milli áfanga að ræða, svo að síðari áfangar virkjunarinnar lækka í kostnaði samsvarandi).

Til þess að leiða skýrt í ljós áhrif álbræðslu á raforkukerfið, hafa verið gerðar áætlanir um kostnað og rekstur Landsvirkjunar miðað við eftirfarandi tvær leiðir:

1) Búrfell með álbræðslu.

Samkvæmt þessari leið mundi verða byrjað á byggingu 105 þús. kW áfanga við Búrfell, en virkjunin síðan stækkuð á fimm árum upp í 210 þús. kW. Síðan er gert ráð fyrir, að ráðizt verði í aðra virkjun í tveimur áföngum, líklega virkjun Háafoss, og mundu þær virkjanir fullnægja raforkueftirspurninni fram til ársins 1985.

2) Búrfell án álbræðslu.

Samkvæmt þessari leið yrði byrjað á 70 þús. kW Búrfellsvirkjun, er yrði stækkuð í fjórum áföngum upp í 210 þús. kW. Þessi virkjun mundi sjá Suður- og Vesturlandi fyrir raforku fram til ársins 1985. Eru því þessar tvær leiðir sambærilegar að því er varðar fullnægingu eftirspurnar eftir raforku til almenningsnota allt til ársins 1985.

Reiknað hefur verið út, hvað sú raforka, sem framleidd yrði til almenningsnota, mundi kosta samkvæmt þessum tveimur leiðum, þegar tekið hefur verið tillit til raforkusölu til álbræðslu. Er þetta sýnt á 1. töflu.

Taflan sýnir, að mjög mikill mismunur er á framleiðslukostnaði raforku til almennra nota milli þessara tveggja leiða, sérstaklega fyrstu árin. Er kostnaðurinn mun lægri, ef raforka er seld til álbræðslu, og er samansafnaður mismunur á framleiðslukostnaði með 6% vöxtum orðinn 862 millj. í árslok 1985.

Sé hins vegar litið á það, hver áhrifin eru á framleiðslukostnað hverrar raforkueiningar, kemur í ljós, að á árunum 1969—1975 mundi viðbótarorkan kosta 62% meira, ef álbræðslan væri ekki byggð, 22% meira á árunum 1976—1980, en 12% á árunum 1981—1985. Yfir allt tímabilið 1969—1985 mundi raforkukostnaður verða 28% hærri, ef Búrfell væri eingöngu byggt fyrir almenningsnotkun, og enginn sölusamningur gerður við álbræðslu. Áhrif á raforkuverð í heildsölu mundu að sjálfsögðu verða nokkru minni, þar sem bygging álbræðslu hefur ekki áhrif á kostnað raforku frá eldri orkuverum.

Gerðar hafa verið nákvæmar rekstraráætlanir fyrir Landsvirkjunina í heild allt fram til ársins 1985, þar sem borin hefur verið saman rekstrarafkoma kerfisins með og án álbræðslu. Eru niðurstöður þessara áætlana sýndar á 2. töflu. Samkvæmt því væri nettóhagnaður án vaxta 702 millj. kr. hærri fram til ársins 1985, ef um sölu til álbræðslu væri að ræða. Taflan sýnir einnig, hve heildarraforkuverðið frá Landsvirkjun þyrfti að vera miklu hærra, ef Búrfell væri byggt án álbræðslu. Nemur sá mismunur allt að 39% sum árin. Nú er að sjálfsögðu ekki víst, að hve miklu leyti umframhagnaðurinn yrði notaður til þess að lækka raforkuverð, en ef það væri ekki gert, mundi hann skapa tækifæri til þess að halda áfram uppbyggingu raforkukerfisins miklu örar heldur en ella hefði orðið. Mundi það að sjálfsögðu fara eftir hinni almennu efnahagslegu þróun, hvor leiðin yrði talin heppilegri.

Í öllum þessum reikningum hefur verið reiknað með því raforkuverði, sem um hefur verið samið, en það er 12.9 aurar á kW stund fyrstu árin, en 10.75 aurar eftir að álbræðslan hefur náð fullum afköstum. Miðað við 7% vexti af öllu fjármagni, sem í virkjuninni er bundið ásamt varastöðvum, og 40 ára afskriftartíma, er kostnaðarverð raforku frá Búrfellsvirkjun 9.9 aurar á kílówattsstund, en 10.3 aurar, ef reiknað er með 6% vöxtum og öll mannvirki afskrifuð á 25 árum. Hagnaður Landsvirkjunar af sölusamningnum við álbræðsluna liggur fyrst og fremst í því, eins og komið hefur fram af þeim tölum, sem hér hafa verið raktar, að hægt verður að ráðast í miklu stærri og hagkvæmari virkjun og tryggja sölu á orku frá henni frá upphafi. Er þetta raforkuverð í raun og veru mjög hagstætt fyrir Landsvirkjun og neytendur hennar, enda þótt það sé ekki nema lítið fyrir ofan meðalframleiðslukostnað. Munu umframtekjur Landsvirkjunar á tímabilinu fram til 1985 nema 700 millj. kr., en eftir 25 ár verður virkjunin að fullu niðurgreidd, svo að langmestur hluti tekna af sölu til álbræðslunnar, en þær eru yfir 110 millj. kr. á ári, verður þá hreinn hagnaður.

Í rafmagnssamningnum við álbræðsluna er samið um sölu raforku til langs tíma og með þeim skilmálum, að greiðsla komi fyrir orkuna, hvort sem álbræðslan þarf á henni að halda eða ekki. Með löngum og föstum samningi er stefnt að því að tryggja tvennt, sem Íslendingum er mjög nauðsynlegt. Í fyrsta lagi dregur hinn langi og fasti samningur úr áhættu þeirri, sem Íslendingar taka á sig, með því að leggja í svo stóra og fjárfreka framkvæmd, sem Búrfellsvirkjun er, og afla að miklu leyti fjár til hennar með lánum. Í öðru lagi er samningurinn þess eðlis, að hann greiðir stórlega fyrir lántökum til virkjunarinnar, en segja má að hið erlenda fyrirtæki, sem ábyrgist rafmagnssamninginn, taki að verulegu leyti á sig áhættuna af erlendu lánunum. Það er því raunverulega ekki verið að nota lánstraust íslenzka ríkisins.

Sé við það miðað, að allur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar ásamt varastöðvum verði endurgreiddur á 25 árum með 6% vöxtum, kemur í ljós, að áætlaðar tekjur af rafmagnssamningnum við álbræðsluna munu á þessu tímabili endurgreiða 72% af stofnkostnaði virkjunarinnar. Hins vegar mun álbræðslan aðeins nota 61% af orku virkjunarinnar og 57% af afli hennar. Sé litið á þau lán, sem reiknað er með að taka til virkjunarinnar erlendis, munu tekjur af álbræðslunni að mestu standa undir

vöxtum og afborgunum af þeim nema fyrstu árin. Við samanburð á tekjum af álbræðslunni og afborgunum og vöxtum af erlendum lánum kemur í ljós, að vextir og afborganir á 25 ára tímabili nema samtals 2260 millj. kr., en tekjur af álbræðslunni 2670 millj. Íslendingar fá þannig hina miklu orku, sem Búrfellsvirkjun framleiðir til almenningsþarfa, án raunverulegra byrða vegna lána í erlendum gjaldeyri.

Hér skiptir það einnig miklu máli, að rafmagnssamningurinn er gerður í bandarískum dollurum, en það er sama mynteining og í flestum þeirra erlendu lána, sem til virkjunarinnar verða tekin. Þegar haft er í huga, að endurgreiðslur og vextir eru meginútgjaldaliðir vatnsaflsvirkjana, þýðir þetta í raun og veru, að tekjurnar séu verðtryggðar eða gengistryggðar, svo að samningurinn væri Íslendingum jafnmikils virði, þótt verðlagsbreytingar ættu sér stað. Eftir 15 ár gerir rafmagnssamningurinn einnig ráð fyrir því, að raforkuverð geti hækkað, ef rekstrarkostnaður Búrfellsvirkjunar sjálfrar hefur hækkað á því tímabili. Að öðru leyti er verðið fast í 25 ár, en breytist þá annaðhvort í samræmi við breytingu á raforkuverði í Noregi eða eftir breytingum á heimsmarkaðsverði á áli.

Loks hefur það mikilvæg áhrif í þá átt að draga úr áhættu Íslendinga, að þegar hafa verið fengin föst tilboð í öll byggingarmannvirki Búrfellsvirkjunar, svo að stofnkostnaður hennar er þegar að langmestu leyti fastbundinn, þótt verðhækkanir eigi sér stað á byggingartímanum.

1. tafla.

LANDSVIRKJUN

Kostnaðarverð seldrar viðbótarraforku til almennra nota á árunum 1969—1985 með og án álbræðslu. Reiknað er með að allur stofnkostnaður vatnsaflsstöðva sé greiddur á 25 árum með 6% vöxtum, en gastúrbínustöðva á 15 árum með sömu vöxtum. Auk þess er reiknað með fullum rekstrar- og olíukostnaði.

Ár	Selt afl umfram afkastagetu núverandi stöðva	Með álbræðslu		Án álbræðslu		Mismunur		
		Rekstrargj. að frádr. tekjum af álbræðslu	Einingarverð á viðbótarafli	Rekstrargjöld	Einingarverð á viðbótarafli	Einingarverð á viðbótarafli	Rekstrargjöld	Samansafnað í árslok með 6% vöxtum
	MW	Mkr.	Kr./árskw	Mkr.	Kr./árskw	Kr./árskw	Mkr.	Mkr.
1969	20.5	38.8	1940	56.7	2835	895	17.9	17.9
1970	32.5	77.3	2378	111.4	3427	1049	34.1	53.1
1971	40.5	75.2	1856	111.4	2750	894	36.2	92.5
1972	48.5	66.8	1377	111.4	2296	919	44.6	142.6
1973	57.5	66.7	1160	111.4	1937	777	44.7	195.8
1974	67.0	61.4	916	111.4	1662	746	50.0	257.5
1975	76.5	63.8	854	113.9	1489	635	50.1	323.0
1976	87.0	72.6	834	122.9	1413	579	50.3	392.7
1977	97.5	119.1	1221	123.4	1266	45	4.3	420.5
1978	111.0	119.1	1073	125.9	1134	61	6.8	452.5
1979	122.0	119.1	976	149.1	1222	246	30.0	509.6
1980	135.0	119.1	882	150.1	1112	230	31.0	571.2
1981	148.0	119.1	805	151.6	1024	219	32.5	638.0
1982	163.0	156.4	960	164.5	1009	49	8.1	684.4
1983	179.0	156.4	874	167.5	936	62	11.1	736.6
1984	195.0	156.4	802	172.0	882	80	15.6	795.7
1985	213.0	156.4	734	175.0	821	87	18.6	862.0

2. tafla.

LANDSVIRKJUN

Samanburður á áætluðum nettóhagnaði Landsvirkjunar í heild með og án orkusölu til álbræðslu.

Ár	Nettóhagnaður af sölu til álbræðslu umfram það, sem annars væri. Árlega m. kr.	Hugsanleg áhrif á raforkuverð. Hækkun ef bræðslu væri sleppt. Í hlutfalli við tekjur af almennri orkusölu	Kr. á árskw. almennrar notkunar
1969	19.9	16.9	186
1970	32.9	27.7	275
1971	35.0	27.6	275
1972	45.6	36.0	337
1973	46.8	34.2	324
1974	55.2	39.3	359
1975	58.5	39.2	358
1976	58.6	36.2	337
1977	22.3	10.5	121
1978	26.5	11.8	134
1979	40.3	17.9	193
1980	42.8	17.9	193
1981	46.0	18.1	196
1982	36.6	13.0	146
1983	41.6	14.0	156
1984	44.1	14.0	156
1985	49.0	14.7	163
	701.7		

RAFMAGNSSAMNINGUR

SAMNINGUR, gerður hinn dag mánaðar 1966

MILLI

LANDSVIRKJUNAR, fyrirtækis, sem stofnað var með lögum frá Alþingi nr. 59 20. maí 1965 og hefur aðalskrifstofu sína í Reykjavík

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (hér á eftir nefnt „ISAL"), sem er íslenzkt félag stofnað samkvæmt aðalsamningnum milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, sem dagsettur er 28. marz 1966, og á skráð heimili sitt í Hafnarfirði

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórn Íslands og Swiss Aluminium Limited hafa gert með sér nefndan aðalsamning, og Landsvirkjun og ISAL hafa í samningi þessum samþykkt að efna og takast á hendur tilteknar skuldbindingar, sem tilgreindar eru í nefndum aðalsamningi;

MEÐ ÞVÍ að í aðalsamningnum er svo ráð fyrir gert, að Landsvirkjun byggi og setji upp Búrfellsvirkjun og byggi eða sjái á annan hátt fyrir varavirkjum og að ISAL byggi og útbúi bræðsluna; og

MEÐ ÞVÍ að aðalsamningurinn skuldbindur Landsvirkjun til að útvega aðgang að rafmagni til byggingar bræðslunnar og sjá fyrir rafmagni til rekstrar hennar og skuldbindur ISAL til að kaupa og greiða fyrir rafmagn frá Landsvirkjun og greiða fyrir lágmarksmagn rafmagns hvort sem notað er eða ekki, að öllu leyti eins og tilgreint er í aðalsamningnum og samningi þessum og samkvæmt skilmálum þeirra;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

I. KAFLI
ORÐSKÝRINGAR

1. gr.
Orðskýringar í samningi þessum.

1.01. Eftirtalin orð, sem fyrir koma í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í þeim málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins, sem hér eru taldar, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin"	málsgr.	1.01	(a)
„Alusuisse"	—	1.01	(b)
„Landsvirkjun"	—	1.01	(c)

„ISAL“	málsgr.	1.01	(e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02	
„Fylgisamningar“	—	1.02	
„Bræðsla“	—	1.03	(b)
„Bræðslulóð“	—	1.03	(d)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03	(e)
„Annar áfangi bræðslunnar“	—	1.03	(f)
„Þriðji áfangi bræðslunnar“	—	1.03	(g)
„Fyrri stækkun bræðslunnar“	—	1.03	(h)
„Síðari stækkun bræðslunnar“	—	1.03	(i)
„Fyrsti afhendingardagur rafmagns“ (AR I)	—	1.03	(o)
„Annar afhendingardagur rafmagns“ (AR II)	—	1.03	(p)
„Þriðji afhendingardagur rafmagns“ (AR III)	—	1.03	(q)
„Gildistökudagur aðalsamnings“	—	1.03	(u)
„Valdagur“	—	1.03	(v)

1.02. Eftirtalin orð, sem fyrir koma í samningi þessum, skulu þar hafa þá merkingu, sem hér segir, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

a) „Búrfellsvirkjun“ merkir vatnsaflsvirkjunina að Búrfelli við Þjórsá á Suðurlandi, eins og hún er að allri gerð og búnaði á hverjum tíma, þar með talin farvegs- og inntaksmannvirki, neðanjarðargöng, þrýstivatnspípur, stöðvarhús ofanjarðar, spennistöð og tengivirki, og sem hefur 105 megavatta málraun í byrjunaráfanga og fullbyggð 210 megavatta málraun, í upphafi tengd um eina 220 kílóvolta háspennulínu við spennistöð í Sogsvirkjun og þaðan í upphafi um eina 220 kílóvolta háspennulínu við spennistöð að Geithálsi, en þaðan um tvær 220 kílóvolta háspennulínur við tengivirkið við Straumsvík og þaðan um tvöfalda straumteina við tengivirki bræðslunnar.

b) „Varavirki“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 8. gr. samnings þessa.

c) „Búrfellsstöð“ merkir aflstöðina að Búrfelli við Þjórsá, sem er hluti af Búrfellsvirkjun.

d) „Tengivirki við Straumsvík“ merkir 220 kílóvolta tengivirki utanhúss, sem Landsvirkjun ber að reisa við Straumsvík nálægt tengivirki bræðslunnar.

e) „Tengivirki bræðslunnar“ merkir 220 kílóvolta tengivirki utanhúss, sem ISAL ber að reisa við Straumsvík á bræðslulóðinni.

f) „Samningsbundið rafmagn“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 7. gr. samnings þessa.

g) „Umframrafmagn“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í málsgr. 7.05 í samningi þessum.

h) „Rafmagn til byggingarframkvæmda“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í málsgr. 11.01 í samningi þessum.

i) „Neyðartenging“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í b)-lið 3. gr. samnings þessa.

j) „Afhendingarstaður“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í málsgr. 9.01 í samningi þessum.

k) „Samningsbundið verð“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 13. gr. samnings þessa.

l) „Leiðrétt samningsbundið verð“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 14. gr. samnings þessa.

m) „Endurskoðað samningsbundið verð“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 15. gr. samnings þessa.

n) „Lágmarksmagn“ hefur þá merkingu, sem orðinu er gefin í 20. gr. samnings þessa.

II. KAFLI
BYGGING MANNVIRKJA

2. gr.
Búrfellsvirkjun og varavirki.

Svo sem tilgreint er í aðalsamningnum, skal Landsvirkjun byggja og setja upp Búrfellsvirkjun og byggja eða sjá á annan hátt fyrir varavirkjum.

3. gr.
Önnur rafmagnsvirki.

Landsvirkjun skal byggja eða láta byggja mannvirki fyrir:

a) rafmagn til byggingarframkvæmda, sem afhendast skal á bræðslulóðinni, þar með taldar nauðsynlegar háspennulínur og spennistöð, eins og segir í málsgr. 11.01 í samningi þessum.
b) neyðartengingu frá 33 eða 66 kílóvolta háspennulínu milli Elliðaánna og Keflavíkur að tengivirki bræðslunnar, sem flutt geti 3 MW, að minnsta kosti, til rekstrar á þjónustubúnaði á bræðslulóðinni í neyðartilvikum, nema samið verði um annað („neyðartenging").

4. gr.
Bræðslan.

Svo sem tilgreint er í aðalsamningnum skal ISAL byggja bræðsluna og sjá henni fyrir búnaði.

5. gr.
Tengivirkin við Straumsvík.

5.01. Landsvirkjun skal sjá um byggingu, rekstur og viðhald tengivirkisins við Straumsvík, og skal það gert fyrir að minnsta kosti tvær innkomandi 220 kílóvolta línur og tvöfalda straumteina ásamt endaeinöngrum, sem liggja skulu að tengivirki bræðslunnar. Landsvirkjun skal setja upp mælitæki þau, sem gert er ráð fyrir í málsgr. 17.01 í samningi þessum, við tengivirkið við Straumsvík, nema aðilar komi sér saman um annað. Ekki þarf Landsvirkjun að setja upp straumrofa fyrir innkomandi háspennulínur, fyrr en slíkt reynist nauðsynlegt af tækniástæðum.

5.02. ISAL skal byggja tengivirki bræðslunnar og annast rekstur og viðhald þess.

5.03. Ákvörðun um framleiðanda og gerð þess búnaðar, sem komið verður fyrir í tengivirkjunum tveimur, skal vera háð gagnkvæmu samþykki samningsaðila, og skal slíkt samþykki greiðlega gefið.

6. gr.
Samráð aðila meðan á byggingu stendur.

Hvor aðili um sig skal leyfa hinum að fylgjast vel með byggingaráætlun sinni og gangi framkvæmda, og auk þess:

a) tilkynna hinum aðilanum um heiti verktaka sinna og helztu undirverktaka, og
b) láta hinum aðilanum í té ársfjórðungslegar skýrslur, er sýni í prósentum áætlaðan hluta framkvæmda, sem lokið er, og einnig hvaða dag ætla megi, að lokið verði hinum ýmsu áföngum Búrfellsvirkjunar, varavirkjanna og bræðslunnar, eftir því sem við á.

III. KAFLI
RAFMAGNSAFHENDING

7. gr.
Samningsbundið rafmagn.

7.01. Með þeim skilmálum og skilyrðum, er segir í þessari grein, 8. gr., 9. gr. og 12. gr., skal Landsvirkjun sjá bræðslunni fyrir orku á eða fyrir AR I, AR II eða AR III, eftir því sem við á, og síðan, sem nemur eftirtöldu magni á hverju almanaksári fyrir fyrsta, annan og þriðja áfanga bræðslunnar, hvern um sig:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Málraun	60 MW	90 MW	120 MW
Orka fyrir hvert almanaksár	530 GWst	795 GWst	1060 GWst

ISAL skal neyta þessarar orku með því afli, sem hér segir, með þeim fyrirvara, sem leiðir af ákvæðum málsgr. 7.02, 7.03 og 7.04:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Afl:			
(meðaltal á klst.)	60 MW	90 MW	120 MW
(augnabliksgildi)	65 MW	97.5 MW	130 MW

Rafmagn þetta („samningsbundið rafmagn“) verður látið í té frá Búrfellsstöðinni eða öðrum aflstöðvum, sem samtengdar eru Búrfellsvirkjun, sem þrífasa riðstraumur með sem næst 50 riðum á sekúndu og 220 kV málspennu. Sveiflur í spennu skulu ekki fara fram úr plús fimm af hundraði (5%) eða mínus níu af hundraði (9%) við venjulegar rekstraraðstæður.

7.02. Innan marka þeirrar ársorku, sem tiltekin er í málsgr. 7.01, og með takmörkunum þeim, sem ISAL eru settar samkvæmt ákvæðum málsgr. 7.03 og málsgr. 7.04 (og sömuleiðis að tilskildum ákvæðum 8. gr., 9. gr. og 12. gr.), skal Landsvirkjun stöðugt hafa tiltækt afl, sem að hámarki svarar allt að sextán af hundraði (16%) umfram það afl (meðaltal á klst. og augnabliksgildi), sem tiltekið er í málsgr. 7.01.

7.03. Á þeim tímum yfir vetrarmánuðina, sem toppálag er á orkuveitusvæði Landsvirkjunar, skal ISAL, samkvæmt tilkynningu, sem gefin er af hálfu Landsvirkjunar í síma með að minnsta kosti einnar klukkustundar fyrirvara, ekki fara fram yfir það afl (meðaltal á klst. og augnabliksgildi), sem tiltekið er í málsgr. 7.01, í allt að eina klukkustund samanlagt á hverjum sólarhring.

7.04. Auk þess, sem segir í málsgr. 7.03, skal ISAL á lágrennslistímabilum, sem áhrif hafa á hið samtengda kerfi, ekki fara fram úr eftirtalinni hámarksneyzlu á orku að meðaltali á dag, ef þess er farið á leit af hálfu Landsvirkjunar:

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Dagleg hámarksneyzla	1,452 GWst	2,178 GWst	2,904 GWst

7.05. Rafmagnsnotkun ISALs skal ekki fara fram úr þeirri ársorku, sem tiltekin er í málsgr. 7.01, eða tiltekinni hámarksneyzlu á orku að meðaltali á dag, hvenær sem ákvæði málsgr. 7.04 eiga við, og ekki heldur fram yfir það afl (meðaltal á klst. eða augnabliksgildi), sem tiltekið er í málsgr. 7.01, málsgr. 7.02 og málsgr. 7.03, hvert þeirra sem við á hverju sinni, nema leyfi Landsvirkjunar hafi áður komið til. Heimild til neyzlu á orku á hverju einstöku almanaksári umfram fyrrgreint orkumagn og afl („umframrafmagn“) getur Landsvirkjun veitt að eigin vild.

Landsvirkjun skal heimila ISAL að nota afl umfram hámarksafl það, sem tiltekið er í málsgr. 7.02, þegar rekstur bræðslunnar hefur af einhverjum ástæðum orðið fyrir truflun eða skerðingu, svo að auðveldara verði að ná aftur upp eðlilegri framleiðslu, þó að því tilskildu, að Landsvirkjun hafi þá tiltækt nægilegt afl í vatnsaflsstöðvum umfram það, sem hún hefur heitið öðrum viðskiptamönnum, og nægilega getu til spennubreytinga og flutnings á því rafmagni, sem um er að ræða.

8. gr.

Takmörkun á samningsbundnu rafmagni.

8.01. Landsvirkjun skal hafa til taks, frá þeim dögum að telja, sem fyrsti, annar og þriðji áfangi bræðslunnar fá samningsbundið rafmagn, hver um sig, úrræði til útvegunar á rafmagni og tilheyrandi spennubreytingar- og flutningsbúnað, sem nægileg eru og hæfileg til þess að sjá bræðslunni fyrir rafmagni með eftirfarandi lágmarksafli („varavirki"):

Áfangi bræðslunnar	Fyrsti	Annar	Þriðji
Lágmarksafl (meðaltal á klst.)	28 MW	42 MW	56 MW

Landsvirkjun skal sjá svo um, að varavirki séu ávallt til taks, svo fljótt sem auðið er, hvenær sem líkindi fyrir truflun á rekstri Búrfellsvirkjunar eða samtengdra mannvirkja verða auðsæ eða unnt ætti að vera að segja þau fyrir. Með þeim takmörkunum, sem segir í málsgr. 8.02, skal Landsvirkjun sjá ISAL fyrir rafmagni frá varavirkjum, eftir því sem nauðsynlegt verður til að halda uppi afhendingu samningsbundins rafmagns þann tíma, sem slík truflun á rekstri Búrfellsvirkjunar eða samtengdra mannvirkja varir.

8.02. Ef Landsvirkjun neyðist til að takmarka afhendingu rafmagns til viðskiptamanna sinna (þar á meðal ISAL) sökum truflana á rekstri Búrfellsvirkjunar eða samtengdra mannvirkja af einhverjum ástæðum, þar á meðal vegna óviðráðanlegra afla (force majeure), eftir að hafa gripið til allra tiltækra úrræða, þar með talin varavirki, skal Landsvirkjun heimilt að draga úr afhendingu rafmagns til bræðslunnar niður fyrir ársorku þá, sem tiltekin er í málsgr. 7.01 (í beinu hlutfalli) og það afl, sem tiltekið er í málsgr. 7.01, 7.02 og 7.03, eftir því sem við á, að því tilskildu, að takmörkun á framboði samningsbundins rafmagns a) skal ekki nema meiru en hlutfallslegri takmörkun á framboði fastbundins rafmagns til viðskiptamanna annarra en ISALs, og b) skal aldrei nema meiru en svo, að hún fari niður fyrir lágmarksafl það (meðaltal á klst.), sem tiltekið er í málsgr. 8.01, nema þegar um er að ræða ástand af völdum óviðráðanlegra afla, sem varir lengur en 48 stundir. ISAL skal koma til móts af sinni hálfu með því að takmarka nægilega álag í bræðslunni þann tíma, sem um takmörkun á rafmagni er að ræða. Hvenær sem hætta er á því, að einhverjar truflanir valdi tjóni á bræðslunni, skal Landsvirkjun gera það, sem unnt er til að sjá bræðslunni fyrir rafmagni með því afli og um þann tíma, sem nægir til þess að unnt sé að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tjón á bræðslunni.

9. gr.

Afhendingarstaður og afhendingartími rafmagns.

9.01. Samningsbundið rafmagn skal flutt frá spennistöðinni að Geithálsi eftir tveimur 220 kílóvolta háspennulínum til tengivirkisins við Straumsvík, og skal það afhent með 220 kílóvolta málspennu til tengivirkis bræðslunnar. Afhendingarstaður rafmagnsins skal vera straumteinarnir við endaeinangrana í tengivirki bræðslunnar, sem vísað er til í málsgr. 5.01 í samningi þessum („afhendingarstaður").

9.02. Einum til þremur mánuðum fyrir AR I skal Landsvirkjun sjá ISAL fyrir rafmagni til gangsetningar fyrsta áfanga bræðslunnar. Afl þessa rafmagns skal aukið úr 10 MW að því afli, sem ráð er fyrir gert í málsgr. 7.01 og 7.02, eigi síðar en á AR I, samkvæmt áætlun, sem aðilar koma sér saman um. Á svipuðum tíma fyrir AR II og AR III skal Landsvirkjun sjá ISAL fyrir rafmagni með samsvarandi afli samkvæmt svipaðri áætlun til gangsetningar fyrstu og annarrar stækkunar bræðslunnar, eins og við á, ef ISAL óskar þess.

10. gr.

Fasviksstuðull, fasajafnvægi og spennustilling.

10.01. Meðalfasviksstuðull (cos.phi = hlutfallið milli MW-stunda og MVA-stunda) samningsbundins rafmagns, sem afhent er til bræðslunnar, fyrir hvern almanaksmánuð, reiknaður eftir mælingum gerðum á mælingarstað, svo sem lýst er í málsgr. 17.01, skal eigi vera lægri en 0.90. Ef meðalfasviksstuðullinn fellur niður fyrir þetta gildi, skal rafmagnsverð það, sem við á umræddan almanaksmánuð eftir því sem ákveðið er samkvæmt málsgr. 13.01, hækka um einn af hundraði (1%) fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hlut úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins fer niður fyrir slíkt lágmark. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu þó eigi gilda meðan á gangsetningu stendur eftir því sem mælt er í málsgr. 9.02.

10.02. ISAL skal leitast við, eftir því sem unnt er, að jafna rafmagnsnotkun sína milli allra þriggja fasa. Í engu tilfelli skal frávikið nema meiru en fimm af hundraði (5%) miðað við eðlilegar rekstraraðstæður.

10.03. Til þess að riðsveiflur verði sem minnstar af völdum álagsaukningar, meðan verið er að setja í gang röð af bræðsluofnum, skal ISAL búa afriðla sína spennustillisviði, er geri mögulegt að lækka rakstraumsspennu niður fyrir 50% af málgildi hennar.

11. gr.

Rafmagn til byggingarframkvæmda og neyðartenging.

11.01. Eigi fyrr en 4 mánuðum eftir gildistökudag aðalsamningsins, og eigi síðar en 1. apríl 1967 (eins og þeim degi kann að verða frestað samkvæmt ákvæðum málsgr. 9.06 í aðalsamningnum), skal Landsvirkjun hafa byggt eða látið byggja mannvirki til afhendingar á rafmagni til notkunar við byggingu fyrsta áfanga bræðslunnar („rafmagn til byggingarframkvæmda"). ISAL skal tiltaka nákvæmlega hvaða dag slík mannvirki skulu vera tilbúin til rekstrar, og tilkynna hann Landsvirkjun með þriggja mánaða fyrirvara, þó með þeim takmörkunum, sem að framan greinir. Slíkur búnaður skal nægja til afhendingar á rafmagni á bræðslulóðina, sem að afli fari eigi fram úr 3 MW og sé með 6 kV eða 10 kV spennu.

11.02. Frá þeim degi að telja, sem fyrsti áfangi bræðslunnar fær samningsbundið rafmagn, skal Landsvirkjun, þegar henni reynist ókleift að hafa samningsbundið rafmagn tiltækt, eða ISAL reynist ókleift að taka á móti því um afhendingarstað, sjá svo um að rafmagn, sem að afli nemur allt að 3 MW, verði tiltækt um virki Landsvirkjunar eða annarra frá neyðartengingu eða á annan hátt, sem aðilar koma sér saman um, til notkunar á þjónustubúnaði og tækjum á bræðslulóðinni í neyðartilvikum.

12. gr.

Almenn ákvæði um rafmagn og hömlur á því.

12.01. Eigi skal ISAL heimilt að kaupa rafmagn frá öðrum aðilum en Landsvirkjun, né setja upp eigin mannvirki til rafmagnsvinnslu til rekstrar bræðslunnar, nema leyfi Landsvirkjunar komi til.

12.02. Rafmagn það, sem tiltækt er gert samkvæmt ákvæðum samnings þessa, skal vera til afnota fyrir ISAL við byggingu og rekstur bræðslunnar, nema hvað ISAL skal heimilt að ráðstafa slíku rafmagni til þess að sjá varðmönnum og öðrum starfsmönnum sínum, sem eru til taks í sérstökum viðlögum, og fjölskyldum þeirra, er búa á bræðslulóðinni, fyrir rafmagni til heimilisnota, svo og fyrir bráðabirgðahúsnæði og skyld mannvirki meðan á byggingu stendur, og eigi skal mega endurselja þetta rafmagn eða ráðstafa því á annan hátt í neinum tilgangi, nema leyfi Landsvirkjunar komi til.

12.03. ISAL skal um stundarsakir láta af hendi rafmagn, sem því er gert tiltækt fyrir bræðsluna, til þess að sjá fyrir almenningsþörfum í sérstökum viðlögum, ef Landsvirkjun óskar þess, þó þannig, að afhending slíks rafmagns valdi ekki teljandi hnekki við rekstur bræðslunnar né skaði búnað hennar.

12.04. Það samningsbundna rafmagn, sem látið skal í té samkvæmt samningi þessum, skal ávallt vera til taks fyrir ISAL. Eigi að síður skal Landsvirkjun heimilt að stöðva eða takmarka afhendingu slíks rafmagns, þegar slíkt reynist nauðsynlegt vegna árlegs viðhalds, eða vegna stækkana, viðgerða eða eftirlits, sem ekki er unnt að framkvæma á meðan viðkomandi búnaður er í notkun. Slíkar takmarkanir skulu einungis eiga sér stað að höfðum samráðum við ISAL og skulu framkvæmdar á þann veg, að ISAL hafi ráðrúm til þess að vernda sig gegn tjóni svo sem unnt er. Landsvirkjun skal ljúka slíkum aðgerðum svo skjótt sem kostur er, og skal í engu tilviki takmarka afhendingu rafmagns samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar án samþykkis ISALs, nema hún geti séð ISAL fyrir stöðugu rafmagni frá varavirkjunum að minnsta kosti með því lágmarksafli, sem tiltekið er í málsgr. 8.01 í samningi þessum.

12.05. Ef misfellur eiga sér stað eða gallar koma fram í bræðslunni, sem haft geta í för með sér áhættu fyrir rekstur Búrfellsvirkjunar eða samtengdra mannvirkja, og þá einnig varðandi afhendingu Landsvirkjunar á rafmagni til annarra viðskiptamanna, þá skal Landsvirkjun heimilt, eftir að hafa gert eða reynt að gera viðvart í síma, að stöðva afhendingu rafmagns til bræðslunnar, unz bætt hefur verið úr slíkum misfellum eða göllum.

12.06. Landsvirkjun skal heimilt að stöðva afhendingu á rafmagni til bræðslunnar, ef ISAL fer fram úr hámarksafli því (meðaltal á klst. eða augnabliksgildi), sem tilgreint er í málsgr. 7.02, eða samkvæmt ákvæðum málsgr. 7.03, hvort heldur sem við á á hverjum tíma, eða því hámarksorkumagni, sem tilgreint er í málsgr. 7.01 eða málsgr. 7.04, án þess að samþykki Landsvirkjunar hafi komið til, og ISAL lætur ekki af slíku, þegar þess hefur verið óskað. Landsvirkjun skal eigi skylt að hefja afhendingu samningsbundins rafmagns á nýjan leik, fyrr en ISAL hefur fært á það sönnur, sem Landsvirkjun tekur gildar, að ráðstafanir verði gerðar til að draga úr rafmagnsneyzlunni eins og nauðsyn krefur.

IV. KAFLI
RAFMAGNSVERÐ

13. gr.
Samningsbundið verð.

13.01. ISAL skal greiða fyrir allt samningsbundið rafmagn, sem afhent er til bræðslunnar, það samningsbundna verð, sem við á hvert það tímabil, sem hér greinir („samningsbundið verð“):

a) Frá gangsetningardegi fyrsta áfanga bræðslunnar, eða frá AR I, hvor sem fyrri er, og til AR III, 3.0 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.;

b) Frá AR III og til fimmtánda árdags AR I, 2.5 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.;

c) Frá fimmtánda árdegi AR I og til valdags, ef endurskoðað rafmagnsverð er ákveðið á þeim degi eða frá honum að telja, en að öðrum kosti þar til gildistími samnings þessa er útrunninn, leiðrétt samningsverð fyrir hverja kWst, samkvæmt ákvæðum 14. gr.; og

d) frá valdegi, ef endurskoðað rafmagnsverð hefur verið ákveðið á þeim degi eða frá honum að telja, og til síðari valdags, eða þar til gildistími samnings þessa er útrunninn, endurskoðað samningsverð fyrir hverja kWst, samkvæmt ákvæðum 15. gr.

13.02. Ef svo fer á einhverju almanaksári eftir AR I, AR II eða AR III, að Landsvirkjun getur af einhverjum ástæðum, þar á meðal vegna óviðráðanlegra afla (force majeure) (að undanteknum takmörkunum samkvæmt málsgr. 12.05 eða 12.06), eigi séð bræðslunni fyrir samningsbundnu rafmagni í því orkumagni, sem svarar lágmarksmagni, skal hverjum þeirra daga, sem tilteknir eru í stafliðum b), c) og d) í málsgr. 13.01 sem fimmtándi árdagur AR I, AR II eða AR III, eða valdagur, eftir því sem við á, sem fellur eftir að slíkur misbrestur á sér stað, frestað um þann hluta úr almanaksári, er svarar þeim hundraðshluta, sem hið afhenta orkumagn á árinu er minna en lágmarksmagn (í beinu hlutfalli við hvern hluta úr almanaksári).

14. gr.

Leiðréttingar á samningsbundnu verði vegna sveiflna í breytilegum kostnaði.

14.01. Á fimmtánda árdegi AR I, eða frá þeim degi að telja, og síðan á fimm ára fresti („leiðréttingardagar") og þar til endurskoðun fer fram á samningsbundnu verði samkvæmt ákvæðum 15. gr., eða, ef engin endurskoðun er gerð, þar til gildistími þessa samnings er útrunninn, skal verð það, sem greiða ber fyrir samningsbundið rafmagn, leiðréttast þannig, að það taki tillit til sveiflna í breytilegum kostnaði Búrfellsvirkjunar og skyldra nýrra varavirkja („leiðrétt samningsbundið verð"). Breytilegur kostnaður skal taka til raunverulegra vinnulauna og viðhaldskostnaðar, sem réttilega ber að færa á rekstrarkostnað og beinlínis varða rekstur Búrfellsvirkjunar og skyldra nýrra varavirkja. Á hverjum leiðréttingardegi skal hið samningsbundna verð ákvarðast í samræmi við eftirgreinda líkingu:

$$A = C - LM_o + LM_r$$

þar sem

A = leiðrétt samningsbundið verð í Bandaríkjamillum á kWst.

C = samningsbundna verðið 2.5 Bandaríkjamill á kWst.

LM_o = meðaltal vinnulauna (L) og viðhaldskostnaðar (M) sem beinlínis varða rekstur Búrfellsvirkjunar og fyrrgreindra varavirkja það þriggja ára tímabil, sem næst er á eftir AR I, í Bandaríkjamillum á kWst.

LM_r = meðaltal vinnulauna (L) og viðhaldskostnaður (M), sem beinlínis varða rekstur Búrfellsvirkjunar og fyrrgreindra varavirkja það þriggja ára tímabil, sem næst er á undan leiðréttingardegi, í Bandaríkjamillum á kWst.

14.02. Fyrir lok fjórða ársins næst á eftir AR I skulu samningsaðilar hafa ákvarðað gildi LM_o á grundvelli reikninga Landsvirkjunar, sem sætt hafa óháðri endurskoðun. Slíkt gildi skal tekið upp í skjal, sem verði eiginlegur hluti þessa samnings. Á sama hátt skulu aðilar, innan sex mánaða frá hverjum leiðréttingardegi, ákvarða gildi LM_r á grundvelli reikninga Landsvirkjunar, sem sætt hafa sjálfstæðri endurskoðun.

14.03. Við framkvæmd þessarar greinar skulu krónur umreiknaðar í Bandaríkjadollara á því opinberu gengi, sem gildir þegar umræddur kostnaður fellur til.

14.04. Hið leiðrétta samningsbundna verð skal aldrei vera lægra en 2.5 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst.

15. gr.
Endurskoðun á samningsbundnu verði.

15.01. Ef gildistími samnings þessa er framlengdur samkvæmt ákvæðum málsgr. 49.01 í aðalsamningnum, þá skal leiðrétt samningsbundið verð, eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum 14. gr., endurskoðað eftir skriflegri beiðni annað hvort frá Landsvirkjun eða ISAL, frá öðrum hvorum valdegi að telja. Hið endurskoðaða verð skal gilda sem það verð, sem greitt skal fyrir samningsbundið rafmagn næsta tíu ára tímabil, eða þar til gildistími samnings þessa er út runninn, hvort heldur sem við á („endurskoðað samningsbundið verð"); þó að því tilskildu, að sá samningsaðilinn, sem endurskoðunar óskar, hafi sent gagnaðilanum skriflega tilkynningu þar að lútandi með minnst sex mánaða fyrirvara. Ef hvorugur samningsaðilinn sendir slíka tilkynningu fyrir fyrri valdag, skal hið leiðrétta samningsbundna verð halda gildi fram að síðara valdegi, og ef hvorugur samningsaðila lætur slíka tilkynningu frá sér fara fyrir síðari valdag, þá skal það einnig halda gildi unz gildistími samnings þessa er út runninn.

15.02. Hið endurskoðaða samningsbundna verð, sem gildi fær hvorn valdaginn sem er, eða frá þeim að telja, skal vera þannig að fjárhæð, að það gefi gildi þeim grundvellinum í staflið a) og staflið b) hér á eftir, sem lægri er, með þeim takmörkunum, sem leiðir af öðrum ákvæðum þessarar málsgreinar:

a) Verðið 2.5 Bandaríkjamill á kWst. hækkað um þann hundraðshluta, sem verðið á rafmagni til álbræðslu Sör-Norge Aluminium A/S í Husnes í Noregi á valdegi kann að hafa hækkað umfram rafmagnsverð það, sem í gildi er fyrir þá bræðslu á AR I; eða

b) Verð það í Bandaríkjamillum á kWst., sem er jafnt einum hundraðshluta (1%) af meðaltali (vegið með tilliti til tíma) heimsmarkaðsverðs á áli (ákveðnu samkv. ákvæðum 26. gr. aðalsamningsins), töldu í Bandaríkjasentum fyrir hvert enskt pund, í þrjú næstu ár fyrir valdag.

Hið endurskoðaða rafmagnsverð, ákvarðað samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, skal aldrei fara niður fyrir leiðrétt samningsbundið verð, sem í gildi er á þeim valdegi (eða, ef svo ber undir, að endurskoðað samningsbundið verð er ákveðið hinn fyrri valdag eða frá honum að telja, þá hið leiðrétta samningsbundna verð, sem hefði gilt hinn síðari valdag, ef endurskoðað samningsbundið verð hefði eigi verið ákveðið hinn fyrri valdag eða frá honum að telja). Hið endurskoðaða samningsbundna verð skal eigi háð leiðréttingum samkvæmt ákvæðum 14. gr.

15.03. Innan árs frá AR I skulu aðilar ganga úr skugga um rafmagnsverð það í Noregi á þeim degi, sem vísað er til í staflið a) í málsgr. 15.02.

16. gr.
Verð á rafmagni til byggingarframkvæmda, rafmagni um neyðartengingu og umframrafmagni.

16.01. Verð á rafmagni til byggingarframkvæmda skal fara eftir því, sem ISAL og seljandi eða seljendur slíks rafmagns kunna að koma sér saman um.

16.02. Verð á rafmagni, sem látið er í té um neyðartenginguna samkvæmt ákvæðum málsgr. 11.02 í samningi þessum, skal vera það samningsbundna verð, sem í gildi er, þegar slíkt rafmagn er afhent.

16.03. ISAL skal greiða fyrir umframrafmagn það verð, sem Landsvirkjun og ISAL kunna að koma sér saman um á hverjum tíma.

V. KAFLI
MÆLING

17. gr.
Mæling á afhentu rafmagni.

17.01. Komi aðilar sér ekki saman um annað, skal samningsbundið rafmagn, sem afhent er til bræðslunnar, mælt við tengivirkið við Straumsvík, þar sem Landsvirkjun skal koma fyrir og viðhalda mælaspennum, sjálfritandi kWst-mæli með heiltaksstundarfresti, kVAr st-mæli og sjálfritandi MW-mæli. Mælaspennarnir skulu hafa nákvæmnisgráðu, er nemi tveimur tíundu af einum hundraðshluta (0.2%). Bæði mælar og spennar skulu háðir samþykki ISALs. Þegar mælarnir eru teknir í notkun, eða á öðrum tíma, eftir því sem aðilar kunna að koma sér saman um, skal stilla mælana með tilliti til skekkjulínurits hvers og eins mælaspennis, þannig að gildi mælikerfisins í heild verði eins nákvæmt og unnt er.

17.02. ISAL skal heimilt að koma fyrir samanburðarmælum í tengivirki bræðslunnar, eftir því sem það telur nauðsynlegt og þá innan þeirrar getu, sem mælaspennarnir hafa. Skal slíkt gert á eigin kostnað ISALs.

17.03. Álestur á mæla Landsvirkjunar, svo og á samanburðarmæla, sem ISAL kann að koma fyrir, skal framkvæmdur samtímis af fulltrúum beggja aðila á síðasta degi hvers almanaksmánaðar, eða svo nærri þeim degi sem talizt getur með góðu móti mögulegt, og nokkurn veginn á sömu stund dagsins á þeim tíma, sem Landsvirkjun tiltekur. Tölur þær, sem mælar Landsvirkjunar sýna, skulu lagðar til grundvallar við reikningagerð samkvæmt ákvæðum 19. gr. samnings þessa.

18. gr.
Prófanir á mælabúnaði.

18.01. Mælar Landsvirkjunar, svo og samanburðarmælar þeir, sem ISAL kann að koma fyrir, skulu prófaðir af Landsvirkjun, eða af hennar hálfu, annað hvort ár. Skal slík prófun framkvæmd í viðurvist fulltrúa frá ISAL. Hvor aðili um sig getur auk þess látið prófa þessa mæla, hvenær sem er, eða krafizt þess, að þeir verði prófaðir. Slík prófun skal framkvæmd í viðurvist fulltrúa beggja samningsaðila. Ef eigi næst samkomulag um niðurstöður slíkra prófana, skulu mælarnir prófaðir af rafmagnseftirliti ríkisins, eða öðrum aðila, sem til þess er fenginn með gagnkvæmu samkomulagi.

18.02. Ef einhver prófun leiðir í ljós skekkju í mælunum, þá skulu mælarnir stilltir þannig að þeir sýni gildi, sem er eins nákvæmt og mögulegt er í framkvæmd. Ef svo vill til að lokinni einni prófun eða fleiri, að stilla verður einhvern mæli um meira en sem nemur tveimur af hundraði (2%), eða ef komizt verður að raun um það með öðru móti, að einhver mælirinn vinnur ekki á viðunandi hátt, þá skal eiganda mælisins skylt að láta endurkvarða eða skipta um slíkan mæli eða mæla.

18.03. Kostnað af þeim reglulegu prófunum, sem hér er kveðið á um, skal eigandi mælitækjanna bera. Kostnað af prófunum, sem eru gerðar að kröfu annars hvors samningsaðila, skal sá aðilinn bera, sem á þau mælitæki, er stilla þarf vegna prófunarinnar, en ef engin stilling þarf að fara fram, þá skal slíkur kostnaður greiddur af þeim samningsaðilanum, sem prófunar krafðist.

19. gr.
Leiðréttingar vegna ónákvæmra mælinga.

19.01. Niðurstöður þeirrar mælaprófunar, sem kveðið er á um í málsgr. 18.02, skulu gilda frá fyrsta degi þess mánaðar, sem prófunin er framkvæmd í, og til

fyrsta dags þess mánaðar, sem ný prófun er framkvæmd í. Ef fram kemur skekkja, sem nemur meiru en tveimur af hundraði (2%), þá skal fara fram leiðrétting aftur á bak til þess tíma, er skekkjan kom fyrst upp, ef unnt er að ákvarða þann tíma, en annars til þess dags, sem fyrst má segja um með vissu, að skekkjan hafi verið fyrir hendi. Hver sú leiðrétting, sem af þessum sökum á sér stað á greiðslum fyrir raforku, skal til greina tekin í næsta ársuppgjöri, sem Landsvirkjun lætur ISAL í té, eins og kveðið er á um í 22. gr. samningsins.

19.02. Ef svo vill til, að einhver mælir Landsvirkjunar reynist óvirkur, skal leggja mælingar, sem framkvæmdar eru með samanburðarmælum ISALs, ef einhverjir eru, til grundvallar reikningsuppgjöri, þó að undangenginni prófun, ef Landsvirkjun óskar. Ef svo ber við, að mælar beggja aðila reynast óvirkir og mæla ekki, skulu reikningar samdir á grundvelli beztu upplýsinga, sem tiltækar eru.

19.03. Ef annar hvor samningsaðila verður var við skekkjur í mælingu rafmagns, skal hann án tafar gera gagnaðilanum viðvart.

VI. KAFLI
LÁGMARKSMAGN, REIKNINGAR OG GREIÐSLUR

20. gr.
Greiðsla fyrir lágmarksmagn.

20.01. Frá AR I, AR II og AR III, eftir því sem við á, hvort sem fyrsti áfangi bræðslunnar, fyrri stækkun bræðslunnar eða síðari stækkun hennar, hver um sig, er fullbyggð eða ekki, og hvort sem rekstur þeirra hefur að fullu hafizt á þessum dögum, skal ISAL greiða fyrir lágmarksorkumagn samningsbundins rafmagns (enda hafi samningsbundið rafmagn orðið ISAL tiltækt) á hverju almanaksári („lágmarksmagn") á því samningsbundna verði, sem við á, enda þótt orkuneyzla ISALs á því sama almanaksári kunni að hafa verið minni en sem nemur því lágmarksmagni, er við á á þeim tíma, í því magni og frá þeim dögum að telja, sem tiltekið er hér á eftir, með þeim takmörkunum einum, sem segir í málsgr. 20.02 og 20.03 í þessari grein:

	AR I	AR II	AR III
Lágmarksorka á hverju almanaksári	450 GWst	675 GWst	900 GWst

Það lágmarksmagn, sem á við á hverjum tíma samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, skal reiknað út í beinu hlutfalli fyrir hvern hluta úr almanaksári.

20.02. Ef samningsbundið rafmagn til bræðslunnar er rofið eða takmarkað af einhverjum ástæðum (þar með talin óviðráðanleg öfl (force majeure) og takmarkanir samkvæmt 8. gr., málsgr. 12.03 og málsgr. 12.04, en eigi samkvæmt málsgr. 12.05 eða 12.06) í lengri tíma en 12 klukkustundir (og ISAL getur á þeim tíma notfært sér slíkt samningsbundið rafmagn), þá skal lækka skuldbindingu ISALs um greiðslu fyrir lágmarksmagn í því hlutfalli sem það samningsbundna rafmagn, sem ekki var afhent á þessu tímabili sökum slíkrar rofnunar eða takmörkunar, stendur í við það orkumagn, er við á og tiltekið er í málsgr. 7.01. Nú getur ISAL ekki fært sér í nyt samningsbundið rafmagn, að einhverju eða öllu leyti í lengri tíma en 12 klukkustundir af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), þá skal lækka skuldbindingu ISALs um greiðslu fyrir lágmarksmagn í því hlutfalli sem það samningsbundna rafmagn, er ISAL getur ekki notfært sér á slíku tímabili af þessum sökum, stendur í við það orkumagn, er við á og tiltekið er í málsgr. 7.01.

20.03. Ef svo fer, að ISAL tilkynni Landsvirkjun, að það muni ekki, á einhverju almanaksári, neyta þeirrar lágmarksorku, sem tilgreind er í málsgr. 20.01, og að það muni draga úr hámarksafli því (meðaltal á klst. og augnabliksgildi)

sem tiltekið er í málsgr. 7.02 og málsgr. 7.03, og Landsvirkjun mundi annars þurfa að sjá bræðslunni stöðugt fyrir um tiltekið tímabil, og Landsvirkjun selur síðan, á því ári, öðrum viðskiptavinum orku, sem annars hefði ekki verið henni tiltæk, þá skal Landsvirkjun greiða ISAL vegna þess rafmagns, sem þannig er selt öðrum viðskiptavinum, upphæð, er jafngildir þeim kWst, sem þannig eru seldar, margfölduðum með hinu raunverulega verði (allt að samningsbundnu verði, en ekki umfram það), sem slíkar kWst voru seldar á; þó þannig, að upphæð slíkrar greiðslu á sérhverju almanaksári skal takmarkast við upphæð, sem er jöfn því, sem lágmarksmagnið er umfram það orkumagn, sem ISAL raunverulega neytir á því almanaksári, margfaldað með hinu samningsbundna verði.

Upphæð sérhverrar slíkrar greiðslu til ISALs skal ákveðin af Landsvirkjun á grundvelli reikninga hennar og rekstrarskýrslna, og skal greiðsla á þeirri upphæð innt af hendi af hálfu Landsvirkjunar til ISALs í krónum innan þriggja mánaða frá lokum þess almanaksárs, sem slík lækkun á rafmagnsneyzlu varð, án þess að hafa áhrif á reglubundna reikningsgerð og greiðslur fyrir lágmarksmagn. ISAL skal heimilt að athuga þá reikninga og rekstrarskýrslur Landsvirkjunar, sem hún byggir ákvörðun sína á. Sérhver slík ákvörðun af hálfu Landsvirkjunar, sem gerð er í góðri trú, skal vera endanleg og afgerandi um allt það, sem máli skiptir í þessu sambandi. Eftir því sem með þarf við allan útreikning samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, skulu krónur umreiknaðar í Bandaríkjadollara eftir því opinbera gengi, sem í gildi er á þeim tíma, er slíkar greiðslur eru inntar af hendi.

21. gr.
Mánaðarlegir reikningar og greiðslur.

21.01. Greiðslur fyrir samningsbundið rafmagn skal ISAL inna af hendi mánaðarlega á grundvelli mældrar neyzlu þess af því á næsta almanaksmánuði á undan. Ef svo vill til, að mæld neyzla á einum slíkum mánuði fer niður fyrir einn tólfta hluta (1/12) af því lágmarksmagni, sem við á, þá skal hin mánaðarlega greiðsla ekki nema minnu en sem svarar greiðslu fyrir einn tólfta (1/12) þess lágmarksmagns, sem við á; þó þannig, að ISAL greiði einungis fyrir það orkumagn, sem mælt hefur verið í slíkum mánuði, ef samanlögð upphæð þeirra mánaðarlegu greiðslna, sem þegar hafa verið inntar af hendi eða fallnar eru til greiðslu á því almanaksári, jafnast að minnsta kosti á við samanlagða hlutfallsupphæð þess lágmarksmagns, sem við á.

21.02. Innan tíu daga frá lokum hvers almanaksmánaðar að telja skal Landsvirkjun afhenda ISAL reikning er sýni upphæð þá, sem greiða skal fyrir rafmagn í þeim mánuði, og skal ISAL inna greiðsluna af hendi innan fimmtán daga frá móttöku reikningsins.

21.03. Reikningsgerð og greiðsla fyrir rafmagn um neyðartengingu og umframrafmagn skal fara fram af hálfu Landsvirkjunar og ISALs eftir því sem samningsaðilar koma sér saman um á hverjum tíma, eða með sérstakri færslu á mánaðarlegum reikningum til ISALs.

21.04. ISAL skal inna af hendi greiðslur fyrir allt rafmagn í Bandaríkjadollurum, og skal leggja slíkar greiðslur inn á þann bankareikning, sem Landsvirkjun kann að tiltaka á hverjum tíma.

22. gr.
Árlegar leiðréttingar á greiðslum.

Í janúarmánuði á hverju almanaksári eftir AR I, skal Landsvirkjun láta ISAL í té árlegt reikningsyfirlit fyrir liðið almanaksár, er sýni:

a) Heildarmagn mældrar neyzlu ISALs á samningsbundnu rafmagni á árinu, ásamt hverjum þeim leiðréttingum, sem gera þarf sökum ónákvæmra mælinga, svo sem ráð er fyrir gert í málsgr. 19.01, margfaldað með því samningsbundna verði, sem við á.

b) Lágmarksmagn það, sem við á fyrir árið, að frádregnum hverjum þeim lækkunum, sem gera þarf samkvæmt málsgr. 20.02, margfaldað með því samningsbundna verði, sem við á.

c) Hverja þá leiðréttingu, sem gera þarf vegna fráviks á fasviksstuðli niður fyrir það lágmark, sem tiltekið er í málsgr. 10.01.

Slíkt árlegt reikningsyfirlit skal tilgreina heildarupphæð þá, er greiða ber til Landsvirkjunar fyrir næstliðið almanaksár, en sú upphæð skal vera hin hærri þeirra upphæða, sem reiknaðar eru samkvæmt staflið a) og staflið b) þessarar greinar, að viðbættri hverri þeirri fjárhæð, sem greiða ber samkvæmt staflið c) í þessari grein. Slík heildarupphæð skal borin saman við heildargreiðslur fyrir samningsbundið rafmagn, sem fram koma á mánaðarlegum reikningum fyrir almanaksárið. Nettóupphæðir þær, sem Landsvirkjun á útistandandi, skal ISAL greiða innan 30 daga frá þeim tíma að telja, sem það fær fyrrnefnt árlegt reikningsyfirlit í sínar hendur. Nettóupphæðir þær, sem Landsvirkjun kann að skulda, skulu færðar á móti skuld ISALs á næsta mánaðarreikningi eða reikningum Landsvirkjunar.

VII. KAFLI
ALMENN ÁKVÆÐI

23. gr.
Óviðráðanleg öfl (force majeure).

Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl (force majeure) hér með skilgreind á sama hátt og gert er í 39. grein aðalsamningsins, og ákvæði aðalsamningsins um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra (40. gr.) eru hér með tekin upp og samþykkt, sem væru þau að öllu leyti hluti af samningi þessum.

24. gr.
Vanefndir og gagnkvæm undanþága frá ábyrgð.

24.01. Brestur á því af hálfu Landsvirkjunar eða ISALs að efna einhverjar þær skuldbindingar, eða halda einhverja þá skilmála eða skilyrði, sem hvor aðili um sig á að efna eða halda samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða aðalsamningsins, skal eigi, nema eftir því sem beinlínis er kveðið á í þessari grein eða annars í sérstöku ákvæði í samningi þessum eða aðalsamningnum (þar með taldar, án þess að tæmandi sé, 41. gr., 42. gr. og 43. gr. aðalsamningsins):

a) veita neinn rétt til riftunar af hálfu hins samningsaðilans, eða

b) undanþiggja hinn samningsaðilann því að efna eða halda nokkra skuldbindingu, skilmála eða skilyrði.

24.02. Samningsaðilar eru ásáttir um, að réttur til riftunar samnings þessa skuli eingöngu ráðast af ákvæðum 41. gr. aðalsamningsins, sem er hér með upptekin og samþykkt sem væri hún að öllu leyti hluti af samningi þessum. Fari svo, að aðalsamningnum verði rift samkvæmt ákvæðum fyrrnefndrar 41. gr., skal samningi þessum samtímis talið rift.

24.03. Ef svo fer, að einhver samningsaðili efnir eigi eða heldur einhverja skuldbindingu, skilmála eða skilyrði, hvort sem slíkur brestur veitir rétt til að rifta samningi þessum, eða til að stöðva efndir samkvæmt ákvæðum 42. gr. aðalsamningsins, þá skal sá samningsaðilinn, sem ekki á hlut að vanefndinni, eiga rétt á skaðabótum eða leiðréttingu, þar með talið, án þess að tæmandi sé, lögbann

eða beinar efndir, eða þeim úrbótum öðrum, sem viðeigandi kunna að teljast (með þeim undantekningum, sem leiðir af sérhverri undanþágu eða takmörkun ábyrgðar, sem tiltekin er í samningi þessum).

24.04. Án tillits til nokkurs þess, sem ákveðið kann að vera í reglugerð um Landsvirkjun, undanþiggja samningsaðilar hvor annan gagnkvæmt sérhverri ábyrgð á tjóni, sem orsakast af misfellum í rekstri á mannvirkjum þeirra hvors um sig, án tillits til þess, hvort um er að kenna skorti eða meintum skorti á hæfilegri aðgæzlu í slíkum rekstri, eða hvort slíkar misfellur í rekstri leiða til brots á samningi þessum, aðalsamningnum eða nokkrum hinna fylgisamninganna.

25. gr.

Lög þau, sem farið skal eftir.

Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

26. gr.

Deilur og gerð.

Ef deila rís milli Landsvirkjunar og ISALs um skýringu, túlkun eða framkvæmd eða um gildi eða áhrif samnings þessa, eða um réttindi eða skyldur samningsaðila á samningstímabilinu eða síðar, skal farið með slíka deilu sem deilu milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og henni vísað til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru á það sátt, eða, ef eigi verður samkomulag þar að lútandi, til alþjóðlegs gerðardóms, allt eftir því sem ákveðið er í 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins. Alþjóðlegrar gerðar skal leitað og henni hagað samkvæmt ákvæðum 47. gr. aðalsamningsins, og með þeim réttaráhrifum, sem þar segir, og fyrrnefnd 46. gr. og 47. gr. eru hér með teknar upp og samþykktar sem væru þær að öllu leyti hluti af samningi þessum.

27. gr.

Gildistaka og gildistími samningsins.

Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi aðalsamningsins, og skal hann í gildi vera, unz gildistími aðalsamningsins er út runninn eða aðalsamningnum er rift.

28. gr.

Breytingar.

Breytingar á samningi þessum skulu einungis gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli Landsvirkjunar og ISALs, og með skriflegri tilkynningu til þeirra aðila, sem nefndir eru í 53. gr. aðalsamningsins, svo og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

29. gr.

Framsal.

Réttindi og skuldbindingar aðila samkvæmt samningi þessum skal hvorugur þeirra geta framselt eða falið öðrum, án samþykkis hins samningsaðilans, svo og ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og sérhvert áformað framsal eða umboðsgjöf án slíks samþykkis, skal vera ógilt og óvirkt með öllu.

30. gr.

Tungumál.

Opinber tungumál samnings þessa eru íslenzka og enska, og skulu bæði málin vera jafngild.

31. gr.

Tilkynningar.

Hverjar þær tilkynningar, sem krafizt er að gefnar verði út eða heimilaðar eru samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar og gefnar á þann hátt, sem tilgreindur er í 53. gr. aðalsamningsins, og sendar þeim, sem þar eru nefndir. Skal sérhver slík tilkynning hafa það gildi og frá henni mega falla eftir því, sem þar greinir.

32. gr.

Fyrirsagnir.

Fyrirsagnir kafla eða greina samnings þessa eru ætlaðar einungis til hagræðis við tilvísun, og skulu þær ekki hafa áhrif á túlkun samningsins.

33. gr.

Ákvæði í aðalsamningnum.

Landsvirkjun og ISAL samþykkja hvort um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að efna og takast á hendur skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvort um sig með ýmsum ákvæðum aðalsamningsins.

Þessu til staðfestu er samningur þessi undirritaður af hálfu Landsvirkjunar og ISALs á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir LANDSVIRKJUN

.....

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

.....

.....

HAFNAR- OG LÓÐARSAMNINGUR

SAMNINGUR, gerður hinn dag mánaðar 1966

MILLI

HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR (hér á eftir nefndur „kaupstaðurinn“)

ANNARS VEGAR

OG

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (Icelandic Aluminium Company Limited, hér á eftir nefnt „ISAL“), sem er íslenzkt hlutafélag, stofnað samkvæmt aðalsamningnum milli ríkisstjórnar Íslands (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin“) og Swiss Aluminium Limited, dagsettum hinn 28. dag marzmánaðar 1966, og á skráð heimili sitt í Hafnarfirði

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að ISAL er, samkvæmt aðalsamningnum, skuldbundið til að byggja og reka bræðsluna;

MEÐ ÞVÍ að kaupstaðurinn, samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins, er reiðubúinn til að gera leigusamning við ISAL um bræðslulóðina, að byggja og viðhalda hafnarmannvirkjunum, og að útvega aðgang að vatnsveitu til rekstrar bræðslunnar og mannvirkja hennar, allt eftir því, sem ákveðið er, og með þeim skilmálum og skilyrðum, sem greinir í samningi þessum;

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin undirritar samning þennan sem aðili til staðfestingar skuldbindingu þeirri, sem hún hefur tekizt á hendur varðandi tiltekin ákvæði í IV. kafla samnings þessa;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

I. KAFLI
ORÐSKÝRINGAR

1. gr.
Orðskýringar í samningi þessum.

1.01. Eftirtalin orð, sem fyrir koma í samningi þessum, skulu þar hafa sömu merkingu og þeim er gefin í eftirtöldum málsgreinum 1. gr. aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01	(a)
„Alusuisse“	—	1.01	(b)
„Landsvirkjun“	—	1.01	(c)
„ISAL“	—	1.01	(e)
„Kaupstaðurinn“	—	1.01	(d)
„Fylgiskjöl“	—	1.02	

„Fylgisamningar“	málsgr.	1.02	
„Ál“	—	1.03	(a)
„Bræðsla“	—	1.03	(b)
„Tengivirki bræðslunnar“	—	1.03	(c)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03	(e)
„AR I“	—	1.03	(o)
„Gildistökudagur aðalsamnings“	—	1.03	(u)
„Valdagur“	—	1.03	(v)

1.02. Eftirtalin orð, sem fyrir koma í samningi þessum, skulu þar hafa þá merkingu, sem hér segir, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

a) „Höfn“ merkir innri höfnina í Straumsvík, sem landmegin takmarkast af strönd Straumsvíkur, en þeim megin, sem að hafi snýr, af línu, sem dregin er frá bryggjusporði að norðurodda vesturstrandar Straumsvíkur, eins og sýnt er á uppdrætti I með hafnaráætluninni, en sú höfn skal vera hluti af Hafnarfjarðarhöfn.

b) „Hafnaráætlun“ merkir bókun þá, ásamt uppdráttum nr. I til IV, að báðum meðtöldum, er fylgir samningi þessum sem fylgiskjal B, og sýnir legu og önnur einkenni hafnarinnar og útreikningsákvörðun til bráðabirgða fyrir hafnarmannvirkin, þar með talin hin sérstöku mannvirki, sem tilgreind eru í málsgr. 6.02 í samningi þessum.

c) „Hafnarmannvirki“ merkir hafnargarðinn, sem liggja skal út frá austurströnd Straumsvíkur og myndar viðlegupláss, er sé um það bil 220 metrar að lengd með 10 metra dýpi við bryggju miðað við meðalstórstraumsfjöru, byggður þannig, að dýpkun um 2 metra til viðbótar sé möguleg síðar, hafnarvarðarhús, eitt 100 tonna legudufl, tvo stormpolla og hafnarveginn, ásamt þeirri aðstöðu, sem til þarf vegna þeirra mannvirkja, sem ISAL þarfnast sérstaklega á hafnargarðinum, og kveðið er á um í málsgr. 6.02 í samningi þessum, allt eftir því, sem nánar er lýst í hafnaráætluninni.

d) „Hafnarreglugerð“ merkir reglugerð fyrir Hafnarfjarðarhöfn, sem gefin er út af kaupstaðnum og staðfest af samgöngumálaráðuneytinu, dagsett 3. janúar 1966, svo sem hún er með breytingum á hverjum tíma.

e) „Bræðsluáætlun“ merkir bókun þá, ásamt uppdráttum nr. I til IV, að báðum meðtöldum, er fylgir samningi þessum sem fylgiskjal C, og sýnir legu fyrsta áfanga bræðslunnar og helztu mannvirki, sem honum heyra til (uppdrættir I og III), þar með talin viðfest kort og uppdrættir, sem gefa til kynna mörk þess svæðis, þar sem ábyrgð er takmörkuð (uppdr. II), og svæðis þess, sem ISAL má bora á eftir vatni og taka yfirborðsvatn (uppdr. IV).

f) „Bræðslulóð“ merkir það landssvæði, þar sem bræðslan og tengivirki bræðslunnar skulu standa, og er það sérstaklega afmarkað á uppdrætti af bræðslulóðinni (er fylgir samningi þessum sem fylgiskjal A).

g) „Bræðsluvarningur“ merkir allar þær vörur, sem taldar eru í málsgr. 14.01, málsgr. 14.02 og málsgr. 14.05 í aðalsamningnum.

h) „Hafnarsvæði“ merkir hafnarmannvirkin og landssvæði það á austurströnd Straumsvíkur, þar sem þau skulu standa, sem að austanverðu takmarkast af bræðslulóðinni, en að sunnanverðu af Reykjanesbraut.

i) „Hafnarvegur“ merkir veg þann, sem þannig er skilgreindur í málsgr. 3.02 í samningi þessum.

j) „Bræðsluvegur“ merkir veg þann, sem þannig er skilgreindur í málsgr. 3.02 í samningi þessum.

k) „Tengivegur“ merkir veg þann, sem þannig er skilgreindur í málsgr. 3.02 í samningi þessum.

II. KAFLI
BRÆÐSLULÓÐIN

2. gr.
Landssvæði.

2.01. Kaupstaðurinn leigir hér með ISAL landssvæði (nánar afmarkað á uppdrætti af bræðslulóðinni, er fylgir samningi þessum sem fylgiskjal A), sem liggur í hrauninu á austurströnd Straumsvíkur norðanvert við Reykjanesbraut og er um það bil 370.000 fermetrar að flatarmáli. Landssvæði þetta („bræðslulóðin") skal nota til byggingar og rekstrar bræðslunnar, þar á meðal fyrir tengivirki bræðslunnar.

2.02. Að því er varðar hugsanlegt skipulag þess landssvæðis, sem liggur fast að bræðslulóðinni hins vegar Reykjanesbrautar, þá hafa kaupstaðurinn og ríkisstjórnin í hyggju að taka viðeigandi tillit til þarfa bræðslunnar og munu ekki ráðstafa neinum hluta þess svæðis með leigu eða afsali án þess að gera ISAL áður viðvart.

2.03. ISAL, starfsmenn þess, umboðsmenn, verktakar og fulltrúar (þar með taldir umboðsmenn Alusuisse, eftir því sem við á), skulu hafa fullan aðgang að bræðslulóðinni, og ISAL skal eitt hafa full og óskoruð afnot af lóðinni á gildistíma samnings þessa, í þeim tilgangi einum að byggja þar og reka bræðsluna samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins og fylgisamninganna. Að undanteknum íbúðarbyggingum til bráðabirgða og skyldum mannvirkjum meðan á byggingarframkvæmdum stendur, skulu ekki önnur mannvirki til íbúðar byggð á bræðslulóðinni en íbúðarhúsnæði fyrir varðmenn og starfsmenn, er vera þurfa til taks í viðlögum, og skal sá fjöldi fólks, er hér um ræðir, ekki vera umfram tíu fjölskyldur.

2.04. ISAL skal taka við umráðum bræðslulóðarinnar á gildistökudegi aðalsamningsins, í því ástandi, sem hún er á þeim degi. Hverjar þær byggingar eða mannvirki, sem þá kunna að standa á lóðinni, skal kaupstaðurinn mega fjarlægja, ef hann óskar þess, áður en ISAL tekur landið til afnota, en að öðrum kosti skulu þau látin standa til afnota eða ráðstöfunar af hálfu ISALs. Ef samkomulag verður um það milli samningsaðila, skal kaupstaðnum heimilt að nema á brott af landinu fyllingarefni til uppfyllingar eða annarra framkvæmda, eftir að ISAL hefur tekið landið til afnota. Það fyllingarefni, sem kann að verða eftir í haugum, meðan á byggingu bræðslunnar stendur, eða að henni lokinni, skal látið kaupstaðnum eftir til ráðstöfunar innan hæfilegs tíma.

2.05. Leigumáli sá, sem ISAL er veittur með samningi þessum, skal vera jafnlangur gildistíma aðalsamningsins, að meðtöldum framlengingum samkvæmt málsgr. 49.01 í þeim samningi, og er gildistími aðalsamningsins rennur út samkvæmt ákvæðum sömu málsgreinar, skal ISAL heimilt, ef Alusuisse óskar þess, að framlengja leigu lóðarinnar með sanngjörnum endurnýjunarskilmálum um allt að því tíu ár, annað hvort með samningum eða samkvæmt mati eftir íslenzkum venjum.

2.06. ISAL skal óheimilt að framleigja bræðslulóðina, eða nokkurn hluta hennar, eða á annan hátt framselja nokkur þau réttindi, sem veitt eru með samningi þessum, þar með talinn afnotaréttur af sérhverjum hluta lóðarinnar eða bygginga þeirra, sem á henni kunna að standa, nema að fengnu samþykki kaupstaðarins.

2.07. Meðan á byggingu fyrsta áfanga bræðslunnar stendur, skal ISAL eða verktakar þess hafa heimild til að reisa bráðabirgðaskála og önnur mannvirki á landi kaupstaðarins austan við bræðslulóðina, á þeim stöðum, sem kaupstaðurinn samþykkir. ISAL skal fjarlægja slík mannvirki, þegar byggingarframkvæmdum lýkur. Meðan á byggingu hafnarmannvirkjanna stendur, skal kaupstaðurinn hafa heimild til að reisa bráðabirgðabyggingar og mannvirki á bræðslulóðinni, á landi, sem næst liggur hafnarsvæðinu, á þeim stöðum, sem ISAL samþykkir. Kaupstaðurinn skal fjarlægja slíkar byggingar og mannvirki, þegar byggingarframkvæmdum lýkur.

3. gr.
Þjónusta og vegagerð.

3.01. ISAL skal leggja til eða afla á eigin kostnað, og samkvæmt viðeigandi opinberum reglum, þeirra þjónustuþæginda, sem þörf verður fyrir á bræðslulóðinni, þar með taldir vegir, vatnslagnir, skolpleiðslur, holræsi og framræsla, raflagnir, síma- og telexlagnir. Þær síma- og telexlagnir, sem lagðar eru utan frá að bræðslulóðinni, skulu lagðar ISAL til gegn greiðslu venjulegra gjalda af hálfu ISALs.

3.02. ISAL skal heimilt að nota veg þann, sem tengja á höfnina við Reykjanesbraut og kaupstaðurinn á að leggja sem hluta af hafnarmannvirkjunum („hafnarvegur"), á austurströnd Straumsvíkur. Ef kaupstaðurinn ákveður að leggja veg til aðdrátta við höfnina milli suðurmarka bræðslulóðarinnar og Reykjanesbrautar til þess að tengja hafnarveginn við Hafnarfjörð sem leið liggur austanvert við bræðslulóðina („tengivegur"), skal ISAL ekki skuldbundið til að greiða fyrir lagningu slíks vegar, nema um annað verði samið. ISAL skal heimilt á eigin kostnað að tengja bræðslulóðina hafnarveginum með aðgangsvegi að bræðslunni („bræðsluvegur"). Legu bræðsluvegarins skal ISAL ákveða að áskildu samþykki kaupstaðarins. Enn fremur skal ISAL heimilt að koma fyrir á eigin kostnað beinum aðgangi frá bræðslulóðinni að hafnargarðinum.

3.03. ISAL skal heimilt að leggja röraleiðslur, strengi, færimannvirki og rafmagnslínur undir og yfir hafnarveginn, bræðsluveginn, tengiveginn og hafnarsvæðið, eftir því sem þörf krefur vegna byggingar og rekstrar bræðslunnar. Lagningu og viðhaldi slíkra röraleiðslna, strengja, færimannvirkja og rafmagnslína skal háttað þannig, að það valdi ekki tjóni eða trufli umferð á vegum þessum eða svæði, eftir því sem unnt er, og sérhvert slíkt tjón eða truflun skal bætt eða fjarlægt af hálfu ISALs. Lagning og lega framangreindra mannvirkja skal háð samþykki kaupstaðarins.

4. gr.
Kvaðir á hendur ISAL.

4.01. Hönnun bræðslunnar, þar með talin staðsetning allra bygginga og mannvirkja (þar á meðal íbúðarhúsnæðis), sem á bræðslulóðinni verða, skal sýnd á umsókn um byggingarleyfi og skal fullnægja kröfum þeim, sem gerðar eru um meiri háttar iðnaðarmannvirki samkvæmt viðeigandi byggingarsamþykktum og stöðlum og reglugerðum hlutaðeigandi byggingar- og skipulagsyfirvalda. Ef slíkar byggingarsamþykktir eru eigi fyrir hendi eða eiga ekki við um þessar framkvæmdir, skal heimilt að leggja til grundvallar stöðla þá og reglur, sem felast í hinum svonefndu SIA-byggingarreglum („Normen des Schweizerischen Ingenieur- und Architekten-Vereins" — þ. e. reglum svissneska verkfræðinga- og húsameistarasambandsins) eða, ef þar er eigi að finna viðeigandi ákvæði, hinar svonefndu DIN-byggingarreglur (Deutsche Industrie Normen — þ. e. hinir þýzku iðnaðarstöðlar). Við hönnun bræðslulóðarinnar skal gert ráð fyrir hæfilegum bílastæðum á lóðinni sjálfri.

4.02. ISAL skal girða bræðslulóðina, meðan á byggingu bræðslunnar stendur. Þær girðingar, sem ISAL lætur reisa, svo og viðhald þeirra, skal fullnægja kröfum og reglum þeirra skipulagsyfirvalda, sem hlut eiga að máli, og góðri allsherjarreglu.

4.03. ISAL, sem leigutaki bræðslulóðarinnar, ber þá ábyrgð, sem á kann að falla að lögum vegna skaða, er hljótast kann af notkun eða ástandi bræðslulóðarinnar, þó með þeim fyrirvara, er felst í ákvæðum 12. gr. aðalsamningsins að því er varðar tjón af völdum gastegunda og reyks frá bræðslunni.

4.04. ISAL skal gera hverjar þær varúðarráðstafanir, sem krafizt er í reglugerðum stjórnarvalda að því er varðar geymslu eða meðferð á varasömum efnum og tækjum innan bræðslulóðarinnar, og skal annars haga afnotum sínum af bræðslulóðinni í samræmi við ákvæði 13. gr. aðalsamningsins.

4.05. Lögregla, tollverðir og hafnaryfirvöld skulu hafa fullan aðgang að bræðslulóðinni í sambandi við skyldustörf sín, svo sem venja er. Bræðslan og allar byggingar og búnaður á bræðslulóðinni skal háður eftirliti af hálfu eftirlits- og embættismanna ríkisstjórnarinnar og kaupstaðarins, þannig að þeir geti á þann hátt rækt opinber skyldustörf sín. Einnig skulu embættis- eða umboðsmenn kaupstaðarins, ríkisstjórnarinnar eða Landsvirkjunar hafa aðgang að bræðslulóðinni í sambandi við byggingu, viðhald eða eftirlit með lögnum, leiðslum og öðrum búnaði, sem komið verður upp í sambandi við höfnina eða hafnarmannvirkin, mannvirki Landsvirkjunar eða aðrar opinberar framkvæmdir, sem máli skipta.

5. gr.
Leiguskilmálar.

Afnot af bræðslulóðinni á gildistíma samnings þessa, svo sem kveðið er á um í 2. gr., og réttindi þau, sem veitt eru samkvæmt málsgr. 3.02 og málsgr. 3.03, lætur kaupstaðurinn í té með tilliti til þeirra hlunninda, sem ISAL leggur til samkvæmt III. kafla samnings þessa, án þess til komi nein greiðsla fyrir leiguafnotin sem slík.

III. KAFLI
HÖFN OG HAFNARMANNVIRKI

6. gr.
Byggingarframkvæmdir.

6.01. Kaupstaðurinn skal byggja hafnarmannvirkin í Straumsvík, og skal byggingu þeirra vera lokið fyrsta afhendingardag rafmagns (AR I), eða fyrr. Skulu þau gerð í samræmi við þá bráðabirgða útreikningsákvörðun fyrir hafnarmannvirkin, sem tilgreind er í hafnaráætluninni. Slíkar byggingarframkvæmdir skulu unnar í samráði og með samkomulagi við ISAL, svo sem nánar er tilgreint í málsgr. 8.02 í aðalsamningnum og hafnaráætluninni. Hafnarmannvirkin skulu taka til hafnargarðs, sem liggja skal út frá austurströnd Straumsvíkur, sem myndar viðlegupláss, er sé um það bil 220 metrar að lengd með 10 metra dýpi við bryggju, miðað við meðalstórstraumsfjöru, og byggður þannig, að dýpkun um 2 metra til viðbótar sé möguleg síðar. Ef af slíkri dýpkun verður, kunna hafnarmannvirkin einnig að taka til legufæra með festipollum, er fest séu meðfram innsiglingunni og í höfninni.

6.02. Hafnarmannvirkin skulu taka til venjulegs búnaðar, þar með talin ljósabúnaður og siglingaljós, ásamt þeim sérstöku mannvirkjum, sem talin eru hér á eftir:

a) undirstöður undir sporbraut fyrir tvo eða fleiri hafnarkrana og búnað til affermingar á alumina;

b) undirstöður undir færibelti, sem liggja skal eftir hafnargarðinum;

c) tengikassar á hafnargarðinum fyrir rafmagn og síma;

d) leiðslur og tengingar fyrir veitun á fersku vatni til skipanna, með afköstum, er nemi 10 sekúndulítrum;

e) búnaður vegna rafmagnstenginga fyrir hafnarkranana og tækin til affermingar á alumina;

f) svæði fyrir spennistöð á hafnargarðinum, ásamt hæfilegum tengingum, og

g) undirstöður á hafnargarðinum undir tæki til affermingar á benzíni og olíu, ásamt hæfilegum tengingum.

Kaupstaðurinn mun ekki sjá fyrir neinni annarri aðstöðu vegna sérstakra tækja til meðhöndlunar á flutningi, nema sérstaklega verði um það samið. Ekki skulu fylgja hafnarmannvirkjunum neinar vöruskemmur eða geymslumannvirki fyrir ISAL.

6.03. Um byggingu þeirra mannvirkja, sem fyrirhuguð eru samkvæmt hafnaráætluninni, verður haldinn sérstakur reikningur af hálfu kaupstaðarins, og skal þar tilkvöddum fulltrúum ISALs heimilt að kynna sér hann.

6.04. Hafnarmannvirkin skulu byggð að því marki, svo fljótt sem efni eru til, að við höfnina verði hægt að taka á móti tækjum, efni og vörum, sem þarf til byggingar fyrsta áfanga bræðslunnar.

6.05. Hinn 1. dag októbermánaðar 1968 skulu hafnarmannvirkin hafa verið byggð að því marki, að ISAL geti hafið uppsetningu á hafnarkrönum og tækjum til affermingar á alumina, og síðan tekið á móti hráefni, svo sem alumina og anóðum til álframleiðslu í bræðslunni (en byggingarstig þetta og áætlun um samfelldar byggingarframkvæmdir eru nánar tilgreind í hafnaráætluninni), þó með þeim fyrirvara, sem hér segir:

a) ef svo fer, að tafir af hálfu kaupstaðarins á því að ljúka byggingu hafnarmannvirkjanna að þessu marki, séu án ábyrgðar fyrir hann vegna málsgr. 8.02 í aðalsamningnum, þá skal degi þeim, sem tiltekinn er í þessari málsgrein (eða degi þeim, sem honum kann að hafa verið frestað til samkvæmt stafliðum b) eða c) í þessari málsgrein), frestað um þann tíma, sem töfunum nemur;

b) ef önnur áætluð dagsetning AR I er tilgreind í fyrri tilkynningu Landsvirkjunar samkvæmt málsgr. 9.02 b) í aðalsamningnum, sem hinn 1. desember 1969, eða síðari dagur, þá skal degi þeim, sem tiltekinn er í þessari málsgrein (eða degi þeim, sem honum kann að hafa verið frestað til samkvæmt stafliðum a) eða c) í þessari málsgrein), frestað þar til átta mánuðum fyrir aðra áætlaða dagsetningu AR I, sem þannig er tilgreind; og

c) ef fyrstu áætlaðri dagsetningu AR I eða annarri áætlaðri dagsetningu AR I, hvor þeirra sem við á, er frestað af ríkisstjórninni eða Alusuisse fyrir hinn 1. dag októbermánaðar 1968 með yfirlýsingu samkvæmt málsgr. 9.06 í aðalsamningnum vegna tafa af völdum óviðráðanlegra afla (force majeure), þá skal degi þeim, sem tiltekinn er í þessari málsgrein (eða þeim degi, sem honum kann að hafa verið frestað til samkvæmt stafliðum a) eða b) í þessari málsgrein), frestað um þann frestunartíma, sem tilgreindur er í slíkri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eða Alusuisse samkvæmt téðri málsgr. 9.06, hvort sem í hlut á.

7. gr.

Löndunar- og útskipunartæki ISALs.

7.01. Á hafnargarðinum skal ISAL heimilt að reisa, reka og viðhalda á eigin kostnað tveimur eða fleiri hafnarkrönum, tækjum til uppskipunar á alumina, færibelti og öðrum sérstökum útbúnaði, sem allur skal teiknaður og byggður í samræmi við útreikningsákvörðun þá, sem tilgreind er í hafnaráætluninni, svo og útbúnaði til uppskipunar á benzíni og olíum, þar með taldar leiðslur, og öðrum nauðsynlegum flutningsbúnaði fyrir bræðsluna, sem kann að heyra til þeim tækjum, sem að ofan greinir.

7.02. Kaupstaðnum skulu heimil afnot af þeim tækjum og búnaði, sem talin eru hér að framan, að færibeltinu undanteknu, enda sé þeim stýrt af starfsfólki ISALs, til annars en þess, sem við kemur rekstri bræðslunnar, á þeim tímum, sem tækin og búnaðurinn eru ekki í notkun af hálfu ISALs, gegn sanngjarnri greiðslu fyrir slík afnot.

8. gr.

Afnot hafnar og hafnarmannvirkja.

8.01. Þegar höfnin og hafnarmannvirkin eru tiltæk til notkunar, skal ISAL njóta forgangsréttar fram yfir alla aðra notendur hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna um óskoraðan og óhindraðan aðgang að og afnot af þessum mannvirkjum, eftir

því sem þörf krefur, til innflutnings og útflutnings á bræðsluvarningi, þar með talinn flutningur og bráðabirgðageymsla á bræðsluvarningi innan hafnarsvæðisins.

8.02. Afnot af höfninni og hafnarmannvirkjunum til almennra siglinga og flutninga á sjó skulu heimil með þeim skilyrðum, sem getið er um í málsgr. 8.01. Til þess að greiða fyrir slíkum afnotum, og sem skilyrði fyrir þeim forgangsrétti, sem veittur er samkvæmt ákvæðum málsgr. 8.01 hér að framan, skal ISAL láta í té, með vissu millibili, áætlun um komu og brottför skipa, sem flytja bræðsluvarning, og skal ISAL tilkynna hafnaryfirvöldum með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara um væntanlega komu hvers slíks skips, sem von er á til hafnarinnar.

8.03. ISAL skal gæta almenns öryggis og góðrar reglu í afnotum hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna, þar á meðal þeirra reglna, sem kunna að verða settar í hafnarreglugerðinni. ISAL og öll skip, sem eru í förum í erindum þess, skulu bæta eða lagfæra hvert það tjón, er þau valda á höfninni eða hafnarmannvirkjunum.

9. gr.
Stjórn, rekstur og viðhald.

9.01. Kaupstaðurinn skal annast stjórn hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna. Kaupstaðurinn skal bera kostnaðinn af stjórn hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna.

9.02. Yfirumsjón með siglingum, þar með taldar ferðir skipa, festing þeirra við og losun frá bryggju og önnur mál varðandi rekstur hafnarinnar, skulu vera í höndum kaupstaðarins. Í slíkum rekstri af hálfu kaupstaðarins skal ekki talin ferming eða afferming bræðsluvarnings eða rekstur þess útbúnaðar, er ISAL lætur gera samkvæmt 7. gr., en starfsmenn ISALs skulu bera ábyrgð á honum og annast um framkvæmdir við hann. Kaupstaðurinn skal bera kostnaðinn af rekstri hafnarinnar, sem er í umsjá hans.

9.03. Kaupstaðurinn skal halda við höfn og hafnarmannvirkjum. Kostnaðurinn við viðgerðir og viðhald hafnar og hafnarmannvirkja, sem kaupstaðurinn framkvæmir, skal færður hjá kaupstaðnum á sérstökum reikningi, sem lýst er í málsgr. 11.05 (hér á eftir nefndur „viðhaldsreikningur"), sem réttilega tilnefndir fulltrúar ISALs skulu hafa aðgang að með hæfilegu millibili.

9.04. Hafnarreglugerðin skal ráða um málefni hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna nema að því leyti, sem hún kann að fara í bága við ákvæði samnings þessa eða aðalsamningsins.

10. gr.
Hafnsaga og dráttarbátar.

10.01. Öll skip, yfir 500 rúmlestir að stærð, sem koma til hafnar eða halda úr höfn á vegum ISALs, skulu nota hafnsögumann, og skal þeim heimilt að nota hafnsögumann, ef þau eru 500 rúmlestir að stærð eða minni, þegar skipstjóri telur það nauðsynlegt. Umboðsmaður skipsins, sem ISAL velur, skal panta hafnsögumann hjá kaupstaðnum í tæka tíð. Öll skip á vegum ISALs skulu greiða hafnsögugjöld eftir því, sem ákveðið er í hafnarreglugerðinni. Ef skipstjóri notar hafnsögumann, skal eigandi skipsins greiða fyrir slíka þjónustu, en að öðrum kosti skal ISAL greiða kaupstaðnum hafnsögugjöldin.

10.02. Kaupstaðurinn skal, svo fljótt sem auðið er, sjá fyrir þjónustu dráttarbáta (sem skulu vera skráðir á Íslandi), ef nauðsynlegt er að áliti kaupstaðarins vegna öryggis hafnarinnar. Kaupstaðurinn skal eigi bera ábyrgð á óhjákvæmilegum töfum, sem kunna að verða á útvegun slíkrar þjónustu. Gjöld fyrir slíka þjónustu skulu vera hin sömu og almennt er krafizt á Íslandi og skal umboðsmaður skipsins greiða þau fyrir skipseiganda.

10.03. Gjöld fyrir þjónustu hafnsögumanna og dráttarbáta, hvort heldur skipseigandi skal greiða þau eða ISAL, eru ekki innifalin í fastagjaldi því, gjöldum eða reikningsfærslum, sem tilgreind eru í 11. gr.

11. gr.
Fastagjald, hafnargjöld og viðhaldskostnaður.

11.01. Fyrir réttindi þau, sem veitt eru samkvæmt ákvæðum samnings þessa, að því er varðar notkun hafnar og hafnarmannvirkja, skal ISAL greiða fastagjald, er miðað skal við byggingarkostnað hafnarmannvirkjanna. Með slíkum kostnaði skal reiknast fjármagnskostnaður og vextir á byggingartíma, svo og kostnaður við kaup á landi því innan hafnarsvæðisins, sem ekki er nú í eigu kaupstaðarins. Stofnkostnaði í krónum og erlendum gjaldeyri (öðrum en Bandaríkjadollurum) skal breytt í Bandaríkjadollara á því opinberu gengi, sem er í gildi á þeim tíma, þegar greiðslur á kostnaðinum eru inntar af hendi eða lán fyrir honum verða virk. Fastagjaldið skal tiltekið í Bandaríkjadollurum og reiknað þannig, að fjárfesting kaupstaðarins verði greidd niður með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) á 25 árum með 6½% ársvöxtum, frá fyrsta degi þess mánaðar að telja, sem næstur er þeim degi, er hafnarmannvirkin hafa verið reist að því marki, að ISAL geti hafið uppsetningu á hafnarkrönum og tækjum til affermingar á alumina, og síðan tekið á móti hráefni, svo sem alumina og anóðum, til álframleiðslu í bræðslunni samkvæmt ákvæðum málsgr. 6.05.

11.02. Fastagjald það, sem tiltekið er í málsgr. 11.01, skal greiðast með jöfnum ársfjórðungsgreiðslum á tímabili því, sem tilgreint er í fyrrnefndri málsgrein, og ISAL skal inna af hendi greiðsluna innan þrjátíu daga frá móttöku reiknings af hálfu kaupstaðarins.

11.03. Að því er varðar skip, sem eru í förum á vegum ISALs til eða frá höfninni eða Hafnarfjarðarhöfn fyrir þann dag, er fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsgr. 11.01, skulu skipagjöld og álögur og vörugjöld af bræðsluvarningi greidd kaupstaðnum af hálfu skipseiganda eða ISAL, eftir því sem við á, svo sem mælt er fyrir í hafnarreglugerðinni og með þeirri fjárhæð, sem þar greinir.

11.04. Eigi skal ISAL greiða vörugjöld fyrir innflutning og útflutning á bræðsluvarningi, sem það flytur um höfnina eða fluttur er á þess vegum, um tuttugu og fimm ára skeið frá þeim degi að telja, að fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsgr. 11.01. Öllum skipum, sem fara um höfnina á þessu tímabili, skal skylt að greiða öll skipagjöld, eftir því sem tiltekin eru í hafnarreglugerðinni, og skal umboðsmaður skipsins greiða slík gjöld fyrir skipseiganda.

11.05. Öll útgjöld kaupstaðarins fyrir viðhald og viðgerðir á hafnarmannvirkjunum skulu koma fram á viðhaldsreikningnum, sem haldinn er samkvæmt málsgr. 9.03. Öll vörugjöld, sem kaupstaðurinn fær af innflutningi eða útflutningi á vörum öðrum en bræðsluvarningi um hafnarmannvirkin, skulu færð til tekna á þessum reikningi. Reikningurinn skal færður fyrir almanaksárið. Hvenær sem halli verður á reikningnum eftir eitthvert almanaksár, skal ISAL greiða hann kaupstaðnum innan þrjátíu daga frá móttöku reiknings frá kaupstaðnum þar að lútandi. Allur tekjuafgangur á slíkum reikningi eftir hvert almanaksár skal falla til kaupstaðarins.

11.06. Að liðnu því tuttugu og fimm ára tímabili, sem talið er frá þeim degi, er fastagjaldið verður gjaldkræft samkvæmt málsgr. 11.01, og þar til gildistími samnings þessa rennur út, að meðtöldum framlengingum samkvæmt málsgr. 49.01 í aðalsamningnum, skulu ákvæði málsgr. 11.04 og 11.05 halda gildi sínu. Því til viðbótar skal ISAL greiða kaupstaðnum sérstakt vörugjald fyrir allt ál, sem flutt er út með skipi frá höfninni, og skal það jafngilda einum tíunda af hundraðshluta (0.1%) af heimsmarkaðsverði áls (ákvarðað eins og tilgreint er í 26. gr. aðalsamningsins).

11.07. Greiðslur á fastagjaldi samkvæmt málsgr. 11.01, og hinu sérstaka vörugjaldi samkvæmt málsgr. 11.06, skulu inntar af hendi í Bandaríkjadollurum, eða einhverjum öðrum erlendum gjaldeyri, sem kaupstaðurinn og ISAL verða ásátt um, og greiðslur á öllum öðrum gjöldum og álögum, sem greiða skal samkvæmt ákvæðum málsgr. 11.04 og 11.05, skulu ISAL eða skipseigendur, hvor sem í hlut á, inna af hendi í íslenzkum krónum.

12. gr.
Stækkun og endanleg bygging hafnar og hafnarmannvirkja.

12.01. Kaupstaðnum skal heimilt að stækka eða færa út höfnina og hafnarmannvirkin, hvort heldur er með því að fjölga tækjum eða auka við búnað til meðhöndlunar og geymslu á varningi eða á annan hátt, svo fremi að slík aukning og stækkun hafi ekki teljandi áhrif á rekstur hafnar eða hafnarmannvirkja við inn- og útflutning á bræðsluvarningi.

12.02. Ef ISAL gerir tillögur um, og kaupstaðurinn samþykkir stækkun eða útfærslu hafnarinnar eða hafnarmannvirkjanna, skal ISAL greiða fast gjald fyrir slíka stækkun eða útfærslu, og skal greiðsla á því innt af hendi með afborgunum á þann hátt, sem aðilar verða ásáttir um. Stækkanir, sem ráðizt er í einungis að frumkvæði kaupstaðarins, skulu ekki hafa í för með sé neina skyldu af hálfu ISALs um þátttöku í kostnaði við þær, nema því aðeins að ISAL færi sér slíka stækkun í nyt. Í því tilfelli skulu kaupstaðurinn og ISAL ákvarða hagsmuni ISALs af slíkri stækkun, og ISAL skal greiða fast gjald fyrir umsaminn hluta af kostnaðinum með afborgunum á þann hátt, sem aðilar verða ásáttir um.

12.03. Síðari dýpkun hafnarinnar við bryggju og lagning og uppsetning legudufla og festipolla, svo sem ráð er fyrir gert í málsgr. 6.01, skal teljast endanlegur hluti af byggingu hafnar og hafnarmannvirkja, en eigi stækkun þeirra eða aukning. Kostnaðurinn við hverja slíka dýpkun eða uppsetningu af hálfu kaupstaðarins samkvæmt beiðni ISALs skal greiðast af ISAL sem fast gjald með afborgunum á tímabili því, sem líður frá því, að slíkri dýpkun eða uppsetningu er lokið, hvort sem við á, og til næsta valdags (eða þar til samningi þessum er slitið, ef slík dýpkun eða uppsetning á sér stað eftir síðari valdag) á svipaðan hátt og fastagjald það, sem ISAL ber að greiða samkvæmt málsgr. 11.01 og málsgr. 11.02.

IV. KAFLI
VATNSVEITA

13. gr.
Vatnsveita.

13.01. ISAL er hér með veitt heimild, án endurgjalds, til þess að bora eftir vatni á hæfilegum stöðum og með hæfilegu millibili innan bræðslulóðarinnar, í þeim tilgangi að taka þar ferskt vatn til afnota við rekstur bræðslunnar og mannvirkja, sem henni heyra til.

13.02. Ef nauðsynlegt reynist í þeim tilgangi, sem um er rætt í málsgr. 13.01, skal ISAL heimilt, án endurgjalds, að bora eftir vatni eða taka yfirborðsvatn á landssvæði því, sem er í eigu ríkisstjórnarinnar og liggur að bræðslulóðinni sunnanvert við Reykjanesbraut, (svo sem sýnt er á uppdrætti IV, er fylgir bræðsluáætluninni), og flytja það vatn eftir leiðslum á bræðslulóðina. Brunnholur þær, sem verða boraðar á þessu landi, svo og aðrar ráðstafanir, sem ISAL gerir til að afla vatns og flytja það af þessu landi, skulu vera háðar samþykki ríkisstjórnarinnar að því er varðar staðsetningu þeirra, millibil milli brunnhola og eftirlit. Lagningu og viðhaldi á vatnsleiðslum og strengjum skal hagað þannig, að það valdi ekki skaða eða hindrun á umferð eftir Reykjanesbraut, eftir því sem við verður komið. ISAL skal sjá um að lagfæra eða fjarlægja hvern þann skaða og hindrun, sem umferð um Reykjanesbraut kann að verða fyrir.

13.03. Sá réttur til að afla vatns, sem veittur er samkvæmt ákvæðum málsgr. 13.01 og 13.02 í samningi þessum, skal ekki spilla rétti ISALs til að afla vatns eftir öðrum leiðum, sem ISAL kunna að vera tiltækar. ISAL skal auk þess heimilt að taka ótakmarkað magn af sjó.

13.04. Ef þau vatnsból, sem um er getið í málsgr. 13.01 og 13.02, skyldu ekki reynast nægileg fyrir rekstur bræðslunnar, skal ríkisstjórnin og kaupstaðurinn veita ISAL fulla aðstoð við að afla vatns annars staðar að með þeim skilmálum, sem fáanlegir kunna að verða.

14. gr.

Vatn til hafnar og hafnarmannvirkja.

ISAL skal sjá kaupstaðnum fyrir vatni, án endurgjalds, handa skipum og til annarrar neyzlu í sambandi við rekstur hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna, og skal magn þess vera 10 lítrar á sekúndu. Skal afhending þess fara fram við mörk bræðslulóðarinnar andspænis þeim enda bryggjunnar, sem að landi snýr, með 3 kg/cm^2 lágmarksþrýstingi. Draga má úr því vatnsmagni, sem þannig er afhent, á vissum stuttum tímum dagsins, ef afhending vatnsins hefur óhagstæð áhrif á rekstur bræðslunnar. Gjald fyrir vatn, sem á þennan hátt er selt skipum og öðrum notendum hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna, skal kaupstaðurinn ákveða, og skal það ekki vera hærra gjald en það, sem krafizt er fyrir hliðstæða þjónustu í Hafnarfjarðarhöfn.

15. gr.

Skolp og frárennsli.

ISAL skal heimilt að losa óhreinsað skolp og affallsvatn, svo og vatn frá bræðslukerjasalnum, í sjó út fyrir utan höfnina, og skal sú losun háð þeim reglum um hreinlæti og náttúruvernd, sem síðar kunna að verða settar og gilda eiga í kaupstaðnum. ISAL skal bera áhættuna af slíkri losun. Losun á olíu frá bræðslunni í sjó út skal bönnuð.

V. KAFLI

Almenn ákvæði.

16. gr.

Óviðráðanleg öfl (force majeure).

16.01. Í samningi þessum eru óviðráðanleg öfl (force majeure) hér með skilgreind á sama hátt og gert er í 39. grein aðalsamningsins, og ákvæði aðalsamningsins um óviðráðanleg öfl og áhrif þeirra (40. gr.), eru hér með tekin upp og samþykkt, sem væru þau að öllu leyti hluti af samningi þessum.

16.02. Ef svo skyldi vilja til, að óviðráðanleg öfl (force majeure) eyðilegðu hafnarmannvirkin að öllu eða mestu leyti, þá skal kaupstaðnum skylt að endurnýja bau, nema því aðeins, að slíkt væri talið óhagstætt eða fjárhagslega óframkvæmanlegt. Samningsaðilar skulu í öllum tilfellum gera allar þær ráðstafanir, sem eðlilegar mega teljast, til að draga úr hvors annars skaða af slíku atviki. Ákvæði þau um fastagjald, sem tilgreind eru í málsgr. 11.01 í samningi þessum, skulu taka til þess kostnaðar, sem endurnýjun á hafnarmannvirkjunum hefur í för með sér, svo sem fyrr segir, nema því aðeins, að slíkt fyrirkomulag teldist bersýnilega ósanngjarnt gagnvart öðrum hvorum samningsaðila, en í slíku tilviki skulu samningsaðilar gera með sér sérstakt samkomulag varðandi kostnaðinn af slíkri endurnýjun, og skulu skilmálar þess vera háðir samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

17. gr.

Vanefndir.

17.01. Brestur á því af hálfu kaupstaðarins eða ISALs að efna einhverjar þær skuldbindingar eða halda einhverja þá skilmála eða skilyrði, sem hvor aðili um sig á að efna eða halda samkvæmt ákvæðum samnings þessa eða aðalsamningsins, skal

eigi, nema að því leyti sem beinlínis er kveðið á um í þessari grein, eða á annan hátt í sérstöku ákvæði í samningi þessum eða aðalsamningnum (þar með taldar, án þess að tæmandi sé, 41. gr., 42. gr. og 43. gr. aðalsamningsins)

a) veita neinn rétt til riftunar af hálfu hins samningsaðilans, eða

b) undanþiggja hinn samningsaðilann því, að efna eða halda nokkra skuldbindingu, skilmála eða skilyrði.

17.02. Samningsaðilar eru ásáttir um, að réttur til að rifta samningi þessum skuli eingöngu ráðast af ákvæðum 41. gr. aðalsamningsins, sem er hér með upptekin og samþykkt, sem væri hún að öllu leyti hluti af samningi þessum. Fari svo, að aðalsamningnum verði rift samkvæmt ákvæðum fyrrnefndrar 41. gr., skal samningi þessum samtímis talið rift.

17.03. Fari svo, að einhver samningsaðili efni eigi eða haldi einhverja skuldbindingu, skilmála eða skilyrði, hvort sem slíkur brestur veitir rétt til að rifta samningi þessum, eða til að stöðva efndir samkvæmt ákvæðum 42. gr. aðalsamningsins, þá skal sá samningsaðilinn, sem eigi á hlut að vanefndinni, eiga rétt á skaðabótum eða leiðréttingu, þar með talið, án þess að tæmandi sé, lögbann eða beinar efndir, eða þeim öðrum úrbótum, sem viðeigandi kunna að teljast (með þeim undantekningum, sem leiðir af sérhverri undanþágu eða takmörkun ábyrgðar, sem tiltekin er í samningi þessum).

18. gr.

Lög þau, sem farið skal eftir.

Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

19. gr.

Deilur og gerð.

Ef deila rís milli kaupstaðarins og ISALs um skýringu, túlkun eða framkvæmd, eða um gildi eða áhrif samnings þessa, eða um réttindi og skyldur samningsaðila, á samningstímabilinu eða síðar, skal farið með slíka deilu sem deilu milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og henni vísað til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru á það sátt, eða, ef eigi verður samkomulag þar að lútandi, til alþjóðlegs gerðardóms, allt eftir því sem ákveðið er í 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins. Alþjóðlegrar gerðar skal leitað og henni hagað samkvæmt ákvæðum 47. gr. aðalsamningsins, og með þeim áhrifum, sem þar segir, og fyrrnefnd 46. gr. og 47. gr. eru hér með teknar upp og samþykktar, sem væru þær að öllu leyti hluti af samningi þessum.

20. gr.

Gildistaka og gildistími samningsins.

Samningur þessi skal öðlast gildi á gildistökudegi aðalsamningsins, og skal hann í gildi vera, unz gildistími aðalsamningsins er út runninn eða honum rift.

21. gr.

Breytingar.

Breytingar á samningi þessum skulu einungis gerðar með skriflegum og löglega undirrituðum viðbótarsamningi milli kaupstaðarins og ISALs, og með skriflegri tilkynningu til þeirra aðila, sem nefndir eru í 53. gr. aðalsamningsins, svo og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar og Alusuisse.

22. gr.

Framsal.

Réttindi og skuldbindingar samkvæmt samningi þessum skal hvorugur samningsaðili geta framselt eða falið öðrum, án samþykkis hins samningsaðilans, svo og ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og sérhvert áformað framsal eða umboðsgjöf án samþykkis hins samningsaðilans skal vera ógild og óvirk með öllu.

23. gr.

Tungumál.

Opinber tungumál samnings þessa eru íslenzka og enska, og skulu bæði málin jafngild.

24. gr.

Tilkynningar.

Hverjar þær tilkynningar, sem krafizt er, að gefnar verði út eða heimilaðar eru samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar og gefnar á þann hátt, sem tilgreindur er í 53. gr. aðalsamningsins, og sendar þeim, sem þar eru nefndir. Skal sérhver slík tilkynning hafa það gildi og frá henni mega falla eftir því, sem þar greinir.

25. gr.

Fyrirsagnir.

Fyrirsagnir kafla og greina samnings þessa eru ætlaðar einungis til hagræðis við tilvísun, og skulu þær ekki hafa áhrif á túlkun samningsins.

26. gr.

Ákvæði í aðalsamningnum.

Kaupstaðurinn og ISAL samþykkja hvort um sig í þágu hins og í þágu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse að efna og takast á hendur skuldbindingar þær, sem lagðar eru á hvort um sig með ýmsum ákvæðum aðalsamningsins.

Þessu til staðfestu er samningur þessi undirritaður af hálfu kaupstaðarins og ISALs á þeim degi, sem í upphafi greinir.

Fyrir HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐ

.....

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.


.....

.....

Ríkisstjórn Íslands samþykkir hér með gagnvart kaupstaðnum og ISAL að takast á hendur og efna sem aðili að samningi þessum skuldbindingar þær, sem lagðar eru á ríkisstjórnina samkvæmt ákvæðum IV. kafla samnings þessa.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

.....



UPPDRÁTTUR AF BRÆÐSLULÓÐ

(Fylgiskjal A með Hafnar- og lóðarsamningi)

Mælikvarði 1:5000

FYLGISKJAL B MEÐ HAFNAR- OG LÓÐARSAMNINGI

HAFNARÁÆTLUN

A. BÓKUN

1. Mannvirki, sem byggja skal eða koma fyrir.

Svo sem kveðið er á um í málsgr. 6.01 í hafnar- og lóðarsamningnum, er kaupstaðurinn skuldbundinn til að byggja hafnarmannvirkin í Straumsvík, þar á meðal þau sérstöku mannvirki, sem tilgreind eru í málsgr. 6.02 í þeim samningi.

Svo sem kveðið er á um í málsgr. 7.01 í hafnar- og lóðarsamningnum, skal ISAL vera heimilt að koma fyrir á hafnargarðinum þeim sérstöku tækjum og búnaði, sem þar er nefndur. ISAL skal enn fremur heimilt að koma fyrir beinum aðgangi frá bræðslulóðinni að hafnargarðinum, svo sem kveðið er á um í málsgr. 3.02 í hafnar- og lóðarsamningnum.

Lega fyrrnefndra mannvirkja miðað við afstöðu bræðslulóðar er sýnd nokkurn veginn á uppdrætti I með áætlun um byggingu bræðslunnar.

2. Útreikningsákvörðun til bráðabirgða.

Útreikningsákvörðun til bráðabirgða fyrir hafnarmannvirkin og tiltekinn sérstakan búnað ISALs á hafnargarðinum er sýnd á uppdráttum þeim, sem fylgja þessari áætlun.

Uppdráttur I sýnir meðal annars legu og lengd hafnargarðsins, legu og stærð þess svæðis, þar sem dýpt kann síðar að verða aukin við bryggju, legu 100-tonna legudufls innan hafnarinnar, og legu tveggja stormpolla þeim megin hafnargarðs, sem að hafi snýr. Uppdrátturinn sýnir einnig nokkurn veginn endamörk hafnarinnar og legu hafnarvegarins.

Uppdráttur II sýnir grunnmynd af hafnargarðinum, þar á meðal færibelti það, sem ISAL á að koma fyrir, sporbrautir fyrir hafnarkrana, stormpollana tvo, spennistöðina og hús hafnarvarðar.

Á uppdráttum III A og III B eru með þverskurði sýndar tvær hugsanlegar lausnir við byggingu hafnargarðsins. Sýnir hin fyrri opna brúarsmíði með þverveggjum úr steinsteypu og steyptu plani, en hin síðari opna brúarsmíði, sem aðallega samanstendur af strengjasteypuhlutum. Báðar úrlausnirnar verður að líta á sem bráðabirgðaúrlausnir, og eru þær háðar breytingum eða því, að önnur úrlausn komi þeirra í stað, þegar farið verður að vinna að hönnun hafnarmannvirkjanna. Báðir uppdrættirnir sýna sams konar afstöðumynd af plani hafnargarðsins, og skal því eigi breytt nema af ástæðum, sem varða sjálfa smíði þess, og þá því aðeins, að báðir aðilar, ISAL og kaupstaðurinn, verði ásáttir um það.

Uppdráttur IV gefur til kynna álag það, sem tæki ISALs á hafnargarðinum skapa, svo og geymsla bræðsluvarnings um stundarsakir.

3. Hönnun og byggingaráætlun.

Vita- og hafnarmálaskrifstofan mun annast hönnun og byggingu hafnarmannvirkjanna fyrir hönd kaupstaðarins. Endanleg hönnun og útboð og veiting verksamninga við byggingu hafnarmannvirkjanna skal vera háð samþykki ISALs.

Hönnun hafnarmannvirkjanna skal ákveðin af Vita- og hafnarmálaskrifstofunni með aðstoð frá reyndu ráðgefandi verkfræðifyrirtæki. ISAL skal leggja til allar nauðsynlegar mælingar, vinnuteikningar og verklýsingar á hinum sérstaka búnaði sínum á hafnargarðinum, og skal það gert í tæka tíð til nota við hönnunina. ISAL skal tilkynnt öðru hverju um framvindu verksins, og skal það þá greiðlega bera fram þær tillögur, sem slíkar upplýsingar kunna að gefa tilefni til.

Útboð á verkum við hafnargerðina skal framkvæmt á alþjóðlegum samkeppnisgrundvelli. Verkin skulu veitt þeim, sem gera hagstæðust tilboð, þó þannig, að íslenzkir verktakar skulu teknir fram yfir aðra, ef þeir reynast samkeppnishæfir miðað við verð og gæði. ISAL skal fá í sínar hendur útboðsgögn í tæka tíð til að geta kynnt sér þau og skal tilkynnt greiðlega, hvaða verktaki eða verktakar séu taldir koma til greina við framkvæmd verksins.

Bygging hafnarmannvirkjanna skal framkvæmd sem hér segir:

a) Svo sem nánar er skilgreint í málsgr. 6.05 í hafnar- og lóðarsamningnum, skal verkið hafa náð því marki, að ISAL geti byrjað að reisa hafnarkrana sína og tæki til affermingar á alumina, hinn 1. október 1968, eða 8 mánuðum fyrir síðari áætlaða dagsetningu AR I, ef Landsvirkjun hefur tilgreint slíka síðari áætlaða dagsetningu sem 1. desember 1969 eða síðar.

b) Eigi síðar en fimm mánuðum eftir þann byggingardag, sem ákveðinn verður samkvæmt staflið a) hér að framan, skal verkið hafa náð því marki, að ISAL geti losað skip, fermd alumina, sem eru allt að 20 000 dwt að stærð, með eigin löndunartækjum.

c) Á eða fyrir AR I skal smíði hafnarmannvirkjanna lokið að því marki, að þau séu fullstarfhæf.


Í samræmi við ákvæði málsgr. 6.04 í hafnar- og lóðarsamningnum skal leyft að afferma í höfninni skip hlaðin vörum til byggingar fyrsta áfanga bræðslunnar, annað hvort með tækjum skipanna sjálfra eða með færanlegum krönum, jafnskjótt og bygging hafnarmannvirkjanna leyfir.


Bygging hafnarmannvirkjanna skal framkvæmd samkvæmt beztu venjum á sviði verkfræðinnar. Sérhvert samþykki eða upplýsingar, sem þörf er á í sambandi við verkið, skulu greiðlega látnar í té. Ef verkið verður fyrir töfum af völdum þess, að ISAL sýni vanrækslu að þessu leyti, skal slíkt falla undir ákvæði málsgr. 8.02 í aðalsamningnum, að því er varðar byggingarstig það, sem tilgreint er í staflið a) hér að framan, og skal þetta jafnframt undanþiggja kaupstaðinn frá ábyrgð, að því er varðar áframhald framkvæmda við hafnarmannvirkin.


Svo sem kveðið er á um í málsgr. 6.01 og 12.03 í hafnar- og lóðarsamningnum, skulu hafnarmannvirkin þannig gerð, að möguleg sé dýpkun á hafnargrunninum eða hluta hans meðfram bryggjunni úr 10 metrum í 12 metra miðað við meðalstórstraumsfjöru, síðar meir, án þess að valda skaða á hafnarmannvirkjunum.


4. Gildi uppdrátta.


Nema að því leyti, sem öðru vísi er ákveðið hér að framan, skulu uppdrættir þeir, sem fylgja þessu fylgiskjali B, teljast gerðir til bráðabirgða og háðir breytingum síðar af hálfu ISALs og kaupstaðarins, meðan á hönnun stendur. Slíkir uppdrættir, athugaðir með hliðsjón af þeim orðskýringum, sem við eiga og felast í 1. gr. aðalsamningsins og 1. gr. hafnar- og lóðarsamningsins, koma í heild í stað þeirra tæknilegu upplýsinga, áætlana, korta, frumdrátta og atriða, sem tekin eru upp í skjalinu „Fyrirhuguð álbræðsla á Íslandi“ (skýrsla um framkvæmdamöguleika), dagsett í september 1964, og skjali því, sem nefnist „Verkfræðileg athugun á byggingu hafnargarðs við bræðslulóð Íslenzka Álfélagsins við Straumsvík á Íslandi“, dagsett í september 1965, svo og frekari tæknilegra upplýsinga, sem ríkisstjórn Íslands og Alusuisse hafa skipzt á fram að dagsetningu samnings þessa.


UPPDR. I
MEÐ FYLGISKJ. B
YTRI HÖFN HAFNARFJARÐAR
SVÆÐI SEM MÖGULEGT ER AÐ DÝPKA NIÐUR Í 12 METRA VIÐ MSSFJ
MSSFJ.
HAFNARGARÐUR
2 STORMPOLLAR (NÁLÆGLEGA)
220m
LEGULENGD
HÖFN
100 T LEGUDUFL
MSSFJ.
MSSFL.
MSSFL.
BRÆÐSLULÓÐ
REYKJANESBRAUT
HÖFN
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
LEGA
HAFNARMANNVIRKJA
MÆLIKV. 1:5000


UPPDR. II
MEÐ FYLGISKJ.B
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
GRUNNMYND AF HAFNARGARÐI
MELKV. 1:500
TIL BRÆÐSLUNNAR
HAFNAR-
VEGUR
TIL ALUMINATURNA
HÚS HAFNARVARÐAR
KRANABRAUT
FÆRIBELTI
STRENGIR
STÖÐUPOLLAR
SPENNISTÖÐ
220 m
LEGULENGD
FRAMHLIÐ BRYGGJU


UPPDR. III A
MEÐ FYLGISKJ. B
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
KENNISNIÐ
MÆLIKV. 1:200
STORMPOLLI
SPENNISTÖÐ
FÆRIBELTI
STRENGJASTOKKUR
HAFNARKRANI
ALUMINASKIP
350
6.00
9.00
5.00
2.00
+4.00 MEÐAL FLÓÐBORÐ
± 0.00 MEÐAL STÖÐSTRAUMSFJÖRUBORÐ
- 10.00
- 12.00


UPPDR. III B
MEÐ FYLGISKJ.
B
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
MÆLIKV. 1:200
STORMPÖLLI
SPENNISTÖÐ
FÆRIBELTI
STRENGJASTOKKUR
HAFNARKRANI
6.00
9.00
+ 6.00
2.00
ALUMÍNA SKIP
+ 4.00 MEÐAL FLÓÐBORÐ
± 0.00 MEÐAL STÖÐSTRAUMSFJÖRUBORÐ
- 10.00
- 12.00


UPPDR. IX
MEÐ FYLGISKJ.B
ATH.
– AUKA ÁLAG VEGNA AFLÁHRIFA: NÁL. 10%.
– ÖXULÁLAG FARARTÆKJA Á BRYGGJU: 12 T ,
– HÖMLUÁLAG FYRIR KRANA: EKKI MEÐTALIÐ.
20.00-25.00m
20.00-25.00m
8.00m
2.00m
8.00m
+45 t /-20 t
ÁLAG FRÁ FÆRIBELTI
13.00m
90 90 90 cm
90 90 90 cm
10 t/m
10 t/m
HLIÐARMYND
35(26) t
50(35) t
50(35) t
35(26) t
125 (95) t
125 (95) t
FÆRIBELTI
+45 EÐA -20 t
-20 EÐA +45 t
9.00
ÁLAG. FRÁ FÆRIBELTI
+45 t
-20 t
MEÐ MILLIBILI
20 +25 meter
6.00m
3.50m
SKURÐUR
25 t
25 t
KRANI 1
KRANI 2
10 t/m
95 t
95 t
1.00 1.00m
1.00 1.00m
AFFERMINGARTÆKI FYRIR ALUMINA
125 t
125 t
KRANABRAUT
GRUNNMYND
FRAMHLIÐ BRYGGJU
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
REIKNIÁLAG FYRIR
HAFNARMANNVIRKI
VEGNA TÆKJA ÍSAL

FYLGISKJAL C MEÐ HAFNAR- OG LÓÐARSAMNINGI
BRÆÐSLUÁÆTLUN

BÓKUN

1. Bræðslulóðin.

Svo sem skilgreint er í málsgr. 1.03 d) í aðalsamningnum, skal bræðslulóðin merkja það landssvæði, þar sem bræðslan og tengivirki bræðslunnar skulu standa. Landssvæði þessu er nánar lýst í málsgr. 2.01 í hafnar- og lóðarsamningnum. Lega bræðslulóðarinnar er sýnd nokkurn veginn á uppdrætti I. Takmörk bræðslulóðarinnar eru sýnd á uppdrætti að bræðslulóð, fylgiskjal A með hafnar- og lóðarsamningnum.

ISAL mun fylla upp eða ýta frá jarðvegi milli bræðslulóðarinnar og Reykjanesbrautar, áður en tengivegurinn verði lagður, þannig að unnt verði að gera veg, sem hefur 10 metra heildarbreidd með fláa er sé 1:2, án þess að neinn verulegur flutningur á jarðefni þurfi að koma til.

2. Bræðslan.

Bræðslan skal merkja álbræðslu þá, ásamt tilheyrandi mannvirkjum, sem skilgreind er í málsgr. 1.03 b) í aðalsamningnum.

Bygging bræðslunnar verður framkvæmd samkvæmt vinnuteikningum og verklýsingum, sem ISAL mun gera með aðstoð verkfræðinga þess, eða verkfræðinga í þjónustu þess. Bræðsluna skal hanna og byggja samkvæmt stöðlum þeim og reglum, sem nánar er lýst í málsgr. 4.01 í hafnar- og lóðarsamningnum, og samkvæmt beztu venjum á sviði verkfræðinnar.

Afstöðumynd af bræðslu með afköstum, er nema 60 MW, og tilheyrandi mannvirkjum, er sýnd á uppdrætti III. Þá skipan mannvirkja, sem þar er sýnd, verður að laga eftir þeim sérstöku aðstæðum, sem fyrir hendi eru á bræðslulóðinni, og þörfum ISALs.

3. Aðgangur að bræðslunni.

Aðgangur að bræðslunni verður um bræðsluveginn, sem skal tengjast hafnarveginum.

4. Höfnin.


Svo sem kveðið er á um í málsgr. 6.01 í hafnar- og lóðarsamningnum, er kaupstaðurinn skuldbundinn til að byggja hafnarmannvirkin við Straumsvík, svo sem skilgreint er í málsgr. 1.02 c) í hafnar- og lóðarsamningnum. Legu, gerð, rekstri og viðhaldi hafnarinnar og hafnarmannvirkjanna er lýst í einstökum atriðum í III. kafla hafnar- og lóðarsamningsins og fylgiskjali B, sem samningnum fylgir.


5. Vatnsveita.


Svo sem kveðið er á um í 13. gr. hafnar- og lóðarsamningsins, hefur ISAL rétt til þess að taka vatn á bræðslulóðinni og landssvæði því, sem liggur að bræðslulóðinni og er í eigu ríkisstjórnarinnar, eins og sýnt er á uppdrætti IV með þessu fylgiskjali C.


6. Gildi uppdrátta.

Uppdráttur III, sem fylgir þessu fylgiskjali C, er gerður til bráðabirgða og háður breytingum síðar af hálfu ISALs og kaupstaðarins, meðan á hönnun stendur. Slíkur uppdráttur, athugaður með hliðsjón af þeim skilgreiningum, sem við eiga og felast í 1. gr. aðalsamningsins, kemur í heild í stað þeirra tæknilegu upplýsinga, áætlana, korta, frumdrátta og atriða, sem tekin eru upp i skjalinu „Fyrirhuguð álbræðsla á Íslandi“ (skýrsla um framkvæmdamöguleika), dagsett í september 1964, og frekari tæknilegra upplýsinga, sem ríkisstjórn Íslands og Alusuisse hafa skipzt á fram að dagsetningu samnings þessa.


UPPDR. I MEÐ FYLGISKJ. C
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
KORT AF NÁGRENNI REYKJAVÍKUR
MÆLIKV. 1:50.000
REYKJAVÍK
SELTJARNARNES
ÁLBRÆÐSLA


UPPDR. II
MEÐFYLGISKJ.
C
Lambhúsatjörn
Arnarnesvogur
Garðahraun
Hafnarfjörður
HAFNARFJÖRÐUR
Hvaleyri
Hvaleyrarhraun
Hraunavík
Hellnahraun
Kapelluhraun
Selhraun
Hamranes
Selhraun
Hrauntunga
Snókalönd
Almenningur
Vatnshlíð
Valhúsgrunn
Melshöfði
Skerjafjörður
Lónakotssel
Hlíðarþúfur
Stekkur
Moshlíð
Brunnhóll
Hólbrunnshæð
Víð-Krossstapi
Hraunkrossstapi
Gamlaþúfa
Brunntorfur
Ísholtabru
Skorás
Skógarnef
Músar
Markhelluhóll
3 km
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
SVÆÐI TAKMARKAÐRAR ÁBYRGÐAR
MÆLIKV. 1:50.000


UPPDR. III MEÐ FYLGISKJ. C
1
2
3
4
7
8
9
10
11
12
5
6
13
14
15
16
17
18
19
20
HÖFN
1 SKRIFSTOFUBYGGING
2 MATSALUR
3 BÚNINGSKLEFAR
4 TENGIVIRKI BRÆÐSLUNNAR
5 RANNSÓKNARSTOFA
6 MEÐFERÐ Á MÁLMÚRGANGI
7 RAFBÚNAÐUR FYRIR MEÐALSPENNU
8 AFRIÐILSHÚS
9 BRÆÐSLUSALUR
10 STEYPUSALUR
11 GEYMSLA FYRIR ALÚMÍNA
12 FESTING Á ANÓÐUM
13 VIÐGERÐ Á KATÓÐUM
14 VERKSTÆÐI
15 BIFREIÐAVERKSTÆÐI
16 VATNSVEITUN
17 ÞRÝSTILOFTSSTÖÐ
18 VÖRUGEYMSLUR
19 ELDSNEYTISTANKAR OG FÆÐIKERFI
20 MIÐSTÖÐ
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
ÁLBRÆÐSLA – YFIRLITSUPPDR.


UPPDR. III
MEÐ FYLGISKJ. C
ÁLBRÆÐSLA Á ÍSLANDI
TAKMÖRK SVÆÐIS
TIL ÖFLUNAR VATNS
BÖRANIR EFTIR DRYKKJARVATNI
FRAMKVÆMDAR AF
HAFNARFIRÐI
HAFNARFJÖRÐUR
RÍKISEIGN
STRAUMSVÍK
SKYGGÐU SVÆÐIN TVÖ
MÁ TENGJA MEÐ
PÍPUM OG STRENGJUM

AÐSTOÐARSAMNINGUR — HÖNNUN OG BYGGING

SAMNINGUR, gerður hinn dag mánaðar 1966

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (hér eftir nefnt „ISAL"), íslenzks félags, sem stofnað er samkvæmt aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dagsettum hinn 28. dag marzmánaðar 1966

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED, félags, sem stofnað er samkvæmt svissneskum lögum (hér eftir nefnt „Alusuisse")

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að ISAL er, samkvæmt aðalsamningnum, skuldbundið til þess að byggja og reka að Straumsvík, Íslandi, álbræðslu með tilheyrandi mannvirkjum (hér eftir nefnd „bræðslan"), er verður reist í þremur áföngum, með þeim afköstum í hverjum áfanga, er tiltekin eru í aðalsamningi; og

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse hefur reynslu í hönnun, byggingu og rekstri álgerðarmannvirkja og er eigandi að einkaleyfum þar að lútandi, og Alusuisse hefur að auki aðgang að þjónustu rannsóknarstofnunarinnar í Neuhausen við Rínarfossa (Sviss) og að rannsóknarstofum sínum í Chippis (Sviss), sem vinna að lausn vandamála á sviði álframleiðslu; og

MEÐ ÞVÍ að ISAL óskar þess, að Alusuisse veiti verkfræðilega þjónustu og láti í té tæknilega sérkunnáttu sína, og Alusuisse er reiðubúið til að láta slíkt í té; og

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin, vegna hagsmuna sinna í sambandi við góða, hagkvæma og ódýra byggingu og rekstur bræðslunnar í sambandi við að fullnægja tilgangi aðalsamningsins, er þess fýsandi, að Alusuisse miðli ISAL þjónustu og sérfræðikunnáttu með þeim skilmálum og skilyrðum, sem greinir hér á eftir;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.

Skýringar á orðum, sem notuð eru í samningi þessum.

1.01. Nema annars gerist þörf vegna samhengis, skulu eftirtalin orð, eins og þau eru notuð í samningi þessum, hafa þá merkingu, sem þeim er veitt í einstökum málsgreinum í 1. grein aðalsamningsins:

„Ríkisstjórnin"	málsgr.	1.01	(a)
„Alusuisse"	—	1.01	(b)
„Landsvirkjun"	—	1.01	(c)
„ISAL"	—	1.01	(e)
„Dótturfélag Alusuisse"	—	1.01	(f)
„Fylgiskjöl"	—	1.02	
„Bræðslan"	—	1.03	(b)

„Bræðslulóðin“	málsgr.	1.03	(d)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03	(e)
„Fyrri stækkun bræðslunnar“	—	1.03	(h)
„Síðari stækkun bræðslunnar“	—	1.03	(i)
„Búrfellsvirkjun“	—	1.03	(j)
„Tengivirki“	—	1.03	(k)
„Hafnarmannvirki“	—	1.03	(n)
„Gildistökudagur aðalsamnings“	—	1.03	(u)

2. gr.

Þjónusta og sérþekking, sem Alusuisse ber að láta í té.

2.01. Alusuisse skal láta ISAL í té, á samfelldum grundvelli og án frekari samninga, eftirgreinda hönnunar- og verkfræðiþjónustu, sem þörf er á í sambandi við hönnun og byggingu bræðslunnar:

a) Gerð uppdrátta að almennu fyrirkomulagi bræðslunnar, jafnskjótt og ISAL hefur látið Alusuisse í té nákvæmar skriflegar upplýsingar um þarfir bræðslunnar í þessu efni;

b) Gerð allra skipulagsteikninga í einstökum atriðum, sundurliðaðra verklýsinga og, ef nauðsyn krefur, gerð vinnuteikninga, þar með taldar teikningar af steinsteypu- og stálhlutum sem og undirstöðum bræðslunnar, á grundvelli upplýsinga varðandi aðstæður á staðnum, sem ISAL lætur í té;

c) Samningu á efnisskrám og söfnun annarra upplýsinga, sem nauðsynlegar eru áður en ISAL getur auglýst eftir tilboðum í byggingarframkvæmdir, byggingahluta og allan annan búnað, sem sýndur er á teikningum Alusuisse;

d) Móttöku og samanburð á tilboðum, svo og gerð tillagna og útvegun einstakra heimildaratriða, er geri ISAL kleift að gera nauðsynlegar pantanir á efni og búnaði til bræðslunnar;

e) Undirbúning og gerð samninga, sem ISAL þarf að gera við verktaka og efnissala;

f) Samningu tímaáætlunar fyrir byggingu bræðslunnar;

g) Gerð sundurliðaðrar fjárfestingaráætlunar fyrir byggingu og búnað bræðslunnar, er jafnframt sýni hvenær eða með hvaða millibili þess fjár gerist þörf, sem þar um getur;

h) Samningu tækniskýrslna, teikninga og skipulagsáætlana, þar með taldar hugsanlegar breytingar, og afhending slíkra gagna í tvíriti til ISALs;

i) Samhæfing, umsjá og eftirlit með byggingu bræðslunnar, þar með talið eftirlit á staðnum;

j) Aðstoð við ISAL í samningaumleitunum við ríkisstjórnina og önnur íslenzk yfirvöld og stofnanir (svo sem Landsvirkjun); láta í té upplýsingar og heimildargögn, sem slík yfirvöld eða stofnanir kunna að óska eftir í sambandi við byggingu og rekstur bræðslunnar, og til undirbúnings þeim mannvirkjum, sem þær eiga að reisa, þar með talin Búrfellsvirkjun, varavirki og hafnarmannvirki.

2.02. Í sambandi við og til stuðnings þeirri hönnunar- og verkfræðiþjónustu, sem Alusuisse skal inna af hendi, skal ISAL einnig fá að njóta þeirrar sérhæfðu þekkingar og tækni, sem Alusuisse hefur yfir að ráða, þannig að ISAL hafi aðgang að nýjustu umbótum í hönnun og byggingu framleiðslustöðva Alusuisse, dótturfélaga þess eða þeim framleiðslustöðvum, sem Alusuisse hefur átt þátt í að reisa.

2.03. Þá skal Alusuisse einnig láta ISAL í té tiltekna sérfræðiþjónustu, eftir því sem þörf krefur og hæfilegt þykir, eða eins og hér segir:

a) Á meðan á byggingu bræðslunnar stendur skal ISAL mega beina til Alusuisse fyrirspurnum, sem fram kunna að koma í sambandi við byggingu bræðslunnar og ekki teljast hluti af þeirri samfelldu hönnunar- og verkfræðiþjónustu, sem Alusuisse á að inna af hendi samkvæmt ákvæðum málsgr. 2.01. Það starfslið Alu-

suisse, sem vinnur að tæknimálum og rannsóknum, skal athuga slíkar fyrirspurnir og ráðleggja ISAL í því sambandi.

b) Sérstakar vélar, búnaður eða önnur tæki, sem Alusuisse kann að hafa fullkomnað sjálft, eða í samvinnu við þriðja aðila, skal standa ISAL til boða, ef slíkt þykir við eiga, af hálfu Alusuisse (eða þriðja aðila, ef Alusuisse ákveður það). Í því tilviki að notaðar eða innifaldar hafi verið slíkar sérstakar vélar, búnaður eða önnur tæki við byggingu bræðslunnar, skal Alusuisse ekki þurfa að sjá ISAL fyrir ítarlegum sérteikningum.

c) Auk þeirra ráðstafana, sem Alusuisse myndi samkvæmt venju gera í sambandi við hönnunar- og verkfræðiþjónustu sína, til þess að tryggja það, að farið sé eftir lýsingum við afgreiðslu efnis til bræðslunnar samkvæmt samningum, mun Alusuisse gera þær frekari ráðstafanir, sem ISAL óskar og eftir því sem hæfa þykir í hverju einstöku tilviki, til eftirlits með framleiðslu þriðja aðila á búnaði og efni, sem nota á við byggingu bræðslunnar.

d) ISAL skal, að eigin vild, heimilt að gefa Alusuisse fyrirmæli um breytingar á hönnun og verklýsingum, bæði að því er varðar einstök atriði þeirra eða að öðru leyti, á hvaða stigi hönnunar eða byggingar bræðslunnar sem er, og þegar Alusuisse fær slík fyrirmæli, þá skal það inna af hendi þá þjónustu, sem tilgreind er í málsgr. 2.01, og á þann hátt taka tillit til þeirra breytinga, sem beðið hefur verið um.

2.04. Alusuisse skal heimilt að fela þriðja aðila, á kostnað Alusuisse, að annast ákveðna þjónustu, sem Alusuisse á að inna af hendi samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

3. gr.
Einkaleyfi.

3.01. Til þess að sanna það og tryggja, að ISAL eigi aðgang að þeirri sérþekkingu og tækni, sem Alusuisse hefur yfir að ráða, veitir Alusuisse ISAL hér með heimild, sem ekki er einkaheimild eða framseljanleg, til afnota af öllum einkaleyfum sínum, bæði þeim, sem félagið á nú eða kann að eignast síðar, að svo miklu leyti sem þau varða byggingu bræðslunnar, og þeirra er þörf í sambandi við byggingu hennar. Sú heimild, sem Alusuisse þannig veitir ISAL til afnota á einkaleyfum sínum, er veitt án tillits til þess hvenær umsóknir um einkaleyfin eru dagsettar, eða á hvaða degi þau eru útgefin.

3.02. Í þeim tilgangi að gera ákvæði málsgr. 3.01 fullgild, samþykkir Alusuisse að gefa út þau leyfi og framsöl til ISALs, sem telja má hentugt eða nauðsynlegt, til þess að geta haft full og ótakmörkuð afnot af þeim vinnsluaðferðum og þeim hönnunum, sem í einkaleyfunum felast.

4. gr.
Þóknun til Alusuisse.

4.01. Fyrir þjónustu þá, tækni og sérhæfða þekkingu, sem Alusuisse á að láta í té samkvæmt ákvæðum samnings þessa (þar á meðal einkaleyfi), skal ISAL greiða Alusuisse þóknun er nemur tíu af hundraði (10%) hins raunverulega heildarkostnaðar við byggingu bræðslunnar. Slíkur raunverulegur byggingarkostnaður skal taka til allra þeirra fjárhæða, sem ISAL hefur varið, þar með talin fyrsta hleðsla bræðsluofna, en eigi vextir á byggingartíma. Þar sem aðalsamningurinn gerir ráð fyrir því, að bræðslan verði byggð í þremur áföngum, skal raunverulegur byggingarkostnaður bræðslunnar reiknaður út sérstaklega fyrir fyrsta áfanga bræðslunnar, fyrir fyrri stækkun bræðslunnar og fyrir síðari stækkun bræðslunnar, og skal ISAL inna greiðslur sínar til Alusuisse af hendi miðað við hvern einstakan áfanga.

4.02. Greiðslur þær, sem tilgreindar eru í málsgr. 4.01, skulu inntar af hendi sem hér segir:

a) Fyrir fyrsta áfanga bræðslunnar:
   i) Einn fjórði hluti (¼) þann dag, sem samningur þessi öðlast gildi;
   ii) Einn fjórði hluti (¼), þegar lokið er við fimmtíu af hundraði (50%) af undirstöðum fyrir bræðslusal;
   iii) Einn fjórði hluti (¼) á gangsetningardegi fyrsta áfanga bræðslunnar; og
   iv) Einn fjórði hluti (¼) sex mánuðum eftir gangsetningu fyrsta áfanga bræðslunnar.

b) Fyrir fyrri stækkun bræðslunnar:
   i) Einn fjórði hluti (¼), þegar ISAL veitir Alusuisse heimild til þess að hefja hönnun og byggingu fyrri stækkunar bræðslunnar;
   ii) Einn fjórði hluti (¼), þegar þjónusta sú, sem tilgreind er í málsgr. 2.01, liðunum a) til g), að báðum meðtöldum, að því er tekur til fyrri stækkunar bræðslunnar, hefur verið innt af hendi;
   iii) Einn fjórði hluti (¼) á gangsetningardegi fyrri stækkunar bræðslunnar; og
   iv) Einn fjórði hluti (¼) sex mánuðum eftir gangsetningu fyrri stækkunar bræðslunnar.

c) Fyrir síðari stækkun bræðslunnar:
   i) Einn fjórði hluti (¼), þegar ISAL veitir Alusuisse heimild til þess að hefja hönnun og byggingu síðari stækkunar bræðslunnar;
   ii) Einn fjórði hluti (¼), þegar þjónusta sú, sem tilgreind er í málsgr. 2.01, liðunum a) til g), að báðum meðtöldum, að því er tekur til síðari stækkunar bræðslunnar, hefur verið innt af hendi;
   iii) Einn fjórði hluti (¼) á gangsetningardegi síðari stækkunar bræðslunnar; og
   iv) Einn fjórði hluti (¼) sex mánuðum eftir gangsetningu síðari stækkunar bræðslunnar.

Allar þær greiðslur, sem tilgreindar eru í málsgr. 4.02, skulu inntar af hendi innan þrjátíu (30) daga frá þeim greiðsludögum að telja, sem tilgreindir eru hér að framan.

4.03. Greiðslur þær, sem gert er ráð fyrir í málsgr. 4.02, skulu fyrst í stað reiknaðar út á grundvelli þeirrar fjárfestingaráætlunar, sem Alusuisse á að gera fyrir hvern einstakan áfanga bræðslunnar samkvæmt málsgr. 2.01 g) í samningi þessum. Endanlegt uppgjör á grundvelli raunverulegs byggingarkostnaðar, og leiðrétting, hvort heldur sem um hefur verið að ræða umframgreiðslu eða of lága greiðslu, skal fram fara eigi síðar en fimmtán mánuðum eftir gangsetningu hvers einstaks áfanga bræðslunnar. Raunverulegan byggingarkostnað skal ákvarða endanlega að því er tekur til ákvæða samnings þessa, áður en eitt ár er liðið frá þeim degi, er hver áfangi bræðslunnar um sig var settur í gang (sbr. ákvæði málsgr. 4.05).

Með tilliti til þessarar 4. greinar, skal gangsetningardagur sérhvers áfanga bræðslunnar tilgreindur skriflega af aðilum að þessum samningi.

Ef Alusuisse óskar, skal ISAL gera ráðstafanir, auk þeirra, sem um er getið í málsgr. 4.02, til að inna af hendi einstakar greiðslur vegna byggingarkostnaðar sérstakra þátta, sem teljast mikilvægur og aðgreinanlegur hluti af byggingu eins eða fleiri áfanga bræðslunnar, og skal sérhver slík greiðsla vera byggð á raunverulegum byggingarkostnaði, ákveðnum samkvæmt ákvæðum þessarar málsgr. 4.03.

4.04. Hafi ISAL óskað eftir breytingum á hönnun eða verklýsingum, eins og ráð er fyrir gert í málsgr. 2.03 d), skal Alusuisse eiga tilkall til hæfilegrar aukaþóknunar vegna þeirrar viðbótarþjónustu, sem inna þarf af hendi sökum óska um slíkar breytingar.

4.05. Endanlegt uppgjör á raunverulegum byggingarkostnaði, sem ráð er fyrir gert í málsgr. 4.03, og sérhver aukaþóknun samkv. ákvæðum málsgr. 4.04, skal háð endurskoðun óháðs löggilts endurskoðanda, sem viðurkenningar nýtur, og Alusuisse og ISAL tilnefna sameiginlega, og skal ríkisstjórninni látið í té afrit af slíku endurskoðuðu reikningsuppgjöri, áður en eitt ár er liðið frá því að gangsetning átti sér stað á þeim áfanga bræðslunnar, sem um er að ræða. Ríkisstjórninni skal heimilt að ráða á

eigin kostnað alþjóðlegt fyrirtæki sjálfstæðra endurskoðenda, til þess að endurskoða og staðfesta slíkt reikningsuppgjör, og skal slíkum endurskoðendum heimilt að framkvæma þær athuganir á bókum og skjölum ISALs, sem þeir telja nauðsynlegar. Nú óskar ríkisstjórnin þess, að framkvæmd verði endurskoðun á reikningsuppgjöri því, sem hér um ræðir, og skal þeirri endurskoðun þá lokið innan fimmtán mánaða frá degi gangsetningar þess áfanga bræðslunnar, sem í hlut á.

4.06. ISAL skal endurgreiða Alusuisse allan útlagðan kostnað þess, í sambandi við þjónustu þess við ISAL, en slíkur kostnaður skal takmarkaður við ferðakostnað, kostnað vegna prentunar, fjölritunar og þýðinga, þóknun fyrir sérfræðileg störf þriðja aðila, ráðins með samþykki ISALs til þjónustu, sem Alusuisse á ekki að inna af hendi samkvæmt ákvæðum samnings þessa, og annan álíka minniháttar kostnað, sem Alusuisse hefur greitt. Slíkur útlagður kostnaður skal greiddur samkvæmt reikningi, sem Alusuisse lætur ISAL í té mánaðarlega, og skal greiðsla innt af hendi innan þrjátíu daga.

4.07. Greiðslur, sem gert er ráð fyrir í þessari 4. gr., skulu inntar af hendi til Alusuisse með greiðslu inn í reikning félagsins hjá Schweizerische Kreditanstalt í Zürich. Sérhver greiðsla, sem ekki er reiknuð út í svissneskum frönkum, skal yfirfærð í svissneska franka eftir gengi því, sem Schweizerische Kreditanstalt auglýsir að í gildi sé þann dag, sem greiðslan fellur í gjalddaga. Allar slíkar greiðslur skulu inntar af hendi til Alusuisse, án þess að yfirfærslugjöld komi þar til frádráttar.

5. gr.
Mælikvarði á þjónustu, sem Alusuisse lætur í té.

Alusuisse skal hafa í frammi eðlilega aðgæzlu við þá þjónustu, sem það lætur ISAL í té samkvæmt ákvæðum þessa samnings, það er aðgæzlu í sama mæli og það sýnir við framkvæmd eigin starfsemi. Það er tilskilið, að sú ábyrgð, sem á Alusuisse hvílir gagnvart ISAL, ef misbrestur verður á því að félagið sýni eðlilega aðgæzlu, takmarkist af þeirri heildarþóknun, sem ISAL hefur greitt eða er skuldbundið til að greiða Alusuisse samkvæmt ákvæðum 4. gr. Eigi skal Alusuisse vera ábyrgt gagnvart ISAL fyrir neinum óbeinum eða afleiddum skaða vegna samnings þessa.

6. gr.
Almennir skilmálar.

6.01. Alusuisse ábyrgist að uppdrættir þeir, sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum málsgr. 2.01 a) og málsgr. 2.01 b) í samningi þessum, uppfylli þau lagaleg skilyrði, sem í gildi eru á Íslandi á byggingartíma bræðslunnar.

6.02. Allar verklýsingar, sem Alusuisse á að láta í té, varðandi byggingu og búnað bræðslunnar, skulu fela í sér venjuleg ákvæði um ábyrgð á gæðum vinnu og efnis. Verði misbrestur á því, að verktaki eða sá, sem selur efni og/eða vinnu til bræðslunnar, inni verk sitt af hendi sem skyldi, skal Alusuisse veita ISAL alla aðstoð sína til þess að tryggja að viðkomandi verksali eða verktaki bæti úr slíkum ágöllum samkvæmt þeim verklýsingum og tryggingum, sem þar við eiga.

6.03. Nema að því leyti, sem annað er sérstaklega fram tekið í samningi þessum, skal Alusuisse teljast uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt ákvæðum samnings þessa í Sviss. Ef ISAL óskar, er Alusuisse reiðubúið, í því skyni að tryggja framkvæmd þessa samnings, enda leyfi rekstur þess slíkt, að senda fulltrúa sinn í heimsókn til bræðslunnar eða annað, til dæmis til efnissala.

6.04. ISAL skal fara með alla uppdrætti, verklýsingar og önnur heimildargögn, er eigi hafa áður verið birt, og sem Alusuisse lætur af hendi samkvæmt ákvæðum samnings þessa, sem trúnaðarmál, og skal einungis notfæra sér þessi gögn í þeim tilgangi, sem bræðslunni við kemur.

6.05. Fulltrúum ISALs skal heimilt að kynni sér alla uppdrætti, verklýsingar og önnur tæknigögn, sem bræðsluna varða, í skrifstofum Alusuisse í Zürich, á venjulegum skrifstofutíma.

7. gr.

Stækkun bræðslunnar.

Ef bræðslan verður stækkuð fram yfir það, sem nú er ráð fyrir gert, er Alusuisse reiðubúið til þess að láta ISAL í té hönnun, verkfræði- og tækniþjónustu, sem þar þarf til. Ef skilmálar þeir og skilyrði, sem Alusuisse býður fram í sambandi við slíka frekari þjónustu, eru samkeppnishæf, og ríkisstjórnin hefur veitt samþykki sitt, skal ISAL veita Alusuisse forgangsrétt, þegar samið er um slíka þjónustu, en slík ráðstöfun skal staðfest með sérstökum samningi.

8. gr.

Lög, sem farið skal eftir.

Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

9. gr.

Ágreiningur og gerð.

9.01. Ef ágreiningur rís milli ríkisstjórnarinnar, annars vegar, og ISALs og Alusuisse, hins vegar, um skýringu, túlkun, framkvæmd, gildi eða áhrif ákvæða samnings þessa, eða um réttindi og skyldur samningsaðila, sem varða hagsmuni ríkisstjórnarinnar, meðan á samningstímabilinu stendur, eða síðar, þá skal farið með slíkan ágreining sem ágreining milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og skal honum vísað til íslenzkra dómstóla eða til íslenzks gerðardóms, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru því samþykk, en ef eigi næst samkomulag þar um, þá skal ágreiningnum vísað til alþjóðlegs gerðardóms, svo sem ákveðið er í 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins. Alþjóðlegrar gerðar skal leitað og henni hagað samkvæmt ákvæðum 47. gr. aðalsamningsins, og skal sú meðferð mála öðlast það gildi, sem þar er ákveðið, og fyrr nefndar 46. og 47. gr. eru hér með viðurkenndar og samþykktar, sem væru þær að öllu leyti hluti af samningi þessum.

9.02. Að tilskildum ákvæðum málsgr. 9.01, sem farið skal eftir um allt það, er við kemur ágreiningi um atriði, sem varða hagsmuni ríkisstjórnarinnar, skulu samningsaðilar leitast við að jafna sérhvern skoðanamun og ágreining, sem rísa kann þeirra í milli, með samningsumleitunum og leiðréttingum sín í milli. Ef samningsaðilar geta ekki jafnað slíkan skoðanamun eða ágreining sín í milli, þá skal slíkum skoðanamun eða ágreiningi vísað til gerðardóms samkv. ákvæðum svissneskra gerðardómslaga, og meðferð málsins hagað samkvæmt þeim venjum og dómsköpum, sem þar gilda í þessu efni. Reglur þær um meðferð máls fyrir gerðardómi, sem Alþjóðaverzlunarráðið hefur viðurkennt, skulu gilda um slíka gerð. Vettvangur gerðar skal vera sá, sem gerðardómsmenn koma sér saman um, eða ef eigi næst samkomulag þar að lútandi, þá skal sá vettvangur vera í Zürich. Meiri hluti atkvæða innan gerðardóms skal ráða um sérhverja ákvörðun og úrskurð dómsins. Gerðardómurinn skal sjálfur kveða á um eigið valdsvið sitt, og skal hann einnig ákveða á hvaða tungumáli málflutningur skal fara fram fyrir dóminum. Úrskurður gerðardóms skal vera skriflegur og þar skal greint frá þeim rökum, sem úrskurðurinn byggist á. Úrskurðurinn skal vera lokaniðurstaða og bindandi fyrir aðila samnings

þessa, og fyrir hvern þann, sem heimilt er að hafa afskipti af og eiga aðild að slíkum málflutningi fyrir gerðardómi. Aðilar samnings þessa, og allir aðrir slíkir aðilar, sem hlut eiga að máli, skulu fara eftir dómi gerðardómsins í fullum trúnaði. Slíkur dómur gerðardóms skal teljast vera jafnbindandi fyrir aðila sem væri hann endanlegur dómur æðsta dómstóls á Íslandi eða í Sviss. Hvenær sem slíkt á við skal dómur, samkvæmt þessum ákvæðum, tilgreina tímatakmörk, sem sett eru fyrir framkvæmd dómsins.

10. gr.

Ýmis ákvæði.

10.01. Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum má ekki framselja eða fela öðrum, hvorki í heild né að nokkrum hluta, af hálfu annars hvors aðila, án samþykkis hins aðilans og ríkisstjórnarinnar, þó að tilskildu ákvæði málsgr. 2.04. Sérhvert slíkt meint framsal eða umboðsgjöf, án samþykkis gagnaðila og ríkisstjórnarinnar, og án undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, er skráðir eru í 53. grein aðalsamningsins, skal vera ógilt og óvirkt.

10.02. Breytingar á samningi þessum skal aðeins gera með viðbótarsamningi, gerðum skriflega milli ISAL og Alusuisse og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Enga slíka breytingu má gera án samþykkis ríkisstjórnarinnar og undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, er skráðir eru í 53. grein aðalsamningsins.

10.03. Samningur þessi öðlast gildi á gildistökudegi aðalsamningsins og skal hann gilda áfram, þar til lokið er síðari stækkun bræðslunnar; þó þannig að með tilliti til þeirra ákvæða, sem tilgreind eru í 7. grein, skal samningur þessi vera í gildi þar til samningstími aðalsamningsins rennur út eða honum er rift.

10.04. Opinber tungumál samnings þessa skulu vera íslenzka og enska, og skulu bæði málin jafngild.

10.05. Allar tilkynningar, sem krafizt er eða sem leyfðar eru samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar og gerðar á þann hátt og stílaðar til þeirra aðila, er greinir í 53. gr. aðalsamningsins, og allar slíkar tilkynningar skulu öðlast gildi, eða frá þeim fallið, á þann hátt, sem þar greinir.

10.06. Fyrirsagnir á greinum samnings þessa eru ætlaðar til hagræðis við tilvísanir eingöngu, og skulu þær ekki hafa áhrif á túlkun samnings þessa.

10.07. Samningur þessi er gerður í þremur frumritum, og er eitt handa hvorum aðila og eitt handa ríkisstjórninni. Gjöld vegna samningsgerðar þessarar skulu greidd af ISAL að svo miklu leyti sem þau falla til á Íslandi, en af Alusuisse að svo miklu leyti sem þau falla til í Sviss.

Þessu til staðfestu er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse dag þann, er greinir í upphafi.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

.....

.....

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

.....

Max Hintermann
framkvæmdastjóri

.....

John Wohnlich
framkvæmdastjóri

AÐSTOÐARSAMNINGUR — REKSTUR

SAMNINGUR, gerður hinn dag mánaðar 1966

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (hér eftir nefnt „ISAL"), íslenzks félags, sem stofnað er samkvæmt aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dagsettum hinn 28. dag marzmánaðar 1966

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED, félags, sem stofnað er samkvæmt svissneskum lögum (hér eftir nefnt „Alusuisse")

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að ISAL er samkvæmt aðalsamningnum skuldbundið til þess að byggja og reka að Straumsvík á Íslandi álbræðslu með tilheyrandi mannvirkjum (hér eftir nefnd „bræðslan"), er verður reist í þremur áföngum, með þeim afköstum í hverjum áfanga, er tiltekin eru í aðalsamningi; og

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse hefur reynslu í hönnun, byggingu og rekstri álmannvirkja og er eigandi að einkaleyfum þar að lútandi, og Alusuisse hefur að auki aðgang að þjónustu rannsóknarstofnunarinnar í Neuhausen við Rínarfossa (Sviss) og að rannsóknarstofum sínum í Chippis (Sviss), sem eru miðaðar við að leysa vandamál álbræðslna; og

MEÐ ÞVÍ að ISAL óskar þess, að Alusuisse veiti tæknilega aðstoð við rekstur bræðslunnar og láti í té tæknilega sérkunnáttu sína, og Alusuisse tjáir sig reiðubúið til að láta slíkt í té; og

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin, vegna hagsmuna sinna í sambandi við góðan, hagkvæman og ódýran rekstur bræðslunnar í sambandi við að fullnægja tilgangi aðalsamningsins, er þess fýsandi, að Alusuisse miðli ISAL þjónustu og sérfræðikunnáttu, með þeim skilmálum og skilyrðum, sem greinir hér á eftir;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.
Skýringar á orðum, sem notuð eru í samningi þessum.

1.01. Nema annars gerist þörf vegna samhengis, skulu eftirtalin orð, eins og þau eru notuð í samningi þessum, hafa þá merkingu, sem þeim er veitt í einstökum málsgreinum í 1. grein aðalsamningsins:

„Ríkisstjórnin"	málsgr.	1.01	(a)
„Alusuisse"	—	1.01	(b)
„ISAL"	—	1.01	(e)
„Dótturfélag Alusuisse"	—	1.01	(f)
„Fylgiskjöl"	—	1.02	
„Ál"	—	1.03	(a)
„Bræðslan"	—	1.03	(b)

„Fyrsti áfangi bræðslunnar“ ..... málsgr. 1.03 (e)
„Fyrri stækkun bræðslunnar“ ..... — 1.03 (h)
„Síðari stækkun bræðslunnar“ ..... — 1.03 (i)
„Gildistökudagur aðalsamnings“ ..... — 1.03 (u)

2. gr.

Þjónusta, sem Alusuisse ber að láta í té.

2.01. Alusuisse skal láta ISAL í té áframhaldandi og án þess að frekari samningar komi til eða beiðni frá ISAL, tæknikunnáttu sína og sérþekkingu, sem á við rekstur álbræðslu, en slík sérþekking byggist á rekstri Alusuisse á öðrum stöðum og skal hún samræmd þeim sérstöku staðháttum og aðstöðu, sem eiga við rekstur bræðslunnar með hliðsjón af því, að rekstur hennar verði sem hagkvæmastur. Slík áframhaldandi tækniaðstoð við rekstur bræðslunnar skal fólgin í:

a) Leiðbeiningum til handa stjórn ISALs um alla þætti í framleiðslu á áli;

b) Leiðbeiningum til handa stjórn ISALs við framkvæmd framleiðsluáætlana með hliðsjón af söluáætlunum í því skyni að halda uppi þeim framleiðsluafköstum, er bezt verður á kosið hjá bræðslunni og að vinna að því, að ISAL nái því framleiðslumagni, er greinir í aðalsamningnum, málsgrein 10.01;

c) Útvegun á hæfum og viðeigandi framleiðslu- og viðhaldshandbókum, í samræmi við framleiðslutæki bræðslunnar;

d) Útvegun á rannsóknaraðferðum til efnagreiningar á hráefni og áli;

e) Þjálfun hjá Alusuisse í eigin verksmiðjum þess og starfsstöðvum fyrir rekstrarstarfslið ISALs svo fjölmennt, sem um semst milli aðila;

f) Að koma á fót áætlunum um þjálfun við vinnu í bræðslunni á viðbótarstarfsliði hjá ISAL.

g) Umsjón með gangsetningu og byrjunarrekstri bræðslunnar fyrstu 60 rekstrardagana;

h) Að staðreyna, ásamt ISAL, hvort hagkvæmt er að ná framleiðslumörkum og öðrum mörkum, sem ISAL setur sér.

2.02. Alusuisse mun einnig veita ISAL, að beiðni þess, tæknilega aðstoð í samræmi við tæknikunnáttu sína og sérþekkingu, er um ræðir í málsgrein 2.01, sem hér segir:

a) Útvegun á skýrslum um rannsóknir á rannsóknarstofum Alusuisse, er varða rekstrarfyrirkomulag álgerðar almennt og framfarir og umbætur á þessum sviðum;

b) Láta í té þjónustu frá rannsóknarstofum Alusuisse í sambandi við sérstök vandamál, sem verða á vegi ISALs og varða álframleiðslu þess;

c) Útvegun á upplýsingum og skýringum varðandi nýjungar og nýjar aðferðir á sviði álgerðar, sem þróazt hafa í álbræðslum í eigu Alusuisse og dótturfélaga Alusuisse;

d) Gera ráðstafanir til, að fulltrúar frá ISAL geti heimsótt og skoðað álbræðslur Alusuisse og dótturfélaga Alusuisse og kynnt sér rekstur þeirra og tækni.

2.03. Alusuisse mun veita ISAL, að beiðni þess, ráðleggingar og aðstoð á sviðum fjárhagsmála og stjórnsýslu, og miðla þannig reynslu þeirri, sem það öðlast við rekstur á þeim stöðum öðrum, er um getur í málsgrein 2.01, sem hér segir:

a) Ráðleggingar á sviði fjármála til handa ISAL í sambandi við útvegun á erlendum lánum og aðstoð við gerð fjármálaáætlana, samningu fjárhagsáætlana, undirbúning ársreikninga, notkun og opnun lánsreikninga, áhrif skattamála og almennt á öllum sviðum, er snerta fjárhagsvandamál ISALs í sambandi við rekstur bræðslunnar;

b) Ráðleggingar varðandi stjórnsýslu til handa ISAL í sambandi við daglega viðskiptastjórnsýslu, að því er varðar meðal annars, félagarétt, verkafólk, málefni starfsfólks og trygginga, svo og aðstoð til handa ISAL í samningum við íslenzk og erlend yfirvöld og stofnanir, opinberar og aðrar;

c) Tækni- og stjórnsýsluaðstoð í sambandi við útvegun hráefna og innkaup ISALs, og skal aðstoð veitt með þjónustu tækni- og stjórnsýsludeilda Alusuisse í Sviss eða annars staðar. Í þessu skyni mun Alusuisse færa sér í nyt viðskiptasambönd sín og tengsl við þá aðila, sem kunna að hafa á boðstólum hráefni og vistir, aðstoða ISAL, eftir því sem við á, í samningaumleitunum þess og á þann hátt og sérhvern annan, sem tiltækur kann að vera, leitast við að tryggja ISAL áframhaldandi og jafnt framboð á hráefnum, með beztu skilmálum og skilyrðum, sem fyrir hendi eru.

3. gr.

Einkaleyfi.

3.01. Alusuisse veitir hér með ISAL óskoruð og óframseljanleg leyfi til að nota öll einkaleyfi, sem eru nú og í framtíðinni kunna að vera í eigu Alusuisse, að svo miklu leyti, sem þau varða og þeirra er þörf við rekstur bræðslunnar. Þetta framsal á einkaleyfisréttindum af hálfu Alusuisse til handa ISAL felur í sér endurbætur á einkaleyfum og einkaleyfisumsóknum og er veitt án tillits til umsóknardaga eða útgáfudaga einkaleyfa.

3.02. Réttindi þau, sem hér með eru veitt ISAL að því er nær til einkaleyfa Alusuisse, skulu haldast á meðan slík einkaleyfi eru í gildi hvort sem slíkur gildistími nær fram yfir gildistímabil samnings þessa eða ekki, þó þannig, að að svo miklu leyti sem slík einkaleyfaafnot ná út yfir gildistímabil samnings þessa, skulu aðilar gera með sér samninga varðandi slík einkaleyfaréttindi um reglur varðandi skilmála í sambandi við notkun þeirra ásamt ákvæðum um hæfilega þóknun fyrir hana þann tíma, sem eftir er af gildistíma þeirra.

3.03. Í því skyni að tryggja, að ákvæðin í málsgrein 3.01 komi að fullu gagni, samþykkir Alusuisse að gefa út til handa ISAL þau einkaleyfanotkunarréttindi, sem kunna að vera þörf eða nauðsynleg til að tryggja fulla og óskoraða notkun á þeim aðferðum og starfsháttum, sem einkaleyfi þess — eða sérhvert þeirra — ná til.

4. gr.

Uppfinningar, er valda byltingu.

Aðilar samnings þessa semja á grundvelli núverandi kunnáttu og starfstilhögunar, að því er varðar álgerð, svo sem þetta verður bætt í fyrirsjáanlegri þróun slíkrar kunnáttu og starfshátta með beitingu tæknilegra framfara, er stafa af rannsóknarstarfi, tæknistarfi og reynslu Alusuisse. Fari svo, á gildistíma samnings þessa, að gerðar verði, eða Alusuisse fái vitneskju um uppfinningar, er valda byltingu í álgerð, sem eru verulega frábrugðnar núverandi kunnáttu og starfstilhögun (svo sem bein bræðsla áls úr bauxíti, en ekki takmarkað við hana), mun Alusuisse láta ISAL í té fullkomnar upplýsingar og atriði þar að lútandi, þar með taldar upplýsingar um einkaleyfi, og telst það hluti efnda Alusuisse samkvæmt málsgrein 2.02 c). Sérhverjar upplýsingar og atriði varðandi slíkar uppfinningar, er byltingu valda, skal sérstaklega skilgreina sem slíkar. Aðilar munu gera sérstakan samning, er kveður á um sanngjarna viðbótarþóknun þá, sem við kann að eiga að athuguðum aðstæðum og að tilskildu samþykki ríkisstjórnarinnar, fyrir þess háttar atriði og upplýsingar.

5. gr.

Þóknun til Alusuisse.

5.01. Sem þóknun fyrir tækniaðstoð, sérfræðiþekkingu (þar með talin einkaleyfaafnot) og fjármála- og stjórnsýsluaðstoð, er Alusuisse ber að láta í té samkvæmt samningi þessum, greiðir ISAL Alusuisse upphæð, er samsvarar tveimur og tveimur tíundu af hundraði (2.2%) af brúttótekjum ISALs af sölu á áli fram-

leiddu í bræðslunni. Í þessu sambandi skulu brúttó-tekjur merkja brúttósöluandvirði úr bræðslunni að frádregnum farmgjaldakostnaði að svo miklu leyti sem slíkur kostnaður er innifalinn í álverði því, sem ISAL setur upp.

5.02. Þóknun, er greiða skal Alusuisse samkvæmt málsgrein 5.01, fellur í gjalddaga síðasta dag hvers almanaksársfjórðungs að því er varðar farma, er sendir hafa verið á hlutaðeigandi ársfjórðungi, og greiðist með 30 daga fyrirvara. Í því tilviki, að einstök ársfjórðungsgreiðsla greiðist til bráðabirgða og sé af einhverjum sökum háð leiðréttingum, skulu allar leiðréttingar vegna ofgreiðslu eða vangreiðslu fyrir sérhvert almanaksár framkvæmdar eigi síðar en 31. marz næsta ár á eftir.

5.03. ISAL skal endurgreiða Alusuisse útlagðan kostnað þess í sambandi við þjónustu veitta ISAL, og skulu slíkir kostnaðarliðir takmarkaðir við ferðakostnað, prentun, fjölritun, þýðingar og önnur slík minni háttar útgjöld, sem Alusuisse verður fyrir. Alusuisse skal gera ISAL reikning fyrir slíkan útlagðan kostnað mánaðarlega, og skulu reikningar greiddir með 30 daga fyrirvara.

5.04. Greiðslur þær, er um ræðir í málsgrein 5.02, skulu inntar af hendi til Alusuisse með greiðslu í reikning þess hjá Schweizerische Kreditanstalt, Zürich. Allar greiðslur, sem ekki eru reiknaðar í svissneskum frönkum, skal umreikna í svissneska franka á gengi því, sem Schweizerische Kreditanstalt í Zürich auglýsir sem gildandi á þeim degi, er greiðslu skal inna af hendi. Allar slíkar greiðslur skal inna af hendi til Alusuisse með nettófjárhæð án frádáttar vegna yfirfærslukostnaðar.

6. gr.

Mælikvarði á þjónustu, sem Alusuisse veitir.

Við framkvæmd þjónustu sinnar til handa ISAL samkvæmt samningi þessum mun Alusuisse sýna eðlilega aðgæzlu, en það merkir aðgæzlu í sama mæli og það sýnir við framkvæmd eigin starfsemi. Samkomulag er um, að bótaskylda Alusuisse vegna vanefnda í sambandi við að sýna eðlilega aðgæzlu sé takmörkuð við heildarþóknun þá, sem ISAL hefur greitt Alusuisse á næstu tólf mánuðum á undan tilkynningu um slíka bótakröfu, eða, ef minna en tólf mánuðir eru liðnir frá því að bræðslan tekur til starfa, við heildarþóknun, sem greidd hefur verið til dags þess, er slík tilkynning er gerð. Alusuisse er ekki bótaskylt gagnvart ISAL fyrir óbeinum eða afleiddum skaða vegna samnings þessa.

7. gr.

Almenn samkomulagsatriði.

7.01. ISAL mun fara með sem trúnaðarmál alla uppdrætti, sundurliðanir og önnur óbirt gögn, sem Alusuisse leggur til samkvæmt samningi þessum, og mun notfæra sér þetta eingöngu í þágu bræðslunnar.

7.02. Fulltrúum ISALs skal heimilt að skoða alla uppdrætti, verklýsingar og önnur tæknigögn, er varða bræðsluna, í skrifstofu Alusuisse í Zürich á venjulegum skrifstofutíma.

7.03. Aðilar samnings þessa semja á þeim grundvelli fyrir bræðsluna, er í aðalsamningnum greinir, þar með talið fyrsti áfangi bræðslunnar, fyrri stækkun bræðslunnar og síðari stækkun bræðslunnar. Verði bræðslan síðar stækkuð umfram afköst þau, er fyrirhuguð eru samkvæmt aðalsamningnum, skal samningur þessi, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, gilda áfram að öllu leyti þannig, að hann nái til bræðslunnar þannig stækkaðrar.

8. gr.

Lög þau, sem farið skal eftir.

Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að

öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

9. gr.

Ágreiningur og gerð.

9.01. Ef ágreiningur rís milli ríkisstjórnarinnar, annars vegar, og ISAL og Alusuisse, hins vegar, um skýringu, túlkun, framkvæmd eða áhrif ákvæða samnings þessa, eða um réttindi og skyldur samningsaðila, sem varða hagsmuni ríkisstjórnarinnar, meðan á samningstímabilinu stendur, eða síðar, þá skal farið með slíkan ágreining sem ágreining milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og skal honum vísað til íslenzkra dómstóla eða til íslenzks gerðardóms, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru því samþykk, en ef eigi næst samkomulag þar um, þá skal ágreiningnum vísað til alþjóðlegs gerðardóms, svo sem ákveðið er í 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins. Alþjóðlegrar gerðar skal leitað og henni hagað samkvæmt ákvæðum 47. gr. aðalsamningsins, og skal sú meðferð mála öðlast það gildi, sem þar er ákveðið, og fyrr nefndar 46. og 47. gr. eru hér með viðurkenndar og samþykktar, sem væru þær að öllu leyti hluti af samningi þessum.

9.02. Að tilskildum ákvæðum málsgr. 9.01, sem farið skal eftir um allt það, er við kemur ágreiningi um atriði, sem varða hagsmuni ríkisstjórnarinnar, skulu samningsaðilar leitast við að jafna sérhvern skoðanamun og ágreining, sem rísa kann þeirra í milli, með samningsumleitunum og leiðréttingum sín í milli. Ef samningsaðilar geta ekki jafnað slíkan skoðanamun eða ágreining sín í milli, þá skal slíku ósamþykki eða ágreiningi vísað til gerðardóms samkvæmt ákvæðum svissneskra gerðardómslaga, og meðferð málsins hagað samkvæmt þeim venjum og dómsköpum, sem þar gilda í þessu efni. Reglur þær um meðferð máls fyrir gerðardómi, sem Alþjóðaverzlunarráðið hefur viðurkennt, skulu gilda um slíka gerð. Vettvangur gerðar skal vera sá, sem gerðardómsmenn koma sér saman um, eða ef eigi næst samkomulag þar að lútandi, þá skal sá vettvangur vera í Zürich. Meiri hluti atkvæða innan gerðardóms skal ráða um sérhverja ákvörðun og úrskurð dómsins. Gerðardómurinn skal sjálfur kveða á um eigið valdssvið sitt og skal hann einnig ákveða á hvaða tungumáli málflutningur skal fara fram fyrir dóminum. Úrskurður gerðardóms skal vera skriflegur og þar skal greint frá þeim rökum, sem úrskurðurinn byggist á. Úrskurðurinn skal vera lokaniðurstaða og bindandi fyrir aðila samnings þessa, og fyrir hvern þann, sem heimilt er að hafa afskipti af og eiga aðild að slíkum málflutningi fyrir gerðardómi. Aðilar samnings þessa, og allir aðrir slíkir aðilar, sem hlut eiga að máli, skulu fara eftir dómi gerðardómsins í góðri trú. Slíkur dómur gerðardóms skal teljast vera jafnbindandi fyrir aðila sem væri hann endanlegur dómur æðsta dómstóls á Íslandi eða í Sviss. Hvenær sem slíkt á við skal dómur, samkvæmt ákvæðum þessum, tilgreina tímatakmörk, sem sett eru fyrir framkvæmd dómsins.

10. gr.

Ýmis ákvæði.

10.01. Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum má ekki framselja eða fela öðrum í heild eða að nokkru af hálfu annars hvors aðila án samþykkis hins aðilans og ríkisstjórnarinnar. Sérhvert slíkt meint framsal eða umboðsgjöf án samþykkis gagnaðila og ríkisstjórnarinnar, og án undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, er skráðir eru í 53. grein aðalsamningsins, skal vera ógilt og óvirkt.

10.02. Breytingar á samningi þessum skal aðeins gera með viðbótarsamningi, gerðum skriflega milli ISALs og Alusuisse og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Enga slíka breytingu má gera án samþykkis ríkisstjórnarinnar og undanfarandi tilkynninga til þeirra aðila, er skráðir eru í 53. grein aðalsamningsins.

10.03. Samningur þessi öðlast gildi á gildistökudegi aðalsamningsins og skal hann gilda áfram, þar til gildistíma aðalsamningsins lýkur eða honum er rift.

10.04. Opinber tungumál samnings þessa skulu vera íslenzka og enska, og skulu bæði málin vera jafngild.

10.05. Allar tilkynningar, sem krafizt er eða sem leyfðar eru samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar og gerðar á þann hátt og stílaðar til þeirra aðila, er greinir í 53. grein aðalsamningsins. Allar slíkar tilkynningar skulu öðlast gildi, eða frá þeim fallið, á þann hátt, sem þar greinir.

10.06. Fyrirsagnir á greinum samnings þessa eru ætlaðar til hagræðis við tilvísun eingöngu, og skulu þær ekki hafa áhrif á túlkun samnings þessa.

10.07. Samningur þessi er gerður í þremur frumritum, og er eitt handa hvorum aðila og eitt handa ríkisstjórninni. Gjöld vegna samningsgerðar þessarar skulu greidd af ISAL að svo miklu leyti sem þau falla til á Íslandi, en af Alusuisse að svo miklu leyti sem þau falla til í Sviss.

Þessu til staðfestu er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse dag þann, er greinir í upphafi.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

.....

.....

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

.....

Max Hintermann
framkvæmdastjóri

.....

John Wohnlich
framkvæmdastjóri

AÐSTOÐARSAMNINGUR — SALA

SAMNINGUR, gerður hinn dag mánaðar 1966

MILLI

ÍSLENZKA ÁLFÉLAGSINS HF. (hér eftir nefnt „ISAL"), íslenzks félags, sem stofnað er samkvæmt aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, dagsettum hinn 28. dag marzmánaðar 1966

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED, félags, sem stofnað er samkvæmt svissneskum lögum (hér eftir nefnt „Alusuisse")

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að ISAL ætlar, samkvæmt aðalsamningnum, að byggja og reka að Straumsvík á Íslandi álbræðslu með tilheyrandi mannvirkjum (hér eftir nefnd „bræðslan"); og

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse og dótturfélög Alusuisse starfrækja sölufyrirtæki um heim allan og hafa þekkingu og reynslu í álsölu, sem er haldið við með stöðugri markaðsrannsókn; og

MEÐ ÞVÍ að ISAL óskar eftir aðstoð Alusuisse við sölu á áli framleiddu í bræðslunni og Alusuisse samþykkir að veita slíka þjónustu; og

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin hefur hagsmuna að gæta í sambandi við góða sölu á áli framleiddu í bræðslunni og hagkvæmum rekstri hennar vegna þess sambands, sem er á milli slíks hagkvæms rekstrar og þess að ná tilgangi aðalsamningsins; og

MEÐ ÞVÍ að ríkisstjórnin er þess fýsandi, að Alusuisse veiti ISAL slíka þjónustu með þeim kjörum og skilyrðum, sem hér á eftir eru sérstaklega tilgreind;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.
Skýringar á orðum, sem notuð eru í samningi þessum.

1.01. Nema annars gerist þörf vegna samhengis, skulu eftirtalin orð, eins og þau eru notuð í samningi þessum, hafa þá merkingu, sem þeim er veitt í einstökum málsgreinum í 1. grein aðalsamningsins:

„Ríkisstjórnin"	málsgr.	1.01	(a)
„Alusuisse"	—	1.01	(b)
„ISAL"	—	1.01	(e)
„Dótturfélag Alusuisse"	—	1.01	(f)
„Fylgiskjöl"	—	1.02	
„Ál"	—	1.03	(a)
„Bræðslan"	—	1.03	(b)
„Gildistökudagur aðalsamnings"	—	1.03	(u)

2. gr.

Þjónusta og sérþekking, sem Alusuisse ber að láta í té.

2.01. Alusuisse skal koma fram sem einkaumboðsmaður við sölu fyrir ISAL um allan heim á heildarframleiðslu þeirri á áli, sem framleitt er í bræðslunni.

2.02. Sem slíkur einkaumboðsmaður við sölu er Alusuisse skylt að staðaldri að beita sér, svo sem framast er unnt, við að örva og ná hámarkssölu á áli, sem framleitt er í bræðslunni, allt eins og fyrirhugað er í og samkvæmt ákvæðum 6. greinar samnings þessa.

3. gr.

Álsala ISALs.

3.01. Pantanir á áli, sem framleitt er í bræðslunni, skulu berast ISAL um hendur Alusuisse. ISAL getur samþykkt sérhverja pöntun, er berst frá Alusuisse, eða hafnað henni, en engin pöntun skal álitin samþykkt, fyrr en kaupandi hefur fengið skriflegt samþykki frá ISAL.

3.02. ISAL skal framkvæma allar pantanir og bera ábyrgð á, að allir söluskilmálar verði efndir. Sölureikningar skulu gerðir af og í nafni ISALs og greiðslur inntar af hendi til félagsins, en það tekur á sig alla áhættu á gjaldfrestum. Samrit allra sölureikninga og farmskjala og allra fyrirspurna, sem ISAL berast í sambandi við sölu á áli framleiddu í bræðslunni, skal ISAL láta Alusuisse í té.

3.03. Nema annað sé tilgreint af hálfu kaupanda, skal ábyrgzt að ólegerað ál sé minnst níutíu og níu 50/100 af hundraði (99.5%) að hreinleika. Sérhverri sendingu frá bræðslunni skulu fylgja vottorð frá rannsóknarstofu í samræmi við alþjóðlegar kröfur. Állegeringum, hráállegeringum og öðrum tilteknum afurðum til venjulegra nota í verzlun skulu fylgja sams konar vottorð, ef kaupandi krefst þess.

3.04. Alusuisse og dótturfélögum Alusuisse skal heimilt að kaupa að nokkru eða fullu álframleiðslu bræðslunnar. Kaup Alusuisse og dótturfélaga Alusuisse skulu gerð á verði og með skilmálum og skilyrðum, er séu eigi óhagstæðari fyrir ISAL en sérhverjum þriðja kaupanda væru venjulega veitt við sams konar sölur á sama tíma.

4. gr.

Vörumerki.

4.01. Í sambandi við ál, sem framleitt er í bræðslunni, veitir Alusuisse hér með ISAL óskorað og óframseljanlegt leyfi til notkunar á vörumerkjum og vöruheitum, sem nú eru eða síðar kunna að vera í eigu Alusuisse og dótturfélaga Alusuisse, með því skilyrði, að vörurnar séu samsvarandi þeim, sem slík vörumerki og vöruheiti eru notuð um.

4.02. Í því skyni, að ákvæðin í málsgrein 4.01 komi að fullu gagni, samþykkir Alusuisse að gefa út þau leyfi og framsöl til handa ISAL, sem kunna að vera þörf eða nauðsynleg til fullra nota á slíkum vörumerkjum og vöruheitum.

5. gr.

Þóknun til Alusuisse.

5.01. Sem þóknun fyrir þjónustu þá, er Alusuisse veitir samkvæmt samningi þessum, greiðir ISAL Alusuisse umboðslaun er nemi einum og hálfum af hundraði (1½%) af sölureikningsverði alls áls, sem afgreitt er frá bræðslunni, að frádregnum öllum afslætti eða ábata, sem kann að hafa verið veittur.

5.02. Umboðslaun þau, er um ræðir í málsgrein 5.01, eru gjaldfallin síðasta dag almanaksársfjórðungs þess, er greiðslur berast ISAL, og skal greiða þau innan þrjátíu daga. Eigi síðar en á tíunda degi eftir lok hvers almanaksársfjórðungs,

skal ISAL gera skilagrein um öll umboðslaun, sem til falla handa Alusuisse á hlutaðeigandi ársfjórðungi. Er samningur þessi fellur úr gildi, skulu öll umboðslaun gjaldfallin á slíkum lokadegi, og skulu kræf, hvort sem greiðslur fyrir selt ál hafa borizt ISAL eða eigi.

5.03. Umboðslaun þau, er um getur í málsgrein 5.02, skulu greidd Alusuisse með innborgun í reikning þess hjá Schweizerische Kreditanstalt í Zürich. Öllum greiðslum, sem eru eigi reiknaðar í svissneskum frönkum, skal breytt í svissneska franka á því gengi, sem Schweizerische Kreditanstalt auglýsir sem gildandi á þeim degi, er greiðsla er gjaldfallin. Allar slíkar greiðslur skal inna af hendi með nettófjárhæð án frádráttar vegna yfirfærslukostnaðar.

6. gr.

Mælikvarði á þjónustu, sem Alusuisse lætur í té.

6.01. Í starfi sínu sem einkaumboðsmaður við sölu fyrir ISAL skal Alusuisse ávallt leggja sig fram svo sem framast er unnt við útvegun á pöntunum, við að láta í té alla aðra aðstoð við sölu og dreifingu, og við að fá bezta fáanlegt verð, kjör og skilyrði handa ISAL og að örva og auka sölu á áli framleiddu í bræðslunni.

6.02. Það er á ábyrgð ISALs eins að fást við sérhverjar kvartanir, sem fram koma í sambandi við sölu á áli framleiddu í bræðslunni, þar með taldar hvers konar kröfur, er fram kunna að vera settar í því sambandi. Að beiðni ISALs skal Alusuisse aðstoða ISAL við að halda uppi vörn gagnvart slíkum kröfum. Ef Alusuisse verður krafið um skaðabætur af þriðja aðila í sambandi við einhverja sölu, skal ISAL bæta og halda Alusuisse skaðlausu af allri bótaskyldu, þar með talin öll útgjöld í því sambandi, nema í sambandi við hvert það mál, þar sem Alusuisse dæmist bótaskylt vegna gáleysis eða misferlis við efndir á skyldum sínum samkvæmt samningi þessum.

7. gr.

Almennir skilmálar.

7.01. ISAL skal jafnan veita Alusuisse upplýsingar um framleiðsluáætlun bræðslunnar og magn það af áli, sem fyrir hendi er til sölu, og fulltrúar aðila skulu hittast á tveggja mánaða fresti til að ræða öll vandamál, er varða sölu á áli. Eigi síðar en hinn fyrsta október ár hvert, skal ISAL tilkynna Alusuisse um spá um framleiðsluáætlun verksmiðjunnar fyrir næsta ár.

7.02. Alusuisse skal heimilt að skoða gögn ISALs í sambandi við útreikning á þóknun þeirri, er um ræðir í 5. grein samnings þessa og að láta endurskoða slík gögn af óháðum löggiltum endurskoðanda, er viðurkenningar nýtur, sem Alusuisse tilnefnir og ISAL samþykkir.

8. gr.

Lög, sem farið skal eftir.

Samning þennan ber að skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti fer um skýringu, túlkun og framkvæmd, gildi og áhrif samnings þessa, að íslenzkum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal þeim grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

9. gr.

Ágreiningur og gerð.

9.01. Ef ágreiningur rís milli ríkisstjórnarinnar, annars vegar, og ISAL og Alusuisse, hins vegar, um skýringu, túlkun, framkvæmd eða áhrif ákvæða samnings þessa, eða um réttindi og skyldur samningsaðila, sem varða hagsmuni ríkis-

stjórnarinnar, meðan á samningstímabilinu stendur, eða síðar, þá skal farið með slíkan ágreining sem ágreining milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, og skal honum vísað til íslenzkra dómstóla eða til íslenzks gerðardóms, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru því samþykk, en ef eigi næst samkomulag þar um, þá skal ágreiningnum vísað til alþjóðlegs gerðardóms, svo sem ákveðið er í 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins. Alþjóðlegrar gerðar skal leitað og henni hagað samkvæmt ákvæðum 46. gr. aðalsamningsins, og skal sú meðferð mála öðlast það gildi, sem þar er ákveðið, og fyrr nefndar 46. gr. og 47. gr. eru hér með viðurkenndar og samþykktar, sem væru þær að öllu leyti hluti af samningi þessum.

9.02. Að tilskildum ákvæðum málsgr. 9.01, sem farið skal eftir um allt það, er við kemur ágreiningi um atriði, sem varða hagsmuni ríkisstjórnarinnar, skulu samningsaðilar leitast við að jafna sérhvern skoðanamun og ágreining, sem rísa kann þeirra í milli, með samningsumleitunum og leiðréttingum sín á milli. Ef samningsaðilar geta ekki jafnað slíkan skoðanamun eða ágreining sín í milli, þá skal slíku ósamþykki eða ágreiningi vísað til gerðardóms samkvæmt ákvæðum svissneskra gerðardómslaga, og meðferð málsins hagað samkvæmt þeim venjum og dómsköpum, sem þar gilda í þessu efni. Reglur þær um meðferð máls fyrir gerðardómi, sem Alþjóðaverzlunarráðið hefur viðurkennt, skulu gilda um slíka gerð. Vettvangur gerðar skal vera sá, sem gerðardómsmenn koma sér saman um, eða ef eigi næst samkomulag þar að lútandi, þá skal sá vettvangur vera í Zürich. Meiri hluti atkvæða innan gerðardóms skal ráða um sérhverja ákvörðun og úrskurð dómsins. Gerðardómurinn skal sjálfur kveða á um eigin valdssvið sitt og skal hann einnig ákveða á hvaða tungumáli málflutningur skal fara fram fyrir dóminum. Úrskurður gerðardóms skal vera skriflegur og þar skal greint frá þeim rökum, sem úrskurðurinn byggist á. Úrskurðurinn skal vera lokaniðurstaða og bindandi fyrir aðila samnings þessa, og fyrir hvern þann, sem heimilt er að hafa afskipti af og eiga aðild að slíkum málflutningi fyrir gerðardómi. Aðilar samnings þessa, og allir aðrir slíkir aðilar, sem hlut eiga að máli, skulu fara eftir dómi gerðardómsins í fullum trúnaði. Slíkur dómur gerðardóms skal teljast vera jafnbindandi fyrir aðila sem væri hann endanlegur dómur æðsta dómstóls á Íslandi eða í Sviss. Hvenær sem slíkt á við skal dómur, samkvæmt ákvæðum þessum, tilgreina tímatakmörk, sem sett eru fyrir framkvæmd dómsins.

10. gr.
Ýmis ákvæði.

10.01. Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum má ekki framselja eða fela öðrum í heild eða að nokkru af hálfu annars hvors aðila án samþykkis hins aðilans og án undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, er greinir í 53. grein aðalsamningsins, og samþykkis ríkisstjórnarinnar, þó þannig, að Alusuisse geymir sér rétt til að framselja réttindi sín og fela skyldur sínar samkvæmt samningi þessum eftirtöldum:

a) Anglo-Swiss Aluminium Co. Ltd., Sheffield, Englandi, vegna markaðsins í Stóra-Bretlandi.

b) Aluminium-Industri-Gemeinschaft Konstanz, GmbH, Konstanz, Þýzkalandi, vegna þýzka markaðsins;

c) Centro Alluminio S.p.A. (Alucentro), Milano, Ítalíu, vegna ítalska markaðsins;

d) AIAG Metals Inc. New York, New York, vegna Bandaríkjamarkaðsins; eða

e) sérhverri annarri nýrri eða núverandi sölustofnun Alusuisse, hvort sem hún er dótturfélag Alusuisse eða ekki, vegna dreifingar áls í einstöku ríki eða mörgum.

10.02. Breytingar á samningi þessum skal aðeins gera með viðbótarsamningi, gerðum skriflega milli ISALs og Alusuisse og að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Enga slíka breytingu má gera án samþykkis ríkisstjórnarinnar og undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, er skráðir eru í 53. grein aðalsamningsins.

10.03. Samningur þessi öðlast gildi á gildistökudegi aðalsamningsins og skal hann gilda áfram, þar til gildistíma aðalsamningsins lýkur eða honum er rift.

10.04. Opinber tungumál samnings þessa skulu vera íslenzka og enska, og skulu bæði málin jafngild.

10.05. Allar tilkynningar, sem krafizt er eða sem leyfðar eru samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar og gerðar á þann hátt og stílaðar til þeirra aðila, er greinir í 53. grein aðalsamningsins. Allar slíkar tilkynningar skulu öðlast gildi eða frá þeim fallið á þann hátt, sem þar greinir.

10.06. Fyrirsagnir á greinum samnings þessa eru ætlaðar til hagræðis og leiðbeiningar eingöngu, og skulu þær ekki hafa áhrif á túlkun samnings þessa.

10.07. Samningur þessi er gerður í þremur frumritum, og er eitt handa hvorum aðila og eitt handa ríkisstjórninni. Gjöld vegna samningsgerðar þessarar skulu greidd af ISAL að svo miklu leyti sem þau falla til á Íslandi, en af Alusuisse að svo miklu leyti sem þau falla til í Sviss.

Þessu til staðfestu er samningur þessi undirritaður af hálfu ISALs og Alusuisse dag þann, er greinir í upphafi.

Fyrir ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.

.....

.....

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

.....

Max Hintermann
framkvæmdastjóri

.....

John Wohnlich
framkvæmdastjóri

SAMNINGUR UM FRAMKVÆMDATRYGGINGU

SAMNINGUR, gerður hinn 28. dag marzmánaðar 1966

MILLI

RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS (hér á eftir nefnd „ríkisstjórnin"),

ANNARS VEGAR

OG

SWISS ALUMINIUM LIMITED (hér á eftir nefnt „Alusuisse"), félags, sem stofnsett er samkvæmt svissneskum lögum

HINS VEGAR

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse er, samkvæmt aðalsamningnum milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, sem ber sömu dagsetningu og samningur þessi (hér á eftir nefndur „aðalsamningur") skuldbundið til þess að byggja og útbúa álbræðslu, er reisa ber við Straumsvík á Suðvesturlandi fyrir milligöngu Íslenzka Álfélagsins hf. (hér á eftir nefnt „ISAL"), sem er íslenzkt félag, stofnsett samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins; og

MEÐ ÞVÍ að Landsvirkjun, sem stofnuð er samkvæmt lögum nr. 59 20. maí 1965, er skuldbundin með ákvæðum aðalsamningsins til að byggja og setja upp Búrfellsvirkjun, sem ásamt viðtengdu kerfi mun leggja til það rafmagn, sem þarf til rekstrar bræðslunnar, en ríkisstjórnin hefur ábyrgzt þá skuldbindingu Landsvirkjunar samkvæmt ákvæðum a)-liðs málsgr. 3.01 í aðalsamningnum; og

MEÐ ÞVÍ að bygging Búrfellsvirkjunar verður að hefjast um það bil einu ári áður en bygging fyrsta áfanga bræðslunnar hefst; og

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse hefur, samkvæmt ákvæðum a)-liðs málsgr. 3.03 í aðalsamningnum, ábyrgzt þá skuldbindingu ISALs að byggja bræðsluna, og Alusuisse æskir þess að veita tryggingu fyrir þeirri ábyrgð með því að undirrita þennan samning um framkvæmdatryggingu samkvæmt ákvæðum málsgr. 3.06 í aðalsamningnum; og

MEÐ ÞVÍ að Alusuisse hefur samið um það við Schweizerische Kreditanstalt, bankastofnun, sem stofnsett er samkvæmt svissneskum lögum (hér á eftir nefnd „SKA"), til frekari stuðnings þeirri framkvæmdatryggingu, sem Alusuisse lætur í té, að SKA gefi út og afhendi ríkisstjórninni skilyrðislausa bankatryggingu, samkvæmt skilmálum þeim og skilyrðum, sem greinir hér á eftir;

ER HÉR MEÐ GERÐUR EFTIRFARANDI SAMNINGUR:

1. gr.
Skýringar á orðum, sem notuð eru í samningi þessum.

1.01. Eftirtalin orð, eins og þau eru notuð í samningi þessum, skulu hafa þá merkingu, sem þeim er veitt í nefndum málsgreinum 1. greinar aðalsamningsins, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

„Ríkisstjórnin“	málsgr.	1.01	(a)
„Alusuisse“	—	1.01	(b)
„Landsvirkjun“	—	1.01	(c)
„ISAL“	—	1.01	(e)
„Fylgiskjöl“	—	1.02	
„Fylgisamningar“	—	1.02	
„Bræðslan“	—	1.03	(b)
„Bræðslulóð“	—	1.03	(d)
„Fyrsti áfangi bræðslunnar“	—	1.03	(e)
„Búrfellsvirkjun“	—	1.03	(j)
„Gildistökudagur aðalsamnings“	—	1.03	(u)

1.02. Eftirfarandi orð, sem fyrir koma í samningi þessum, skulu hafa þá merkingu, sem hér segir, nema annars gerist þörf vegna samhengis:

a) „SKA“ merkir Schweizerische Kreditanstalt, svissneska bankastofnun, sem stofnuð er samkvæmt svissneskum lögum og hefur aðalaðsetur sitt í Zürichborg í Sviss.

b) „Bankatrygging“ merkir ábyrgðarskjal það, sem SKA gefur út í þeim tilgangi, sem segir í 2. gr., í öllu verulegu samhljóða fylgiskjali A með samningi þessum, til staðfestingar loforði sínu um að inna af hendi greiðslu á svissneskum frönkum með þeirri fjárhæð, á þeim tíma og með þeim skilmálum, sem greinir í samningi þessum.

c) „Gildandi höfuðstóll“ merkir fjárhæð höfuðstóls bankatryggingarinnar eins og hann er ákveðinn og breytist á hverjum tíma til hækkunar eða lækkunar samkvæmt ákvæðum málsgr. 3.02, 3.03 og 3.04.

d) „Hækkunarvottorð“ merkir vottorð, útgefið af Seðlabankanum samkvæmt ákvæðum málsgr. 3.03 í öllu verulegu samhljóða fylgiskjali B með samningi þessum, í í þeim tilgangi að hækka gildandi höfuðstól og taka fram upphæð þess kostnaðar, sem Landsvirkjun hefur lagt út á útgáfudegi vottorðsins vegna byggingar og uppsetningar Búrfellsvirkjunar.

e) „Lækkunarvottorð“ merkir vottorð, útgefið af Seðlabankanum samkvæmt málsgr. 3.04 í öllu verulegu samhljóða fylgiskjali C með samningi þessum, í þeim tilgangi að lækka gildandi höfuðstól og taka fram upphæð þess kostnaðar, sem ISAL hefur lagt út á útgáfudegi vottorðsins vegna byggingar og búnaðar fyrsta áfanga bræðslunnar.

f) „Kostnaður“ merkir upphæðir þær, sem hafa verið greiddar (hvort heldur er í reiðufé eða með lánveitingum) eftir 1. janúar 1966 af hálfu Landsvirkjunar, og á eða eftir gildistökudag aðalsamningsins af hálfu ISALs, fyrir tæki og búnað, efni, vinnu og þjónustu (þar á meðal kostnaður við skipulag og fjáröflun), sem Landsvirkjun eða ISAL hafa verið látin í té og þau orðið ábyrg fyrir hvort um sig, eftir því sem við á, eftir þau tímamörk, sem að ofan greinir, vegna i) byggingar og uppsetningar Búrfellsvirkjunar eða ii) byggingar og búnaðar bræðslunnar. Kostnaði, sem stofnað er til í gjaldeyri öðrum en íslenzkum gjaldeyri, skal breytt í svissneska franka á því gengi, er SKA birtir sem gildandi á þeim degi, sem til slíks kostnaðar er stofnað. Kostnaði, sem stofnað er til í íslenzkum krónum, skal breytt í svissneska franka með kaupgengi því, er Seðlabankinn birtir sem gildandi á þeim degi, sem til slíks kostnaðar er stofnað.

g) „Upphaf að byggingu bræðslunnar“ merkir i) þann dag, eftir því sem Seðlabankinn staðfestir hann við SKA samkv. ákvæðum málsgr. 3.05, sem efnisleg bygging fyrsta áfanga bræðslunnar er hafin með beitingu og fyrstu notkun ISALs á búnaði, efni, vinnuafli og annarri þjónustu á bræðslulóðinni, að verulegu og viðeigandi marki, við fyrsta áfanga byggingarframkvæmda, þar með talin jöfnun og sléttun, samkvæmt samfelldri starfsáætlun, er miði að því að ljúka byggingu á fyrsta áfanga bræðslunnar samkvæmt áætlun í samræmi við ákvæði aðalsamningsins

(prófboranir og önnur svipuð könnunar- og undirbúningsvinna skal ekki teljast vera upphaf að byggingu bræðslunnar), eða ii) þann dag, sem er 24 mánuðum eftir gildistökudag aðalsamningsins, hvor sem fyrri er.

h) „Seðlabankinn“ merkir Seðlabanka Íslands, bankastofnun, er stofnuð var með lögum nr. 10/1961, og hefur aðalskrifstofu sína í Reykjavík á Íslandi.

i) „Endurskoðandi Landsvirkjunar“ á við Svavar Pálsson, löggiltan endurskoðanda, eða hvern þann einstakling annan, sem tilnefndur er samkvæmt samningi þessum og Landsvirkjun fullgildir sem slíkan gagnvart Seðlabankanum.

j) „Endurskoðandi ISALs“ á við Eyjólf K. Sigurjónsson, löggiltan endurskoðanda, eða hvern þann einstakling annan, sem tilnefndur er samkvæmt samningi þessum og ISAL fullgildir sem slíkan gagnvart Seðlabankanum.

2. gr.
Tilgangur bankatryggingarinnar.

Framkvæmdatryggingu þeirri, sem látin er í té með samningi þessum, er ætlað að tryggja það, að Alusuisse sjái um, að ISAL uppfylli réttilega og skilvíslega þá skuldbindingu sína, að byggja og útbúa fyrsta áfanga bræðslunnar eftir því, sem ákveðið er og samkvæmt skilmálum aðalsamningsins og rafmagnssamningsins og ef svo skyldi fara, að ISAL uppfylli ekki þá skuldbindingu sína með þeim hætti, að tryggja ríkisstjórninni og Landsvirkjun skjóta og skilyrðislausa greiðslu tilskilinna skaðabóta. Framkvæmdatryggingunni er ekki ætlað að hafa áhrif á skaðabætur þær, sem til kunna að koma samkvæmt aðalsamningnum eða hinum fylgisamningunum, nema að því er tekur til skaðabóta, eftir því sem þær eru tilskildar í samningi þessum, fyrir vanefnd á þeirri skuldbindingu Alusuisse að sjá um, að ISAL byggi og útbúi fyrsta áfanga bræðslunnar réttilega og skilvíslega, og þeirri skuldbindingu ISALs að framkvæma það verk. Ef til vanefndar kemur, skal eigi litið svo á, að greiðsla SKA á tilskildum skaðabótum samkvæmt ákvæðum samnings þessa ákvarði upphæð eiginlegra skaðabóta vegna slíkrar vanefndar, heldur skal greiðslan einungis teljast vera innborgun í reikning, er háð verði leiðréttingu síðar, þegar og eftir því sem hinar eiginlegu skaðabætur verða ákvarðaðar samkvæmt ákvæðum málsgr. 5.03. Ákvæði samnings þessa skulu einungis vera í gildi meðan bygging fyrsta áfanga bræðslunnar stendur yfir og fyrir þann tíma, og skulu þau talin viðauki við en eigi takmörkun á aðalsamningnum eða hinum fylgisamningunum.

3. gr.
Ákvæði, afhending og upphæð bankatryggingarinnar; upphaf að byggingu bræðslunnar.

3.01. Bankatrygging sú, sem Alusuisse lætur ríkisstjórninni í té samkvæmt ákvæðum samnings þessa og sem í öllu verulegu skal vera samhljóða fylgiskjali A, skal staðfesta skuldbindingu SKA um að inna af hendi greiðslu til ríkisstjórnarinnar, með þeim skilmálum, sem greindir eru hér á eftir, á gildandi höfuðstól bankatryggingarinnar, eins og hann kann að vera á hverjum tíma. Gildandi höfuðstóll bankatryggingarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, skal vera hinn sami og sýndur er í bókum SKA. Hækkanir og lækkanir á gildandi höfuðstól skulu skráðar í bækur SKA eftir því sem dagsetningar þær og skilyrði, sem tiltekin eru í málsgreinum 3.03 og 3.04, eiga sér stað og segja til um, enda hafi stofnunin fengið í hendur hækkunar- eða lækkunarvottorð þau, eftir því sem við á, sem ráð er fyrir gert í 5. og 6. gr. Hvenær sem hækkun eða lækkun á sér stað, skal SKA senda ríkisstjórninni og Alusuisse tilkynningu þar að lútandi, svo og þeim aðilum öðrum, sem nefndir eru í málsgr. 11.05.

3.02. Bankatryggingin skal dagsett á gildistökudegi aðalsamningsins og afhent ríkisstjórninni á þeim degi, og skal höfuðstóll hennar í upphafi nema 5

milljónum svissneskra franka. Sá höfuðstóll skal vera gildandi höfuðstóll bankatryggingarinnar þar til við hann hefur verið aukið á þann hátt, sem tilgreint er hér á eftir.

3.03. Hvert sinn sem Seðlabankinn hefur gefið út hækkunarvottorð og afhent það SKA, skal SKA við móttöku þess hækka gildandi höfuðstól á þeim dögum og að því marki, sem hér segir:

a) Þann dag, sem sex mánuðir eru liðnir frá gildistökudegi aðalsamningsins, skal gildandi höfuðstóll tryggingarinnar hækkaður upp í 10 milljónir svissneskra franka, enda hafi fyrsta hækkunarvottorðið þá verið fengið í hendur, og skal hann nema þeirri upphæð, þar til hann verður hækkaður á nýjan leik;

b) Þann dag, sem níu mánuðir eru liðnir frá gildistökudegi aðalsamningsins, skal gildandi höfuðstóll hækkaður upp í 15 milljónir svissneskra franka, enda hafi annað hækkunarvottorðið þá verið fengið í hendur, og skal hann nema þeirri upphæð, þar til hann verður hækkaður á nýjan leik; og

c) Þann dag, sem tólf mánuðir eru liðnir frá gildistökudegi aðalsamningsins, enda hafi þriðja hækkunarvottorðið þá verið fengið í hendur, skal gildandi höfuðstóll hækkaður upp í 20 milljónir svissneskra franka, og skal hann nema þeirri upphæð, þar til hann verður síðar lækkaður.

3.04. Hinn gildandi höfuðstóll skal nema 20 milljónum svissneskra franka þar til sex mánuðir eru liðnir frá upphafi að byggingu bræðslunnar. Hvert sinn sem Seðlabankinn hefur gefið út lækkunarvottorð og SKA hefur veitt því móttöku skal hinn gildandi höfuðstóll lækkaður á þeim dögum og að því marki, sem hér segir:

a) Þann dag, sem sex mánuðir eru liðnir frá upphafi að byggingu bræðslunnar, skal gildandi höfuðstóll lækkaður niður í 15 milljónir svissneskra franka, enda hafi fyrsta lækkunarvottorðið verið fengið í hendur, og skal hann nema þeirri upphæð, þar til hann verður lækkaður á nýjan leik;

b) Þann dag, sem níu mánuðir eru liðnir frá upphafi að byggingu bræðslunnar, skal gildandi höfuðstóll lækkaður niður í 10 milljónir svissneskra franka, enda hafi annað lækkunarvottorðið verið fengið í hendur, og skal hann nema þeirri upphæð, þar til hann verður lækkaður á nýjan leik;

c) Þann dag, sem tólf mánuðir eru liðnir frá upphafi að byggingu bræðslunnar, skal gildandi höfuðstóll lækkaður niður í 5 milljónir svissneskra franka, enda hafi þriðja lækkunarvottorðið verið fengið í hendur, og skal hann nema þeirri upphæð, þar til hann verður lækkaður á nýjan leik; og

d) Þann dag, sem fimmtán mánuðir eru liðnir frá upphafi að byggingu bræðslunnar, enda hafi fjórða lækkunarvottorðið verið fengið í hendur, skal bankatryggingin úr gildi felld.

3.05. Fljótlega eftir að efnisleg bygging fyrsta áfanga bræðslunnar er hafin, eins og ráðgert er í lið i) í orðskýringunni „upphaf að byggingu bræðslunnar“, skal ISAL staðfesta við Seðlabankann, að bygging fyrsta áfanga sé hafin og hvaða dag hún hófst, og þegar Seðlabankinn hefur gengið úr skugga um, að rétt sé frá greint um þessi efni, skal hann gefa út og afhenda SKA vottorð, sem greini frá þessu og hvern dag byggingarframkvæmdir hófust. Seðlabankinn skal senda ríkisstjórninni og Alusuisse, svo og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í málsgr. 11.05, afrit af þessu vottorði.

4. gr.
Hækkunarvottorð.

4.01. Seðlabankinn skal gefa út og afhenda SKA hækkunarvottorð sín, þegar hann hefur gengið úr skugga um, eftir því sem hann telur nægja, að Landsvirkjun hafi varið kostnaði, sem nemur þeim heildarfjárhæðum, sem tilgreindar eru hér á eftir, til byggingar og uppsetningar Búrfellsvirkjunar á þeim degi að telja, sem til-

greindur er á hverju hækkunarvottorði. Kostnaður sá samanlagður frá upphafi, sem Landsvirkjun þarf að hafa lagt út í þessu skyni, sem skilyrði fyrir því, að Seðlabankinn gefi út hækkunarvottorð nr. 1, 2 og 3, skal vera sem hér segir:

a) Hækkunarvottorð nr. 1: 10 milljónir svissneskra franka;
b) Hækkunarvottorð nr. 2: 15 milljónir svissneskra franka; og
c) Hækkunarvottorð nr. 3: 20 milljónir svissneskra franka.

4.02. Nú nemur kostnaður Landsvirkjunar, vegna byggingar og uppsetningar Búrfellsvirkjunar, ekki þeirri heildarupphæð, sem við á og tilgreind er í málsgr. 4.01, miðað við þann dag, sem við á og tilgreindur er í málsgr. 3.03, og skal þá Seðlabankinn ekki gefa út hækkunarvottorð sitt, og skal engin breyting eiga sér stað á gildandi höfuðstól bankatryggingarinnar á þeim degi. Hvenær sem slíkt á sér stað skal bankatryggingin vera áfram í gildi með sama gildandi höfuðstól og áður, um sex mánaða skeið frá þeim sama degi að telja. Ef Landsvirkjun hefur á þessu sex mánaða tímabili lagt út kostnað, sem í heild nemur þeirri fjárhæð, sem þarf til þess að heimila útgáfu á hækkunarvottorði, þá skal Seðlabankinn gefa það út og afhenda SKA, og gildandi höfuðstóll bankatryggingarinnar skal þar með hækkaður um þá upphæð, sem hækkunarvottorðið gerir ráð fyrir. Í slíku tilfelli skal næsta dagsetning, eða dagsetningar, sem hækkun á gildandi höfuðstól skal miðast við, færast fram, þannig, að þær falli með þriggja mánaða millibili, talið frá dagsetningu þeirrar hækkunar, sem frestað hafði verið. Skal SKA tilkynna ríkisstjórninni og Alusuisse svo og öðrum þeim aðilum, sem nefndir eru í málsgr. 11.05, um slíka breytingu dagsetninga. Nú hefur Seðlabankinn á því sex mánaða tímabili, sem hér um ræðir, eigi gefið út og afhent SKA slíkt hækkunarvottorð og skal bankatryggingin þá afturkölluð og felld úr gildi af hálfu SKA, og samningur þessi jafnframt úr gildi falla.

4.03. Seðlabankinn skal afhenda endurskoðanda ISALs afrit af hverju hækkunarvottorði, og skal honum heimilt að sannreyna grundvöll þann, er hækkunarvottorðið hvílir á, eftir því sem hann telur nægja. Nú vefengir endurskoðandi ISALs gildi þess grundvallar, og er Alusuisse þá heimilt að tilkynna það ríkisstjórninni og SKA og að leggja slíka vefengingu í gerð samkvæmt ákvæðum 10. gr. Hins vegar skal hvorki sú staðreynd, að slík vefenging hefur komið fram, né úrskurður gerðardóms um hana, valda töfum eða á annan hátt hafa áhrif á útgáfu og afhendingu síðari hækkunarvottorða, hækkun gildandi höfuðstóls eða traust SKA á hverju og einu hækkunarvottorði.

5. gr.
Lækkunarvottorð.

5.01. Seðlabankinn skal gefa út og afhenda SKA lækkunarvottorð sín, þegar hann hefur gengið úr skugga um það eftir því, sem hann telur nægja, að ISAL hafi varið kostnaði, sem nemur þeim heildarfjárhæðum, sem tilgreindar eru hér á eftir, til byggingar og búnaðar fyrsta áfanga bræðslunnar, eftir því sem við á, frá þeim degi að telja, sem tilgreindur er á hverju slíku lækkunarvottorði. Kostnaður sá samanlagður frá upphafi, sem ISAL þarf að hafa lagt út í þessu skyni sem skilyrði fyrir því, að Seðlabankinn gefi út lækkunarvottorð nr. 1, 2, 3 og 4, skal vera sem hér segir:

a) Lækkunarvottorð nr. 1: 5 milljónir svissneskra franka;
b) Lækkunarvottorð nr. 2: 10 milljónir svissneskra franka;
c) Lækkunarvottorð nr. 3: 15 milljónir svissneskra franka; og
d) Lækkunarvottorð nr. 4: 20 milljónir svissneskra franka.

5.02. Nú nemur kostnaður ISALs vegna byggingar og búnaðar fyrsta áfanga bræðslunnar ekki þeirri heildarfjárhæð, sem við á og tilgreind er í málsgr. 5.01, á þeim degi, sem við á og tilgreindur er í málsgr. 3.04, og skal þá Seðlabankinn ekki gefa út lækkunarvottorð sitt og engin breyting eiga sér stað, þann tilgreinda dag

á gildandi höfuðstól bankatryggingarinnar. Hvenær, sem slíkt á sér stað, skal bankatryggingin haldast í gildi með sama gildandi höfuðstól og áður, um sex mánaða skeið frá þeim sama degi að telja. Ef ISAL hefur á þessu sex mánaða tímabili lagt út kostnað, sem í heild nemur þeirri fjárhæð, er þarf til þess að heimila útgáfu á lækkunarvottorði, þá skal Seðlabankinn gefa það út og afhenda SKA, og hinn gildandi höfuðstóll bankatryggingarinnar skal þar með lækkaður um þá fjárhæð, sem lækkunarvottorðið segir til um. Í slíku tilfelli skal næsta dagsetning eða dagsetningar, sem lækkun á gildandi höfuðstól skal miðast við, færast fram þannig, að þær falli með þriggja mánaða millibili, talið frá dagsetningu þeirrar lækkunar, sem frestað hafði verið. Skal SKA tilkynna ríkisstjórninni og Alusuisse, svo og öðrum þeim aðilum, sem tilgreindir eru í málsgr. 11.05, um slíka breytingu dagsetninga. Nú hefur Seðlabankinn á því sex mánaða tímabili, sem hér er tilgreint, eigi gefið út og afhent SKA slíkt lækkunarvottorð, og skal SKA þar með inna af hendi greiðslu til ríkisstjórnarinnar á þeirri fjárhæð, sem þá er gildandi höfuðstóll bankatryggingarinnar, sem tilskildum skaðabótum í þeim tilgangi, sem mælt er í 2. gr. Skal bankatryggingin þá og afturkölluð og úr gildi felld af hálfu SKA, og samningur þessi jafnframt úr gildi falla.

5.03. Ef risin er deila milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar um tilvist eða umfang nokkurrar skaðabótaábyrgðar samkvæmt samningi þessum, þegar SKA innir af hendi greiðslu til ríkisstjórnarinnar á gildandi höfuðstól bankatryggingarinnar sem tilskildum skaðabótum, þá skal sú greiðsla til ríkisstjórnarinnar á engan hátt hafa áhrif á lausn slíks ágreinings, hvort heldur er með sáttum, dómi eða gerðardómsúrskurði, og fjárhæð slíkra tilskilinna skaðabóta skal teljast hafa verið greidd upp í eiginlegar skaðabætur, ef sátt aðila, dómur eða úrskurður gerðardóms hefur það í för með sér, að veittar hafa verið hærri bætur en sem fjárhæðinni nemur. Nú hefur sátt aðila, dómur eða úrskurður gerðardóms úrskurðað lægri bætur en sem svarar hinum tilskildu skaðabótum, eða fallið Alusuisse í vil, og skal ríkisstjórnin þá greiða til baka mismuninn eða heildarupphæð slíkra tilskilinna skaðabóta, eftir því sem við á, með vöxtum, sem nema fimm af hundraði (5%) á ári. Í grein þessari er með eiginlegum skaðabótum átt við skaðabætur, sem viðurkenndar hafa verið í sáttargerð eða úrskurðaðar fyrir dómstóli eða gerðardómi, samkvæmt kröfu annars samningsaðila.

5.04. Seðlabankinn skal afhenda endurskoðanda Landsvirkjunar afrit af hverju lækkunarvottorði, og skal honum heimilt að sannreyna grundvöll þann, er lækkunarvottorðið hvílir á, eftir því sem hann telur nægja. Nú vefengir endurskoðandi Landsvirkjunar gildi þess grundvallar, og er ríkisstjórninni þá heimilt að tilkynna það Alusuisse og SKA og að leggja slíkan ágreining í gerð, samkvæmt ákvæðum 10. gr. Hins vegar skal hvorki sú staðreynd, að slík vefenging hefur fram komið, né úrskurður gerðardóms um hana, valda töfum eða á annan hátt hafa áhrif á útgáfu og afhendingu síðari lækkunarvottorða, lækkun gildandi höfuðstóls eða á traust SKA á hverju og einu lækkunarvottorði.

6. gr.
Ábyrgð Seðlabankans.

6.01. Seðlabankinn tekst á hendur ábyrgð á útgáfu hækkunar- og lækkunarvottorða, svo og vottorði því, sem tilgreint er í málsgr. 3.05, sem þjónustu við ríkisstjórnina og Alusuisse, og til styrktar þessari framkvæmdatryggingu. Eigi skal Seðlabankinn talinn ábyrgur gagnvart Alusuisse eða ríkisstjórninni eða nokkrum öðrum aðila fyrir athafnir sínar eða athafnaleysi samkvæmt samningi þessum eða í sambandi við hann, nema þegar slíkar athafnir eða athafnaleysi stafa af vísvitandi vanefnd eða stórfelldu gáleysi bankans.

6.02. Við öflun sannana, sem hann tekur gildar og leggur til grundvallar um útgáfu hækkunarvottorðs, getur Seðlabankinn byggt á vottorðum, sem endurskoð-

andi Landsvirkjunar lætur honum í té, eða upplýsingum, er ríkisstjórnin lætur honum í té, eða hver annar sjálfstæður aðili eða stofnun, sem kann að vera kunnug staðreyndum, er lúta að framvindu byggingarframkvæmda við Búrfellsvirkjun. Í þessu sambandi skal Seðlabankinn, eða endurskoðendur í þjónustu hans, hafa aðgang að bókum og skjölum Landsvirkjunar. Seðlabankinn skal njóta fullrar verndar í trausti sínu á upplýsingum þeim, sem framangreindir aðilar kunna að láta honum í té.

6.03. Við mat sitt á því, sem leggja ber til grundvallar útgáfu lækkunarvottorðs, eða vottorðs þess, sem greinir í málsgr. 3.05, er Seðlabankanum heimilt að byggja á upplýsingum, er endurskoðandi ISALs eða ISAL sjálft lætur honum í té. Sömuleiðis getur hann, að eigin vild, krafizt vottorðs verkfræðings ISALs við bygginguna eða hvers annars sjálfstæðs aðila eða stofnunar, sem kann að vera kunnug staðreyndum, er lúta að framvindu byggingarframkvæmda við bræðsluna. Í þessu sambandi skal Seðlabankinn eða endurskoðendur í þjónustu hans einnig hafa aðgang að bókum og skjölum ISALs. Seðlabankinn skal njóta fullrar verndar í trausti sínu á upplýsingum þeim, sem framangreindir aðilar kunna að láta honum í té.

7. gr.
Ábyrgð SKA.

7.01. Hlutverk SKA og ábyrgð í sambandi við samning þennan og bankatrygginguna takmarkast við það, sem beinlínis er tekið fram í samningi þessum um það efni. SKA skal tilkynna ríkisstjórninni og Alusuisse um hinn gildandi höfuðstól bankatryggingarinnar, eins og hann er á hverjum tíma, og skal láta í té eftirrit af hækkunar- og lækkunarvottorðum eða öðrum vottorðum og tilkynningum, sem stofnunin kann að hafa fengið í hendur um sérhvert málefni varðandi samning þennan, ef óskað er, en eigi skal SKA vera skylt að veita þessum samningsaðilum aðgang að bókum sínum eða skjölum.

7.02. SKA skal njóta fullrar verndar í trausti sínu á sérhvert vottorð eða upplýsingar frá Seðlabankanum, og skal stofnuninni eigi skylt að spyrjast fyrir um þær staðreyndir, sem í slíkum vottorðum eða upplýsingum kunna að felast eða nokkuð annað því viðkomandi. Eigi skal SKA talið ábyrgt gagnvart Alusuisse eða ríkisstjórninni né nokkrum öðrum aðila, sem hagsmuna hefur að gæta, fyrir neina athöfn sína eða athafnaleysi samkvæmt samningi þessum eða í sambandi við hann, nema þegar slík athöfn eða athafnaleysi stafa af vísvitandi vanefnd eða stórfelldu gáleysi af hálfu SKA.

8. gr.
Óviðráðanleg öfl (force majeure).

Ef svo fer, að óviðráðanleg öfl (force majeure), eins og þau eru skilgreind í 39. gr. aðalsamningsins og sönnuð samkvæmt ákvæðum 40. gr. sama samnings, tefji byggingu eða uppsetningu Búrfellsvirkjunar, eða byggingu eða búnað fyrsta áfanga bræðslunnar, eftir því sem við á, skal það eigi fresta þeim tímatakmörkum, sem sett eru um útgáfu hækkunar- eða lækkunarvottorða af hálfu Seðlabankans samkvæmt ákvæðum 4. gr. eða 5. gr., eftir því sem við á, nema ríkisstjórnin og Alusuisse gefi út sameiginleg fyrirmæli til SKA og Seðlabankans, þar sem tiltekin eru ný tímamörk varðandi útgáfu og afhendingu hækkunar- eða lækkunarvottorða. Afrit af slíkum sameiginlegum fyrirmælum skulu ríkisstjórnin og Alusuisse senda þeim aðilum öðrum, sem taldir eru í málsgr. 11.05.

9. gr.
Lög þau, sem farið skal eftir.

Samning þennan skal skýra, túlka og framkvæma samkvæmt ákvæðum hans, aðalsamningsins og hinna fylgiskjalanna, eftir því sem unnt er, og að öðru leyti

fer um skýringu, túlkun og framkvæmd og um gildi og áhrif samnings þessa og bankatryggingarinnar að svissneskum lögum og þeim reglum þjóðaréttar, sem við kunna að eiga, þar á meðal grundvallarreglum laga, sem almennt eru viðurkenndar af siðmenntuðum þjóðum.

10. gr.

Deilur og gerð.

Ef nokkur deila rís milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse um skýringu, túlkun eða framkvæmd eða um gildi eða áhrif samnings þessa eða varðandi réttindi eða skuldbindingar samningsaðila á gildistíma samningsins eða síðar, skal slík deila lögð fyrir íslenzka dómstóla eða íslenzkan gerðardóm, ef ríkisstjórnin og Alusuisse eru á það sátt, eða, ef eigi verður samkomulag, fyrir alþjóðlegan gerðardóm, allt eftir því sem ákveðið er í 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins. Alþjóðlegrar gerðar skal leitað og henni hagað samkvæmt ákvæðum 47. gr. aðalsamningsins og með þeim réttaráhrifum, sem þar segir, og eru 46. gr. og 47. gr. aðalsamningsins hér með teknar upp og samþykktar sem væru þær að öllu leyti hluti af samningi þessum.

11. gr.

Ýmis ákvæði.

11.01. Réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum má hvorugur samningsaðili framselja eða fela öðrum í heild eða að hluta, án samþykkis gagnaðilans. Sérhvert slíkt meint framsal eða umboðsgjöf án samþykkis gagnaðilans og án undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, sem taldir eru í málsgr. 11.05, skal vera ógilt og óvirkt með öllu.

11.02. Breytingar á samningi þessum skal aðeins gera með skriflegum viðbótarsamningi og löglega undirrituðum milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse. Enga slíka breytingu má gera án undanfarandi tilkynningar til þeirra aðila, sem taldir eru í málsgr. 11.05.

11.03. Samningur þessi öðlast gildi á gildistökudegi aðalsamningsins, og skal hann haldast í gildi, þar til bankatryggingin er úr gildi felld, samkvæmt ákvæðum samnings þessa.

11.04. Opinber tungumál samnings þessa skulu vera íslenzka og enska, og skulu bæði málin jafngild. Þó skal enska vera hið opinbera tungumál bankatryggingarinnar og hækkunar- og lækkunarvottorðanna.

11.05. Allar tilkynningar, sem krafizt er eða leyfðar eru samkvæmt samningi þessum, skulu vera skriflegar og sendar í ábyrgðarbréfi eða með símskeyti, sem síðan er staðfest með ábyrgðarbréfi (og skal gildi slíkrar tilkynningar miðast við það, hvenær bréfið er lagt í póst eða símskeyti afhent skeytaafgreiðslu) til þeirra aðila og með þeim utanáskriftum, sem taldar eru hér á eftir, eða með hverri þeirri utanáskrift annarri, sem einhver eftirtalinna aðila kann að hafa tilkynnt hinum skriflega:

Ríkisstjórnin	Iðnaðarmálaráðherra, Reykjavík, Ísland.
Alusuisse	Swiss Aluminium Limited, Feldeggstrasse 4, P. O. Box, 8034 Zürich, Sviss
Landsvirkjun	Landsvirkjun, Reykjavík, Ísland.

ISAL	Íslenzka Álfélagið hf., Hafnarfjörður, Ísland.
Alþjóðabankinn	International Bank for Reconstruction and Development, 1818 H. Street N.W., Washington, D.C. 20433, U.S.A.
Endurskoðandi Landsvirkjunar	Svavar Pálsson, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, Ísland.
Endurskoðandi ISALs	Eyjólfur K. Sigurjónsson, Flókagata 65, Reykjavík, Ísland.
SKA	Swiss Credit Bank, (Department H), Paradeplatz 8, P. O. Box 590, 8021 Zürich, Switzerland.
Seðlabanki	Seðlabanki Íslands, Reykjavík, Ísland.

Falla má frá þeim tilkynningum, sem krafizt er eða leyfðar eru samkvæmt samningi þessum, með skriflegri yfirlýsingu þeirra aðila, sem tilkall eiga til slíkrar tilkynningar, hvort sem er fyrir eða eftir þann dag, sem krafizt er eða heimilað, að slík tilkynning sé gefin út.

11.06. Fyrirsagnir greina í samningi þessum eru ætlaðar einungis til hagræðis við tilvísun, og skulu þær ekki hafa áhrif á túlkun samningsins.

11.07. Samningur þessi er gerður í fjórum frumritum, og er sitt handa hvorum aðila, eitt handa SKA og eitt handa Seðlabankanum. Gjöld vegna samningsgerðarinnar skulu greidd af ríkisstjórninni, að því leyti sem þau falla til á Íslandi, en af Alusuisse að því leyti, sem þau falla til í Sviss.

ÞESSU TIL STAÐFESTU er samningur þessi undirritaður af hálfu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse á þeim degi, er í upphafi greinir.

Fyrir RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS

.....

Jóhann Hafstein,
iðnaðarmálaráðherra

Fyrir SWISS ALUMINIUM LIMITED

.....

Emanuel R. Meyer,
forstjóri

.....

Paul H. Müller,
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal A.

BANKATRYGGING

Dags. 1966.

Til ríkisstjórnar Íslands,
Reykjavík.

Það skal hér með staðfest, að undirritaðir, Swiss Credit Bank, höfum í vorum vörzlum, samkvæmt ákvæðum samnings þess um framkvæmdatryggingu, dagsettum 28. marz 1966 („samningurinn"), sem gerður er milli yðar og Swiss Aluminium Limited, höfuðstól, er nemur fimm milljónum svissneskra franka (Sv.Fr. 5 000 000), sem hækka kann upp í tuttugu milljónir svissneskra franka (Sv.Fr. 20 000 000), og síðan að lækka, allt samkvæmt ákvæðum og með skilyrðum þeim, sem í samningnum eru sett.

Vér staðfestum enn fremur, að vér munum greiða yður, eða samkvæmt fyrirmælum yðar, hinn gildandi höfuðstól þessarar bankatryggingar, svo sem hann er skilgreindur í samningnum, eins og hann kann að vera á þeim tíma, sem þau skilyrði samningsins, er heimila og krefjast slíkrar greiðslu, koma fram.

Bankatrygging þessi er gefin út og afhent yður samkvæmt ákvæðum samningsins, og eru skuldbindingar vorar samkvæmt henni að öllu leyti honum háðar.

Virðingarfyllst,

Fyrir SWISS CREDIT BANK

Fylgiskjal B.

HÆKKUNARVOTTORÐ Nr. .....

Dags. 19

Til Swiss Credit Bank,
Zürich, Sviss.

Í samræmi við ákvæði málsgr. 4.01 í samningi þeim um framkvæmdatryggingu milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Limited, sem í gildi gekk þann

28. marz 1966, tilkynnist yður hér með, að vér höfum gengið úr skugga um það á þann hátt, sem vér teljum fullnægjandi, að lagt hefur verið í kostnað (eins og hann er skilgreindur í téðum samningi) vegna byggingar og uppsetningar Búrfellsvirkjunar (eins og skilgreint er í samningnum) er nemur að fjárhæð meiru en .... milljónum svissneskra franka (Sv.Fr. .....) og að sú fjárhæð sýnir kostnað vegna Búrfellsvirkjunar eftir 1. janúar 1966.

Þessu til staðfestu er hækkunarvottorð þetta undirritað af vorri hálfu á þeim degi, sem að ofan greinir.

Fyrir SEÐLABANKA ÍSLANDS

Fylgiskjal C.

LÆKKUNARVOTTORÐ Nr. .....

Dags. 19

Til Swiss Credit Bank,
Zürich, Sviss.

Í samræmi við ákvæði málsgr. 5.01 í samningi þeim um framkvæmdatryggingu milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium Limited, sem í gildi gekk þann 28. marz 1966, tilkynnist yður hér með, að vér höfum gengið úr skugga um það á þann hátt, sem vér teljum fullnægjandi, að lagt hefur verið í kostnað (eins og hann er skilgreindur í téðum samningi) vegna byggingar og búnaðar fyrsta áfanga bræðslunnar (eins og skilgreint er í samningnum), er nemur að fjárhæð meiru en ..... milljónum svissneskra franka (Sv.Fr. ....) og að sú fjárhæð sýnir þann kostnað vegna bræðslunnar frá gildistökudegi aðalsamningsins að telja (eins og skilgreindur er).

Þessu til staðfestu er lækkunarvottorð þetta undirritað af vorri hálfu á þeim degi, sem að ofan greinir.

Fyrir SEÐLABANKA ÍSLANDS

FYLGISKJAL E

STOFNSKRÁ

Aðalsamningur, dags. 28. marz 1966, milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited, Zürich, Sviss, (hér eftir nefnt „Alusuisse") gerir ráð fyrir að Alusuisse stofni og skrásetji hlutafélag á Íslandi, er hafi þann tilgang að reisa og starfrækja álbræðslu við Straumsvík í Hafnarfirði. Svo sem mælt er í þessum aðalsamningi og lögum nr. 76 13. maí 1966, er veita samningnum lagagildi, er hið fyrirhugaða hlutafélag hér með stofnað samkvæmt þessari

stofnskrá:

1. Nafn félagsins skal vera Íslenzka Álfélagið hf. (Icelandic Aluminium Company Limited), skammstafað ISAL. Heimili og varnarþing félagsins skal vera í Hafnarfirði.
2. Um félagsstofnunina gilda lög nr. 77 27. júní 1921, með viðaukum og breytingum samkvæmt lögum nr. 76 13. maí 1966, sem veita aðalsamningnum lagagildi.
3. Tilgangur félagsins er bygging álbræðslu á Íslandi ásamt mannvirkjum og tilheyrandi framleiðslu á áli, þ. á m. kaup og innflutningur á alumina og öðrum hráefnum, svo og sala og útflutningur á framleiðslu bræðslunnar og hvers konar starfsemi, er atvinnureksturinn þarfnast eða honum fylgir, innan þeirra marka, er segir í 11. gr. aðalsamningsins.
4. Stofnhlutafé félagsins er kr. 10.000.000,00 — tíu milljónir króna —, er skiptist í 10 — tíu — einnar millj. króna hluti. Af stofnhlutafénu hefur Alusuisse skrifað sig fyrir og greitt kr. 3.000.000,00 — þrjár milljónir króna —. Hefur Alusuisse rétt til að skrifa sig síðar fyrir eftirstöðvum stofnhlutafjárins eða aðrir, að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands. Greitt hlutafé félagsins, svo sem það verður ákveðið á hverjum tíma, skal aldrei vera lægra en jafngildi ⅓ — eins þriðja — hluta af bókfærðu verði á fastafjármunum félagsins. Stofnhlutafé félagsins má auka hvenær sem er, svo sem þörf er á vegna starfsemi félagsins.
5. Félagsstofnunin hefur eigi annan kostnað í för með sér en lögboðin gjöld fyrir skrásetningu, stimplun og lögfræðilega aðstoð. Þennan kostnað greiðir félagið en enga þóknun til stofnenda sjálfra.
6. Engum hlutum í félaginu skulu nokkur sérréttindi fylgja, önnur en forgangsréttur til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum.
7. Hluthöfum skal eigi skylt að sæta innlausn á hlutum sínum.
8. Eitt atkvæði fylgir hverri 1.000.000,00 — einnar milljón króna — hlutareign.
9. Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að hlutabréfum, sem boðin eru til sölu, í réttu hlutfalli við skrásetta hlutaeign þeirra. Gildir þetta hvorttveggja um stofnhluti og aukningarhluti.

   Forkaupsrétturinn skal boðinn í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Skal hluthöfum skylt að svara forkaupsréttarboðinu eigi síðar en 30 dögum eftir að þeim barst það í hendur. Að svo miklu leyti sem hluthafar neyta ekki forkaupsréttarins, skal heimilt að selja hluti hverjum sem er með sömu skilmálum.

   Engum hluthafa er heimilt að selja, framselja eða veðsetja hluti í félaginu, án samþykkis ríkisstjórnar Íslands, og sérhvert hlutabréf félagsins skal bera eftirfarandi áletrun:

„Hlutabréf þetta má ekki selja, framselja eða veðsetja án samþykkis ríkisstjórnar Íslands.“

10. Öll hlutabréf skulu nafnskráð og nákvæm hluthafaskrá haldin.
11. Enginn af fulltrúum Alusuisse hefur áskilið sér stöðu hjá félaginu eða önnur fríðindi, og um stjórn þess og skipulag hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir fyrirfram, aðrar en þær, er um getur í framangreindum aðalsamningi og stofnskrá þessari.

Frumrit af stofnskrá þessari skal afhent skrásetningarstjóra, en hver hluthafi getur fengið staðfest eftirrit af henni.

Reykjavík, 1966.

SWISS ALUMINIUM LIMITED

Vitundarvottar:

LÖG FYRIR ÍSLENZKA ÁLFÉLAGIÐ HF.
(Icelandic Aluminium Company Limited).

1. gr.

Félagið er hlutafélag. Nafn þess er Íslenzka Álfélagið hf., (Icelandic Aluminium Company Limited), skammstafað ISAL.

Um félagsstofnunina gilda lög nr. 77 27. júní 1921, með viðaukum og breytingum samkvæmt lögum nr. 76 13. maí 1966, sem veita lagagildi aðalsamningi milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Limited (hér eftir nefnt Alusuisse), dags. 28. marz 1966.

2. gr.

Lögheimili og varnarþing félagsins er í Hafnarfirði.

3. gr.

Tilgangur félagsins er bygging álbræðslu á Íslandi ásamt mannvirkjum og tilheyrandi framleiðslu á áli, þ. á m. kaup og innflutningur á alumina og á öðrum hráefnum, svo og sala og útflutningur á framleiðslu bræðslunnar, og hvers konar starfsemi, er atvinnureksturinn þarfnast eða honum fylgir, innan þeirra marka, er segir í 11. gr. aðalsamningsins.

4. gr.

Stofnhlutafé félagsins er kr. 10.000.000,00 — tíu milljónir króna —, er skiptist í 10 — tíu — einnar milljón króna hluti. Af stofnhlutafénu hefur Alusuisse skrifað sig fyrir og greitt kr. 3.000.000,00 — þrjár milljónir króna —. Hefur Alusuisse rétt til að skrifa sig síðar fyrir eftirstöðvum stofnhlutafjárins eða aðrir, að fengnu samþykki ríkisstjórnar Íslands. Greitt hlutafé félagsins, svo sem það verður ákveðið, skal aldrei vera lægra en jafngildi ⅓ — eins þriðja hluta — af bókfærðu verði á fastafjármunum félagsins. Stofnhlutafé félagsins má auka hvenær sem er, svo sem þörf er á vegna starfsemi félagsins.

5. gr.

Hluthafar skulu jafnan hafa forgangsrétt að aukningu á hlutum í hlutfalli við skrásetta hlutaeign sína, en að öðru leyti fer aukningin fram eftir þeim reglum, er löglega boðaður hluthafafundur setur í hvert skipti.

6. gr.

Hlutabréf veita hluthafa full réttindi, þau er lög félagsins mæla fyrir um. Hlutabréfin skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Öll hlutabréf skulu nafnskráð og er félagsstjórn skylt að halda jafnan nákvæma hluthafaskrá.

7. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri 1.000.000,00 kr. — einnar milljón króna — hlutareign.

8. gr.

Hluthafar skulu hafa forkaupsrétt að hlutabréfum, sem boðin eru til sölu af öðrum hluthöfum, í réttu hlutfalli við skrásetta hlutaeign þeirra.

Forkaupsrétturinn skal boðinn í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt og skal hluthöfum skylt að svara forkaupsréttarboðinu eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að þeim barst það í hendur. Að svo miklu leyti sem hluthafar neyta ekki forkaupsréttarins, skal heimilt að selja hlutina hverjum sem er, með sömu skilmálum.

Engum hluthafa er heimilt að selja, framselja eða veðsetja hluti í félaginu, án samþykkis ríkisstjórnar Íslands, og sérhvert hlutabréf félagsins skal bera eftirfarandi áletrun:

„Hlutabréf þetta má ekki selja, framselja eða veðsetja án samþykkis ríkisstjórnar Íslands."

9. gr.

Glatist hlutabréf, skal fá ógildingardóm á því. Þegar eftirrit þess dóms er komið félagsstjórn í hendur, gefur hún út nýtt hlutabréf í stað hins glataða.

Hlutabréfum, sem skemmzt hafa, má skipta fyrir ný, ef ekki verður villzt á um eignarrétt að þeim og efni, enda skili eigandi þá jafnframt hinu skemmda bréfi og greiði kostnað við skiptin, eftir því sem félagsstjórn ákveður.

10. gr.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hlutabréf sín.

11. gr.

Hver hluthafi er skyldur til að hlíta lögum félagsins, svo sem þau eru nú eða eins og þeim síðar kann að verða breytt.

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins.

Á ákvæðum þessarar 11. greinar getur engin breyting orðið, án samþykkis allra hluthafa.

12. gr.

Innan þeirra takmarka, er lög þessi setja, hafa lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögunum.

13. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok júnímánaðar ár hvert. Aukafundi skal halda, þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á, samkvæmt löglegri ályktun, eða ef svo margir hluthafar, er umráð hafa yfir ⅕ hlutafjárins, krefjast þess skriflega og tilgreina ástæðu fyrir nauðsyn aukafundar. Þá er krafa er fram komin frá hluthöfum, skal fund halda eigi síðar en 21 degi eftir að krafan barst stjórninni í hendur.

Hafi félagsstjórnin ekki boðað til fundar innan viku frá móttöku kröfunnar, getur hluthafi, er krafðist fundar, sjálfur boðað fundinn.

Félagsfundir skulu haldnir í Hafnarfirði eða á þeim stöðum á Íslandi, eða utan Íslands, sem félagsstjórn kann að ákveða hverju sinni.

14. gr.

Félagsstjórn skal boða til félagsfundar með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Skal aðalfundur boðaður með að minnsta kosti 30 daga fyrirvara, en aukafund má boða með 10 daga fyrirvara. Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboði. Félagsfundir eru lögmætir, ef viðstaddir eru svo margir hluthafar, eða umboðsmenn þeirra, að umráð hafi yfir meiri hluta hlutafjárins, enda hafi fundurinn verið boðaður svo sem mælt er hér að framan.

15. gr.

Formaður félagsstjórnar stjórnar félagsfundum og tilnefnir fundarritara. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar, ef einhver hluthafa, er fundinn sækir, krefst þess.

16. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar hins umliðna árs með athugasemdum endurskoðenda lagðir fram til samþykktar.
3. Tekin ákvörðun um arð.
4. Tekin ákvörðun um varasjóð.
5. Stjórn félagsins kosin (að undanskildum þeim, sem skipaðir eru í stjórnina af ríkisstjórn Íslands).
6. Kosnir tveir endurskoðendur.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

17. gr.

Á aukafundum verður aðeins gerð ályktun um þau mál, er nefnd hafa verið í fundarboði.

18. gr.

Hluthafar geta aðeins falið öðrum hluthöfum að fara með atkvæði þeirra á fundum.

19. gr.

Í sérstaka gerðabók skal rita allar fundarsamþykktir, og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði, og undirskrifa þær síðan formaður og fundarritari. Þessi fundarskýrsla skal vera full sönnun þess, er ákveðið hefur verið á fundinum.

20. gr.

Félagsstjórn skal skipuð ekki færri en sjö mönnum; þeir þurfa ekki að vera hluthafar. Ríkisstjórn Íslands skipar tvo af stjórnarmönnum eða ekki lægri hlutfallstölu stjórnenda, verði félagsstjórn skipuð fleiri mönnum en sjö. Meiri hluti félagsstjórnar skal skipaður íslenzkum ríkisborgurum, þ. á m. formaður og þeir stjórnarmenn, sem skipaðir eru af ríkisstjórninni. Þeir stjórnarmenn, sem ekki eru íslenzkir ríkisborgarar, þurfa ekki að búa eða eiga heimilisfang á Íslandi. Stjórnarmenn, aðrir en þeir, sem skipaðir eru af ríkisstjórninni, skulu kosnir ár hvert og

kjörtímabil þeirra vera til næsta aðalfundar. Kjörtímabil þeirra stjórnenda, sem kosnir eru á stofnfundi, skal vera til aðalfundar 1967.

Félagsstjórn ræður öllum félagsmálum milli funda, hefur umsjón með rekstri félagsins og gætir réttar þess. Hefur stjórnin heimild til að taka lán fyrir félagið, eftir því sem hún telur nauðsynlegt, og getur veðsett eignir þess með ályktunum sínum og samningum.

Stjórnarfundir eru lögmætir, er meiri hluti stjórnenda mæta sjálfir eða skv. umboði frá öðrum stjórnendum, enda hafi stjórnarmenn verið boðaðir á fund með hæfilegum fyrirvara. Meiri hluti atkvæða, er stjórnarmenn greiða í eigin nafni eða skv. umboði frá öðrum stjórnendum, ræður úrslitum.

Ritari félagsstjórnar skal skrá stutta skýrslu um ákvarðanir stjórnarfunda, sem staðfestist með undirskrift mættra stjórnenda.

21. gr.

Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara og ákveður starfssvið þeirra, eftir því sem henni þykir við þurfa.

Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda, en auk þess er honum skylt að boða til fundar, þegar tveir stjórnendur eða annar endurskoðenda félagsins krefjast þess.

22. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið og aðra starfsmenn, ákveða starfssvið þeirra og veita þeim prókúruumboð.

23. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári reksturs- og efnahagsreikning.

24. gr.

Tveir endurskoðendur skulu kosnir á aðalfundi fyrir eitt ár í senn. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir það ár, svo og gerðir stjórnarinnar, eftir því sem þeir telja nauðsynlegt. Endurskoðendur hafa aðgang að bókum félagsins til eftirlits.

Endurskoðendur má ekki kjósa úr stjórn félagsins, en þá má kjósa úr hópi hluthafa eða utan. Annar endurskoðandinn þarf ekki að vera íslenzkur ríkisborgari.

25. gr.

Í síðasta lagi mánuði fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa lokið samningi reikninga fyrir liðið starfsár og sent þá endurskoðendum, en þeir skulu hafa endursent reikningana til formanns með athugasemdum sínum svo tímanlega, að þeir geti legið frammi vikutíma fyrir fundinn, hluthöfum til athugunar.

26. gr.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögur um skiptingu arðs, en fundurinn hefur fullt vald til að taka endanlega ákvörðun í þessu efni, hvort sem félagsstjórn hefur lagt fram tillögur um arðsúthlutun eða ekki, enda er fundurinn ekki háður neinum takmörkunum af hálfu félagsstjórnar í þessu efni. Arð skal því aðeins greiða, að hann hafi verið ákveðinn af aðalfundi. Aðalfundurinn skal enn fremur hafa fullt og endanlegt vald til að ákveða tilgang og upphæð varasjóðsframlags af tekjum félagsins, og getur breytt varasjóðsframlögum svo sem fundinum þykir hæfilegt. Skal þetta gilda, hvort sem félagsstjórn hefur gert tillögur í þessu efni eða ekki.

27. gr.

Lögum félagsins má breyta á aðalfundi eða á félagsfundi, enda sé lagabreytingin samþykkt af hluthöfum, sem umráð hafa yfir meiri hluta hlutafjárins. Í fundarboði skal getið tillagna um lagabreytingar.

28. gr.

Tillögur um lækkun hlutafjár skulu sæta sömu meðferð og breytingar á félagslögum. Skal félagsfundur hafa fullt og endanlegt vald til að taka um þetta ákvörðun, þó að því tilskildu, að slík ákvörðun lækki ekki hlutafé félagsins úr upphæð, sem jafngildi einum þriðja af bókfærðu verði á fastafjármunum félagsins, svo sem það er samkvæmt vottorði endurskoðenda félagsins.

29. gr.

Tillögur um slit félagsins og skipti skulu einnig sæta sömu meðferð og breytingar á félagslögum.

Fundur sá, sem samþykkt hefur á lögmætan hátt að slíta eða skipta félaginu, kveður og á um, hvernig ráðstafa skuli eignum þess og um greiðslu skulda. Fundurinn kveður á um, hvort skiptarétturinn skuli taka búið til meðferðar eða hvort kjósa skuli skilanefnd til að sjá um skipti. Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa fyrr en eftir að hún hefur fengið fullgildingu ráðherra.

Reykjavík, 1966.

SWISS ALUMINIUM LIMITED

Vitundarvottar:

SKÝRINGAR VIÐ FYLGISAMNINGANA UM RAFMAGNSSAMNINGINN

Í rafmagnssamningnum milli Landsvirkjunar og Íslenzka Álfélagsins hf. (ISAL) er í samræmi við aðalsamning ákvæði um, að ISAL skuli reisa álbræðslu við Straumsvík og Landsvirkjun Búrfellsstöð, ásamt aðalorkuveitu og varastöðvum. Þá eru og venjuleg tæknileg ákvæði varðandi spennur, rið, fasviksstuðul, fasajafnvægi, orkumælingar, innheimtu og reikningsskil o. s. frv. Einnig eru ákvæði um, að Landsvirkjun leggi eða sjái til þess, að lögð verði veita að bræðslunni fyrir rafmagn á byggingartíma, og ef ekki verður samkomulag um annað, varasamband milli bræðslunnar og nálægra dreifilína.

Önnur ákvæði samningsins eru í aðalatriðum þessi:

Samningsbundið rafmagn og takmarkanir þess.

Samkvæmt samningnum á ISAL í fyrsta áfanga að reisa eina 30 þús. tonna kerjaröð, sem hefji vinnslu með fullum afköstum á tímabilinu 1. júní 1969 til 1. júní 1970, að eins til þriggja mánaða gangsetningartíma undangengnum, og ákveður Landsvirkjun með hæfilegum fyrirvara, hvenær full vinnsla skuli hefjast innan þessara marka, eins og nánar er skilgreint í aðalsamningi. Síðan er ráðgert, að bræðslan verði stækkuð um hálfa kerjaröð ekki síðar en þremur árum eftir að fyrsta áfanga er lokið og þriðji áfanginn á svo að bætast við eigi síðar en þremur árum þar á eftir. Er þá fullum ársafköstum náð, þ. e. 60 þús. tonnum af áli a. m. k. Reiknað er með að styttra geti orðið á milli áfanga og einnig, að síðari áfangarnir geti fallið saman, ef um það verður samkomulag milli aðila.

Til vinnslu á einu kg af áli þarf 15 kWst og er þá reiknað með, að rafskautin verði flutt inn, en væru þau framleidd í bræðslunni yrði orkuþörfin heldur meiri. Miðað við eina kerjaröð og 30 þús. tonna afköst samsvarar þetta 450 GWst/ári eða 675 GWst/ári fyrir 1½ og 900 GWst/ári fyrir tvær kerjaraðir. Samningurinn gerir ráð fyrir, að þessi orka verði greidd að fullu, hvort sem hún er notuð eða ekki, en þar sem álvinnslan getur af ýmsum ástæðum orðið minni en mesta framleiðslugeta sum árin, er þetta mjög ströng krafa af hendi Landsvirkjunar og gerð með það fyrir augum, að rafmagnssamningurinn myndi sem traustastan grundvöll fyrir lántökum. Á móti fellst Landsvirkjun á, að orkunotkun ISALs megi fara upp í allt að 530 GWst/ári fyrir eina, 795 GWst/ári fyrir 1½ og 1060 GWst/ári fyrir tvær kerjaraðir, sem þýðir, að bræðslunni er heimilt að fara árlega tæp 18% yfir það orkumagn, sem hún ábyrgist að greiða, hvort sem orkan er notuð eða ekki.

Miðað við stöðugan rekstur, þ. e. a. s. full afköst í 8760 klst. á ári, samsvarar þetta rétt rúmu 60 MW meðalálagi fyrir eina kerjaröð eða 90 MW álagi fyrir 1½ og 120 MW álagi fyrir tvær kerjaraðir. Svo jafn rekstur er hins vegar ekki mögulegur í reynd og því er í samningnum gert ráð fyrir að utan álagstoppa Landsvirkjunar megi ISAL auka álag sitt um allt að 16%. Þegar vatnsrennsli er lítið, ber ISAL þá jafnframt að gæta þess, að dagleg orkunotkun verði ekki meiri en sem samsvarar meðalálagi.

Orkunotkun ISALs má ekki fara fram úr samningsbundinni orku án leyfis Landsvirkjunar og sama gildir um aflið. Á hinn bóginn er Landsvirkjun skylt að veita slíkt leyfi, ef rekstrartruflun eða rafmagnstakmörkun á sér stað, svo að bræðslan nái aftur eðlilegum rekstri sem fyrst. Þetta gildir þó því aðeins, að skuldbindingar Landsvirkjunar gagnvart öðrum orkunotendum leyfi slíkar ráðstafanir.

Rafmagnið til bræðslunnar skal afhent frá Búrfellsvirkjun eða öðrum þeim aflstöðvum, sem við hana eru tengdar inn á tengivirki ISALs við Straumsvík með 220 þús. volta spennu. Til þess að tryggja, að bræðslan fái að jafnaði umsamið rafmagn þó truflun verði á kerfi Landsvirkjunar, en álbræðslur eru mjög viðkvæmar fyrir

slíkum truflunum, gerir samningurinn auk þess ráð fyrir, að Landsvirkjun hafi ávallt á að skipa varaafli fyrir bræðsluna, er á hverjum tíma nemi tæpum 47% af meðalafli hennar, þ. e. a. s. 28 MW fyrir hvora kerjaröð. Ef Landsvirkjun er neydd til þess að takmarka afhendingu rafmagns til neytenda sinna, af hvaða ástæðum sem er, eftir að hafa tekið í notkun þetta varaafl og annað það varaafl eða umframafl í stöðvum, sem hún hefur yfir að ráða, þá er Landsvirkjun heimilt að takmarka umsamda afhendingu rafmagns til ISALs í réttu hlutfalli við takmarkanir á umsömdu rafmagni til annarra notenda. Ekki má þó aflið fara niður fyrir áðurnefnd 47% af meðalafli, nema þegar um er að ræða truflanir, sem óviðráðanleg öfl valda, og staðið hafa lengur en 48 tíma, en það er sá stytzti tími, sem ISAL þarf að hafa til umráða til þess að forða bræðslunni frá stórfelldum skemmdum.

ISAL er ekki heimilt að kaupa rafmagn frá öðrum eða setja upp eigin aflstöðvar án leyfis Landsvirkjunar og ekki heldur að nota samningsbundið rafmagn til annars en byggingar og rekstrar álbræðslunnar. Þó má ISAL nota rafmagn til íbúða og bráðabirgðahúsnæðis fyrir starfsfólk, sem búsett þarf að vera á sjálfu bræðslusvæðinu og gæti þar orðið um 5—10 fjölskyldur að ræða.

Í viðlögum er ISAL skylt að gefa eftir hluta af rafmagni sínu til nota fyrir almenning, ef Landsvirkjun óskar þess, enda valdi slíkt ekki tæknilegu tjóni á rekstri eða búnaði bræðslunnar. Þá er og Landsvirkjun heimilt að stöðva afhendingu rafmagns til ISALs, ef bræðslan notar meira afl eða orku en umsamið er og ef bilanir verða í bræðslunni, sem valdið geta tjóni hjá Landsvirkjun. Einnig er ákvæði um, að Landsvirkjun geti, í samráði við ISAL, stöðvað eða takmarkað afhendingu rafmagns vegna aukninga, viðhalds og eftirlits á mannvirkjum sínum.

Samningsbundið verð.

Frá því að álbræðslan tekur til starfa og þar til hún nær fullum afköstum, greiðir ISAL 3 Bandaríkjamill fyrir hverja kWst, að orku til gangsetningar meðtalinni. Þegar fullum afköstum er náð, lækkar verðið niður í 2.5 mill og helzt óbreytt úr því, þar til fyrsti áfangi bræðslunnar hefur starfað í 15 ár. Sýni það sig þá, að hinn breytilegi rekstrarkostnaður undanfarinna þriggja ára, reiknaður á unna kWst, hafi hækkað samanborið við sambærilegan kostnað fyrstu þriggja starfsára bræðslunnar, hækkar verðið til ISALs að sama skapi. Lækki kostnaðurinn hins vegar, helzt verðið óbreytt eða 2.5 mill. Með breytilegum rekstrarkostnaði er þá átt við eftirlit, gæzlu og viðhald Búrfellsvirkjunar og nýrra varastöðva Landsvirkjunar.

Þegar 20 ár eru liðin frá því að fyrsti áfangi bræðslunnar tekur til starfa, breytist verðið aftur á sama hátt og svo koll af kolli á 5 ára fresti út samningstímann, nema annar hvor aðilinn óski eftir endurskoðun á verðinu, en slík endurskoðun getur farið fram tvisvar, eða 25 og 35 árum eftir að álbræðslan tekur fyrst til starfa. Er þá reiknað út, hvort af eftirtöldum tveimur gildum er lægra og verðið á kWst sett jafnt því:

a) 2.5 mill hækkuð í sama hlutfalli og verðið til Sör-Norge Aluminium A/S í Husnes í Noregi hefur hækkað frá því að ISAL tók til starfa og til endurskoðunardags.
b) Einn hundraðshluti af heimsmarkaðsverði á áli í Bandaríkjasentum á hvert pund, reiknað sem meðalverð þriggja síðustu ára fyrir endurskoðunardag (þetta verð er nú 24.5 sent, sem samkvæmt þessu samsvarar 2.45 mill).

Endurskoðað verð má þó ekki fara niður fyrir það verð, sem breytingar vegna breytts rekstrarkostnaðar segja til um á endurskoðunardegi.

Verðið á þeirri orku, sem afhent er um áðurnefnt varasamband, en það á að geta flutt 3 MW, skal vera það sama og samningsbundið verð, en um verðið á rafmagni til byggingar fyrsta áfanga bræðslunnar, sem áætlað er 2—3 MW og 5—6 GWst, skal ISAL semja við þá dreifiveitu, sem selur rafmagnið. Um það rafmagn,

sem Landsvirkjun kann að láta ISAL í té umfram samningsbundið rafmagn, skal samið sérstaklega í hvert sinn.

Samningsbundnar lágmarksgreiðslur.

Eins og áður segir, er ISAL skuldbundið til að greiða á samningsbundnu verði 450 GWst/ári fyrir eina, 675 GWst/ári fyrir 1½ og 900 GWst/ári fyrir tvær kerjaraðir hvort sem orkan er notuð eða ekki, enda þá gert ráð fyrir, að Landsvirkjun láti ISAL samningsbundið rafmagn í té og að óviðráðanleg öfl hindri ekki aðila í umsömdum viðskiptum. Tilkynni ISAL fyrirfram, að bræðslan geti ekki notað alla þessa orku eitthvert ákveðið ár, skal hún engu að síður greidd að fullu á samningsbundnu verði, en geti Landsvirkjun selt öðrum þá orku, sem þannig losnar, er reiknað með, að ISAL fái hana endurgreidda síðar í ísl. krónum á samningsbundnu verði eða söluverði, ef það er lægra. Er það Landsvirkjunar að ákveða, hvort um slíka sölu til annarra hafi verið að ræða, og hve mikil endurgreiðslan skuli vera.

Almenn ákvæði.

Í lok samningsins eru ýmis almenn ákvæði svo sem varðandi óviðráðanleg öfl („force majeure"), vanefndir, samningsslit, ágreining og gerð, gildistíma, framsal o. fl., og eru þau í öllum aðalatriðum þau sömu og í aðalsamningi og skýrð í greinargerð með honum. Auk þess er ákvæði um, að aðilar séu gagnkvæmt undanþegnir allri ábyrgð á tjóni, sem orsakast af misfellum í rekstri mannvirkja þeirra.

UM HAFNAR- OG LÓÐARSAMNINGINN

Höfuðatriði samnings þessa eru rakin í 8. gr. aðalsamningsins, en þau eru:

a) ISAL fær tiltekna lóð til umráða allt samningstímabilið, þ. e. allt að 45 árum, án sérstaks gjalds, með framlengingarrétti 10 ár að auki og þá leigu eftir samkomulagi eða eftir mati.
b) Höfn verður byggð austan við Straumsvík og er hún hluti Hafnarfjarðarhafnar. ISAL greiðir allan kostnað við byggingu hafnarinnar, ábyrgist viðhaldskostnað og hefur forgangsrétt til notkunar hafnarinnar.
c) ISAL hefur rétt til að afla vatns á bræðslulóðinni og á tilteknu landi, sem er í eigu ríkisins suðaustan Reykjanesbrautar.

Skulu þessir meginþættir nú athugaðir nánar:

Bræðslulóðin.

Land það, sem hér um ræðir, er um 370 þús. ferm. að flatarmáli og er lega þess sýnd á uppdrætti sem fylgiskjal A með samningi þessum. Ekki er heimilt að hafa annan atvinnurekstur á bræðslulóðinni en tiltekið er í 1. gr. aðalsamnings. Sérstök takmörk eru á rétti til byggingar íbúðahúsa (sbr. málsgr. 2.03). Um frekara land bræðslunni til handa hefur ekki verið rætt, en viljayfirlýsing gefin um að við ráðstöfun landsins sunnan þjóðvegarins, andspænis bræðslulóðinni, hafi Hafnarfjarðarkaupstaðar og/eða ríkisstjórnin í hyggju að taka viðeigandi tillit til þarfa bræðslunnar og ráðstafa ekki neinum hluta svæðis þessa, án þess að gera ISAL áður aðvart, sbr. málsgr. 2.04. Í þessu felst að sjálfsögðu engin skuldbinding.

Um heimild til vatnstöku á landi ríkissjóðs, sunnan vegarins, mun nánar rætt síðar.

ISAL tekur við lóðinni til afnota á gildistökudegi samningsins, sbr. málsgr. 2.04 svo og 20. gr. samningsins og 48. gr. aðalsamningsins. Leigutíminn er jafn samningstíma aðalsamningsins, þ. e. allt að 45 árum, en skylt er að framlengja lóðar-

leigutímann um 10 ár að auki, ef ISAL óskar eftir, og greiðist þá leiga, annaðhvort eftir samkomulagi eða mati, sem miðast við íslenzkar venjur, bæði um framkvæmd mats og leiguupphæð. Á sjálfum samningstímanum er ekki gert ráð fyrir sérstakri lóðarleigu.

Um önnur gjöld ISALs, lóðina varðandi, svo sem gatnagerðargjald og byggingarleyfisgjald, vísast til 31. gr. aðalsamningsins, sbr. málsgr. 5.02 samnings þessa.

ISAL sér sjálft um alla gatnagerð á bræðslulóðinni, svo og allar lagnir fyrir vatn, skolp, rafmagn og annað þess háttar.

Í 4. gr. samningsins eru ýmis ákvæði, er varða ISAL, svo sem um byggingar þess, sem gerðar skulu vera samkvæmt byggingarsamþykkt Hafnarfjarðar, eða samkvæmt tilteknum erlendum stöðlum, ef ákvæði byggingarsamþykktar eiga ekki við. Þá er einnig í 4 gr. ákvæði um, að ISAL skuli skylt að girða lóðina, svo og um skyldu ISALs til að viðhafa ýmsar varúðarráðstafanir og ákvæði um umferðarrétt íslenzkra löggæzlumanna, tollgæzlu- og eftirlitsmanna.

Höfn og hafnarmannvirki.

Þegar álbræðslan er komin í fulla stærð, mun flutningamagn hennar frá og til útlanda nema a. m. k. 240 þús. smálestum árlega. Um það bil helmingur þessa magns er aðalhráefni það, sem bræðslan notar, áloxýð (alumina), sem er duft, sem flutt er með færibeltum beint frá skipi í geymsluturn. Þá er talið nauðsynlegt að hafa sérstakan útbúnað til greiðrar losunar og lestunar annarra rekstrar- og framleiðsluvara bræðslunnar.

Nauðsyn góðrar hafnar sem næst bræðslunni er því augljós og allgóð aðstaða til hafnargerðar í Straumsvík ein ástæða þess, að sá staður þótti henta til að setja þar upp álbræðslu þá, sem hér um ræðir.

Í 6. gr. samningsins eru greind helztu hafnarmannvirki fyrirhugaðrar hafnar. Fyrst og fremst er um að ræða hafnargarð við austurströnd Straumsvíkur, með 220 metra löngum viðlegukanti, með 10 metra dýpi á meðalstórstraumsfjöru, og möguleika á aukningu í allt að 12 metra dýpi síðar. Til hafnarinnar telst einnig vegur, er kemur höfn og bræðslulóð í samband við Reykjanesbraut, svo og undirstöður undir losunar- og lestunartæki ISALs o. fl., sem talið er upp í málsgr. 6.02 og ISAL setur sjálft upp. sbr. 7. gr. Í hafnaráætlun, fskj. B með samningi þessum, og uppdráttum, sem henni fylgja, eru nánari skýringar gefnar á fyrirhuguðum framkvæmdum.

Endanleg ákvörðun um gerð aðalmannvirkisins, þ. e. garðsins, verður tekin þegar verkfræðilegri athugun er lokið, verkið hannað og útboðslýsing gerð, en gert er ráð fyrir alþjóðlegu útboði, þó svo að íslenzkir verktakar njóti forgangs, ef þeir eru sambærilegir um verð og þjónustugæði. Endanlegar teikningar eru háðar samþykki ISALs, sbr. fylgiskjal B, 3. lið.

Samkvæmt nýrri hafnarreglugerð fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 2 3. janúar 1966, voru ytri mörk hafnarinnar færð út og nær Hafnarfjarðarhöfn nú suður fyrir Straumsvík. Hinar fyrirhuguðu framkvæmdir eru því innan marka Hafnarfjarðarhafnar og gert ráð fyrir, að þær teljist hluti af Hafnarfjarðarhöfn og njóti sem slíkar þeirra réttinda, sem lög um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, veita, að undanskildu 40% framlagi ríkissjóðs. Samkvæmt 1. gr. hafnalaganna er ríkisframlagið m. a. bundið því skilyrði, að eignir og tekjur hafnar- eða lendingarbótasjóðsins nægi ekki til að standa undir byggingarkostnaði. Svo sem vikið skal að síðar, greiðir ISAL allan byggingarkostnað hafnarinnar á 25 árum, og þykir því ekki koma til álita að ríkissjóður veiti einnig framlag til byggingarinnar. Hins vegar njóta framkvæmdirnar góðs af öðrum ákvæðum hafnalaganna, svo sem varðandi eignarnám o. fl.

Af framangreindu fyrirkomulagi leiðir, að hin fyrirhugaða höfn í Straumsvík verður undir sömu stjórn og Hafnarfjarðarhöfn. Reikningshald hafnarinnar verður

á vegum Hafnarfjarðarkaupstaðar og hafnarreglugerð Hafnarfjarðarhafnar mun einnig gilda fyrir Straumsvík, að svo miklu leyti, sem samrýmzt getur samningi þessum, en gera má ráð fyrir að endurskoða verði hafnarreglugerð Hafnarfjarðarhafnar og samræma breyttum aðstæðum, þegar Straumsvíkurhöfn er komin í notkun.

Af ýmsum ástæðum þykir eðlilegt að vita- og hafnamálastjórn sjái um byggingu hafnarinnar og hafi yfirstjórn þess máls, að sjálfsögðu í góðu samráði við fyrirsvarsmenn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Þar sem gert er ráð fyrir, að höfnin verði byggð að öllu leyti fyrir lánsfé, er nauðsynlegt að afla síðar heimildar til að veita ríkisábyrgð fyrir öllum kostnaði við bygginguna, þar eð hin almenna ábyrgðarheimild hafnalaganna er hæst 60% af heildarkostnaði. Ekki er gert ráð fyrir að kostnaður árið 1966 verði nema um 5% af heildarkostnaði, það er aðallega verkfræðileg vinna við endanlegar teikningar og útboðslýsingar. Verði þessu lokið og gengið frá verksamningi fyrir lok þessa árs, en framkvæmdir hafnar við sjálft verkið í ársbyrjun 1967. Samkvæmt málsgr. 6.05 skal hafnargerðin það langt komin 1. október 1968, að undirstöður þær fyrir tæki, sem ISAL setur upp til losunar og lestunar, séu fullgerðar, en hafnargerðinni sé lokið á fyrsta orkuafhendingardegi (AR I). Viss atvik, sem rakin eru í a—c-liðum málsgr. 6.05, geta haft áhrif til seinkunar á fyrra tímamarkinu, þ. e. 1. október 1968. Þrátt fyrir ákvæði í málsgr. 6.05 er ólíklegt að hagkvæmt þyki að hraða framkvæmdum það mikið, að unnt verði að losa þar skip með byggingarefni fyrir bræðsluna, er byggingarframkvæmdir við hana hefjast, sem sennilega verður á síðari hluta árs 1967.

Þegar höfnin er fullgerð, er gert ráð fyrir að ISAL hafi forgangsrétt umfram aðra notendur, sbr. 8. gr., en ber þó að tilkynna skipakomur með 5 daga fyrirvara, sbr. málsgr. 8.02, og senda áætlanir um ferðir skipa á vegum bræðslunnar. Gera má ráð fyrir, að höfnin verði ekki notuð af ISAL nema að nokkru leyti, og taki að öðru leyti að sér verkefni þau, er til falla fyrir aðra aðila. Má búast við, að höfn á þessum stað, þar sem mjög stór skip geta athafnað sig, þyki hentug fyrir ýmsan „bulk"-flutning í framtíðinni.

Um greiðslu kostnaðar við byggingu og rekstur er í samningnum gert ráð fyrir eftirgreindu fyrirkomulagi, sbr. 11. gr.:

ISAL greiðir allan stofnkostnað á 25 árum með 6½% ársvöxtum og jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Til stofnkostnaðar teljast vextir á byggingartíma, fjármagnskostnaður og kostnaður vegna kaupa á landi fyrir höfnina frá einstaklingum.

Hið fasta árgjald ISALs kemur í stað allra vörugjalda af vörum bræðslunnar á umræddu 25 ára tímabili. Á undan 25 ára tímabilinu greiðir ISAL vörugjöld samkvæmt gjaldskrá hafnarreglugerðar og eftir 25 árin vörugjald af áli frá bræðslunni, útfluttu um höfnina, sem miðast við 0.1% af heimsmarkaðsverði.

Gjald þetta, sem í raun og veru er hreinn hagnaður hafnarinnar, eftir að allur stofnkostnaður er greiddur að fullu og séð fyrir rekstri og viðhaldi, myndi, miðað við núverandi heimsmarkaðsverð á áli og 60 þús. smálesta ársframleiðslu, nema um 30 þús. dollurum. Bæði fastagreiðslan á 25 ára tímabilinu og 0.1% greiðslan eftir það greiðast í Bandaríkjadollurum.

Viðhaldskostnaður hafnarinnar er færður á sérreikning og standa vörugjaldatekjur annarra en ISALs undir þessum kostnaði, svo sem þær hrökkva til, en það sem á vantar, greiðir ISAL, miðað við ársuppgjör, sbr. málsgr. 11.05. Séu þessar tekjur meiri en árlegur viðhaldskostnaður, rennur það, sem umfram er, til hafnarsjóðs.

Þetta fyrirkomulag er gert ráð fyrir að haldist út samningstímabilið. Þýðir það, að ISAL ábyrgist allan viðhaldskostnað, sem umfram er árlegar vörugjaldatekjur hafnarinnar frá öðrum en ISAL.

Rekstur hafnarinnar og stjórn er gert ráð fyrir að sé í höndum hafnaryfir-

valda í Hafnarfirði. Þó sér ISAL um losun og lestun skipa með bræðsluvörur og vinnu með eigin tækjum.

Öll skipagjöld samkvæmt gjaldskrá hafnarreglugerðarinnar, t. d. lestagjald, bryggjugjald, hafnsögugjald og þess háttar, bæði af skipum vegna ISALs og öðrum skipum, eru ætluð til að mæta þessum kostnaði.

Vatn.

Í 14. gr. samningsins eru ákvæði um rétt ISALs til vatnstöku á bræðslulóðinni og tilteknu svæði á landi, sem er í eign ríkisins sunnar Reykjanesbrautar, sbr. uppdrátt nr. IV með fylgiskjali C með samningi þessum.

Ekki er gert ráð fyrir að greiðsla komi frá ISAL fyrir þetta, en ISAL lætur höfninni í té tiltekið vatnsmagn úr leiðslum sínum, til nota við höfnina og sölu í skip, þar á meðal skip, sem eru í flutningum fyrir ISAL.

UM AÐSTOÐARSAMNINGANA, C1—C3

Þeir samningar, sem hér um ræðir, eru þrír, samningur um aðstoð við hönnun og byggingu álbræðslunnar, samningur um tækniaðstoð og leiðbeiningar við rekstur hennar og samningur um söluumboð á framleiðslu bræðslunnar. Þótt samningar þessir séu gerðir á milli Íslenzka Álfélagsins hf. (ISAL) og Swiss Aluminium Limited (Alusuisse), þótti rétt að láta þá fylgja aðalsamningnum og að láta breytingar á þeim vera háðar samþykki ríkisstjórnarinnar, því ýmis ákvæði samninganna geta haft áhrif á skattskyldar tekjur fyrirtækisins.

Hér á eftir verða rakin helztu atriði samninganna.

1. Aðstoðarsamningur — hönnun og bygging.

Skuldbindingar Alusuisse. Samkvæmt 2. gr. samnings þessa, skuldbindur Alusuisse sig til þess að láta ISAL í té þjónustu við hönnun og verkfræðistörf við byggingu álbræðslunnar. Í greininni er sérstaklega nefnt, að Alusuisse skuli gera allar teikningar, efnislista, útboð, rannsókn á útboðum, samninga, áætlanir bæði um framkvæmdir og fjáröflun, og annast samræmingu og eftirlit með byggingarframkvæmdum. Auk þess skuldbindur Alusuisse sig til þess að láta ISAL í té þá þekkingu, sem fyrirtækið hefur yfir að ráða og vera til taks við lausn hverra þeirra vandamála, sem upp kunna að koma.

Í 3. gr. er jafnframt tekið fram, að ISAL skuli hafa aðgang að öllum einkaleyfum Alusuisse, sem að notum mega koma í sambandi við byggingu bræðslunnar.

Í fáum orðum sagt skuldbindur Alusuisse sig til þess að láta í té þá þjónustu, sem verkfræðifyrirtæki mundi veita, ef við slíkt fyrirtæki væri samið um undirbúning og byggingu verksmiðju, í víðtækustu merkingu, auk heimildar til þess að nota einkaleyfi.

Þóknun. Í 4. gr. er ákveðið, að ISAL skuli greiða Alusuisse þóknun fyrir ofangreinda þjónustu, sem nemur 10% af raunverulegum byggingarkostnaði álbræðslunnar. Auk þess er tekið fram í málsgr. 4.06, að ISAL skuli endurgreiða Alusuisse útlagðan kostnað vegna ferðalaga, prentunar, þýðinga, o. þ. h.

Í málsgr. 4.05 er tekið fram, að ríkisstjórninni sé heimilt að láta endurskoða reikningsuppgjör yfir greiðslur samkvæmt samningnum. Til þess að ganga úr skugga um, að hér væri ekki um óeðlilega upphæð að ræða, var leitað álits þekkts endurskoðunarfyrirtækis í Bretlandi. Samkvæmt upplýsingum þessa aðila er algengt að þóknun til verkfræðifyrirtækis, sem veitir svo víðtæka þjónustu, eins og hér um ræðir við byggingu svipaðra iðnfyrirtækja, sé 8—12% af byggingarkostnaði. Til dæmis má benda á það, að verkfræðikostnaður við byggingu Áburðarverksmiðjunnar hf. varð tæp 11% af byggingarkostnaði.

2. Aðstoðarsamningur — rekstur.

Skuldbindingar Alusuisse. Samkvæmt 2. gr. samnings þessa ber Alusuisse að láta ISAL í té tæknilega þjónustu og þekkingu við rekstur álbræðslunnar, m. a. með gerð áætlana um framleiðslu og viðhald bræðslunnar, rannsóknum, þjálfun starfsliðs og ýmiss konar efnahags- og framleiðsluathugunum. Jafnframt skal íslenzka fyrirtækið hafa aðgang að niðurstöðum frá rannsóknastofum Alusuisse og aðgang að þessum stofnunum vegna sérstakra vandamála álbræðslunnar.

Alusuisse skal aðstoða ISAL við útvegun hráefna til framleiðslu bræðslunnar með beztu fáanlegum kjörum. Einnig skal ISAL njóta allra nýrra upplýsinga og uppgötvana, sem Alusuisse þekkir og ræður yfir, og heimildar til þess að nota einkaleyfi fyrirtækisins.

Í 4. gr. er sérstaklega rætt um nýjungar, sem valda byltingu í álframleiðslu. Alusuisse skuldbindur sig til þess að láta ISAL í té allar slíkar upplýsingar og stuðla að nýtingu þeirra hjá hinu íslenzka fyrirtæki, ef æskilegt er, en um þóknun fyrir slíka þjónustu skal samið sérstaklega og skulu þeir samningar háðir samþykki ríkisstjórnarinnar.

Þóknun. Í 5. gr. er ákveðið, að ISAL skuli greiða Alusuisse þóknun, sem nemur 2.2% af bruttótekjum fyrirtækisins og auk þess endurgreiða útlagðan kostnað vegna ferðalaga o. fl. Þegar tekið er tillit til þess hversu víðtæk þjónustan er og höfð hliðsjón af því hve miklu svipuð fyrirtæki verja almennt til rannsókna og tilrauna í dag, verður varla sagt, að upphæðin sé óeðlilega há. Hins vegar má segja, að æskilegra hefði verið, að fyrirtækið framkvæmdi sjálft hér innanlands eins mikið og unnt er af nauðsynlegri rannsóknastarfsemi. Vafasamt er þó hversu víðtækar þær eigin rannsóknir gætu orðið og vissulega er ómetanlegt fyrir álbræðsluna að hafa aðgang að þeirri þekkingu, sem Alusuisse ræður yfir.

3. Aðstoðarsamningur — sala.

Söluumboð. Samkvæmt 2. gr. samnings þessa er Alusuisse veitt einkasöluumboð á framleiðslu bræðslunnar. Í 3. gr., málsgr. 3.04, er tekið fram, að ekki sé heimilt að selja Alusuisse, eða dótturfyrirtækjum þess, ál frá ISAL með hagstæðari kjörum en fást mundu við kaup frá öðrum og óháðum aðila. Auk þess er tekið fram í 6. gr., að Alusuisse skuli ávallt leitast við að ná sem beztum kjörum fyrir ISAL.

Þóknun. Samkvæmt 5. gr. ber ISAL að greiða Alusuisse í umboðslaun fyrir söluna 1½% af söluverði framleiðslunnar, sem ekki getur talizt óeðlilegt.

Almenn ákvæði.

Meðferð deilumála. Greinar 8 og 9 í öllum samningunum fjalla um ráðandi lög og meðferð deilumála og eru í aðalatriðum samhljóða.

Eins og í aðalsamningnum skulu íslenzk lög og alþjóðalög, þar sem nauðsynlegt er, vera ráðandi. Með deilumál á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og ISALs og Alusuisse hins vegar, skal fara samkvæmt ákvæðum aðalsamningsins um meðferð deilumála. Málaferli á milli Alusuisse og ISALs, þar sem ríkisstjórnin hefur ekki hagsmuna að gæta, skal hins vegar leggja fyrir gerðardóm samkvæmt svissneskum lögum.

Breytingar. Samkvæmt 10. gr. allra samninganna er óheimilt að breyta ákvæðum þeirra án samþykkis ríkisstjórnarinnar.

Samanburður við norsku samningana.

Í sambandi við þóknun þá, sem ISAL ber að greiða Alusuisse fyrir þá þjónustu, sem um er samið í þessum samningum, má gera samanburð við greiðslu þá, sem gert var ráð fyrir að Alusuisse fengi frá norsku dótturfyrirtæki Alusuisse fyrir sams konar störf. Í ljós kemur, að kjör þau, sem ISAL semur um, eru heldur hagstæðari,

þótt ekki muni þar miklu. Öllu mikilvægara er, að í samningum ISALs eru strangari ákvæði um skyldur Alusuisse til þess að útvega hráefni til bræðslunnar og selja framleiðslu hennar með hagstæðum kjörum og heimildir fyrir ríkisstjórnina til þess að láta endurskoða reikningsuppgjör fyrir slík viðskipti. Auk þess er rétt að leggja áherzlu á mikilvægi þess ákvæðis, að ekki er heimilt að breyta þessum samningum án samþykkis ríkisstjórnarinnar.

UM SAMNINGINN UM FRAMKVÆMDATRYGGINGU

Samningur þessi, sem gerður er milli ríkisstjórnarinnar og Alusuisse, var undirritaður hinn 28. marz s. l. ásamt aðalsamningnum, sem fyrr segir. Jafnframt hefur það verið staðfest af hálfu hins svissneska ábyrgðaraðila, að hann fallist á ákvæði samningsins fyrir sitt leyti og muni á tilsettum tíma afhenda ábyrgðarskjal sitt.

Með samningi þessum ábyrgist Alusuisse það sérstaklega, að bræðslan við Straumsvík verði byggð af hálfu ISALs í fyrsta áfanga, eftir því sem krafizt er í aðalsamningnum. Er sú trygging lögð fram með bankaábyrgð af hálfu Schweizerische Kreditanstalt í Zürich (bankatryggingin), í öllu verulegu í því formi, sem greinir á fskj. A. með samningnum.

Tilgangi þessarar framkvæmdatryggingar er nánar lýst í 2. gr. samningsins. Mun hún tryggja ríkisstjórninni og Landsvirkjun tafarlausa greiðslu skaðabóta með tilskilinni upphæð, ef til vanefndar kemur um byggingu bræðslunnar. Hins vegar verður hér ekki um að ræða endanlegar skaðabætur, þannig að viðbótargreiðsla eða endurgreiðsla getur komið til, ef til málaferla dregur um slíka vanefnd, eftir því hvort eiginlegar skaðabætur verða hærri eða lægri en tryggingarfjárhæðin um það er lýkur. Greiðsla tryggingarfjárhæðarinnar fer fram sem næst sjálfvirkt, og verður hvorki stöðvuð með málaferlum (málsgr. 4.03 og 5.04) né við tilkomu óviðráðanlegra afla á byggingartímanum (8. gr.) nema báðir aðilar séu á það sáttir.

Nauðsyn slíkrar tryggingar helgast einkum af því, að bygging bræðslunnar þarf ekki að hefjast fyrr en um það bil einu ári eftir að hafin er bygging Búrfellsvirkjunar, þ. e. á árinu 1967, ef samningar takast. Er það hinum íslenzku virkjunaraðilum og lánveitendum þeirra mikils virði, að hafa slíka virka fjárhagsskuldbindingu Alusuisse um þessar framkvæmdir þegar í upphafi. Í samræmi við þetta er tryggingunni svo hagað, að höfuðstóll hennar hækkar eftir því, sem Búrfellsvirkjun miðar áfram og tilkostnaður við hana vex (3. gr., málsgr. 3.03). Er hann í upphafi 50 milljónir svissneskra franka, er tryggðir verða á gildistökudegi aðalsamningsins, en hækkar síðan í 20 milljónir franka á næstu 12 mánuðum í 3 áföngum, enda sé tilkostnaður við Búrfellsvirkjun frá ársbyrjun 1966 þá orðinn jafnhár eða hærri hverju sinni. Á næsta ári þar á eftir lækkar síðan þessi tryggingarupphæð í 4 áföngum, ef tilkostnaður við byggingu bræðslunnar frá gildistökudegi aðalsamningsins nemur þá jafnhárri upphæð og þeirri, sem lækkað er um (3. gr., málsgr. 3.04). Er tryggingin úr sögunni að svo búnu, ef bygging bræðslunnar er þá hafin og í hana lagður sá kostnaður, sem um ræðir. Skýrgreint er í málsgr. 1.02 (g), hvað telja beri upphaf að byggingu bræðslunnar í þessu sambandi, og í málsgr. 1.02 (f), hvað telja megi til kostnaðar við hana og virkjunina. Náist þessi mörk eigi á tilsettum tíma, verður tryggingarupphæðin af hendi greidd með þeim höfuðstól, sem hún þá hefur.

Seðlabanka Íslands er ætlað að fylgjast með því, hverju fram vindur um tilkostnað aðila við mannvirki sín (6. gr.). Er honum heimilt að styðjast við upplýsingar löggiltra endurskoðenda aðilanna, eða hverjar þær upplýsingar aðrar, sem að gagni mega koma. Tilkynnir hann Schweizerische Kreditanstalt um upphaf að byggingu bræðslunnar, er til kemur, og um tilkostnað aðilanna, sbr. fskj. B og C með samningnum (4. og 5. gr.). Þarf hinn svissneski banki ekki að rannsaka

nánar þær heimildir, sem Seðlabankinn byggir á, né heldur að taka mark á neinum öðrum upplýsingum, sem fram koma (7. gr.). Hlutverk hans er einskorðað við það, að gefa út ábyrgðarskjöl sín, þegar skilyrði þess eru fyrir hendi að dómi Seðlabankans, og að greiða tryggingarféð af hendi, ef til kemur.

Um deilur aðila skv. samningi þessum fer sem um deilur út af aðalsamningnum (10. gr.). Hins vegar mun um samninginn fara að svissneskum lögum í stað íslenzkra, auk þeirra reglna þjóðaréttarins, sem við kunna að eiga (9. gr.). Er þannig fyrir mælt í því skyni, að tryggja sem bezt aðstöðu ríkisstjórnarinnar og Alusuisse gagnvart hinum svissneska ábyrgðaraðila.

Fylgiskjal I.

EFNAHAGSSTOFNUNIN

21. marz 1966.

ÁHRIF BÚRFELLSVIRKJUNAR OG ÁLBRÆÐSLU Á JAFNVÆGI VINNUMARKAÐSINS

Mannaflinn í heild.

Meðalmannfjöldi atvinnufólks, 15—69 ára, er talinn hafa verið 67 775 á árinu 1960. Er tala þessi byggð á úrtaki manntalsins það ár, og hefur hún verið notuð sem grundvöllur fyrir áætlunum um þróun mannafla frá því ári. Gerð hefur verið áætlun um þessa þróun allt fram til ársins 2000. Er hún annars vegar sett fram með fimm ára millibilum frá 1960 til 2000 (tafla 1), en hins vegar fyrir hvert ár 1960—1970 (tafla 2). Áætlunin er byggð á upplýsingum um þróun mannfjöldans og tölu fæddra, dáinna, aðfluttra og brottfluttra fram til ársins 1964. Upp frá því er byggt á dánarlíkum samkvæmt reynslu áranna 1951—1960 og frjósemi kvenna eftir aldursflokkum samkvæmt reynslu áranna 1946—1955, er í heild kemur nokkurn veginn heim við árin 1961—1963.

Á árunum 1960—1970 fer mannaflinn tiltölulega jafnt vaxandi frá ári til árs. Fyrsta árið, 1961, var aukningin óeðlilega lítil vegna fjölda brottfluttra umfram aðflutta. Næstu tvö ár er aukningin talin 1300 manns á ári, en hækkar smám saman upp í tæp 1700 manns síðasta árið, þ. e. 1970. Meðalaukningin er tæp 1300 manns á ári á fimm ára tímabilinu 1960—1965, um 1600 næstu fimm ár, 1965—1970, og um 1800 næstu fimm ár þar á eftir, 1970—1975. Samkvæmt þessu ætti mannaflinn árið 1975 að vera 91 000 manns samanborið við 74 000 árið 1965 og um 68 000 árið 1960. Því lengra, sem fram líður, verður áætlunin að sjálfsögðu síður áreiðanleg, en alls er aukning mannaflans til ársins 2000 talin um 72 000, og heildarmannafli það ár um 146 000 manns.

Tímabundin atvinnuþátttaka.

Reynt hefur verið að komast að nokkurri niðurstöðu um þýðingu tímabundinnar atvinnuþátttöku. Er hér bæði átt við þá atvinnu, sem stunduð er hluta af degi, og þá, sem stunduð er hluta af ári.

Mikil óvissa er ríkjandi um fyrra atriðið. Þær ófullkomnu upplýsingar, sem fyrir liggja, benda þó til þess, að fjöldi þeirra, sem stundar vinnu hluta af degi, og þá yfirleitt hálfan daginn, sé á milli 3000—4000. Einkum er hér um að ræða húsmæður, er vinna í fiskiðnaði, og að einhverju leyti í öðrum iðnaði.

Á hinn bóginn gefur úrtaksathugun manntalsins frá 1960 greinargóðar upplýsingar um sveiflu í atvinnuþátttöku á milli árstíða. Samkvæmt þeirri athugun (tafla 3) var aukning atvinnuþátttöku um vorið 7400 manns, en minnkunin um

haustið 6000 manns. Mismunurinn svarar um það bil til varanlegrar fjölgunar mannaflans. Sennilegt má telja, að aukning mannaflans að vori muni á tímabilinu frá 1960—1970 aukast úr 7400 manns í 9000 manns, um það bil.

Skipting mannaflans eftir atvinnugreinum.

Yfirlit yfir skiptingu mannaflans eftir atvinnugreinum er gefið í töflu 4. Er þessi tafla byggð á manntalinu frá 1950 og úrtaksathugun manntalsins frá 1960. Fyrir árið 1963 hefur skiptingin verið áætluð eftir skiptingu vinnuvikna eftir atvinnugreinum, sem upplýsingar liggja fyrir um það ár. Er sú skipting ekki fyllilega sambærileg við flokkun manntalsins 1960, svo sem taflan ber með sér. Breytingar frá árunum 1963 til 1965 hafa verið áætlaðar samkvæmt ýmsum heimildum, einkum skýrslum Hagstofunnar um fjölda framteljenda í starfsstéttum og atvinnugreinum. Áætlun hefur verið gerð um atvinnuskiptinguna árin 1970 og 1975 á grundvelli reynslu undanfarandi ára hér á landi og í öðrum löndum á svipuðu skeiði hagþróunar. Enn fremur hefur verið höfð hliðsjón af sérstökum skilyrðum landbúnaðar og sjávarútvegs.

Gerir þessi áætlun ráð fyrir því, að fækkun mannafla í landbúnaði verði á næstu árum allmiklu minni en verið hefur að undanförnu, eða 1% á ári frá 1965 til 1975, samanborið við 2% á ári frá 1950 til 1965. Í fiskveiðum er gert ráð fyrir, að mannafli haldist óbreyttur frá 1965 til 1975, en í þessari atvinnugrein fækkaði einnig um nær því 2% á ári að meðaltali frá 1950 til 1965. Í báðum þessum atvinnugreinum hefur orðið mikil framleiðniaukning á undanförnum árum og meiri en í flestum öðrum atvinnugreinum. Bendir allt til þess, að sú þróun haldi áfram. Getur því orðið veruleg aukning framleiðslu samfara óbreyttum eða minnkandi mannafla. Það hlýtur einnig að hafa áhrif á mannaflaþróun þessara atvinnugreina, að neyzla landbúnaðarafurða innanlands vex hægt og að sumir helztu fiskistofnarnir eru allt að því fullnýttir. Þess má einnig geta í þessu sambandi, að meðal nágrannaþjóða okkar er gert ráð fyrir enn örari fækkun í þessum tveimur undirstöðugreinum en gert hefur verið hér. Þannig er í þjóðhagsáætlun norsku ríkisstjórnarinnar fyrir árin 1966—1969 gert ráð fyrir 2.4% árlegri fækkun mannafla í landbúnaði og 2.1% árlegri fækkun í fiskveiðum og öðrum veiðiskap.

Í fiskiðnaði hefur orðið mikil framleiðniaukning á undanförnum árum. Allar líkur benda til, að hún muni enn haldast mikil á næstu árum, og muni iðnaðurinn sjálfur verða að leggja á þetta mikla áherzlu vegna harðrar samkeppni á erlendum mörkuðum. Bendir þetta til þess, að ekki þurfi að gera ráð fyrir mjög mikilli mannaflaþörf fiskiðnaðar á næstu árum. Takmarkaðir möguleikar á aukningu fiskveiða vegna ástands fiskistofna benda til hins sama. Á hinn bóginn má gera ráð fyrir, að vinnslustig sjávarafurða fari hækkandi, en það krefst aukins mannafla. Með tilliti til þeirra atriða, sem að framan greinir, hefur þótt rétt að gera ráð fyrir 1% meðalaukningu mannafla í fiskiðnaði á ári.

Öðrum atvinnugreinum en þeim, sem nú hafa verið taldar, má skipa í tvo flokka eftir því, sem sennilegt má telja, að mannaflaþörf þeirra þróist. Annars vegar eru iðnaður, annar en fiskiðnaður, byggingarstarfsemi og samgöngur. Hins vegar eru viðskipti og hvers konar þjónustustarfsemi. Má gera ráð fyrir, að aukning framleiðni verði mun örari í fyrri flokknum en þeim seinni og mannaflaþörf seinni flokksins að sama skapi meiri en þess fyrri. Hefur verið gert ráð fyrir, að meðalaukning mannafla í fyrri flokknum verði um 2.5% á ári, en um 3.3% í þeim síðari.

Samkvæmt áætluninni mundi fækkun mannafla í landbúnaði á næstu tíu árum nema 1000 manns. Mannafli í fiskveiðum mundi standa óbreyttur, en fjölgun í fiskiðnaði nema 750 manns. Fjölgun í öðrum iðnaði en fiskiðnaði mundi nema 3650 manns, og þá í öllum iðnaði 4400 manns. Í byggingarstarfsemi mundi fjölga um 2600, í viðskiptum um 4050, í samgöngum um 2000 og í þjónustustarfsemi um

4850. Alls er fjölgunin 16 900 manns á árunum 1965—1975, þar af eru 7950 manns á fyrra fimm ára tímabilinu, en 8950 manns á því síðara.

Að sjálfsögðu má ekki gera ráð fyrir, að þessi áætlun geti sýnt þróun frá ári til árs. Ætlunin er, að hún sýni þróunarlíkur yfir lengra tímabil. Yfir skemmri tíma litið, geta ætíð orðið tilbrigði í skiptingu mannaflans. Á undanförnum árum hefur t. d. orðið óvenjulega mikil aukning í byggingarstarfsemi, og á árunum milli 1950 og 1960 varð óvenjulega mikil aukning í fiskiðnaði. Slíkar sveiflur jafnast þó, þegar yfir lengra tímabil er litið, og sú áætlun, sem hér hefur verið gerð, byggist á því, sem telja má sennilegast um þróun atvinnuskiptingar mannaflans samkvæmt reynslu undanfarinna ára hérlendis og reynslu erlendra þjóða. Áætlunin virðist einnig falla vel saman við óskir manna um starfsval og við þróun framleiðslu og eftirspurnar, eins og sennilegt má telja, að hún verði.

Mannaflajafnvægi í byggingarstarfsemi.

Á byggingartíma virkjunarinnar og álbræðslunnar snerta vandamál mannaflajafnvægisins sérstaklega byggingarstarfsemina, en hún tekur bæði til húsbygginga og annarrar mannvirkjagerðar. Svo sem áætlun atvinnugreinaskiptingarinnar ber með sér (tafla 4), er reiknað með, að í þeirri grein muni næstu 5 árin fjölga um 2.6% á ári. Mannafli þessarar greinar, sem að meðaltali nam 9300 manns árið 1965, mun þá verða 10 550 að meðaltali árið 1970. Fjölgunin nemur 1250 manns á þessum 5 árum, eða 250 manns á ári.

Eðlilegt er, að gera ráð fyrir því, að á næstu árum, meðan stórframkvæmdir við byggingu orkuvers og álbræðslu standa yfir, muni aukning mannfjölda í þessari grein geta orðið nokkuð örari en svarar til þessarar meðalaukningar. Mundi þá verða sem svarar minni aukning í byggingarstarfsemi næstu árin þar á eftir. Þetta gæti t. d. gerzt með því móti, að nokkur hluti byggingarmannafla stórframkvæmdanna, einkum bræðslunnar, tæki upp rekstrarstörf við bræðsluna, þegar hún hefur starfsemi sína. Af þessum sökum verður gert ráð fyrir því, að á árunum 1966—1968 geti fjölgað í byggingarstarfseminni um 350 manns á ári. Er það aðeins tæpur helmingur þess, sem reyndin virðist sýna, að fjölgað hafi í þessari grein síðustu tvö árin. En milli 1963 og 1965 er áætlað, að fjölgað hafi um 1470 manns í greininni, þ. e. um 735 manns að meðaltali hvort ár. Hefur það staðið eðlilegri fjölgun annarra greina fyrir þrifum, en með 350 manna aukningu í greininni lætur nærri, að allar aðrar atvinnugreinar geti þróazt í eðlilegu innbyrðis jafnvægi.

Sérstök athugun hefur verið gerð á mannaflaástandi byggingarstarfseminnar. Koma niðurstöður þeirrar athugunar fram í töflum 5—11. Sýna þessar töflur fjölda unninna vinnuvikna í byggingariðnaði á árinu 1963, fjölda framteljenda með byggingarstarfsemi að aðalstarfi árin 1963 og 1964, fjölda iðnaðarmanna í byggingariðngreinum og járn- og vélsmíðagreinum bæði á öllu landinu og á Suðvesturlandi á árunum 1964—1966, ásamt áætlun um þennan fjölda fyrir allt landið fram til ársins 1968.

Eru það einkum tvö atriði, sem koma fram í þessum töflum. Í fyrsta lagi mikil aukning mannafla í byggingarstarfsemi á milli áranna 1963 og 1964. Virðist sú aukning hafa numið um 10%, og er þetta í fullu samræmi við það, sem vitað er um aukningu framkvæmda. Í öðru lagi kemur í ljós, að aukning fagmanna í byggingariðngreinum hefur verið tiltölulega ör síðastliðin tvö ár (eða 4—5% á ári). Einkum var fjölgunin mikil á árinu 1965. Stafar þetta fyrst og fremst af fjölgun nema. Sömuleiðis má gera ráð fyrir verulegri áframhaldandi aukningu fagmanna í þessum greinum á næstu tveimur árum, eða 3—4% á ári. Er þetta allmiklu meiri aukning en gert er ráð fyrir í mannafla byggingarstarfseminnar í heild.

Ýmsar athuganir hafa verið gerðar á byggingarstarfsemi á Suðvesturlandi og mannaflaþörf hennar í samanburði við byggingarstarfsemi og mannaflaþörf hennar

á öllu landinu (sbr. töflu 9). Benda þessar athuganir til þess, að hlutur Suðvesturlands í byggingarstarfsemi og mannaflanotkun hennar sé rúmlega 70% af heildinni. Vegna þessa háa hlutfalls er ekki ástæða til sérstakra útreikninga á mannaflajöfnuði Suðvesturlands, enda myndu slíkir útreikningar verða flóknir og vafasamir að gildi. Yfirgnæfandi meirihluti breytinga á verkefnamagni og vinnuaflsframboði á sér stað á Suðvesturlandi, og getur sá landshluti því tekið á sig allt að því eins miklar álagsbreytingar og byggingarstarfsemin í landinu í heild. Vinnuaflsjöfnuður landsins alls hefur því verið lagður til grundvallar þeim ályktunum, sem hér fara á eftir.

Mannaflaþörf við byggingu orkuvers og bræðslu.

Áætlanir um innlendan mannafla við framkvæmdir virkjunar og bræðslu eru settar fram í töflu 10. Tekin eru tvö afbrigði, sem miðast við tvö hagstæðustu tilboðin í virkjunina. Við gerð bræðslunnar koma einnig til greina fleiri afbrigði eftir þeim hætti, sem hafður verður á byggingu hennar í nánari atriðum. Hér er lögð til grundvallar nýgerð áætlun álfélagsins um þörf innlends mannafla. Veruleg smíði byggingar- og tækjahluta fer fram erlendis. Hin áætlaða þörf innlends vinnuafls er heldur ekki lágmarksþörf, þannig að erlent vinnuafl gæti að talsverðu leyti komið í stað hins innlenda, ef brýna nauðsyn bæri til.

Heildarmannaflaþörfin við byggingu orkuvers og bræðslu er 1710 mannár samkvæmt hærra afbrigðinu, sem felur í sér virkjunaráætlun Almenna byggingafélagsins hf. og félaga þess, en 1560 mannár samkvæmt lægra afbrigðinu, sem felur í sér áætlun með tilboði franska félagsins Dumez. Áætlun ABF o. fl. er fyllri en áætlun Dumez, þar eð hún felur í sér alla vinnu við flutninga, verkstæðisvinnu o. þ. u. l., sem hið franska félag mun í meira mæli þurfa að kaupa af öðrum fyrirtækjum. Þykir því rétt að gera ráð fyrir, að hærra afbrigðið komist í framkvæmd, og er reiknað með því í heildaryfirliti mannafla í byggingarstarfsemi (tafla 12).

Mesta álagið er á árunum 1967 og 1968, og þó nokkru meira á hinu síðara, 745 mannár samkvæmt hærra afbrigðinu, en 685 samkvæmt því lægra. Mesti mannafli hvors þessara ára er ekki tiltakanlega miklu meiri en þetta, þegar tillit hefur verið tekið til þess, að hámörk hinna einstöku framkvæmda falla ekki ætíð saman. Þannig eru á árinu 1968 hámörkin 835 manns samkvæmt hærra afbrigðinu, en 765 samkvæmt því lægra.

Sú mynd vinnuaflsjafnaðarins, sem mestu máli skiptir, eru mannárin, sem sýna það vinnumagn, sem afkasta þarf og í boði er. Hámarksfjöldi mannafla er að hinu leytinu nokkuð til marks um það átak, sem felst í að ná mannaflanum saman. En mismunur mannáranna og hámarksfjölda er hér ekki það mikill að verulegu máli skipti.

Það auðveldar útvegun nægilegs mannafla án jafnvægisröskunar, að báðar aðalframkvæmdirnar, virkjun og bræðsla, fara af stað með nokkuð jafnri stígandi og auka mannafla sinn þannig stig af stigi upp í hámark. Kemur þetta mun betur fram af mánaðartölum heldur en af töflu 10.

Meginniðurstöðurnar koma fram í töflum 11 og 12. Sýnir fyrri taflan (11) yfirlit um nýframkvæmdir í byggingarstarfsemi og vélsmíði á árunum 1963—1965, mannaflanotkun þeirra framkvæmda og mannaflanotkun varnarliðsframkvæmda. Viðhaldsvinna, byggingarstarfsemi og vélsmíði er ekki meðtalin, þannig að taflan sýnir ekki allan þann mannafla, sem af er að taka. En gert er ráð fyrir, að viðhaldsvinnan haldist í jöfnum straumi og geti ekki látið frá sér mannafla til nýframkvæmda. Síðari taflan (12) sýnir áætlun um aukningu mannaflaþarfar við verklegar framkvæmdir á árunum 1966—1968, samanborið við 1965. Er hér sýnd mannaflaþörf Búrfellsvirkjunar, álbræðslu og Straumsvíkurhafnar í samræmi við niðurstöður töflu 10. Þá eru sýndar breytingar á mannaflaþörf varnarliðsframkvæmda samkvæmt upplýsingum

frá varnarmáladeild og verktökum. Þá sýnir taflan áætlaða aukningu mannaflaþarfar við almennar framkvæmdir, sem byggð er á áætlun um þróun þessara framkvæmda sjálfra. Að því er snertir árið 1966 er sú áætlun byggð á heimildum fjárlaga og hinnar sérstöku framkvæmda- og fjáröflunaráætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir það ár, sem nú er fullunnin og enn fremur eftir áætlunum Reykjavíkurborgar um framkvæmdir ársins og annarri tiltækri vitneskju um fyrirætlanir helztu sveitarfélaganna.

Áætlun um opinberar framkvæmdir næstu ára er gerð eftir þeim gögnum, sem notuð hafa verið við gerð framkvæmda- og fjáröflunaráætlunarinnar fyrir 1966 og gefa allglögga vísbendingu um framkvæmdaþörf næstu ára. Áætlun um aðrar framkvæmdir er gerð út frá þeirri þróunarstefnu, sem virðist gilda um hverja grein þeirra, og með sérstakri hliðsjón af fjáröflunarskuldbindingum hins opinbera. Útreikningar vinnuinnihalds framkvæmdanna er gerður eftir samsetningu vísitölu byggingarkostnaðar, að því er húsbyggingar varðar, en annars eftir ýmsum heimildum og sérstökum áætlunum um einstakar greinar framkvæmda.

Niðurstaða, sem fram kemur í töflu 12, er sú, að aukning mannaflaþarfar við verklegar framkvæmdir samanborið við árið 1965 sé 370 mannár á árinu 1966, 970 mannár 1967 og 1085 mannár 1968. Í töflu 12 sést svo einnig, hversu mikilli heildarviðbót mannafla má gera ráð fyrir á hverju þessara ára, og hversu mikill hluti þeirrar viðbótar er tiltækur til verklegra framkvæmda og byggingarstarfsemi, að því er áætla má. Er heildarviðbót mannafla miðað við 1965 um 1500 fyrsta árið, 3100 annað árið (1967) og 4800 þriðja árið (1968). Áætlað er, að af þessari heildarviðbót séu 350 manns tiltækir til framkvæmda á hverju ári, þannig að hin tiltæka viðbót miðað við 1965 verður 350 fyrsta árið (1966), 700 annað árið (1967) og 1050 þriðja árið (1968). Leiðir samanburður þessara talnaraða í ljós, að hætt sé við verulegri vöntun vinnuafls á árinu 1967, en það ár er áætluð aukning mannaflaþarfar við framkvæmdir tæpum 300 mannárum meiri en áætluð aukning þess mannafla, sem talinn er tiltækur til verklegra framkvæmda og byggingarstarfsemi. Á árunum 1966 og 1968 virðist hins vegar þolanlegur jöfnuður á milli framboðs og notkunar mannaflans.

Það leiðir af þessari niðurstöðu, að taka verður mannaflajöfnuð ársins 1967 til sérstakrar yfirvegunar. Komi ekki fram óvæntar breytingar á vinnuaflsnotkuninni, þarf að gera ráðstafanir til að tryggja jafnvægið. Hverjar þær ráðstafanir skuli vera, liggur utan viðfangsefnis þessarar skýrslu.

Mannaflaþörf álbræðslunnar í rekstri.

Rekstur álbræðslunnar mun væntanlega hefjast um 1. júní 1969. Verður þá hafinn rekstur fyrsta áfanga bræðslunnar, er framleiðir 30 000 tonn á ári. Hámarksáætlun um mannaflaþörf þess rekstrar er 300 manns. Stækkun bræðslunnar upp í 60 000 tonna afköst getur eftir atvikum gerzt í einum áfanga eða tveimur jöfnum áföngum. Er áætlað hér, að áfangarnir verði tveir og rekstur þeirra hefjist með jöfnu millibili, fyrri áfangans 1. júní 1972, en hins síðari 1. júní 1975. Hámarksáætlun um mannaflaþörf bræðslunnar í fullri stærð er 450 manns. Má gera ráð fyrir, að sú aukning komi jafnt á báða síðari áfangana, 75 manna aukning á hvorn.

Meðalmannafli ársins 1965 í iðnaði er talinn hafa numið 19 800 manns (tafla 4), 7100 í fiskiðnaði, en 12 700 í öðrum iðnaði. Árið 1970 er áætlað, að 21 900 manns verði í iðnaði alls, þar af 7450 í fiskiðnaði og 14 450 í öðrum iðnaði. Fjölgun í iðnaði alls er þá 2100 yfir 5 ára tímabilið 1965—1970, en 1750 í öðrum iðnaði en fiskiðnaði.

Mannaflaþörfina til rekstrar fyrsta áfanga bræðslunnar er rétt að skoða með hliðsjón af ofangreindum tölum. Mannafli fyrsta áfangans, 300 manns í mesta lagi, er réttur sjöundi hluti, eða rúm 14% aukningar mannafla í öllum iðnaði yfir þetta tímabil, en um 17% aukningar í öðrum iðnaði en fiskiðnaði. Sé mannafli bræðslunnar dreginn frá hlut annars iðnaðar en fiskiðnaðar, verður eftir aukning

um 1450 manns handa öðrum iðngreinum, eða um 290 manns á ári. Tilkoma bræðslunnar veldur þannig því, að aukning mannafla þessara iðngreina verður nokkru minni en ætla má, að hún hafi verið 1960—1965.

Þarna er þó aðeins um mjög tímabundna afstöðu að ræða. Á næsta 5 ára tímabili dragast aðeins 150 manns frá aukningu mannafla í öðrum iðnaði en fiskiðnaði, þannig að 1750 manns verða eftir til aukningar, eða 350 manns á ári. Í þessu sambandi er einnig rétt að taka tillit til heildarfjölgunar mannafla, en hún er áætluð 7950 manns fyrra fimm ára tímabilið, en 8950 manns hið síðara. Rekstrarmannafli fyrsta áfanga bræðslunnar er aðeins 3.8% mannaflafjölgunar á því fimm ára tímabili, sem reksturinn hefst á. Síðari áfanginn eða áfangarnir taka til sín aðeins 1.7% mannaflafjölgunar á því fimm ára tímabili, þegar rekstur þeirra hefst. Sem hlutfalls af heildarmannafla gætir mannafla bræðslurekstrarins sáralítið. Hámarksmannaflinn árið 1975 verður 0.5% heildarmannaflans. Fer það hlutfall jafnt og þétt minnkandi, unz það verður um 0.3% um aldamótin.

Tafla 1.

Mannaflinn á 5 ára fresti 1960–2000.

		Fjöldi á starfsaldri					Atvinnufólk				
	Mannfj. alls	15–19	20–24	25–49	50–69	Alls 15–69	15–19 60%	20–24 90%	25–49 97%	50–69 95%	Alls
Karlar:											
1960	89 578	7 401	5 889	27 218	13 420	53 928	4 441	5 300	26 401	12 749	48 891
1965	97 814	9 330	7 313	28 194	14 325	59 162	5 598	6 582	27 348	13 609	53 137
1970	106 962	10 438	9 246	30 259	15 530	65 473	6 263	8 321	29 351	14 754	58 689
1975	117 481	11 668	10 342	33 664	16 903	72 577	7 001	9 308	32 654	16 058	65 021
1980	129 637	11 515	11 561	37 732	18 363	79 171	6 909	10 405	36 600	17 445	71 359
1985	143 048	12 547	11 411	43 052	19 471	86 481	7 528	10 270	41 760	18 497	78 055
1990	157 459	14 411	12 436	48 374	19 942	95 163	8 647	11 192	46 923	18 945	85 707
1995	173 160	16 456	14 280	53 284	21 294	105 314	9 874	12 852	51 685	20 229	94 640
2000	190 625	18 088	16 305	58 165	24 037	116 595	10 853	14 675	56 420	22 835	104 783
Konur:							60%	45%	30%	30%	
1960	87 714	7 241	5 747	26 238	13 604	52 830	4 345	2 586	7 871	4 081	18 883
1965	95 746	8 673	7 197	27 222	14 471	57 563	5 204	3 239	8 167	4 341	20 951
1970	104 525	9 954	8 656	29 521	15 531	63 662	5 972	3 895	8 856	4 659	23 382
1975	114 791	11 016	9 930	32 780	16 906	70 632	6 610	4 469	9 834	5 072	25 985
1980	126 546	11 135	10 989	36 779	18 492	77 395	6 681	4 945	11 034	5 548	28 208
1985	139 469	11 863	11 108	41 865	19 553	84 389	7 118	4 999	12 560	5 866	30 543
1990	153 407	13 634	11 836	47 140	20 264	92 874	8 180	5 326	14 142	6 079	33 727
1995	168 601	15 571	13 603	51 685	21 939	102 798	9 343	6 121	15 506	6 582	37 552
2000	185 502	17 111	15 535	56 544	24 507	113 697	10 267	6 991	16 963	7 352	41 573
Alls:											
1960	177 292	14 642	11 636	53 456	27 024	106 758	8 786	7 886	34 272	16 830	67 774
1965	193 560	18 003	14 510	55 416	28 796	116 725	10 802	9 821	35 515	17 950	74 088
1970	211 487	20 392	17 902	59 780	31 061	129 135	12 235	12 216	38 207	19 413	82 071
1975	232 272	22 684	20 272	66 444	33 809	143 209	13 611	13 777	42 488	21 130	91 006
1980	256 183	22 650	22 550	74 511	36 855	156 566	13 590	15 350	47 634	22 993	99 567
1985	282 517	24 410	22 519	84 917	39 024	170 870	14 646	15 269	54 320	24 363	108 598
1990	310 866	28 045	24 272	95 514	40 206	188 037	16 827	16 518	61 065	25 024	119 434
1995	341 761	32 027	27 883	104 969	43 233	208 112	19 217	18 973	67 191	26 811	132 192
2000	376 127	35 199	31 840	114 709	48 544	230 292	21 120	21 666	73 383	30 187	146 356

	Fjölgun yfir umliðin 5 ár			Fjölgun alls frá 1965		
	Mannfj. alls	Á starfs-aldri	Atvinnu-fólk	Mannfj. alls	Á starfs-aldri	Atvinnu-fólk
Karlar:						
1965	8 236	5 234	4 246			
1970	9 148	6 311	5 552	9 148	6 311	5 552
1975	10 519	7 104	6 332	19 667	13 415	11 884
1980	12 156	6 594	6 338	31 823	20 009	18 222
1985	13 411	7 310	6 696	45 234	27 319	24 918
1990	14 411	8 682	7 652	59 645	36 001	32 570
1995	15 701	10 151	8 933	75 346	46 152	41 503
2000	17 465	11 281	10 143	92 811	57 433	51 646
Konur:						
1965	8 032	4 733	2 068			
1970	8 779	6 099	2 431	8 779	6 099	2 431
1975	10 266	6 970	2 603	19 045	13 069	5 034
1980	11 755	6 763	2 223	30 800	19 832	7 257
1985	12 923	6 994	2 335	43 723	26 826	9 592
1990	13 938	8 485	3 184	57 661	35 311	12 776
1995	15 194	9 924	3 825	72 855	45 235	16 601
2000	16 901	10 899	4 021	89 756	56 134	20 622
Alls:						
1965	16 268	9 967	6 314			
1970	17 927	12 410	7 983	17 927	12 410	7 983
1975	20 785	14 074	8 935	38 712	26 484	16 918
1980	23 911	13 357	8 561	62 623	39 841	25 479
1985	26 334	14 304	9 031	88 957	54 145	34 510
1990	28 349	17 167	10 836	117 306	71 312	45 346
1995	30 895	20 075	12 758	148 201	91 387	58 104
2000	34 366	22 180	14 164	182 567	113 567	72 268

Tafla 2.

Mannaflinn hvert ár 1960 - 1970.

	Fjöldi á starfsaldri					Atvinnufólk				
Karlar:	Mannfj. alls	15-19	20-24	25-49	50-69	Alls 15-69	15-19 60%	20-24 90%	25-49 97%	50-69 95%	Alls
1960	89 678	7 401	5 889	27 218	13 420	53 928	4 441	5 300	26 401	12 749	48 891
1961	90 985	7 834	5 929	27 392	13 535	54 690	4 700	5 335	26 570	12 858	49 464
1962	92 757	8 240	6 134	27 650	13 741	55 765	4 944	5 521	26 821	13 054	50 340
1963	94 516	8 598	6 407	27 862	13 883	56 750	5 159	5 766	27 026	13 189	51 140
1964	96 112	8 934	6 802	28 031	14 108	57 875	5 360	6 122	27 190	13 403	52 075
1965	97 814	9 330	7 313	28 194	14 325	59 162	5 598	6 582	27 348	13 609	53 137
1966	99 544	9 524	7 768	28 433	14 523	60 248	5 714	6 991	27 580	13 797	54 082
1967	101 317	9 749	8 169	28 820	14 750	61 488	5 849	7 352	27 955	14 013	55 169
1968	103 152	10 075	8 525	29 229	14 989	62 818	6 045	7 673	28 352	14 240	56 310
1969	105 057	10 316	8 867	29 785	15 207	64 175	6 190	7 980	28 891	14 447	57 508
1970	106 962	10 438	9 246	30 259	15 530	65 473	6 263	8 321	29 351	14 754	58 689
Konur:							60%	45%	30%	30%	
1960	87 714	7 241	5 747	26 238	13 604	52 830	4 345	2 586	7 871	4 081	18 883
1961	89 073	7 515	5 787	26 335	13 754	53 391	4 509	2 604	7 901	4 126	19 140
1962	90 722	7 755	6 103	26 598	13 948	54 404	4 653	2 746	7 979	4 184	19 562
1963	92 397	8 116	6 505	26 761	14 130	55 512	4 870	2 927	8 028	4 239	20 064
1964	94 119	8 409	6 841	26 918	14 347	56 515	5 045	3 078	8 075	4 304	20 502
1965	95 746	8 673	7 197	27 222	14 471	57 563	5 204	3 239	8 167	4 341	20 951
1966	97 405	9 074	7 592	27 547	14 643	58 856	5 444	3 416	8 264	4 393	21 517
1967	99 110	9 266	7 737	27 985	14 892	59 880	5 560	3 482	8 396	4 468	21 906
1968	100 866	9 405	8 104	28 484	15 144	61 137	5 643	3 647	8 545	4 543	22 378
1969	102 683	9 667	8 402	28 991	15 321	62 381	5 800	3 781	8 697	4 596	22 874
1970	104 525	9 954	8 656	29 521	15 531	63 662	5 972	3 895	8 856	4 659	23 382
A l l s:											
1960	177 292	14 642	11 636	53 456	27 024	106 758	8 786	7 886	34 272	16 830	67 774
1961	180 058	15 349	11 716	53 727	27 289	108 081	9 209	7 940	34 471	16 984	68 604
1962	183 478	15 995	12 237	54 248	27 689	110 169	9 597	8 267	34 800	17 238	69 902
1963	186 912	16 714	12 912	54 623	28 013	112 262	10 029	8 693	35 054	17 428	71 204
1964	190 230	17 343	13 643	54 949	28 455	114 390	10 405	9 200	35 265	17 707	72 577
1965	193 560	18 003	14 510	55 416	28 796	116 725	10 802	9 821	35 515	17 950	74 088
1966	196 949	18 598	15 360	55 980	29 166	119 104	11 158	10 407	35 844	18 190	75 599
1967	200 427	19 015	15 906	56 805	29 642	121 368	11 409	10 834	36 351	18 481	77 075
1968	204 018	19 480	16 629	57 713	30 133	123 955	11 688	11 320	36 897	18 783	78 688
1969	207 705	19 983	17 269	58 776	30 528	126 556	11 990	11 761	37 588	19 043	80 382
1970	211 487	20 392	17 902	59 780	31 061	129 135	12 235	12 216	38 469	19 413	82 073

	Fjölgun frá fyrra ári		
	Mannfjöldi alls	Á starfs-aldri	Atvinnu-fólk
K a r l a r :			
1961	1 307	762	573
1962	1 772	1 075	876
1963	1 759	985	800
1964	1 596	1 125	935
1965	1 702	1 287	1 062
1966	1 730	1 086	945
1967	1 773	1 240	1 087
1968	1 835	1 330	1 141
1969	1 885	1 357	1 198
1970	1 925	1 298	1 181
K o n u r :			
1961	1 359	561	257
1962	1 649	1 013	422
1963	1 675	1 108	502
1964	1 722	1 003	438
1965	1 627	1 048	449
1966	1 659	1 293	566
1967	1 705	1 024	389
1968	1 756	1 257	472
1969	1 802	1 244	496
1970	1 857	1 281	508
A l l s :			
1961	2 766	1 323	830
1962	3 420	2 088	1 298
1963	3 434	2 093	1 302
1964	3 318	2 128	1 373
1965	3 330	2 335	1 511
1966	3 389	2 379	1 511
1967	3 478	2 264	1 476
1968	3 591	2 587	1 613
1969	3 687	2 601	1 694
1970	**3 782**	**2 579**	**1 689**

Tafla 3.

Mannaflinn eftir árstíðum 1960 - 1970.

Reiknaður fjöldi skv. mannaflaspá.

	Mannafli					
	Marz	Júlí	Nóvember	Ársmeðal-tal	Fjölgun að vori	Fækkun að hausti
Hlutföll	95.6	106.5	97.8	100.0	10.9	8.7
1960	64 792	72 179	66 283	67 774	7 387	5 896
1961	65 585	73 063	67 095	68 604	7 478	5 968
1962	66 826	74 446	68 364	69 902	7 620	6 082
1963	68 071	75 832	69 638	71 204	7 761	6 194
1964	69 384	77 294	70 980	72 577	7 910	6 314
1965	70 828	78 904	72 458	74 088	8 076	6 446
1966	72 273	80 513	73 936	75 599	8 240	6 577
1967	73 684	82 085	75 379	77 075	8 401	6 706
1968	75 226	83 803	76 957	78 688	8 577	6 846
1969	76 845	85 607	78 613	80 382	8 762	6 994
1970	78 460	87 406	80 265	82 071	8 946	7 141

Tafla 4. Atvinnuskipting mannaflans

		Taldir virkir meiri hluta ársins, 15 ára og eldri		Áætluð skipting meðalmannafla ársins					
				15 ára og eldri	15-69 ára skv. mannaflaáætlun og -spá.				
				Skipting úrtaks	Skipting úrtaks	Skipting vinnuvikna	Áætluð skipting		
		1950	1960	1960	1960	1963	1965	1970	1975
1.	Landbúnaður	14.400[1]	12.225	11.990	11.790	10.470	10.200	9.700	9.200
2.	Fiskveiðar	6.135	5.400	5.418	5.350	4.630	4.650	4.650	4.650
3.	Fiskiðnaður	3.757	7.000	6.462	6.370	6.980	7.100	7.450	7.850
4.	Sjávarútvegur, alls	(9.892)	(12.400)	(11.880)	(11.720)	(11.610)	(11.750)	(12.100)	(12.500)
5.	Annar iðnaður	9.667	11.775	11.146	10.980	12.600	12.700	14.450	16.350
6.	Iðnaður alls	(13.424)	(18.775)	(17.608)	(17.350)	(19.580)	(19.800)	(21.900)	(24.200)
7.	Byggingarstarfsemi[2]	5.873	7.435	7.433	7.320	7.830	9.300	10.550	11.900
8.	Viðskipti	5.775	9.025	8.221	8.070	9.900	10.550	12.450	14.600
9.	Samgöngur	4.990	5.875	5.667	5.560	6.760	7.000	7.950	9.000
10.	Þjónusta[3]	9.757	13.615	12.513	12.335	12.030	12.600	14.850	17.450
	A L L S	60.354[1]	72.350	68.850	67.775	71.200	74.100	82.050	91.000
	Hlutfallstölur:								
1.	Landbúnaður	23.8	16.9	17.4	17.4	14.7	13.8	11.8	10.1
2.	Fiskveiðar	10.2	7.4	7.9	7.9	6.5	6.3	5.7	5.1
3.	Fiskiðnaður	6.2	9.7	9.4	9.4	9.8	9.6	9.1	8.6
4.	Sjávarútvegur, alls	(16.4)	(17.1)	(17.3)	(17.3)	(16.3)	(15.9)	(14.8)	(13.7)
5.	Annar iðnaður	16.0	16.3	16.2	16.2	17.7	17.1	17.6	18.0
6.	Iðnaður alls	(22.2)	(26.0)	(25.6)	(25.6)	(27.5)	(26.7)	(26.7)	(26.6)
7.	Byggingarstarfsemi[2]	9.7	10.3	10.8	10.8	11.0	12.6	12.8	13.0
8.	Viðskipti	9.6	12.5	11.9	11.9	13.9	14.2	15.2	16.1
9.	Samgöngur	8.3	8.1	8.2	8.2	9.5	9.4	9.7	9.9
10.	Þjónusta[3]	16.2	18.8	18.2	18.2	16.9	17.0	18.1	19.2
	A L L S	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0	100.0

---

1) Fjöldi í aðalmanntali lækkaður um 1800 vegna oftalinnar atvinnuþátttöku eiginkvenna bænda.

2) Byggingarstarfsemi fyrir varnarliðið meðtalin, að nokkru áætluð.

3) Rekstur rafveitna, vatnsveitna og hreinsunarstarfsemi og þjónusta við varnarliðið meðtalin.

Tafla 4. framhald

	Fjölgun mannaflans[4]				Fjölgun í %			
	1950-'60	1960-'65	1965-'70	1970-'75	1950-'60	1960-'65	1965-'70	1970-'75
1. Landbúnaður	-2.175	-1.590	-500	-500	-15.1	-13.5	-4.9	-5.2
2. Fiskveiðar	-735	-700	0	0	-12.0	-13.1	0.0	0.0
3. Fiskiðnaður	3.243	730	350	400	86.3	11.5	4.9	5.4
4. Sjávarútvegur, alls	(2.508)	(30)	(350)	(400)	(25.4)	(0.2)	(3.0)	(3.3)
5. Annar iðnaður	2.108	1.720	1.750	1.900	21.8	15.7	13.8	13.1
6. Iðnaður alls	(5.351)	(2.450)	(2.100)	(2.300)	(39.9)	(14.1)	(10.6)	(10.5)
7. Byggingarstarfsemi	1.562	1.980	1.250	1.350	26.6	27.0	13.5	12.8
8. Viðskipti	3.250	2.480	1.900	2.150	56.3	30.7	18.0	17.3
9. Samgöngur	885	1.440	950	1.050	17.7	25.9	13.6	13.2
10. Þjónusta	3.858	265	2.250	2.600	39.5	2.1	18.0	17.5
A L L S	11.996	6.325	7.950	8.950	19.9	9.3	10.7	10.9

	Hlutfallstölur fjölgunar				Fjölgun í % á ári			
1. Landbúnaður	-18.2	-25.1	-6.3	-5.6	-1.6	-3.1	-1.0	-1.0
2. Fiskveiðar	-6.1	-11.1	0	0	-1.3	-2.8	0.0	0.0
3. Fiskiðnaður	27.0	11.5	4.4	4.5	6.4	2.2	1.0	1.0
4. Sjávarútvegur, alls	(20.9)	(0.4)	(4.4)	(4.5)	(2.3)	(0.0)	(0.6)	(0.6)
5. Annar iðnaður	17.6	27.2	22.0	21.2	2.0	3.0	2.6	2.5
6. Iðnaður alls	(44.6)	(38.7)	(26.4)	(25.7)	(3.4)	(2.7)	(2.0)	(2.0)
7. Byggingarstarfsemi	13.0	31.3	15.1	15.1	2.4	4.9	2.6	2.5
8. Viðskipti	27.1	39.2	23.9	24.0	4.6	5.5	3.4	3.3
9. Samgöngur	7.4	22.8	12.0	11.7	1.6	4.7	2.6	2.5
10. Þjónusta	32.2	4.2	28.9	29.1	3.4	0.4	3.4	3.3
A L L S	100.0	100.0	100.0	100.0	1.8	1.8	2.1	2.1

---

4) Fjölgunartölur 1950-'60 eru ekki alveg sambærilegar við tilsvarandi tölur síðari tímabilanna, þ.e. þær liggja um 6.7% hærra. Það á þó ekki að hafa áhrif á sambærileik hlutfallstalna og vaxtartalna í %.

Tafla 5. Unnar vinnuvikur alls starfsfólks í byggingarstarfsemi árið 1963.

	Fjöldi vinnuvikna			Umreiknað í vinnuár (52ja vikna)			Hlutfallstölur		
	Húsagerð og viðgerðir	Önnur byggingar-starfsemi	Byggingar-starfsemi alls	Húsagerð og viðgerðir	Önnur byggingar-starfsemi	Byggingar-starfsemi alls	Húsagerð og viðgerðir	Önnur byggingar-starfsemi	Byggingar-starfsemi alls
Reykjavík	130.805	87.577	218.382	2.515	1.684	4.199	53.9	59.4	56.4
Kópavogur	7.572	2.156	9.728	146	41	187			
Hafnarfjörður	6.208	2.047	8.255	119	39	158			
Keflavík	4.647	1.250	5.897	89	24	113			
Akranes	4.689	1.729	6.418	90	33	123			
Kaupstaðir á Suðvesturlandi	153.921	94.759	248.680	2.959	1.821	4.780	63.4	64.3	63.7
Gullbr.- og Kjósarsýsla	9.261	18.597[1]	27.858	178	358	536			
Árnessýsla	9.390	7.162	16.552	181	138	319			
Sýslur á Suðvesturlandi	18.651	25.759	44.410	359	496	855	7.7	17.5	11.4
Suðvesturland, alls	172.572	120.518	293.090	3.318	2.317	5.635	71.1	81.8	75.1
Aðrir landshlutar	70.235	26.756	96.991	1.351	516	1.867	28.9	18.2	24.9
Allt landið	242.807	147.274	390.081	4.669	2.833	7.502	100.0	100.0	100.0

Heimild: Hagtíðindi Júní 1965

Aths.: Um gildi staðasundurliðunar sjá athugasemdir í skýringatexta.

1) Byggingarstarfsemi fyrir varnarliðið, 17.380 vinnuvikur, eða 335 vinnuár, hér meðtalin.

Tafla 6. Fjöldi framteljenda með byggingarstarfsemi að aðalstarfi.

1963 og 1964

	1963				1964					
	Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes	Suðvesturland, alls	Aðrir landshlutar	Allt landið	Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes	Suðvesturland, alls	Aðrir landshlutar	Allt landið	Fjölgun framteljenda 1963-'64	Fjölgun í %
Allir framteljendur:										
Bygging, viðgerðir og viðhald húsa og mannvirkja:										
1. Vinnuveitendur, forstjórar, forstöðumenn				399				489	90	22.6
2. Einyrkjar				582				599	17	2.9
3. Verkstjórnarmenn, yfirmenn				134				168	34	25.4
4. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h.				1.618				1.972	354	21.9
5. Ófaglært verkafólk				3.068				3.317	249	8.1
6. Skrifstofufólk o.þ.h.				30				52	22	73.3
7. Sérfræðingar				42				41	-1	-2.4
A L L S	(3.380)	(4.110)	(1.763)	5.873	(3.725)	(4.615)	(2.023)	6.638	765	13.0
Byggingarstarfsemi á vegum varnarliðsins (áætlað):	...	(328)	-	328	...	(263)	-	263	-65	-
S A M T A L S	...	(4.438)	(1.763)	6.201	...	(4.878)	(2.023)	6.901	700	10.1
Þar af:										
Kvæntir karlar 25-66 ára:										
Bygging, viðgerðir og viðhald húsa og mannvirkja:										
1. Vinnuveitendur, forstjórar, forstöðumenn	(181)	(221)	(94)	(315)	(217)	(269)	(118)	(387)	(72)	(22.9)
2. Einyrkjar	367	427	16	443	335	394	58	452	9	2.0
3. Verkstjórnarmenn, yfirmenn	(60)	(73)	(31)	(104)	(78)	(97)	(42)	(139)	(35)	(33.7)
4. Faglærðir, iðnnemar o.þ.h.	494	605	283	888	532	665	348	1.013	125	14.1
5. Ófaglært verkafólk	365	459	341	800	431	550	301	851	51	6.4
6. Skrifstofufólk o.þ.h.	(9)	(11)	(4)	(15)	(14)	(17)	(8)	(25)	(10)	(66.7)
7. Sérfræðingar	(19)	(23)	(10)	(33)	(18)	(22)	(10)	(32)	(-1)	(-3.0)
A L L S	1.495	1.819	779	2.598	1.625	2.014	885	2.899	301	11.6
Hlutfallstölur eftir landshlutum:										
Byggingarstarfsemi	57.5	70.0	30.0	100.0	56.1	69.5	30.5	100.0		
Byggingarstarfsemi, að meðtalinni byggingarstarfsemi á vegum varnarliðsins og verktaka þess	...	71.6	28.4	100.0	...	70.7	29.3	100.0		

HEIMILD: Hagtíðindi, febrúar og nóvember 1965 og önnur gögn Hagstofu Íslands.
Aths.: Svigatölur eru áætlaðar og þar með að nokkru þær samtölur, sem á þeim eru byggðar.
Merki: - = enginn; ... = upplýsingar liggja ekki fyrir.

Tafla 7. Lausleg áætlun um fjölda starfandi manna í ýmsum iðngreinum á öllu landinu: nema, sveina og meistara, alls.

	1964	1965	1966	1967	196
A. Fjöldi í ársbyrjun:					
I. Byggingariðngreinar:					
1. Húsasmiðir	1 500	1 550	1 600	1 648	1 698
2. Múrarar	435	450	480	495	510
3. Málarar	300	307	314	322	330
4. Pípulagningarmenn	210	225	250	260	270
5. Rafvirkjar	850	885	921	956	993
6. Skipasmiðir[1]	170	183	197	211	225
ALLS I	3 465	3 600	3 762	3 892	4 026
II. Járn- og vélsmíðagreinar:					
7. Járniðnaðarmenn	1 200	1 287	1 375	1 465	1 555
8. Blikksmiðir	60	67	75	82	90
9. Bifvélavirkjar	450	485	521	557	594
ALLS II	1 710	1 839	1 971	2 104	2 239
SAMTALS	5 175	5 439	5 733	5 996	6 265
B. Hreyfing yfir árið:					
I. Byggingariðngreinar:					
a) Viðkoma	203	232	206	212	
- b) Brottfall	68	70	76	78	
= c) Hrein fjölgun	135	162	130	134	
II. Járn- og vélsmíðagreinar:					
a) Viðkoma	166	170	173	179	
- b) Brottfall	37	38	40	44	
= c) Hrein fjölgun	129	132	133	135	
Samtals:					
a) Viðkoma	369	402	379	391	
- b) Brottfall	105	108	116	122	
= c) Hrein fjölgun	264	294	263	269	

---

1) Skipasmiðir eru taldir með byggingariðngreinum vegna skyldleika fagsins við húsasmíðar.

Tafla 8. Fjöldi fagmanna - nema, sveina og meistara - í byggingar- og vélsmíðagreinum á Suðvesturlandi í ársbyrjun 1965 og 1966.

	Fjöldi á ársbyrjun 1965				Fjölgun 1965				Fjöldi í ársbyrjun 1966			
	Nemar	Sveinar	Meistarar	Alls	Nemar	Sveinar	Meistarar	Alls	Nemar	Sveinar	Meistarar	Alls
I. Byggingargreinar:												
1. Húsasmiðir	254	734	236	1 224	81	22	15	118	335	756	251	1 342
2. Múrarar	69	256	48	373	36	+ 5	7	38	105	251	55	411
3. Málarar	47	124	80	251	+ 4	6	-	2	43	130	80	253
4. Veggfóðrarar	6	-	22	28	4	-	1	5	10	-	23	33
5. Pípulagningarmenn	40	79	71	190	20	5	11	36	60	84	82	226
6. Rafvirkjar og rafvélavirkjar	148	387	85	620	5	34	9	48	153	421	94	668
Alls 1. - 6.:	564	1 580	542	2 686	142	62	43	247	706	1 642	585	2 933
Skyldar greinar:												
7. Skipasmiðir	-	49	..	49	-	+ 3	..	+ 3	-	46	..	46
8. Húsgagnasmiðir	88	89	...	177	11	6	...	17	99	95	...	194
Alls 1. - 8.:	652	1 718	542	2 912	153	65	43	261	805	1 783	585	3 173
II. Járn- og vélsmíðagreinar:												
1. Járniðnaðarmenn	232	522	18	772	13	12	-	25	245	534	18	797
2. Blikksmiðir	22	34	...	56	7	1	...	8	29	35	...	64
Alls 1. - 2.:	254	556	18	828	20	13	-	33	274	569	18	861
Skyldar greinar:												
3. Bifreiðasmiðir	33	(50)	(50)	133	1	(3)	(3)	7	34	(53)	(53)	140
4. Bifvélavirkjar	115	186	...	301	1	4	...	5	116	190	...	306
Alls 1. - 4.:	402	792	68	1 262	22	20	3	45	424	812	71	1 307
Alls byggingar-, járn- og vélsmíðagreinar:	818	2 136	560	3 514	162	75	43	280	980	2 211	603	3 794
Alls skyldar greinar:	236	374	(50)	660	13	10	3	26	249	384	(53)	686
Alls í ofantöldum greinum:	1 054	2 510	610	4 174	175	85	46	306	1 229	2 595	656	4 480

Suðvesturland: Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður og Gullbringu-, Kjósar og Árnessýslur.

Heimildir: Skýrslur Iðnfræðsluráðs og A.S.Í. og upplýsingar frá iðnaðarmannafélögum.

Tákn: - = enginn; ... = upplýsingar ekki fyrir hendi; svigatölur að nokkru áætlaðar.

Tafla 9. Byggingarframkvæmdir á Suðvesturlandi og vinnuafl við þær

1961 - 1965

		Framkvæmd í jafngildi þús. rúmmetra.					Mannár				
		1961	1962	1963	1964	Bráðabirgðatölur 1965	1961	1962	1963	1964	1965
I.	Reykjavík:	365.1	423.5	481.0	506.6	611.7	1 535	1 740	2 060	2 115	2 375
	1. Íbúðabyggingar	163.6	193.2	245.7	233.6	244.2					
	2. Aðrar byggingar, vandaðar	122.9	132.2	151.1	167.1	178.4					
	3. - " - , óvandaðar	78.6	98.1	84.2	105.9	189.1					
II.	Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðahreppur, Seltjarnarnes og Mosfellssveit:	95.5	134.9	162.9	232.7	230.6	390	520	600	900	895
	1. Íbúðabyggingar	70.6	82.4	100.4	154.0	155.9					
	2. Aðrar byggingar, vandaðar	9.1	20.3	17.7	27.0	24.1					
	3. - " - , óvandaðar	15.8	32.2	44.8	51.7	50.6					
III.	Aðrir þéttbýlisstaðir frá Vík í Mýrdal vestur um til Akraness:	72.8	97.4	144.5	137.5	136.6	270	300	435	455	455
	1. Íbúðabyggingar	42.9	40.7	56.1	61.6	72.6					
	2. Aðrar byggingar, vandaðar	9.5	6.6	14.5	18.5	11.7					
	3. - " - , óvandaðar	20.4	50.1	73.9	57.4	52.3					
IV.	Alls á þéttbýlisstöðum Suðvesturlands:	533.4	655.8	788.4	876.8	978.9	2 195	2 560	3 095	3 470	3 725
V.	Alls á öllu landinu:						3 110	3 450	4 270	4 790	5 135
	Hlutföll miðað við allt landið %						%	%	%	%	%
	1. Reykjavík						49.4	50.4	48.2	44.2	46.3
	2. Höfuðborgarsvæðið (I-II)						61.9	65.5	62.3	62.9	63.7
	3. Þéttbýlisstaðir Suðvesturlands (I-III)						70.6	74.2	72.5	72.4	72.5

Aths.: Taldar eru byggingar á þéttbýlisstöðum frá Vík í Mýrdal vestur um til Akraness. Byggingum í sveitum er sleppt, þar með öllum útihúsabyggingum.
Framkvæmdin er reiknuð í jafngildi fullgerðra húsa, í þús. rúmmetra.
Vinnuinnihaldið er áætlað fyrir hvern dýrleikaflokk um sig.

Tafla 10. Áætlanir um innlendan mannafla við Búrfellsvirkjun, alúmínverksmiðju og Straumsvíkurhöfn.

	Mannár					Mesti mannafli			
	1966	1967	1968	1969	ALLS	1966	1967	1968	1969
A. Hærra afbrigði:									
I. Raforkuvirki	105	545	485	45	1 180	285	565	565	140
1. Virkjun (ABF o.fl.)	105	480	415	45	1 045	285	490	490	140
2. Línulagnir	-	65	70		135	-	75	75	-
II. Alúmínverksmiðja	-	75	195	110	380	-	110	285	215
1. Bygging	-	75	130	85	290	-	110	150	125
2. Tækjauppsetning	-		65	25	90	-	-	135	90
III. Straumsvíkurhöfn	-	60	65	25	150	-	75	75	75
Alls I-III.	105	680	745	180	1 710	285	750	925	430
Ósamfallandi hámörk						-	-	90	30
Mesti heildarmannafli						285	750	835	400
B. Lægra afbrigði:									
I. Raforkuvirki	110	405	425	90	1 030	200	450	465	235
1. Virkjun (Dumez)	110	340	355	90	895	200	375	390	235
2. Línulagnir	-	65	70	-	135	-	75	75	-
II. Alúmínverksmiðja	-	75	195	110	380	-	110	285	215
III. Straumsvíkurhöfn	-	60	65	25	150	-	75	75	75
Alls I-III.	110	540	685	225	1 560	200	635	825	525
Ósamfallandi hámörk						-	40	60	25
Mesti heildarmannafli						200	595	765	500
Meðaltal A og B:	110	610	715	200	1 635	245	670	800	450

Aths.: Reiknað er með, að hvert mannár sé 11 unnir mannmánuðir, þ.e. reiknað er með mánuði hvert ár vegna sumarleyfa og forfalla.

Tafla 11. Áætlun um framkvæmdir og mannafla þeirra vegna 1963 - 1965.

	Framkvæmdir í millj.kr. Verðlag ársloka 1965			Reiknaður fjöldi mannára		
	1963	1964	Bráðab. 1965	1963	1964	1965
1. Stærri opinberar framkv.	324	336	436	550	570	765[1]
2. Aðrar opinberar framkv.	1 063	1 225	1 229	1 810	2 080	2 090
3. Íbúðarhúsabyggingar	1 240	1 370	1 450	2 480	2 740	2 900
4. Iðnaðar- og atvinnubyggingar og innlend vélasmíði	745	720	850	1 265	1 225	1 445
5. Alls 1-4:	3 372	3 651	3 965	6 105	6 615	7 200
6. Varnarliðsframkvæmdir				280	175	260
7. Vinnuaflsnotkun, alls				6 385	6 790	7 460

1) Þar með talin 25 mannár við undirbúningsframkvæmdir Búrfellsvirkjunar.

Tafla 12.

Áætluð aukning mannaflaþarfar við verklegar framkvæmdir 1966 - 1968, miðað við árið 1965.

Mannaflaþörf.	Aukning mannaflaþarfar frá 1965 (mannár)		
	1 9 6 6	1 9 6 7	1 9 6 8
1. Almennar framkvæmdir (liðir 1 - 4 í töflu 11) 1)	225	325	425
2. Búrfellsvirkjun, álbræðsla og Straumsvíkurhöfn 2)	105	680	745
3. Varnarliðsframkvæmdir 3)	40	-35	-85
4. Aukin mannaflaþörf við framkvæmdir, alls	370	970	1.085
Áætluð heildarviðbót mannafla miðað við 1965	1475	3.100	4.800
Þar af áætlað tiltækt í framkvæmdir og byggingarstarfsemi	350	700	1.050

---

1) Sjá skýringar í meginmáli.

2) Sjá töflu 10.

3) Áætlað á grundvelli upplýsinga frá varnarmáladeild og verktökum.

Fylgiskjal II.

RANNSÓKNASTOFNUN IÐNAÐARINS

MENGUN

21. marz 1966.

Iðnaðarmálaráðuneytið hefur með bréfi, dags. 23. des. 1965, óskað eftir áliti Rannsóknastofnunar iðnaðarins á úrgangsefnum og dreifingu þeirra frá áætlaðri álbræðslu staðsettri við Straumsvík.

Úrgangsefni og dreifing þeirra frá áætlaðri álbræðslu við Straumsvík.

1.0 **Inngangur.**
Álframleiðsla hefur aukizt feikna mikið síðustu 10 árin, þannig að ársframleiðslan er nú meir en 5 millj. tonn.

1.1 Svo til allt ál er nú framleitt með rafgreiningu á áloxýði (Al_2O_3) í bráðnu krýólíti (3 NaF, AlF_3) við 950—970° hita á C. Rafskautin eru kolefni.

2.0.0 **Úrgangsefni við álbræðslu,** sem óhreinka umhverfið, eru tjöruefni, brennisteinssambönd (SO_2), áloxýðryk, krýólít og fluorvetni, sem myndast við hinn háa hita og af áhrifum rafstraumsins. Þar að auki kolsýra (CO_2) og kolsýringur (CO).

2.1.0 **Magn úrgangsefnanna** er mjög breytilegt eftir því hvaða ofnategund er notuð og einnig mjög breytilegt eftir blöndunarhlutföllum krýólítbaðsins.

2.1.1 Þar sem hér á að nota „Prebaked Anodes" eru tjöruefni og brennisteinssambönd í mjög litlu magni og ættu því ekki að verða nein óþægindi af þeim.
Hættulegasta efnið er fluorvetnið, og mun rannsóknin því aðallega beinast að því.

2.1.2 Swiss Aluminium Limited, Zürich, sem er samningsaðili að byggingu fyrirhugaðrar álbræðslu við Straumsvík, hefur gefið eftirfarandi upplýsingar í bréfum dags. 3. febr. 1966 og 1. marz 1966:
1) Heildarmagn fluors, sem fer út með ræstiloftinu, er ca. 12 kg á tonn af áli.
2) Magn ræstilofts er 1.900.000 rúmmetrar á tonn af áli.
3) Magn fluorvetnis í hverjum rúmmeter af ræstilofti er 2.7—3.0 mg.
4) Magn rykefna, sem berast í umhverfið, er 10—15 mg í rúmmeter af ræstilofti.

2.1.3 Þessar tölur (2.1.2), verða lagðar til grundvallar við þessa athugun, þar sem í fyrsta lagi að mjög miklar rannsóknir eru gerðar til þess að spara krýólít (fluor) vegna hins háa kostnaðar (getur orðið £ 180 000 á ári fyrir 60.000 tonna álbræðslu) og er gengið út frá að áætlunin um byggingu álbræðslunnar við Straumsvík bindi þetta atriði einnig.

2.1.4 Álbræðslurnar vita bezt, hve mikið krýólít og þar með fluormagn þarf til framleiðslu hvers tonns af áli. Samkvæmt 2.1.3 mun athugunin miðast við lið 2.1.2 og fyrsta stig framkvæmdanna.

3.0.0 **Hætta af völdum fluors.**
Mjög miklar rannsóknir hafa verið gerðar á áhrifum fluors á dýr og jurtir.

3.0.1 Það er ekki vitað svo sannanlegt sé, að menn í nágrenni álbræðslna hafi veikzt af völdum fluors. Hættumark liggur við 3 mg í rúmmetra lofts, miðað við að áhrifin vari minnst 8 klst. Er því engin hætta af þessu (2.1.2).

3.0.2 **Fiskar** virðast ónæmir, jafnvel við magn, sem er allt að 20-falt það magn, sem hugsazt getur við verstu aðstæður (rannsóknir framkvæmdar í Svíþjóð).

3.0.3 **Sláturdýr** (svín, alifuglar, kálfar o. s. frv.), sem alin eru upp í næsta nágrenni við álbræðslur, verða ekki fyrir sjáanlegum áhrifum fyrr en þau verða eldri en tveggja ára; þá fer fluormagnið í beinunum að hækka.

3.0.4 **Jórturdýr** þola fluormagn, sem er allt að 30—40 p.p.m. (p.p.m. þýðir 1 hluti af milljón eða 1 mg í 1 kg) af þurrefni fóðursins, en 60—100 p.p.m. orsakar

alvarleg veikindi og meira en 250 p.p.m. af fluor í þurrefni fóðursins veldur dauða dýranna.

Rannsókn á fluormagni beinanna er öruggasta aðferðin til þess að skera úr um, hvort um „fluorose“ sé að ræða.

Ýmsir aðrir sjúkdómar geta einnig sýnt lík sjúkdómseinkenni og „fluorose“. Þarf því samráð við dýralækni.

3.0.5 **Jurtir og trjágróður.**

Rannsóknir og reynsla hafa sýnt, að mjög mikill munur er á fluor-þoli hinna ýmsu tegunda.

Reynsla erlendis er sú, að fluorvetnið í reyknum er aðalskaðvaldurinn, og er rétt að reikna með 30 p.p.m. í þurrefni jurtanna sem hættumarki. Fluorefnið, sem fellur til jarðar sem ryk, virðist (erlendis) bindast í þungleysanlegum fluorsamböndum og verður skaðlaust.

Ýmsir sjúkdómar, svo sem „grenilús“ og „frostskemmdir“ líkjast mjög skemmdum af völdum fluors, og er því nauðsynlegt að rannsaka slíkar skemmdir nákvæmlega og þá í samráði við jurtasérfræðing.

Tegundir, sem eru þolnar gegn kvillum, reynast einnig venjulega þolnar gegn fluorvetni.

3.0.6 Samkvæmt reynslu erlendis má búast við því, að fluormagn í grasi og laufi verði:

Fjarlægð km	3	5	7	10	15	20
Fluormagn p.p.m.	30—50	15—25	12—20	10—15	5—8	4—6

4.0.0 **Niðurstöður.**

Samkvæmt 3.04 og 3.05 er hættumarkið við 30—40 p.p.m. af fluor í þurrefni jurta. Hættusvæðið ætti því að liggja innan 3—4 km fjarlægðar frá áætlaðri álbræðslu við Straumsvík.

Aðstæður til rannsókna á þessu máli voru engar hér á landi, og varð því að styðjast við reynslu og aðstæður, er fyrir voru í Noregi og Ameríku. Landfræðilegar og veðurfræðilegar aðstæður eru þar öllu óhagstæðari en hér og ætti það eitt að tryggja að hættumörkin eru sennilega mun þrengri.

Ályktun þessi er miðuð við fyrsta þrep byggingarframkvæmdanna, eða 30.000 tonna bræðslu, vegna þess að þar er óvissan mest. En við rekstur þessa fyrsta þreps er aðstaða til þess að rannsaka nákvæmlega hvar hin raunverulegu hættumörk liggja, og að gera þær ráðstafanir, er reynslan sýnir, að nauðsynlegt sé.

Fylgiskjal III.

LANDSVIRKJUN

UM BÚRFELLSVIRKJUN

Þjórsá.

Þjórsá er orkumesta fallvatn landsins. Stærsta þverá hennar er Tungnaá, og fellur Kaldakvísl í hana. Tungnaá og Kaldakvísl skila meira vatni en Þjórsá ofan ármóta. Þjórsá og þverár hennar eiga upptök sín í Hofsjökli, Tungnafellsjökli, austanverðum Vatnajökli og hálendinu á milli jökla. Vatnasvið Þjórsár allrar er yfir 7 þúsund ferkílómetrar að stærð. Lengd árinnar frá upptökum er um 230 km og fallið frá hálendi til sjávar um 600 m. Áætlað er að nýta megi að lokinni fullvirkjun Þjórsár um 9600 milljónir kílówattstunda á ári, þar af tæplega ⅓ á virkjunarsvæðinu hjá Búrfelli.

Vatnasvæði Þjórsár ofan Búrfells er 6350 km². Stór hluti þessa svæðis er ungar eldfjallamyndanir, hraun og sandar með gljúpum jarðlögum, sem safna í sig vatni.

Jarðvatnið, ásamt stöðuvötnum á vatnasvæðinu, jafnar rennsli Þjórsár þannig, að vetrarrennslið við Búrfell er milli 150 og 250 m³/sek. (rúmmetrar á sekúndu), sumarrennslið milli 400 og 500 m³/sek. en meðalrennslið 338 m³/sek. Frá því að reglubundnar mælingar hófust í Þjórsá árið 1947, áætlast mesta flóð við Búrfell vera um 2000 m³/sek., en minnsta rennsli 72 m³/sek. Þetta tiltölulega jafna rennsli veldur því, að hægt er að nýta rúmlega 60% af orkunni við Búrfell í svokallaðri rennslisvirkjun, þ. e. a. s. virkjun, sem nýtir einungis það vatn til orkuframleiðslu, sem er í ánni á hverjum tíma.

Þjórsá ber með sér nokkurt magn af aur, bæði grófum sandi og möl, sem skríður með botni, og fínum sandi og jökulleir, sem flýtur áfram upphrært í vatninu. Auk þess getur ís borið með sér allstóra steina. Þær mælingar, sem fyrir liggja, benda til þess, að aurburður sé ekki meiri í Þjórsá, en gerist og gengur í öðrum ám. Engu að síður eru gerðar ýmsar ráðstafanir vegna hans, og er þeim lýst hér á eftir.

Ísmyndanir í Þjórsá eru margvíslegar s. s. lagnaðarís, grunnstingull, ískrapi og snjókrapi. Lagnaðarís berst að virkjuninni aðallega þegar þíðviðri eða þrepahlaup brjóta skarir ofar í ánni, en við slíkar aðstæður er alltaf verulegt vatnsmagn í henni. Grunnstingull sezt á árbotninn og hleðst á steina. Algengt er að árbotninn ofan við Tröllkonufoss sé þakinn um 20 sm þykkum ísi. Ís, sem hleðst á steina, getur vaxið upp úr vatnsborði og myndað íseyjar í ánni.

Ískristallar, sem myndast í straumhörðu vatni, frjósa ekki saman og mynda lagnaðarís. Í þess stað fljóta þeir fram í vatnsskorpunni í flygsum, sem líkjast hvað mest grófkorna snjó. Mjög mikið magn af ískrapa myndast í Þjórsá ofan Búrfells. Snjókrapi myndast, þegar snjór fýkur í ána.


Víðtækar ráðstafanir eru fyrirhugaðar vegna þess ís, sem berst að veitumannvirkjum virkjunarinnar. Þessum ráðstöfunum er að nokkru lýst hér á eftir og að nokkru í sérstöku fylgiskjali um ísamál Búrfellsvirkjunar.

Búrfellssvæðið.

Norðan og austan við Búrfell rennur Þjórsá á hrauni í breiðum en grunnum farvegi, unz hún fellur í Tröllkonufossi í gljúfur, sem mynda sveig um suðurenda Búrfells. Í þeim rennur áin um flúðir og fossa og er Þjófafoss þeirra mestur. Skammt fyrir neðan hann kemur áin úr gljúfrunum vestan Búrfells, breiðir úr sér til vesturs, en rennur því næst til suðvesturs með sem næst sömu stefnu og frá upptökum. Á leið sinni um Búrfell fellur Þjórsá um 120 m.

Búrfellssvæðið er mjög fjölbreytilegt að jarðmyndunum. Milli Búrfells og Sauðafellsöldu hafa sjö Þjórsárhraun runnið, en milli hraunlaganna eru misþykk lög af vikri og sandi. Ytri-Rangá, sem á upptök sín á þessu svæði, rennur milli Sauðafellsöldu og Þjórsárhrauna að austanverðu, en Bjarnalækur milli Búrfells og hraunanna að vestan. Ofan við Tröllkonufoss rennur Þjórsá miðsvæðis á efsta hraunlaginu, og er vatnsborð hennar þar talsvert hærra en ánna til beggja handa. Fossinn brýtur ánni farveg niður úr fyrsta hraunlaginu. Við Þjófafoss fellur áin fram af þriðja hraunlaginu og í gegnum það og fjórða hraunlagið. Hraunin eru yngstu jarðmyndanir við Búrfell en áður en fyrsta hraunið rann voru sandsléttur í sömu hæð beggja vegna Búrfells. Þessar sandsléttur voru óseyrar Þjórsár og ánna í Þjórsárdal í lok ísaldar. Sandsléttan sést nú vestan Búrfells við Fossá og einnig niðri á Rangárvöllum í hinum miklu sandsléttum þar. Hraunin sjö, sem runnu um skarðið milli Búrfells og Sauðafellsöldu, hafa því myndað fallið, sem nýta á við Búrfell. Hið elzta þeirra er um 8000 ára gamalt en hið yngsta um 4000.

Austan hraunanna er ungt móberg myndað á síðustu ísöld. Vestan hraunanna eru jarðmyndanir miklu eldri, myndaðar á ísöldum og hlýviðrisskeiðum milli ísalda. Þar má sjá ummerki um dali og gljúfur, sem fyllzt hafa af hraunum, skriðum og sandi. Fjölbreytni bergtegunda og jarðfræðilegra fyrirbrigða er mjög mikil við Búrfell og í Sámsstaðamúla. Stíflumannvirki verða að mestu á Þjórsárhraunum.



Búrfellssvæðið. — Virkjunin teiknuð inn í landslagið.

Inntök og jarðgöng verða í fornum blágrýtislögum, sem fyllt hafa tvo misgamla dali. Þrýstivatnsgöngin liggja í gegnum forn blágrýtis- og sandsteinslög niður í bólstraberg, sem verður undirstaða stöðvarhúss.

Undirbúningur virkjunarframkvæmda.

Mönnum var snemma ljóst, að staðhættir við Búrfell sköpuðu möguleika til að gera þar mjög ódýra virkjun með því að veita ánni norðan Búrfells yfir í Fossá, og nýta þannig fallið. Norski verkfræðingurinn Sætersmoen gerði áætlun um slíka virkjun 1918, og síðar hafa verið gerðar á vegum raforkumálastjóra athuganir á virkjun á þessum slóðum af Sigurði Thoroddsen, Verklegum framkvæmdum og Almenna byggingarfélaginu. Árið 1962 var bandarísk verkfræðifyrirtækið Harza Engineering Company International, sem hefur mikla reynslu í virkjunargerð á hraun- og basaltsvæðum, beðið að gera áætlanir um virkjun við Búrfell, en áður hafði firmað athugað vatnasvæði Hvítár og Þjórsár í heild, auk þess sem það vann að áætlun um virkjun Dettifoss o. fl. Hefur firmað unnið að undirbúningi fyrir virkjunina síðan.

Undirbúningsvinnan er fyrst og fremst fólgin í verkfræðilegri áætlunargerð svo sem samanburði á mismunandi virkjunartilhögunum, fyrirkomulagi, gerð og kostnaði mannvirkja. Þessar áætlanir byggjast á niðurstöðum mælinga og rannsókna. Þeirra vegna hefur verið ráðizt í landmælingar og kortagerð, rannsóknir á steypuefni og jarðvegi á Búrfellssvæðinu o. fl. Umfangsmestu rannsóknirnar hafa þó verið jarðfræðilegar athuganir og ísarannsóknir samfara líkanatilraunum af veitumannvirkjum virkjunarinnar.

Hin flókna jarðfræði við Búrfell hefur gert miklar boranir nauðsynlegar og

hefur verið borað þar meira eða minna á hverju ári síðan 1961. Mest var borað 1962. Rúmlega 100 borholur hafa verið boraðar með borum, sem taka kjarna af berginu, — samtals um 4 km að lengd. Auk þess hefur þykkt yfirborðslaga verið könnuð með mörg hundruð borholum. Vegna þessara miklu jarðborana er jarðfræði Búrfellssvæðisins nú óvenju vel þekkt og það þó miðað sé við virkjanir í löndum með háþróaða tæknimenningu.

Yfirgripsmiklar líkanatilraunir af veitumannvirkjum virkjunarinnar hafa verið gerðar í rannsóknarstöðinni „Vassdrags- og havnelaboratoriet" í Þrándheimi, Noregi. Alls voru byggð þrjú líkön og hófst smíði fyrstu líkananna haustið 1964. Byrjað var að gera tilraunirnar í marz 1965 og var þeim að mestu lokið um s. l. áramót. Markmið rannsóknanna var að finna hagkvæmasta fyrirkomulag mannvirkja, sem tryggði, að hægt væri að skola ísi og botnaur um stíflu, en taka jafnframt sem mest vatn til virkjunarinnar. Þessar tilraunir hafa borið mjög góðan árangur.

Lýsing mannvirkja.


Meðfylgjandi uppdrættir og myndir sýna fyrirkomulag mannvirkja. Steypt verður 360 m löng stífla í Þjórsá norðaustan við Búrfell og hún tengd Sölvahrauni að austan og Skálarfelli að vestan með jarðstíflum, sem eru samtals um 4.5 km á lengd. Yfirleitt eru þessar stíflur lágar eða 5 til 10 m, en næst Skálarfelli, þar sem Bjarnalækur er stíflaður, verður hæðin mest eða 30 m.

Við nyrðri bakka Þjórsár og þvert á stífluna liggja inntök veitumannvirkjanna. Veggur skilur yfirborðsvatn Þjórsár frá veituskurðinum og fyrirbyggir að jakar, ískrapi og annað, sem flýtur á yfirborðinu, komist inn í hann. Framan við vegginn er renna með 70 m löngu yfirfalli til að taka við ísi og skolvatni. Rennan liggur samsíða veggnum og opnast inn í Bjarnalækjarskurð um 14 m lokur. Rennan stendur á súlum. Framan á henni er svunta niður á 5.4 m dýpi, en þar fyrir neðan er inntaksop fyrir vatnið 5 m djúpt og 80 m langt og óhindrað af öðru en súlunum. Svuntan gegnir því hlutverki að fyrirbyggja að ís, sem hefur hrærzt upp í straumköstum og flýtur því neðan við yfirborð, fari inn um vatnsinntakið. Undir vatnsinntakinu eru inntök fyrir þrjár aurrásir, sem gegna því hlutverki að leiða botnaurinn inn í Bjarnalækjarskurð. Auk þess er hægt að nota aurrásirnar til að hleypa 100 m^3/sek. rennsli, þ. e. a. s. vatnsmagni á stærð við það, sem er í Sogi, í Bjarnalækjarskurð og brjóta þannig upp og skola út ísi, sem gæti annars safnazt í skurðinn og lokað honum.

Botn aurrásanna er á 13 m dýpi. Til þess að slíkt dýpi fáist er gert ráð fyrir að gera skál í árbotninn. Þessi dýpkun byrjar um 80 m frá inntökunum og smáeykst niður að aurrásunum. Hún tryggir hægan og iðulítinn straum að öllum inntökunum.

Um 100 m framan við inntökin er byggður grjótgarður samsíða þeim. Þessi garður hefur því hlutverki að gegna að stýra straumnum sem næst samsíða ísrennunni. Ef straumurinn stefnir að einhverju leyti þvert á hana, fer ís að safnast þar fyrir. Á stíflunni milli grjótgarðsins og ísrennurnar eru 100 m löng yfirföll með lokum. Um þessi yfirföll má veita ísnum engu síður en inn í ísrennuna. Þannig eru tveir óháðir möguleikar til að koma ísnum yfir stíflu, þ. e. a. s. aðalyfirföllin og rennan. Neðan við aðalyfirföllin er grafinn skurður í botn Þjórsár tengdur Bjarnalækjarskurði með loku. Ef lokan er opin, fer allur ís og skolvatn, sem fleytt er yfir aðalyfirföllin, inn í Bjarnalækjarskurð, annars fer ísinn og skolvatnið beint niður í Þjórsá.

Um tvær leiðir er því að velja til að koma ísnum frá sér eftir að hann er kominn yfir stíflu, þ. e. a. s. Bjarnalækjarskurður og áin. Inntökin og lokurnar eru hituð til að fyrirbyggja að grunnstingull setjist á þau. Brú er gerð á ísvarnarvegginn og yfirföllin og verður því hægt að aka umhverfis allt þetta svæði og alla leið út á enda á grjótgarðinum. Þarna verður komið fyrir ljósum til að auðvelda gæzlustarfið. Á stólpanum milli ísrennunnar og aðalyfirfallanna verður hús fyrir gæzlumenn.




FYRIRHUGUÐ BÚRFELLSVIRKJUN

Frá inntökunum er vatninu veitt um veituskurðinn í Bjarnalækjarlón, en ísi, aur og skolvatni annaðhvort í Bjarnalækjarskurð, og þaðan í Bjarnalæk, sem rennur í Þjórsá um 3 km neðan við Tröllkonufoss, eða beint í farveg Þjórsár. 100 m^3/sek. útskolun er frá Bjarnalækjarlóni niður í Bjarnalæk til viðbótar þeirri 100 m^3/sek. útskolun um aurrásirnar, sem áður var nefnd. Í veituskurðinum er komið fyrir lokum þannig, að hægt er að starfrækja aflstöðina í nokkurn tíma með vatni úr Bjarnalækjarlóni án þess að vatni sé veitt úr Þjórsá inn í lónið. Bjarnalækjarlón verður rúmlega 1 km^2 á stærð og vatnsinnihaldið 6.5 milljón teningsmetrar við venjulega vatnsstöðu, þ. e. a. s. 244.5 m. y. s.

Úr Bjarnalækjarlóni rennur vatnið í djúpum skurði að inntaki jarðganganna. Gerður er áll í botn efri hluta inntaksskurðarins á svipaðan hátt og gert er við veituskurðinn. Rennslið um veituskurðinn, Bjarnalækjarlón og inntaksskurðinn er það hægt, að lagnaðarís myndast sem vörn gegn frekari ísmyndun. Framan við inntakið er komið fyrir 6 m breiðu yfirfalli með loku til að skola út jakahröngli og öðru því, sem berast kann að inntakinu.


Lokur eru í inntakinu svo hægt sé að tæma jarðgöngin til eftirlits. Inntaksristarnar eru hitaðar til varnar gegn grunnstingli og jafnframt er komið fyrir þrýstiloftskerfi í inntaksmannvirkjunum, sem getur blásið upp lofti framan við þau, en slíkt hefur víða reynzt vel, ef halda á opinni vök við inntak.

Jarðgöngin eru 10 m í þvermál, óföðruð en þéttuð með því að sprauta sementseðju í rifur og sprungur. Efri brún ganganna er 12.5 m undir vatnsborði fram við inntak, en þaðan halla göngin lítillega í straumstefnu. Þessi óföðruðu göng eru



VEITUMANNVIRKI BÚRFELLSVIRKJUNAR

YFIRLITSMYND



ÞVERSKURÐUR Í INNTÖK VEITUMANNVIRKJA BÚRFELLSVIRKJUNAR

grafin rúmlega 1000 metra í gegnum blágrýtislög Sámsstaðamúla, áður en þau greinast í fóðruð þrýstivatnsgöng. Framan við greininguna er grafin gryfja í botn ganganna til að taka við grjóti, sem fallið getur úr göngunum og borizt með straumnum.

Um 50 metrum neðan við greininguna eru tvær samtengdar jöfnunarþrær, sín yfir hvorum þrýstivatnsgöngum. Sambyggðar þrónum eru lokumannvirki, sem gera kleift að loka snögglega fyrir vatnsrennslið, ef einhver bilun á sér stað.

Rétt ofan við stöðvarhúsið greinast hvor göng í þrjár greinar, sem liggja að hverflum stöðvarinnar. Þar eru sérstakir lokar til öryggis, einn á hverri grein.

Stöðvarhúsið er í 12.4 m á hæð ofan við jarðvegsborð. Aðalhúsið er um 19 m breitt og 88 m á lengd. Það er allmikið niðurgrafið, t. d. er botn sograsanna 18 m fyrir neðan jarðvegsyfirborð.

Í stöðvarhúsinu er rúm fyrir sex 51 600 hestafla hverfla af „Francis" gerð og knýr hver þeirra 35 MW (megawatta) rafal. Frá hverflunum fer vatnið um sograsir út í stuttan skurð, sem opnast út í Fossá, en Fossá rennur í Þjórsá um 2 km neðar. Á þennan hátt er virkjað um 118.5 m fall. Sérstakir slithringir eru á hverflunum, sem auðvelt er að skipta um, ef jökulleirinn sverfur þá niður. Til varnar þessu er reiknað með sérstökum málmblöndum í vatnskjólum og slithringjum.

Í stöðvarhúsi er komið fyrir skrifstofum, verkstæði, rafbúnaði og öðru, sem nauðsynlegt er vegna rekstrar og gæzlu virkjunarinnar, eins og venja er til. Spennistöð virkjunarinnar er staðsett rétt norðan við stöðvarhúsið. Frá henni liggur ein einrása 220 kV (kílóvolta) lína um Írafossstöð að Geithálsi og þaðan ein tvírása eða þá tvær einrása 220 kV línur til fyrirhugaðrar álbræðslu við Straumsvík. Við Geitháls verður aðalspennistöð, sem tengist við núverandi aðalspennistöð við Elliðaár.

Við hönnun Búrfellsvirkjunar er gert ráð fyrir vatnsmiðlun í Þórisvatni, sem liggur í um 40 km fjarlægð í norðaustur frá rafstöðinni við Búrfell. Vatnsmiðlun þessari er ætlað að geyma vatn til notkunar við útskolun á ísi og til miðlunar í lágrennslisköflum. Einnig er reiknað með minnkun kæliflatar Þjórsár ofan Búrfells, sbr. hjálagt fylgiskjal um ísamál virkjunarinnar. Til viðbótar við framanskráð má margt telja. Það helzta er vegalagning og stöðvarvarðahús.

Byggingarframkvæmdir.

Virkjun Þjórsár við Búrfell verður hagað þannig, að hún haldist í hendur við orkuþörf almenningsnotkunar og 2×60 MW álbræðslu. Í fyrsta áfanga er ráðgert að setja upp 3 vélasamstæður, hver 35 MW að stærð, eða samtals 105 MW. Orkuvinnsla hefst þegar gengið hefur verið frá fyrstu vélasamstæðu í árslok 1968. Áætlað er, að fyrstu þrjár vélasamstæðurnar verði komnar í gang í júní 1969, eða um svipað leyti og álbræðslan þarf á fullu afli að halda fyrir fyrri kerjaröðina (60 MW). Einni 35 MW vélasamstæðu mun verða bætt við í öðrum áfanga fyrir mitt ár 1972, en þá er ráðgert að fyrri helmingur síðari kerjaraðar álbræðslunnar taki til starfa og þarf hann 30 MW. Ein 35 MW vélasamstæða til viðbótar áætlast sett upp í þriðja áfanga 1973, til þess að mæta álagsaukningu almenningsnotkunar á Suðvesturlandi. Síðasta 35 MW vélasamstæðan verður svo sett upp, áður en seinni hálfa kerjaröðin með 30 MW aflþörf tekur til starfa.

Mikill hluti Búrfellsvirkjunar verður í 1. áfanga byggður nægilega stór fyrir 6 vélasamstæður. Stöðvarhúsi, svo og uppsetningu véla, búnaðar og tækja, verður einnig fulllokið, að þremur vélasamstæðum undanskildum, en þeim verður bætt við einni á hverju virkjunarstigi eins og áður segir. Miðlun í Þórisvatni er fyrirhuguð í 2.—3. áfanga. Háspennulínum ásamt háspennuvirkjum verður komið upp þegar í 1. áfanga, en aukningar háspennuvirkjanna verða framkvæmdar innan hvers stigs í samræmi við álag og orkuvinnslu.

Afl og orka.

Búrfellsvirkjun er rennslisvirkjun, og er afl og orkuvinnsla hennar háð nýtanlegri fallhæð og vatnsmagni því, sem fyrir hendi er hverju sinni. Fallhæð breytist yfirleitt ekki meir en 2%. Meðalrennsli í Þjórsá, þar sem vatni er veitt til virkjunarinnar, hefur verið áætlað 338 rúmmetrar á sekúndu (m^3/sek.). Þetta er miklu meira vatnsmagn en það, sem 6 hverflar þarfnast, við mesta álag, þ. e. a. s. 224 m^3/sek. Rennslið er ekki háð miklum breytingum miðað við flestar þær ár, sem virkjaðar hafa verið víða um heim, en þó það miklum sveiflum, að á vissum tímum er ekki nægilegt vatnsrennsli til þess að allar vélasamstæður gangi með fullu álagi. Þess vegna er miðlunin í Þórisvatni ráðgerð eins og fyrr segir, sbr. einnig fylgiskjalið um ísamálin.

Áætlað er að afl og örugg ársorka frá Búrfellsvirkjun verði, mæld við Geitháls, í meðalári sem hér segir, og er þá meðtalið það afl, sem reikna má með að vélar geti afkastað stöðugt umfram málraun:

Fjöldi véla	Afl MW	Örugg ársorka GWst/ári
3	111	900
4	148	1190
5	183	1480
6	220	1720

Afgangsorka verður fyrir hendi langtímum saman. Þessi orka hefur enn ekki verið metin til verðs.

Markaður.

Rafmagnssala Landsvirkjunar, þ. e. a. s. vinnsla að frádregnum töpum og stöðvarnotkun, áætlast nú þannig, ef reiknað er með núverandi orkuveitusvæði að viðbættu Snæfellsnesi eftir 1969:

Ár	Alm. notkun	Álbræðsla	Samtals	Alm. notkun	Álbræðsla	Samtals
Ár	MW	MW	MW	GWst	GWst	GWst
1969	107	60	167	468	250	718
1970	119	60	179	503	480	983
1971	127	60	187	536	500	1036
1972	135	90	225	571	650	1221
1973	144	90	234	609	770	1379
1974	154	90	244	648	780	1428
1975	163	120	283	688	910	1598
1976	174	120	294	732	1030	1762
1977	184	120	304	779	1040	1819
1978	198	120	318	828	1040	1868
1979	209	120	329	882	1040	1922
1980	222	120	342	937	1040	1977
1981	235	120	355	997	1040	2037
1982	250	120	370	1060	1040	2100
1983	266	120	386	1125	1040	2165
1984	282	120	402	1195	1040	2235
1985	300	120	420	1265	1040	2305


Hér er ekki reiknað með stækkun Áburðarverksmiðjunnar, þar sem enn er ekki ákveðið hvernig hún verður gerð og nokkrar breytingar gerðar á fyrri orkuspám. Að frádregnum töpum, og þegar tekið hefur verið tillit til samtímisstuðuls álags, getur Sogsvirkjun annað 87 MW af framangreindu afli.

Stofnkostnaður.

Tilboð hafa nú borizt í byggingarvinnu við virkjunina, vatnshverfla og rafala og er þar allur kostnaður meðtalinn, nema sá kostnaður, sem um getur í lið b) í eftirfarandi töflu. Taflan sýnir nokkra sundurliðun á áætluðum stofnkostnaði, án vaxta á byggingartíma.

Stofnkostnaður 105 MW Búrfellsvirkjunar (millj. kr.).

1. Aflstöð.		
a) Byggingamannvirki, stíflubúnaður, lagnir, flutningsgjöld, flutningar, túrbínur, lokar, rafalar, niðursetning véla og tækja, prófanir o. fl.	808.0	Tilboð
Vegir og brýr ofan Ásólfsstaða	11.5	Lokið
Undirbúningskostnaður	39.5	—
	859.0	
b) Kostnaður helztu tækja í spennistöð og vegna rafbúnaðar o. fl. komin á hafnarbakka hér, verk ofan Búrfells (ótalin í lið a), íbúðarhús og helmingur kostnaðar við þjóðvegi	103.5	Áætlun
	962.5	
2. Aðalorkuveita	138.5	—
3. Stjórn, skrifstofa, eftirlit, verkfræðiþjónusta o. fl.	116.5	—
	1217.5	
4. Ófyrirséð	137.0	—
	1354.5	



Fyrirhugað stöðvarhús Búrfellsvirkjunar.

Um 15% af heildarstofnkostnaði verður háður launum samkvæmt kjarasamningum, en annar kostnaður verður á föstu verði. Síðari stigin áætlast á samtals 305.5 millj. kr. og er reiknað með að framkvæmdir verði samhangandi á árunum 1970—1975. Miðlunin í Þórisvatni áætlast með 4. eða 5. vél, eftir því hvað reynslan segir til um. Alls áætlast því 210 MW virkjun án vaxta á byggingartíma á 1660 millj. kr. að meðtalinni aðalorkuveitu til Reykjavíkur og álbræðslu við Straumsvík.

Rekstrarkostnaður, þ. e. a. s. stjórn, gæzla, viðhald og eftirlit, áætlast á 14.5 millj. kr. á ári fyrir 105 MW byrjunarstigið og 18.0 millj. kr. á ári eftir fullvirkjun.

Varastöðvar.

Eins og fram kemur í fylgiskjali um ísamálin er reiknað með einni 20 MW gastúrbínustöð með fyrsta virkjunarstigi Búrfellsvirkjunar og annarri jafnstórri til viðbótar með síðari stigum. Stöðvar þessar eru til vara vegna vatnsskorts eins og rætt er í fylgiskjalinu og einnig vegna bilana á línum, vélum og tækjum. Í fylgiskjalinu er áætluð olíunotkun vegna vatnsskorts einnig rædd. Stofnkostnaður þessara tveggja stöðva áætlast samtals 120 millj. kr. og byggingartíminn er aðeins örfáir mánuðir. Stöðvarnar eru sjálfvirkar og notaðar sem varastöðvar áætlast rekstrarkostnaðurinn að frádregnum olíukostnaði um 1% af stofnkostnaði.

Fylgiskjal IV.

LANDSVIRKJUN

UM ÍSAMÁL BÚRFELLSVIRKJUNAR

Það er nú orðið allangt síðan, að menn fóru að gefa áhrifum íss á virkjanir verulegan gaum hér á landi og þá ekki hvað sízt, eftir að reynsla fékkst af fyrstu virkjun Laxár. Kemur það greinilega fram, þegar athuguð er hönnun stíflunnar í síðari virkjuninni, eins og vikið verður að hér á eftir. Í skýrslu Harza til raforkumálastjórnarinnar frá 1960 um vatnsaflið á Hvítár- og Þjórsársvæðinu ræðir firmað ísamálin sérstaklega og bendir á nauðsyn rannsókna til viðbótar þeim athugunum, sem raforkumálastjórnin hafði áður látið gera, bæði að því, er varðar myndun og hegðun íssins og hönnun mannvirkja með tilliti til hans. Á undanförnum árum hafa slíkar rannsóknir verið gerðar af raforkumálastjórninni, dr. Gunnari Sigurðssyni og tilraunastöðinni í Þrándheimi í samráði við Harza og þeim dr. O. Devik og E. V. Kanavin. Tveir þeir síðastnefndu hafa starfað á vegum Sameinuðu þjóðanna í sambandi við hið svonefnda „Special Fund Project" og skilað skýrslu til þeirra dags. í okt. 1965. Landsvirkjun hefur fengið skýrslu þessa í hendur og einnig skýrslu um ísamál Búrfellsvirkjunar frá ráðunaut sínum, Harza, dags. í marz 1966. Með þeirri skýrslu fylgja skýrslur frá tilraunastöðinni í Þrándheimi og dr. Gunnari Sigurðssyni.

Skýrsla þeirra dr. Devik og Kanavin er í 5 köflum, og er innihald þeirra í aðalatriðum þetta:

Kafli A. — „Stutt lýsing á vatnasvæði Þjórsár og Hvítár".

Lýst er þeim þáttum í jarðfræði Íslands, sem sérstök áhrif hafa á rennsliseiginleika fallvatna og flokkun þeirra í lindár, dragár og jökulsár. Vatnasvæði Þjórsár og Hvítár er lýst og drepið er á aurburðarmælingar í Hvítá, sem raforkumálastjórnin hefur látið gera.

Kafli B. — „Veðurfræðileg og vatnafræðileg gögn, sem þýðingu hafa fyrir athuganir á ísmyndunum".

Gefnar eru ýmsar almennar upplýsingar um veðráttu á vatnasvæði Þjórsár og Hvítár og birtar töflur og línurit um hitastig, veðurhæð og úrkomu á Hæli í Gnúpverjahreppi, samkvæmt skýrslum veðurstofunnar.

Rætt er almennt um orsakir flóða. Gefin er lýsing á rennsliseiginleikum Þjórsár og Hvítár ásamt þverám þeirra og birtar töflur og línurit um rennslið á rennslismælistöðum vatnamælinga raforkumálastjóra.

Kafli C. — „Ísmyndanir".

Gefin er almenn lýsing á ísmyndunum og ísalögum á Þjórsár- og Hvítársvæðinu og skýrt frá athugunum á veðurfari, rennsli, ísmyndunum og ísalögum veturinn 1964—1965.

Kafli D. — „Stutt yfirlit yfir myndun íss í straumhörðum ám".

Skýrt er frá fræðikenningum og líkingum höfunda um varmatap frá vatnsfleti, undirkælingu vatns og myndun nálaríss, ískrapa og grunnstinguls í straumhörðum ám. Rætt er um áhrif íss á vatnshæð og rennsli, samþjöppun ískrapa í ísbrýr og ísbunka, styrkleika samþjappaðs íss og þrepahlaup.

Kafli E. — „Ísvandamál við aflstöðvar".

Skýrt er frá ísvandamálum við norskar vatnsaflsstöðvar, ákvörðun á rennsli, þegar ísskrið og grunnstingull er í ám, þrepahlaupum í Þjórsá, samanburði á lofthita við Hæl og Tangafoss og samanburði á sveiflum í lofthita og rennsli.

Þegar höfundar hafa þannig gert grein fyrir myndun og hegðun íssins, en rannsóknir þeirra fjölluðu eingöngu um þau atriði, eins og skýrslan ber greinilega með sér, minna þeir í lokin á hið þekkta ágæti uppistöðulóna, hægs rennslis og

minnkunar kæliflata, en með síðastnefndu ráðstöfuninni er reiknað í áætlunum Harza, og benti firmað á hana í skýrslu um Búrfellsvirkjun í jan. 1963. Ráðstafanir sem þessar eru hins vegar ekki ávallt framkvæmanlegar vegna kostnaðar, og er það verkefni þeirra verkfræðinga, sem við niðurstöðum vísindamanna taka, að finna fjárhagslega hagkvæmustu leiðirnar. Sem dæmi um ráðstafanir af þessu tagi, sýna höfundar mjög lausleg riss af stíflu við Tangafoss, litlum fyrirstöðum gegn fljótandi krapi nokkru ofar og veitumannvirki við Klofaey. Að hér er aðeins um almenn dæmi að ræða, en ekki tillögur um framkvæmdir vegna fyrirhugaðrar Búrfellsvirkjunar, sést m. a. á því, að lón það við Tangafoss, sem rissin sýna, er það lítið (6 millj. teningsmetrar), að það mundi fyllast af ísi á örskömmum tíma. Og hvað hugmyndinni um áður nefnt inntak viðvíkur, þá er henni aðeins varpað fram til umræðu. Inntak af þessu tagi er ágætt við vissar aðstæður, t. d. þegar um stór uppistöðulón er að ræða, en mundi ekki nothæft fyrir rennslisvirkjun í Þjórsá. Það hafa tilraunirnar í Þrándheimi sýnt, svo ekki verður um villzt.

Eitt af því, sem Norðmennirnir benda á að taka þurfi sérstakt tillit til, eru þrepahlaupin. Þau eru algeng í flestum íslenzkum ám. Í Laxá í Þingeyjarsýslu eru þau t. d. alltíð. Við fyrstu virkjun Laxár var lítið vitað um ísamálin og því ekki tekið tillit til útskolunar á ísi. Þar pakkast ís að inntakinu, og geta þrepahlaup valdið erfiðleikum. Við nýju Laxárvirkjunina er stíflan hins vegar hönnuð með ísinn í huga, og þar fara þrepahlaupin og sá ís, sem þeim fylgir, beint yfir yfirföll, án þess að valda erfiðleikum. M. a. með tilliti til þessa eru yfirföll Búrfellsvirkjunar gerð hlutfallslega miklu stærri en við Laxá og stjórn þeirra auðveldari. Auk þess verður sett upp viðvörunarkerfi, sem veitir gæzlumönnum frest til að gera beztu ráðstafanir vegna hlaupsins, og einnig má eins og Norðmennirnir benda á að gert sé sums staðar í heimalandi þeirra, fylgjast með myndun ísstíflanna og sprengja þær í tæka tíð. Það er því ekki ástæða til að ætla, að þrepahlaup valdi neinum teljandi erfiðleikum við Búrfell frekar en við neðri virkjunina í Laxá. Er framangreint ljóst dæmi um það, hve þýðingarmikil hönnun mannvirkjanna er.

Skýrsla þeirra dr. Devik og Kanavin staðfestir fyrri hugmyndir manna um hina miklu ísmyndun í Þjórsá og gefur margar ágætar upplýsingar um hana. Hins vegar kemur ekkert óvænt fram í skýrslunni, sem gefur ástæðu til að breyta tilhögun fyrirhugaðrar Búrfellsvirkjunar. Höfundar hafa fylgzt með tilraununum í Noregi, en ekki kynnt sér virkjunina að öðru leyti, enda munu þeir ekki telja mannvirkjagerð, kostnaðarreikninga, fjárhagslegt mat á mismunandi leiðum o. s. frv. í sínum verkahring. Hvað uppistöðulónum viðvíkur, þá munu þau að sjálfsögðu verða gerð, eftir því sem síðari virkjanir segja til um.

Í skýrslu Harza er nánar rætt um fyrirhugaðar aðgerðir til að þrengja árfarveg Þjórsár og þá tilraunagarða, sem þegar hafa verið gerðir í þessu skyni. Rætt er um möguleika á byggingu uppistöðulóna ofan við Búrfell til að geyma ís, og þeirri leið hafnað. Bent er á að ógerlegt sé að útiloka alla ísmyndun jafnvel með víðtækum aðgerðum ofar í ánni og því sé nauðsynlegt að geta skolað ísnum yfir stíflu. Veitumannvirkjunum er lýst og þeim rannsóknum, sem liggja til grundvallar því fyrirkomulagi, sem valið var.

Veitumannvirkin eru þannig gerð að hægt er að skilja ís frá vatni og veita íslausu eða íslitlu vatni til virkjunarinnar en fleyta ísnum yfir stíflu. Tveir möguleikar eru fyrir hendi til þess. Í fyrsta lagi að taka ísinn inn í rennu, sem liggur samsíða ánni og er sambyggð veituinntakinu. Ísinn fer þá eftir rennunni yfir 14 m loku í stíflunni. Í öðru lagi er hægt að skola ísnum beint yfir aðallokurnar, en þær eru 100 m langar. Þegar ísinn er kominn yfir stíflu er aftur um tvær leiðir að ræða. Í fyrsta lagi er hægt að láta ísinn fara niður árfarveginn, en hann er yfirleitt milli 300 og 400 metra breiður. Í öðru lagi er hægt að veita ísnum í skurð, sem er 6 metra breiður í botninn, og tengist Bjarnalæk, en Bjarnalækur rennur í Þjórsá um þrjá kílómetra neðan við Tröllkonufoss. Þessi skurður getur flutt vatnsmagn á borð

við Sogið. Þannig er hægt að velja á milli breiðs og þröngs farvegs. Þetta fyrirkomulag hefur nú verið ýtarlega rannsakað í Þrándheimi í um það bil eitt ár og hafa þær rannsóknir gefið góða raun. Er þessu nánar lýst hér að framan í kaflanum „Um Búrfellsvirkjun".

Frá veituinntakinu rennur vatnið um skurð inn í Bjarnalækjarlón og þaðan um skurð að inntaki jarðganganna. Gerð er rás í botn þessara skurða til að tryggja greiðan farveg fyrir vatn til virkjunarinnar jafnvel þó að ís fylli skurði og lón.

Að lokum er rætt um vatnsskort hjá virkjuninni í lágrennslisköflum og vegna ísa, fyrirhugaða miðlun úr Þórisvatni og samkeyrslu vatns- og varma-aflstöðva á orkuveitusvæði Landsvirkjunar. Þá fylgja og teikningar af umræddum mannvirkjum.

Í fylgiskjali með skýrslunni er svo gerð nánari grein fyrir eðli hinna margháttuðu ísmyndana, sem við er að glíma.

Í skýrslu rannsóknarstöðvarinnar í Þrándheimi er skýrt frá aðdraganda, markmiði og gangi rannsóknanna og þeim forsendum, sem þær eru byggðar á. Líkönunum er lýst ásamt ýmsum þeim tilhögunum mannvirkja, sem athugaðar voru. Í niðurstöðum segir m. a.:

„Líkanatillraunirnar hafa leitt af sér stíflu og inntaksmannvirki, sem geta fleytt fram því magni af núll gráðu heitum ískrapa, sem reiknað er með að sé í ánni."

Auk þess er skýrt frá því hvernig aurburðarvandamálið hafi verið leyst og gefnar leiðbeiningar um rekstur veitumannvirkjanna.

Skýrsla dr. Gunnars Sigurðssonar fjallar um reikningslegt mat á orkuskorti 105 MW Búrfellsvirkjunar, sem framleiðir rafmagn fyrir almenna notkun og álbræðslu. Heildarvatnsmagn Þjórsár við Búrfell er áætlað eftir rennslinu við Urriðafoss samkvæmt mælingum Raforkumálaskrifstofunnar og líkingum þeirra Helga Sigvaldasonar og Jakobs Björnssonar um sambandið á milli rennslisins á þessum tveimur stöðum. Frá heildarvatnsmagninu er dregið magn íss og skolvatns og fæst þá hversu mikið vatn er eftir til orkuframleiðslu. Ísinn er áætlaður eftir nýjustu líkingum dr. Deviks, þó margt bendi til að þær gefi allt of mikið ísmagn. Í þessum reikningum er ekkert tillit tekið til fyrirhugaðra framkvæmda til að minnka kæliflöt Þjórsár og þar með ísmagnið.

Niðurstöður reikninganna, sem ástæða er til að ætla að séu um of varkárir, er sú að orkuskorturinn verði frá 9—15 GWst/ári fyrstu þrjú árin eða rúmlega 1% af heildarframleiðslu Landsvirkjunar, en þá er reiknað með að virkjunin verði stækkuð samfara miðlun í Þórisvatni. Hliðstæðir reikningar gerðir í nóvember 1964 og byggðir á upprunalegum líkingum dr. Deviks og rennsli Þjórsár við Urriðafoss samkvæmt mælingum Raforkumálaskrifstofunnar staðfærðum til Búrfells í hlutfalli við stærð afrennslissvæðanna sýndu orkuskort frá 1—3 GWst/ári fyrstu þrjú árin. Að öllum líkindum mun raunverulegur orkuskortur liggja einhvers staðar þarna á milli.

Hvað aflþörf snertir þá er sýnt fram á það í skýrslunni að hægt sé að starfrækja Búrfellsvirkjun sem 50 MW toppstöð í þrjá daga með því vatni, sem er í Bjarnalækjarlóni, án þess að nokkru vatni sé veitt úr Þjórsá. Slíkur rekstur mundi tryggja öllum notendum ótruflaða orku frá 105 MW virkjun án miðlunar þó ekki sé reiknað með meira varaafli en gert hefur verið hingað til, þ. e. a. s. þeim 35 MW, sem fyrir hendi verða í haust að viðbættum 20 MW í gastúrbínustöð.

Verstu áhlaupin standa sjaldan meira en einn dag. Þær ráðstafanir, sem reiknað er með, ættu því að vera nægar og auk þess má gera miðlun í Þórisvatni með litlum fyrirvara eða á einu sumri. Eftir að miðlun er komin í Þórisvatn, áætlast afl og orkuskortur að verða óverulegur og það einnig, þegar virkjunin er komin í fulla stærð, þ. e. a. s. 210 MW, en til vara er þó reiknað með einni 20 MW gastúrbínustöð í viðbót.

Eftir ýtarlega athugun á mörgum mismunandi leiðum til þess að mæta ísvandamálinu við Búrfell, er niðurstaðan sú, að ekki sé rétt að ráðast í uppistöðulón fyrir

ofan Búrfell, fyrr en slíkt lón verður eðlilegur þáttur í síðari virkjunum, og hagkvæmara sé að reikna með varastöðvum í samvinnu við Búrfellsvirkjun, vissum ráðstöfunum til að minnka kæliflöt árinnar ofan Búrfells og miðlun í Þórisvatni. Sú miðlun er þá ætluð fyrir útskolun á ísi og til aukningar á rennsli á lágrennslistímum. Fyrst í stað er reiknað með einni 20 MW eldsneytisstöð, til viðbótar þeim sem fyrir eru, og áðurnefndum ráðstöfunum varðandi kæliflötinn, en þegar virkjunin fer yfir 105 MW, er reiknað með miðlun í Þórisvatni og annarri 20 MW eldsneytisstöð til viðbótar eins og áður segir. Samtals áætlast þessar ráðstafanir kosta um 230 millj. kr., og eru þær ásamt áætluðum olíukostnaði taldar með í kostnaðar- og rekstraráætlunum. Varastöðvarnar eru fyrst og fremst til þess að mæta vatnsskorti af völdum íss, en gegna auk þess því hlutverki að vera til vara við bilanir eða truflanir á línum, vélum og virkjun. Sparast á þann hátt kostnaður, sem annars yrði að ráðast í til þess að mæta slíku. Athuganir norsku ísafræðinganna gefa ekki tilefni til að vikið sé frá framangreindri leið.

Ed. 435. Frumvarp til laga [178. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gerast aðili fyrir Íslands hönd að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja. — Samningur þessi er prentaður á íslenzku og ensku sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Þegar samningur sá, er um ræðir í 1. gr., hefur verið undirritaður af Íslands hálfu, skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþjóðabankinn hefur beitt sér fyrir milliríkjasamningi um lausn á fjárfestingardeilum milli ríkis og þegns annars ríkis. Tók undirbúningur samningsins nokkur ár, en snemma árs 1965 var hann tilbúinn til undirskriftar. Með undirskrift sinni 18. marz 1965 tókst Alþjóðabankinn á hendur þau störf og skyldur, sem honum eru faldar með samningnum. Á því ári, sem liðið er, síðan Alþjóðabankinn lagði samninginn til undirskriftar fyrir aðildarríki að bankanum, hafa 35 ríki undirritað hann. Meðal ríkja þeirra, sem undirritað hafa, eru Danmörk, Svíþjóð, Ítalía, Þýzkaland, Bretland og Bandaríkin.

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir því, að aðilar að samningnum geti leitað til alþjóðastofnunar, sem þeir setja sameiginlega á stofn, þar sem sáttanefnd og gerðardómur starfa að lausn deilumála, sem rísa kynnu í sambandi við erlenda fjárfestingu í aðildarríki.

Með aðild að samningnum felst ekki skuldbinding um að skjóta þangað deilumálum, heldur opnast einungis leið fyrir Ísland með aðild að samningnum að notfæra sér það fyrirkomulag, sem samningurinn gerir ráð fyrir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM LAUSN FJÁRFESTINGARDEILNA MILLI RÍKJA OG ÞEGNA ANNARRA RÍKJA

Inngangur.

Samningsríkin:

gera sér ljóst, hver þörf er á alþjóðlegri samvinnu um efnahagslegar framfarir, og hvern þátt alþjóðleg einkafjárfesting á í þeim;

hafa það hugfast, að öðru hverju geta deilur risið upp í sambandi við slíka fjárfestingu milli samningsríkja og þegna annarra samningsríkja;

viðurkenna, að enda þótt slíkar deilur séu venjulega háðar lögákveðinni málsmeðferð í hverju landi fyrir sig, þá geti alþjóðleg málsmeðferð hentað vel í tilteknum málum;

telja sérstaklega mikilvægt, að fyrir hendi sé þjónustustarfsemi, sem hafi upp á að bjóða alþjóðlega sátt eða gerð til lausnar deilumálum og samningsríki og þegnar annarra samningsríkja geta vísað slíkum deilum til, ef þeir óska þess;

óska eftir því, að stofnað verði til slíkrar þjónustu á vegum Alþjóðabankans;

viðurkenna, að gagnkvæmt samþykki málsaðila um að leggja slíkar deilur í sátt eða gerð, með aðstoð slíkrar þjónustu, felur í sér bindandi samkomulag, sem krefst þess sérstaklega, að sérhverjum tillögum sáttanefndarmanna sé viðhlítandi gaumur gefinn, og að hlítt sé hverjum þeim úrskurði, er gerðardómur kann upp að kveða; og

lýsa því yfir, að ekkert samningsríki skuli, einungis sökum þess, að það hafi fullgilt, viðurkennt eða staðfest þennan samning, og án eigin samþykkis, teljast vera skuldbundið til þess að leggja nokkurt sérstakt deilumál í sátt eða gerð.

Þau hafa því orðið ásátt um eftirfarandi samning:

CONVENTION ON THE SETTLEMENT OF INVESTMENT DISPUTES BETWEEN STATES AND NATIONALS OF OTHER STATES

Preamble

The contracting States

Considering the need for international cooperation for economic development, and the role of private international investment there in;

Bearing in mind the possibility that from time to time disputes may arise in connection with such investment between Contracting States and nationals of other Contracting States;

Recognizing that while such disputes would usually be subject to national legal processes, international methods of settlement may be appropriate in certain cases;

Attaching particular importance to the availability of facilities for international conciliation or arbitration to which Contracting States and nationals of other Contracting States may submit such disputes if they so desire;

Desiring to establish such facilities under the auspices of the International Bank for Reconstruction and Development;

Recognizing that mutual consent by the parties to submit such disputes to conciliation or to arbitration through such facilities constitutes a binding agreement which requires in particular that due consideration be given to any recommendation of conciliators, and that any arbitral award be complied with; and

Declaring that no Contracting States shall by the mere fact of its ratification, acceptance or approval of this Convention and without its consent be deemed to be under any obligation to submit any particular dispute to conciliation or arbitration,

Have agreed as follows:

1. kafli.
ALÞJÓÐLEG STOFNUN TIL LAUSNAR FJÁRFESTINGARDEILUM

1. hluti.
Stofnun og skipulag.

1. gr.

1. Með samningi þessum er komið á fót alþjóðlegri stofnun til lausnar fjárfestingardeilum (hér á eftir nefnd stofnunin).

2. Tilgangur stofnunarinnar skal vera að veita þjónustu til lausnar fjárfestingardeilum milli samningsríkja og þegna annarra samningsríkja með sátt eða gerð samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

2. gr.

Aðsetur stofnunarinnar skal vera í höfuðstöðvum Alþjóðabankans (sem hér á eftir nefnist bankinn). Aðsetur hennar má flytja til samkvæmt ákvörðun, er stjórn stofnunarinnar hefur tekið með tveim þriðju atkvæða.

3. gr.

Stofnuninni skal skipuð stjórn og starfslið, og á vegum stofnunarinnar skal haldin skrá yfir sáttanefndarmenn og önnur skrá yfir gerðardómsmenn.

2. hluti
Stjórn stofnunarinnar.

4. gr.

1. Stjórnin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju samningsríki. Heimilt er, að varamaður gegni störfum fyrir aðalmann, ef hann er fjarverandi frá fundi eða honum er ókleift að sinna störfum.

2. Ef önnur tilnefning liggur eigi fyrir, skal aðalfulltrúi og varafulltrúi samningsríkis í bankaráði bankans vera *ex officio* fulltrúi þess og varafulltrúi, eftir því sem við á, í stjórn stofnunarinnar.

Chapter I
INTERNATIONAL CENTRE FOR SETTLEMENT OF INVESTMENT DISPUTES

Section 1
Establishment and Organization

Article 1

1. There is hereby established the International Centre for Settlement of Investment Disputes (hereinafter called the Centre).

2. The purpose of the Centre shall be to provide facilities for conciliation and arbitration of investment disputes between Contracting States and nationals of other Contracting States in accordance with the provisions of this Convention.

Article 2

The seat of the Centre shall be at the principal office of the International Bank for Reconstruction and Development (hereinafter called the Bank). The seat may be moved to another place by decision of the Administrative Council adopted by a majority of two-thirds of its members.

Article 3

The centre shall have an Administrative Council and a Secretariat and shall maintain a Panel of Conciliators and a Panel of Arbitrators.

Section 2
The Administrative Council

Article 4

1. The Administrative Council shall be composed of one representative of each Contracting State. An alternate may act as representative in case of his principal's absence from a meeting or inability to act.

2. In the absence of a contrary designation, each governor and alternate governor of the Bank appointed by a Contracting State shall be *ex officio* its representative and its alternate respectively.

5. gr.

Aðalbankastjóri bankans skal vera *ex officio* stjórnarformaður (hér á eftir nefndur formaðurinn) án atkvæðisréttar. Í fjarvist hans, eða þegar honum er ókleift að sinna störfum, og einnig þegar sæti aðalbankastjóra bankans kann að standa autt, þá skal sá, sem um stundarsakir gegnir störfum aðalbankastjórans, einnig gegna störfum stjórnarformanns.

6. gr.

1. Án þess að rýra þau völd eða störf, sem stjórninni eru falin samkvæmt öðrum ákvæðum þessa samnings, þá skal hún:

a) setja reglur um störf og fjármál stofnunarinnar;
b) setja reglur um það, hvernig hefja skuli meðferð mála, sem lögð eru í sátt eða gerð;
c) setja reglur um það, hvernig haga skuli flutningi mála, sem vísað er til sáttanefndar eða gerðardóms (hér á eftir nefndar sáttareglur og gerðarreglur);
d) ganga frá samkomulagi við bankann um afnot af starfsemi hans og þjónustu;
e) ákveða ráðningarskilmála aðalforstjórans og sérhvers aðstoðarforstjóra, sem ráðinn kann að verða;
f) samþykkja árlega fjárhagsáætlun um tekjur og gjöld stofnunarinnar;
g) samþykkja árlega skýrslu um rekstur stofnunarinnar;

Ákvarðanir þær, sem taldar eru í málsliðum a, b, c og f hér að framan, þurfa að hljóta samþykki tveggja þriðju atkvæða stjórnarmanna.

2. Stjórninni er heimilt að skipa þær nefndir, sem hún telur nauðsynlegt að skipaðar verði.

3. Þá skal stjórnin einnig fara með önnur þau völd og annast önnur þau störf, sem hún telur sér nauðsynleg til þess að framkvæma ákvæði þessa samnings.

7. gr.

1. Stjórnin skal halda árlegan fund og auk þess skal hún halda aðra fundi, eftir

Article 5

The President of the Bank shall be *ex officio* Chairman of the Administrative Council (hereinafter called the Chairman) but shall have no vote. During his absence or inability to act and during any vacancy in the office of President of the Bank, the person for the time being acting as President shall act as Chairman of the Administrative Council.

Article 6

1. Without prejudice to the powers and functions vested in it by other provisions of this Convention, the Administrative Council shall

a) adopt the administrative and financial regulations of the Centre;
b) adopt the rules of procedure for the institution of conciliation and arbitration proceedings;
c) adopt the rules of procedure for conciliation and arbitration proceedings (hereinafter called the Conciliation Rules and the Arbitration Rules);
d) approve arrangements with the Bank for the use of the Bank's administrative facilities and services;
e) determine the conditions of service of the Secretary-General and of any Deputy Secretary-General;
f) adopt the annual budget of revenues and expenditures of the Centre;
g) approve the annual report on the operation of the Centre;

The decisions referred to in sub-paragraphs a), b), c) and f) above shall be adopted by a majority of two-thirds of the members of the Administrative Council.

2. The Administrative Council may appoint such committees as it considers necessary.

3. The Administrative Council shall also exercise such other powers and perform such other functions as it shall determine to be necessary for the implementation of the provisions of this Convention.

Article 7

1. The Administrative Council shall hold an annual meeting and such other

því sem hún kann sjálf að ákveða, eða þegar stjórnarformaður eða aðalforstjóri kalla hana saman til fundar samkvæmt ósk eigi færri en 5 stjórnarmanna.

2. Sérhver stjórnarmaður skal ráða yfir einu atkvæði og skal hreinn meirihluti atkvæða ráða úrslitum um mál þau, sem fyrir stjórnina eru lögð, þó með þeim undantekningum, sem sérstaklega eru teknar fram í samningi þessum.

3. Stjórnin skal teljast ályktunarbær, hvenær sem meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar.

4. Með samþykki tveggja af hverjum þremur stjórnarmanna getur stjórnin ákveðið að koma á fót fyrirkomulagi, sem heimilar formanni hennar að framkvæma atkvæðagreiðslu meðal stjórnarmanna, án þess að kalla þá saman til fundar. Slík atkvæðagreiðsla skal því aðeins teljast lögmæt, að meirihluti stjórnarmanna greiði atkvæði innan þeirra tímatakmarka, sem kunna að verða sett í þessu sambandi.

8. gr.

Stjórnarmenn og formaður stjórnar skulu inna störf sín af hendi endurgjaldslaust.

meetings as may be determined by the Council, or convened by the Chairman, or convened by the Secretary-General at the request of not less than five members of the Council.

2. Each member of the Administrative Council shall have one vote and, except as otherwise herein provided, all matters before the Council shall be decided by a majority of the votes cast.

3. A quorum for any meeting of the Administrative Council shall be a majority of its members.

4. The Administrative Council may establish, by a majority of two-thirds of its members, a procedure whereby the Chairman may seek a vote of the Council without convening a meeting of the Council. The vote shall be considered valid only if the majority of the members of the Council cast their votes within the time limit fixed by the said procedure.

Article 8

Members of the Administrative Council and the Chairman shall serve without remuneration from the Centre.

3. hluti.

Skrifstofan.

9. gr.

Á skrifstofu stofnunarinnar skulu starfa einn aðalforstjóri, einn eða fleiri aðstoðarforstjórar, svo og annað starfslið.

10. gr.

1. Aðalforstjórinn, svo og sérhver aðstoðarforstjóri, skal kosinn af stjórn stofnunarinnar með tveggja þriðju atkvæða meirihluta, samkvæmt tilnefningu formanns, og skal starfstíminn eigi vera lengri en 6 ár. Heimilt er að endurkjósa sérhvern þeirra. Eftir að hafa haft samráð við stjórnarmenn, skal formaður stinga upp á einum eða fleiri frambjóðendum í hverja af þessum stöðum.

2. Svo skal litið á embætti aðalforstjóra og aðstoðarforstjóra, að þau séu

Section 3

The Secretariat

Article 9

The Secretariat shall consist of a Secretary-General, one or more Deputy Secretaries-General and staff.

Article 10

1. The Secretary-General and any Deputy Secretary-General shall be elected by the Administrative Council by a majority of two-thirds of its members upon the nomination of the Chairman for a term of service not exceeding six years and shall be eligible for re-election. After consulting the members of the Administrative Council, the Chairman shall propose one or more candidates for each such office.

2. The offices of Secretary-General and Deputy Secretary-General shall be

ósamrýmanleg afskiptum af stjórnmálum í hvaða mynd sem er. Hvorki aðalforstjórinn né nokkur aðstoðarforstjóri má sinna nokkru öðru embætti, eða öðrum störfum, nema samþykki stjórnarinnar komi til.

3. Í fjarveru aðalforstjóra, eða sé honum ókleift að sinna störfum sínum, svo og ef embætti hans er laust, þá skal aðstoðarforstjóri gegna störfum aðalforstjórans. Nú starfa fleiri en einn aðstoðarforstjóri í þjónustu stofnunarinnar, og skal stjórnin þá ákveða fyrirfram, í hvaða röð þeir skuli gegna störfum aðalforstjóra.

11. gr.

Aðalforstjórinn skal vera löglegur fulltrúi og æðsti embættismaður stofnunarinnar, og skal hann vera ábyrgur fyrir stjórn hennar, þar með talin skipan starfsfólks, samkvæmt ákvæðum þessa samnings og þeim reglum, sem stjórnin kann að setja. Hann skal hafa með höndum skrá yfir gerðardóma og hafa vald til þess að staðfesta úrskurði gerðardóms, sem kveðnir eru upp samkvæmt ákvæðum samnings þessa, og votta rétt endurrit þeirra.

4. hluti.

Skrá yfir sáttanefndar- og gerðardómsmenn.

12. gr.

Haldin skal skrá yfir sáttanefndarmenn og önnur skrá yfir gerðardómsmenn. Skulu skrár þessar geyma nöfn hæfra manna, sem tilnefndir eru samkvæmt því, sem segir hér á eftir, og reiðubúnir eru til þess að gegna störfum sáttanefndarmanna eða taka sæti í gerðardómi.

13. gr.

1. Sérhverju samningsríki skal heimilt að útnefna fjóra einstaklinga á hverja skrá um sig, og mega þeir vera þegnar þess ríkis, en þurfa þess þó ekki.

2. Formaður stjórnarinnar má tilnefna tíu einstaklinga á hvora skrá, og mega engir tveir þeirra, sem þannig eru tilnefndir, vera þegnar sama ríkis.

incompatible with the exercise of any political function. Neither the Secretary-General nor any Deputy Secretary-General may hold any other employment or engage in any other occupation except with the approval of the Administrative Council.

3. During the Secretary-General's absence or inability to act, and during any vacancy of the office of Secretary-General, the Deputy Secretary-General shall act as Secretary-General. If there shall be more than one Deputy Secretary-General, the Administrative Council shall determine in advance the order in which they shall act as Secretary-General.

Article 11

The Secretary-General shall be the legal representative and the principal officer of the Centre and shall be responsible for its administration, including the appointment of staff, in accordance with the provisions of this Convention and the rules adopted by the Administrative Council. He shall perform the function of registrar and shall have the power to authenticate arbitral awards rendered pursuant to this Convention, and to certify copies thereof.

Section 4

The Panels

Article 12

The Panel of Conciliators and the Panel of Arbitrators shall each consist of qualified persons, designated as hereinafter provided, who are willing to serve thereon.

Article 13

1. Each Contracting State may designate to each Panel four persons who may but need not be its nationals.

2. The Chairman may designate ten persons to each Panel. The persons so designated to a Panel shall each have a different nationality.

14. gr.

1. Þeir, sem tilnefndir eru og settir eru á skrá stofnunarinnar yfir sáttanefndar- og gerðardómsmenn, skulu vera flekklausir og ráðvandir menn og hafa til að bera viðurkennda hæfni á sviði lögfræði, viðskipta, iðnaðar eða fjármála, og sem treysta má til þess að kveða upp óháða dóma. Hæfni á sviði lögfræði skal teljast einkar mikilvæg, þegar um er að ræða menn, sem taka eiga sæti í gerðardómi.

2. Þegar stjórnarformaður tilnefnir menn, sem eiga að vera á skrám þeim, sem áður getur, skal hann að auki taka nægilegt tillit til þess, að mikilvægt er, að helztu lagakerfi heims svo og helztu efnahagskerfi heimsins eigi sína fulltrúa meðal þeirra, sem eru á skrám stofnunarinnar yfir sáttanefndar- og gerðardómsmenn.

Article 14

1. Persons designated to serve on the Panels shall be persons of high moral character and recognized competence in the fields of law, commerce, industry or finance, who may be relied upon to exercise independent judgment. Competence in the field of law shall be of particular importance in the case of persons on the Panel of Arbitrators.

2. The Chairman, in designating persons to serve on the Panels, shall in addition pay due regard to the importance of assuring representation on the Panels of the principal legal systems of the world and of the main forms of economic activity.

15. gr.

1. Starfstími væntanlegra sáttanefndar- og gerðardómsmanna, sem tilnefndir hafa verið á skrá stofnunarinnar, skal vera 6 ár. Heimilt er að endurnýja starfstímabil þeirra.

2. Nú fellur frá einhver þeirra, sem er á skrám stofnunarinnar, eða segir starfi sínu lausu, og skal þá sá aðili, sem tilnefndi þann mann, hafa heimild til að tilnefna annan í hans stað, og skal hann gegna störfum þann tíma, sem þá er eftir af starfstímabilinu.

3. Þeir, sem eru á skrá stofnunarinnar yfir sáttanefndar- og gerðardómsmenn, skulu halda áfram að gegna störfum, þar til eftirmenn þeirra hafa verið tilnefndir.

Article 15

1. Panel members shall serve for renewable periods of six years.

2. In case of death or resignation of a member of a Panel, the authority which designated the member shall have the right to designate another person to serve for the remainder of that member's term.

3. Panel members shall continue in office until their successors have been designated.

16. gr.

1. Heimilt er, að sami maður sé á báðum skrám.

2. Ef einhver hefur verið tilnefndur, annaðhvort sem sáttanefndar- eða gerðardómsmaður, af fleiru en einu samningsríki, eða af einu eða fleiri samningsríkja og formanninum, þá skal hann teljast hafa verið tilnefndur af þeim aðila, sem tilnefndi hann fyrst, eða sé ríki, þar sem hann á ríkisfang, einn aðili að tilnefningu, þá skal hann teljast hafa verið tilnefndur af því ríki.

Article 16

1. A person may serve on both Panels.

2. If a person shall have been designated to serve on the same Panel by more than one Contracting State, or by one or more Contracting States and the Chairman, he shall be deemed to have been designated by the authority which first designated him or, if one such authority is the State of which he is a national, by that State.

3. Sérhver tilnefning skal tilkynnt aðalforstjóranum og skal hún öðlast gildi frá þeim degi, er hann móttekur tilkynningu um tilnefningu.

5. hluti.
Greiðsla kostnaðar.

17. gr.

Ef tekjur af þjónustu stofnunarinnar, eða aðrar tekjur hennar hrökkva ekki fyrir greiðslu kostnaðar við starfsemi stofnunarinnar, þá skal mismunurinn greiddur af ríkjum þeim, sem aðild eiga að Alþjóðabankanum, í hlutfalli við hlutafjárloforð þeirra til bankans, og af ríkjum þeim, sem aðild eiga að samningi þessum, en ekki eru aðilar að bankanum, samkvæmt reglum, sem stjórn stofnunarinnar setur.

6. hluti.
Staða, friðhelgi og sérréttindi.

18. gr.

Stofnunin skal talin fullgildur lögaðili að alþjóðarétti. Stofnunin skal að lögum talin til þess bær:

a) að vera aðili að samningum;
b) að eignast og afsala fasteignum eða lausafé;
c) að höfða mál fyrir rétti.

19. gr.

Til þess að stofnuninni sé kleift að inna af hendi störf sín skal hún njóta þeirrar friðhelgi og sérréttinda á landssvæðum hvers aðildarríkis, sem fram er tekið í þessum hluta samningsins.

20. gr.

Stofnunin, eignir hennar og fjármunir, skulu undanþegin hvers konar lögsókn, nema þegar stofnunin afsalar sér undanþágu þessari.

21. gr.

Stjórnarformaður, meðlimir stjórnarinnar, menn þeir, sem gegna störfum sáttasemjara eða gerðardómsmanna eða meðlimir nefndar, sem skipuð er samkvæmt ákvæðum 52. gr. 3. tölulið, svo og fulltrúar og starfsmenn skrifstofu stofnunarinnar, skulu:

3. All designations shall be notified to the Secretary-General and shall take effect from the date on which the notification is received.

Section 5
Financing the Centre

Article 17

If the expenditure of the Centre cannot be met out of charges for the use of its facilities, or out of other receipts, the excess shall be borne by Contracting States which are members of the Bank in proportion to their respective subscriptions to the capital stock of the Bank, and by Contracting States which are not members of the Bank in accordance with rules adopted by the Administrative Council.

Section 6
Status, Immunities and Privileges

Article 18

The Centre shall have full international legal personality. The legal capacity of the Centre shall include the capacity

a) to contract;
b) to acquire and dispose of movable and immovable property;
c) to institute legal proceedings.

Article 19

To enable the Centre to fulfil its functions, it shall enjoy in the territories of each Contracting State the immunities and privileges set forth in this Section.

Article 20

The Centre, its property and assets shall enjoy immunity from all legal process, except when the Centre waives this immunity.

Article 21

The Chairman, the members of the Administrative Council, persons acting as conciliators or arbitrators or members of a Committee appointed pursuant to paragraph 3. of Article 52, and the officers and employees of the Secretariat

a) vera undanþegnir lögsókn, meðan þeir rækja skyldustörf sín, nema þegar stofnunin afsalar sér þessum réttindum;

b) þar sem þeir eru ekki þegnar viðkomandi ríkis, njóta sömu undanþágu frá innflytjendahömlum, skrásetningu erlendra þegna og herþjónustu, sömu réttinda að því er varðar gjaldeyris- og yfirfærsluhömlur og sömu fyrirgreiðslu að því er varðar ferðalög, eins og aðildarríki veitir fulltrúum, embættismönnum og hliðstæðum starfsmönnum annarra aðildarríkja.

22. gr.

Ákvæði 21. gr. skulu ná til þeirra, sem fram koma í sambandi við málflutning samkvæmt ákvæðum þessa samnings sem málsaðilar, umboðsmenn, málflutningsmenn, talsmenn eða sérfræðingar; að því tilskildu þó, að b-liður sömu greinar skuli aðeins hafa gildi í sambandi við ferðir þeirra að og frá og dvöl á þeim stað, þar sem málflutningur fer fram.

23. gr.

1. Skjalasafn stofnunarinnar skal vera friðhelgt, hvar sem það kann að vera.

2. Að því er varðar póstsendingar, símskeyti og önnur fjarskipti skal stofnunin eigi njóta verri kjara en aðrar alþjóðastofnanir njóta innan sérhvers aðildarríkis.

24. gr.

1. Stofnunin, fjármunir hennar, eignir og tekjur, svo og starfsemi hennar og rekstur, sem leyfður er með samningi þessum, skal njóta undanþágu frá öllum sköttum og tollum. Einnig skal stofnunin undanþegin allri ábyrgð á innheimtu eða greiðslu skatta eða tolla, hverju nafni sem nefnist.

2. Eigi skal neinn skattur lagður á kostnað eða vegna kostnaðar, sem stofnunin greiðir stjórnarformanni eða öðrum stjórnarmönnum, og eigi að heldur skal neinn skattur lagður á eða vegna launa,

a) shall enjoy immunity from legal process with respect to acts performed by them in the exercise of their functions, except when the Centre waives this immunity;

b) not being local nationals, shall enjoy the same immunities from immigration restrictions, alien registration requirements and national service obligations, the same facilities as regards exchange restrictions and the same treatment in respect of travelling facilities as are accorded by Contracting States to the representatives, officials and employees of comparable rank of other Contracting States.

Article 22

The provisions of Article 21 shall apply to persons appearing in proceedings under this Convention as parties, agents, counsel, advocates, witnesses or experts; provided, however, that sub-paragraph b thereof shall apply only in connection with their travel to and from, and their stay at, the place where the proceedings are held.

Article 23

1. The archives of the Centre shall be inviolable, wherever they may be.

2. With regard to its official communications, the Centre shall be accorded by each Contracting State treatment not less favourable than that accorded to other international organizations.

Article 24

1. The Centre, its assets, property and income, and its operations and transactions authorized by this Convention shall be exempt from all taxation and customs duties. The Centre shall also be exempt from liability for the collection or payment of any taxes or customs duties.

2. Except in the case of local nationals, no tax shall be levied on or in respect of expense allowances paid by the Centre to the Chairman or members of the Administrative Council, or on or in

kostnaðar eða annarra tekna, sem embættismenn stofnunarinnar eða starfsmenn skrifstofunnar kunna að fá greiddar frá stofnuninni, nema þegar um er að ræða þegna viðkomandi ríkis.

3. Eigi skal neinn skattur lagður á eða hans krafizt vegna þóknunar eða kostnaðar, sem greiddur kann að verða þeim, er gegna skyldustörfum sem sáttanefndarmenn eða gerðardómsmenn eða eru nefndarmenn, sem skipaðir eru samkvæmt ákvæðum 52. gr. 3. tölulið og á rót sína að rekja til málflutnings samkvæmt ákvæðum samningsins, ef eini lagalegi grundvöllurinn fyrir slíkri skattlagningu er aðsetur stofnunarinnar eða staður sá, þar sem slíkur málflutningur fer fram, eða staður sá, þar sem slík þóknun eða kostnaður er greiddur.

respect of salaries, expense allowances or other emoluments paid by the Centre to officials or employees of the Secretariat.

3. No tax shall be levied on or in respect of fees or expense allowances received by persons acting as conciliators, or arbitrators, or members of a Committee appointed pursuant to paragraph 3. of Article 52, in proceedings under this Convention, if the sole jurisdictional basis for such tax is the location of the Centre or the place where such proceedings are conducted or the place where such fees or allowances are paid.

2. kafli.
LÖGSAGA STOFNUNARINNAR

25. gr.

1. Lögsaga stofnunarinnar tekur til sérhverrar lagalegrar deilu, sem upp kemur í beinu sambandi við fjárfestingu, milli aðildarríkis (eða einhvers stjórnlagalegs hluta eða stofnunar aðildarríkis, sem það kann að tilnefna af sinni hálfu gagnvart stofnuninni) og þegna annars aðildarríkis, sem deiluaðilar samþykkja skriflega að vísað sé til stofnunarinnar. Þegar málsaðilar hafa veitt samþykki sitt til slíkrar málsmeðferðar, þá getur hvorugur þeirra tekið samþykki sitt aftur einhliða.

2. „Þegn annars aðildarríkis“ skal teljast:

a) sérhver sá, sem naut ríkisfangs annars aðildarríkis en þess, sem er deiluaðili, þann dag, er aðilar samþykktu að vísa deilu til sáttar eða leggja hana í gerð, og auk þess þann dag, er beiðni um slíkan málflutning var skrásett í samræmi við ákvæði 28. gr. 3. tölulið eða 36. gr. 3. tölulið. Þetta tekur hins vegar ekki til neins þess manns, sem annan hvorn þennan dag hefur einnig notið ríkisfangs þess aðildarríkis, sem á hlut að deilumálinu; og

Chapter II
JURISDICTION OF THE CENTRE

Article 25

1. The jurisdiction of the Centre shall extend to any legal dispute arising directly out of an investment, between a Contracting State (or any constituent subdivision or agency of a Contracting State designated to the Centre by that State) and a national of another Contracting State, which the parties to the dispute consent in writing to submit to the Centre. When the parties have given their consent, no party may withdraw its consent unilaterally.

2. „National of another Contracting State“ means:

a) any natural person who had the nationality of a Contracting State other than the State party to the dispute on the date on which the parties consented to submit such dispute to conciliation or arbitration as well as on the date on which the request was registered pursuant to paragraph 3. of Article 28 or paragraph 3. of Article 36, but does not include any person who on either date also had the nationality of the Contracting State party to the dispute; and

b) sérhver lögaðili, sem naut ríkisfangs annars aðildarríkis en þess, sem er deiluaðili, þann dag, er aðilar samþykktu að vísa deilu til sáttar eða leggja hana í gerð, og sérhver lögaðili, sem naut ríkisfangs aðildarríkis, sem á hlut að deilumáli, þann sama dag, og sem málsaðilar hafa sökum erlendra yfirráða komið sér saman um, að talinn skuli þegn annars aðildarríkis, að því er varðar framkvæmd þessa samnings.

3. Samþykki stjórnlagalegs hluta eða stofnunar aðildarríkis skal háð staðfestingu þess ríkis, nema það sama ríki tilkynni stofnuninni, að engrar slíkrar staðfestingar sé þörf.

4. Sérhvert samningsríki getur, þegar það fullgildir, samþykkir eða staðfestir þennan samning, eða einhvern tíma síðar, tilkynnt stofnuninni um þá tegund eða tegundir deilumála, sem hið sama ríki teldi að kæmu til álits að lögð væru undir lögsögu stofnunarinnar, og hver ekki. Aðalforstjórinn skal þegar í stað senda slíka tilkynningu áfram til allra aðildarríkja. Eigi skal slík tilkynning fela í sér samþykki það, sem krafizt er samkvæmt 1. tölulið þessarar gr.

b) any juridical person which had the nationality of a Contracting State other than the State party to the dispute on the date on which the parties consented to submit such dispute to conciliation or arbitration and any juridical person which had the nationality of the Contracting State party to the dispute on that date and which, because of foreign control, the parties have agreed should be treated as a national of another Contracting State for the purposes of this Convention.

3. Consent by a constituent subdivision or agency of a Contracting State shall require the approval of that State unless that State notifies the Centre that no such approval is required.

4. Any Contracting State may, at the time of ratification, acceptance or approval of this Convention or at any time thereafter, notify the Centre of the class or classes of disputes which it would or would not consider submitting to the jurisdiction of the Centre. The Secretary-General shall forthwith transmit such notification to all Contracting States. Such notification shall not constitute the consent required by paragraph 1.

26. gr.

Samþykki málsaðila um að leggja mál í gerð samkvæmt ákvæðum þessa samnings skal fela í sér samþykki málsaðila fyrir því, að það sé sú eina leið, sem farin verði til lausnar deilunni, og aðrar ekki, nema annað sé sérstaklega fram tekið. Aðildarríki má krefjast þess og gera það að skilyrði fyrir samþykki sínu fyrir því, að deilumál verði lagt í gerð samkvæmt ákvæðum þessa samnings, að leiðir til lausnar deilunni heima fyrir séu fyrst reyndar til þrautar.

Article 26

Consent of the parties to arbitration under this Convention shall, unless otherwise stated, be deemed consent to such arbitration to the exclusion of any other remedy. A Contracting State may require the exhaustion of local administrative or judicial remedies as a condition of its consent to arbitration under this Convention.

27. gr.

1. Ekkert aðildarríki skal veita diplómatíska vernd, eða gera alþjóðlega kröfu varðandi deilu, sem einn af þegnum þess og annað aðildarríki hafa samþykkt að vísa eða hafa þegar vísað til gerðar samkvæmt samningi þessum, nema því að-

Article 27

1. No Contracting State shall give diplomatic protection, or bring an international claim, in respect of a dispute which one of its nationals and another Contracting State shall have consented to submit or shall have submitted to

eins að ríki það, sem er aðili málsins, hafi neitað að hlíta og fara eftir úrskurði þeim, sem kveðinn var upp í slíku deilumáli.

2. Diplómatísk vernd samkvæmt 1. tölulið skal ekki taka til óformlegra diplómatískra skipta í þeim eina tilgangi að auðvelda lausn deilunnar.

arbitration under this Convention, unless such other Contracting State shall have failed to abide by and comply with the award rendered in such dispute.

2. Diplomatic protection, for the purposes of paragraph 1, shall not include informal diplomatic exhanges for the sole purpose of facilitating a settlement of the dispute.

3. kafli.
SÁTT

1. hluti.
Beiðni um sátt.

28. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, eða þegn aðildarríkis, sem óskar þess, að mál verði tekið til sáttar, skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til aðalforstjórans, en hann skal aftur á móti senda afrit af slíkri beiðni til hins málsaðilans.

2. Í beiðni þessari skal tekið fram um málsatvik deilunnar, hverjir aðilar eru að deilunni og samþykki þeirra fyrir því, að deilunni sé vísað til sáttar samkvæmt reglum þeim, sem gilda um flutning máls, er vísa á til sáttar eða leggja í gerð.

3. Aðalforstjórinn skal skrásetja beiðnina, nema því aðeins að hann komist að raun um, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem í beiðninni felast, að deilan sé augljóslega utan við lögsögu stofnunarinnar. Hann skal þegar í stað tilkynna deiluaðilum um skrásetningu, eða synjun um skrásetningu.

2. hluti.
Skipan sáttanefndar.

29. gr.

1. Sáttanefnd (hér á eftir nefnd nefndin) skal skipuð svo fljótt sem auðið er, eftir að beiðni um málflutning hefur verið skrásett samkvæmt ákvæðum 28. gr.

2.

a) Nefndin skal skipuð einum sáttanefndarmanni eða einhverri ójafnri tölu sáttanefndarmanna, eftir því sem málsaðilar koma sér saman um.

Chapter III
CONCILIATION

Section 1
Request for Conciliation

Article 28

1. Any Contracting State or any national of a Contracting State wishing to institute conciliation proceedings shall adress a request to that effect in writing to the Secretary-General who shall send a copy of the request to the other party.

2. The request shall contain information concerning the issues in dispute, the identity of the parties and their concent to conciliation in accordance with the rules of procedure for the institution of conciliation and arbitration proceedings.

3. The Secretary-General shall register the request unless he finds, on the basis of the information contained in the request, that the dispute is manifastly outside the jurisdiction of the Centre. He shall forthwith notify the parties of registration or refusal to register.

Section 2
Constitution of the Conciliation Commission

Article 29

1. The Conciliation Commission (hereinafter called the Commission) shall be consituted as soon as possible after registration of a request pursuant to Article 28.

2.

a) The Commission shall consist of a sole conciliator or any uneven number of conciliators appointed as the parties shall agree.

b) Nú koma málsaðilar sér ekki saman um fjölda sáttanefndarmanna og með hverjum hætti þeir skuli skipaðir, og skal nefndin þá skipuð þremur mönnum; skal hvor málsaðili skipa einn, en sá þriðji, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar, verði skipaður með samkomulagi málsaðila.

b) Where the parties do not agree upon the number of conciliators and the method of their appointment, the commission shall consist of three conciliators, one conciliator appointed by each party and the third, who shall be the president of the Commission, appointed by agreement of the parties.

30. gr.

Nú hefur eigi tekizt að skipa nefndina innan 90 daga frá því, að aðalforstjórinn hefur sent frá sér tilkynningu um skrásetningu á beiðni um málflutning, samkvæmt ákvæðum 28. gr. 3. tölulið, eða innan einhverra annarra tímatakmarka, sem málsaðilar koma sér saman um, og skal stjórnarformaður þá, samkvæmt ósk annars hvors málsaðila og eftir að hafa haft samráð við báða málsaðila, eftir því sem við verður komið, skipa sáttanefndarmenn þá, sem enn kunna að vera óskipaðir.

Article 30

If the Commission shall not have been constituted within 90 days after notice of registration of the request has been dispatched by the Secretary-General in accordance with paragraph 3 of Article 28, or such other period as the parties may agree, the Chairman shall, at the request of either party and after consulting both parties as far as possible, appoint the conciliator or conciliators not yet appointed.

31. gr.

1. Ekki er nauðsynlegt, að sáttanefndarmenn séu valdir úr hópi þeirra, sem eru á skrá stofnunarinnar, nema þegar nefndarmenn eru skipaðir af stjórnarformanni samkvæmt ákvæðum 30. gr.

2. Nú eru sáttanefndarmenn skipaðir utan þeirra, sem eru á skrá stofnunarinnar, og skulu þeir þá einnig hafa til að bera þá hæfni, sem tilgreind er í 14. gr. 1. tölulið.

Article 31

1. Conciliators may be appointed from outside the Panel of Conciliators, except in the case of appointments by the Chairman pursuant to Article 30.

2. Conciliators appointed from outside the Panel of Conciliators shall possess the qualities stated in paragraph 1 of Article 14.

3. hluti.

Sáttaumleitanir

Section 3

Conciliation Proceedings

32. gr.

1. Nefndin skal sjálf dæma um sitt eigið valdsvið.

2. Nefndin skal taka til meðferðar sérhver mótmæli, sem fram kunna að koma af hálfu deiluaðila þess efnis, að deila sú, sem um er rætt, falli ekki undir valdsvið nefndarinnar, og skal hún jafnframt ákveða, hvort fjallað skuli um mótmælin sem sérstakt mál, eða sem hluta af deilumálinu sjálfu.

Article 32

1. The Commission shall be the judge of its own competence.

2. Any objection by a party to the dispute that that dispute is not within the jurisdiction of the Centre, or for other reasons is not within the competence of the Commission, shall be considered by the Commission which shall determine whether to deal with it as a preliminary question or to join it to the merits of the dispute.

33. gr.

Allar sáttaumleitanir skulu fram fara samkvæmt ákvæðum þessa hluta samningsins og samkvæmt þeim reglum um sáttaumleitanir, sem í gildi eru þann dag, sem málsaðilar samþykktu að vísa málinu til sáttar, nema þeir komi sér saman um að haga þessu á annan hátt. Nefndin skal sjálf úrskurða sérhver vafaatriði, sem upp kunna að koma varðandi málsmeðferð, þegar ákvæði þessa hluta samningsins taka ekki til, og heldur eigi reglur þær, sem aðilar kunna að hafa komið sér saman um að fara eftir.

Article 33

Any conciliation proceeding shall be conducted in accordance with the provisions of the Section and, except as the parties otherwise agree, in accordance with the Conciliation Rules in effect on the date on which the parties consented to conciliation. If any question of procedure arises which is not covered by this Section or the Conciliation Rules or any rules agreed by the parties, the Commission shall decide the question.

34. gr.

1. Nefndinni skal skylt að skýra atriði þau, sem um er deilt milli málsaðila, og leitast við að koma á samkomulagi milli þeirra á grundvelli skilmála, sem báðir geta sætt sig við. Í þessum tilgangi skal nefndinni öðru hverju, hvernig sem málflutningur stendur, vera heimilt að bera upp við málsaðila tillögur til samkomulags. Málsaðilar skulu hafa góða samvinnu við nefndina þannig, að henni sé kleift að inna af hendi störf sín, og skulu þeir íhuga tillögur hennar af ýtrustu gaumgæfni.

2. Nú koma málsaðilar sér saman um lausn deilunnar, og skal nefndin þá semja greinargerð, þar sem skýrt er frá málsatvikum og það jafnframt tekið fram, að aðilar hafi komið sér saman um lausn deilunnar. Ef nefndin telur á einhverju stigi málflutnings, að engar líkur séu fyrir því að unnt verði að koma á samkomulagi milli deiluaðila, þá skal hún láta málflutning niður falla og semja greinargerð, þar sem fram er tekið, að málinu hafi verið vísað til sáttameðferðar, en aðilar hafi ekki getað komið sér saman um lausn þess. Ef annar hvor deiluaðili lætur undir höfuð leggjast að mæta á fundi nefndarinnar eða taka þátt í málflutningi, þá skal nefndin láta málflutning niður falla og jafnframt semja greinargerð, þar sem fram er tekið, að málsaðili hafi látið undir höfuð leggjast að mæta á sáttafundi eða taka þátt í málflutningi.

Article 34

1. It shall be the duty of the Commission to clarify the issues in dispute between the parties and to endeavour to bring about agreement between them upon mutually acceptable terms. To that end, the Commission may at any stage of the proceedings and from time to time recommend terms of settlement to the parties. The parties shall cooperate in good faith with the Commission in order to enable the Commission to carry out its functions, and shall give their most serious consideration to its recommendations.

2. If the parties reach agreement, the Commission shall draw up a report noting the issues in dispute and recording that the parties have reached agreement. If, at any stage of the proceedings, it appears to the Commission that there is no likelihood of agreement between the parties, it shall close the proceedings and shall draw up a report noting the submission of the dispute and recording the failure of the parties to reach agreement. If one party fails to appear or participate in the proceedings, the Commission shall close the proceedings and shall draw up a report noting that party's failure to appear or participate.

35. gr.

Í seinni málsmeðferð, hvort heldur er fyrir gerðardómi, almennum dóm-

Article 35

Except as the parties to the dispute shall otherwise agree, neither party to

stólum eða með öðru móti, á hvorugur málsaðila rétt á að taka upp sem bindandi, eða byggja á, skilningi, yfirlýsingum, játningum eða samkomulagstilboðum, sem komið hafa fram af hálfu gagnaðila meðan á sáttaumleitunum stóð, nema að því leyti, sem málsaðilar hafa komið sér saman um. Sama máli gegnir um skýrslu þá eða tilmæli, sem sáttanefndin hefur látið frá sér fara.

a conciliation proceeding shall be entitled in any other proceeding, whether before arbitrators or in court of law or otherwise, to invoke or rely on any views expressed or statements or admissions or offers of settlement made by the other party in the conciliation proceedings, or the report or any recommendations made by the Commission.

4. kafli.
GERÐ

1. hluti.

Beiðni um gerð.

36. gr.

1. Sérhvert aðildarríki, eða þegn aðildarríkis, sem óskar þess, að máli verði vísað til gerðardóms, skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til aðalforstjórans, en hann skal aftur á móti senda afrit af slíkri beiðni til hins málsaðilans.

2. Í beiðni þessari skal tekið fram um málsatvik deilunnar, hverjir aðilar eru að henni og samþykki þeirra fyrir því, að deilan sé lögð í gerð samkvæmt reglum þeim, sem gilda um meðferð máls, er vísa á til sáttar eða leggja skal í gerð.

3. Aðalforstjórinn skal skrásetja beiðnina, nema því aðeins að hann komist að raun um, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem í beiðninni felast, að deilan sé augljóslega utan við lögsögu stofnunarinnar. Hann skal þegar í stað tilkynna deiluaðilum um skrásetningu, eða synjun um skrásetningu.

Chapter IV
ARBITRATION

Section 1

Request for Arbitration

Article 36

1. Any Contracting State or any national of a Contracting State wishing to institute arbitration proceedings shall address a request to that effect in writing to the Secretary-General who shall send a copy of the request to the other party.

2. The request shall contain information concerning the issues in dispute, the identity of the parties and their consent to arbitration in accordance with the rules of procedure for the institution of conciliation and arbitration proceedings.

3. The Secretary-General shall register the request unless he finds, on the basis of the information contained in the request, that the dispute is manifestly outside the jurisdiction of the Centre. He shall forthwith notify the parties of registration or refusal to register.

2. hluti.

Skipan gerðardóms.

37. gr.

1. Gerðardómurinn (hér á eftir nefndur dómurinn) skal skipaður svo fljótt sem auðið er, eftir að beiðni um gerð hefur verið skrásett samkvæmt ákvæðum 36. gr.

2.

a) Dómurinn skal skipaður einum gerðardómsmanni eða einhverri ójafnri

Section 2

Constitution of the Tribunal

Article 37

1. The Arbitral Tribunal (hereinafter called the Tribunal) shall be constituted as soon as possible after registration of a request pursuant to Article 36.

2.

a) The Tribunal shall consist of a sole arbitrator or any uneven number of

tölu gerðardómsmanna, eftir því sem málsaðilar koma sér saman um.

b) Nú koma málsaðilar sér ekki saman um fjölda gerðardómsmanna og með hverjum hætti þeir skuli skipaðir, og skal dómurinn þá skipaður þremur mönnum; skal hver málsaðili um sig skipa einn, en sá þriðji, sem jafnframt skal vera forseti dómsins, verði skipaður með samkomulagi málsaðila.

arbitrators appointed as the parties shall agree.

b) Where the parties do not agree upon the number of arbitrators and the method of their appointment, the Tribunal shall consist of three arbitrators, one arbitrator appointed by each party and the third, who shall be the president of the Tribunal, appointed by agreement of the parties.

38. gr.

Nú hefur eigi tekizt að skipa dóminn innan 90 daga frá því, að aðalforstjórinn hefur sent frá sér tilkynningu um skrásetningu á beiðni um dómtöku samkvæmt ákvæðum 36. gr. 3. tölulið, eða innan einhverra annarra tímatakmarka, sem málsaðilar koma sér saman um, og skal stjórnarformaður þá, samkvæmt ósk annars hvors málsaðila og eftir að hafa haft samráð við báða málsaðila, eftir því sem við verður komið, skipa gerðardómsmann þann eða gerðardómsmenn þá, sem enn kunna að vera óskipaðir. Gerðardómsmenn, sem skipaðir eru af stjórnarformanni samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu ekki vera þegnar þess aðildarríkis, sem aðild á að deilumálinu, eða sama þjóðernis og þegn sá, sem aðili er að deilumálinu.

Article 38

If the Tribunal shall not have been constituted within 90 days after notice of registration of the request has been dispatched by the Secretary-General in accordance with paragraph 3. of Article 36, or such other period as the parties may agree, the Chairman shall, at the request of either party and after consulting both parties as far as possible, appoint the arbitrator or arbitrators not yet appointed. Arbitrators appointed by the Chairman pursuant to this Article shall not be nationals of the Contracting State party to the dispute or of the Contracting State whose national is a party to the dispute.

39. gr.

Meirihluti dómaranna skulu vera þegnar ríkja, sem ekki eiga aðild að deilumálinu, og sömuleiðis skal meirihluti þeirra vera af öðru þjóðerni en þegn sá, sem aðili er að deilumálinu. Þetta ákvæði skal þó eigi gilda, ef eini dómarinn eða allir dómararnir hafa verið skipaðir með samþykki beggja deiluaðila.

Article 39

The majority of the arbitrators shall be nationals of States other than the Contracting State party to the dispute and the Contracting State whose national is a party to the dispute; provided, however, that the foregoing provisions of this Article shall not apply if the sole arbitrator or each individual member of the Tribunal has been appointed by agreement of the parties.

40. gr.

1. Ekki er nauðsynlegt, að gerðardómsmenn séu valdir úr hópi þeirra, sem eru á skrá stofnunarinnar, nema þegar dómsmenn eru skipaðir af stjórnarformanni samkvæmt ákvæðum 38. gr.

2. Nú eru gerðardómsmenn skipaðir án þess að vera úr hópi þeirra, sem eru á

Article 40

1. Arbitrators may be appointed from outside the Panel of Arbitrators, except in the case of appointments by the Chairman pursuant to Article 38.

2. Arbitrators appointed from outside the Panel of Arbitrators shall possess

skrá stofnunarinnar, og skulu þeir þá einnig hafa til að bera hæfni, sem tilgreind er í 14. gr. 1. tölulið.

3. hluti.

Vald og hlutverk gerðardóms.

41. gr.

1. Dómurinn skal sjálfur dæma um eigið valdsvið sitt.

2. Dómurinn skal taka til meðferðar sérhver mótmæli, sem fram kunna að koma af hálfu deiluaðila þess efnis, að deila sú, sem fjallað er um, falli ekki undir lögsögu stofnunarinnar, eða sé af öðrum ástæðum ekki innan valdsviðs gerðardómsins, og skal hann ákveða, hvort fjallað skuli um mótmælin sem sérstakt mál, eða sem hluta af deilumálinu sjálfu.

42. gr.

1. Dómurinn skal kveða upp úrskurð í deilu samkvæmt þeim lagaákvæðum, sem málsaðilar kunna að koma sér saman um. Ef slíkt samkomulag málsaðila er eigi fyrir hendi, þá skal dómurinn byggja úrskurð sinn á lagaákvæðum þeim, sem í gildi eru í aðildarríki því, sem hlut á að deilumálinu (þar með taldar reglur þess í lagaskilarétti), og þeim reglum alþjóðalaga, sem við eiga.

2. Eigi er dómnum heimilt að kveða upp *non liquet* úrskurð í deilumáli á grundvelli þess, að ákvæði séu eigi fyrir hendi í lögum, eða að ákvæði laga séu óljós.

3. Ákvæði 1. og 2. töluliðs skulu eigi draga úr valdi dómsins til þess að kveða upp *ex aequo et bono* úrskurð í máli, ef deiluaðilar eru því samþykkir.

43. gr.

Ef deiluaðilar hafa eigi komið sér saman um annað, þá skal dómnum heimilt, ef hann telur það nauðsynlegt, á hvaða stigi sem málsmeðferðin stendur, að:

a) óska eftir því við málsaðila, að þeir leggi fram skjöl eða önnur sönnunargögn, og

b) fara á vettvang þann, sem tengdur er deilunni, og framkvæma þar þær rannsóknir, sem honum þykir hæfa.

the qualities stated in paragraph 1 of Article 14.

Section 3

Powers and Functions of the Tribunal

Article 41

1. The Tribunal shall be the judge of its own competence.

2.	13.03 02 orðist svo:		
	02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	40%

3.	18.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Búðingsduft	100%
4.	25.23		orðist svo:	
	25.23	**00**	**Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall**	20%
5.	28.25		orðist svo:	
	28.25	**00**	**Títanoxyd**	25%
6.	38.19		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		18	Efnivörur til sútunar	35%
7.	39.07		orðist svo:	
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunar- og slysavarnartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar, 10 lítra og stærri	10%
		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
		67	Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%
		71	Girðingastaurar	20%
		72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	35%
		73	Skrautvörur	100%
		89	Aðrar vörur úr plasti	70%

8.	42.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Úrarmbönd	70%
9.	42.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Töskuhandföng	70%
10.	44.23	orðist svo:		
	44.23	**Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett, tilsniðin hús og samsett parketgólf):**		
		01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	40%
		02	Hús tilhöggvin	40%
		03	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	50%
11.	48.07	orðist svo:		
	48.07	**Pappír eða pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappi, sem telst til nr. 48.06, eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:**		
		10	*Prent- og skrifpappír*	30%
			Annað:	
		81	Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn	30%
		83	Þakpappi og annar asfaltborinn pappír	35%
		84	Pappír og pappi, áprentaður, ót. a.	60%
		85	Límborinn pappír	30%
		86	Veggfóður	35%
		87	Einangrunarplötur	40%
		88	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
		91	Umbúðapappír, áprentaður, utan um brauð	40%
		92	Pappi til myndamótagerðar	25%
		93	Efni í vélaþéttingar	35%
		99	Annars	60%
12.	48.18	00 orðist svo:		
	48.18	**Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa:**		
		01	Frímerkjaalbúm	50%
		09	Annað	100%
13.	48.19	orðist svo:		
		01	Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	50%
		02	Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir	4%
		09	Annað	70%
14.	48.21	01 orðist svo:		
		01	Pípur og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		07	Dömubindi og barnableiur	35%
15.	49.08	00 orðist svo:		
	49.08	00 **Færimyndir alls konar**		50%

16.	49.11	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Biblíumyndir og myndir til notkunar við kennslu í skólum	0
17.	59.11	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Einangrunarbönd	35%
18.	60.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Hringprjónuð grisja til umbúða um kjöt	2%
19.	61.04	Hér komi nýtt númer, þannig:		
		02	Bleiur	70%
20.	62.05	orðist svo:		
	62.05	**Aðrar tilbúnar spunavörur (þar með talin snið):**		
		01	Skóreimar	40%
		02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
		04	Úrarmbönd	70%
		05	Rúðuþéttingar	35%
		06	Plötur til veggklæðningar	40%
		07	Geymar með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		08	Ofnir hólkar til umbúða	50%
		09	Annars	100%
21.	70.14.02 og 03	orðist svo:		
		02	Glös fyrir olíulampa	35%
		03	Luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og duflaljósker	35%
22.	73.10	orðist svo:		
	73.10	**Stengur (einnig vírstengur) úr járni eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar; jarðborspípur úr stáli:**		
			Valsaður vír:	
		11	Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		19	Annað	35%
			Annað:	
		21	Steypustyrktarjárn	35%
		23	Jarðborspípur úr stáli	35%
		29	Annars	15%
23.	73.21	orðist svo:		
	73.21	**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, stíflur, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr járni eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki, úr járni eða stáli:**		
		01	Bryggjur og brýr, hálf- eða fullgerðar, samsettar; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í bryggjur eða brýr	35%
		02	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	40%
24.	73.23	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Áletraðar dósir utan um útflutningsvörur	4%

25.	76.08		orðist svo:	
	76.08	00	**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, prófílar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr alúmíni**	40%
26.	76.16		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		08	Bólur til gatnamerkingar	35%
27.	79.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		05	Forskaut	15%
28.	83.01	00	orðist svo:	
	83.01	00	**Lásar og skrár (til notkunar með lykli, rafmagni eða öðru) og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; rammar með lás fyrir handtöskur, ferðakistur og annað þess háttar og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; lyklar til allra ofangreindra vara, fullgerðir eða ófullgerðir, úr ódýrum málmum**	40%
29.	83.02	00	orðist svo:	
	83.02	00	**Smávarningur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, svo sem húsgögn, hurðir, stiga, glugga, vinduglugga, tjöld; enn fremur til vagngerðar, söðlasmíði, ferðakista, skrína og annars þess háttar (þar með taldar sjálfvirkar dyralokur); snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar úr ódýrum málmum**	40%
30.	83.13		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
31.	84.18		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		25	Lofthreinsunartæki til heimilisnotkunar	80%
32.	84.30	05	orðist svo:	
		05	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski ..	10%
33.	84.61	02	falli niður.	
34.	85.04	00	orðist svo:	
	85.04		**Rafgeymar:**	
		01	Efni í rafgeyma	20%
		09	Annað	40%
35.	87.02		Eftirtalin númer orðist svo:	
		37	Bifreiðar í jeppaflokki, með ekki meira bil en 100″ milli miðdepla ása	40%
		38	Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins hverju sinni	40%
36.	94.03	00	orðist svo:	
	94.03		**Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:**	
		01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	90%

2. gr.

Á eftir 42. lið laganna, eins og sá liður er í 1. gr. laga nr. 102 22. des. 1965, komi fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

43 Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.

44 Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.

45 Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, sem svari því, að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.

46 Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 23., 33., 49., 60., 89. og 95. liður laga nr. 15 21. maí 1964 og nr. 84.30.05 í 15. lið laga nr. 11 24. apríl 1965.

Nd. 442. Frumvarp til laga [180. mál]

um sölu varphólma og sellátra fyrir Ljótunnarstaðalandi í Bæjarhreppi í Strandasýslu til eigenda Ljótunnarstaða.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja varphólma og sellátur, sem liggja fyrir Ljótunnarstaðalandi í Bæjarhreppi í Strandasýslu, til eigenda Ljótunnarstaða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.


Greinargerð.

Jörðin Ljótunnarstaðir í Bæjarhreppi í Strandasýslu var prestssetur, en snemma á 18. öld mun prestssetrið hafa verið flutt að Prestbakka. Síðan voru Ljótunnarstaðir kirkjujörð, sem prestarnir að Prestbakka sáu um útleigu á.

Fyrir Ljótunnarstaðalandi eru varphólmar og sellátur, sem heita Ljótunnarstaðahólmar, sbr. herforingjaráðskortin. Hólmar þessir og sellátur hafa frá fornu fari fylgt Ljótunnarstöðum, svo sem nafnið bendir til, enda liggja þeir undan Ljótunnarstaðalandi. Landfræðileg afstaða þeirra sést greinilega á loftmynd sem fylgir.

Skúli Guðjónsson á Ljótunnarstöðum lýsir legu þeirra þannig:

„Um afstöðuna til hólmanna, þá hina landfræðilegu, vil ég segja þetta: Landamerki milli Prestbakka og Ljótunnarstaða eru við Bakkaá, en hún fellur fast við Prestbakkabæinn. Um hálfum öðrum kílómetra sunnar eru Ljótunnarstaðir. Standa bæirnir báðir nálægt sjó, og liggja tún beggja fram á sjávarbakka. Austur af Ljótunnarstöðum, en aðeins norðar þó, liggja umræddir hólmar. Sá, sem næstur er, nefnist Landhólmi. Er hann um 200 metra frá landi um flóð, en er tengdur við land með sandrifi, sem þornar um stórstraumsfjöru þannig, að ganga má þurrum fótum fram í hólmann. Um 40 metra austur af Landhólma er annar hólmi, minni. Nefnist sá Miðhólmi. Er sá einnig tengdur Landhólma með rifi, sem þornar um stórstraumsfjöru. Um 100 metra austur af Miðhólma er sker eða lítill hólmi, er



nefnist Austasta sker. Um 200 metra norður af Landhólma er sker, er fer að mestu í kaf um flóð. Nefnist það Litlasker. Við það eru sellátrin aðallega og einnig í sundinu milli hólmanna."

Í leigumála um Ljótunnarstaði, sem gerður var um miðja 19. öld, voru hólmarnir og sellátrin undan skilin og presturinn á Prestbakka tók þá til sinna nota. 1910 voru Ljótunnarstaðir seldir, samkvæmt fyrirmælum laga nr. 50 frá 16. nóv. 1907, um kirkjujarðir, til þáverandi leiguliða, Guðjóns Guðmundssonar. Hólmarnir og sellátrin fylgdu ekki í kaupunum.

Núverandi eigendur Ljótunnarstaða, Skúli Guðjónsson, sonur áður nefnds Guðjóns Guðmundssonar, og Björgvin, sonur Skúla, óska, að greind hlunnindi falli aftur til Ljótunnarstaða. En það hefur ekki fengizt í gegn með samningum.

Með tilliti til þeirrar stefnu, sem fram kemur í lögum nr. 113 frá 21. des. 1952, um lausn ítaka af jörðum, virðist eðlilegt að verða við þessari ósk eigenda Ljótunnarstaða.

Ed. 443. Frumvarp til laga [181. mál]

um almennan frídag 1. maí.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Almennur frídagur skal vera 1. maí ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í tilefni af 50 ára afmæli Alþýðusambands Íslands ákvað ríkisstjórnin að beita sér fyrir setningu laga um að gera 1. maí að almennum frídegi og er frumvarp þetta flutt samkvæmt þeirri ákvörðun.

Nd. 444. Frumvarp til laga [106. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 1. apríl)

1. gr.

17. gr. laganna orðist þannig:

Sá, sem öðlast bótarétt samkvæmt 15. gr., sbr. 16. gr., á þegar rétt til bóta fyrir þá virka daga umfram 6, sem hann hefur verið atvinnulaus á síðustu 12 dögum virkum. Sé um algert og samfellt atvinnuleysi að ræða í 9 daga virka, getur úthlutunarnefnd ákveðið, að hefjast skuli greiðsla bóta frá og með 7. atvinnuleysisdegi. Hafi hinn tryggði vinnu, eftir að hann hefur öðlazt rétt til bóta, skal við ákvörðun þess dagafjölda, sem greiða skal bætur fyrir, draga frá einn atvinnuleysisdag fyrir hverja þrjá daga, sem hann hefur vinnu.

Hafi hinn tryggði samfellt vinnu í 12 daga, eða 18 daga af síðustu 24 dögum, fellur réttur hans til bóta niður, og þarf hann þá að fullnægja skilyrðum skv. 15. gr., sbr. 16. gr., til þess að öðlast bótarétt að nýju.

Heimilt skal að fella niður eða stytta biðtíma þeirra, sem notið hafa sjúkra- eða slysadagpeninga og verða atvinnulausir, þegar þær greiðslur falla niður.

Atvinnuleysisbætur greiðast ekki fyrir helgidaga og ekki fyrir skemmri tíma en þrjá daga, og engum skal greiða slíkar bætur lengur en 120 daga virka ár hvert.

2. gr.

18. gr. laganna orðist þannig:

Upphæð atvinnuleysistryggingabóta skal vera hin sama og upphæð slysabóta samkvæmt 3. og 4. mgr. 35. gr. laga nr. 40/1963. Grunnupphæð að viðbættri verðlagsuppbót skal jafnan standa á heilum eða hálfum tug króna.

Eigi má gera fjárnám eða lögtak í bótafé samkv. lögum þessum né halda því til greiðslu opinberra gjalda.

3. gr.

Á eftir 22. gr. komi ný gr., svo hljóðandi, sem verði 23. gr., en greinatala laganna breytist samkvæmt því:

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita lán, sem verði vaxtalaus eða með lágum vöxtum um lengri eða skemmri tíma, til eflingar atvinnulífi á þeim stöðum, sem við eiga að stríða verulegt atvinnuleysi. Jafnframt er heimilt að ákveða, að lán þessi verði afborganalaus tiltekin árabil. Heimilt er að veita lán þessi gegn ábyrgð hlutaðeigandi sveitarfélags, þó að önnur trygging komi ekki til.

Lán samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar mega ekki samtals nema hærri fjárhæð en fjórðungi árlegra vaxtatekna sjóðsins.

Sjóðstjórn er heimilt að láta framkvæma athugun og rannsókn á staðháttum á þeim stöðum, sem lán eru veitt til samkvæmt þessari grein. Skal og jafnan leitað tillagna um úrbætur hjá þeim, sem falin hefur verið rannsókn og athugun vegna þessara lánveitinga, en slíkar tillögur skulu við það miðaðar að koma atvinnulífi hlutaðeigandi staða á traustan fót.

Sjóðstjórn skal leita umsagnar stjórnar atvinnubótasjóðs, áður en hún veitir lán samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að veita atvinnubótasjóði lán samkvæmt grein þessari án sérstakra trygginga.

Sjóðstjórninni er heimilt að ákveða lægri vexti en venjulega útlánsvexti af lánum til samtaka verkafólks og atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi sína, þar með talin lán til orlofsheimila verkafólks.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 445. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — BJ og JÁ voru ekki viðstaddir, þegar málið var afgreitt úr nefndinni.

Alþingi, 2. apríl 1966.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson.

Ed. 446. Frumvarp til laga [136. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Eftir 3. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Á árinu 1966 greiðir ríkissjóður fiskseljendum 25 aura verðuppbót á hvert kíló línu- og handfærafisks. Þessi upphæð kemur til skipta milli sjómanna og útgerðarmanna samkvæmt samningum um hlutaskipti.

Heimilt er að greiða viðbótaruppbót á línu- og handfærafisk, veiddan á tímabilinu frá 1. júlí 1965 til 31. desember 1965, umfram þá 25 aura á hvert kíló, sem ákveðið var með lögum nr. 34 8. maí 1965, að ríkissjóður skyldi greiða.

Heildaruppbætur á línu- og handfærafisk á árinu 1965 skulu þó ekki fara fram úr 22 milljónum króna.

2. gr.

Ríkissjóður leggur fram 50 millj. kr. á árinu 1966, er verja skal til framleiðniaukningar frystihúsa og annarra endurbóta í framleiðslu frystra fiskafurða. Stofnlánadeild sjávarútvegsins úthlutar fé þessu til tiltekinna framkvæmda í samráði við Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

3. gr.

Á árinu 1966 heimilast að greiða úr ríkissjóði til skreiðarframleiðenda 10 millj. kr. til verðuppbóta á útflutta skreiðarframleiðslu, eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur.

4. gr.

Stjórn Aflatryggingasjóðs er heimilt að ákveða, að bætur til togara úr sjóðnum vegna aflabrests 1965 skuli miðast við úthaldstíma þeirra á því ári, svo og að setja um þetta nánari reglur, með samþykki sjávarútvegsmálaráðherra.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 34 8. maí 1965, um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

Nd. 447. Breytingartillaga [20. mál]

við frv. til laga um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá Þórarni Þórarinssyni og Sigurvin Einarssyni.

Aftan við frv. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu meginhluta innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skulu lög þessi ekki ná til lífeyrissjóða einstakra stétta, nema að fengnu samþykki viðkomandi stéttarfélaga.

Meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu meginhluta innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skulu lög þessi ekki ná til fjárfestingarsjóða, sem njóta framlaga frá atvinnuvegunum, nema að fengnu samþykki viðkomandi stéttarsamtaka, Stéttarsambands bænda varðandi stofnlánadeild landbúnaðarins, Landssambands íslenzkra útvegsmanna varðandi fiskveiðasjóð, stofnlánadeild sjávarútvegsins og fiskimálasjóð og Félags íslenzkra iðnrekenda og Landssambands iðnaðarmanna varðandi iðnlánasjóð.

Meðan ekki hefur verið komið á verðtryggingu meginhluta innlánsfjár í bönkum og öðrum lánastofnunum, skulu falla niður vísitöluhækkanir á lánum Húsnæðismálastofnunar ríkisins samkv. lögum nr. 19 10. maí 1965.

Ed. 448. Breytingartillaga [148. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

Frá Helga Bergs og Bjarna Guðbjörnssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkvæmt 1. tölulið.

Ed. 449. Frumvarp til laga [182. mál]

um smíði síldarleitarskips og um síldargjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að gera samninga um smíði á síldarleitarskipi allt að 500 brúttó-rúmlestum að stærð. Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að taka lán til greiðslu andvirðis skipsins.

2. gr.

Greiða skal gjald af síld og síldarafurðum, sem flutt er til útlanda, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Nefnist gjald þetta síldargjald.

Til síldar og síldarafurða telst meðal annars síldarmjöl, síldarlýsi, saltsíld, fryst síld og síldarsoðkjarni. Niðursoðnar eða niðurlagðar síldarafurðir eru þó undanþegnar ákvæðum þessara laga.

Til síldar og síldarafurða samkvæmt lögum þessum telst afli, sem skip skrásett hér á landi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi, svo og afli erlendra skipa, sem verkaður er hér á landi.

3. gr.

Síldargjald samkvæmt lögum þessum skal nema 0.3% af fob-verði útflutts síldarmjöls og síldarlýsis, en 0.2% af fob-verði annarrar útfluttrar síldar og síldarafurða.

Ríkissjóður annast innheimtu gjalds þessa, og renna tekjur af því til greiðslu síldarleitarskips samkvæmt nánari ákvörðun sjávarútvegsmálaráðuneytisins.

4. gr.

Um innheimtu, afgreiðslu og aðra framkvæmd við álagningu gjaldsins svo og viðurlög við brotum á lögum þessum og mál út af þeim gilda ákvæði 4.—10. gr. laga nr. 4 28. febrúar 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

5. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, þá hófst skipulögð síldarleit á sjó hér við land sumarið 1954. Þrettán ára reynsla er því komin á starfsemi þessa og má fullyrða, að sjaldan hafi ráðstafanir hins opinbera í þágu atvinnuvegar orðið til meira gagns en rekstur síldarleitar hefur orðið íslenzkum síldarútvegi. Þá hefur þróun síldveiðanna orðið á þann veg, að síldarleitar er nú þörf árið um kring á miklu stærri svæðum en áður þekktist. Samþykktir Alþingis t. d. á síðastliðnu þingi um stóraukna síldarleit bera því einnig glöggt vitni, að þingmönnum er fyllilega ljóst mikilvægi öflugrar og vel skipulagðrar síldarleitar, enda hafa samtök sjómanna og útvegsmanna margoft á undanförnum árum gert samþykkt í þessa átt. Núverandi forustuskip í síldarleitinni, v/s Ægir, er nú orðinn 37 ára gamall og getur ekki lengur sinnt því hlutverki, sem honum er ætlað við síldarleit eins vel og skyldi. Má jafnvel búast við að v/s Ægir geti ekki vegna aldurs verið við síldarleit úr þessu nema í skamman tíma.

Það var með þessar staðreyndir í huga að Jakob Jakobsson, fiskifræðingur, reit sjávarútvegsmálaráðuneytinu bréf hinn 8. september s. l. og fór fram á það við ráðuneytið, að það heimilaði smíði nýs leitarskips þegar á árinu 1966. Í framhaldi af því áttu sér stað bréfaskipti og viðræður milli sjávarútvegsmálaráðuneytisins og Jakobs Jakobssonar, fiskifræðings, um smíði síldarleitarskips. Fól ráðuneytið Jakobi Jakobssyni að gera athugun um og leita tilboða um smíði á slíku skipi. Óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum um kostnað, þ. e. sundurliðað verðtilboð svo og afgreiðslufrest og að kannaðir verði möguleikar á að fá tillögur að fyrirkomulagsteikningum af slíku skipi.

Þá er að geta þess, að á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem haldinn var í Reykjavík dagana 25.—27. nóvember s. l., var samþykkt tillaga um smíði síldarleitarskips. Tillagan hljóðaði svo:

„Fundurinn bendir á, að starfsaðstaða Jakobs Jakobssonar, fiskifræðings, við stjórn síldarleitarinnar er á engan hátt viðunandi vegna vöntunar á hentugu skipi. Þar sem ekki liggur fyrir að hið opinbera hafi tryggt fé til kaupa á hentugu síldarleitarskipi, þá samþykkir fundurinn að fela stjórn samtakanna að vinna að því, að fjár verði aflað til kaupa á nýju skipi, sem afhent verði hinu opinbera til rekstrar. Skipið verði byggt eftir fyrirsögn Jakobs Jakobssonar. Fjárins verði aflað með því að tekið verði ¼% gjald af aflaverðmæti síldveiðiflotans, og kaupendur síldarinnar greiða jafnhátt framlag og útvegsmenn og sjómenn.

Fundurinn felur stjórn Landssambands íslenzkra útvegsmanna að vinna að því að fá samstöðu hjá samtökum sjómanna og síldarkaupenda um þetta mál, og að því fengnu óski hún eftir því við ríkisstjórn og Alþingi, að lög verði sett um innheimtu á andvirði skipsins, en það gjald standi þó eigi lengur en þar til kaupverð skipsins er að fullu greitt.

Miðað við að síldarleitarskipið kosti kr. 30 millj., og aflabrögð verði ekki lakari en tvö síðastliðin sumur, myndi skipið verða greitt að fullu á 7—8 árum.

Með þessari samþykkt vill aðalfundur Landssambands íslenzkra útvegsmanna sýna í verki viðurkenningu á frábæru starfi Jakobs Jakobssonar við síldarleitina."

Með því að tillaga þessi, er samþykkt var á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna, gerir ráð fyrir, að bæði sjómenn og síldarkaupendur taki þátt í greiðslu síldarleitarskipsins, þá sendi stjórn Landssambandsins tillöguna til umsagnar hjá hinum ýmsu hagsmunasamtökum þeirra. Svar barst frá sex samtökum og mæltu fimm með efni tillögunnar en ein á móti.

Eftir að bréfaskriftir höfðu farið fram milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna og sjávarútvegsmálaráðuneytisins um mál þetta, skipaði sjávarútvegsmálaráðherra hinn 25. marz s. l. fimm menn í nefnd er hafa skyldi það hlutverk að taka ákvarðanir um smíði og kaup á síldarleitarskipi og að semja uppkast að frumvarpi til laga um innheimtu ¼% gjalds af aflaverðmæti síldveiðiflotans ásamt jafnháu gjaldi frá kaupendum síldarinnar. Í nefndinni eiga sæti m. a. þrír menn til-

nefndir af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, þar af einn tilnefndur af samtökum sjómanna og annar af síldarkaupendum. Í nefndinni á einnig sæti Jakob Jakobsson, fiskifræðingur, sem kjörinn hefur verið formaður nefndarinnar.

Eins og áður segir þá fól sjávarútvegsmálaráðuneytið Jakobi Jakobssyni í nóvember s. l. að rannsaka möguleika á smíði síldarleitarskips og fá verðtilboð og fyrirkomulagsteikningar af því. Jakob Jakobsson hefur síðan unnið að þessu máli og aflað upplýsinga. Nefnd sú, er sjávarútvegsmálaráðherra skipaði 25. marz s. l. og áður greinir frá, hefur nú tekið við öllum þeim upplýsingum, sem Jakob Jakobsson hafði aflað og heldur áfram starfinu. Nefndin hefur og samið lagafrumvarp það, sem hér er lagt fram.

Þess skal getið, að tilboð í fullkomið síldarleitarskip barst Jakobi Jakobssyni í haust. Tilboðsgjafi er Brook Marine Limited, skipasmíðastöð Lofestoft, Englandi. Miklar viðræður hafa farið fram milli fulltrúa skipasmíðastöðvarinnar og Jakobs Jakobssonar um tilboð stöðvarinnar. Nefndarmenn hafa einnig rætt við fulltrúana. Skipasmíðastöð þessi hefur þegar byggt sams konar skip fyrir Englendinga og gætu Íslendingar því hagnýtt sér reynslu þá er stöðin hefur aflað sér í smíði slíks skips. Skip það er stöðin smíðaði hafði verið boðið út í Englandi og hafði stöð þessi gert lægsta tilboð. Fara nú fram bréfaskriftir og viðræður milli nefndarinnar og skipasmíðastöðvar þessarar um smíði síldarleitarskips.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að ríkisstjórnin geri samninga um smíði á síldarleitarskipinu, enda verður það eign ríkissjóðs. Þar með ábyrgist ríkissjóður allar greiðslur og skuldbindingar vegna skipsins en fær á móti, til að standa straum af þeim greiðslum og skuldbindingum, síldargjald það, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, þangað til stofnkostnaður skipsins ásamt tækjum og að meðtöldum vöxtum er að fullu greiddur. Ríkissjóður sér um innheimtu gjaldsins. Gjaldið verður ekki innheimt lengur en þarf til að standa straum af stofnkostnaðinum sem af 1. gr. frumvarpsins leiðir.

Gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu að síldargjald af síld og síldarafurðum nemi 0.3% af fob-verði útflutts síldarmjöls og síldarlýsis, en 0.2% af fob-verði annarrar síldar og síldarafurða. Í tillögu þeirri, er samþykkt var á aðalfundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna og áður er getið, er gert ráð fyrir því, að fjárins verði aflað með því að tekið verði ¼% gjald af aflaverðmæti síldveiðiflotans ásamt jafnháu gjaldi frá kaupendum síldarinnar. Samtals er því gjald þetta 0.5% af aflaverðmæti síldar upp úr sjó. Miðað við verðlag á síðasta ári yrði gjaldið ca. kr. 1.18 á mál, sem skiptist að hálfu milli síldarseljenda (sjómanna og útvegsmanna) og síldarkaupenda (síldarverkunarstöðva og verksmiðja). Sé 0.5% aflaverðmæti síldarinnar áður en hún er verkuð umreiknað í verðmæti hinnar útfluttu vöru, þá nemur það ca. 0.3% af fob-verði síldarmjöls og síldarlýsis en 0.2% af fob-verði annarrar síldar og síldarafurða.

Búast má við því, að skip eins og hér um ræðir muni kosta um 40 millj. króna með öllum nauðsynlegum tækjum. Miðað við verðmæti síldar og síldarafurða á síðastliðnu ári myndi gjald þetta gefa af sér um sex milljónir króna á ári. Þótt ekki hafi enn verið ákveðið, að hvaða verðtilboði skuli gengið eða hvar síldarleitarskipið skuli smíðað, þá ber nauðsyn til að leggja frumvarp þetta fram hér nú, til þess að innheimta gjaldsins geti hafizt sem fyrst.

Einstakar greinar frumvarpsins skýra sig að öðru leyti sjálfar.

Sþ. 450. Fyrirspurn [184. mál]

til menntamálaráðherra um ráðstafanir til að bæta hlustunarskilyrði útvarps.

Frá Matthíasi Bjarnasyni og Gunnari Gíslasyni.

1. Hefur endanleg ákvörðun verið tekin um, með hvaða hætti ríkisútvarpið ætlar að bæta hlustunarskilyrði á þeim stöðum á landinu, sem búa við sífelldar útvarpstruflanir?
2. Ef svo er, hvenær hefjast þessar framkvæmdir og hvenær er áætlað að þeim verði lokið?

Nd. 451. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Framkvæmdabanki Íslands var stofnaður með lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953. Var bankanum m. a. ætlað að veita stofnlánadeildum annarra peningastofnana lán til langs tíma og lána beint til fyrirtækja, sem gagnleg eru þjóðarbúskapnum, með því að kaupa af þeim skuldabréf. Þá voru og bankanum falin fleiri verkefni, sbr. 7. gr. laganna, sem nú eru einnig á vegum annarra stofnana.

Með I. kafla þessa frumvarps er lagt til, að Framkvæmdabankinn verði lagður niður og við eignum hans og skuldbindingum, eins og þær eru 1. jan. 1967, taki ný stofnun, Framkvæmdasjóður Íslands. Verði sjóðurinn í vörzlu Seðlabankans, en stjórn hans skipuð 7 mönnum, kosnum af Alþingi til fjögurra ára í senn. Þá er ráð fyrir því gert, að fjármagni sjóðsins verði ráðstafað til fjárfestingarlánasjóða, sem veita lán til einstakra framkvæmda, einnig að Framkvæmdasjóðurinn veiti lán til meiri háttar opinberra framkvæmda. Eins og fram er tekið í greinargerð frv. er með þessari tilhögun horfið að því skipulagi, sem upphaflega mun hafa verið ætlunin að yrði á Framkvæmdabanka Íslands. Það verður fyrst og fremst verkefni Framkvæmdasjóðs Íslands að sjá fjárfestingarlánasjóðunum, svo sem Fiskveiðasjóði, Stofnlánadeild landbúnaðarins, Iðnlánasjóði og fleirum, fyrir fjármagni til endurlána. Til ráðstöfunar kemur sjóðurinn til með að hafa eignir þær, sem hann yfirtekur frá Framkvæmdabankanum (afborganir og vexti af þeim lánum, sem bankinn hefur veitt), og honum er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis. Seðlabankinn undirbýr fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs árlegar áætlanir um lánveitingar hans og fjáröflun til hans í samráði við fjármálaráðuneytið og Efnahagsstofnunina. Um áætlanirnar skal haft samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarstofnana. Með þessu fyrirkomulagi er lagður grundvöllur að samstarfi nefndra aðila.

II. kafli frv. fjallar um það, að komið verði upp stofnun, sem m. a. annist undirbúning áætlanagerða fyrir ríkisstjórnina, samningu þjóðhagsreikninga og hagfræðilegar athuganir. Efnahagsstofnunin heyri undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar, en stjórn stofnunarinnar að öðru leyti annast ríkissjóður, Seðlabankinn og Framkvæmdasjóður. Efnahagsstofnunin var sett á fót á árinu 1962 með sérstökum samningi á milli ríkisstjórnarinnar, Framkvæmdabankans og Seðlabankans. Með frv. þessu eru henni ætluð sömu verkefni og áður, en lagt til að lögfesta skipulag hennar.

Þá er í III. kafla frv. lagt til, að ríkisstjórnin og heildarsamtök launþega og atvinnurekenda tilnefni fulltrúa í ráð, svonefnt Hagráð, þar sem fjallað verði um meginstefnuna í efnahagsmálunum hverju sinni. Ríkisstjórnin tilnefnir tvo ráðherra

í ráðið, hver stjórnmálaflokkanna, sem fulltrúa eiga á Alþingi, einn og heildarsamtök launþega og atvinnurekenda tilnefna fulltrúa fyrir sig. Tilnefni allir þessir aðilar fulltrúa, verður Hagráð skipað 22 mönnum. Hagráð verður vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttasamtaka fá tækifæri til þess að skiptast á skoðunum um framvindu efnahagsmálanna.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv., og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við 2. gr. frv. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú telur Framkvæmdasjóður nauðsyn bera til að veita lánsfé til þarfa, sem ekki falla undir starfssvið neins fjárfestingarlánasjóðs, og skal honum þá heimilt að lána það annarri lánsstofnun, er annist endurlán.

Með þessum viðauka er komið í veg fyrir, að atvinnugreinar, sem fengið hafa fyrirgreiðslu í Framkvæmdabankanum, verði afskiptar eftir þá skipulagsbreytingu, sem frv. gerir ráð fyrir. Er þá átt við þann atvinnurekstur, sem hefur ekki beinan aðgang að lánum úr starfandi fjárfestingarlánasjóðum.

Minni hl. nefndarinnar mun skila séráliti.

Alþingi, 4. apríl 1966.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
	Ragnar Jónsson.	

Nd. 452. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mælir meiri hl. með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. apríl 1966.

Matthías Á. Mathiesen, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Jónas G. Rafnar.
	Ragnar Jónsson.	

Ed. 453. Breytingartillaga [160. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 1. gr. 35. lið. Nr. 87.02.37 hljóði svo:

Bifreiðar í jeppaflokki með ekki meira bil en 101″ milli miðdepla ása .. 40%

Nd. **454. Frumvarp til laga** [160. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 4. apríl.)

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1.	12.03	09	orðist svo:	
		09	Annað	0
2.	13.03	02	orðist svo:	
		02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
3.	18.06		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		03	Búðingsduft	100%
4.	25.23	00	orðist svo:	
	25.23	**00**	**Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall**	20%
5.	28.25	00	orðist svo:	
	28.25	**00**	**Títanoxyd**	25%
6.	38.19		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:	
		18	Efnivörur til sútunar	35%
7.	**39.07**		orðist svo:	
	39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01—39.06:**	
		31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
		32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
		33	Lóðabelgir	4%
		34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
		35	Björgunar- og slysavarnartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		36	Mjólkurbrúsar, 10 lítra og stærri	10%
		37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
		38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
		39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
		41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
		45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
		46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	50%
		48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar ót. a.	60%
		51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
		52	Verkfæri, ót. a.	35%
		53	Pokar, ót. a.	50%
		54	Hreinlætistæki	80%
		55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	90%
		56	Fatnaður	90%
		58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
		61	Tunnur	35%
		62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%

		63	Veggplötur, formsteyptar	40%
		64	Úraglös	50%
		65	Rúður	50%
		66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
		67	Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%
		71	Girðingastaurar	20%
		72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	35%
		73	Skrautvörur	100%
		89	Aðrar vörur úr plasti	70%
8.	42.03	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Úrarmbönd	70%
9.	42.05	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Töskuhandföng	70%
10.	44.23	orðist svo:		
	44.23	**Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett, tilsniðin hús og samsett parketgólf):**		
		01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	40%
		02	Hús tilhöggvin	40%
		03	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	50%
11.	48.07	orðist svo:		
	48.07	**Pappír eða pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappi, sem telst til nr. 48.06, eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:**		
		10	*Prent- og skrifpappír*	30%
			Annað:	
		81	Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn	30%
		83	Þakpappi og annar asfaltborinn pappír	35%
		84	Pappír og pappi, áprentaður, ót. a.	60%
		85	Límborinn pappír	30%
		86	Veggfóður	35%
		87	Einangrunarplötur	40%
		88	Vaxborinn pergamentpappír utan um fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
		91	Umbúðapappír, áprentaður, utan um brauð	40%
		92	Pappi til myndamótagerðar	25%
		93	Efni í vélaþéttingar	35%
		99	Annars	60%
12.	48.18	00 orðist svo:		
	48.18	**Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa:**		
		01	Frímerkjaalbúm	50%
		09	Annað	100%

13.	48.19	orðist svo:		
		01	Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	50%
		02	Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir	4%
		09	Annað	70%
14.	48 21	01 orðist svo:		
		01	Pípur og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
		Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		07	Dömubindi og barnableiur	35%
15.	49.08	00 orðist svo:		
	49.08	00	**Færimyndir alls konar**	50%
16.	49.11	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		02	Biblíumyndir og myndir til notkunar við kennslu í skólum	0
17.	59.11	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Einangrunarbönd	35%
18.	60.01	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Hringprjónuð grisja til umbúða um kjöt	2%
19.	61.04	Hér komi nýtt númer, þannig:		
		02	Bleiur	70%
20.	62.05	orðist svo:		
	62.05		**Aðrar tilbúnar spunavörur (þar með talin snið):**	
		01	Skóreimar	40%
		02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
		03	Öryggisbelti	35%
		04	Úrarmbönd	70%
		05	Rúðuþéttingar	35%
		06	Plötur til veggklæðningar	40%
		07	Geymar með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
		08	Ofnir hólkar til umbúða	50%
		09	Annars	100%
21.	70.14.02 og 03	orðist svo:		
		02	Glös fyrir olíulampa	35%
		03	Luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og duflaljósker	35%
22.	73.10	orðist svo:		
	73.10		**Stengur (einnig vírstengur) úr járni eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar; jarðborspípur úr stáli:**	
			Valsaður vír:	
		11	Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
		19	Annað	35%
			Annað:	
		21	Steypustyrktarjárn	35%
		23	Jarðborspípur úr stáli	35%
		29	Annars	15%
23.	73.21	orðist svo:		
	73.21		**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, stíflur, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr járni eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki, úr járni eða stáli:**	

		01	Bryggjur og brýr, hálf- eða fullgerðar, samsettar; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í bryggjur eða brýr	35%
		02	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
		09	Annað	40%
24.	73.23	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		04	Áletraðar dósir utan um útflutningsvörur	4%
25.	76.08	orðist svo:		
	76.08	00	**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, prófílar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr alúmíni**	40%
26.	76.16	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		08	Bólur til gatnamerkingar	35%
27.	79.06	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		05	Forskaut	15%
28.	83.01	00 orðist svo:		
	83.01	00	**Lásar og skrár (til notkunar með lykli, rafmagni eða öðru) og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; rammar með lás fyrir handtöskur, ferðakistur og annað þess háttar og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; lyklar til allra ofangreindra vara, fullgerðir eða ófullgerðir, úr ódýrum málmum**	40%
29.	83.02	00 orðist svo:		
	83.02	00	**Smávarningur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, svo sem húsgögn, hurðir, stiga, glugga, vinduglugga, tjöld; enn fremur til vagngerðar, söðlasmíði, ferðakista, skrína og annars þess háttar (þar með taldar sjálfvirkar dyralokur); snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar úr ódýrum málmum**	40%
30.	83.13	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		03	Áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
31.	84.18	Hér komi inn nýtt númer, svo hljóðandi:		
		25	Lofthreinsunartæki til heimilisnotkunar	80%
32.	84.30	05 orðist svo:		
		05	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski ..	10%
33.	84.61	02 falli niður.		
34.	85.04	00 orðist svo:		
	85.04		**Rafgeymar:**	
		01	Efni í rafgeyma	20%
		09	Annað	40%
35.	87.02	Eftirtalin númer orðist svo:		
		37	Bifreiðar í jeppaflokki, með ekki meira bil en 101″ milli miðdepla ása	40%
		38	Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins hverju sinni	40%

36. 94.03 00 orðist svo:

94.03	**Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:**	
01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
09	Annað	90%

2. gr.

Á eftir 42. lið laganna, eins og sá liður er í 1. gr. laga nr. 102 22. des. 1965, komi fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

43	Að endurgreiða aðflutningsgjöld af kvikmyndasýningarvélum fyrir samkomuhús í sveitarfélögum með innan við 600 íbúa, þó ekki nema af einni vélasamstæðu á hverjum stað.
44	Að lækka eða fella niður gjöld af sölumerkjum, sem góðgerðarfyrirtæki flytja inn til sölu í fjáröflunarskyni.
45	Að endurgreiða gjöld af efni til uppsetningar á vatnsúðunarkerfum í kartöflugörðum, sem svari því, að af efninu sé greiddur 10% verðtollur.
46	Að fella niður gjöld af fréttamyndum, sem sjónvarpið er áskrifandi að, svo og af áteknum og óáteknum myndsegulböndum fyrir sjónvarp.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi 23., 33., 49., 60., 89. og 95. liður laga nr. 15 21. maí 1964 og nr. 84.30.05 í 15. lið laga nr. 11 24. apríl 1956.

Ed. 455. Lög [37. mál]

um skrásetningu réttinda í loftförum.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 38.

Ed. 456. Lög [38. mál]

um viðauka við lög nr. 57 25. maí 1949, um nauðungaruppboð.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 39.

Nd. 457. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um vélstjóranám.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en þegar málið var til meðferðar í Ed., þá var leitað umsagnar um það frá Alþýðusambandi Íslands, Fiskifélagi Íslands, iðnfræðsluráði, Mótorvélstjórafélagi Íslands, skipaskoðunarstjóra, Vélstjórafélagi Ís-

lands, L. Í. Ú. og Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Allir þessir aðilar mæltu með samþykkt þess.

Það er megintilgangur þessa frv. að skapa grundvöll að hagfelldari vélstjóramenntun og gera mönnum auðveldara að afla sér hennar með það að markmiði, að vélstjórastéttin geti í framtíðinni leyst ört vaxandi verkefni, sem að kalla.

Menntamálanefnd mælir með því, að frv. verði samþykkt eins og það var afgreitt frá Ed.

Alþingi, 2. apríl 1966.

Benedikt Gröndal, form.	Axel Jónsson, fundaskr., frsm.	Guðlaugur Gíslason.
Sigurvin Einarsson.	Einar Olgeirsson.	Björn Fr. Björnsson.

Nd. 458. Lög [104. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Hveragerðishreppi hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar og um eignarnámsheimild á lóðum og erfðafesturéttindum.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 360.

Ed. 459. Lög [136. mál]

um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 446.

Nd. 460. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1966—69, að báðum árum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni landbúnaðarráðuneytisins í bréfi til nefndarinnar, svo hljóðandi:

„Reykjavík, 31. marz 1966.

Ráðuneytinu hefur borizt bréf Búnaðarfélags Íslands, dags. 26. þ. m., þar sem ráðuneytinu er send ályktun búnaðarþings 1966 um erindi stjórna Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda um framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldi til Bændahallarinnar, með eindreginni ósk um, að ráðuneytið hlutist til um, að málið verði tekið fyrir til afgreiðslu á Alþingi því, er nú situr.

Þar sem ekki verður auðið að standa undir útgjöldum af rekstri Bændahallarinnar, nema framlengd verði heimild til að greiða ½% gjald af söluvörum landbúnaðarins fram til ársins 1969, vill ráðuneytið óska þess, að háttvirt landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis flytji frumvarp til laga um breytingu á ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92 29. desember 1962, um stofnun búnaðarmálasjóðs, eins og stjórn Búnaðarfélags Íslands fer fram á.

Ingólfur Jónsson.

/Gunnl. E. Briem.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis."

Ályktun búnaðarþings fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Í árslok 1965 hvíla á Bændahöllinni skuldir að upphæð 87 millj. kr., er sundurliðast sem hér segir:

Í Búnaðarbanka Íslands	kr.	48 000 000.00
Í Framkvæmdabanka Íslands	—	34 000 000.00
Lausaskuldir	—	5 000 000.00
Samtals	kr.	87 000 000.00

Auk þess höfðu eignaraðilar, þ. e. Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, lagt fram kr. 46 876 910.30 og þar að auki lánað byggingunni kr. 1 950 000.00 umfram bankavaxtabréf, sem byggingin á að upphæð 4.7 millj. kr.

Rekstraráætlun Bændahallarinnar á árinu 1966 er sem hér segir:

Gjöld:

Af C.-láni I í Búnaðarbankanum, afborgun ...	kr.	2 923 077.00		
— sama í Búnaðarbankanum, vextir	—	3 871 250.00		
— C.-láni II í Búnaðarbankanum, afborgun ..	—	410 665.00		
— sama í Búnaðarbankanum, vextir	—	925 000.00		
			kr.	8 129 992.00
Af láni í Framkvæmdabanka Íslands, afborgun	kr.	3 076 920.00		
— sama í Framkvæmdabanka Íslands, vextir ..	—	2 615 385.00		
			—	5 692 305.00
Greitt af lausaskuldum			—	3 000 000.00
Greiðslur til að ljúka sal á I. hæð			—	1 000 000.00
Fasteignagjöld, tryggingar, viðhald húss o. fl.			—	1 500 000.00
			Samtals kr.	19 322 297.00

Tekjur:			
Af hótelrekstri, nettó	kr.	7 200 000.00	
Aðrar leigutekjur af húsinu	—	2 300 000.00	
Búnaðarmálasjóðsgjald af framleiðslu ársins 1965	—	7 000 000.00	
Samtals	kr.	16 500 000.00	
Greiðslumunur, vöntun	—	2 822 297.00	
			kr. 19 322 297.00
		Samtals	kr. 19 322 297.00

Vantar því rúmlega 2.8 millj. kr., til þess að Bændahöllin geti innt af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu 1966, og munu því lausaskuldir ekki geta lækkað sem því nemur á árinu.

Ef búnaðarmálasjóðsgjaldið til hússins héldi áfram næstu 4 árin, má gera ráð fyrir, að í lok þess tímabils hvíldu engar lausaskuldir á eigninni og þá yrðu ársgreiðslur af föstum skuldum farnar að lækka verulega að óbreyttu gengi. Einnig yrði þá búið að hækka húsaleigu til muna.

Áætlað er, að á árinu 1970 verði ársgreiðslur af föstum lánum ..	kr.	11 660 000.00
Viðhald og gjöld af húsinu	—	1 500 000.00
Samtals	kr.	13 160 000.00

Áætlaðar tekjur af hótelrekstri	kr.	9 600 000.00	
Húsaleiga	—	3 000 000.00	
Samtals	kr.	12 600 000.00	
Mismunur, halli	—	560 000.00	
			kr. 13 160 000.00
		Samtals	kr. 13 160 000.00

Af framangreindu yfirliti sést, að ekki er unnt að standa í skilum næstu 4 árin með vexti og afborganir af föstum lánum, auk lausaskulda, sem á húsinu hvíla, nema gjaldið til búnaðarmálasjóðs verði framlengt til 4 ára.

Byggingarnefnd hússins og síðar stjórn þess og stjórnum bændasamtakanna hefur ætíð verið ljóst, að ekki yrði unnt að greiða skuldirnar upp á þeim stutta tíma, sem lánin eru veitt til, þ. e. 13 árum, með 8—10% vöxtum, nema annað tveggja yrði gert, gjaldið til búnaðarmálasjóðs framlengt eða tekin ný lán til lengri tíma.

Því miður virðist enginn möguleiki á því að fá ný lán, og verður því ekki um annað að gera en að fá framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldinu."

Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.

Sþ. 461. Nefndarálit [60. mál]

um till. til þál. um 18 ára kosningaaldur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið umsagnir eftirtalinna aðila: Sambands ungra sjálfstæðismanna, Sambands ungra jafnaðarmanna,

Sambands ungra framsóknarmanna, Æskulýðsfylkingarinnar, Íslenzkra ungtemplara og Sambands bindindisfélaga í skólum.

Fjórir fyrst töldu aðilarnir eru meðmæltir tillögunni, en tveir þeir síðast töldu eru henni andvígir. Einn aðilinn telur rétt, að jafnframt sé leitað þjóðaratkvæðis hjá þeim aldursflokki, sem um er að ræða.

Nefndin er sammála um, að rétt sé og eðlilegt, að fram fari sérstök athugun á því, hvort ekki sé tímabært að lækka kosningaaldur frá því, sem nú er, en samkomulag hefur orðið um að tiltaka ekki sérstaklega 18 ára kosningaaldur, þar sem gert er ráð fyrir, að málið verði sérstaklega athugað í þingkosinni nefnd, og eðlilegra, að hún geri tillögu um aldursmark að þeirri athugun lokinni.

Nefndin telur rétt, að jafnframt séu endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins, svo sem fjárræðisaldur og hjúskaparaldur.

Mælir nefndin með því, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.
   Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.
   Nefndin skal skila áliti svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um lækkun kosningaaldurs.

Alþingi, 5. apríl 1966.

Sigurður Ingimundarson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Einar Ágústsson.	Gísli Guðmundsson.	Axel Jónsson.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 462. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Í 10. gr. frumvarpsins hefur orðið prentvilla, þar sem stendur á tveimur stöðum „eignaskipti“, á að vera: eigendaskipti.

Alþingi, 4. apríl 1966.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Skúli Guðmundsson.
Jónas G. Rafnar.	Lúðvík Jósefsson.	Einar Ágústsson.
	Ragnar Jónsson.	

Nd. **463. Frumvarp til laga** [185. mál]

um breyting á lögum nr. 54 14. júní 1960, um verðlagsmál.

Flm.: Einar Olgeirsson, Eðvarð Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Með verðlagsákvarðanir fer sjö manna nefnd, verðlagsnefnd. Skulu nefndarmenn kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi, þegar lög þessi taka gildi og síðan eftir hverjar alþingiskosningar. Kosnir skulu og jafnmargir varamenn á sama hátt. Skal kosningin gilda út kjörtímabilið.

Meiri hluti atkvæða ræður ákvörðunum verðlagsnefndar, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Verðlagsnefnd skal ákveða hámarksverð á vöru og verðmæti, þ. á m. hámark álagningar, umboðslauna og annarrar þóknunar, er máli skiptir um verðlag í landinu. Skal það regla verðlagsnefndar að beita þessu valdi til þess að koma sem mest í veg fyrir vöxt verðbólgu og dýrtíðar og því aðeins sleppa því að ákveða hámarksverð á vissum sviðum, að samkomulag sé um slíkt í nefndinni.

Greinargerð.

Það er viðurkennd þjóðfélagsleg nauðsyn, að stöðva verði óðaverðbólguna. Verðbólga, sem árum og áratugum saman er 10% á ári að meðaltali, er eyðileggjandi fyrir þjóðfélagið, ekki síst siðferðilega. Væri hægt að tryggja, að verðbólga yrði ekki nema 2—3% á ári, væri mikið fengið.

Ríkisstjórnin viðurkennir, að henni hafi, eins og fleiri ríkisstjórnum, mistekizt að stöðva verðbólguna.

Flutningur þessa frv. er prófsteinn á, hvort ríkisstjórnin er reiðubúin til þess að vinna að stöðvun óðaverðbólgunnar, ef tillaga um það kemur frá stjórnarandstöðunni.

Verkalýðshreyfingin lýsti yfir því vorið 1964, að hún væri reiðubúin til samstarfs við ríkisstjórnina um stöðvun óðaverðbólgunnar. Aðferðir þær, sem ríkisstjórnin hefur beitt eða lagt til að beita, duga ekki.

Í þessu frv. felst ráðstöfun, sem mun duga, svo langt sem hún nær, ef henni er beitt.

Fyrsta skilyrðið til þess að halda verðbólgu í skefjum er að leyfa ekki sjálfkrafa verðhækkanir, með öðrum orðum: afnema vald atvinnurekenda og kaupsýslumanna til að hækka verðlag að sama skapi og kaupgjald hækkar. Eins og nú standa sakir, hefur fésýslustéttin þetta vald á flestum sviðum viðskiptalífsins. Frv. fer fram á að afnema þetta vald, en veita verðlagsnefnd, sem öruggt er að fulltrúi verkalýðshreyfingarinnar ætti sæti í, vald til ákvarðana um verðlag. Síðan yrði reynslan að skera úr því, hvaða flokkar væru reiðubúnir til þess að beita því valdi til að vinna gegn verðbólgu og hverjir ekki.

Stundum hefur verið reynt af hálfu yfirvaldanna að skírskota til fésýslustéttarinnar að beita ekki valdi því, sem hún hefur fengið undanfarin ár, til verðlagshækkana og verðbólgu. Þannig reit núverandi viðskiptamálaráðherra Gylfi Þ. Gíslason grein í Alþýðublaðið 17. júlí 1965, eftir kaupsamningana þá, þar sem hann sagði m. a.:

„En verðlagseftirliti og öllum öðrum hugsanlegum ráðum verður að beita til þess að koma í veg fyrir verðhækkanir, er eyði áhrifum þeirra kauphækkana, sem

um hefur verið samið. Launþegar hafa auðvitað augljósra hagsmuna að gæta í því sambandi, að verðlaginu sé haldið í skefjum. En það væri skammsýn stefna af hálfu atvinnurekenda að leggja nú meiri áherzlu á að fá umsamda kauphækkun bætta með hækkuðu verðlagi, því að afleiðingin gæti ekki orðið önnur en röskun á efnahagsjafnvægi innanlands og erfiðleikar í greiðsluviðskiptum gagnvart útlöndum. Þegar frá líði, mundu þær ráðstafanir, sem ríkisvaldið yrði neytt til að grípa til í því skyni að stöðva þá þróun, verða atvinnurekendum í heild þungbærari en hitt nú er að gera skipulega og markvissa tilraun til þess að bæta rekstrarhagkvæmni og auka framleiðni, í samvinnu við ríkisvald og launþegasamtök, til þess að kauphækkanirnar þurfi ekki að leiða til hækkandi verðlags.

Ef allir aðilar, sem hér geta lagt hönd á plóginn, gera sér grein fyrir skyldum sínum við sjálfa sig og samfélagið í þessu efni, þá á það að geta tekizt að varðveita efnahagsjafnvægi innanlands og treysta enn grundvöllinn undir heilbrigðri efnahagsþróun á Íslandi og síbatnandi lífskjörum."

En allar slíkar áskoranir hafa reynzt máttlausar. Fésýslustéttin lítur á verðbólguna sem eina höfuðgróðalind sína og heldur áfram að raka til sín gróða í krafti þess valds, er hún hefur fengið, svo lengi sem samfélagið lætur henni haldast það uppi.

Því ber að gera tilraun til þess að stöðva óðaverðbólguna með þeim aðferðum, sem hér er lagt til.

Vissulega þarf fleiri ráðstafanir. Strangt eftirlit og skynsamleg yfirstjórn á fjárfestingunni er annað höfuðskilyrði til stöðvunar verðbólgu. Um beitingu þess ráðs liggur þegar frv. fyrir Alþingi — um áætlunarráð ríkisins — og hefur löngum legið. En slík ráð hafa ekki samrýmzt því einveldisvaldi til óðaverðbólgu og vitlausrar fjárfestingar, sem ríkisstjórnin hefur gefið fésýslustéttinni og kallað „frelsi" hennar.

Það verður nú í sambandi við afgreiðslu þessa frv. að reyna á, hver alvara mönnum er um stöðvun óðaverðbólgunnar.

Nánar í framsögu.

Nd. 464. Breytingartillaga [98. mál]

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 58 24. apríl 1954.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 20. gr. laganna komi ný grein:

Fjármálaráðherra er heimilt að nota allt að 0.5% af tekjum Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins til þess að tryggja á þann hátt, er hann telur hentugast, að hægt sé að halda uppi góðum skemmtistöðum fyrir unglinga, þar sem eigi væru vínveitingar.

Þá er fjármálaráðherra og heimilt að ákveða, að þeir skemmtistaðir, sem hafa vínveitingaleyfi, skuli hafa opið til dansskemmtana fyrir unglinga einu sinni í viku og séu þá eigi vínveitingar, en veitingar seldar á verði, er ráðuneytið ákveður.

Ed. 465. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um almennan frídag 1. maí.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Fjarverandi voru afgreiðslu málsins í nefndinni Alfreð Gíslason, Bjartmar Guðmundsson og Ásgeir Bjarnason.

Alþingi, 12. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Auður Auðuns, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 466. Lög [122. mál]

um viðauka við lög nr. 3/1955, um skógrækt.

(Afgreidd frá Ed. 12. apríl.)

Samhljóða þskj. 245.

Nd. 467. Nefndarálit [118. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.
Fjarstaddur afgreiðslu málsins var sr. Gunnar Gíslason.

Alþingi, 13. apríl 1965.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Axel Jónsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Guðl. Gíslason. Björn Fr. Björnsson. Einar Olgeirsson.

Ed. 468. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og sent það stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga til umsagnar. Enn fremur mættu ráðuneytisstjóri félagsmálaráðuneytisins, Hjálmar Vilhjálmsson, og formaður Sambands ísl. sveitarfélaga, Jónas Guðmundsson, á fundi nefndarinnar.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með einni brtt., sem stjórn og fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga höfðu mælzt til að nefndin flytti við frv., og er hún svo hljóðandi:

BREYTINGARTILLAGA.

Á eftir 1. gr. frv. komi ný grein, svo hljóðandi, og breytist greinatala í samræmi við það:

e-liður 15. gr. orðist svo:

Að greiða 0.5% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti, eftir ákvörðun ráðherra, til-

raunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

Þrír nefndarmenn, BGuðm, AG og ÁB, voru fjarstaddir, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 12. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Auður Auðuns, fundaskr., frsm. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Karl Kristjánsson.

Nd. 469. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið, og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt með breytingu þeirri, sem frá er greint á þingskjali 451. Við undirritaðir leggjum til, að á frumvarpinu verði gerðar frekari breytingar, og skal nú gerð grein fyrir þeim.

I. kafli frv. fjallar um Framkvæmdasjóð Íslands, er taki við eignum og skuldbindingum Framkvæmdabanka Íslands eins og þær verða hinn 1. janúar 1967. Í frumvarpinu er þó ekki gert ráð fyrir því, að sömu reglur gildi að öllu leyti um Framkvæmdasjóð og áður giltu um Framkvæmdabankann. Mikilvægasta breytingin er sú, að í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir lánum til fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda, en einstaklingar eiga ekki að hafa beinan aðgang að sjóðnum á þann hátt, sem nú gildir um Framkvæmdabankann. Úr þessu hefur nokkuð verið bætt með breytingartillögu meiri hluta fjárhagsnefndar á þingskjali 451, enda þótt við teljum, að eðlilegra hefði verið, að Framkvæmdasjóður gæti í vissum tilfellum lánað beint til einstaklinga, að uppfylltum vissum skilyrðum, eins og nú er hjá Framkvæmdabanka Íslands.

Þá eru í frumvarpinu felld niður ákvæði, sem nú eru í lögum Framkvæmdabankans, um stjórnarfundi og rétt einstakra stjórnarmanna til að krefjast þeirra. Munum við bera fram tillögu um að breyta þeim ákvæðum í það horf, er tíðkazt hefur.

Enn fremur munum við gera það að tillögu okkar, að við fyrirhugaðan Framkvæmdasjóð verði stofnuð framleiðnilánadeild, er hafi þann tilgang að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu. Nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins í efri deild fluttu fyrr á þessu þingi frumvarp um stofnun slíkrar framleiðnilánadeildar við Framkvæmdabankann. Þar sem nú er sýnt, að sá banki verður lagður niður frá og með næstkomandi áramótum, þykir okkur eðlilegt að taka þessa tillögu upp í sambandi við þetta frumvarp, enda kemur Framkvæmdasjóður að mestu í stað Framkvæmdabanka.

II. kafli frumvarpsins fjallar um Efnahagsstofnun, en þótt sú stofnun hafi starfað síðan á árinu 1962, hefur fyrirkomulag hennar enn eigi verið ákveðið með lögum.

Við teljum, að í sambandi við lagasetningu um þessa stofnun sé rétt að ákveða stjórn hennar með nokkuð öðrum hætti en verið hefur til þessa. Hér er um svo mikilsverða stofnun að ræða, að við teljum sjálfsagt, að allir þingflokkar eigi aðild að stjórn hennar. Gerum við því að tillögu okkar, að inn í frumvarpið verði tekið

ákvæði um, að stjórn stofnunarinnar verði skipuð 5 mönnum. Skulu 4 tilnefndir af þingflokkunum, einn frá hverjum, en sá fimmti skipaður af ríkisstjórninni.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að á frumvarpinu verði gerðar eftirtaldar

BREYTINGAR:

1. Við 6. gr. Við greinina bætist 3. málsgrein, svo hljóðandi:
   Sjóðsstjórn heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess.
2. Á eftir 12. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (13. gr.) Stofna skal við Framkvæmdasjóð Íslands sérstaka lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.
      Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.
   b. (14. gr.) Starfsfé deildarinnar er:
      1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
      2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdasjóður Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
      3. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slíkt lán.
   c. (15. gr.) Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdasjóði.
      Þeim skal fylgja:
      1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
      2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
      3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
      4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða sjóðurinn óskar eftir.

   Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsumsókninni sé í samræmi við tilgang þessara lagaákvæða.

   Að slíkri umsögn fenginni ákveður stjórn Framkvæmdasjóðs, hvort lánið skuli veitt, enda hafi sjóðurinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.
3. Við 15. gr. (er verði 18. gr.). Í stað 2. og 3. málsliðar greinarinnar komi:
   Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Séu fjórir þeirra tilnefndir af þingflokkunum, einn af hverjum, en hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og sé hann formaður stjórnar.

Alþingi, 13. apríl 1966.

Einar Ágústsson, frsm. Skúli Guðmundsson.

Ed. 470. Nefndarálit [135. mál]

um frv. til laga um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveim fundum, og voru nefndarmenn sammála um að leggja til, að það yrði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, BJ, tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. apríl 1966.

Bjartmar Guðmundsson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm.	Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	Jón Þorsteinsson.

Ed. 471. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Alfreð Gíslasyni.

Við 4. gr. Í stað orðanna „Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess“ í upphafi gr. komi: Landsútsvör stofnana, sem um getur í 17. gr. c, skulu renna að hálfu til sveitarfélags, þar sem rekstur fyrirtækis eða verksmiðju fer fram. Fjórðungur annarra landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess.

Nd. 472. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.
Einn nefndarmanna, Gunnar Gíslason, var fjarstaddur, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 14. apríl 1966.

Benedikt Gröndal, form.	Axel Jónsson, fundaskr., frsm.	Björn Fr. Björnsson.
Einar Olgeirsson.	Sigurvin Einarsson.	Guðl. Gíslason.

Sþ. 473. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1964.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölurnar saman við ríkisreikning ársins 1964. Eru tölurnar réttar, og leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. apríl 1966.

Jón Árnason, form. — Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. — Ingvar Gíslason. — Jónas Pétursson.
Halldór E. Sigurðsson. — Matthías Bjarnason. — Geir Gunnarsson.
Óskar E. Levy. — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 474. Nefndarálit [117. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 13. apríl 1966.

Jónas G. Rafnar, form. — Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. — Gísli Guðmundsson.
Eðvarð Sigurðsson. — Matthías Á. Mathiesen. — Sigurður Ágústsson.
Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 475. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin varð sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, enda þótt ekki næðist samkomulag um 41. gr. og nefndarmenn hafi frjálsar hendur varðandi hana. Enn fremur skrifa tveir þingmenn undir nál. með fyrirvara (Axel Jónsson, Guðlaugur Gíslason).

Alþingi, 14. apríl 1966.

Benedikt Gröndal, form., frsm. — Axel Jónsson, fundaskr., með fyrirvara. — Guðl. Gíslason, með fyrirvara. — Gunnar Gíslason.
Björn Fr. Björnsson. — Sigurvin Einarsson. — Einar Olgeirsson.

Ed. 476. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur tekið málið fyrir og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 14. apríl 1966.

Jón Árnason, form.
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.
Ólafur Jóhannesson.
Sveinn Guðmundsson.
Helgi Bergs.
Gils Guðmundsson.

Nd. 477. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt málið og sent það til umsagnar Félags sérleyfishafa og Skipulagsnefndar fólksflutninga. Báðir þessir aðilar mæla nær einróma með samþykkt frv. Fylgja umsagnir þeirra með nefndarálitinu sem fylgiskjöl I og II.

Meiri hluti samgöngumálanefndar (SB, BGr, BP, SÁ og GuðlG) leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Við staflið b bætist: og séu þær eingöngu notaðar til fólksflutninga, meðan leyfið gildir.

Alþingi, 14. apríl 1966.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Sigurður Ágústsson.
Guðl. Gíslason.
Björn Pálsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 31. marz 1966.

Samgöngumálanefnd neðri deildar hefur með bréfi, dags. 23. þ. m., leitað umsagnar vorrar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag fólksflutninga með bifreiðum, sem nú liggur fyrir Alþingi.

Fulltrúar vorir í Skipulagsnefnd fólksflutninga hafa tekið þátt í undirbúningi frumvarps þessa, sem á sínum tíma var vandlega athugað á vegum Skipulagsnefndar, og ýmsar breytingartillögur gerðar, sem nú eru komnar inn í frumvarpið og þeir lögðu áherzlu á.

Vissulega mundu sérleyfishafar óska frekari breytinga á lögunum, sér í hag, en frumvarpið gerir ráð fyrir, einkum varðandi hópferðaakstur. En þar sem flutningur verulegra breytingartillagna gæti stefnt í hættu afgreiðslu málsins á þessu þingi, vill félagið mæla með samþykkt þess eins og það liggur fyrir, þó með einni smávægilegri breytingu:

Aftan við staflið b í 2. gr. frumvarpsins bætist: og séu þær eingöngu notaðar til fólksflutninga, meðan leyfið gildir.

Er þessu ákvæði ætlað að koma í veg fyrir, að meira eða minna óhæfir bílar, sem að verulegu leyti stunda vöruflutninga, komi til greina sem hópferðabílar, og er breytingunni ætlað að tryggja rétt notenda til góðra og þrifalegra farartækja.

Virðingarfyllst,

f. h. Félags sérleyfishafa,

Kristjón Kristjónsson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SKIPULAGSNEFND FÓLKSFLUTNINGA

Reykjavík, 2. apríl 1966.

Út af heiðruðu erindi samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, dags. 23. marz s. l., þar sem óskað er umsagnar Skipulagsnefndar fólksflutninga um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, skal tekið fram eftirfarandi:

Skipulagsnefnd fólksflutninga hefur athugað þetta frumvarp nákvæmlega, og eru 4 nefndarmannanna, þeir Eiríkur Ásgeirsson, form., Ágúst Hafberg forstjóri, Birgir Ágústsson bílstjóri og Halldór Pálsson búnaðarmálastjóri, eindregið meðmæltir frumvarpinu og leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmannanna, Einar Ögmundsson, telur, að breyta þurfi frumvarpinu. Leggur hann til, að svofelld grein verði tekin í frumvarpið:

„Engum er heimilt að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til vöruflutninga með bifreiðum nema hafa til þess sérleyfi eða undanþágu frá ríkisstjórninni, og skulu um þau sérleyfi og undanþágur gilda sömu reglur og um sérleyfi og undanþágur til fólksflutninga með bifreiðum.

Nánari ákvæði um skipulagningu flutninga með bifreiðum setur ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum skipulagsnefndar fólksflutninga."

Enn fremur er Einar Ögmundsson mótfallinn h-lið 2. greinar frumvarpsins og 2. málsgrein 3. gr. þess.

Greinargerð hans fyrir afstöðu sinni fylgir hér með í afriti.

Virðingarfyllst,

f. h. Skipulagsnefndar fólksflutninga,

Eiríkur Ásgeirsson.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Afstaða undirritaðs til framkominna breytingartillagna við lög um skipulag fólksflutninga með bifreiðum.

Það er fyrst til að taka með 2. gr. h-lið.

Ég tel rangt, að sérleyfi séu bundin þeim kvöðum og skuldbindingum, sem gert er ráð fyrir að ráðherra geti sett við útgáfu sérleyfa.

Ég lít svo á, að þótt ekki sé um að ræða skv. tillögunni annað en heimildarákvæði, sé mikil ástæða til að ætla, að sérleyfishafar tækju ekki við sérleyfum án þess að skilyrði um endurkaupsréttinn væru bundin í sérleyfunum.

Ég tel óeðlilegt, að skapaður sé möguleiki fyrir því með ákvæði í lögum, að ráðherra og skipulagsnefnd séu, áður en varir, farin að sýsla með eignasölu.

Ég tel fráleitt, að þótt einhver maður, sem hefur tekið að sér sérleyfisakstur, og hann af einhverjum ástæðum vill hætta þeirri atvinnu, t. d. vegna þess að bifreiðakostur hans er orðinn of gamall og of slitinn, og hann telur hagkvæmara að festa fé sitt í öðru en endurnýja bifreiðakostinn, hafi fortakslaust endursöluákvæði í sérleyfi.

Það mætti fyllilega gera ráð fyrir því, að sumir sérleyfishafar vildu jafnvel losna við sérleyfi, ef þeir ættu það víst, að um leið og þeir segðu því lausu, gætu þeir selt hinar gömlu og úr sér gengnu bifreiðar.

Varðandi aðra liði þessarar greinar eru eftirfarandi athugasemdir:

Ég er algjörlega andvígur því, að menn séu skv. lögum skyldaðir til þess að vera með bifreið sína á afgreiðslustöð, þótt þeir hafi rétt til að aka í hópferðum, sem vara ekki nema mjög takmarkaðan tíma úr árinu.

Ég tel allt öðru máli gegna með sérleyfishafa. Hvort tveggja er, að nauðsynlegt er fyrir fólk, sem treystir á og háð er sérleyfisbifreiðum, að vita um afgreiðslustöð bifreiðanna, og svo hitt, að nauðsynlegt er fyrir sérleyfishafana að hafa fastan samastað, margra hluta vegna.

Varðandi 3. gr., sem yrði 6. gr.

Ég tel ranglátt, að hópferðaréttindahöfum væri gert að skyldu að greiða árlega sérstakt gjald auk sérleyfisgjaldsins fyrir réttindi til að aka í hópferðir.

Tillaga varðandi þetta ákvæði er að vísu hugsuð fyrst og fremst til að sporna við því, að menn sæki í réttindi til hópferðaaksturs, svo að sérleyfishafar geti í ríkari mæli setið að þeim akstri.

Varðandi grein um skipulag á vöruflutningum:

Það hefur komið breytingartillaga við þá tillögu, er ég hafði flutt um vöruflutningana. Ég get eftir atvikum fallizt á þessa breytingu, að í stað skýlauss lagaboðs um, að vöruflutningar í föstum ferðum o. s. frv. skuli háðir sérstökum leyfum, skuli koma heimildarákvæði til ráðuneytisins. Ég fellst á þessa breytingu með sérstakri hliðsjón af því, að nokkurn aðdraganda hlýtur það að hafa að koma slíkri skipulagningu á, en ég held engu að síður fast á því, að ráðuneytinu beri að nota heimildarákvæðið varðandi þessa flutninga.

Ég lít svo á, að góður rekstur á sérleyfisleið, og á ég þá við hvort tveggja, að leiðin sé rekin með hagsmuni beggja fyrir augum, fólksins, sem með leiðinni ferðast, og sérleyfishafans, sé þýðingarmikið þjóðfélagslegt atriði.

Mín skoðun er, að sérleyfisrekstur eigi og þurfi að vera sjálfstæð atvinna. Það á að búa þannig að sérleyfishöfum gagnvart fargjöldum og greiðslu fyrir akstur á pósti, að þessir tekjustofnar, ásamt hagkvæmni í sjálfum rekstrinum eigi að geta staðið undir sjálfstæðum sérleyfisrekstri, en ríkisvaldið eigi ekki að þurfa að gera sérstakar ráðstafanir til styrktar þessari atvinnugrein með t. d. sérstökum lagaákvæðum umfram það, sem nú þegar er bundið í lögum sérleyfishöfum til verndar.

Einar Ögmundsson.

Ed. 478. Lög [106. mál]

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 444.

Ed. **479. Lög** [148. mál]

um breyting á lögum nr. 45 3. apríl 1963, um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 314.

Nd. **480. Lög** [11. mál]

um fuglaveiðar og fuglafriðun.

(Afgreidd frá Nd. 14. apríl.)

Samhljóða þskj. 437 (sbr. 11).

Nd. **481. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [20. mál]

í málinu: Frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Með tilliti til þeirra þungu kvaða, sem lagðar yrðu á atvinnulífið, ef frv. þetta yrði samþykkt, — svo og sérstaklega vegna þess, hve erfitt almenningi og einkum ungu fólki yrði gert að eignast íbúðir, ef stefna þessa frv. næði fram að ganga, — ákveður deildin að taka fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. **482. Frumvarp til laga** [186. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

3. málsgr. 1. gr. falli niður.

2. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. orðist þannig:

Framleiðsluráð ræður sér framkvæmdastjóra og annað starfslið, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Á eftir 5. tölulið 2. gr. komi:

Í því skyni heimilast Framleiðsluráði landbúnaðarins:

a. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.
b. Að ráðstafa því fé, sem fást kann í verðmiðlunarsjóð skv. a- og b-lið, til verðuppbóta á þær vörur, sem framleiðsluráð telur þörf á, svo sem til útflutningsuppbóta til viðbótar því fé, sem greitt er úr ríkissjóði skv. 12. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir skv. a- og b-lið, hafa ekki áhrif á útsöluverð landbúnaðarvara til neytenda.

4. gr.

8. töluliður 2. gr. orðist þannig:

Að verðskrá landbúnaðarvörur í einstökum atriðum á grundvelli verðákvarðana samkvæmt 6. og 7. gr., enda sé sú verðskráning samþykkt af Sexmannanefnd.

5. gr.

Við 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna.

Til kaupgjalds teljast hvers konar samningsbundin fríðindi.

6. gr.

5. gr. orðist svo:

Nefnd sex manna, tilnefnd af samtökum framleiðenda og neytenda, skal á grundvelli ákvæða 4. gr. ákveða afurðaverðið til framleiðenda og verð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu, samkvæmt nánari ákvæðum þessara laga. Af hálfu framleiðenda hefur stjórn Stéttarsambands bænda rétt til þess að tilnefna tvo menn, en Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann, en af hálfu neytenda hafa stjórnir eftirtalinna samtaka rétt til þess að tilnefna einn mann hvert: Alþýðusamband Íslands, Landssamband iðnaðarmanna og Sjómannafélag Reykjavíkur. Tilnefningu fulltrúa í Sexmannanefnd skal lokið 15. júlí ár hvert. Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda. Nefndin skal fullskipuð 1. ágúst ár hvert.

Hagstofustjóri og forstöðumaður búreikningaskrifstofunnar skulu vera nefndinni til aðstoðar.

7. gr.

1. málsgr. 6. gr. orðist svo:

Sexmannanefnd skal leitast við að ná samkomulagi um verðlagsgrundvöll, þar sem kveðið er á um framleiðslukostnað og magn afurða og um verð til framleiðenda á einstökum landbúnaðarvörum. Náist um slíkan verðlagsgrundvöll samkomulag, er stutt sé af meiri hluta nefndarmanna, skal verð það til framleiðenda, sem í honum felst, gilda við verðlagningu landbúnaðarvara frá byrjun viðkomandi verðlagsárs.

8. gr.

Við 2. málsgr. 6. gr. bætist eftirfarandi:

Þegar rætt er í Sexmannanefnd um álagningu á búvöru í smásölu, ber að gefa fulltrúum Kaupmannasamtaka Íslands kost á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

9. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Nú næst ekki meiri hluti í Sexmannanefnd varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar, eða varðandi verðlagningu söluvara skv. 2. málsgr. þessarar greinar, og skal þá vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, er meiri hluti fæst fyrir í nefndinni. Heimilt er sáttasemjara að leita álits þeirra aðila, er annast tilnefningu í Sexmannanefnd,

um ágreiningsatriði varðandi ákvörðun verðlagsgrundvallar eða verðlagningu söluvara. Beri sáttaumleitanir ekki árangur innan þess tíma, er 7. gr. kveður á um, skal skipa 3 manna nefnd, er felli fullnaðarúrskurð. Hvor nefndarhluti Sexmannanefndar hefur rétt til þess að tilnefna mann í þá nefnd, þó ekki úr hópi nefndarmanna, en oddamaður skal tilnefndur af nefndinni í heild. Nú fær enginn stuðning meiri hluta Sexmannanefndar sem oddamaður, og tilnefnir þá hæstiréttur oddamanninn. Nú notar annar eða báðir nefndarhlutar ekki rétt sinn til tilnefningar, samkv. 4. málslið, og tilnefnir þá landbúnaðarráðherra af hálfu framleiðenda, ef þeir nota ekki rétt sinn, en félagsmálaráðherra af hálfu neytenda. Þó er ráðherrum eigi heimilt að tilnefna menn, sem eiga sæti í Sexmannanefnd.

10. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo:

Ákvæði um úrskurð samkvæmt ákvæðum 3. málsgr. 6. gr. gilda meðan verð landbúnaðarvara er greitt niður með opinberu fé eða greiddar eru útflutningsuppbætur á þær úr ríkissjóði.

11. gr.

7. gr. orðist svo:

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðenda skv. 3. gr. gildir fyrir tvö ár í senn frá byrjun verðlagstímabils 1. september, og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert, nema annað sé ákveðið með samkomulagi í Sexmannanefnd. Þó skal taka inn verðlagsbreytingar reksturskostnaðar skv. útreikningum Hagstofu Íslands, en launabreytingar og breytingar á vinnslu- og dreifingarkostnaði fara eftir ákvæðum 9. gr. Þó gildir verðlagsgrundvöllur sá, er ákveðinn verður haustið 1966, aðeins í eitt ár. Verðlagsgrundvöllur hvers tímabils framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn, ef honum er ekki sagt upp af fulltrúum framleiðenda eða fulltrúum neytenda fyrir 1. júní á því ári, sem óskað er breytinga á honum. Þó getur nefndin komið sér saman um annan frest. Þegar verðlagsgrundvelli hefur ekki verið sagt upp, færir Hagstofa Íslands hann fram til viðkomandi verðlagsárs í samræmi við áorðnar breytingar á verðlagi og kaupgjaldi eftir útreikningsreglum, sem ákveðnar hafa verið af Sexmannanefnd.

12. gr.

Við 8. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Búreikningaskrifstofa ríkisins skal afla árlega rekstursreikninga frá bændum, nægjanlega margra að dómi Hagstofu Íslands, er sýni raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara. Skulu þeir vera tilbúnir og uppgerðir fyrir 15. júní ár hvert fyrir næsta ár á undan. Reikningar þessir skulu vera til afnota fyrir Hagstofu Íslands og Sexmannanefnd. Stjórn Búreikningaskrifstofunnar, ásamt Hagstofu Íslands, skipuleggur þetta starf hennar að fengnum tillögum frá Sexmannanefnd.

Sexmannanefnd getur ákveðið að efna til sérstakra rannsókna í því skyni að fá betri upplýsingagrundvöll fyrir þau atriði, er máli skipta fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða, svo sem framleiðslu- og dreifingarkostnað, vinnutíma o. fl. Skylt er að stofna til slíkra rannsókna, ef 3 nefndarmanna eða fleiri krefjast þess. Skal nefndin í því efni leita samstarfs við Hagstofu Íslands, Búreikningaskrifstofu ríkisins og aðrar opinberar stofnanir, að því leyti sem rannsóknir þessar snerta starfssvið viðkomandi stofnana. Að því leyti, sem umræddar stofnanir telja sig ekki geta látið í té starfslið til þess að framkvæma þær rannsóknir, er Sexmannanefnd hefur ákveðið að fram skuli fara, er nefndinni heimilt að ráða til þess nauðsynlegt starfslið, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

13. gr.

2. málsgr. 9. gr. orðist svo:

Nú telur Framleiðsluráð landbúnaðarins rétt að nota heimild til verðbreytingar samkvæmt ákvæðum 1. málsgreinar, og skal það tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar skv. 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í Sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

3. málsgrein 9. gr. orðist svo:

Nú telur framleiðsluráð rétt að breyta söluverði landbúnaðarvöru til samræmis við breytingu, sem orðið hefur á vinnslu- og dreifingarkostnaði, og skal það þá án tafar tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í Sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

14. gr.

3. málsgr. 10. gr. orðist svo:

Í hvert skipti, sem Framleiðsluráð landbúnaðarins telur rétt að ákveða sumarverð á kjöti eða garðávöxtum eða að breyta áður ákveðnu sumarverði samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar gr., skal það tilkynna Sexmannanefnd áform sitt í því efni. Skal þá Sexmannanefnd taka málið til meðferðar og ákvörðunar og því skotið til úrskurðar samkvæmt 3. málsgr. 6. gr., ef ekki fæst meiri hluti í Sexmannanefnd um afgreiðslu þess.

15. gr.

13. gr. orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd II. kafla þessara laga greiðist úr ríkissjóði. Þó skal framleiðsluráð standa straum af kostnaði við öflun gagna skv. ákvæðum 2. málsgr. 8. gr., sem það leggur fyrir Sexmannanefnd.

16. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Framleiðsluráð úthlutar sláturleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignazt hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur enn fremur veitt öðrum aðilum slátrunarleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum 2. gr. laga nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl.

Framleiðsluráð getur ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.

17. gr.

1. mgr. 21. gr. orðist svo:

Framleiðsluráð verðskráir hrossakjöt á innlendum markaði, samkvæmt ákvæðum 6. gr. og 7. gr.

18. gr.

3. málsliður 1. mgr. 23. gr. orðist svo:

Nú eru starfandi fleiri en eitt mjólkurbú, sem viðurkennd eru af framleiðsluráði og hafa á hendi daglega sölu á mjólk og rjóma til neytenda, skulu þau þá, ef framleiðsluráð ákveður, hafa sameiginlega yfirstjórn, er nefnist samsölustjórn.

19. gr.

1. málsgrein 24. gr. orðist svo:

Á mjólkursölusvæðum, þar sem starfandi er samsölustjórn, skv. ákvæðum 23. gr., skal greiða sérstakt gjald af allri neyzlumjólk, sem samsalan selur frá mjólkurbúum, félögum eða einstökum mönnum á svæðinu. Heimilt er að taka gjald þetta af fleiri vörutegundum. Gjald þetta nefnist verðjöfnunargjald mjólkursvæða og ákveðst fyrirfram af stjórn hlutaðeigandi mjólkursamsölu og má breyta því eftir því, sem þurfa þykir.

2. málsgr. 24. gr. falli niður.

3. málsgr. verði 2. málsgr. og orðist svo:

Verðjöfnunargjald skal vera til verðuppbótar á þá mjólk, sem notuð er til vinnslu á viðurkenndum mjólkurbúum, sem starfa á mjólkursölusvæðum. Verðjöfnun innan hvers mjólkursölusvæðis skal jafnan miðuð við það, eftir því sem við verður komið, að mjólkurframleiðendur á mjólkursölusvæðinu fái sama verð fyrir mjólk sína komna á móttökustöð.

4. málsgrein 24. gr. falli niður.

5. málsgrein 24. gr. verði 3. mgr.

20. gr.

25. gr. orðist svo:

Þar sem samsölustjórn er starfandi samkvæmt ákvæðum 23. gr., skal öll sala og dreifing á neyzlumjólk, rjóma og nýju skyri fara fram undir yfirstjórn hennar.

21. gr.

26. gr. falli niður og breytast greinatölur eftir því.

22. gr.

27. gr. verði 26. gr. og niður falli orðin „samanber þó 26. gr.“

23. gr.

28. gr. verði 27. gr., í 1. mgr. falli niður orðin „samanber þó 26. gr“

Á eftir fyrri málsgrein greinarinnar komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú kemur upp deila á milli mjólkurbúa og framleiðenda á einhverju sölusvæði um móttöku mjólkur eða önnur atriði varðandi samskipti þessara aðila, og skal þá framleiðsluráð leitast við að jafna ágreininginn milli málsaðila og úrskurða, ef með þarf.

Upphaf 2. málsgr., sem verður 3. málsgr., orðist svo:

Stjórn mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði er heimilt ....

24. gr.

34. gr. verður 33. gr. og orðist svo:

Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn og rekstur Grænmetisverzlunar landbúnaðarins, sem annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti.

25. gr.

35. gr. falli niður.

26. gr.

37. gr. verður 35. gr. og orðist svo:

Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum. Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

27. gr.

Við 38. gr., sem verður 36. gr., bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú hefur framleiðsluráð viðurkennt framangreinda aðila samkvæmt fyrri málsgrein þessarar greinar, og er þá öðrum aðilum óheimilt að afhenda vörur þær, sem hér um ræðir, til smásöluverzlana, nema með leyfi framleiðsluráðs.

28. gr.

Í stað orðsins „Framleiðsluráð“ í 1. og 2. málsgrein 39. gr., sem verður 37. gr., komi: Grænmetisverzlun landbúnaðarins.

29. gr.

40. gr., sem verður 38. gr., orðist svo:

Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Grænmetisverzlun landbúnaðarins sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

30. gr.

Upphaf 42. gr., sem verður 40. gr., orðist svo: Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum, eggjum og kartöflum skal haga þannig: o. s. frv.

Í stað orðanna „sem seld er til neyzlu“ í b-lið komi: mjólkurbúanna.

Á eftir c-lið komi nýr liður, er verði d-liður, svo hljóðandi:

d. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af kartöflum.

31. gr.

1. mgr. 44. gr., sem verður 42. gr., orðist svo:

Sláturleyfishafar og stjórnir mjólkurmálanna á hverju mjólkursölusvæði og aðrir, sem verzla með gjaldskyldar vörur samkvæmt c- og d-lið 40. gr., skulu standa framleiðsluráði skil á verðmiðlunargjaldinu samkvæmt fyrirmælum þess.

32. gr.

Í stað orðanna „300—10 000 kr.“ í 1. mgr. 48. gr., sem verður 46. gr., komi: 5000—50 000 kr., og í stað orðanna „20—2000 kr.“ í 2. mgr. komi: 100—10 000 kr.

33. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og gefa þau út svo breytt.

34. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., var upp tekið nýtt skipulag á verðlagningu landbúnaðarvara. Verðlagið skyldi byggjast á verðlagsgrundvelli, sem fenginn væri með samkomulagi milli þriggja fulltrúa, sem tilnefndir væru af Stéttarsambandi bænda, og þriggja fulltrúa frá félagssamtökum neytenda: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur. Næðist ekki samkomulag um einhver atriði varðandi útreikning framleiðslukostnaðar eða verðlagningu landbúnaðarvara, þá skyldi vísa þeim atriðum, er ágreiningur væri um, til fullnaðarúrskurðar sérstakrar yfirnefndar, skipaðrar þremur mönnum, einum til-

nefndum af fulltrúum bænda, öðrum af fulltrúum neytenda og hagstofustjóra sem oddamanni.

Síðan þessi skipan á verðlagningu landbúnaðarvara var lögfest fyrir 19 árum, hefur fimm sinnum komið til kasta yfirnefndar að úrskurða verðlagsgrundvöllinn.

Með bréfi Alþýðusambands Íslands, dags. 26. ágúst 1965, er landbúnaðarráðherra tilkynnt að miðstjórn Alþýðusambandsins hafi ákveðið að afturkalla tilnefningu sína á fulltrúa í Sexmannanefndinni og hætti aðild að störfum nefndarinnar.

Með þessari ákvörðun var starf Sexmannanefndar gert óvirkt.

Verðlagsgrundvöllur til ákvörðunar afurðaverðs til framleiðendanna gildir fyrir eitt ár í senn, frá byrjun hvers verðlagsárs 1. september og skal hann vera tilbúinn fyrir þann tíma ár hvert. Hér var um skamman tíma að ræða og var óhjákvæmilegt að skipa þessu máli með bráðabirgðalögum. Fyrir því voru gefin út bráðabirgðalög nr. 85 11. september 1965, um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Þar sem ríkisstjórnin taldi mikilvægt að samstarfi yrði aftur komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara, þá skipaði landbúnaðarráðherra þann 17. nóvember s. l. nefnd sjö manna með það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á, og koma fram með tillögur í því efni. Ólafur Björnsson, prófessor, var skipaður formaður nefndarinnar. Aðrir nefndarmenn voru tilnefndir af samtökum framleiðenda og neytenda.

Í sjö manna nefnd náðist ekki samkomulag um sameiginlegar tillögur um breytingar á lögum nr. 59/1960, um framleiðsluráð o. fl.

Með bréfi, dags. 26. febrúar s. l., sendi nefndin landbúnaðarráðuneytinu tillögur sínar í frumvarpsformi. Alþingismaður Hannibal Valdimarsson stendur ekki að þeim tillögum, sem aðrir nefndarmenn hafa gert um skipan og störf Sexmannanefndar, og hefur hann samið sérálit um afstöðu sína og tillögur.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að mestu leyti samhljóða frumvarpi meiri hluta sjö manna nefndar.

Eftir að sjö manna nefnd sendi landbúnaðarráðuneytinu tillögur sínar um breytingar á lögum nr. 59/1960, náðist endanlegt samkomulag með nefndarmönnum, öðrum en Hannibal Valdimarssyni, um efni og orðalag 5. gr. frumvarpsins, um breytingu á 4. gr. laganna.

Breytingin við 15. gr. frumvarpsins og 14. gr. laganna rýmkar heimildir framleiðsluráðs til úthlutunar sláturleyfa og veitir þeim sláturleyfishöfum, sem til þessa hafa haft slík leyfi, tryggingu fyrir sláturleyfum framvegis. Að sjálfsögðu verða sláturhús þessara aðilja að fullnægja þeim skilyrðum, sem um sláturhús gilda á hverjum tíma, sbr. lög nr. 5/1945, um kjötmat o. fl.

Að öðru leyti vísast til gagna þeirra, sem prentuð eru hér á eftir.

1. Skýrsla um störf sjö manna nefndar og meginniðurstöður hennar.
2. Skýringar sjö manna nefndar við einstakar greinar frumvarpsins.
3. Sérálit Hannibals Valdimarssonar.
4. Breytingartillaga Sæmundar G. Ólafssonar við 4. gr. framleiðsluráðslaganna.
5. Tillögur frá Sæmundi G. Ólafssyni um breytingu á 12. gr. framleiðsluráðslaganna, ásamt greinargerð hans.

1. Skýrsla um störf nefndarinnar og meginniðurstöður:

Um miðjan nóvember s. l. skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um afurðasölu landbúnaðarins.

Í skipunarbréfi nefndarmanna segir svo um verkefni nefndarinnar:

„Það er yfirlýstur vilji ríkisstjórnarinnar, að samstarfi verði aftur komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara.

Fyrir því skipar ráðuneytið yður hér með í nefnd, er hafi það verkefni að

leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á, og koma fram með tillögur í því efni.“

Þessir menn voru skipaðir í nefndina:

Ólafur Björnsson, prófessor, formaður,
Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrv. alþingismaður,
Gunnar Guðbjartsson, bóndi, Hjarðarfelli,
Einar Ólafsson, bóndi, Lækjarhvammi,
Sæmundur Ólafsson, framkvæmdastjóri,
Ottó Schopka, viðskiptafræðingur,
Hannibal Valdimarsson, alþingismaður.

Fyrsti fundur nefndarinnar fullskipaðrar var haldinn þriðjudaginn 16. nóv. 1965. Á fyrstu fundum nefndarinnar var um það rætt að ráða nefndinni fastan starfsmann, sem m. a. færði fundargerðabók fyrir nefndina. Samþykkti landbúnaðarráðherra að verða við tilmælum nefndarinnar um greiðslu kostnaðar vegna þessa, en ekki tókst að ráða mann til starfsins, er nefndin taldi eftirsóknarverðan, og kaus hún því Ottó Schopka, viðskiptafræðing, ritara sinn, og hefur hann gegnt því starfi meðan nefndin starfaði. Hefur nefndin haldið alls 41 fund, en hlé varð á störfum nefndarinnar frá 19. des. til 11. jan. vegna fjarveru þeirra nefndarmanna, er ekki eru búsettir í Reykjavík.

Í upphafi starfa sinna réð nefndin með samþykki landbúnaðarráðherra Helga Ólafsson, hagfræðing, til þess að gera ýmsar athuganir fyrir nefndina, safna skýrslum og gögnum og vinna úr þeim. Verður starfs hans getið nánar síðar í nefndarálitinu. Þess var einnig farið á leit við Kjararannsóknarnefnd, að hún rannsakaði gögn þau, er fyrir liggja um vinnutíma bænda, og léti nefndinni í té umsögn um þau. Framkvæmdi Þorvarður Elíasson, viðskiptafræðingur, starfsmaður Kjararannsóknarnefndar athugun þessa, og lét hann nefndinni niðurstöður hennar í té, áður en hún lauk störfum.

Í samræmi við erindisbréf nefndarinnar snerust umræður á fundum hennar mest um það, hverjar umbætur nauðsynlegt væri að gera á núgildandi löggjöf um verðlagningu landbúnaðarvara til þess að grundvöllur fengist fyrir því, að það fyrirkomulag, sem upp var tekið með framleiðsluráðslögunum frá 1947, yrði aftur starfhæft.

Nefndin taldi það þó innan eðlilegs starfssviðs síns að ræða einnig og athuga aðrar leiðir til verðlagningar búvöru en þá, sem farið hefur verið síðan framleiðsluráðslögin frá 1947 voru sett.

Að áliti nefndarinnar koma þar einkum tvær leiðir til greina. Önnur er sú, að sett séu um það nánari fyrirmæli en í núgildandi löggjöf, við hvaða starfsstéttir kaup það, er bóndanum er reiknað í verðlagsgrundvelli, skuli miðað, og á hvaða upplýsingum skuli byggt í því efni. Enn fremur verði úr því skorið með nægilega víðtækum rannsóknum, hver sé framleiðslukostnaður á meðalbúi og vinnutími bóndans. Ef þannig mætti takast að byggja upp nægilega traustan upplýsingagrundvöll, væri unnt að fela opinberum stofnunum, svo sem Hagstofunni eða Efnahagsstofnuninni, að reikna út verðlagninguna frá ári til árs, þannig að ekki væri lengur nauðsynlegt að starfrækja samningakerfi sem það, er framleiðsluráðslögin gera ráð fyrir, nema að því leyti, sem nauðsynlegt þætti, að haft yrði eftirlit með útreikningum þessum af hálfu framleiðenda og neytenda. Samkvæmt upplýsingum, er nefndinni bárust, virðist fyrirkomulag verðlagningar búvöru í Bretlandi byggt á slíkum grundvelli.

Hin leiðin, er til greina kæmi, ef hverfa ætti frá verðlagningu á grundvelli framleiðsluráðslaganna, væri sú, að bændur ákvæðu verðlagninguna sjállfir, en gerðar yrðu þá sérstakar ráðstafanir af opinberri hálfu til þess að halda verðlagi búvöru í skefjum, svo sem þær að leyfa innflutning erlendrar búvöru með ákveðnum tolli.

Báðar þessar leiðir hafa verið ýtarlega ræddar í nefndinni.

Hvað fyrrnefndu leiðina snertir, eða þá að setja verðlagningunni svo þröngar skorður með löggjöf, að hún verði eingöngu reikningsdæmi, þá er nefndin sammála um það, að gera beri ráðstafanir til þess að fá traustari upplýsingagrundvöll fyrir verðlagninguna en nú er fyrir hendi. Gerir nefndin sérstakar tillögur um þetta efni, svo sem síðar verður að vikið.

Hitt er annað mál, að það hlýtur að taka sinn tíma að safna svo öruggum upplýsingum um þessi efni, að grundvöllur sé fyrir því, að verðákvörðunin geti þannig orðið reikningsdæmi eitt. Nefndinni hefur því verið ljóst, að því er ekki undir neinum kringumstæðum að treysta, að málum verði komið í slíkt horf fyrir næsta haust a. m. k. þannig, að aðrar leiðir verður að fara í bili a. m. k. til lausnar þessum málum.

Nefndin athugaði því einnig þá leið, að verðskráningin yrði í höndum bænda, en jafnframt yrðu gerðar ráðstafanir til þess að halda verðlagningu í skefjum með því að leyfa innflutning erlendrar búvöru með ákveðnum tolli. Það gefur þó auga leið, að um innflutning neyzlumjólkur getur þó varla orðið að ræða. Athugun sú, er nefndin hefur látið gera í þessu efni, nær því aðeins til kjöts, smjörs og osta. Sleppt hefur verið að gera hliðstæða athugun varðandi egg og kartöflur, enda hafa framleiðendur þeirra að ýmsu leyti sérstöðu, þar sem um sérhæfða búvöruframleiðslu er að ræða, og hvað eggin snertir, þá hafa þau ekki verið verðlögð af Sexmannanefnd hin síðari ár.

Niðurstöður athugana, sem Efnahagsstofnunin hefur gert um þetta efni, verða birtar hér sem fylgiskjöl við nefndarálitið. Athugunin er gerð á þeim grundvelli, að reiknað er með verði því, er nú fæst fyrir þessar afurðir, séu þær fluttar út, að viðbættum núgildandi tolli, 100% og 200% tolli. Til samanburðar er svo verð á þessum vörum eins og það er nú á innlendum markaði. Það kemur í ljós, að miðað við þessar forsendur myndi verð á innfluttu kjöti verða nokkru hærra en verðið er nú, ef miðað er við 100% toll, en verð á smjöri hins vegar nokkru lægra en á innlendum markaði og miklum mun lægra á osti, þannig, að jafnvel 200% tollur myndi eigi nægja til þess að jafna verð á innfluttum osti og þeim, sem seldur er á innlendum markaði. Hér er, samkvæmt áður sögðu, miðað við það verð, er nú fæst fyrir íslenzkar vörur á erlendum markaði, sem innkaupsverð. Hefur Efnahagsstofnunin gengið út frá þessari forsendu til þess að um fyllilega sambærilega vöru væri að ræða. Gera má hins vegar ráð fyrir því, að ef til innflutnings erlendrar búvöru kæmi, myndi raunverulegt verð hennar verða nokkru hærra en samkvæmt upplýsingum, en telja má þó víst, að verulegur hluti landbúnaðarframleiðslunnar væri í hættu, ef leyfður yrði innflutningur erlendrar búvöru, þó með 100% tolli væri. Erfitt er og að gera sér þess fulla grein, hver áhrif það myndi hafa á verðlagið innanlands, ef að þessu ráði yrði horfið. Efnahagsstofnunin hefur að tilmælum nefndarinnar gert útreikninga á því, hver áhrif það hefði á verðlagið, ef útflutningsuppbætur féllu niður, en tæpast er hægt að gera ráð fyrir þeim í sinni núverandi mynd, ef verðlagning búvöru yrði gefin frjáls, og gert sé í fyrsta lagi ráð fyrir því, að búvöruverð sé við það miðað, að bændur nái þeim tekjum, er núverandi verðlagsgrundvöllur gerir ráð fyrir, en í öðru lagi, að við það sé miðað, að það sama vanti á, að tekjur bænda nái verðlagsgrundvelli, sem nú. Í fyrra dæminu telur Efnahagsstofnunin, að hækka þyrfti verð á þeim vörum, sem nú eru verðlagðar af Sexmannanefnd, um 24.6%. Ef niðurgreiðslur haldast óbreyttar, hækkar vísitala framfærslukostnaðar um 12—13 stig, eða um 6%. Í síðara dæminu myndi verðhækkun á búvöru nema 18%, en vísitalan hækka um 9 stig eða tæp 5%.

Þá ályktun má af þessu draga, að ekki yrði hjá því komizt, að verulegar verðhækkanir myndi af því leiða, a. m. k. fyrst í stað, ef inn á þessa braut yrði farið. Er hætt við að þær verðhækkanir hlytu að auka útgjöld hins opinbera til muna, þannig að vegið gæti á móti þeim sparnaði, sem af niðurfellingu uppbótanna leiddi, en engin von er til þess, að launþegarnir tækju verðhækkanirnar á sig bótalaust. Þá má og eigi loka augunum fyrir þeirri hættu, sem innflutningi er-

lendrar búvöru fylgir, þar eð búfjár- og plöntusjúkdómar gætu auðveldlega fylgt í kjölfar hans.

Með tilliti til þeirrar óvissu, sem þannig myndi stefnt út í, ef þessa leið ætti að fara þegar í stað, telur meiri hluti nefndarinnar ekki fært að svo stöddu að leggja slíkt til, og telur því óhjákvæmilegt, að endurreisa verði um sinn það fyrirkomulag, að um búvöruverðið sé samið af fulltrúum framleiðenda og neytenda, svo sem tillögur þær, er ráðuneytinu hafa þegar verið látnar í té, bera með sér, en nánari greinargerð um einstök atriði þeirra tillagna fylgir hér á eftir.

Sú hugmynd hefur þó allmikið verið rædd í nefndinni, að í stað Sexmannanefndar verði tekið upp það fyrirkomulag, að ríkisvaldið gerist samningsaðili við bændur um búvöruverð. Telur einn nefndarmanna, Hannibal Valdimarsson, þá tilhögun eðlilega, svo sem fram kemur í séráliti hans. Aðrir nefndarmenn geta hins vegar ekki á það fallizt, að slík tilhögun myndi heppileg, og færa eftirfarandi rök fyrir þeirri afstöðu sinni:

1. Ríkisstjórnin er ekki aðili að þeim viðskiptum, sem hér er um að ræða, heldur framleiðendur og neytendur búvöru.

2. Þar sem hlutverk ríkisstjórnar er auðvitað jöfnum höndum að gæta hagsmuna neytenda og framleiðenda, getur hún að okkar áliti ekki verið fulltrúi annars þessara aðila gagnvart hinum.

3. Erfitt yrði að okkar áliti að tryggja það með löggjöf, að samningsaðstaða bænda gæti orðið svipuð því sem nú er, þar sem við svo öflugan samningsaðila er að etja sem ríkisvaldið. Löggjöf sú, er tryggja ætti bændum slíka samningsaðstöðu, væri sett af ríkissvaldinu, framkvæmd af því og það hefði í hendi sér að breyta henni. Er því að okkar áliti hætt við, að allar ráðstafanir, sem í slíku efni ætti að gera, yrðu óraunhæfar.

4. Þá getum við ekki látið hjá líða, að benda á þá hættu, að miklu meiri ófriður yrði um búvöruverðið, ef semja ætti um það milli ríkisstjórnarinnar og bænda, en nú er. Með aðild ríkisstjórnarinnar að verðlagningunni væri hún dregin inn í hin almennu stjórnmálaátök, en slíkt teljum við hvorki bændum né neytendum í hag.

5. Að síðustu bendum við á það, að miklu meiri líkur eru á því, að ákvæði 4. gr. framleiðsluráðslaganna um það, að kaup bóndans skuli vera í samræmi við kaup annarra vinnandi stétta, megi verða raunhæf, ef fulltrúar hinna vinnandi stétta taka sjálfir þátt í því að ákvarða viðmiðunina, en ef slík viðmiðun er ákveðin af ríkisstjórninni og bændum.

Nefndin er þó sem fyrr segir sammála um það, að nauðsyn beri til þess að bæta verulega þann upplýsingagrundvöll, sem verðlagningin byggist á. Með breytingartillögum þeim, sem nefndin gerir við 8. gr. framleiðsluráðslaganna, er stefnt að því í fyrsta lagi, að miklu víðtækari og haldbetri upplýsingar fáist um raunverulegan framleiðslukostnað í landbúnaðinum en nú eru fyrir hendi. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því, að Sexmannanefnd fái aðstöðu til þess að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á ýmsum sviðum, er verðlagningu snerta, svo sem rannsóknir á dreifingarkostnaði, vinnutíma o. fl. Hefur nefndin látið gera nokkrar athuganir á báðum síðastnefndu atriðunum, og fylgja niðurstöður þeirra athugana með nefndarálitinu sem fylgiskjöl, en það er áðurnefnd athugun Helga Ólafssonar á dreifingarkostnaði og athugun Þorvarðar Eliassonar, viðskiptafræðings, á vinnutíma bænda á grundvelli búreikninga búreikningaskrifstofunnar.

Bætt upplýsingasöfnun og rannsóknir á vegum Sexmannanefndar ætti að geta leitt til þess, að þannig mætti skera úr ýmsu, er ella myndi ágreiningsatriði, og auka þannig líkurnar fyrir samkomulagi um verðlagningu búvöru í Sexmannanefnd.

Eins og getið var um í bréfi til landbúnaðarráðuneytisins þ. 11. febr. s. l., er afgreiddar voru tillögur nefndarinnar um breytingar á framleiðsluráðslögunum, þá lágu fyrir í nefndinni óafgreiddar tillögur um breytingar á 12. og 4. gr. laganna. 12. greinin, er fjallar um ábyrgð ríkissjóðs á útflutningsuppbótum á landbúnaðar-

afurðir, hefur sérstöðu sem ákvæði í framleiðsluráðslögunum. Verða því efni ekki gerð skil án gaumgæfilegrar athugunar, sem tekið hefði svo langan tíma, að slíkt hefði óhjákvæmilega valdið talsverðum drætti á því, að nefndin gæti skilað áliti. Nefndin hefur því valið þann kost að taka ekki til meðferðar tillögur þær, er fram hafa verið lagðar, enda lá ekki fyrir ósk frá ráðuneytinu um það, að nefndin fjallaði um þetta mál.

Samkvæmt ósk einstakra nefndarmanna fylgja þó með nefndarálitinu tilllögur, sem fram hafa verið lagðar í nefndinni varðandi 12. gr., og greinargerð fyrir þeim.

Sæmundur Ólafsson hefur lagt fram í nefndinni brtt. við 4. gr. framleiðsluráðslaganna, og fylgir hún nefndarálitinu með greinargerð hans.

Aðrir nefndarmenn tjá sig samþykka þeirri grundvallarhugmynd, sem í tillögu þessari felst, en telja sig ekki geta mælt með því, að ákvæði þau, sem í tillögunni felast, verði lögfest, fyrr en sýnt sé, hvernig þeir framkvæmdaörðugleikar, sem á því eru að ákvarða kaupgjaldsliðinn í verðlagsgrundvelli búvöru á þennan hátt, verði leystir.

2. Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. og 2. gr.

Lagt er til að þriðja málsgrein falli niður, en ákvæði um þetta komi inn í 6. gr., þar sem Sexmannanefnd hefur allt ákvörðunarvald varðandi dreifingarkostnað búvaranna.

Þá er enn fremur lagt til að umorða síðustu málsgreinina um heimild framleiðsluráðs til að ráða sér nauðsynlegt starfslið í samræmi við þá þróun, sem orðið hefur.

Um 3. og 4. gr.

Vegna mjög örrar framleiðsluaukningar í landbúnaðinum síðustu ár er nú svo komið að flytja verður meira magn af landbúnaðarvörum úr landinu en áður var. Útflutningstrygging skv. 12. gr. nægir ekki til að bæta verðið til framleiðenda í fullt grundvallarverð. Framleiðsluaukningin er mest í mjólk og vinnsluvörum úr mjólk, en þær gefa mun minna verð á erlendum markaði heldur en sauðfjárafurðir. Þetta orsakar það, að verðfall á framleiðslunni til bænda verður meira við að flytja á erlendan markað mjólkurvörur heldur en ef umframframleiðslan væri sauðfjárafurðir. Því þykir nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að beina framleiðslunni inn á hagkvæmari brautir. Hér er lagt til að bæta við 5. tölulið greinarinnar tveim stafliðum, sem fela í sér, að framleiðsluráði sé í fyrsta lagi heimilt að ákveða og innheimta gjald á erlent kjarnfóður, sem flutt er til landsins. Þetta miðar fyrst og fremst að því að draga úr óhagkvæmri mjólkurframleiðslu. Í annan stað væri framleiðsluráði heimilað að fyrirskipa lægra útborgunarverð til bænda yfir sumartímann, en þá myndast sá toppur á mjólkurframleiðslunni, sem erfiðleikum veldur. Fé því, sem mjólkurbúin héldu þá eftir, ásamt innheimtugjaldi af kjarnfóðri, yrði varið til útflutningsbóta til viðbótar framlagi ríkissjóðs skv. 12. gr. og til að örva þá framleiðslu landbúnaðarvara, sem væri hagkvæmari fyrir bændastéttina og landbúnaðinn í heild.

Heimildir þessar yrðu því aðeins notaðar, að brýnnar skipulagningar sé þörf í þessu efni.

Í 8. lið greinarinnar er lagt til að leiðrétta tilvísun í 6. og 7. gr. í samræmi við breytingar II. kafla, og þarf það ekki skýringar við.

Um 6. gr.

Breytingar þær, sem á þessari grein eru gerðar, hníga að því að tryggja það, að Sexmannanefnd verði starfhæf, þótt einstakir aðilar, sem rétt hafa til tilnefningar í nefndinni, ákveði að nota ekki rétt sinn.

Nefndin telur einnig rétt, að tekin séu af tvímæli um það, að tilnefning hagsmunasamtakanna í Sexmannanefnd sé réttur þeim til handa, en ekki skylda.

Rétt þykir að taka fram, að forstöðumaður Búreikningaskrifstofu ríkisins skuli vera nefndinni til aðstoðar, sbr. og brtt. nefndarinnar við 8. gr.

Um 7. gr.

Með þessari breytingu er afnumið hið svokallaða „neitunarvald“ í Sexmannanefnd, þannig að hér eftir nægir einfaldur meiri hluti í nefndinni til ákvörðunar verðlagsgrundvallar og verðskráningar. Eykur þetta líkurnar fyrir því, að ekki þurfi að koma til úrskurðar yfirnefndar.

Um 8. gr.

Nefndinni þótti eftir atvikum rétt, að Kaupmannasamtök Íslands, sem nú eru málsvari smákaupmanna, fengju skýlausan rétt til þess að eiga aðild að þeim fundum Sexmannanefndar, þar sem fjallað er um álagningu á búvöru.

Um 9. gr.

Hér er um tvö nýmæli að ræða. Annað er það, að gert er ráð fyrir því, að hægt sé að kveðja sáttasemjara ríkisins til, ef ekki hefur náðst samkomulag í Sexmannanefnd fyrir ákveðinn tíma. Breytt er um fyrirkomulag nefndar þeirrar, er úrskurð fellir um verðlagningu búvöru, ef ekki næst meiri hluti fyrir slíkri ákvörðun í Sexmannanefnd. Er gert ráð fyrir því, að hvor nefndarhluti, framleiðenda og neytenda, tilnefni sinn mann hvor, en nefndin í heild oddamann, ef meiri hluti fæst fyrir slíkri tilnefningu, en ella tilnefni hæstiréttur oddamann. Neiti annar hvor nefndarhluta að tilnefna, er gert ráð fyrir lausn hliðstæðri þeirri, er 5. gr. gerir ráð fyrir, ef ekki er tilnefnt í Sexmannanefnd af hagsmunasamtökum þeim, er til þess hafa rétt.

Um 10. gr.

Hér er um orðalagsbreytingu að ræða til samræmis við breytingu þá, er 8. brtt. gerir ráð fyrir.

Um 11. gr.

Gert er ráð fyrir því, að framvegis gildi verðlagsgrundvöllur samkv. 3. gr. til tveggja ára í stað eins, svo sem nú er, en það taki þó fyrst gildi frá og með haustinu 1967. Ákvæðum um framreikning hinna ýmsu liða framleiðslukostnaðar og kaupgjalds er breytt í samræmi við það. Enn fremur er uppsagnarfrestur framlengdur frá 1. marz til 1. júní.

Um 12. gr.

Hér er um tvö nýmæli að ræða. Annað felst í því, að Búreikningaskrifstofu ríkisins er falin ýtarleg gagnasöfnun um framleiðslukostnað í landbúnaðinum í samráði við Hagstofu Íslands og Sexmannanefnd.

Þá er og gert ráð fyrir því, að Sexmannanefnd öðlist framvegis aðstöðu til þess að framkvæma sjálfstæðar rannsóknir á hverju því sviði, er verðlagningu búvöru snertir. Til þess að auðvelda framkvæmd slíkra rannsókna, þykir rétt að setja ákvæði, er skylda einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til þess að láta þeim, er rannsóknirnar framkvæma, í té nauðsynlegar upplýsingar.

Um 13. gr.

Breyting sú, sem hér er um að ræða leiðir af því, að eftirleiðis er gert ráð fyrir því, að einfaldur meiri hluti í Sexmannanefnd nægi til ákvörðunar verðlagsgrundvallar. Eðlilegra er í því sambandi, sem hér um ræðir, að tala um Sexmannanefnd sem heild fremur en einstaka nefndarhluta.

Um 14. gr.

Þessi breyting er algjör hliðstæða við 12. brtt.

Um 15. gr.

Þar sem af aukinni upplýsingasöfnun og rannsóknum, sem tillögur nefndarinnar gera ráð fyrir að fram fari á vegum Sexmannanefndar, leiðir aukinn kostnað, þykir rétt að taka af tvímæli um það, að skylda framleiðsluráðs til þátttöku í kostnaðinum er óbreytt frá því, sem áður var.

Um 16. gr.

Lagt er til að fella niður undanþáguákvæði um heimild sauðfjárframleiðenda til að verka hangikjöt á heimilum sínum til sölu beint til neytenda. Þetta er ekki notað nú orðið og því ástæðulaust að hafa það í lögunum, enda samrýmist þetta engan veginn viðskiptavenjum nútímans.

Um 17. gr.

Lagt er til að breyta niðurlagi 1. málsgreinar þannig, að verðskráning hrossakjöts fari fram án undantekninga skv. ákvæðum 6. og 7. gr. laganna.

Á sama hátt breytist 3. töluliður greinarinnar, sem fjallar um árstíðabundnar verðbreytingar, til samræmis við ákvæði 6. og 7. gr.

Um 18. gr.

Hér er gerð sú breyting, að framleiðsluráð fær það hlutverk að viðurkenna mjólkurbú í stað ríkisstjórnarinnar og getur sett skilyrði um, hvenær mjólkursamsala skuli stofnuð á mjólkursölusvæði.

Um 19. gr.

Hér er gerð sú breyting að heimilað er að taka verðjöfnunargjald af fleiri vörum en neyzlumjólk og getur í ýmsum tilfellum verið réttmætt að grípa til þess.

Hins vegar er fellt niður að leggja skuli tekjuafgang í verðjöfnunarsjóð. Þetta er gert af því, að í reynd getur enginn tekjuafgangur myndazt hjá samsölu, sem hefur fullkomna útjöfnun á verði.

Orðalag þriðju málsgreinar er gert einfaldara og auðskildara og efnisbreyting er sú, að flutningskostnað frá mjólkurbúi á sölustað er heimilað að taka með í verðjöfnun og verð til framleiðenda á mjólkursölusvæði verði svipað hjá öllum mjólkurbúum viðkomandi svæðis.

Um 20. gr.

Hér eru felld niður úrelt ákvæði, sem litla eða enga þýðingu hafa eða hafa haft, um undanþágu framleiðenda innan kaupstaðamarka til að selja mjólk beint til neytenda, enda samrýmist það ekki heilbrigðissamþykktum.

Um 21. og 22. gr.

Hér eru einnig felld niður úrelt ákvæði, sem ekki hafa verið framkvæmd árum saman og eru tengd undanþáguákvæðum þeim, sem um ræðir hér að framan.

Um 23. gr.

Í ljós hefur komið á undanförnum árum, að nauðsynlegt er að einhver aðili sé til, sem gegni því hlutverki að sætta ágreiningsmál, sem rísa í sambandi við þessi efni, og geti úrskurðað ágreininginn, ef undangengnar sáttatilraunir ekki takast. Því er þessi málsgrein upp tekin.

Um 24. og 25. gr.

Gerð er orðalagsbreyting í samræmi við þá fyrirkomulagsbreytingu, sem orðin er við það, að Grænmetisverzlun landbúnaðarins tók við garðávaxtasölu landsins í stað Grænmetisverzlunar ríkisins.

Sama er að segja um 37. gr.

Um 27. gr.

Í þessari grein felst sú breyting, að ákvæðin um rétt Framleiðsluráðs til að veita landssamtökum garðyrkjumanna og eggjaframleiðenda heildsöluleyfi á framleiðslu sinni, eru gerð ótvíræðari en nú er í lögunum.

Um 28. og 29. gr.

Gerðar eru orðalagsbreytingar til samræmis við venjur, sem skapazt hafa um framkvæmd þeirra ákvæða, sem hér um ræðir.

Um 30. gr.

Hér er gerð sú breyting, að heimilað er að taka verðjöfnunargjald af fleiri vörutegundum en nú er gert, vegna eindreginna óska, sem fram hafa komið frá viðkomandi framleiðendum.

Enn fremur er heimilað að taka verðjöfnunargjald af innveginni mjólk. Það er gert til þess, að komið verði við fullkomnari verðjöfnun.

Um 31. gr.

Breyting þessarar greinar er afleiðing af breytingu 42. gr. og þarf ekki skýringar við.

Um 32. gr.

Hér er um að ræða hækkun á sektarákvæðum, sem eðlilegt má telja með tilliti til þeirrar hækkunar á tekjum og verðlagi, sem orðið hefur síðan ákvæðin voru sett.

Um 33. og 34. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

3. Sérálit Hannibals Valdimarssonar.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands ákvað, eins og kunnugt er, á s. l. hausti að afturkalla tilnefningu sína á fulltrúa í svokallaðri Sexmannanefnd og hætti þar með aðild að störfum nefndarinnar. Þessi ákvörðun var rækilega rökstudd af miðstjórn A. S. Í., og vísast til þess rökstuðnings, sjá þó síðar.

Verkefni Sexmannanefndar er svo sem kunnugt er lögum samkvæmt það að ákveða afurðaverð landbúnaðarvara til framleiðenda, svo og verð í heildsölu og smásölu.

Nefndin skyldi þannig skipuð, að tveir nefndarmenn væru tilnefndir af stjórn Stéttarsambands bænda og einn af framleiðsluráði landbúnaðarins. Þessir þrír sem fulltrúar bænda, en aðrir þrír skyldu teljast fulltrúar neytenda, tilnefndir einn af hverjum eftirtalinna samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Síðan skyldi hagstofustjóri vera nefnd þessari til aðstoðar.

Grundvöllur fyrir starfi nefndarinnar í verðlagningarmálum landbúnaðarvara er svo það ákvæði í framleiðsluráðslögunum, að söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skuli við það miðast, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Þetta er í aðalatriðum það kerfi, sem verðlagning landbúnaðarvara hefur byggzt á.

Þegar sexmannanefndarkerfið varð óvirkt á s. l. hausti, er Alþýðusambandið sagði upp aðild sinni að því, gaf landbúnaðarráðherra út brb.lög um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966. Í þessum brb.lögum var þriggja manna nefnd falið að fara með aðalhlutverk Sexmannanefndar. Þessir menn voru ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, forstjóri Efnahagsstofnunarinnar og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Samkvæmt þessum bráðabirgðalögum voru framleiðsluvörur landbúnaðarins verðlagðar á liðnu hausti.

Í lok októbermánaðar s. l., fékk Alþýðusamband Íslands svo hljóðandi bréf:

„LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 21. október 1965.

Það er yfirlýstur vilji ríkisstjórnarinnar, að samstarfi verði aftur komið á milli framleiðenda og neytenda um verðlagningu landbúnaðarvara til bænda, svo og heildsöluverð og smásöluverð, og að þessir aðilar geti komið sér saman um skipan þessara mála til frambúðar.

Fyrir því vill ráðuneytið óska þess, að Alþýðusamband Íslands tilnefni nú mann af sinni hálfu til að taka sæti í nefnd, er hafi það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á.

Ráðuneytið hefur farið þess á leit, að Sjómannafélag Reykjavíkur, Landssamband iðnaðarmanna, Stéttarsamband bænda og Framleiðsluráð landbúnaðarins tilnefni fulltrúa til að taka sæti í nefnd þessari, einn frá hverjum aðila, nema tveir frá Stéttarsambandi bænda.

Ingólfur Jónsson.

/Jón Sigurðsson.

Til Alþýðusambands Íslands.."

Bréfið var rætt í miðstjórn. Og þótt af upphafsorðum þess mætti ráða, að hugur ríkisstjórnarinnar stefndi í þá átt að endurreisa hið hrunda kerfi, taldi miðstjórnin ekki rétt að skorast undan að taka þátt í nefndarstarfi, er leitaði tillagna, sem ný afurðasölulöggjöf yrði byggð á.

Þess vegna var bréfi ráðherrans svarað á þessa leið:

„12. nóvember 1965.

Á fundi miðstjórnar Alþýðusambands Íslands þann 11. þ. m. var tekið fyrir erindi landbúnaðarráðuneytisins um tilnefningu manns til að taka sæti í nefnd, er undirbúi nýja afurðasölulöggjöf. Tilmæli ráðuneytisins voru afgreidd með svo hljóðandi samþykkt:

„Í tilefni af ummælum landbúnaðarráðherra í upphafi bréfs, dags. 28. okt. s. l., vísar miðstjórnin til fyrri afstöðu sinnar. Þó samþykkir miðstjórnin að tilnefna mann til að taka sæti í nefnd, er hafi það verkefni, að leita nýrra úrræða, sem ný afurðasölulöggjöf verði byggð á."

Samkvæmt þessu var Hannibal Valdimarsson, forseti sambandsins, kosinn í nefndina, og tilkynnist það ráðuneytinu hér með.

Virðingarfyllst,

Til landbúnaðarráðherra,
hr. Ingólfs Jónssonar, Arnarhvoli, Reykjavík."

Fáum dögum síðar barst mér bréf landbúnaðarráðherra, þar sem ég var skipaður í nefnd, eins og þar sagði, „er hafi það verkefni að leita eftir samkomulagsgrundvelli milli framleiðenda og neytenda, sem afurðasölulöggjöfin yrði byggð á, og koma fram með tillögur í því efni."

Af framanrituðu er ljóst, að Alþýðusambandið lét það koma skýrt fram, að það vildi eigi synja um þátttöku í nefndarstarfi, er leitaði nýrra leiða, áður en ný afurðasölulöggjöf yrði sett.

Enginn getur því verið í vafa um, að Alþýðusambandið var andvígt hinu gamla sexmannanefndarkerfi, og hóf ekki störf í hinni nýju nefnd til að endurvekja það heldur til að leita nýrra leiða til lausnar á verðlagningarmálum bænda.

Ég hef fyllstu ástæðu til að þakka ágætt samstarf í nefndinni, og alveg sérstaklega dugandi, en milda forystu Ólafs Björnssonar, prófessors, fyrir nefndarstarfinu.

Leitazt hefur verið við að afla þeirra upplýsinga og láta framkvæma þær athuganir, sem nefndarmenn hafa óskað, allt innan þeirra þröngu marka, sem skammur tími nefndarstarfsins leyfði. Reynt var einnig að afla vitneskju um, hvernig þessum málum væri hagað í öðrum löndum, og þá var ekki hvað sízt lögð áherzla á að kynna sér allar hliðar málsins hér innanlands. Ég var sannfærður um það, er ég hóf nefndarstarfið, að sexmannanefndarkerfið væri óviðunandi bæði bændum og neytendum. Og um það er ég enn þá sannfærðari að loknum störfum í þessari nefnd.

Ég hef því ekki getað orðið samferða meðnefndarmönnum mínum um að endurreisa hið gamla sexmannanefndarkerfi í aðalatriðum, eins og það var, þrátt fyrir smávægilegar breytingar, sem þeir leggja til, að á því verði gerðar.

Ég tel það hvorki til heilla horfa fyrir bændur né neytendur.

Ég rifja fyrst upp aðalrök miðstjórnar A. S. Í. frá s. l. hausti gegn áframhaldandi aðild að starfi Sexmannanefndar:

1. Stöðug hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða er að mestu bein **afleiðing af verðbólgustefnu stjórnarvalda.** Á þá þróun getur sex manna nefnd engin áhrif haft.

2. Högum bænda er nú svo komið, að því fer víðs fjarri, að unnt sé á réttlátan hátt að leysa ýms brýnustu vandamál þeirra — sízt af öllu hinna smærri bænda — með verðlagningu landbúnaðarvara einni saman, en Sexmannanefnd hefur ekkert vald til að fjalla um stefnuna í landbúnaðarmálum í heild.

3. Munurinn á verði því, sem bændur fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og því, sem neytendur verða að greiða, er svo stórkostlegur, að ógerlegt er fyrir fulltrúa neytenda að bera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvara, nema rannsakað sé ofan í kjölinn, hvernig þessi verðmismunur verður til.

Það var því krafa Alþýðusambandsins, að ýtarleg og hlutlaus rannsókn yrði látin fara fram á öllum vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara og það alveg sérstaklega kannað, hve mikill hluti hans stafi af fjárfestingarframkvæmdum milliliða, og hvað af beinum og óhjákvæmilegum sölu- og dreifingarkostnaði.

4. Undir ríkjandi skipulagi er því ekki til að dreifa, að framleiðendur eða neytendur hafi úrslitaáhrif á verðákvörðun landbúnaðarvara. Í þeim efnum ræður ríkisvaldið úrslitum. Milliaðild verkalýðssamtakanna verður því að teljast óeðlileg, enda beinlínis **rangt**, að verkalýðssamtökin taki á sig hlutdeild í þeirri ábyrgð á lausn verðlagsmála landbúnaðarins, sem ríkisvaldið á, eðli málsins samkvæmt, að bera gagnvart bændastéttinni.

5. Þá dró það mjög úr vilja manna innan verkalýðssamtakanna til að halda áfram í Sexmannanefnd með þeirri ábyrgð, sem því fylgir, er forráðamenn stórfyrirtækjanna, Mjólkurbús Flóamanna og Mjólkursamsölunnar, ákváðu s. l. vor að ganga í Vinnuveitendasamband Íslands. — Með því var alvarlegt skref stigið í þá átt að skipa þýðingarmiklum hagsmunasamtökum bænda í andstæðingaraðir verkalýðssamtakanna og gerast fjárhagslegir styrktaraðilar þeirra gegn hagsmunum verkamanna.

En svo að aftur sé vikið að sexmannanefndarkerfinu vil ég undirstrika sérstaklega, að ég tel óeðlilegt með öllu, að samtök erfiðismanna í bæjum og kauptúnum séu lögskipaðir samningsaðilar **móti** erfiðismannastétt dreifbýlisins, bændunum. En þannig er Sexmannanefnd skipuð og þannig hefur hún starfað. Þetta er jafnóeðlilegt og að fulltrúum bænda væri skipað með lögum að samningaborði **móti** verkamönnum, til þess að hafa þar áhrif á launakjör þeirra til lækkunar.

Slíku mundu verkamenn auðvitað vísa á bug sem hreinni fjarstæðu. Enda er þessi samningsaðild verkalýðssamtaka gegn hagsmunasamtökum bænda hrein fjarstæða, sem mál er að linni.

Fyrir þessari afstöðu minni gerði ég allýtarlega grein í upphafi nefndarstarfsins. Jafnframt skýrði ég meðnefndarmönnum mínum frá, að ég sem fulltrúi stéttar, er nyti óskoraðs samningsréttar, svo og verkfallsréttar, væri því fylgjandi, að bændur fengju óskoraðan samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu um launamál sín og lífskjör, ásamt rétti til framleiðslustöðvunar, ef samningar tækjust ekki og mikið bæri á milli.

Ég minntist þess frá umræðum um þessi mál á liðnu hausti, að það gekk sem rauður þráður gegnum ræður forsvarsmanna bænda á Alþingi og utan þings, að samningsréttur um verðlagningu framleiðsluvara sinna væri bændum fyrir öllu. Það versta við bráðabirgðalögin væri það, að með þeim væri bændastéttin svipt öllum samningsrétti o. s. frv.

Þegar svo Stéttarsamband bænda nokkru seinna, um miðjan desember, kvaddi til aukafundar um verðlagsmál landbúnaðarins, og krafðist óskoraðs samningsréttar, fékk ég ekki betur séð en að sú afstaða oddvita bændastéttarinnar, er þar kom fram, styddi hugmyndir mínar um lausn þessara mála.

Upphafið á ályktun Stéttarsambandsfundarins var á þessa leið:

„Aukafundur Stéttarsambands bænda, haldinn í Reykjavík 14. og 15. desember 1965, leggur áherzlu á það, að við væntanlegar breytingar á löggjöfinni um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun, sölu á landbúnaðarafurðum og fleira, verði bændum tryggður að fullu samningsréttur um kjör sín. Og felur fundurinn fulltrúum sínum í sjö manna nefnd ríkisstjórnarinnar að athuga jöfnum höndum möguleika á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstjórninni, sem og fulltrúa frá öðrum aðilum."

Það eru mér því mikil vonbrigði, að fulltrúar bænda í sjö manna nefnd hafa ekki getað fallizt á tillögur mínar um óskoraðan samningsrétt bændastéttarinnar, en halda sér fast við gamla kerfið endurvakið í lítt breyttri mynd.

Ég hef spurt meðnefndarmenn mína að því, hvort þeir þekki þess dæmi í nokkru landi, að verkalýðssamtökin eigi samningsaðild gagnvart bændum um verðlagningu landbúnaðarvara.

Auðvitað hafa þeir orðið að svara því neitandi, því að til þess hefur hvergi spurzt. Er næsta ólíklegt, að það fyrirfinnist nokkurs staðar í veröldinni. A. m. k. er fullvíst, að það á sér enga hliðstæðu í nærliggjandi löndum.

Raunar liggur það í augum uppi, að fásinna er að slíta verðlagsmál landbúnaðarins úr samhengi við alla þætti í almennri landbúnaðarpólitík. Launamál bænda, þ. e. verðlagsmálin, eru óaðskiljanlegur hluti af bændapólitíkinni að öðru leyti. Gamla sexmannanefndarkerfið einangrar verðlagsmál landbúnaðarins, slítur þau úr öllu eðlilegu samhengi við önnur hagsmunamál bænda.

Stæðu fulltrúar Stéttarsambands bænda hins vegar í samningum við fulltrúa ríkisstjórnarinnar, gæti bókstaflega allt, sem landbúnað varðar, komið upp á samningaborðið engu síður en verðlagsmálin. Má þar til nefna vaxtakjör og lánstíma til landbúnaðar, tolla á tækja- og vélakosti til landbúnaðarstarfa og mýmargt annað, sem ekki gæti síður bætt hag bóndans en verðhækkun á framleiðslueiningu.

En þekkist það þá nokkurs staðar, að verð landbúnaðarvara sé ákveðið með samningum milli hagsmunasamtaka bændanna og ríkisvaldsins?

Jú, víst svo. Upplýsingar liggja fyrir um það, að í Danmörku eru þessi mál útkljáð með beinum samningum milli bændasamtaka og ríkisstjórnar.

Í Englandi eru bændum tryggðar lágmarkstekjur, er svari meðaltekjum í þjóðfélaginu. Ákveður ríkisstjórnin verðið miðað við verð á innfluttum landbúnaðarafurðum frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. En það, sem á vantar, að meðaltekjum verði náð, greiðir ríkið sem uppbætur á sláturgrip.

Í Noregi eru bændur skipulagðir í tvennum samtökum, Norges bondelag og Norges bonde- og småbrukarlag.

Þessi samtök semja við fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu, og hefur það skipulag gilt síðan 1947.

Til grundvallar þessum samningum liggur ákvörðun Stórþingsins um, að bændum skuli tryggðar sömu tekjur og öðrum þjóðfélagsþegnum. Um leið og samið er um verðlagið, er samið um ýmiss konar stjórnmálaaðgerðir fyrir landbúnaðinn.

Til er það í Noregi, að þeim bændum, sem búa í landshlutum, þar sem landbúnaður á erfitt uppdráttar frá náttúrunnar hendi, svo sem sums staðar í Norður-Noregi, sé greitt umfram hið samningsbundna verð, svonefndar erfiðleikabætur (vanketillegg). Þá eru smábændur hvattir til að stækka bú sín, svo að þau verði hagkvæm rekstrareining, með viðbótargreiðslum frá ríkinu, „småbrukartillegg".

Þetta virðast vera skynsamlegar aðferðir til að jafna aðstöðu landbúnaðarins og lyfta honum á arðvænlegra rekstrarstig.

Að sínu leyti er íslenzka kerfið, sem engu sinnir nema verðhækkunum á framleiðslueiningu, jafnóskynsamlegt. Hvort sem mjólkin eða kjötið er hækkað um 10 eða 20%, getur það aldrei skipt sköpum fyrir smábóndann. Hann fær í sinn hlut aðeins örlítinn hluta þeirra hundraða milljóna, sem ríkið greiðir í niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Það er stórbóndinn, sem bezt er settur og ekki er hjálparþurfi, sá, sem mest er búinn að rækta og stærstan hefur bústofninn, sem fær obbann af öllu því fjármagni, sem ríkissjóður greiðir til landbúnaðarins, meðan gamla verðlagskerfinu er fylgt.

Þetta er óheppilegt og óskynsamlegt af tveimur ástæðum: Smæstu búin eru óhagkvæm. Búi smábóndinn á býli, sem framtíðarskilyrði hefur, á ríkið að veita honum sérstaka aðstoð til að koma bústærðinni í hagkvæmt horf. Búi hann hins vegar á örreytiskoti, sem ekki getur talizt framtíðarbújörð, á ríkið að kaupa hana fullu verði. Til þessa hvors tveggja væri ríkisfé vel varið.

Í annan stað sýna nýjustu athuganir, að bú tekur aftur að skila minna arði á framleiðslueiningu, er það hefur náð vissri stærð. — Þegar bú hefur náð þeirri stærð, ættu ríkisframlög að falla niður. Að öðrum kosti er bóndans freistað til að halda áfram bústækkun, þótt það sé bæði sjálfum honum og þjóðfélaginu óhagkvæmt. — Þannig verkar gamla kerfið, sem slítur verðlagningu framleiðslueiningar landbúnaðarvara úr tengslum við allt annað.

En eitt vil ég gagnrýna varðandi tilhögun á fjárgreiðslum til landbúnaðarins.

Alkunnugt er, að í sumum héruðum landsins eru yfirburða góð skilyrði til mjólkurframleiðslu, en miður góð til sauðfjárræktar. Í öðrum héruðum er þetta öfugt, frábær skilyrði til sauðfjárræktar, en léleg aðstaða til mjólkurframleiðslu.

Í síðara tilfellinu sýnist ekki skynsamlegt, að ríkið ausi út fé til örvunar mjólkurframleiðslu, né í hinu fyrra, að ríkið ausi út milljónatugum til eflingar sauðfjárrækt. Þó er þetta gert nú, án nokkurs tillits til þess, hvað arðvænlegast sé.

Suðurlandsundirlendið liggur ótvírætt bezt við mjólkurframleiðslu. Kemur þar hvort tveggja til, ræktunarskilyrði og markaðsaðstaða. En hins vegar eru skilyrði til sauðfjárræktar í þessum landshluta miklu örðugri af ýmsum ástæðum.

Þó er búskaparháttum á þessum slóðum þannig lýst í Árbók landbúnaðarins 1965 — í yfirlitsgrein, er nefnist „Landbúnaðurinn 1964":

„Mjólkurframleiðslan hefur farið minnkandi í næsta nágrenni Reykjavíkur, Gullbringu- og Kjósarsýslu, og aukizt hægt á Suðurlandsundirlendinu og í Borgarfirði, en á Norðurlandi hefur orðið mikil og hröð framleiðsluaukning. ..... Þó virðist sem það muni enn halda áfram, að mjólkurframleiðslan fari þverrandi í næsta nágrenni Reykjavíkur, þ. e. Gullbringu- og Kjósarsýslu. En á Suðurlandsundirlendinu sýnist vera í **undirbúningi** talsvert mikil aukning mjólkurframleiðslunnar ....".

„Hins vegar eru þar nú allir hagar fullsetnir sauðfé og aukning sauðfjárafurða orðin örðug, nema með því að beita sauðfénu á ræktað land, tún og fóðurkálsakra, en ólíklegt er, að slík beit henti eins vel sauðfé sem nautgripum."

Mundi það ekki tvímælalaust stuðla að aukinni hagkvæmni í búskaparháttum og spara ríkisfé, **ef landinu væri skipt í framleiðslusvæði,** og uppbótum frá ríkinu umfram eðlilegt framleiðsluverð beint til örvunar þeirra búgreina, sem bezt skilyrði hafa á hverju svæði.

Einn er sá meginókostur enn við sexmannanefndarkerfið, eins og það hefur verið í framkvæmd. Hann er sá, að byggt hefur verið á allsendis ófullnægjandi upplýsingum um framleiðslukostnað, vinnutíma bænda, og þó alveg sérstaklega um vinnslu-, dreifingar- og sölukostnað landbúnaðarvara. En síðan á að byggja samningaþóf á þessum veika grundvelli. Má nærri geta, að niðurstaða hlýtur að verða nokkuð tilviljanakennd, þegar svo er á sandi byggt.

Allir nefndarmenn hafa verið sammála um, að úr þessu verði að bæta. Tel ég tillögur meiri hlutans um aðstöðu Sexmannanefndar til gagnaöflunar og sjálfstæðra rannsókna vera mjög til bóta, en þó engan veginn fullnægjandi.

Koma þarf á fót fastri stofnun, er annist alhliða kjararannsókn varðandi landbúnaðinn, svo að verðlag landbúnaðarvara yrði að mestu og helzt að öllu leyti útkoma úr reikningsdæmi.

Samkvæmt ósk minni gerði Helgi Ólafsson, hagfræðingur, nokkra athugun fyrir nefndina á kostnaði við vinnslu og dreifingu mjólkur. Segir hann, að ógerlegt sé af könnun reikninga fyrirtækja einna saman að gera viðhlítandi athugasemdir við einstaka liði rekstrarkostnaðarins. Til þess þurfi ýtarlegri rannsóknir og tímafrekari en svo, að þær hafi verið unnt að framkvæma á svo stuttum tíma.

Nokkurn samanburð gerði Helgi Ólafsson á hæstu og lægstu gjaldaliðum mjólkurbúa á hvern lítra innveginnar mjólkur. Kemst hann að þeirri niðurstöðu, að furðumikill munur sé á hliðstæðum kostnaðarliðum, og reynir að finna skýringar á honum, en segir síðan:

„Þrátt fyrir ofangreindar athugasemdir, er mismunurinn á sumum liðum, eins og t. d. vinnulaunum, svo mikill sums staðar, að telja verður það rannsóknarefni út af fyrir sig."

Til að auðvelda samanburð á reikningum mjólkurbúanna í framtíðinni, þyrfti að samræma þá með því að færa bókhald þeirra allra í nýtízku form, þar sem sundurliðun yrði sú sama fyrir öll búin. Einnig væri æskilegt, að einn aðili endurskoðaði bókhald allra búanna til að fylgja samræminu eftir.

Þess er að lokum rétt að geta, að Helgi telur meðaldreifingarkostnað mjólkur hér vera að krónutölu ýmist svipaðan eða lægri en í þeim Evrópulöndum, sem tekin voru til samanburðar. Þó er hann nokkru lægri í Noregi en hér.

Engin könnun hefur farið fram á vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaði kjötvara. Er því brýn þörf á ýtarlegri rannsókn á milliliðakostnaði landbúnaðarvara hér á landi.

Þess skal að lokum getið, að ég hef bæði persónulega og í nafni miðstjórnar Alþýðusambands Íslands andmælt því, að Alþýðusambandið verði áfram burðarás í hinu endurreista sexmannanefndarkerfi, það muni ekki notfæra sér tilnefningarréttinn. En þótt undarlegt megi virðast, hefur meiri hluti nefndarinnar ekki tekið þessi mótmæli til greina, og setur nafn þess samt sem áður inn í 5. grein sem tilnefningaraðila í Sexmannanefnd, ásamt Landssambandi iðnaðarmanna og Sjómannafélagi Reykjavíkur.

Tillögur mínar eru í aðalatriðum þessar:

1. Komið verði á fót kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, er skipuð sé tveimur fulltrúum Stéttarsambands bænda og tveimur, er ríkisstjórnin tilnefnir.
2. Bændum skulu með lögum tryggðar lágmarkstekjur, er eigi séu lægri en meðaltekjur opinberra starfsmanna.
3. Stéttarsamband bænda fái með lögum viðurkenndan óskoraðan samningsrétt fyrir hönd bænda um afurðaverð og launakjör.

Takist samningar ekki, skal stjórn Stéttarsambands bænda leggja tillögur sínar um verð á framleiðslueiningu fyrir alla bændur, og skoðast tillagan samþykkt fái hún 75% greiddra atkvæða, enda taki a. m. k. 50% atkvæðisbærra bænda þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hannibal Valdimarsson.

4. Breytingartillaga Sæmundar G. Ólafssonar við 4. gr. framleiðsluráðslaganna.

Punktur falli niður á eftir orðunum: ... annarra vinnandi stétta
Þar næst komi:

, skal því í verðlagsgrundvelli, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bónda og aðkeypta vinnu á búi af þeirri stærð, sem miðað er við að hverju sinni, og virða vinnutíma til samræmis við kaupgjald verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils; eigi skal þó taka til viðmiðunar ákvæðisvinnu verkamanna og iðnaðarmanna né aflahlut sjómanna.

Greinargerð.

Samkvæmt 4. grein framleiðsluráðslaganna skal „söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.“ Hið almenna orðalag greinarinnar gefur sex manna nefndinni mikið svigrúm í ákvörðun launaliðarins, en honum hefur frá upphafi verið skipt í „Laun bónda“ og „Laun verkafólks hans“. Á fyrstu starfsárum sínum ákvað sex manna nefnd bóndanum 2730 vinnustundir á ári með almennum kauptaxta Dagsbrúnar án orlofs eins og hann var í lok verðlagsársins. Viðmiðunarbúið var þá miklu minna heldur en það viðmiðunarbú, sem síðast var notað við verðlagninguna. Árið 1949 og jafnan síðan hefur Hagstofa Íslands reiknað út launaúrtak giftra manna úr „öðrum vinnandi stéttum“, þ. e. verkamanna-, iðnaðarmanna- og sjómannastéttunum í Reykjavík, kaupstöðunum og nokkrum kauptúnum.

Meðan eftirspurn eftir vinnuafli var minni en framboðið á vinnumarkaðnum, voru niðurstöður úrtaksins oftast lægri heldur en tímakaupsútreikningurinn. Árið 1957 og síðar tók sex manna nefnd þann kost að semja um kaupgjaldslið grundvallarins með hliðsjón af úrtaksniðurstöðunum og tímakaupsútreikningnum. Árið 1961 náði sex manna nefnd ekki samkomulagi um verðlagsgrundvöll og fór málið því til yfirnefndar. Meiri hluti yfirnefndar ákvað kaup bóndans í samræmi við launaúrtakið úr Reykjavík fyrir árið 1960 og færði það fram samkvæmt breytingu Dagsbrúnarkaups frá haustinu 1960 til haustsins 1961, en Reykjavíkur-úrtakið var þá nokkru lægra en landsúrtakið. Einar Gíslason, sem þá var fulltrúi neytenda í yfirnefnd, mótmælti því, að kaup bóndans væri ákveðið á þennan hátt og lét bóka eftirfarandi:

„Fulltrúi neytenda mótmælir hverri hækkun á launalið bóndans, sem ekki er hægt að rekja til taxtahækkunar hjá öðrum vinnandi stéttum eða til aukins vinnumagns bóndans vegna stækkaðs bús.“ Með bókun þessari markaði Einar Gíslason afstöðu fulltrúa neytenda í sex manna nefnd til ákvörðunar á kaupi bóndans í verðlagsgrundvellinum.

Árið 1963 kom verðlagningin aftur fyrir yfirnefnd og var kaup bóndans þá ákveðið á líkan hátt og árið 1961, gegn andstöðu fulltrúa neytenda í nefndinni, Sæmundar Ólafssonar, sem lét bóka eftirfarandi: „Fulltrúi neytenda mótmælir þeirri aðferð, sem þessi upphæð er fundin eftir (þ. e. kaup bóndans) og vísar til bókunar fulltrúa neytenda í yfirnefnd haustið 1961 þar um.“

Af framansögðu er ljóst, að fulltrúar neytenda hafa ávallt verið mjög andvígir því að ákveða launalið verðlagsgrundvallarins í samræmi við launaúrtak Hagstofu Íslands.

Það er ekki réttmætt að hækka kaup bænda vegna þess, að viðmiðunarstéttirnar hafa lengt vinnudag sinn úr hófi, eða vegna þess, að einhver hluti manna úr viðmiðunarstéttunum taki laun samkvæmt ákvæðisvinnu, sem gefur þeim því aðeins hærri laun heldur en umsamið tímakaup, að þeir ráði yfir mjög mikilli verktækni og þjálfun og vinni með miklum vinnuhraða. Árstekjur hlutasjómanna eru mjög misjafnar og veltur þar á ýmsu um fjárhagsafkomuna allt frá lágri kauptryggingu upp í mjög háar árstekjur einstök ár. Hlutasjómenn hafa ótakmarkaðan vinnutíma, þegar vel aflast, og óþægilegt líf og aðbúð. Tímabundin velgengni fiskimanna, sem leggja líf sitt og heilsu að veði í æðisgengnu kapphlaupi um aflann, oft við tvísýnar og erfiðar aðstæður, getur ekki gefið þeim þjóðfélagsþegnum, sem hafa sitt á þurru, minnsta rétt til launahækkana.

Við búreksturinn verður bóndinn og verkafólk hans að vinna ákveðinn vinnustundafjölda á ári. Þessi nefnd leggur til að bætt verði öll aðstaða til upplýsingasöfnunar með það fyrir augum, að sex manna nefnd gefist kostur á að starfa á haldbetri grundvelli hér eftir en hingað til. Bætt upplýsingasöfnun á meðal annars að auðvelda ákvörðun um vinnumagnsþörf við framleiðslu búvöru. Ágreiningsefnin í sex manna nefnd munu vissulega verða mörg á næstu árum, og er því brýn nauðsyn, að löggjafinn skeri úr um það, hvort „laun bóndans“ eigi að ákvarða á grundvelli skattframtalsupplýsinga um árstekjur viðmiðunarstéttanna eða hvort miða beri við, að bóndinn og verkafólk hans beri úr býtum kaup, tíma- eða vikukaup, sem sambærilegt er við kaup annarra vinnandi stétta.

Það er ástæða til að benda á, að verðlagsákvörðun landbúnaðarvöru, miðað við bú af tiltekinni stærð (vísitölubú), er í eðli sínu sambærileg við ákvörðun ákvæðisvinnutaxta. Á sama hátt og ákvæðisvinnumanninum er tryggt umsamið tímakaup fyrir tiltekin afköst á tíma, fyrir múrhúðun á tilteknum fleti, o. s. frv., þá er bóndanum tryggt ákveðið kaup miðað við framleiðslu á tilteknum fjölda mjólkurlítra o. s. frv.

Að vísu er málið nokkru flóknara, þegar ákveða skal verðlag á búvörum, því þá þarf einnig að áætla annan rekstrarkostnað en vinnuframlagið, en grundvallarsjónarmið eru þau sömu. Af þessu leiðir að viðmiðunin á að vera **kauptaxtar** viðmiðunarstéttanna, en ekki breytilegar árstekjur þeirra vegna lengri eða styttri vinnutíma, vegna ákvæðisvinnu einstakra manna í úrtakinu eða vegna mismunandi góðra aflaára.

5. Tillögur frá Sæmundi G. Ólafssyni um breytingu á 12. gr. framleiðsluráðslaganna, ásamt greinargerð hans.

12. gr., 2. mgr.

Í stað orðanna „Útflutningi landbúnaðarvara“ komi: „útflutningi sauðfjár- og nautgripaafurða“, og

í stað orðanna „heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar“ komi: „heildarverðmæti sauðfjár- og nautgripaafurða framleiðslunnar“.

Við greinina bætist:

Ekki skal greiða meira en 100% útflutningsuppbætur fyrir hverja sérgreinda vörutegund. Útflutningsuppbætur fyrir sérgreinda vörutegund, sem hærri eru en 100% fyrir yfirstandandi verðlagsár, skal lækka í fimm jöfnum áföngum verðlagsárin 1966—67 til 1970—71 niður í 100%.

Á verðlagsárinu 1966—67 skal hámarksskuldbinding ríkissjóðs vegna útflutningsuppbóta vera 200 m.kr., og lækka næstu sjö verðlagsár um 20 m.kr. hvert ár, nema ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar ákvarði lægri upphæð.

Greinargerð.

Gildandi lög kveða ekki á um, hvað telja eigi til „heildarverðmætis landbúnaðarframleiðslunnar".

Hér er lagt til að miðað sé við heildarverðmæti nautgripa- og sauðfjárbúskaparins, enda er verðlagning þessara afurða það, sem úrslitaþýðingu hefur fyrir íslenzka bændur.

Sé miðað við verðlagsgrundvöll haustið 1965 sést þetta greinilega.

Verðlagsgrundvöllur 1965—66:

	1000 kr.
Afurðir af nautgripum	176,3
— — sauðfé	131,0
— — hrossum	3,9
Kartöflur	6,5
Aukabúgreinar	10,9
Launatekjur utan bús	11,7
	340,3

Þar sem skýr lagaákvæði voru ekki fyrir hendi, var á sínum tíma, þegar ákveða átti 10% hámarkið, sem útflutningsuppbótaskylda ríkissjóðs er miðuð við, gripið til þeirra ráða að miða við upptalningu landbúnaðarskýrslna Hagstofunnar, en þar er talið verðmæti ýmsrar framleiðslu, sem er þeim verðlagsmálum landbúnaðarins, sem hér er fjallað um, að öllu óskyld.

Fyrir árið 1963, svo dæmi sé tekið, lítur þetta þannig út:

Búnaðarskýrslur, verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar árið 1963:

	M.kr.
Verðmæti nautgripaafurða	670,9
— sauðfjárafurða	560,7
— afurða af hrossum	24,7
— afurða af geitum, svínum, loðdýrum og alifuglum	57,3
— garð- og gróðurhúsaafurða (kartöflur, rófur, tómatar, blóm o. fl.)	86,7
Tekjur af hlunnindum	45,0
	1 445,5

Færa mætti ýmis rök með eða á móti því að telja einnig verðmæti afurða af hrossum og verðmæti kartöfluuppskeru bænda. Hér er lagt til, að þetta verðmæti sé ekki meðtalið, og er þá aðallega litið til þess, að hrossarækt og kartöflurækt hefur ekki sérstaka þýðingu, nema fyrir fáa bændur.

Útflutningsuppbótakerfið var á sínum tíma sett til þess að tryggja bændum sama verð fyrir útfluttar afurðir og þeim var tryggt á innlendum markaði. Augljóst er, að slíkri allsherjarverðtryggingu án tillits til þess verðs, sem kaupendur — í þessu tilfelli hinir erlendu kaupendur — vilja greiða fyrir vöruna, verður að setja einhver takmörk, og að stefna beri að því, að þýðingarmikil atvinnugrein, landbúnaðurinn, standi á eigin fótum, en þurfi ekki að sækja sívaxandi styrki í ríkissjóð.

Hjálögð tafla sýnir, hvert stefnt hefur frá því, að þetta kerfi var tekið upp. Á sex árum hafa útflutningsstyrkir tífaldast og hefðu, ef bændur ættu að fá fullt verð, þurft að tólffaldast. Á þessari braut má ekki halda áfram.

Þær tillögur, sem hér eru gerðar um hámarksuppbætur fyrir hverja vörutegund, og um árlega lækkun þeirrar heildarfúlgu, sem greiða má í útflutningsbætur, stefna að því að þrýsta þeim útflutningi landbúnaðarafurða, sem nauðsynlegur þykir á hverjum tíma, inn á brautir, er þarfnast minnkandi tillags úr sameiginlegum sjóðum þjóðfélagsins.

Sæm. G. Ólafsson.

Ed. 483. Frumvarp til laga [187. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán allt að 13.5 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð $ 318 000.00 vegna sanddælingartækja, er vita- og hafnarmálastjórnin hefur fest kaup á.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 6.0 millj. vegna öryggistækja, er flugmálastjórnin hyggst festa kaup á.

4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán að upphæð kr. 45.5 millj. vegna framkvæmda í raforku- og jarðhitamálum.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini, að upphæð allt að 100 millj. kr.

6. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 5. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir nánari ákvörðun ráðherra.

7. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 5. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55 1964.

8. gr.

Lánsfé því, er aflast með sölu bréfa og spariskírteina samkv. 5. gr., skal verja sem hér segir: Til landshafna: kr. 18.0 milljónir; til vega: kr. 30.8 milljónir; til flugmála: kr. 26.3 milljónir; til skóla: kr. 14.9 milljónir og til sjúkrahúsa: kr. 10.0 milljónir.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að gefa út ný verðbréf eða spariskírteini samkv. ákvæðum 6. gr., eftir því, sem á þarf að halda, í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin, samkv. ákvæðum 5. gr., að viðbættri áfallinni verðlagsuppbót.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur um mörg undanfarin ár aflað fjár til ýmissa framkvæmda ríkisins og ríkisstofnana með lántökum. Hefur hér verið um að ræða erlendar lántökur, lántökur hjá innlendu viðskiptabönkunum og nú um tvö undanfarin ár sölu vísitölutryggðra ríkisskuldabréfa.

Í frumvarpi því, sem hér er lagt fram, er heimildar óskað til að taka lán að upphæð samtals um 178.7 milljónir króna vegna framkvæmdaáætlunar ársins 1966. Umræddar 178.7 milljónir eru aðeins sá hluti þess fjár, er verja á til framkvæmda, sem lántökuheimild vantar fyrir. Fjármálaráðherra mun á næstunni gera nánari grein fyrir fjáröflun til framkvæmdaáætlunar.

Í 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 13.5 millj. kr. verði teknar að láni vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum. Á s. l. ári fékkst lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til samgöngubóta á Vestfjörðum. Líklegt er, að gerlegt sé að afla svipaðs lánsfjár í ár frá Viðreisnarsjóðnum og fékkst á s. l. ári.

Í 2. gr. frumvarpsins er óskað heimildar til að taka lán að upphæð $ 318 000.00 vegna sanddælingartækja, er vita- og hafnarmálastjórnin hefur fest kaup á. Lán stendur til boða hjá Export—Import Bank of Washington, og á það að endurgreiðast á 7 árum með 5½% vöxtum.

Í 3. gr. er farið fram á heimild til lántöku vegna framkvæmda í öryggismálum flugþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að umræddar 6 milljónir fáist að láni hjá seljendum þeirra tækja, er flugöryggisþjónustan hyggst kaupa.

4. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir heimild til lántöku vegna framkvæmda á vegum raforku- og jarðhitasjóðs. Mun verða leitað eftir fé til framkvæmda þessara hjá viðskiptabönkunum, af PL. 480 fé og úr héraði vegna sveitaveitna í Borgarfirði.

Í 5. gr. er gert ráð fyrir að gefin verði út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini, að upphæð allt að 100 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur tvö undanfarin ár fengið heimild til að gefa út vísitölutryggð spariskírteini, og eru ákvæði frumvarps þessa um ríkisskuldabréf og spariskírteini samhljóða ákvæðum laga nr. 59 frá 20. nóvember 1964.

8. gr. frumvarpsins greinir frá, hvernig ráðstafa skuli andvirði seldra spariskírteina.

Nd. 484. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og er sammála um að mæla með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Hannibal Valdimarsson, frsm.
Sverrir Júlíusson.	Jónas Pétursson.	Ágúst Þorvaldsson.
	Björn Pálsson.	

Ed. 485. Frumvarp til laga [188. mál]

um landshöfn í Þorlákshöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gera samning við eigendur hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn um, að ríkissjóður taki við eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs Þorlákshafnar, enda fylgi hæfilegt landrými til reksturs hafnarinnar.

Ríkissjóður lætur síðan starfrækja og auka hafnarmannvirki í Þorlákshöfn, á sinn kostnað.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 100 millj. kr. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði hafnarinnar.

4. gr.

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti fimm menn, kosnir af sameinuðu Alþingi. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef

með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu. Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar, né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir: 1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr. 2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra: a) Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig. b) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land. c) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar. d) Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar. e) Allt að 2% andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur. f) Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar. Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hafnarstjórnar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að víkja megi frá áætluninni. Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þorlákshöfn er forn verstöð og var útræði þaðan verulegt á tímum áraskipanna. Þar úti fyrir eru ein beztu fiskimið landsins og staðurinn liggur vel við til vöruflutninga á sjó. Þar er nú eina höfnin við suðurströnd landsins frá Grindavík til Hornafjarðar.

Með tilkomu vélbáta lagðist útræði frá Þorlákshöfn niður, þar sem hafnaraðstaða var þá ónóg.

Hafnargerð í Þorlákshöfn hefur verið til umræðu síðan um síðustu aldamót. Helzta tilraunin í framkvæmdaátt var tillaga N. P. Kirk, að höfn í Þorlákshöfn árið 1919, sem kosta skyldi 4.2 millj. kr. á verðlagi þess árs.

Eins og upphæðin sýnir, var tillaga N. P. Kirk stór í sniðum, enda gerði hún ráð fyrir 320 000 m² svæði innan garða, er samtals yrðu um 1600 m langir. Áætlanir þessar voru hinar merkustu, en kostnaður of mikill til að unnt þætti að hefjast handa um sinn. Það var ekki fyrr en 1929, að framkvæmdir hófust, og þá í smærri stíl en Kirk hafði gert ráð fyrir.

Árið 1946 tóku sýslunefndir Árness- og Rangárvallasýslna höndum saman til að hrinda í framkvæmd byggingu hafnar í Þorlákshöfn. Keypt var jörðin Þorlákshöfn, hafin vegagerð og endurbætur á þeim litlu mannvirkjum, sem fyrir voru á staðnum, en þar höfðu verið gerðir nokkrir skjólgarðar til að bæta lendingarskilyrðin í svokallaðri Norðurvör. Einnig var hafin smíði Suðurgarðsins.

Eftir að hafnarnefnd, kosin af sýslunefndunum, hafði tekið við stjórn framkvæmda, var áherzla lögð á að byggja öldubrjót, er jafnframt skyldi vera báta- og hafskipabryggja og bátalægi í skjóli garðsins.

Alls munu þær framkvæmdir hafa kostað um 14 millj. króna, er lokið var við í árslok 1960. Urðu þá þáttaskil í byggingarsögu staðarins, þar sem ákveðið var að taka stórlán til nýs átaks í hafnargerðinni.

Þegar núverandi framkvæmdir hófust í Þorlákshöfn, var þar ein 140 m löng bátabryggja (Norðurgarður), með dýpi meira en 2 m á yztu 25 m og einnig brimbrjótur (Suðurgarður) um 200 m langur, með dýpi yfir 2 metra á yztu 85 m og var þar rúm fyrir eitt lítið flutningaskip.

Að undangengnum undirbúningsrannsóknum á vegum vitamálaskrifstofunnar, var stækkun Þorlákshafnar boðin út árið 1961.

Samkvæmt útboði skyldi Suðurgarðurinn lengjast um 75 m með 12.5 m breiðum steinkeragarði og á honum vera 2 m hár skjólveggur. Norðurgarðurinn skyldi lengjast um 100 m og þvert á hann koma 88 m langur þvergarður til suðurs, og þannig myndast 1900 m² bátakví.

Þrjú tilboð bárust, þar af eitt frá Efrafalli sf., er gerði ráð fyrir annarri gerð mannvirkja en þau, sem boðin voru. Var því tilboði tekið og á grundvelli þess gerður verksamningur, er undirritaður var í maí 1962, og hófust framkvæmdir skömmu síðar.

Með viðbótarsamningi, er undirritaður var 1963, var ákveðið að verksali skyldi hafa lokið Suðurgarði eigi síðar en 1. janúar 1965 og Norðurgarði eigi síðar en 1. janúar 1966. Af tæknilegum ástæðum var ákveðið að auka breidd Suðurgarðsins úr 12.5 m í 14.5 m strax í upphafi og síðar var legu Norður- og þvergarðanna breytt, breidd þeirra einnig aukin í 14.5 m og Norðurgarður lengdur í 115 m og þvergarður í 95 m, og hafnarsvæðið stækkað þannig um 2000 m². Var sú breyting gerð með tilliti til breytinga þeirra, er orðið hafa á bátaflota landsmanna hin seinustu ár.

Hafizt var handa um byggingu Suðurgarðsins, og var hann allur orðinn nothæfur fyrir skip 10. marz 1965 og fullfrágenginn á því sumri, og var síðan formlega afhentur hafnarstjórn 10. nóvember 1965.

Á því sumri var hafizt handa um byggingu Norðurgarðsins, og var ákveðið að framlenging á 1. áfanga skyldi vera 53 m.

Kostnaðurinn við framkvæmdir þær, sem hófust samkvæmt verksamningi í maí 1963, skiptist aðallega í tvennt: greiðslu til verksala, Efrafalls sf., og kostnað vitamálaskrifstofunnar.

Byggingarkostnaður pr. 1. desember 1965 var sem hér segir:

Greitt Efrafalli	kr.	48 494 383.29
Kostnaður vitamálastjóra	—	3 482 510.83
	Kr.	51 976 894.12
Til frádráttar selt efni	—	1 999 855.00
	Kr.	49 977 039.12

Enn eru mikil verkefni óleyst við hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn og kostnaður við þær skiptir tugum milljóna króna. Að ljúka þeim áfanga, er boðinn var út 1961, telur vita- og hafnarmálastjóri kosta um 30 millj. kr. miðað við verðlag í dag.

Það hefur reynzt heimamönnum ofviða að standa undir greiðslum vaxta og afborgana af þeim lánum, sem tekin hafa verið til byggingarinnar. Þannig hafa verið greiddar af ríkisfé afborganir og vextir vegna eldri framkvæmdanna, sem nema liðlega 10 millj. kr. og vegna síðari áfangans um 19.7 millj., ýmist með sérstökum fjárveitingum eða úr ríkisábyrgðasjóði. Eftirstöðvar þeirra lána, sem þegar hafa verið tekin, nema nú liðlega 32 millj. kr. og með vöxtum til greiðsludaga munu greiðslur þessar um 40 millj. kr. Eru þá ótalin þau lán, sem taka verður til að ljúka hafnargerðinni.

Af öllu þessu virðist ljóst, að byggingarmál Þorlákshafnar verða ekki leyst, nema fyrir atbeina og beina forgöngu ríkisvaldsins.

Það hefur því þótt rétt að leggja til að Þorlákshöfn verði gerð landshöfn, og er það tilgangur frumvarps þessa.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Á síðastliðnu ári fóru fram viðræður fulltrúa ríkisstjórnarinnar og hafnarnefndar Þorlákshafnar. Kom þar fram, að nefndin er því fylgjandi að afhenda eignir hafnarinnar til landshafnar að því marki, sem nauðsynlegt er, til starfrækslu og byggingar hafnargerðar, enda fari afhendingin fram í trausti þess að ríkisstjórnin sjá fyrir fjármagni til að ljúka þeim áfanga, sem nú er unnið að. Samþykkt sýslunefnda er að sjálfsögðu forsenda formlegrar afhendingar.

Hér er lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að semja við eigendur hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn um að taka við eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs Þorlákshafnar.

Þá skulu takmörk hafnarinnar ákveðin í reglugerð, svo sem almennt tíðkast, og skilgreint hvað teljist til hafnarmannvirkja.

Til þessa hefur Þorlákshöfn verið einasta höfn landsins í eigu sýslufélaga, en það er eignafyrirkomulag, sem ekki er gert ráð fyrir í núverandi lögum um hafnargerðir, en til þessa var stofnað vegna áhuga Sunnlendinga á hafnargerð og þar sem augljóst var, að viðkomandi sveitarfélög hefðu eigi bolmagn til svo kostnaðarsamra framkvæmda, enda Ölfushreppur þá eingöngu landbúnaðarhérað. Í landi hafnarinnar hefur nú myndazt allblómlegur bær, sem er í örum vexti. Íbúatala um síðustu áramót var um 450 manns.

Ljóst er, að næstu ár mun höfnin ekki hafa tekjur til að standa undir skuldbindingum sínum, auk þess sem núverandi mannvirki nýtast ekki fyrr en allfjárfrekum framkvæmdum er lokið.

Tekjur sýslusjóðanna eru einnig mjög takmarkaðar, þannig að þess er ekki að vænta, að þeir geti staðið undir hallanum af rekstrinum. Þá er þess heldur engin von, að sveitarfélagið geti, ásamt mjög hraðfara uppbyggingu í kauptúninu, verið aflögufært um fé til hafnarinnar svo neinu verulegu nemi.

Það eru því ekki líkur til að sýslufélögin eða Ölfushreppur muni geta staðið undir þeim lánum, sem þegar hafa verið tekin, og því síður þeim miklu viðbótarlánum, sem taka þarf til að ljúka verkinu.

Því er lagt til, að sú leið verði farin, að gera Þorlákshöfn að landshöfn, sem verði í eigu ríkissjóðs og byggð og rekin fyrir ríkisfé, á svipaðan hátt og landshafnirnar í Rifi og Keflavík/Njarðvík.

Um 2. gr.

Lagt er til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 100 millj. kr., til greiðslu kostnaðar, er leiðir af 1. gr. Síðan verði árlega ákveðið í fjárlögum um fjárveitingar til hafnarinnar. Hafnarreglugerðin miðist við, að tekjur hafnarinnar nægi til að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, ef unnt reynist, auk rekstrarkostnaðar.

Um 3. gr.

Hér er um að ræða eignarnámsheimild fyrir löndum og mannvirkjum, sem nauðsynleg eru til hafnarinnar, og eru þessi ákvæði hliðstæð hinum almennu eignarnámsákvæðum hafnarlaganna, þar á meðal um framkvæmd eignarnámsins.

Um 4. gr.

Lagt er til að stjórn landshafnarinnar sé skipuð 5 mönnum, kosnum af Alþingi, og skipi ráðherra formann stjórnarinnar úr hópi þeirra.

Um 5.—6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Grein þessi fjallar um takmarkanir á valdi hafnarstjórnar til ýmissa ráðstafana, svo sem til sölu, veðsetningar á eignum hafnarinnar, kaupum nýrra fasteigna eða töku lána til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer o. fl., nema til komi samþykki ráðuneytisins.

Um 8. gr.

Hér er kveðið á um tekjustofna hafnarinnar, sem eru í samræmi við hafnarreglugerðir annarra hafna.

Um 9.—11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er hafnarstjórn gert að skyldu að tilkynna ráðuneytinu í tæka tíð, ef óumflýjanlegt er að útgjöld hafnarinnar fari fram úr áætlun eða þau greiðist utan áætlunar. Er óheimilt að stofna til slíkra útgjalda, nema að fengnu leyfi ráðherra.

Um 13.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Ed. 486. Frumvarp til laga [189. mál]

um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

I. KAFLI
Inngangur og orðaskýringar.

1. gr.

Hverjum íslenzkum ríkisborgara, sem fullnægir þeim skilyrðum, sem sett eru í lögum þessum, er heimilt að leita sér atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

2. gr.

a. *Skip* merkir í lögum þessum hvert það far, sem er 6 rúmlestir eða stærra og skráð er á skipaskrár, án tillits til þess, hvort það gengur fyrir seglum eða vél eða hvoru tveggja.
b. *Rúmlest* er brúttórúmlest = 100 teningsfet ensk = 2.85 teningsmetrar.
c. *Mánuður* er 30 nátta mánuður, eins og ákveðið er með sjómannalögum nr. 67 31. des. 1963, um kaupgreiðslur á sjó.
d. *Fiskiskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem fiskiskip, án tillits til stærðar, og notað er mestan hluta ársins til veiða, þótt það sé jafnframt notað til flutninga til útlanda á eigin afla eða keyptum afla.
e. *Verzlunarskip* merkir hvert það skip, sem skrásett er sem verzlunarskip, án tillits til stærðar, og siglir með varning frá landinu og til þess og milli hafna innanlands eða flytur farþega eða hvort tveggja.
f. *Innanlandssigling* er sigling og fiskveiðar við strendur Íslands og á hafinu kringum landið allt að 150 sjómílur frá sjálfu landinu.
g. *Utanlandssigling* er hver sú ferð, sem farin er til annarra landa, eða til fiskimiða annarra landa, þótt hafna sé ekki leitað.
h. *Siglingar innan fjarða eða flóa* ber að skilja sem siglingar með skipum, sem eru staðbundin við ákveðna firði eða flóa og eigi er ætlað að fara út fyrir þau takmörk.

3. gr.

a. Próf þau og siglingatími, sem krafizt er í lögum þessum til þess að öðlast skírteini, eru hið lægsta, sem þarf í hverju einstöku tilfelli. Æðra próf í sömu greinum gildir einnig fyrir þau skírteini, sem lægra próf þarf til að öðlast.

Ráðherra sá, sem fer með kennslumál, setur reglugerð um það, hvernig kennslu skipstjórnarmanna skuli hagað, svo og um inntökuskilyrði í skóla fyrir þá, próf og skilyrði þau, sem sett eru fyrir prófum.

b. Siglingatími stýrimanna og háseta telst aðeins sá tími, sem þeir eru skráðir á skip, sem eru í förum. Sé skipi lagt upp án þess að afskráning fari fram, skal geta þess í sjóferðabók, og má þá telja til siglingatíma stýrimanna og

háseta allt að ⅕ hluta þess tíma, sem skipið hefur legið um kyrrt. Siglingatíma skal sanna með sjóferðabók, innlendri eða útlendri, eða vottorði frá skráningarstjóra.

Til siglingatíma háseta getur aldrei talizt sá tími, sem hann er skráður á fiskiskip, en vinnur í landi að verkun afla eða veiðarfæra.

II. KAFLI

Skipstjórnarmenn á fiskiskipum og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestum.

4. gr.

Rétt til að vera skipstjóri eða stýrimaður í innanlandssiglingum á íslenzku skipi 6—30 rúmlestir að stærð hefur sá einn, er leggur fram vottorð frá siglingafróðum manni, tilnefndum af samgöngumálaráðuneytinu til 5 ára í senn eftir tillögum skólastjóra Stýrimannaskólans í Reykjavík, um, að hann:

a. Þekki áttavita og kunni að leiðrétta stefnur og miðanir fyrir segulskekkju og misvísun;
b. kunni alþjóðareglur til að forðast ásiglingu og þekki neyðarbendingar og kunni að nota þær;
c. kunni að setja stefnur og miðanir á sjókort;
d. kunni að nota vegmæli og djúpmæli í sambandi við sjókort;
e. hafi þekkingu á vitakerfi landsins og björgunarstöðvum og kunni að nota algengustu björgunartæki;
f. kunni að finna, hvenær flóð verður og fjara;
g. þekki reglur um lífgun drukknaðra manna;
h. sanni með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn;
i. sanni með sjóferðabók eða vottorðum frá skráningarstjóra, að hann hafi verið háseti eftir 15 ára aldur á skipi yfir 6 rúmlestir í 18 mánuði;
j. sé 18 ára að aldri, en sé skipið stærra en 15 rúmlestir, skal aldurstakmarkið fyrir skipstjóra vera 21 ár, enda hafi hann þá verið stýrimaður á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði eða formaður á skipi yfir 6 rúmlestir í 6 mánuði.

Varðandi siglingatíma þann, er um ræðir í i- og j-liðum á skipum 6—12 rúmlestir, nægir vottorð frá 2 trúverðugum mönnum.

Hinir siglingafróðu menn, sem um getur í upphafi þessarar greinar, skulu skipaðir fyrir takmörkuð svæði, sem samgöngumálaráðuneytið tiltekur.

Gegn slíku vottorði gefur lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, út skírteini, sem veitir rétt til að vera skipstjóri á skipum allt að 15 rúmlestir og stýrimaður á skipum allt að 30 rúmlestir, eða skipstjóraskírteini á skipi allt að 30 rúmlestir samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

6. gr.

Sá einn getur fengið hið minna skipstjóraskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur verið í 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir; eða: hefur verið 6 mánuði stýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 12—30 rúmlestir í 6 mánuði;
c. er lögráða;

d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

7. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í innanlandssiglingum á fiskiskipi allt að 120 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

8. gr.

Sá einn getur fengið hið minna stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 1. stigs eða farmannapróf 1. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum eða við námskeið Stýrimannaskólans í Reykjavík úti á landi;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið 24 mánuði háseti á skipi yfir 12 rúmlestir eða 6 mánuði stýrimaður eða skipstjóri á skipi yfir 12 rúmlestir;
c. sé minnst 18 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

9. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi allt að 400 rúmlestir hefur sá einn, sem fengið hefur hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi.

10. gr.

Sá einn getur fengið hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestmannaeyjum;
b. hefur verið í 18 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 6 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður og 12 mánuði undirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 12 mánuði einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 6 mánuði;
   eða: hefur verið einn stýrimaður eða yfirstýrimaður á skipi yfir 30 rúmlestir í 6 mánuði og skipstjóri á skipi yfir 15 rúmlestir í 12 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

11. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á fiskiskipi af hvaða stærð sem er og á íslenzku verzlunarskipi eigi yfir 400 rúmlestir hefur sá einn, er fengið hefur hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi.

12. gr.

Sá einn getur fengið hið meira stýrimannsskírteini á fiskiskipi, sem:

a. staðizt hefur fiskimannapróf 2. stigs við stýrimannaskólana í Reykjavík eða í Vestamannaeyjum;
b. hefur eftir 15 ára aldur verið háseti í 30 mánuði á skipi stærra en 12 rúmlestir, þar af a. m. k. 12 mánuði á skipi stærra en 30 rúmlestir;
   eða: hefur verið 6 mánuði skipstjóri eða 12 mánuði stýrimaður á skipi yfir 12 rúmlestir og 12 mánuði á skipi yfir 30 rúmlestir;
c. er eigi yngri en 19 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

III. KAFLI

Skipstjórnarmenn á verzlunarskipum og varðskipum ríkisins.

13. gr.

Rétt til að vera skipstjóri í innan- og utanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur skipstjóraskírteini á verzlunarskipi.

14. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefur staðizt farmannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík;
b. hefur verið stýrimaður í 24 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess yfirstýrimaður í 12 mánuði á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
   eða: hefur verið skipstjóri í 6 mánuði á verzlunarskipi yfir 100 rúmlestir og 12 mánuði yfirstýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir;
   eða: hefur verið skipstjóri í 24 mánuði á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 12 mánuði, og af þeim tíma 6 mánuði yfirstýrimaður;
   eða: hefur verið stýrimaður á fiskiskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði og auk þess stýrimaður á verzlunarskipi eða varðskipi yfir 400 rúmlestir í 18 mánuði og af þeim tíma 12 mánuði yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

15. gr.

Rétt til að vera stýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunarskipi eða varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, er fengið hefur stýrimannsskírteini á verzlunarskipi.

16. gr.

Sá einn getur fengið stýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem:

a. hefur staðizt farmannapróf við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 36 mánuði;
   eða: hefur verið háseti eftir 15 ára aldur á verzlunar- eða varðskipi yfir 100 rúmlestir í 18 mánuði, og auk þess háseti á fiskiskipi yfir 30 rúmlestir í 18 mánuði;
c. er lögráður;
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir stýrimenn.

17. gr.

Rétt til að vera undirstýrimaður í utan- og innanlandssiglingum á íslenzku verzlunar- og varðskipi af hvaða stærð sem er hefur sá einn, sem fengið hefur undirstýrimannskírteini á verzlunarskipi.

18. gr.

Sá einn getur fengið undirstýrimannsskírteini á verzlunarskipi, sem staðizt hefur farmannapróf 2. stigs við Stýrimannaskólann í Reykjavík, enda fullnægi hann skilyrðum c- og d-liða 16. greinar.

Skírteini þetta gildir aðeins í sex mánuði frá því umræddu prófi er lokið.

19. gr.

Rétt til að vera skipstjóri á varðskipum ríkisins hefur sá einn, sem fengið hefur skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins.

20. gr.

Sá einn getur fengið skipstjóraskírteini á varðskipum ríkisins, sem:

a. hefur staðizt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins við Stýrimannaskólann í Reykjavík;
b. hefur siglt sem stýrimaður á verzlunarskipi yfir 400 rúmlestir eða á varðskipi í 24 mánuði og að auki á varðskipi í 12 mánuði og af samanlögðum þessum tíma eigi skemur en 12 mánuði sem yfirstýrimaður;
c. er 25 ára að aldri:
d. sannar með læknisvottorði, að sjón hans og heyrn sé svo fullkomin sem nauðsynlegt er fyrir skipstjórnarmenn.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

21. gr.

Ekkert íslenzkt skip, sem stærra er en 20 rúmlestir, má afgreiða frá nokkurri höfn hér á landi til ferða á milli Íslands og annarra landa eða í innanlandssiglingum, nema á því sé til starfa, auk skipstjóra, einn eða fleiri stýrimenn, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a. Á fiskiskipi allt að 300 rúmlestir og á verzlunarskipi allt að 200 rúmlestir í utan- og innanlandssiglingum sé einn stýrimaður að minnsta kosti;
b. á fiskiskipi 300 rúmlestir og stærra í innan- og utanlandssiglingum og verzlunarskipi 200 rúmlestir og stærra í utanlandssiglingum séu að minnsta kosti tveir stýrimenn. Hið sama gildir um verzlunarskip í innanlandssiglingum, er flytur farþega og póst;
c. á verzlunarskipi í innan- og utanlandssiglingum, er flytur farþega og póst og er 400 rúmlestir eða stærra, séu að minnsta kosti 3 stýrimenn. Sama gildir um skip, sem eru 1500 rúmlestir og stærri, þó að þau flytji ekki farþega.

Skip, sem eru undir 1500 rúmlestum, þurfa þó eigi að hafa þriðja stýrimann, nema þau hafi rúm fyrir 12 farþega.

Undanþegin ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar um skyldu til að hafa stýrimann auk skipstjóra eru fiskiskip og bátar undir 60 rúmlestum, ef þeim er ætlað að leggja afla sinn á land daglega.

22. gr.

Á varðskipum ríkisins yfir 300 rúmlestir séu að minnsta kosti 3 stýrimenn, en á varðskipum undir 300 rúmlestum séu að minnsta kosti 2 stýrimenn.

23. gr.

Ráðherra er heimilt, í samráði við skipaskoðunarstjóra, að ákveða fjölda skipstjórnarmanna á skipum, sem notuð eru til styttri siglinga aðallega innan fjarða og flóa, svo og á dráttarbátum, grafvélum og öðrum fleytum, sem aðallega eru notuð á höfnum inni.

24. gr.

Hver sá, sem fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í 4. gr., 6. gr., 8. gr., 10. gr., 12. gr., 14. gr., 16. gr., 18. gr. og 20. gr. þessara laga, á rétt á að fá þau skírteini, sem þar um getur. Skírteinin skulu gefin út af tollstjóranum í Reykjavík eða lögreglustjórum úti á landi og skulu þau rituð á þar til gerð eyðublöð, eftir fyrirmynd, sem samgöngumálaráðuneytið semur.

Að liðnum 10 árum frá dagsetningu skírteinis ber skírteinishafa að leggja fram endurnýjað læknisvottorð um sjón og heyrn, og skulu skírteinin árituð ókeypis af útgefendum þeirra. Að öðrum kosti fellur skírteini úr gildi. Sama er og ef skírteinishafi fyrirgerir því. Við útgáfu stýrimannsskírteinis skulu tekin gild læknis-

vottorð, sem framlögð voru við inntöku í stýrimannaskóla, enda sé skírteini innleyst á sama ári og prófi lauk og námi sé lokið með eðlilegum hraða. Önnur vottorð skulu ekki vera eldri en 2 mánaða.

25. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði tollstjórans í Reykjavík eða lögreglustjóra úti á landi um útgáfu skírteinis, og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgöngumálaráðuneytisins. Við það skerðist þó ekki réttur hans til þess að leita dómsúrskurðar um málið.

26. gr.

Heimilt er að synja manni um útgáfu atvinnuskírteinis samkvæmt lögum þessum, ef ákvæði 2. málsgreinar 68. greinar hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Verði skírteinishafi með dómi fundinn sekur um vanrækslu eða kunnáttuleysi í starfi sínu, svo að tjón hlýzt af, má jafnframt dæma hann til að hafa fyrirgert skírteini sínu um stundarsakir, enda liggi ekki þyngri refsing við að lögum.

V. KAFLI

Ákvæði ýmislegs efnis.

27. gr.

Allir þeir, sem öðlazt hafa rétt til atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum áður en lög þessi öðlast gildi, halda réttindum sínum óskertum.

28. gr.

Samgöngumálaráðuneytið semur sjóferðabók þá, sem um getur í 3. gr. þessara laga, staflið b, og er lögskráningarstjóra skylt að afhenda slíka bók hverjum skipverja í fyrsta sinn, sem hann er lögskráður á íslenzkt skip, eða síðar, ef sjóferðabók hefur glatazt eða er útnotuð. Skal sjóferðabókin ávallt sýnd við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem ræðir um í 3. gr. staflið b.

Í sjóferðabókina skal rita fullt nafn skipverja, fæðingardag og fæðingarár, fæðingarstað (sýslu eða kaupstað). Svo skal og vera þar stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi. Einnig skal sjóferðabókin bera með sér, hve mikinn hluta lögskráningartímans skipverjinn hefur verið í förum með skipinu.

Heimilt er að telja til hásetatíma tíma þann, sem skipverji hefur jafnframt vélstjórastörfum unnið á þilfari.

Skipstjóra ber að útfylla og undirrita sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja við lögskráningu merkt með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók hans undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi, eða þegar skráning úr skiprúmi fer fram.

29. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum allt að kr. 20 000.00. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

30. gr.

Þeir menn, sem öðlazt hafa skipstjóraréttindi samkvæmt lögum nr. 104 frá 1936 á skipum allt að 75 rúmlestum, skulu öðlast rétt til að vera skipstjórar eða stýrimenn í innanlandssiglingum á skipum allt að 120 rúmlestum, sbr. ákvæði 5.—8. gr. laga þessara.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því er til skipstjórnarmanna tekur, lög nr. 42/1947, lög nr. 30/1957, lög nr. 47/1958, lög nr. 35/1961 og lög nr. 65/1965, um breytingar á fyrstnefndum lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum er gert af nefnd, sem samgöngumálaráðherra skipaði hinn 5. ágúst 1965.

Í nefndinni áttu sæti Kristinn Gunnarsson fulltrúi, sem var formaður nefndarinnar, Gunnar Í. Hafsteinsson fulltrúi, Guðmundur H. Oddsson skipstjóri, Hjörtur Magnússon fulltrúi og Jónas Sigurðsson skólastjóri.

Nefndinni var falið að endurskoða lög um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, að því er til skipstjórnarmanna og almennra ákvæða tekur. Hefur nefndin því starfað í samræmi við skipunina og tekið til athugunar ákvæði umræddra laga, er varða skipstjórnarmenn og almenn ákvæði.

Á Alþingi því, sem nú situr, hefur verið lagt fram frumvarp til laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Samkvæmt því lagafrumvarpi hafa ákvæði laganna nr. 66/1946, um atvinnuréttindi vélstjóra, verið lögð fram sem sérstakt frumvarp og liggur því beint við að leggja þetta frumvarp fram sem sérstakt lagafrumvarp.

Gildandi lög um efni það, sem hér um ræðir, eru sett á árinu 1946. Síðan hafa verið gerðar margar breytingar á lögunum, enda óhjákvæmilegt vegna breyttra aðstæðna. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Er því tímabært að setja nú sérstök lög um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna, ekki síst með tilliti til hins ört vaxandi skipastóls landsmanna og breyttra atvinnuhátta.

Þegar núgildandi lög voru sett um skipstjórnarmenn, var mikið framboð af þeim, enda um tiltölulega fá skip að ræða miðað við það, sem nú er.

Nú hefur orðið mjög mikil breyting á þessum málum og hefur skipastóll landsins margfaldazt síðan gildandi lög voru sett.

Helztu breytingar samkvæmt þessu lagafrumvarpi frá gildandi lögum eru þessar:

1. Kröfur þær, sem gerðar eru í h-lið 2. gr. núgildandi laga um að vera talinn fullgildur háseti á verzlunar- eða varðskipi, eru felldar niður.

2. Núgildandi ákvæði laga um skipstjórnarréttindi á allt að 120 rúmlesta skipum eru felld inn í frumvarpið til samræmis við frumvarp til laga um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík og væntanlega reglugerð.

3. Atvinnuskírteini skipstjórnarmanna á fiskiskipum af ótakmarkaðri stærð og verzlunarskipum allt að 400 rúmlestir verði eitt og hið sama.

4. Nýmæli er það í frumvarpi þessu, að þeir, sem lokið hafa prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar Stýrimannaskólans, hljóti undirstýrimannsréttindi takmarkaðan tíma.

5. Siglingatími til að hljóta stýrimannaskírteini er samkvæmt frumvarpi þessu styttur nokkuð, og ekki bundinn við utanlandssiglingar eins og áður var á verzlunarskipum.

Þá er og aldursmark til að taka gildan siglingatíma nú miðað við 15 ár í stað 16 ár áður. Aldursmark til að vera stýrimaður á fiskiskipi er miðað við 18 og 19 ár.

6. Í frumvarpi þessu eru sett sérstök skilyrði um skipstjórapróf á varðskipum ríkisins.

7. Skilyrði til að hafa stýrimenn á fiskiskipum, sem ætlað er að leggja afla sinn á land daglega, er miðað við 60 rúmlesta skip í stað 30 rúmlesta áður.

Skylda til að hafa 3 stýrimenn á varðskipum ríkisins er miðuð við 300 rúmlesta skip í stað 200 rúmlesta áður.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

I. kafli.

Um 1. gr.

Grein þessi er óbreytt nema að felldur er niður síðari málsliður um erlenda ríkisborgara.

Um 2. gr.

Felld eru niður ákvæði í h-, i- og k-liðum gildandi laga.

Um 3. gr.

Grein þessi er óbreytt nema að felld eru niður ákvæði um vélamenn. Þá er og vottorð frá skráningarstjóra talið jafngilda sjóferðabók.

II. kafli.

Um 4. gr.

Skilyrði um sundkunnáttu er fellt niður, enda er nú lögleidd almenn sundskylda.

Talið er nægilegt vottorð tveggja trúverðugra manna um siglingatíma á 6—12 rúmlesta bátum, þar sem ekki er skylt að lögskrá á þá.

Um 5.—8. gr.

Greinar þessar fjalla um kröfur þær, sem gerðar eru til að öðlast réttindi á skipum allt að 120 rúmlestum.

Meginefni þeirra er hið sama og samkvæmt lögum nr. 30/1957 og framlengingu á þeim lögum frá 1962, en eru nú felld inn í þessi lög til samræmis við frumvarp um breytingu á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að hið meira skipstjóraskírteini á fiskiskipi sé hið sama og á verzlunarskipi, allt að 400 rúmlestir.

Um 10. gr.

Skilyrði samkvæmt b-lið 2. málsgreinar er breytt þannig, að af 18 mánaða stýrimannstíma þurfi minnst 6 mánaða yfirstýrimannstíma á skipum yfir 30 rúmlestir.

Um 11. gr.

Hér er um sams konar breytingu að ræða varðandi stýrimannsskírteini og er í 9. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 12. gr.

Samkvæmt b-lið lækkar aldursmark úr 16 árum í 15 ára aldur og siglingatími er styttur úr 36 mánuðum í 30 mánuði.

Samkvæmt c-lið er aldursmark fært úr 21 ári í 19 ár.

III. kafli.

Um 13. gr.

Gert er ráð fyrir einu skírteini til skipstjórnar á verzlunarskipum 400 rúmlesta og stærri.

Um 14. gr.

Aðalbreytingin samkvæmt þessari grein er sú, að fellt er niður skilyrði um siglingatíma í utanlandssiglingum.

Um 15. gr.

Samsvarandi breyting er hér gerð varðandi stýrimannsskírteini og í 13. gr. varðandi skipstjóraskírteini.

Um 16. gr.

Samkvæmt b-liðum er aldursmark fært í 15 ár og siglingatími styttur úr 48 mánuðum í 36 mánuði og skilyrði um utanlandssiglingatíma fellt niður.

Um 17.—18. gr.

Hér er um nýmæli að ræða, þar sem gert er ráð fyrir að menn með prófi upp úr 2. bekk farmannadeildar hljóti tímabundin réttindi sem undirstýrimenn á verzlunarskipum.

Um 19.—20. gr.

Fellt er niður ákvæði um rétt til skipstjórnar á varðskipum allt að hundrað rúmlestum.

Sérstakt skipstjórapróf á varðskipum ríkisins er nú gert að skilyrði til skipstjórnarréttinda á varðskipum.

IV. kafli.

Um 21. gr.

Í síðustu málsgrein er skylda til að hafa stýrimenn miðuð við 60 rúmlesta báta í stað 30 rúmlesta.

Um 22. gr.

Hér er miðað við, að á varðskipum 300 rúmlesta og stærri séu a. m. k. 3 stýrimenn og á minni varðskipum séu 2 stýrimenn.

Um 23. gr.

Grein þessi er í samræmi við lög nr. 64 14. maí 1965, um breytingu á lögum nr. 66 17. júlí 1946.

Um 24. gr.

Nýmæli í þessari grein um gildistíma atvinnuskírteinis er í samræmi við reglugerð nr. 165 16. sept. 1963, um sjón og heyrn skipstjórnarmanna.

Um 25.—26. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. kafli.

Um 27.—28. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 29. gr.

Sektarákvæði er hækkað í allt að 20 000.00 kr.

Um 30. gr.

Þeir, sem hlotið höfðu réttindi til skipstjórnar á 75 rúmlesta skipum, hljóta nú réttindi á 120 rúmlesta skipum, án sérstakra skilyrða um siglingatíma.

Ed. 487. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Meiri hluti n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt. Við teljum óþarft fyrir Ísland að svo stöddu að fullgilda þennan samning. Útlendir menn njóta hér á landi sömu eignarréttarverndar sem innlendir menn, sbr. 67. gr. stjskr. Engar líkur eru til, að íslenzk fyrirtæki leggi í þá fjárfestingu erlendis, að af þeim sökum sé ástæða til þess fyrir Ísland að gerast aðili að þessum samningi. Auk þess er það upplýst, að einungis fjögur Afríkuríki hafi til þessa fullgilt samning þennan, en tuttugu ríki hið fæsta þurfa að fullgilda hann, til þess að hann öðlist gildi. Það skiptir engu máli, þó að þrjátíu og fimm ríki hafi undirritað samninginn, því að allir, sem nokkuð þekkja til gerðar milliríkjasamninga, vita, að undirskrift ríkja undir milliríkjasamninga ein út af fyrir sig er án allrar skuldbindingar um fullgildingu, svo sem reyndar er berum orðum fram tekið í þessum samningi, sbr. 67. og 68. gr. hans. Það er því allsendis óvíst, hvort eða hvenær þessi 35 ríki muni fullgilda samninginn. Þau geta látið það vera, án þess að tilgreina nokkra ástæðu. Það er því með öllu óvíst, hvenær samningur þessi öðlast gildi, ef það verður þá nokkurn tíma.

Þegar þannig stendur á, er rétt fyrir Ísland að bíða átekta og sjá, hverju fram vindur.

Ísland hefur engan ávinning af fullgildingu þessa samnings, en bakar sér hins vegar skyldu til útgjalda, ef hann einhvern tíma skyldi öðlast gildi.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Ólafur Jóhannesson, frsm. Alfreð Gíslason. Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 488. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki getað orðið á eitt sátt um afstöðu til þess.

Undirritaður meiri hl. telur, að hagkvæmt sé og eðlilegt fyrir Ísland að gerast aðili að samningi þessum, og leggur því til, að frv. verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. hafa tjáð sig frv. andvíga.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Sveinn Guðmundsson.

Ed. 489. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 13. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Jón Árnason, fundaskr.	Björn Jónsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Ásgeir Bjarnason.	Páll Þorsteinsson.

Nd. 490. Breytingartillögur [72. mál]

við frv. til l. um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

1. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Á árunum 1967—1970 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af bifreiðum sem hér segir:
   a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240.00 kr. árið 1967, 360.00 kr. árið 1968, 360.00 kr. árið 1969 og 180.00 kr. árið 1970.
   b. Af öðrum bifreiðum: 420.00 kr. árið 1967, 660.00 kr. árið 1968, 660.00 kr. árið 1969 og 300.00 kr. árið 1970.
2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Skattur þessi skal innheimtur með bifreiðagjöldum, og skulu gilda um innheimtu hans sömu reglur sem um bifreiðaskatt, þar á meðal ákvæðin um frádrátt á gjaldi vegna innilegu skráningarmerkis, lögtaksrétt og lögveð.
3. Við 15. gr. Greinin falli niður, og breytist greinatala samkvæmt því.

Ed. 491. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. apríl.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist:
Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 17. gr. c-lið.

2. gr.

e-liður 15. gr. orðist svo:
Að greiða 0.5% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

3. gr.

17. gr. orðist svo:
Landsútsvör greiða:
a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
b) Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
c) Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
d) Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu þeirra innanlands.

4. gr.

18. gr. orðist svo:
Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:
a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
b) 1½% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án fráviks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
d) 1⅓% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. d.

5. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:
Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en ¾ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolli, sem Jöfnunarsjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkv. þeim.

Nd. 492. Nefndarálit [109. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Björn Fr. Björnsson.
Ragnar Arnalds.	Jón Kjartansson.	Pétur Sigurðsson.
	Óskar E. Levy.	

Nd. 493. Lög [145. mál]

um Lánasjóð sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 308.

Nd. 494. Breytingartillögur [9. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Alpers, Heike Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. maí 1938.
2. Andreasen, Thomas Keisten Kristian, verkamaður í Kópavogi, f. í Færeyjum 8. nóvember 1936.
3. Bartl, Maria Christine, læknir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 12. október 1935.
4. Biskopstö, Petra, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 22. apríl 1935.
5. Boucher, Áslaug Þórarinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 7. ágúst 1917.
6. Brandt, Ingrid Luise, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 5. október 1936.
7. Bretz, Heiko, verkamaður á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 22. ágúst 1941.
8. Frederiksen, Jens Mathias, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 28. október 1938.
9. Gook, Hólmfríður Kristín, húsmóðir á Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1896.
10. Greve, Reinhold Edmund Hans, rennismiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. september 1926.
11. Guðfinna Helga Gunnarsdóttir, ungbarn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. ágúst 1962.
12. Hauk, Anna Johanna, húsmóðir á Siglufirði, f. í Tékkóslóvakíu 18. nóvember 1934.
13. Kratsch, Walter Oswald, pípulagningameistari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. október 1899.
14. Ljubomir, Ajduk, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 11. marz 1934.
15. Lorentzen, Grethe, fóstra í Mosfellssveit, f. í Danmörku 21. maí 1939.
16. Nitz, Arno Erwin Siegfried, málfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. október 1912.
17. Nowak, Helga Maria, húsmóðir á Laugarvatni, f. í Þýzkalandi 8. september 1935.
18. Peschel, Annaliese, húsmóðir í Kópavogi, f. í Bretlandi 6. janúar 1941.
19. Petersen, Jonna Sonja Elna, húsmóðir í Kvisthaga í Miðdalahreppi, Dalasýslu, f. í Færeyjum 24. júní 1936.
20. Rasmussen, Erla Björgheim, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1935.
21. Ritchie, James Valdimar, nemi í Reykjavík, f. í Skotlandi 30. apríl 1942.
22. Ritchie, Norma Elizabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Skotlandi 7. september 1945.
23. Scharein, Brigitte Margarite Ida Susanne, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1940.
24. Schmidt, Frieda Elisabeth Gisela, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 12. júlí 1934.
25. Schmidt, Gerhard Walter, skólastjóri á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 14. september 1929.

26. Stolpmann, Magdalena, hjúkrunarkona í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 12. maí 1928.
27. Szmilek, Irén, verkakona í Keflavík, f. í Ungverjalandi 30. desember 1940.
28. Thieme, Anna Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. marz 1928.
29. Tomsen, Tomas, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. maí 1901.
30. Trûning, Annie Elisabeth Gunilla, húsmóðir í Kaupmannahöfn, f. í Svíþjóð 7. marz 1940.
31. Villesen, Ole, garðyrkjumaður í Borgarfirði, f. í Danmörku 20. janúar 1936.
32. Öxnevad, Johanne Margrete, húsmóðir á Hamarsheiði í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, fædd í Noregi 22. maí 1936.

Nd. 495. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [72. mál]

í málinu: Frv. til l. um hægri handar umferð.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Með því að æskilegt er, að þjóðin fái ráðrúm til að kynna sér málið og ræða það milli þinga, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 496. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt á l. nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur rætt málið og fengið um það umsagnir Félags sérleyfishafa og Skipulagsnefndar fólksflutninga, og fylgja þær nefndaráliti meiri hlutans.

Helzti tilgangur frumvarpsins virðist vera sá að tryggja það, að ekki aðeins áætlunarferðir verði bundnar sérleyfi frá ríkisstjórninni, heldur og hvers konar hópferðir á fólksflutningabifreiðum, sem taka fleiri farþega en átta. Í frv. er gert ráð fyrir, að binda megi sérleyfi ýmsum skilyrðum, m. a. því, að sérleyfishafi sé skuldbundinn til að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem notaðar hafa verið áður til rekstrar á sérleyfisleiðinni og teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri. Einnig er m. a. lagt til, að binda megi réttindi til hópferðaaksturs því skilyrði, að rétthafi skuldbindi sig til að hafa bifreiðar sínar á afgreiðslustöðvum, sem Skipulagsnefnd fólksflutninga samþykkir.

Minni hluti nefndarinnar er andvígur því, að binda megi sérleyfi ofangreindum skilyrðum. Mjög óeðlilegt virðist að binda útgáfu sérleyfis við eigendaskipti á bifreiðum og fasteignum, enda geta slíkar eignir verið í mismunandi góðu ástandi, þegar nýr sérleyfishafi tekur við. Einnig virðist ástæðulaust að keppa að því, að allar hópferðir, sem farnar eru í landinu og falla undir ákvæði laganna, séu einungis farnar frá ákveðnum afgreiðslustöðvum, þótt hins vegar sé nauðsynlegt, að fastar ferðir og áætlunarferðir séu bundnar við slíkar stöðvar.

Í þriðja lagi telur minni hluti nefndarinnar fráleitt, að hópferðarétthafar séu tvískattlagðir, eins og gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins, 2. málsgr.

Þar sem önnur nýmæli frumvarpsins skipta ekki jafnmiklu máli og þau ákvæði, sem hér hafa verið nefnd og gagnrýnd, getur minni hluti samgöngumálanefndar ekki fallizt á samþykkt frumvarpsins nema með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Stafliður h. í 2. gr. falli niður.
2. Stafliður c. í 2. gr. falli niður.
3. Önnur málsgrein 3. gr., sem hefst á orðunum „Hópferðaréttindahafar skulu auk sérleyfisgjaldsins greiða árlegt gjald ....“ falli niður.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Ragnar Arnalds, frsm. Sigurvin Einarsson.

Nd. 497. Breytingartillaga [171. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá Einari Olgeirssyni, Sigurvin Einarssyni og Benedikt Gröndal.

41. gr. frv. orðist svo:

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar né starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari.

Alger hámarksvinnutími barna undir 14 árum er hálf áratala aldurs þeirra, þ. e. 6—7 stundir á dag. Átta stunda vinnutímabil skulu jafnan annast tveir vinnuhópar barna, þ. e. 4 stundir hvor hópur, og 10 stunda vinnutímabil fullorðinna tveir vinnuhópar barna, þ. e. 5 stundir hvor þeirra.

Alger hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 8 stundir, án undantekninga.

Stefna skal að því, að börn stundi ekki vinnu, frá því að þau hefja skólagöngu að hausti og þar til skólagöngu lýkur að vori.

Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveða nánar á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnað flutningatækja þeirra, takmörkun á blaðsölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

Ed. 498. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um smíði síldarleitarskips og um síldargjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og rætt það á fundi sínum. Mælir nefndin einróma með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Helgi Bergs.
Sveinn Guðmundsson. Gils Guðmundsson. Ólafur Jóhannesson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 499. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. álbræðslunefndar.

Með samningi þeim, sem ríkisstjórnin hefur gert við svissneska auðfyrirtækið Swiss Aluminium um byggingu og rekstur alúmínbræðslu við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar, er lagt inn á nýja braut í atvinnumálum landsmanna.

Sú stefna, sem ríkjandi hefur verið, að landsmenn einir eigi og reki þau atvinnutæki, sem afkoma þjóðarinnar byggist á, á nú að víkja fyrir þeirri nýju stefnu, að útlendingar megi eignast hér atvinnutæki og geti tekið í sínar hendur að meira eða minna leyti atvinnureksturinn í landinu.

Fram til þessa hefur þjóðin staðið saman um þá stefnu, að landsmenn einir ættu að hafa óskoruð yfirráð yfir atvinnumálum þjóðarinnar. Sú stefna miðaði að því að tryggja þjóðinni efnahagslegt sjálfstæði og fullkomið vald yfir þróun efnahagsmála sinna.

Það var samheldni þjóðarinnar um þessa stefnu, sem réð úrslitum um það, að verzlunin varð innlend, togaraútgerð og fiskverkun komst í hendur innlendra manna og að bankastarfsemin í landinu varð innlend.

Markviss stefna Íslendinga að því að byggja sjálfir upp atvinnulíf sitt og að því að nýta sjálfir auðlindir landsins hefur gjörbreytt efnahagsstöðu þjóðarinnar frá því, sem áður var.

Það má því telja furðulegt, að nú skuli koma fram tillögur um, að horfið verði frá þeirri uppbyggingu og yfirstjórn atvinnumála þjóðarinnar, sem bezt hefur reynzt, en aftur snúið til þeirrar stefnu um áhrifavald útlendinga í þessum málum, sem Íslendingar og margar aðrar þjóðir hafa dýrkeypta reynslu af.

Samningur sá, sem hér er leitað eftir samþykki Alþingis á, er að vísu aðeins um að heimila einu erlendu auðfélagi tiltekinn atvinnurekstur í landinu með allvíðtækum fríðindum. En ekki fer á milli mála, að þeir menn, sem að samningsgerðinni standa, eru með þessum samningi að ryðja braut nýrri stefnu. Hér er frá þeirra hendi augljóslega um fyrsta samninginn að ræða af mörgum, sem á eftir eiga að koma og í sömu átt fara.

Það var 5. maí 1961, sem núverandi stjórnarflokkasamsteypa setti á stofn svonefnda Stóriðjunefnd. Formaður þeirrar nefndar var skipaður Jóhannes Nordal bankastjóri Seðlabankans.

Það kom brátt í ljós, að verkefni þeirrar nefndar var fyrst og fremst það að leita eftir samningum við erlend auðfyrirtæki um atvinnurekstur á Íslandi. Formaður Stóriðjunefndar tókst fljótlega á hendur ferðalög út í heim í slíkum tilgangi, og strax beindist hugurinn að byggingu alúmínbræðslu.

Hinn 23. febrúar 1962 símar fréttaritari dagblaðsins Tímans í Kaupmannahöfn eftirfarandi um ferðir formanns Stóriðjunefndar:

„Í sambandi við þær ráðagerðir, sem hafa verið á döfinni um stofnun alúmíníumverksmiðju á Íslandi, hefur danska sendiráðið í Reykjavík sent frá sér skýrslu um viðtal við Jóhannes Nordal bankastjóra. Dagblaðið „Börsen“ birti í dag útdrátt úr skýrslunni, þar sem Nordal segir m. a.: „Ein aðalástæðan fyrir þessum ráðagerðum er sú, að íslenzkur sjávarútvegur er ekki talinn geta aukið útflutningstekjur sínar nema um 5% í hæsta lagi á ári næstu ár, og slík tekjuaukning hjá aðalatvinnuvegi landsmanna nægir ekki til að tryggja með góðu móti bætt lífskjör og velmegun í landinu. Íslendingar verða því að leita annarra möguleika til að auka útflutningstekjur sínar.“ “

Í þessari umsögn kemur skýrt fram sú skoðun Jóhannesar Nordals bankastjóra, að Íslendingar geti ekki lengur byggt á sínum eigin atvinnuvegum, eigi þeir að halda uppi góðum lífskjörum og velmegun þjóðarinnar. Sjávarútvegurinn er að hans dómi ófær um sem aðalatvinnuvegur að tryggja þjóðinni þær lífskjarabætur, sem stefna þarf að, og ráð hans til úrbóta er að fá útlend auðfyrirtæki til að setja upp atvinnurekstur í landinu.

Jóhannes Nordal, formaður Stóriðjunefndar, var ekki einn um þessa skoðun. Aðal-efnahagsráðunautur ríkisstjórnarinnar, Jónas Haralz, forstöðumaður Efnahagsstofnunarinnar, flutti ræðu á ráðstefnu íslenzkra verkfræðinga árið 1962, þar sem hann fjallaði sérstaklega um áhrif stóriðju á þjóðarbúskapinn. Í lok ræðu sinnar sagði Jónas:

„Ég hef reynt að sýna fram á, að þær atvinnugreinar, sem hingað til hafa verið meginstoðir þjóðarbúskaparins, landbúnaður, sjávarútvegur og framleiðsla iðnaðarvöru fyrir innlendan markað, veiti ekki á næstu árum nægilegt svigrúm til þess vaxtar þjóðarframleiðslu, sem æskilegt er. Til þess að sá vöxtur geti átt sér stað, verður að fara nýjar leiðir.“

Skoðanir Jónasar Haralz eru líka skýrar. Hann leggur áherzlu á, að atvinnuvegir þjóðarinnar dugi ekki lengur og að nú verði að fara nýjar leiðir í atvinnumálum. Í ræðu sinni leitaðist Jónas við að sanna, að engar líkur væru til, að framleiðsla sjávarafurða gæti aukizt um meir en 4.5% að meðaltali á ári næstu ár.

Og það voru ekki aðeins efnahagsráðunautar ríkisstjórnarinnar, sem birtu þá skoðun sína, að atvinnuvegir landsmanna dygðu ekki lengur. Árið 1961 fluttu 7 þingmenn Sjálfstæðisflokksins á Alþingi tillögu um að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að þeir fiskibátar Íslendinga, sem væru yfir 150 rúml. að stærð, yrðu sendir til að veiða við strendur Afríku, þar sem rekstrargrundvöllur væri ekki fyrir slíka báta við Ísland. Í greinargerð tillögu þeirra segir m. a.:

„Á undanförnum árum hafa ný skip í bátaflotanum farið stækkandi. Allmikið hefur verið byggt af skipum 150—250 rúml. Þessi skip eru of dýr, bæði í stofnkostnaði og rekstri, til þess að þau geti byggt afkomu sína eingöngu á veiðum hér við land.“

Þetta var sú skoðun, sem ríkjandi var orðin í forustuliði Sjálfstæðisflokksins um það leyti, sem síldveiðar hinna stærri skipa með kraftblökk voru að ryðja sér til rúms. Þannig var trúin á íslenzkum sjávarútvegi í þingliði ríkisstjórnarinnar.

Sama vantrúin á íslenzkum atvinnuvegum kom hvað eftir annað fram hjá núverandi forsætisráðherra, Bjarna Benediktssyni, og jafnframt mikil trú hans á erlendri stóriðju. Á sambandsfundi ungra sjálfstæðismanna 28. febrúar 1964 sagði Bjarni Benediktsson m. a.: „Með stóriðju skapast traust og festa í efnahagslífinu.“ Forsætisráðherrann sagði enn fremur: ... „að hann efaðist um, að nokkurt

annað sjálfstætt ríki byggði velgengni sína á jafnótraustum grundvelli og fiski, sem syndir um hafdjúpin."

Þessi og ótal fleiri ummæli þeirra manna, sem nú eru aðaltalsmenn alúmínsamninganna við hið svissneska auðfyrirtæki, sanna, svo að ekki verður um villzt, að þeir eru með þessum samningum að taka upp nýja stefnu í atvinnumálum landsmanna. Þeirra skoðun er sú, að ekki sé lengur hægt að treysta á atvinnuvegi þjóðarinnar og auðlindir landsins, eigi framfarir að vera eðlilegar hjá þjóðinni. Og þeirra úrræði er að leita til erlendra auðfyrirtækja og fá þau til þess að taka að sér atvinnurekstur í landinu.

Hin nýja stefna þeirra alúmínmanna byggist því að verulegu leyti á vantrú á íslenzkum atvinnuvegum og á getu landsmanna sjálfra til að annast atvinnurekstur og á vantrú á íslenzkum náttúrugæðum og auðlindum.

Nú hefur reynsla undanfarandi ára og áratuga gjörsamlega sýnt, að vantrú þessi er ástæðulaus. Framleiðsluaukningin í sjávarútvegi hefur ekki orðið sú, sem Jónas Haralz og Jóhannes Nordal höfðu reiknað út, heldur margfalt meiri. Fiskaflinn hefur aukizt um 20% á ári í nokkur ár, og verðlag á sjávarafurðum hefur farið stórhækkandi á erlendum mörkuðum. Þjóðartekjurnar hafa vaxið með meiri hraða en áður og meir en hjá nálægum þjóðum. Atvinnuvegir landsins hafa einmitt sýnt, að þeir duga vel og betur en atvinnuvegir margra annarra, sem stærri eru. Reynslan hefur sýnt, að möguleikar til stóraukinnar framleiðslu eru miklir. Vinnuafl hefur skort við framleiðslustörf og framkvæmdir, svo að miklir möguleikar hafa orðið að liggja ónotaðir.

Núverandi ríkisstjórn hefur ekki skilið og skilur ekki enn þá miklu möguleika, sem fyrir hendi eru í atvinnulífi þjóðarinnar. Það er ekki hennar stefnu að þakka, að mikill afli hefur borizt á land síðustu árin. Og það er ekki hennar stefnu að þakka, að fiskiskipaflotinn hefur stækkað og aðstaða til fiskvinnslu batnað. Þvert á móti hafa framfarir og framkvæmdir í þessum efnum átt sér stað þrátt fyrir skilningsleysi stjórnarvalda og vantrú þeirra og ýmsar stjórnarráðstafanir, sem beinlínis hafa verið hinum miklu athöfnum til torveldunar.

Ég hef nú rætt nokkur almenn atriði þess stórmáls, sem hér er fjallað um. Ég ætla, að af því, sem sagt hefur verið, megi ljóst vera, að reynsla Íslendinga af atvinnurekstri útlendinga í landinu er ekki sú, að æskilegt sé að fara inn á þá braut að nýju. Ég ætla einnig, að það megi vera ljóst, að reynsla landsmanna af náttúrugæðum landsins og auðlindum þess er ekki sú, að ástæða sé að tapa trú á getu landsmanna til að nýta þau gæði né heldur til þess að efast um, að framleiðsla þjóðarinnar getur vaxið fyllilega til samræmis við það, sem gerist með öðrum þjóðum. Ástæður til þess að yfirgefa þá stefnu í atvinnumálum, sem gefizt hefur landsmönnum vel, og til þess að hverfa til þeirrar stefnu, sem reynzt hefur þeim og mörgum öðrum þjóðum illa, eru því ekki fyrir hendi.

Ég mun nú víkja í nokkrum einstökum atriðum að samningunum við Sviss Aluminium.

Meginatriði samninganna er það, að Íslendingar taka að sér að byggja mikið raforkuver við Búrfell, sem ráðgert er að kosti samtals að meðtöldum vöxtum á byggingartíma um 1913 milljónir króna. Ráðgert er, að ⅔ hlutar af orku virkjunarinnar verði seldir alúmínhringnum með föstum samningi til 45 ára. Fyrstu 25 árin verður raforkuverðið svo að segja óbreytt, eða 10.75 aurar hver kílówattstund.

Annað aðalatriði samninganna er það, að svissneska auðhringnum Swiss Aluminium er heimilað að byggja alúmínbræðslu við Straumsvík sunnan Hafnarfjarðar og reka hana næstu 45 árin. Ráðgert er, að alúmínbræðslan geti framleitt um 60 þúsund tonn af málmi á ári og að stofnkostnaður hennar verði um 2500 milljónir króna, miðað við, að allir tollar og aðflutningsgjöld af vélum og tækjum og efni verði gefin eftir.

Af hálfu þeirra, sem að þessari samningsgerð standa, er því haldið fram, að framleiðslukostnaður rafmagns í Búrfellsvirkjun verði um 10.40 aurar á kwst. og að þar af leiðandi muni verða um nokkurn hagnað á raforkusölu til alúmínbræðslunnar að ræða. Við þá fullyrðingu eru þessar athugasemdir þó gerðar:

1. Framleiðslukostnaðurinn 10.40 aurar á kwst. er miðaður við stofnkostnaðaráætlanir, **en ekki raunverulegan byggingarkostnað.** Fari allt verkið 65 milljónir króna fram úr áætlun, er beinn framleiðslukostnaður raforkunnar kominn yfir 10.75 aura á kwst.

2. Í áætlunum er aðeins gert ráð fyrir varúðarráðstöfunum fyrir ofan virkjunina, sem kosta eiga 24 milljónir króna, en slíkar framkvæmdir eru taldar af ýmsum sérfræðingum algerlega ófullnægjandi til þess að draga úr truflunum vegna ísmyndunar og aurskriðs í ánni.

3. Reiknað er með, að olíuafls-varastöðvar verði aðeins reknar í 6—8 daga á ári, miðað við fulla orkuþörf alúmínbræðslunnar. Augljóst er, að hér er reiknað með allt of litlum kostnaði af rekstri varastöðvanna miðað við þær aðstæður, sem við er að búa, þar sem um miðlunarlausa virkjun er að ræða. Aðeins olíukostnaðurinn einn er talinn nema 55 aurum á hverja framleidda kwst. í varastöðvunum. Við þann kostnað bætist svo annar rekstrarkostnaður þeirra.

4. Tveir kunnir sérfræðingar í virkjunarmálum, sem sérstaka stund hafa lagt á að rannsaka ísvandamál í fallvötnum, hafa varað sterklega við óvenjumiklum ísamyndunum í Þjórsá við Búrfell og bent á aðgerðir, sem gera þyrfti fyrir ofan virkjun til þess að draga úr mesta vandanum. Ef farið væri að ábendingum þeirra, mundi framkvæmdakostnaður við virkjunina hækka mikið.

Það bendir því allt til þess, að það raforkuverð, sem samið hefur verið um við auðhringinn, sé beinlínis undir framleiðslukostnaðarverði.

Nú er ekki um það deilt, að virkjunin við Búrfell er ein hin hagstæðasta, sem Íslendingar eiga. Samningur, sem felur í sér ráðstöfun á ⅔ hlutum þeirrar raforku, sem til fellur frá þessari virkjun, um 45 ára tímabil og það á knöppu framleiðslukostnaðarverði, eða jafnvel undir því, er því mjög óhagstæður fyrir landsmenn, sem á þessu tímabili verða að ráðast í aðrar og dýrari virkjanir vegna eigin nota.

Rekstur alúmínverksmiðjunnar mun ekki færa Íslendingum aðrar tekjur en þær, sem til falla fyrir vinnuafl þeirra landsmanna, sem í verksmiðjunni vinna, og vegna skatta, sem fyrirtækið á að greiða. Allur hagnaður af fyrirtækinu rennur til útlendinganna. Ráðgert er, að í verksmiðjunni vinni um 450 menn og af þeim nokkrir útlendingar. Sé reiknað með 400 Íslendingum við störf í verksmiðjunni og meðaltalskaupi 250 þús. krónum á ári, verða heildartekjurnar 100 milljónir króna á ári. Áætlað er, að verksmiðjan greiði í skatt árlega 50 milljónir króna. Augljóst er því, að tekjur Íslendinga af rekstri verksmiðjunnar verða ekki meiri en 150—200 millj. kr. á ári, því að um tekjur af rafmagnssölunni er ekki að ræða fyrstu 25 árin, ekki sem hreinar gjaldeyristekjur fyrir þjóðina.

Í samningunum er gert ráð fyrir margvíslegum sérréttindum til handa hinum erlenda atvinnurekanda, og má m. a. nefna eftirfarandi:

1. Tollar og aðflutningsgjöld af stofnframkvæmdum eru gefin eftir, og nemur sú eftirgjöf 500 milljónum króna.

2. Tollar af rekstrarvörum, þ. e. hráefni, varahlutum, vistum, vélum og tækjum o. s. frv., eru niður felldir:

3. Verksmiðjufyrirtækið er undanþegið ákvæðum gjaldeyrislaga og getur ráðstafað gjaldeyri sínum að vild.

4. Fyrirtækið þarf ekki að greiða margvísleg gjöld, sem fyrirtæki landsmanna verða að greiða. Framleiðslugjaldið, sem fyrirtækið á að greiða, felur ekki í sér ýmis gjöld, sem innlend fyrirtæki greiða nú.

5. Nokkur gjöld greiðir fyrirtækið eins og þau eru nú, en þarf ekki að greiða hækkanir, sem síðar kunna að verða ákveðnar.

6. Verði fleiri en eitt gengi á krónunni í gildi í landinu, á hið erlenda fyrirtæki aldrei að búa við óhagstæðara gengi en vegið meðaltal þeirra, sem í gildi eru. Þannig gæti svo farið að alúmínverksmiðjan byggi við hagstæðari gengisskráningu en t. d. meginhluti útflutnings landsmanna sjálfra.

7. Íslenzka álfélagið h/f skal ekki þurfa að leggja fram reikninga sína eða bókhald fyrir íslenzk skattayfirvöld, heldur fyrir óháða erlenda endurskoðunarskrifstofu.

8. Íslenzka álfélagið h/f skal ekki lúta íslenzku réttarfari og úrskurði íslenzkra dómstóla, nema það fallist á það, en hafa rétt til þess að skjóta ágreiningsmálum sínum við íslenzk stjórnarvöld, eða við Hafnarfjarðarkaupstað og Landsvirkjun, fyrir erlendan gerðardóm. Þannig eru hinum erlenda aðila skapaðar hér allt aðrar starfsreglur og meiri réttur en landsmenn sjálfir njóta.

Þegar samanburður er gerður á samningi þeim, sem ríkisstjórnin hefur gert við Swiss Aluminium, og samningum Norðmanna við sama fyrirtæki, kemur m. a. þetta í ljós:

1. Í Noregi hefur alúmínhringurinn samið um raforkuverð, sem nemur 13.76 aurum á kwst., eða er 28% hærra en það, sem hér er samið um. Þar hækkar rafmagnsverðið samkvæmt vísitölu, en hér verður það óbreytt í 25 ár.

2. Í Noregi sættir Swiss Aluminium sig við að hlíta norskum lögum og reglum, eins og þau verða á hverjum tíma.

3. Í norsku samningunum er skýrt tekið fram, að félagið njóti engra sérréttinda.

4. Í Noregi var alúmínverksmiðjan staðsett í afskekktu strjálbýli, þar sem atvinna var lítil.

5. Í Noregi verður alúmínhringurinn að taka að sér að byggja yfir starfsfólk og taka þátt í ýmsum opinberum byggingum á staðnum. Hér sparar hringurinn sér allt slíkt og setur skilyrði um, að starfsmenn verksmiðjunnar geti búið í Hafnarfirði eða Reykjavík.

6. Í Noregi er alúmínverksmiðjan byggð með reykhreinsunartækjum, en hér sleppur hringurinn við 100 milljón króna útgjöld af slíku.

Þannig er ekkert um það að villast, að samningar þeir, sem hér liggja fyrir til staðfestingar, eru miklu óhagstæðari fyrir Íslendinga en hliðstæðir samningar í Noregi eru fyrir Norðmenn.

Ef litið er til þess, hvaða afleiðingar samningar þessir muni hafa í för með sér fyrir íslenzkt atvinnulíf og þróun efnahagsmála, er augljóst, að þær hljóta að verða slæmar í mörgum greinum.

Jafnmiklar stofnframkvæmdir og hér eru ráðgerðar draga til sín mikið vinnuafl. Búast má við, að við byggingarframkvæmdir við Búrfell og við Straumsvík þurfi um 2000 manns á árunum 1967 og 1968, þegar allt það fólk er talið, sem við framkvæmdir þessar verður bundið. Slíkan mannafla er ekki hægt að fá hér á landi, án þess að það bitni á öðrum atvinnugreinum, eða að meiri háttar tilflutningur á fólki komi til.

Stórframkvæmdir sem þessar hljóta því að stórauka þenslu á vinnumarkaði. Afleiðingar þess verða uppboð á vinnuafli, og efalaust siglir í kjölfar þess mikill vöxtur dýrtíðar.

Flutningur fólks utan af landsbyggðinni til Faxaflóasvæðisins hefur verið mikið vandamál að undanförnu, en það vandamál hlýtur nú að aukast til mikilla muna. Þó að ráðgert sé í sambandi við þetta mál, að nokkur hluti af skattgreiðslum alúmínbræðslunnar eigi að renna til atvinnujöfnunar úti á landi, skiptir það litlu máli. Flutningur fólks utan af landi til vinnu við stórframkvæmdirnar í 3—4 ár mun ráða úrslitum um búsetu þess fólks í mörgum tilfellum. Hætt er því við, að smávægilegar fjárhagsráðstafanir til atvinnuframkvæmda úti á landi síðar komi að litlu gagni.

Þá er einnig ljóst, að þau sérréttindi, sem hinn erlendi atvinnurekandi á að fá,

munu skapa mikið misrétti á milli hans og innlendra atvinnurekenda. Þessir aðilar eiga þó að keppa um vinnuaflið á sama grundvelli. Innlendur atvinnurekstur verður auðvitað að standa áfram undir hinum mörgu og breytilegu tekjustofnum ríkisbúskaparins. Hann verður að standa undir áframhaldandi uppbyggingu atvinnulífsins, því að ekki gerir hinn erlendi aðili það.

Þannig munu þessir samningar leiða af sér margvíslega erfiðleika, sem erfitt getur reynzt að fást við.

Í umræðum þeim, sem fram hafa farið um alúmínmálið, hafa talsmenn ríkisstjórnarinnar mjög reynt að halda því fram, að við, sem á móti málinu erum, séum á móti stóriðju og á móti aukinni fjölbreytni í atvinnulífi landsins. Slíkar ásakanir eru rangar. Við Alþýðubandalagsmenn erum ekki andvígir stóriðju, en við viljum, að stóriðja á Íslandi verði íslenzk stóriðja, eign landsmanna sjálfra.

Sjálfsagt er að auka fjölbreytni í atvinnulífinu m. a. með nýjum framleiðslugreinum til útflutnings. En í þeim efnum teljum við, að leggja eigi höfuðáherzluna á að fullvinna þau hráefni, sem til falla í landinu, eins og t. d. ýmsar sjávarafurðir og vörur landbúnaðarins. Stóriðjufyrirtæki við hæfi Íslendinga eiga að koma hér upp stig af stigi, en þar sem um er að ræða erlenda stóriðju, gegnir allt öðru máli.

Þá hafa þeir alúmínmenn reynt að afsaka það undraverða ákvæði samningsins, sem heimilar Íslenzka álfélaginu h/f rétt til þess að skjóta deilumálum sínum við innlenda aðila undir erlendan gerðardóm, með því, að fordæmi væru um slíkan gerðardóm úr öðrum samningum Íslendinga, eins og t. d. olíusamningnum við Sovétríkin. Slík afsökun er gott dæmi um algjör rökþrot þeirra alúmínmanna, þar sem hér er gjörsamlega ólíkum hlutum jafnað saman. Það er alkunna, að gerðardómsákvæði hafa í mörg ár verið í ýmsum samningum Íslendinga við önnur ríki og varðandi erlend verzlunarviðskipti. Slík ákvæði hafa af öllum verið talin eðlileg, því að þar hefur verið um að ræða **hérlendan** og **erlendan** aðila. Annar hefur átt eðlilega lögvernd á Íslandi, hinn erlendis. Þessir aðilar hafa skiljanlega komið sér saman um gerðardóm til þess að úrskurða deilumál. En það, sem gerir gerðardómsákvæði alúmínsamningsins algjörlega einstæð, er það, að þar er um að ræða íslenzkt félag, skráð sem íslenzkt hlutafélag, félag, sem rekur starfsemi sína hér á landi. Það félag á samkvæmt samningnum að hafa heimild til að skjóta ágreiningsmálum sínum við **innlenda** aðila undir úrskurð erlends gerðardóms. Um ekkert dæmi hliðstætt þessu er kunnugt. Swiss Aluminium á dótturfélög í mörgum löndum. Það hefur hvergi þennan rétt fyrir dótturfélög sín, nema hér. Vitað er, að ýmsir erlendir auðhringar eiga og reka fyrirtæki í Noregi, Danmörku og Svíþjóð, en hitt er líka vitað, að þeir verða í öllum greinum að hlíta lögsögu og réttarfari viðkomandi lands. Samanburður þeirra alúmínmanna á þessu ákvæði samningsins og ákvæðum í verzlunarsamningum sýnir aðeins algjör rökþrot þeirra.

Við Alþýðubandalagsmenn erum andvígir þessum samningum ríkisstjórnarinnar við hinn erlenda auðhring um atvinnurekstur í landinu. Við teljum mikla hættu felast í því að veita erlendu auðfyrirtæki sérréttindi til atvinnurekstrar, en álítum, að áfram sé hollast fyrir þjóðina að treysta á eigin atvinnuvegi og eigin yfirráð og forustu í þeim efnum. Við vörum við hættulegum afleiðingum í efnahagslífi landsins af slíkum stórframkvæmdum á fáum árum, eins og nú er háttað um framkvæmdir og atvinnurekstur, þar sem yfirleitt vantar mjög tilfinnanlega vinnuafl. Við vörum sérstaklega við því vanmati á atvinnuvegum þjóðarinnar, sem fram kemur í þessari samningsgerð ríkisstjórnarinnar, og teljum, að aldrei áður hafi þjóðin haft jafnmikla og góða möguleika til mikilla framkvæmda og framfara, aðeins ef auðlindir landsins væru hagnýttar rétt og byggt á grundvallaratvinnuvegum landsmanna sjálfra. Við vörum við hættulegum tilhneigingum, sem fram koma hjá ríkisstjórninni í þá átt að opna allar gáttir fyrir erlendum áhrifum og þá einnig fyrir þeim, sem augljóslega eru hættuleg íslenzkri menningu, sjálfstæði þjóðarinnar, bæði efnahagslegu og pólitísku.

Ég legg því eindregið til, að frumvarpið verði fellt. Verði frumv. eigi að síður samþykkt, legg ég til, að lögin öðlist ekki gildi, fyrr en fram hefur farið þjóðaratkvæðagreiðsla um þau og ekki nema meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiða, samþykki lögin. Tillögu þess efnis mun ég flytja á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 500. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi skulu eigi öðlast gildi, nema fram hafi farið þjóðaratkvæðagreiðsla um þau og meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, samþykkt lögin.

Nd. 501. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. álbræðslunefndar.

Undirritaður minni hluti er andvígur því, að frumvarp þetta um lagagildi álbræðslusamningsins nái fram að ganga. Liggja til þess ýmis rök, sem gerð verður grein fyrir í áliti þessu.

Við teljum samninginn óhagstæðan og m. a. af þeim sökum óaðgengilegan, og einnig er svo ástatt í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna, að mjög varhugavert er að leggja út í stórframkvæmdir af því tagi, sem um ræðir.

Við erum andstæðir þeirri skoðun, sem mjög er á loft haldið og telja má grunntóninn í málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar, að nauðsynlegar raforkuframkvæmdir í landinu og þá fyrst og fremst Þjórsárvirkjun til almenningsþarfa á Suður- og Suðvesturlandi sé óhugsandi án þess að tengja slíka nauðsynjaframkvæmd álbræðslu útlendinga í Straumsvík. **Við viljum þannig sérstaklega vara við þeirri skoðun, að Þjórsárvirkjun og álbræðsla séu samofin og óaðskiljanleg mál.** Hið sanna er, að Þjórsárvirkjun er mjög hagstæð, **enda þótt ekkert álver sé reist,** og allar líkur benda til þess, að hið lága raforkuverð til útlenda stóriðjufyrirtækisins verði einmitt til þess að hækka rafmagnsverð til innlendra aðila, þ. e. heimilis- og iðnaðarnotkunar á Suðurlandi. Ef svo fer, sem allar líkur benda til, þá er árangurinn af álsamningnum algerlega neikvæður út frá höfuðsjónarmiði talsmanna hans.

Vert er að benda á í þessu sambandi, að hæfileg virkjun í Þjórsá er þrátt fyrir allt ekki stærra fyrirtæki en Sogsvirkjunin var á sínum tíma, og miðað við það er Íslendingum sízt ofvaxið að ráðast í slíkt fyrirtæki án þess að gangast undir annarlega samninga um stórrekstur útlendinga í landinu.

Afstaða Framsóknarflokksins til erlends atvinnurekstrar.

Framsóknarflokkurinn hefur frá öndverðu fylgt fast fram þeirri meginstefnu, að atvinnureksturinn í landinu væri í höndum landsmanna sjálfra. Eitt af fyrstu verkum flokksins, eftir að hann myndaði ríkisstjórn árið 1927, var að koma því til vegar, að mikilvæg atvinnugrein, síldarvinnslan, sem þá var að verulegu leyti í höndum útlendinga, kæmist alveg í hendur íslenzkra aðila. Þessi stefna flokksins hefur verið byggð á þeirri staðreynd, að erlend fyrirtæki geti aldrei jafnazt á við innlend fyrirtæki fyrir þjóðarbúið, og jafnan fylgi því margvísleg áhætta fyrir sjálfstæði þjóðarinnar, ef erlendir aðilar ráði yfir atvinnurekstri í landinu, svo að einhverju nemur. Gömul og ný reynsla Íslendinga hefur sannað þetta.

Framsóknarflokknum hefur verið ljóst, að til þess að auka og efla atvinnuvegina væri þörf fyrir erlent fjármagn innan hæfilegra marka. Hann hefur kosið, að þetta fjármagn væri fengið með lántökum, sem ráðstafað væri til atvinnuveganna eða til að koma upp orkuverum og vissum stóriðjufyrirtækjum á vegum Íslendinga sjálfra. Flokkurinn hefur haft forgöngu um margar slíkar lántökur, m. a. til bygginga áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju.

Flokkurinn hefur jafnframt þessu talið það geta komið til greina, að höfð yrði samvinna við erlend einkafyrirtæki um að reisa hér tiltekin stóriðjufyrirtæki. Flokkurinn hefur jafnframt lagt megináherzlu á, að fyllstu varúðar yrði gætt í þessum efnum og svo búið um hnútana, að ekki stafaði hætta af fyrir sjálfstæði þjóðarinnar.

Um það leyti, er Framsóknarflokkurinn var stofnaður, var það mjög á dagskrá, að útlendingum yrði veitt leyfi til orkuvirkjana og stóriðju í sambandi við þær. Sökum fátæktar þjóðarinnar þá sáu menn ekki aðra leið mögulega, ef hefjast ætti handa um meiri háttar vatnsvirkjanir. Mjög var þá um það deilt, hvort rétt væri að fara inn á þessa braut. Stundum voru þá þeir kallaðir innilokunarmenn, sem vildu hafna allri samvinnu við útlendinga um þessi mál, en hinir opingáttarmenn, sem vildu hafa sem minnstar hömlur í þessum efnum. Á fyrsta flokksþingi framsóknarmanna, sem haldið var á Þingvöllum 1919, var samþykkt að fara eins konar meðalveg, útiloka ekki slíka samvinnu við útlendinga með öllu, en gæta hins vegar fyllstu varúðar í slíkum skiptum. Í sérstakri ályktun, sem flokksþingið gerði um þetta mál, segir, að leyfa megi „einungis eina stórvirkjun til iðju hér á landi, þar til fengin er reynsla um afleiðingar fyrirtækisins", og að leyfi til slíkrar stórframkvæmdar megi „aldrei veita, nema Alþingi tvisvar, fyrir og eftir kosningar, fallist á það". Segja má, að þessi afstaða flokksþingsins 1919 hafi mótað síðan viðhorf Framsóknarflokksins, sem hefur verið fólgið í því að útiloka ekki alveg slíka samvinnu við útlendinga, en gæta fullkomnustu varfærni, ef til kæmi.

Á flokksþingum framsóknarmanna, sem síðar hafa verið haldin, hefur það nokkrum sinnum verið áréttað, að komið gæti til greina að hafa samvinnu við erlenda einkaaðila um tiltekna stóriðju, en alltaf tekið fram, að sýna bæri fyllstu varúð í slíkum viðskiptum.

Í samræmi við þessa afstöðu hefur flokkurinn talið rétt, að kannaðir yrðu möguleikar, sem gætu verið fyrir hendi í þessum efnum. Í framhaldi af því taldi flokkurinn líka rétt, eftir að kunnugt varð um viðræður núv. ríkisstjórnar við svissneska álhringinn um byggingu álbræðslu, að þeim viðræðum yrði haldið áfram og það leitt í ljós, hvaða kostir stæðu þar til boða. Í þessu fólst að sjálfsögðu engin skuldbinding af hálfu flokksins um að fylgja þeim samningum, sem ríkisstjórnin og álhringurinn kynnu að ná samkomulagi um.

Áður en viðræður þessar milli ríkisstjórnarinnar og álhringsins komust á lokastig, taldi Framsóknarflokkurinn rétt að gera nánari grein fyrir þeim skilyrðum, sem hann áleit, að þyrftu að vera fyrir hendi, ef samningar við álhringinn ættu að takast. Því var á aðalfundi miðstjórnar Framsóknarflokksins í marz 1965 samþykkt eftirfarandi varðandi þetta mál:

„Rétt er, að kannaðir séu möguleikar á uppbyggingu einstakra stærri iðngreina með beinni þátttöku erlends fjármagns samkvæmt sérstökum lögum og samningi hverju sinni, enda sé nægilegt vinnuafl fyrir hendi og slík atvinnufyrirtæki liður í skipulegri uppbyggingu atvinnuveganna, en megi aldrei verða til þess, að slakað sé á eða dregið úr eflingu íslenzkra atvinnuvega. Slík atvinnufyrirtæki yrðu að öllu leyti að lúta íslenzkum lögum. Megináherzlu ber að leggja á, að staðsetningu slíkra fyrirtækja sé, ef til kemur, þannig hagað, að hún stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Þess sé og jafnan gætt að tryggja efnahagslegan og tæknilegan grundvöll þess, að Íslendingar geti sem fyrst tileinkað sér þá þekkingu og verkkunnáttu, sem flytjast kann inn í landið á þennan hátt, svo að slíkur iðnaður geti orðið alíslenzkur sem allra fyrst. Þess sé og jafnan gætt, að erlend fjárfesting verði aldrei nema lítill hluti af heildarfjárfestingu þjóðarinnar.

Í tilefni af samningaumleitunum, sem nú standa yfir um alúmínvinnslu hér á landi, lýsir miðstjórnin því yfir, að slíkt stórmál megi ekki afgreiða nema sem lið í heildaráætlun í framkvæmda- og efnahagsmálum og ekki tiltök að hefja þær framkvæmdir við þá verðbólguþróun og vinnuaflsskort, sem íslenzkir atvinnuvegir búa nú við. Eins og sakir standa er því ný stefna í efnahags- og atvinnumálum landsins forsenda þess, að unnt sé að ráðast í stóriðju. Hið erlenda fyrirtæki njóti engra hlunninda umfram íslenzka atvinnuvegi og lúti í einu og öllu íslenzkum lögum og raforkusala til þess standi a. m. k. undir stofnkostnaði virkjunar að sínu leyti. Enn fremur hafi íslenzk stjórnvöld á hverjum tíma íhlutun um skipun stjórnar verksmiðjunnar og meiri hluti stjórnenda sé íslenzkir ríkisborgarar. Miðstjórnin minnir sérstaklega á, að staðsetning alúmínverksmiðju á mesta þéttbýlissvæði landsins mundi, eins og nú háttar, auka mjög á ójafnvægi í byggð landsins. Að óbreyttum þeim ástæðum felur miðstjórnin framkvæmdastjórn og þingflokki að beita áhrifum sínum þannig, að verksmiðjan verði staðsett annars staðar.“

Í desembermánuði síðastliðnum var það tilkynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar, að náðst hefði samkomulag milli hennar og álhringsins í aðalatriðum. Framsóknarflokkurinn hafði með þátttöku sinni í þingmannanefnd átt þess kost að fylgjast með gangi málsins, en þó þannig, að farið yrði með þá vitneskju sem trúnaðarmál. Þar sem Framsóknarflokknum var kunnugt um efni áðurnefnds samkomulags, taldi hann ekki rétt að draga það að lýsa yfir andstöðu sinni við það, þótt það hefði enn ekki verið birt í öllum atriðum. Andstaða Framsóknarflokksins var að sjálfsögðu fyrst og fremst byggð á því, að með þessu samkomulagi væri ekki fullnægt þeim skilyrðum, er fólust í áðurgreindri ályktun miðstjórnar flokksins.

Efnahagsástandið. — Vinnuaflsskorturinn.

Eitt af því, sem mælir einna mest gegn staðfestingu Alþingis á álsamningunum, eins og þá ber að, er hið ótrygga ástand efnahagsmálanna, þ. e. verðbólgu- og dýrtíðarþróunin ásamt ofþenslu á vinnumarkaði, sem ekki er sjáanlegt, að sé í neinni rénun.

Verðbólguvöxturinn hefur verið geigvænlega ör hin síðari ár og sízt minnkað á valdaárum núverandi stjórnarsamsteypu, sem setið hefur að völdum nærfellt tvö kjörtímabil, en meginráðstafanir hennar í efnahagsmálum tóku gildi í febrúarmánuði 1960. „Viðreisnarstefnan“ svonefnda hefur þannig 6 ára reynslutíma að baki, en árangurinn er því miður sá, að verðbólgan og dýrtíðin hafa sjaldan eða aldrei magnaðri verið og eru á góðri leið með að kaffæra undirstöðuatvinnuvegi landsmanna í óbotnandi feni sínu, svo og eðlilega fjárhagsafkomu almennings. Hitt er einnig og ekki síður alvörumál, að hin öra verðbólguþróun hefur riðið fjárhag ríkissjóðs á slig með þeim afleiðingum, að verulegur greiðsluhalli hefur orðið tvö síðustu ár. Þarf þetta sízt af öllu að koma á óvart, því að fáum stafar meiri hætta af eyðingarafli verðbólgueldsins en ríkissjóði. Í þessu sambandi er ástæða til þess að benda á, að halli ríkissjóðs stafar ekki af því, að áætlaðar ríkissjóðstekjur hafi

brugðizt. Þvert á móti, ríkissjóðstekjur hafa farið fram úr áætlun. Hallinn stafar af verðbólguvexti og verðrýrnun gjaldmiðils þjóðarinnar. Auknir skattar og niðurskurður verklegra framkvæmda hafa lítt stoðað til þess að vega upp á móti eyðingarmætti verðbólgunnar.

Á hitt er að líta, að vegna óvenjulega góðs árferðis, nýrrar veiðitækni og frábærra viðskiptakjara hefur framleiðsla landsmanna vaxið hröðum skrefum, svo og þjóðartekjur, enda mjög blómlegt athafnalíf víða um land, einkum á Austfjörðum og á Suður- og Suðvesturlandi. Hefur þetta fært þjóðinni miklar uppgripatekjur á fáum árum og valdið gífurlegri eftirspurn eftir vinnuafli, sem mjög skortir á að sé fullnægt. Hér hefur því ríkt vinnuaflsskortur og gerir enn. Fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir, að viðbættum auknum varnarliðsframkvæmdum, hljóta að magna þensluna á vinnumarkaðnum. Miðað við reynsluna að undanförnu og það jafnvel þótt eitthvað drægi úr sjávarafla, virðist augljóst, að innlent vinnuafl er ekki fyrir hendi til þess að mæta þörfinni á næstu árum. Sú hætta vofir yfir, að undirstöðuatvinnuvegir þjóðarinnar eigi við vaxandi erfiðleika að etja af þessum sökum, þ. e. að vinnuaflið leiti frá þeim til stóriðjuframkvæmdanna, og jafnframt hefjist nýtt kapphlaup um vinnuaflið, sem sízt mun orka til bóta á þensluna í efnahagslífinu. Er þá verr farið en heima setið, því að ekkert mál krefst skjótari úrlausnar, ef hér á að dafna eðlilegt efnahags- og stjórnmálalíf í framtíðinni, en að stöðva verðþensluna og sameina alla þjóðina, stéttasamtök og stjórnmálaflokka, um það markmið.

Ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu ekki komizt hjá að viðurkenna, að stóriðjuframkvæmdirnar eru að þessu leyti ótímabærar. Í aðalsamningi hennar við svissneska álfélagið, svo og í allri meðferð málsins að undanförnu, er ráð fyrir því gert að flytja inn vinnuafl eftir þörfum. En framkvæmd þess máls er ýmsum vandkvæðum bundin og getur ekki komið í veg fyrir hagsmunaárekstra milli erlendu stjóriðjunnar og íslenzkra atvinnuvega. Er mikil hætta á, að hinir íslenzku atvinnuvegir verði undir í þeim leik. Einnig er sú hætta fyrir hendi og má raunar telja vísa, að örar stóriðjuframkvæmdir næstu ára komi niður á opinberum framkvæmdum og leiði m. a. til beins eða óbeins samdráttar í svo nauðsynlegum framkvæmdaþáttum sem samgöngum og skólabyggingum, auk margs annars, sem nauðsyn ber til að auka og efla.

Óviðunandi réttarfarsákvæði o. fl.

Eitt af einkennum álbræðslusamninganna er óviðfelldinn heildarblær á framsetningu, sem m. a. birtist í lítilsvirðingu og vanmati á íslenzkum lögum og réttarfari. Þá ber einnig að vekja athygli á því, að hin íslenzka gerð samninganna, sem ætlað er að staðfesta með lögum, er allt of víða óvönduð í þýðingu, eins og hún liggur fyrir, og ber þess merki, að hún er unnin í miklum flýti. Með þessu er ekki verið að kasta rýrð á þýðendurna, sem eru vel færir í sínu starfi, heldur aðeins bent á, að þeir hafa ekki haft nægan tíma til þess að yfirfara og laga verk sitt. Því miður er ógerlegt að lagfæra hinn óviðfelldna heildarblæ samninganna, sem fyrr er á minnzt, en málfar, ónákvæmni og rangtúlkun má lagfæra og er nauðsyn að gera, enda fái þýðendur tækifæri til þess að bæta um verk sitt.

Samkvæmt 46. og 47. gr. samningsins er ákveðin sérstök og óvenjuleg leið til að fá skorið úr deilumálum, sem rísa kunna út af stóriðjusamningunum eða í sambandi við þá. Gilda þær sérstöku reglur um ágreiningsmál á milli svissneska álfélagsins, íslenzka álfélagsins og minni hluta hluthafa annars vegar og ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar hins vegar. Gildir einu, hvort ágreiningur er út af aðalsamningnum, orkusölusamningi, hafnar- og lóðarsamningi eða aðstoðarsamningum.

Þessi ágreiningsmál eru tekin undan lögsögu íslenzkra dómstóla, nema samkomulag verði um það milli Alusuisse og ríkisstjórnarinnar að vísa slíkri deilu til íslenzkra dómstóla eða íslenzks gerðardóms. Deilumál þessi öll, sem tekin eru

undan lögsögu íslenzkra dómstóla, eiga að fara fyrir eins konar alþjóðlegan gerðardóm, sem sitja skal í útlöndum og skipaður skal fulltrúum frá aðilum, en oddamaður tilnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins — eða af aðalforstjóra Alþjóðabankans, ef nægilega mörg ríki fullgilda alþjóðasamninginn um lausn fjárfestingardeilna og Sviss gerist aðili að honum.

Þetta gerðardómsfyrirkomulag væri ekki athugavert, ef um væri að ræða venjulegan millirikjasamning. En hér er ekki um samning milli tveggja ríkisstjórna að tefla, heldur samninga ríkisstjórnarinnar, Landsvirkjunar og Hafnarfjarðarkaupstaðar við einkafyrirtæki — svissneska álfélagið og íslenzka álfélagið. Ágreiningsmál út af slíkum samningum, sem hér á landi rísa, heyra eftir viðurkenndum réttarfarsreglum undir íslenzka dómstóla, og skiptir engu, hvort málsaðili er innlendur eða útlendur. Það er á allan hátt óeðlilegt að taka ágreining Alusuisse við íslenzk stjórnvöld undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Hitt er þó enn fráleitara, að taka ágreiningsmál við íslenzka álfélagið, sem að nafninu til er íslenzkt félag, skrásett hér á landi og hefur stjórn, sem að meiri hluta er skipuð íslenzkum ríkisborgurum, undan íslenzku dómsvaldi. Það er furðulegt, að ríkisstjórninni skuli detta í hug að semja ágreining íslenzka álfélagsins við Hafnarfjarðarkaupstað eða Landsvirkjun, sem eru sérstakir og sjálfstæðir réttaraðilar, undan lögsögu íslenzkra dómstóla. Slíkt er að okkar dómi ekki hægt að samþykkja. Þessi gerðardómsákvæði lýsa öll vantrausti á íslenzkum dómstólum og íslenzku réttarfari. Þau hljóta að byggjast á þeirri ímyndun eða skoðun, að hér sé ekki fullkomið réttarríki. Hefur aðalforstjóri Alusuisse staðfest það í blaðaviðtali, að íslenzkum dómstólum sé ekki treyst til að fara með þessi mál, m. a. vegna þess, að hann telur þá skorta reynslu í þeim efnum. Gerðardómsákvæðin, eins og þau eru vaxin, fela því í sér óverðskuldaða lítilsvirðingu á íslenzkum dómstólum. Við erum þeim algerlega andvígir. Og þau væru ein út af fyrir sig næg ástæða til að hafna þessum samningum.

Raforkuverðið.

Samningurinn gerir ráð fyrir orkuverði, sem nemur 2.5 mills eða 10.75 aurum á kílówattstund. Þetta orkuverð er mjög lágt, og munu þess fá dæmi, að samið sé um svo lágt orkuverð annars staðar. Í Noregi er hliðstætt orkuverð nú 3.2 mills eða 13.75 aurar á kwst. Jafnvel í Ghana er orka frá hinni geysihagkvæmu stórvirkjun í Voltafljóti seld til stóriðju á 2.65 mills eða 11.4 aura á kwst. Í Grikklandi var nýlega samið um orkusölu til stóriðju á verði, sem nam rúml. 3 mills, en sá samningur leiddi til svo almennrar óánægju þar og stjórnmálalegra erfiðleika, að nauðsynlegt reyndist að ógilda hann og semja um mun hærra raforkuverð, eða ca. 4 mills.

En það er ekki aðeins í samanburði við erlent orkuverð, sem 10.75 aurar á kwst. er lítið. Ef litið er á íslenzkar aðstæður og virkjunarskilyrði, kemur í ljós, að þetta orkuverð er langt undir almennum framleiðslukostnaði raforku í landinu á næstu áratugum. Í grg. með frv. um Landsvirkjun á síðasta Alþingi (Alþt. 1964, A. bls. 1385) var birt línurit um verðdreifingu vatnsafls Íslands. Kemur þar í ljós, að það er aðeins mjög lítill hluti virkjanlegs afls hér á landi, sem hægt er að gera ráð fyrir að megi beizla á þessu verði. Af rúmlega 30000 Gwh ársorku, sem virkjanleg er talin í landinu, eru aðeins um 8—9 þús. Gwh talin virkjanleg við kostnaði, sem sé innan við 15 aura á kwst., og af því á nú þegar að selja rúmlega 1000 á 10.75 aura. Óhugsandi er, að þetta verði talin hagkvæm ráðstöfun, þegar fram líða stundir. Verðið er augsýnilega of lágt.

Í norskum raforkusamningum af þessu tagi eru ákvæði um endurskoðun á 5 ára fresti. Í þeim samningi, sem hér liggur fyrir, er ekkert hliðstætt að finna, þó að þess sé þeim mun ríkari nauðsyn, sem raforkuverðið er lægra. Endurskoðun sú, sem samkvæmt þessum samningi á að fara fram árið 1984, tekur einungis til þess þáttar orkuverðsins, sem stafar af viðhaldskostnaði og gæzlu, sem er aðeins sára-

lítill þáttur, þar sem fjármagnskostnaðurinn er meginþáttur verðsins, en þær endurskoðanir, sem fram eiga að fara árin 1994 og 2004, eiga að fara fram eftir reglum, sem eru ákveðnar í samningnum og eru okkur mjög óhagstæðar, ekki síst vegna þess, að þær gefa álbræðslunni kost á tveim ólíkum viðmiðunum, og getur hún valið þá, sem lægri er. Eru því hverfandi líkur á því, að raforkuverðið geti orðið hagstæðara síðar á samningstímabilinu, sem nær til 2014, og alls ekki fyrr en árið 1994.

En þá verðum við farnir að virkja mun dýrari orku fyrir okkur sjálfa.

Skattamál.

Bræðslan á að búa við sérstakar reglur í skattamálum. Í stað allra opinberra skatta á hún að greiða fast gjald á framleiðslueiningu, en upphæð þess hefur verið ákveðin — að því er sagt er — á þann hátt, að núgildandi skattlagningarreglum hefur verið beitt á rekstraráætlanir bræðslunnar. Mun það einsdæmi, að skattaálagning sé þannig byggð á rekstraráætlun fyrirtækis, og er það næsta ólíkt því, sem íslenzk fyrirtæki eiga að búa við, þar sem þau verða að skila nákvæmum framtölum, sem síðan fara undir smásjá skattaeftirlits og skattalögreglu.

Nú er það staðreynd hér á landi sem annars staðar, að með vaxandi kröfum til margvíslegrar samfélagsþjónustu fer tekjuþörf hins opinbera vaxandi ár frá ári. Bræðslunni er ekki ætlað að standa undir þeirri auknu þörf, þar sem hún er undanþegin öllum skattahækkunum, sem síðar kunna að verða.

Framleiðslugjöld af þessu tagi hafa ekki verið tekin upp annars staðar við hliðstæðar aðstæður, svo að vitað sé. Norðmenn hafa ekki slík gjöld, en skattleggja fyrirtæki af þessu tagi eftir venjulegum gildandi skattareglum. Þeim er þó vel ljóst, að við er að glíma mikinn vanda í þessu efni, sem stafar af því, að hringar eins og alúmínhringarnir selja verksmiðjum sínum hráefni og þjónustu og kaupa af þeim fullunna vöru. Þeir ráða verðlagningu þessa varnings og þar með rekstrarafkomu. Með því að taka hagnað sinn á t. d. hráefnissölunni geta þeir í rauninni skotið sér undan skattgreiðslum að verulegu leyti.

Frá þessu sjónarmiði gæti framleiðslugjald verið réttlætanlegt, ef það væri fundið út með eðlilegum hætti, væri háð þeim breytingum, sem yrðu á íslenzkum skattalögum, og kæmi í veg fyrir flóknar deilur um skattamál fyrirtækisins. Engu af þessu er hins vegar til að dreifa, ekki einu sinni varðandi hið síðastnefnda, því að samkvæmt samningnum á bræðslan ekki að borga meira en 50% af tekjuafgangi sínum í framleiðslugjöld. Fari þau fram úr því, myndast skattinnstæða, sem bræðslan á hjá ríkinu og endurgreiðist samkvæmt settum reglum og vissum takmörkunum. Íslenzk yfirvöld komast þannig engan veginn hjá að grandskoða reikninga bræðslunnar og meta tekjuafgang hennar, og sá vandi, sem leysa átti, er jafnóleystur eftir sem áður. Öll ákvæði vantar um það, hvernig hráefni skuli verðleggja.

Ákvæðin um það, að framleiðslugjaldið skuli ekki fara fram úr 50% af tekjuafgangi, munu væntanlega leiða til þess, að skattgreiðslur bræðslunnar á fyrstu árunum muni aðeins verða lán, sem síðar þurfi að endurgreiða með 6% vöxtum.

Rekstraráætlanir bræðslunnar benda ekki til þess, að vænta megi mikils tekjuafgangs fyrstu árin, og myndast þá skattinneign. Getur vel svo farið, að þegar framleiðslugjaldið á að hækka síðar á samningstímabilinu, fari öll hækkunin til að endurgreiða skattinnstæðuna og skattagreiðslan fari þannig aldrei fram úr 20 dollurum á tonn.

Röskun á jafnvægi í byggð landsins.

Ljóst er, að fyrirhugaðar stóriðjuframkvæmdir í Straumsvík munu auka mjög jafnvægisleysi í byggð landsins. Er óhætt að fullyrða, að þeir landshlutar, sem nú eiga við atvinnuerfiðleika að etja, eru í mikilli hættu vegna hins sterka aðdráttarafls, sem stóriðjuframkvæmdirnar óneitanlega hafa.

Því miður hefur þess ekki verið gætt, að staðsetning álverksmiðjunnar skiptir miklu máli, meðan svo háttar í landinu, að sumir landshlutar eiga við þeina eða tiltölulega fólksfækkun að stríða, og m. a. vegna skipulagsleysis í sambandi við atvinnu- og félagslega uppbyggingu í landshlutunum. Stóriðja á mesta þéttbýlis- og þenslusvæði landsins hlýtur óhjákvæmilega að magna þennan vanda. Það ber því mjög að harma og víta, að þannig skyldi ekki staðið að samningsviðræðum frá upphafi, að stóriðjan gæti, ef til kæmi og hagstæðir samningar næðust, orðið til þess að skapa nýjan atvinnugrundvöll í þeim landshlutum, þar sem segja má að horfi til afturfarar vegna fólksfækkunar. Hin skaðlegu efnahagsáhrif, sem stóriðjunni hljóta að fylgja á mesta þéttbýlis- og þenslusvæði, þar sem atvinna er svo mikil, að skortur er vinnuafls, yrðu hverfandi lítil við slíkar aðstæður, en mundu hins vegar leysa úr læðingi ýmsa orku, sem nú fær ekki notið sín. Telja má víst, að umhverfis álver af þeirri stærð, sem ætlað er að reisa hér á landi, geti risið byggðarlag með nokkrum þúsundum íbúa, þegar allt er talið. Má segja, að um minna muni í landshlutum, þar sem fólksfækkunin er þegar staðreynd eða yfirvofandi.

Ríkisstjórnin virðist a. m. k. stundum vera sér þess meðvitandi, að Straumsvíkurverksmiðjan muni hafa óheppileg áhrif á jafnvægi í byggð landsins. Hins vegar hefur hún fundið upp nokkurt snjallræði — eða hitt þó heldur — til þess að vega upp á móti röskunaráhrifunum. Jafnframt því, sem ríkisstjórnin leggur álsamningana fram til staðfestingar, flytur hún frumvarp til laga um svonefndan „atvinnujöfnunarsjóð“, sem m. a. er ætlað að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, samkv. ákvæðum frv. um markmið sjóðsins. Aðaltekjustofn „atvinnujöfnunarsjóðs“ er hluti af skatttekjum vegna álbræðslunnar í Straumsvík. Því er þeirri kenningu á loft haldið, að álbræðslan fyrirhugaða verði síður en svo til þess að raska byggðajafnvæginu, heldur stuðli beinlínis að jafnvægi í byggð landsins!

Þessi kenning er að sjálfsögðu röng.

Það lýsir mikilli skammsýni, ef menn trúa því, að tiltölulega litlar upphæðir, miðað við umsvif og fjármagn stóriðjunnar, verði til þess að vega upp á móti röskunaráhrifum hins erlenda risafyrirtækis. Þess er og að gæta, að röskunaráhrifin frá álbræðslunni og öðrum stórframkvæmdum, sem á döfinni eru, dynja allsnögglega yfir, áður en atvinnujöfnunarsjóður fer að fá tekjur af álbræðsluskattinum. Sjóðurinn verður því ærið máttvana gagnvart því heljarafli, sem stóriðjuframkvæmdirnar eru, ekki sízt fyrst í stað.

Gjarnt er forsvarsmönnum álbræðslumálsins að vísa til fordæmis Norðmanna, sem laða mjög að sér erlent fjármagn og hafa mörg útlend eða hálfútlend fyrirtæki starfandi í landi sínu. Hitt er furðulegra, að þeir, sem sífellt eru að vekja athygli á þessari stefnu Norðmanna okkur til fordæmis, minnast nær aldrei á hitt, að Norðmenn hafa allfastmótaða stefnu um staðsetningu og dreifingu iðnaðarfyrirtækja í því skyni að efla jafnvægi í byggð landsins, enda eiga Norðmenn við sömu erfiðleika að etja og við Íslendingar hvað þau mál snertir.

Upplýst er, svo að ekki verður vefengt, að Swiss Aluminium varð að gangast undir sérstakt staðsetningarskilyrði í sambandi við byggingu álbræðslu sinnar í Húsnesi á Hörðalandi. Ekki hafði Swiss Aluminium mikinn hug á að staðsetja verksmiðju sína á þessum fámenna útskaga, en norska ríkisstjórnin hafði það ákveðna markmið í huga að byggja upp atvinnulíf á Hörðalandi, og undir það varð Swiss Aluminium að beygja sig, enda ákvörðunarástæða af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ýmis forréttindaaðstaða og undanþágur.

Rekstrarfélagið, Íslenzka álfélagið h/f, nýtur margs konar forréttinda miðað við önnur atvinnufyrirtæki í landinu. Félagið er m. a. undanþegið aðflutningsgjöldum af efni og tækjum, sem það eða verktakar þess flytja inn til byggingar bræðslunnar. Sama gildir og um hráefni, vélar o. fl., sem það flytur inn til rekstrar bræðslunnar. Ál frá bræðslunni og afgangshlutir, sem út verða fluttir, verða und-

anþegin útflutningsgjöldum. Erlendu starfsfólki, sem hingað kemur á vegum Íslenzka álfélagsins h/f, verður heimill tollfrjáls innflutningur á heimilismunum.

Vert er að benda á, að auk hinnar sérstöku aðstöðu, sem álbræðslunni er fengin með tollfríðindum, miðað við íslenzk atvinnufyrirtæki, skapast hið mesta vandamál í sambandi við tolleftirlit og aðra löggæzlu á athafnasvæði álbræðslunnar. Er ekki að efa, að Straumsvík liggur undir stórhættu sem hreiður smygls og lögbrota. Verður að gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að halda uppi löggæzlu á athafnasvæði verksmiðjunnar og koma í veg fyrir smyglstarfsemi, sem ætla má að geti þróazt í sambandi við hið víðtæka tollfrelsi álbræðslunnar.

Þá þykir okkur nauðsyn að benda á, að bæði er óvarlegt og óeðlilegt að undanþiggja álbræðslufélagið þeirri kvöð að byggja gaseyðingartæki í sambandi við rekstur sinn. Upplýst er, að Straumsvíkurverksmiðjan verður eina verksmiðjan af 10 verksmiðjum Swiss Aluminium í fjöldamörgum löndum, sem ekki er búin gaseyðingartækjum. Félagið getur því almennt ekki búizt við því að fá að reisa verksmiðjur án slíkra tækja. Hvað þetta atriði snertir hefur ríkisstjórnin því hreinlega samið af sér.

Samkv. skýrslu rannsóknarstofnunar iðnaðarins, dags. 21. marz 1966, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpi þessu, segir, að „aðstæður til rannsókna á þessu máli voru engar hér á landi, og varð því að styðjast við reynslu og aðstæður, er fyrir voru í Noregi og Ameríku. Landfræðilegar og veðurfræðilegar aðstæður eru þar öllu óhagstæðari en hér, og ætti það eitt að tryggja, að hættumörkin eru **sennilega** mun þrengri."

Við undirritaðir nefndarmenn teljum, að ekki séu öll tvímæli tekin af um hættuna af eiturgastegundum frá álbræðslunni, og álítum, að með því að undanþiggja álbræðsluna skyldunni til þess að búa verksmiðjuna gaseyðingartækjum sé lagt inn á varhugaverða braut.

Eins og mál þetta allt er vaxið, teljum við rétt, að frumvarpinu sé vísað frá. Verði sú tillaga felld og frv. afgreitt til 3. umræðu, munum við við þá umræðu leggja til, að málið verði borið undir þjóðaratkvæði.

Með tilvísan til framanritaðs leggjum við undirritaðir til, að málið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Vegna þess, hvernig ástatt er í atvinnu- og efnahagslífi landsmanna, og þar sem samningur sá, sem frumvarpinu fylgir, er óaðgengilegur, ályktar deildin að vísa frumvarpinu frá og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Ingvar Gíslason, frsm. Þórarinn Þórarinsson.

Nd. 502. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. álbræðslunefndar.

Sama dag og neðri deild kaus sérstaka nefnd til þess að fjalla um frumvarp til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík, hafði háttv. efri deild einnig kosið nefnd, sem fjalla

skyldi um málið, ef til efri deildar kæmi. Var þetta gert eftir ósk iðnaðarmálaráðherra, Jóhanns Hafsteins, við 1. umræðu málsins, til þess að auðvelda afgreiðslu þess.

Nefndir beggja deilda hafa því unnið saman og haldið nokkra fundi, en þingmenn höfðu áður fengið tækifæri til þess að fylgjast með málinu, eins og nú verður greint frá.

Undirbúningur þessa máls á sér langan aðdraganda. Sérfræðingar hafa starfað á vegum ríkisstjórnarinnar um margra ára skeið.

Í ársbyrjun 1965 þótti sýnt, að samningar gætu þá hafizt milli svissnesks álfyrirtækis og ríkisstjórnarinnar um að reisa álbræðslu á Íslandi. Þar sem hér var um að ræða mjög umfangsmikið mál, auk þess sem málið átti sér ekki hliðstæðu í sögu Alþingis, taldi ríkisstjórnin rétt, að þingflokkarnir, í fyrstu þrír, síðan allir, skipuðu tvo þingmenn hver í sérstaka nefnd, er starfa skyldi undir forustu iðnaðarmálaráðherra og vinna að undirbúningi máls þessa fyrir Alþingi.

Þingmannanefndin hóf störf í febr. 1965, er frumdrög voru gerð að samningi þeim, sem nú er óskað eftir að öðlist lagagildi.

Nefndin hefur haldið 26 fundi. Fundi nefndarinnar sátu einnig sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, sem unnu að þessu máli, þeir dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, Eiríkur Briem framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri rannsóknaráðs og Hjörtur Torfason hdl.

Öll samningsuppköst voru lögð fyrir nefndina og þau yfirfarin, rædd og í ýmsu lagfærð eftir ábendingum nefndarmanna, auk þess sem raforkumálastjórnin lét nefndinni í té allar upplýsingar varðandi rannsóknir til undirbúnings virkjana.

Þá gafst nefndarmönnum tækifæri til þess að kynnast starfsemi svissneska fyrirtækisins í Noregi og Sviss, byggingu verksmiðju af sömu stærð og hér er gert ráð fyrir að reisa, slíkri verksmiðju í fullum gangi svo og ýmiss konar úrvinnslu áls. Einnig sáu nefndarmenn módeltilraunir í Þrándheimi af aðstæðum í Þjórsá við Búrfell vegna fyrirhugaðrar virkjunar þar.

Auk þessa hefur iðnaðarmálaráðherra gefið Alþingi skýrslur um gang málsins.

Þegar Alþingi fær mál þetta til meðferðar, verður ekki annað sagt en það hafi fengið þann bezta undirbúning, sem kostur var á.

Á sameiginlegum fundum nefnda beggja þingdeilda var samningurinn yfirfarinn, svo og raforkusamningurinn.

Sérfræðingar ríkisstjórnarinnar sátu einnig fundina, og gafst nefndarmönnum þar tækifæri til þess að fá upplýsingar svo og skýringar á einstökum atriðum samninganna.

Í greinargerð með frumvarpinu er ýtarlegt yfirlit yfir aðalsamninginn, auk þess gert yfirlit yfir aðra samninga, sem birtir eru sem fylgiskjöl. Þá er í greinargerð frumvarpsins gerð ýtarleg grein fyrir þjóðhagslegum áhrifum byggingar og rekstrar álbræðslu á Íslandi.

Við 1. umræðu málsins og á fundum nefndanna hafa háttv. stjórnarandstæðingar haldið fram gagnstæðum skoðunum við það, sem fram kemur í skjölum málsins, án þess — að dómi meiri hluta þessarar nefndar — að koma fram með þau rök máli sínu til stuðnings, sem fallizt verður á.

Nefndin varð því ekki sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hluti nefndarinnar (MÁM, BGr, JR, SI) telur mjög mikilvægt fyrir Íslendinga, að Alþingi staðfesti samninginn, sem iðnaðarmálaráðherra Jóhann Hafstein hefur undirritað f. h. ríkisstjórnarinnar.

Leggur meiri hluti nefndarinnar áherzlu á, að með samningi þessum sé Íslendingum tryggður mikill fjárhagslegur ávinningur, okkur verði gert kleift að ráðast í Búrfellsvirkjun á fjárhagslega hagkvæmum grundvelli, sem kemur fram í lægra raforkuverði en ella og örari uppbyggingu raforkukerfisins.

Gjaldeyrisstaðan mun halda áfram að batna og mun skapa möguleika fyrir auknum þjóðartekjum og þar með auknum vaxtarmöguleikum allra atvinnuvega landsmanna.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1966.

Matthías Á. Mathiesen, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas G. Rafnar.

Sigurður Ingimundarson.

Ed. 503. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með flutningi þessa frv. er fengin fram viðurkenning ríkisstjórnarinnar á því, að hlutur dreifbýlisins hafi verið og sé fyrir borð borinn með tilliti til þeirra vandamála og óleystu verkefna, sem þar er við að etja og hafa um langt skeið stutt að þeirri óheillaþróun, að æ stærri hluti þjóðarinnar hefur hnappazt saman í höfuðborginni og næsta nágrenni hennar. Með frv. er það viðurkennt, að þörf sé sérstaks átaks af opinberri hálfu til þess að skapa landsbyggðinni bætta aðstöðu til fjármagnsöflunar, er yki á jafnræði hennar við þéttbýlissvæði SV-lands í atvinnulegum og menningarlegum efnum og að því er samgöngur snertir.

Að því leyti sem frv. þetta kemur til móts við framangreind sjónarmið með ráðgerðri sérstakri sjóðsstofnun, er ætlað sé það verkefni að veita lán og styrki til sköpunar fjölbreyttara atvinnulífs og til framkvæmda í samgöngu- og menningarmálum landsbyggðarinnar, verður að telja það til bóta frá núverandi skipan þessara mála. Á hinn bóginn er það skoðun undirritaðs, að frv. nái of skammt til þess að valda þeim verkefnum, sem brýn þörf er að leysa, ekki sízt er tillit er tekið til annarra samhliða aðgerða, sem ríkisstjórnin stendur fyrir og hljóta að verka í öfuga átt við hagsmuni landsbyggðarinnar og reynast henni þungar í skauti á margan hátt. Er í þeim efnum alkunnugt, hve harkalega sparifjárfrysting Seðlabankans bitnar á hinum fjármagnslitlu byggðarlögum í landinu, en hún nemur nú hundruðum milljóna króna, sem eru í eigu fólksins í dreifbýlinu, og dregur þessi sparifjárbinding stórkostlega úr framkvæmdaþrótti þess. Í annan stað eru svo uppi ráðagerðir um stórfelldar iðjuframkvæmdir og rekstur erlends auðhrings í Stór-Reykjavík, sem öllum er ljóst, að m. a. muni halla mjög á atvinnulegt jafnvægi í landinu, en fjáröflun til hins fyrirhugaða atvinnujöfnunarsjóðs er í frv. að miklu gerð því háð, að hinn erlendi auðhringur hefji hér starfsemi, og úrbætur þær, sem frv. gerir ráð fyrir, tengdar rekstri hans á hinn óviðfelldnasta hátt.

Undirritaður telur því nauðsynlegt, að bæði stofnfé og tekjur hins fyrirhugaða atvinnujöfnunarsjóðs sé aukið mjög verulega frá því, sem frv. gerir ráð fyrir, og þá ekki sízt til framkvæmda næstu árin, en frv. gerir ekki ráð fyrir, að tekjur sjóðsins aukist að marki fyrr en eftir 4—5 ár, og er auðsætt, að sú bið muni reynast mörgu byggðarlaginu lengri en svo, að við verði unað, ekki sízt ef stórframkvæmdir erlends auðhrings verða einmitt á þeim tíma látnar raska stórlega umfram það, sem nú er, atvinnulegu og fjármálalegu jafnvægi í landinu. Eru það raunar hrein firn, að frv. gerir ráð fyrir því, að svokölluðu stofnfé sjóðsins skuli haldið fyrir honum um árabil, enda þótt það sé nú þegar handbært að verulegu leyti í vörzlu Seðlabankans. Þá telur undirritaður einnig, að tryggja beri atvinnujöfnunarsjóði viðunanlegar tekjur algerlega óháð því, hver skattpeningur hins erlenda alúmín-

hrings kann að reynast, og að fella beri úr frv. öll tengsl hans við ráðagerðir um erlenda stóriðju.

Breytingartillögur undirritaðs, sem fluttar eru á sérstöku þskj., eru miðaðar við framangreint, en samkvæmt þeim yrði handbært fé sjóðsins nú þegar 158 millj. kr. auk þess, sem innheimtast kann af útistandandi fé Atvinnubótasjóðs, en samkv. frv. yrði handbært stofnfé í upphafi aðeins um 44 millj. kr. Árlegar tekjur hans yrðu síðan um 50 millj. kr. auk vaxta og hækkuðu eftir því, sem skatta- og tollatekjur færu vaxandi í framtíðinni, og ráðstöfunarfé hans næsta áratuginn yrði a. m. k. tvöfalt við það, sem frv. gerir ráð fyrir. Jafnframt fela brtt. það svo í sér, að framkvæmdafjármagn sjóðsins kæmi fyrr í gagnið og þjónaði þannig betur þeim markmiðum, sem keppa ber að í þeim efnum, sem hér um ræðir.

Undirritaður leggur því til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hann leggur til, og þeim breyt., sem fjárhagsnefnd stendur sameiginlega að.

Alþingi, 16. apríl 1966.

Björn Jónsson.

Ed. 504. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs er:
   a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkv. lögum nr. 40/1962.
   b. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 100 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árinu 1966.
   c. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands samkv. 4. gr. laga nr. 17/1953, er greiðist sjóðnum á árinu 1966.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs eru:
   a. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 15 000 000.00, sem greiðist á árinu 1966.
   b. Framlag úr ríkissjóði, er greiðist sjóðnum árlega frá og með árinu 1967 og nema skal 1.5% af áætluðum skatta- og tolltekjum ríkissjóðs viðkomandi fjárlagaár.

Ed. 505. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Framsóknarflokksmenn hafa mörg undanfarandi ár lagt fram á Alþingi frumvörp um, að ríkið hefji skipulega starfsemi til þess að vinna að byggðajafnvægi í landinu. Meðal annars hafa framsóknarmenn í neðri deild í fjögur ár samfleytt flutt þar frumvarp um, að stofnaður skuli jafnvægissjóður með allmiklu fjármagni að árlegum tekjum og sérstök jafnvægisnefnd kosin af Alþingi til þess að hafa með höndum stjórn sjóðsins og beita sér fyrir víðtækum, opinberum aðgerðum til að stuðla að byggðajafnvægi. Um bæði sjóðinn og nefndina er fyrirmynda að leita

til Norðmanna, svo að ekki er hægt að segja, að blint þurfi í sjóinn að renna með þvílíka starfsemi.

Meiri hluti sá, sem ráðið hefur lögum og lofum á Alþingi þessi ár, hefur hindrað framgang frumvarpanna. Svæfði hann þau ýmist eða vísaði þeim frá með þeim fráleita rökstuðningi, að starfsemi Atvinnubótasjóðs gerði þau óþörf. Vitanlega var þetta fyrirsláttur hinnar óforsjálu íhaldssemi og umbótatregðu.

Hins vegar er nú loksins svo komið, að meiri hlutinn — eða ríkisstjórnin, sem hann styður — leggur fram frumvarp þetta um Atvinnujöfnunarsjóð, sem kalla mætti jafnvægissjóð. Á hann að hafa þingkjörna stjórn, er kalla mætti jafnvægisnefnd. Er því með frumvarpinu farið, þótt seint sé, í slóð frumvarpa framsóknarmanna. Geta framsóknarmenn hér greinilega séð nokkurn árangur baráttu sinnar í þessum efnum. Enn fremur ætti stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar að skiljast við flutning þessa frumvarps, hve seinheppin afstaða ríkisstjórnarinnar og liðsafla hennar á Alþingi hefur verið til þessara þýðingarmiklu og ört aðkallandi mála. Hvert athafnaleysisár af hálfu ríkisins í því að vinna af alefli á móti öfugþróun byggðajafnvægismálanna veldur óútreiknanlegu tjóni. Það er svo torvelt á þessum sviðum að kippa í liðinn því, sem úr lið gengur. Miklu hægra er að koma í veg fyrir liðhlaupið, eins og hægra er að styðja en reisa.

Af framansögðu gefur að skilja, að við framsóknarmenn hljótum að styðja framgang þessa frumvarps um Atvinnujöfnunarsjóð og fagna því, það sem það nær. Hins vegar teljum við, að frumvarpið gangi of skammt og þurfi breytinga með, ef að sæmilegu gagni eigi að koma. Frumvarpið ber það með sér, að það er lagt fram af klofnum hug, eins og oft vill verða hjá þeim, sem ganga nauðugir til athafna.

Meiri hluti fjárhagsnefndar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, fellst aðeins á minni háttar lagfæringar á frumvarpinu, sem að vísu eru til bóta og nefndin leggur sameiginlega fram tillögur um.

Aðrar breytingartillögur fékkst meiri hlutinn ekki til að fallast á, og skilum við þess vegna séráliti og flytjum breytingartillögur sem minni hluti nefndar á sérstöku þingskjali. Sökum þess, hve orðið er áliðið þings og því naumur tími til afgreiðslu mála, göngum við þó skemmra en ella í tillögum um lagfæringar á frumvarpinu, því að ekki viljum við stofna til afgreiðslutafa, er hindrað gætu það, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, þrátt fyrir vankanta þess.

Fyrsta breytingartillaga okkar er við 2. málsgr. 1. gr. frv. og miðar fyrst og fremst að því, að skýrar komi fram, að hlutverk sjóðsins verður að vera víðtækara en að „styðja og styrkja“ atvinnulífið, heldur einnig, ef með þarf, hvers konar menningarlegt athafnalíf, sem gerir staði á nútímamælikvarða búsetuhæfa fyrir fólk.

Önnur breytingartillagan er við 3. gr. frumvarpsins, sem fjallar um það, hverjar skuli vera árlegar tekjur sjóðsins. Er hún aðalbreytingartillaga okkar.

Augljóst er af þessari grein og athugasemdum, er henni fylgja til skýringar með frumvarpinu, að sök bítur sekan. Í athugasemdunum segir ríkisstjórnin orðrétt:

„Eðlilegt þykir, að meginhluti skatttekna af væntanlegri álbræðslu renni til Atvinnujöfnunarsjóðs í því skyni að stuðla að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan samdrátt landsbyggðarinnar.“

Með því að heimila — eins og nú er fyrirhugað af meiri hluta Alþingis — erlendum aðila að setja á fót og reka stóriðju á þéttbýlasta svæði landsins, veit ríkisstjórnin og lið hennar, að verið er að stofna til **„óeðlilegs samdráttar landsbyggðarinnar.“**

Það aukna aðdráttarafl, sem þéttbýlasti hluti landsins fær með stóriðjuframkvæmdunum, verkar margfalt, af því að það kemur snögglega til viðbótar því misvægi, sem nú er við að stríða í búsetuvandamálunum.

Það er algerlega óraunhæft, ef koma á „í veg fyrir óeðlilegan samdrátt lands-

byggðarinnar", að ætla ekki Atvinnujöfnunarsjóðnum öruggari og meiri tekjur, samkv. umræddri grein, en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þær tekjur eru einvörðungu:

a. Meiri hluti — eða allt upp í ca. ¾ — skattgjalds álbræðslu við Straumsvík.
b. Vextir.

Fyrst og fremst er á það að líta, að tekjur af skatti frá álbræðslunni verða engar næstu þrjú ár eða þar til hún tekur til starfa, en áhrifin frá henni til ójafnvægis byrja strax og farið er að byggja hana.

Í öðru lagi eru áætlaðar skatttekjur ekki eins og fugl í hendi, heldur eins og fugl í skógi. Enginn veit, hvað lítið kann að verða úr áldraumi ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi eru skattgjaldstekjur þessar, eins og þær eru áætlaðar í athugasemdum frumvarpsins, alveg ófullnægjandi fyrir sjóðinn. Miðað við núverandi gengi er áætlað, að skattgjaldstekjur sjóðsins verði:

Árin 1970—1972	.....	11.3	millj. kr. á ári.
— 1973—1975	..... rúmar	17	— — - —
— 1976—1978	.....	36.2	— — - —
— 1979—1984	.....	38.7	— — - —
— 1985—1987	.....	53.9	— — - —

Þetta eru allt of litlar fjárhæðir handa Atvinnujöfnunarsjóði, eins og viðhorfin eru. Okkur virðist sjálfsögð raunhæfni og skylda Alþingis að tryggja sjóðnum miklu ríflegri tekjur strax á næsta ári og framvegis beint úr ríkissjóði, en ætla ríkissjóðnum aftur á móti skattgjaldstekjur áldraumsins eftir því, sem hann rætist, — auðvitað að frádregnu því, sem Hafnarfjarðarkaupstaður og Iðnlánasjóður eiga að fá af þeim tekjum, eins og skýrt er frá í umræddri frumvarpsgrein.

Við leggjum þar af leiðandi til, að a-liður 3. gr. frv. orðist þannig:

„2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar skv. fjárlögum næstliðins árs."

Ef þetta fyrirkomulag hefði gilt á yfirstandandi ári, mundu tekjur sjóðsins af a-liðnum hafa orðið um 70 millj. kr., en árið 1967 mundu þær verða um 75 millj. kr., vegna dýrtíðarhækkunarinnar, nákvæmar sagt: hækkunar fjárlaganna, enda verður sjóðnum vegna hlutverka sinna nauðsynlegt, að tekjur hans hækki með hækkandi dýrtíð.

Við 6. gr. flytjum við tvær breytingartillögur, aðallega til lagfæringar á framsetningu.

Loks flytjum við tillögu um ákvæði til bráðabirgða, er gildi til 1968 og heimili stjórn sjóðsins skyndiaðgerðir þar, sem stuðningsþörf vegna eyðingarhættu byggðar álízt svo aðkallandi, að enga bið þoli.

Þess skal getið, að við teljum nafnið Atvinnujöfnunarsjóður of þröngt, af því að hlutverk hans er áformað víðtækara en atvinnujöfnun og þarf að vera það. En sökum þess að formaður fjárhagsnefndar féllst á, að nefndin skyldi taka til athugunar milli 2. og 3. umræðu málsins, hvort samkomulag gæti orðið um að breyta nafninu, flytjum við ekki að þessu sinni breytingartillögu um það.

Fyllri grein fyrir tillögum okkar og afstöðu okkar til málsins í heild mun verða gerð í framsögu.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Karl Kristjánsson, frsm. Helgi Bergs.

Ed. 506. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð og brtt. á þskj. 512.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK og HB).

1. Við 1. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífs og skilyrði eru til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að björgulegar byggðir eða byggðarhlutar fari í eyði.
2. Við 3. gr. — a-liður greinarinnar orðist svo:
   2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar samkv. fjárlögum næstliðins árs.
3. Við 6. gr.
   a. Orðið „styrkja“ í 3. málsl. 2. tölul. brtt. 512 verði: styðja.
   b. Fyrri hluti síðustu málsgreinar orðist þannig:
      Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef hann skortir eigið fé, sem nauðsyn krefur til viðbótar lánveitingum annarra stofnlánasjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana samkv. þessari grein. Er sjóðnum jafnframt í þessu skyni heimilt að taka erlend lán allt að 300 millj. króna, hvort heldur er beint, — og er þá heimilt að veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, — eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins. Lánsfé má sjóðurinn eingöngu verja til framkvæmda, sem að mati stjórnar hans tryggja vel endurgreiðslu lánsfjárins, nema o. s. frv. (eins og áframhald greinarinnar í frv. hljóðar).
4. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skal þegar eftir gildistöku laga þessara gera með aðstoð Efnahagsstofnunar ríkisins bráðabirgðaáætlun um sérstaka skyndiaðstoð við byggðarlög eða byggðarhluta, sem eru í bráðri hættu fyrir því að fara í eyði, eða dragast ört aftur úr því, sem almennt gerist, nema þeim komi stuðningur við aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, enda séu þar viðunandi atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi til lands eða sjávar. Leitað skal — eftir því sem við á og þurfa þykir — álits Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands um úrræði á hverjum stað.

Til framkvæmda bráðabirgðaáætluninni er stjórn sjóðsins heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1968. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem sjóðstjórnin setur um notkun þeirra.

Nd. **507. Nefndarálit** [9. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Sami háttur hefur verið hafður á við afgreiðslu frumvarpsins og verið hefur á undanförnum árum. Til þess að flýta fyrir afgreiðslu frumvarpsins og til að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu frumv. milli deilda, var 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar þingdeildar ásamt skrifstofustjóra Alþingis, falið að athuga frumv. og umsóknir, er því fylgdu, og umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar bárust nefndinni.

Að athugunum þessum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur tillögu um á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar. Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili í 10 ár, Norðurlandabúar í 5 ár.
3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Allir umsækjendur samkv. 1. gr. frv., eins og hún er, fullnægja þeim skilyrðum, sem lýst er hér að framan, og sömuleiðis þeir umsækjendur, sem nefndin leggur til í breytingartillögum sínum að öðlist ríkisborgararétt, að undanskildum nr. 11, 14, 16, 24, 25 og 27, sem nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.

Samkvæmt framansögðu mælir nefndin með því, að þeim fjórum umsækjendum, sem taldir eru í 1. gr. frv., og þeim 32 umsækjendum, sem taldir eru upp í breytingartillögum nefndarinnar á þskj. 494, verði nú veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Enginn umsækjenda, sem nefndin leggur til að öðlist íslenzkan ríkisborgararétt, hefur, að því er bezt verður vitað, sætt þeim viðurlögum hér á landi, sem hindri, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur.

Alþingi, 15. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Jón Kjartansson.	Björn Fr. Björnsson.	Óskar E. Levy.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 508. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft frumvarpið til athugunar á tveimur fundum og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Björn Fr. Björnsson.	Jón Kjartansson.	Óskar E. Levy.
	Ragnar Arnalds.	

Nd. 509. Breytingartillaga [184. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Í stað „1966—69“ komi: 1966—67.

Sþ. 510. Nefndarálit [120. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessarar þáltill. Meiri hlutinn, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, leggur til, að hún sé felld, en ég lagði sem fulltrúi Alþýðubandalagsins til, að hún yrði samþykkt. Fulltrúar Framsóknarflokksins sátu hjá.

Tilgangur þáltill. er að tryggja, að safnað sé upplýsingum frá öllum hliðum um þær hugmyndir, sem nú eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um framtíð þess, og að athuguð sé sérstaklega aðstaða Íslands í ljósi fenginnar reynslu og breyttra aðstæðna. Með þessu móti ætti að vera mögulegt að kynna þjóðinni frá öllum hliðum aðstæður þessa máls, þegar að því kæmi að taka ákvarðanir um, hvort Ísland yrði áfram í þessu hernaðarbandalagi eftir 1969.

Svo sem kunnugt er, var sú ákvörðun að fleygja hlutleysisstefnunni, sem Ísland hafði fylgt frá 1918, fyrir borð og ganga í hernaðarbandalag 1949 **gerð að þjóðinni forspurðri, án allrar rannsóknar á Alþingi og undir meira og minna lognum forsendum.** Meðal annars var því þá yfirlýst, að inngöngunni í hernaðarbandalagið mundi alls ekki fylgja herseta, en tveim árum síðar kom í ljós, að þetta var beinlínis blekking, og bandarískt innrásarlið hernam landið að Alþingi og þjóðinni forspurði og hefur setið hér síðan.

Það er því sjálfsagt, að nú, þegar sú stund nálgast, að Ísland geti aftur losað sig úr greipum þess erlenda hervalds, sem í aldarfjórðung hefur haft tök á landinu.

þá verði af hálfu Alþingis gert allt, sem í þess valdi stendur, til þess að þjóðin kynnist öllum hliðum þessa umdeilda vandamáls, þegar góður tími er til þess að ræða það frá öllum hliðum.

En jafnframt er auðséð, að mikil breyting hefur orðið á í stjórnmálum Evrópu á þessum árum síðan 1949. Aðeins örfáir ofstækismenn trúa nú lengur á þá „árásarhættu“ frá Sovétríkjunum á Vestur-Evrópu, sem mönnum var talin trú um að til væri 1949. Höfuðhætta styrjaldar í Evrópu felst nú fyrst og fremst í endurhervæðingu Vestur-Þýzkalands og þeim ofstopa herforingja- og auðmannaklíku þar, sem hyggur á landvinninga í Mið-Evrópu að hætti Hitlers. Og einmitt þetta endurfædda þýzka herveldi, sem áður hefur tvisvar komið af stað heimsstyrjöld, er nú í Atlantshafsbandalaginu.

Augljóst er þegar, að Atlantshafsbandalagið leysist upp í þeirri mynd, sem það hefur verið í, þar sem Frakkland, aðalstofnríki þess á meginlandi Evrópu, hefur þegar slitið allri hernaðarsamvinnu við það.

Enn fremur er augljóst, að það er æ meir að losna um tengsl Danmerkur og Noregs við Atlantshafsbandalagið hvað hernaðarsamvinnu snertir, — og nauðsynlegt, að við Íslendingar fylgjumst vel með því, sem er að gerast með þeim frændþjóðum vorum í þessu máli.

Það er því mjög óviturlegt, svo að ekki sé meira sagt, að ætla að fylgja Bandaríkjastjórn í yfirgangsstefnu hennar í heiminum eins og hlýðinn þjónn, og þora ekki eða vilja athuga, hvað er að gerast í heiminum í kringum okkur, og skýra þjóðinni frá því frá öllum hliðum.

Þjóðin á kröfu á því, að þetta mál, sem varðar sjálfstæði hennar og líf, sé athugað frá öllum hliðum, svo að hún geti kynnt sér alla málavöxtu. Það er ófært, að komið sé aftan að henni með villandi upplýsingar á síðustu stundu og knúðar fram ákvarðanir að henni forspurðri, eins og hvað eftir annað hefur gerzt í þessum málum á undanförnum aldarfjórðungi.

Þess vegna legg ég eindregið til, að þessi þáltill. sé samþykkt og Alþingi skipi þar með nefnd til þess að athuga þetta mál og skýra þjóðinni frá því frá hinum ýmsu sjónarmiðum.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Einar Olgeirsson.

Ed. 511. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til. l. um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á nokkrum fundum. Á einum fundi nefndarinnar mættu Jónas Haralz forstjóri Efnahagsstofnunarinnar og Bjarni Einarsson viðskiptafræðingur, og gáfu þeir nefndinni ýmsar upplýsingar.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingartillögum, sem nefndin flytur sameiginlega á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 16. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm.

Sveinn Guðmundsson.

Ed. 512. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 5. gr. Ný málsgrein, er verði 3. málsgr., bætist við, svo hljóðandi:
   Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs er heimilt að láta á kostnað sjóðsins gera athuganir á fjárhagslegum og tæknilegum rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, er sækja um lán eða styrki úr sjóðnum.
2. Við 6. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Skal láta fram fara skipulagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styrkja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr. Áætlanir þessar skulu jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðrá þá aðila, er sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Nd. 513. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [190. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Einar Olgeirsson, Ragnar Arnalds.

1. gr.

33. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir íslenzkir ríkisborgarar, karlar og konur, sem búsettir eru í landinu, þegar kosning fer fram, og verða 21 árs eða eru eldri á því ári, sem kosning fer fram. Lækka má kosningaaldur með lögum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

2. gr.

Í stað orðanna „hinn 15. dag febrúarmánaðar eða næsta virkan dag, ef helgidagur er“ í 5. gr. komi: fyrsta föstudag októbermánaðar.

3. gr.

Á eftir 45. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:

Nú hefur frumvarp til laga eða annarrar samþykktar hlotið samþykki Alþingis, og getur þriðjungur þingmanna krafizt þess, að frumvarpið sé borið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykkis eða synjunar. Sama rétt hefur fimmtungur kosningabærra manna. Krafa um þjóðaratkvæðagreiðslu skal vera skrifleg og þarf að hafa borizt forseta Alþingis innan 8 vikna frá samþykki frumvarpsins. Einfaldur meiri hluti greiddra atkvæða ræður úrslitum. Nú eru lög staðfest af forseta, en hljóta ekki samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu, og falla þau úr gildi 14 dögum eftir að forsætisráðherra hefur tilkynnt um úrslit atkvæðagreiðslunnar.

Fjórðungur þingmanna eða fjórðungur kosningabærra manna getur með skriflegri beiðni til forsætisráðherra krafizt þess, að leitað sé álits þjóðarinnar um tiltekið málefni. Forsætisráðherra, hæstiréttur og umboðsmaður þeirra, sem kröfuna gera, tilnefna þrjá menn í nefnd, er ákveður orðalag atkvæðaseðilsins.

Nánari reglur um framkvæmd þjóðaratkvæðis skulu settar með lögum.

4. gr.

Á eftir 45. gr. kemur önnur ný grein, svo hljóðandi:

Frumvarp til laga eða þingsályktunar, sem felur í sér, að ríkisvaldið sé að einhverju leyti selt í hendur alþjóðlegrar stofnunar, telst ekki samþykkt, nema hlotið hafi fimm sjöttu hluta greiddra atkvæða í báðum deildum Alþingis. Nú hlýtur frumvarpið ekki tilskilinn meiri hluta, en þó einfaldan meiri hluta greiddra atkvæða í báðum deildum, og getur þá ríkisstjórnin borið frumvarpið undir atkvæði allra kosningabærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar. Ef minnst 50% kosningabærra manna taka þátt í atkvæðagreiðslunni og tveir þriðju hlutar þeirra greiða atkvæði með frumvarpinu, telst það samþykkt.

5. gr.

68. gr. orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Sendiráð erlendra ríkja mega þó eiga hér húseignir samkvæmt alþjóðavenjum, sem um það gilda. Alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að, mega og eiga fasteignir til menningar- og heilbrigðisstarfsemi. Þó þarf lög um það hverju sinni.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum.

6. gr.

Á eftir 68. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Öll núverandi óbyggð, — það er almenningar, afréttir, aðrar lendur og svæði, sem eigi hafa verið í byggð undanfarin 20 ár, — og öll hveraorka, vatnsorka og auðæfi í jörðu, sem þar eru, er ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar. Ákveða skal með lögum beitirétt, veiðirétt og annan hefðbundinn afnotarétt á þessum svæðum, svo og hvernig með eyðijarðir, sem þar eru, skuli fara.

7. gr.

Framan við 69. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Hver maður á rétt á atvinnu. Ríkið skal stefna að því að tryggja öllum fulla atvinnu. Með lögum skal skipa um öryggi manna við vinnu, hæfilegan vinnutíma og ráðstafanir gegn ofþjökun.

8. gr.

70. gr. orðist svo:

Hver maður á rétt á læknishjálp og ókeypis sjúkrahúsvist, þegar slys og sjúkdóma ber að höndum. Hver maður á og rétt á slíkum styrkjum úr almennum tryggingasjóðum, er slys, sjúkdóma, örorku og elli ber að höndum, að nægi honum til framfærslu. Sérstaklega skal tryggja rétt barna, mæðra og ekkna á sama hátt. Sá, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, á rétt á styrk úr almennum sjóði. Nánar skal ákveða öll þessi réttindi með lögum.

9. gr.

71. gr. orðist svo:

Öll börn og unglingar á aldrinum 7 til 16 ára eiga rétt á ókeypis fræðslu, svo og allir þeir, er njóta vilja framhaldsmenntunar og hafa til þess hæfileika og áhuga. Tryggja skal efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum.

10. gr.

75. gr. orðist svo:

Ísland er friðlýst land. Herskyldu má aldrei í lög leiða.

Greinargerð.

Frá því að lýðveldið var stofnað, hefur það verið ætlun þings og þjóðar, staðfest af mörgum ríkisstjórnum, að setja lýðveldinu nýja stjórnarskrá, sem tryggði íbúum landsins hin margvíslegustu félagslegu réttindi. Strax um haustið 1944, er nýsköpunarstjórnin var mynduð, var slíkum vilja lýst yfir í stefnuskrá hennar með þessum orðum:

„Loks hefur ríkisstjórnin ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar með það m. a. fyrir augum, að sett verði ótvíræð ákvæði um réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu, eða þess framfæris, sem tryggingalöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningarréttar."

Fleiri ríkisstjórnir síðar hafa gert svipaðar samþykktir og stjórnarskrárnefndir verið settar og starfað, en allt hefur borið að sama brunni: deilan um kjördæmaskipunina hefur hvað stjórnarskrármál snertir yfirgnæft allt annað, en allar aðrar nauðsynlegar stjórnarskrárbreytingar hafa lent í skugga.

Þá er það helzt ráð, þegar nokkur friður er nú í kjördæmamálinu, að reyna að fá fram þær aðrar stjórnarskrárbreytingar, sem löngu er orðin þörf á að gerðar séu. Álíta því flutningsmenn, að nú sé heppilegur tími til þess að flytja frv. um slíkar breytingar.

Þær breytingar, sem lagt er til að gera með þessu frv., eru mjög mismunandi eðlis, allt frá því að vera nauðsynlegar „leiðréttingar" á úreltum ákvæðum, staðfestingar á fengnum mannréttindum og til verulegra breytinga til aukins lýðræðis og lýðréttinda.

Breytingar þær, sem felast í 3. og 4. gr. þessa frv., fela í sér eina veigamestu breytingartillögu þess: að tryggja þjóðinni sjálfri beinlínis ákveðið vald til þess að samþykkja eða fella lög án þess að hafa stjórnmálaflokka að millilið. Það var tilgangur lýðveldisstjórnarskrárinnar, að þjóðin fengi slíkan rétt. Í 26. gr. lýðveldisstjórnarskrárinnar var beinlínis gert ráð fyrir því, að forseti lýðveldisins gæti skotið lagafrumvarpi undir þjóðardóm, og væri þá hægt í þjóðaratkvæðagreiðslu að fella lagafrumvarp, sem meiri hluti Alþingis hafði samþykkt. Einmitt með tilliti til þessa valds, er forseta Íslands var gefið með 26. gr., var ákveðið, að hann skyldi vera þjóðkjörinn, en ekki þingkjörinn, eins og meiri hlutinn í lýðveldisstjórnarskrárnefndinni fyrst lagði til. Hins vegar eru nú liðnir tveir áratugir, og forseti Íslands hefur aldrei veitt þjóðinni aðstöðu til þess að leggja sinn dóm á neitt mál. Er því orðin full nauðsyn á, að sett séu ákvæði í stjórnarskrá, er tryggi þjóðinni, að hún geti hagnýtt sér þann rétt, sem 26. gr. lýðveldisstjórnarskrárinnar veitir henni, án þess að forseti þurfi að skjóta málum undir hennar dóm með því að synja að staðfesta lög.

Í 4. gr. þessa frv. er sérstakt ákvæði, svipað því, sem nú er í stjórnarskrá Dana, til þess að tryggja, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram, ef ríkisvaldið hyggst afhenda heimildir sínar í hendur alþjóðlegrar stofnunar.

Í 1. gr. þessa frv. er gert mögulegt að lækka kosningaaldur niður fyrir 21 ár með einfaldri lagasetningu. Enn fremur eru felld burt skilyrðin um, að kjósendur skuli vera fjárráðir eða hafa óflekkað mannorð. Virðist eigi rétt, að hægt sé að dæma af mönnum slík mannréttindi sem kosningarrétt, enda sýnir reynslan, að hætta er á, að farið sé í manngreinarálit, þegar slíkt er gert.

Með 2. gr. er aðeins verið að staðfesta þá hefð, að Alþingi hefji störf sín að hausti í októberbyrjun.

Með 5. gr. er flutt breytingartillaga, sem þeir Hannibal Valdimarsson og Einar Olgeirsson hafa áður flutt. Er orðin á því hin brýnasta nauðsyn, að um þetta séu sett ótvíræð ákvæði í stjórnarskrá.

6. gr. felur í sér, að tekin eru af öll tvímæli um, að óbyggðirnar og sú orka og auðæfi, sem þar eru í jörðu, séu ævinleg eign íslenzku þjóðarinnar, alþjóðareign, sem eigi verði af höndum látin til sölu. Um form eignarréttar á þessu óbyggðasvæði hafa verið skiptar skoðanir. En því meir sem sá tími nálgast, að þjóðin geti hagnýtt allar auðlindir sínar, því nauðsynlegra er, að ótvírætt sé úr skorið um eignarrétt á þessu svæði.

Með 7. gr. er sett í stjórnarskrá viðurkenning á því, sem nú er staðreynd og viðurkennt í yfirlýsingum flestra ríkisstjórna, síðan lýðveldið var stofnað: réttur manna til atvinnu og hvers konar vinnuverndar.

Með 8. gr. er hinum eldgamla „þurfamannarétti“ stjórnarskrárgreinar nr. 70 breytt í það horf, er nútímanum hæfir, sett í samræmi við tryggingalöggjöfina og þó gengið feti framar með því, að tryggja skuli ókeypis sjúkrahúsvist.

9. gr. breytir aldargömlu lélegu ákvæði um uppfræðslu barna í nútímahorf og samræmi við gildandi fræðslulög, en gengur þó feti framar með því að fyrirskipa, að tryggja skuli efnahagslegt jafnrétti til menntunar með lögum — og er vissulega tími til kominn, að svo sé gert, og þjóð vorri hin fyllsta þörf á því, svo að þeir unglingar, er áhuga hafa og hæfileika til æðri menntunar, þurfi eigi af henni að missa sökum efnaskorts.

Með 10. gr. er afnumin hin gamla 75. gr., sem orðrétt var tekin á sínum tíma úr dönsku stjórnarskránni og heimilar herskyldu á Íslandi, en engir íslenzkir stjórnmálaflokkar hafa sýnt áhuga á að framkvæma og sízt væri grundvöllur fyrir nú. Er þess í stað lögleitt bann við herskyldu og landið friðlýst.

Flutningsmenn álíta heppilegt, að skipuð yrði stjórnarskrárnefnd með fulltrúum allra flokka, er athugaði þessar tillögur allar og fleiri undir næsta þing, ef verða mætti til þess, að hægt yrði loks að fullkomna lýðveldisstjórnarskrána með félagslegum og lýðræðislegum umbótum við alþingiskosningar þær, sem fram fara 1967.

Sþ. 514. Nefndarálit [71. mál]

um till. til þál. um skýrslugjafir fulltrúa Íslands á þjóðaráðstefnum.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna að viðstöddum utanríkisráðherra. Var það samhljóða álit nefndarmanna og ráðherrans, að æskilegt væri, að Alþingi séu gefnar skýrslur um það, sem fram fer á alþjóðafundum og ráðstefnum, sem Ísland tekur þátt í. Einstakir alþjóðafundir kynnu þó að vera þess eðlis, að slíkar skýrslugjafir um þá til Alþingis hentuðu síður eða jafnvel ekki.

Nefndin var einnig sammála um, að athugað yrði, hvaða háttur væri á hafður í þessum efnum meðal annarra þjóða Norðurlanda.

Utanríkismálanefnd leggur samkvæmt framansögðu einróma til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** til aðgerða og athugunar.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Gunnar Gíslason. Einar Olgeirsson. Ólafur Jóhannesson.

Þórarinn Þórarinsson.

Sþ. 515. Nefndarálit [120. mál]

um till. til þál. um endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur rætt tillöguna að viðstöddum utanríkisráðherra. Var það skoðun meiri hluta nefndarinnar, að Norður-Atlantshafsbandalagið væri einn af hornsteinum hinnar íslenzku utanríkisstefnu, sem mörkuð hefði verið af lýðræðisflokkunum þremur. Afstaða Frakklands til bandalagsins nú breytti engu þar um. Tillagan á þskj. 241 gengi í berhögg við fyrrgreinda stefnu Íslands í utanríkis- og öryggismálum og bæri því að fella hana. Með þessari afstöðu til þingsályktunartillögunnar væri þó ekki neinu slegið föstu um það, hvað gera skyldi árið 1969, þegar aðilum Atlantshafsbandalagsins er heimilt að segja samningnum upp með eins árs fyrirvara.

Samkvæmt framansögðu leggur meiri hluti utanríkismálanefndar til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Sigurður Bjarnason, form., frsm.
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskr.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Gunnar Gíslason.
Þórarinn Þórarinsson.
Ólafur Jóhannesson.

Ed. 516. Frumvarp til laga [72. mál]

um hægri handar umferð.

(Eftir 3. umr. í Nd., 18. apríl.)

I. KAFLI

1. gr.

Á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, sbr. lög nr. 26 14. maí 1960, eru gerðar þessar breytingar:

a. Í stað „vinstri“ í 45., 46., 47., 48., 51., 61. og 63. gr. komi: hægri.
b. Í stað „vinstra“ í 45., 46. og 47. gr. komi: hægra.
c. Í stað „hægri“ í 46., 47., 61. og 63. gr. komi: vinstri.
d. Í stað „hægra“ í 47. gr. komi: vinstra.

II. KAFLI

2. gr.

Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna framkvæmdanefnd, er hafi á hendi undirbúning og stjórn framkvæmda við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð. Ráðherra skipar formann nefndarinnar.

Framkvæmdanefndin ræður sér framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið að þörfum með samþykki nefndarinnar.

3. gr.

Starfssvið framkvæmdanefndar skal meðal annars vera þetta:

1. að kanna og sannreyna, eftir því sem unnt er, áætlanir um framkvæmdir og kostnað, sem leiðir af breytingu umferðarreglnanna, sbr. 1. gr., og bæta ber samkvæmt 6. gr.

2. að stuðla að því, að nýtt verði svo sem unnt er afkastageta fyrirtækja til að framkvæma nauðsynlegar breytingar á bifreiðum.
3. að fylgjast með, að framkvæmdar verði nauðsynlegar breytingar á vega- og gatnakerfi landsins, þar með taldar breytingar á umferðarljósum og umferðarmerkjum.
4. að undirbúa og framkvæma í samráði við yfirvöld, félög og stofnanir þá fræðslu og upplýsingastarfsemi, sem telja má nauðsynlega, svo og stuðla að því, að ráðstafanir verði gerðar til að koma í veg fyrir umferðarslys í sambandi við breytingu umferðarreglnanna.
5. að ákveða greiðslur samkvæmt 6. gr.
6. að gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar stjórnvaldsráðstafanir í sambandi við breytingu umferðarreglnanna.

4. gr.

Framkvæmdanefndinni ber að leita aðstoðar þeirra embættismanna, stofnana og félagasamtaka, sem að liði geta orðið við úrlausn einstakra viðfangsefna í sambandi við breytingu úr vinstri í hægri handar umferð.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar, kvatt henni til ráðuneytis ráðgjafarnefnd, sem skipuð verði fulltrúum þeirra aðila, sem breytingin varðar sérstaklega, eða stuðlað geta að farsælli framkvæmd hennar.

III. KAFLI

5. gr.

Kostnaður, sem leiðir af breytingu úr vinstri í hægri handar umferð, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt því, sem nánar segir í lögum þessum.

6. gr.

Bæta skal kostnað vegna eftirtalinna framkvæmda:

1. Kostnað við nauðsynlegar breytingar á vega- og gatnakerfi landsins, þar með taldar breytingar á umferðarljósum og umferðarmerkjum.
2. Kostnað við nauðsynlegar breytingar á bifreiðum og öðrum vélknúnum ökutækjum.
3. Annan óhjákvæmilegan beinan kostnað, sem leiðir af breytingu umferðarreglnanna.

Eigi skal bæta annað en beinan kostnað. Eigi skal heldur bæta fyrstu kr. 1000.00 af kostnaði við breytingu á hverju ökutæki.

7. gr.

Bótarétt samkvæmt 6. gr. eiga veghaldarar, skráðir eigendur ökutækja, svo og aðrir þeir, sem eins stendur á um.

8. gr.

Hver sá, sem telur sig eiga rétt til bóta samkvæmt 6. gr., skal, áður en framkvæmdir hefjast, senda framkvæmdanefnd nákvæma greinargerð um þær breytingar, er framkvæma skal, ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Eigi skal bæta kostnað, nema framkvæmdanefnd hafi fallizt á nauðsyn breytingar og kostnaðaráætlun, áður en ráðizt er í framkvæmd.

9. gr.

Bætur skal að jafnaði greiða eftir á, þegar framkvæmd er að fullu lokið. Heimilt er þó að greiða bætur að nokkru eða öllu leyti fyrr, ef um meiri háttar framkvæmd er að ræða, gegn tryggingu, sem framkvæmdanefnd tekur gilda.

10. gr.

Greinargerðir og áætlanir samkvæmt 8. gr. skulu hafa borizt framkvæmdanefnd eigi síðar en 1. janúar 1968.

Kröfur um greiðslu bóta skulu hafa borizt framkvæmdanefnd innan þriggja mánaða frá því er verki lauk.

Framkvæmdanefnd getur þó í einstökum tilvikum veitt undanþágu frá ofangreindum frestum, þannig að frestur samkvæmt 1. mgr. geti orðið til ársloka 1968, en frestur samkvæmt 2. mgr. lengist í allt að sex mánuði frá því verki lauk.

Kröfur, sem berast síðar en að framan getur, verða eigi teknar til greina.

11. gr.

Ákvörðun framkvæmdanefndar um það, hvort bæta skuli kostnað vegna framkvæmdar, og um bótafjárhæð má skjóta til dómnefndar innan þriggja mánaða, frá því ákvörðun barst aðila.

Dómsmálaráðherra skipar tvo menn í dómnefnd þessa. Skal annar þeirra vera lögfræðingur, er fullnægi almennum dómaraskilyrðum, og skal hann vera forseti dómsins. Við meðferð hvers máls skulu dómendur kveðja til hinn þriðja dómara, og skal hann vera sérfróður á því sviði, sem um er fjallað.

Um meðferð mála fyrir dómi þessum gilda almennar reglur um meðferð einkamála í héraði eftir því, sem við á.

Úrskurður dómnefndar skal vera fullnaðarúrskurður í málinu.

IV. KAFLI

12. gr.

Á árunum 1967—1970 skal greiða í ríkissjóð sérstakan skatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af fólksbifreiðum, 1—8 farþega: 240.00 kr. árið 1967, 360.00 kr. árið 1968, 360.00 kr. árið 1969 og 180.00 kr. árið 1970.
b. Af öðrum bifreiðum: 420.00 kr. árið 1967, 660.00 kr. árið 1968, 660.00 kr. árið 1969 og 300.00 kr. árið 1970.

13. gr.

Skattur þessi skal innheimtur með bifreiðagjöldum, og skulu gilda um innheimtu hans sömu reglur sem um bifreiðaskatt, þar á meðal ákvæðin um frádrátt á gjaldi vegna innilegu skráningarmerkis, lögtaksrétt og lögveð.

14. gr.

Undanþegnar skatti þessum eru þær bifreiðir, sem taldar eru í 1. málsgr. 88. gr. vegalaga, nr. 71 30. desember 1963.

V. KAFLI

15. gr.

Kostnaður, sem leiðir af framkvæmd laga þessara, greiðist úr ríkissjóði.

16. gr.

Dómsmálaráðherra getur sett bráðabirgðareglur um umferð, svo og önnur nánari ákvæði um skipan mála samkvæmt lögum þessum.

Brot gegn reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði 1. gr. koma þó eigi til framkvæmda fyrr en á þeim degi apríl-, maí- eða júnímánaðar 1968, sem dómsmálaráðherra ákveður, að fenginni tillögu framkvæmdanefndar.

18. gr.

Þegar ákvæði 1. gr. koma til framkvæmda, skal fella ákvæði þeirrar greinar, svo og aðrar breytingar á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, inn í meginmál þeirra laga og gefa lögin út svo breytt.

Nd. 517. Frumvarp til laga [151. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

(Eftir 2. umr. í Nd., 18. apríl.)

I. KAFLI
Um Framkvæmdasjóð Íslands.

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Sjóðurinn er í vörzlu Seðlabanka Íslands, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs Íslands er að efla atvinnulíf og velmegun íslenzku þjóðarinnar. Framkvæmdasjóðurinn veitir annars vegar fé til þeirra fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda.

Nú telur Framkvæmdasjóður nauðsyn bera til að veita lánsfé til þarfa, sem ekki falla undir starfssvið neins fjárfestingarlánasjóðs, og skal honum þá heimilt að lána það annarri lánsstofnun, er annist endurlán.

3. gr.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum Framkvæmdabanka Íslands, eins og þær eru hinn 1. janúar 1967. Þá tekur Framkvæmdasjóður að sér greiðslu allra skulda bankans, svo og efndir á öllum skuldbindingum hans, þar með töldum ábyrgðum, sem bankinn hefur á sig tekið, frá sama tíma að telja.

Framkvæmdasjóður tekur við öllu fé Mótvirðissjóðs, sem nú er í vörzlu Framkvæmdabankans, að undanskildu því fé, sem bundið er á sérreikningi í Seðlabankanum, og skal hann lána það, ásamt vaxtatekjum af því, að hálfu til framkvæmda í þágu landbúnaðarins og að hálfu til annarrar starfsemi sinnar skv. 2. gr. Höfuðstóll Mótvirðissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma, skal færður sérstaklega skuldamegin í efnahagsreikningi Framkvæmdasjóðs.

Innheimtustörf þau, sem Framkvæmdabankinn hefur annazt fyrir ríkissjóð, skulu falin Ríkisábyrgðasjóði.

4. gr.

Framkvæmdasjóði er heimilt að taka lán til starfsemi sinnar, bæði innanlands og erlendis, sbr. þó ákvæði 7. gr. laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

5. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs við innlenda aðila. Einnig ábyrgist hann greiðslu allra innlendra og erlendra lána, svo og efndir allra skuldbindinga, sem Framkvæmdasjóður tekur við af Framkvæmdabanka Íslands, skv. 3. gr.

6. gr.

Stjórn Framkvæmdasjóðs er í höndum 7 manna, kosinna með hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn, og jafnmargra til vara. Í störfum sínum skal stjórnin hafa samráð við Efnahagsstofnunina, Seðlabanka Íslands og viðskiptabankana. Framkvæmdasjóðurinn heyrir undir fjármálaráðherra, sem ákveður þóknun stjórnar hans. Stjórnin kýs sér formann og varaformann.

Formaður sjóðsstjórnar ákveður fundartíma og boðar til funda. Á fundum ræður afl atkvæða. Verði atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns. Seðlabankinn undirbýr stjórnarfundi og á þar fulltrúa.

7. gr.

Verkefni stjórnar Framkvæmdasjóðs eru þessi:

a. Hún tekur ákvarðanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og ráðstöfun á fjármunum hans.
b. Hún tekur ákvarðanir um heildaráætlun, er gera skal á ári hverju um ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs, bæði eigið fé og lánsfé, og heildarútlán hans og skiptingu þeirra á milli fjárfestingarlánastofnana og einstakra framkvæmda. Heimilt er henni að setja fjárfestingarlánastofnunum skilyrði um notkun þess lánsfjár, er þær fá úr Framkvæmdasjóði.
c. Hún tekur ákvarðanir um vexti og önnur útlánskjör Framkvæmdasjóðs að höfðu samráði við fjármálaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum.
d. Hún úrskurðar reikninga sjóðsins og tekur ákvarðanir um ráðstöfun tekjuafgangs, svo og um afskriftir af kröfum sjóðsins.

8. gr.

Að öðru leyti en segir í 7. gr. er umsjá og rekstur Framkvæmdasjóðs í höndum Seðlabankans, er hefur á hendi bókhald hans og daglegan rekstur, svo og skýrslugerð alla.

Seðlabankinn skal hafa lokið gerð reikninga Framkvæmdasjóðs eigi síðar en 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins til úrskurðar. Sjóðurinn skal greiða af tekjum sínum allan kostnað af rekstri hans.

Um reikningsskil, endurskoðun, útgáfu fjárhagslegra skuldbindinga og annað, er varðar rekstur Framkvæmdasjóðs, fer eftir ákvæðum laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, svo og reglugerð hans, eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Seðlabankinn undirbýr fyrir stjórn Framkvæmdasjóðs árlegar áætlanir um lánveitingar Framkvæmdasjóðs og fjáröflun til hans í samráði við fjármálaráðuneytið og Efnahagsstofnunina. Einnig skal um áætlanir þessar haft samráð við viðskiptabankana og stjórnir opinberra fjárfestingarlánastofnana.

10. gr.

Nú tekur sjóðurinn erlent fé að láni og endurlánar það innanlands, og skal þá svo um samið við lántakanda eða lántakendur, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenzkum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

11. gr.

Framkvæmdasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast, til ríkissjóðs og sveitarsjóða eða annarra stofnana.

12. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Framkvæmdasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal Framkvæmdasjóði gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

II. KAFLI
Um Efnahagsstofnun.

13. gr.

Hlutverk Efnahagsstofnunar er sem hér segir:

a. Að undirbúa fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlanir og fylgjast með þeim áætlunum, sem gerðar hafa verið, og endurskoða þær.
b. Að semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn fram í tímann.
c. Að framkvæma aðrar hagfræðilegar athuganir fyrir ríkisstjórnina, svo og fyrir Seðlabankann og Framkvæmdasjóð, eftir því sem um semst.
d. Að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í efnahagsmálum.

14. gr.

Efnahagsstofnunin heyrir undir forsætisráðherra, sem skipar forstjóra hennar.

15. gr.

Ríkissjóður, Seðlabanki Íslands og Framkvæmdasjóður í sameiningu greiða kostnað af starfsemi Efnahagsstofnunarinnar. Þessir aðilar fara einnig með stjórn hennar. Skulu þeir gera með sér samning um stjórn stofnunarinnar og fjármál.

16. gr.

Hlutaðeigandi aðilum er skylt að veita Efnahagsstofnuninni allar upplýsingar, er hún þarf á að halda vegna skýrslugerðar sinnar. Nýtur hún í þessu efni sömu réttinda og Hagstofa Íslands, og sömu viðurlög liggja við, ef út af er brugðið.

Byggingarnefndir og oddvitar senda Efnahagsstofnuninni skýrslur, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, um byggingaframkvæmdir í umdæmi þeirra. Heimilt er að ákveða, að þessar skýrslur nái einnig til umsókna um byggingarleyfi og veittra byggingarleyfa.

III. KAFLI
Um Hagráð.

17. gr.

Stofna skal Hagráð, er sé vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geti haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni.

18. gr.

Hagráð skal skipað sem hér segir:

Í því skulu eigi sæti tveir ráðherrar, tilnefndir af ríkisstjórninni, og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Þá skulu eftirtaldir aðilar eiga rétt á að tilnefna hver einn fulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í Hagráð til eins árs í senn:

Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Iðja (félag verksmiðjufólks í

Reykjavík), Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Landssamband íslenzkra verzlunarmanna, Samband ísl. sveitarfélaga, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, Stéttarsamband fiskiðnaðarins, stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþingi, Verkamannasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands.

Nú stofnar verksmiðjufólk landssamband, og tekur fulltrúi þess þá sæti Iðju í ráðinu.

Hagráð heyrir undir viðskiptamálaráðherra.

19. gr.

Hagráð skal koma saman til fundar, þegar formaður þess ákveður eða minnst fjórir ráðsmenn óska. Meginverkefni Hagráðs skal vera að ræða ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir Hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þar á meðal varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál. Þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstjórnarinnar skulu lagðar fyrir Hagráð. Einstakir fulltrúar í Hagráði geta óskað umræðna um sérhvern þann þátt efnahagsmálanna, sem þeir telja ástæðu til, að Hagráð ræði. Umræðuefnin skulu ákveðin og tilkynnt ráðsmönnum með hæfilegum fyrirvara. Skýrsla um umræður í Hagráði skal jafnan send ríkisstjórninni og sömuleiðis ályktanir, sem gerðar kunna að vera. Hagráð getur kosið undirnefndir úr sínum hópi til þess að fjalla um ákveðna þætti efnahagsmála. Störf í Hagráði skulu vera ólaunuð.

20. gr.

Efnahagsstofnunin undirbýr fundi Hagráðs og á fulltrúa á fundum þess. Hún annast skrifstofustörf vegna Hagráðs. Allur kostnaður Hagráðs greiðist úr ríkissjóði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Hlutaðeigandi ráðherrar geta með reglugerðum sett nánari ákvæði um starfsemi sjóðs þess og stofnana, sem lög þessi fjalla um.

22. gr.

Með lögum þessum eru felld úr gildi lög nr. 17 frá 10. febrúar 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, lög nr. 13 frá 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum, lög nr. 67 frá 27. apríl 1962, um breytingu á þeim lögum, 9. gr. laga nr. 30 frá 25. maí 1960, svo og öll önnur lög og lagaákvæði, er brjóta kunna í bága við lög þessi.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæði I. kafla og 22. gr. ekki taka gildi fyrr en 1. janúar 1967.

Bráðabirgðaákvæði.

Seðlabankinn og Framkvæmdabankinn skulu fyrir árslok 1966 nefna til sinn manninn hvor til að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum Framkvæmdabanka Íslands úr hendi bankaráðs og bankastjóra bankans. Menn þessir skulu fylgjast með reikningsskilum Framkvæmdabankans hinn 31. desember 1966 og gefa yfirlýsingu um, hverju þeir hafi við tekið, og gera athugasemdir þar um, ef efni verða til. Rísi deilur um einhver atriði varðandi yfirtökuna, skal fjármálaráðherra skera úr þeim.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., skal kjörtími fyrstu stjórnar Framkvæmdasjóðs vera til ársloka 1968.

Nd. 518. Lög [117. mál]

um breyting á lögum nr. 50 29. marz 1961, um bryta og matreiðslumenn á farskipum og fiskiskipum.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 238.

Nd. 519. Lög [8. mál]

um breyting á lögum um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 5 14. marz 1955.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 429.

Nd. 520. Lög [118. mál]

um breyting á lögum nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Afgreidd frá Nd. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 430.

Nd. 521. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 6 17. febr. 1959, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Flm.: Sigfús J. Johnsen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 3 11. marz 1961, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Heimilt er ráðherra að veita íslenzkum vélbátum allt að 120 rúmlestum að stærð undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar, leturhumarveiðar og fiskveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu, leturhumarvörpu og fiskivörpu, þó án „bobbinga“, með möskvastærð, er ekki sé undir 130 mm, og með þeim skilyrðum og takmörkunum, sem nauðsynlegar kunna að þykja. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Önnur meginástæðan til útfærslu fiskveiðitakmarkanna er að sjálfsögðu sú, að Íslendingum einum sé sköpuð aðstaða til að nýta þau fiskimið, sem við strendur landsins eru, á þann hátt og með þeim veiðarfærum, sem hagkvæmast þykir á

hverjum tíma og hverju veiðisvæði, enda verði þess að sjálfsögðu ávallt gætt, að ekki sé um ofveiði eða rányrkju að ræða.

Fiskveiðar og vinnsla sjávarafurða er, eins og kunnugt er, aðalatvinnugrein Íslendinga og aðalundirstaðan undir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar, og ekki annað sjáanlegt en svo verði um langa framtíð. Það er því fyllilega tímabært og eðlilegt, að nýtingu veiðisvæðanna innan fiskveiðimarkanna sé komið í fastara form en verið hefur og þá ekki einskorðuð við ákveðin veiðarfæri, heldur séu veiðarnar stundaðar á hverjum tíma og hverjum stað með þeim veiðarfærum, er hagkvæmust geta talizt og arðvænlegust eru, án þess að um ofveiði eða rányrkju sé að ræða.

Svo hagar til á aðalveiðisvæðum vélbátaflotans að vetrinum til, að veiðar hafa nær eingöngu verið stundaðar með línu og netum og nú hin síðustu ár einnig með nót. Veiðar með handfærum eru ekki lengur nein uppistaða í fiskveiðum Íslendinga. Að sumrinu til og einnig á sumum veiðisvæðum að vetrinum, eins og t. d. á svæðinu frá Dyrhólaey og þar austur af, horfir þetta öðruvísi við. Á þessum tíma verða línu- og netaveiðar ekki stundaðar með neinum árangri, a. m. k. ekki á svæðinu frá Reykjanesi og austur með suðurströnd landsins. En á þessu svæði, t. d. í Vestmannaeyjum, Stokkseyri, Eyrarbakka og Þorlákshöfn, eru tugir báta, er skortir rekstrargrundvöll, eins og aðstæður eru nú. Er hér um að ræða báta af millistærð, sem of litlir eru til síldveiða, en of stórir til dragnótaveiða. Verður mjög að undirstrika í þessu sambandi, að einmitt þessi stærð báta er um land allt undirstaðan undir atvinnulífinu í þeim sjávarþorpum og verstöðvum, þar sem fiskiðjuver eru starfandi og vinnsla á sér stað.

Víða má skapa þessum bátum nokkuð öruggan rekstrargrundvöll með rýmkun á ákvæðum um bann við botnvörpuveiði, þar sem það að áliti Fiskifélags Íslands og annarra sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og við eiga. En eins og lög um bann gegn botnvörpuveiði eru nú, getur sá ráðherra, sem með þessi mál fer, hvergi veitt undanþágu til slíkra veiða innan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 frá 19. marz 1952, þ. e. 4 mílna markanna, nema um sé að ræða kampalampa- og leturhumarveiðar með þar til gerðum vörpum.

Ég tel fyllilega tímabært, að ákvæði þessi séu rýmkuð, þannig að ráðherra hafi einnig heimild til að veita vélbátum undanþágu til botnvörpuveiða með venjulegri fiskivörpu, einnig innan fjögurra mílna markanna, þar sem slíkt að áliti reyndra og sérfróðra aðila getur talizt áhættulaust og eðlilegt og þar með forðað stórfelldum samdrætti í atvinnulífinu.

Hið sérstæða ástand, er nú hefur skapazt vegna aflabrests á miðunum við suðurströnd landsins og þá alveg sérstaklega við Vestmannaeyjar, kallar á skjóta úrlausn þessa máls. Heildarafli vertíðarbáta í Vestmannaeyjum var eftir fyrsta ársfjórðung þessa árs 10 711 lestir, en á sama tíma í fyrra 17 450 lestir, eða 40% minni nú en þá. Sá tími, sem þegar er liðinn af þessari vertíð, var sá tími, sem útgerðarmenn og sjómenn byggðu á að yrði uppistaðan í rekstrarafkomu bátanna á þessu ári. Þeir verða því að treysta á, að sumarvertíðin geti í einhverju bætt upp þann aflamissi, sem þegar er orðinn. En til þess að freista að bæta upp það tjón, er þegar er orðið, verður ekki af stærstum hluta þessara báta gripið til neinna annarra veiðarfæra, er vænta megi árangurs af, en botnvörpu. Bæði er það, að slík útgerð er mun kostnaðarminni og um leið hvergi nærri eins mannaflafrek. En ef slíkar veiðar á að stunda með einhverjum árangri, þá verða þær veiðar að fara fram á þeim svæðum, er lög nú banna. Löggjafinn getur því ekki horft lengur á það aðgerðalaust, að beinlínis séu útgerðarmenn og sjómenn knúðir til ólöglegra veiða, og þannig vísvitandi horft upp á, að lögbrot séu framin sjávarútveginum og þjóðinni sjálfri til framdráttar.

Þá er þess að geta, að löggjafinn hefur með ákvæðum um bann við veiði smásíldar við suðurströndina gengið á hluta nokkurra þessara báta, sem standa óbættir eftir.

Mál þetta miðar beinlínis að því að forða stórfelldum samdrætti í öllu atvinnulífi Vestmanneyinga, og því er það hér flutt.

Ed. **522. Lög** [135. mál]

um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Afgreidd frá Ed. 18. apríl.)

Samhljóða þskj. 409 (sbr. 284).

Sþ. **523. Tillaga til þingsályktunar** [192. mál]

um undirbúning löggjafar um listamannalaun.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Benedikt Gröndal, Þórarinn Þórarinsson, Einar Olgeirsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna. Skal við það starf haft samráð við Bandalag íslenzkra listamanna.

Greinargerð.

Allmörg undanfarin ár hefur þingkjörin nefnd skipt því fé, sem Alþingi hefur á hverjum tíma veitt til listamannalauna. Hefur nefndin verið kjörin til eins árs í senn. Á það hefur verið bent með rökum, að slíkt skipulag þessara mála væri ekki til frambúðar. Æskilegt væri, að sérstakri stofnun væri fengið það verkefni að úthluta listamannalaunum. Ólíklegt er, að nokkurn tíma verði fundin aðferð, sem allir verði ánægðir með og tryggi fyllsta réttlæti í þessum efnum, svo mikið álitamál er það, hvað sé styrks eða verðlauna vert á sviði listsköpunar og túlkunar. En það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, að nauðsynlegt sé að freista nýrra leiða, þegar um er að ræða verðlaunaveitingu til íslenzkra listamanna. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ed. **524. Nefndarálit** [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sendi það vegamálastjóra til umsagnar. Hún varð eigi sammála um afgreiðslu málsins, og mun meiri hl. skila sérálíti.

Samkvæmt gildandi lögum er ríkisstjórninni heimilt að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum og má það nema allt að 135% af fobverði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Heimild þessi hefur verið notuð, og er áætlað samkvæmt fjárlögum fyrir þetta ár, að þessi tekjustofn nemi 124 millj. kr. Fé þetta er nú látið renna í ríkissjóð, en ekki til vegaframkvæmda.

Í frv. þessu er kveðið svo á, að gjald það, er hér um ræðir og innheimt er af innfluttum bifreiðum, skuli frá næstu áramótum renna í vegasjóð og fénu varið til að gera nýja þjóðvegi.

Í umsögn vegamálastjóra um frv. er þetta m. a. tekið fram:

Tekjur vegasjóðs hrökkva skammt til að standa straum af kostnaði við þau verkefni, sem fram undan eru í samgöngumálum og vegalög eða vegáætlun beinlínis mæla fyrir um að unnin séu.

Hraðbrautir eru nú taldar 148 km. Þar af er búið að fullgera um 42 km og það verk unnið fyrir lánsfé.

Áætlað er, að við þá vegi, sem koma í flokk hraðbrauta samkvæmt vegalögum, bætist a. m. k. 200 km, þegar næsta vegáætlun verður sett.

Á næstu árum þarf að gera stórátak við brúargerðir og við að leggja þjóðbrautir og landsbrautir.

Lán, sem tekin hafa verið til vegagerða, námu um s. l. áramót 268 millj. kr. Vextir og afborganir þeirra lána nema á þessu ári 44.3 millj. kr. eða 54% af því fé, sem á árinu verður varið til nýrra þjóðvega og brúargerða.

Þessi greinargerð vegamálastjóra sýnir, hvert stefnir á þessu sviði og að tímabært er að gera þá ráðstöfun, sem frv. þetta kveður á um.

Verði frv. lögfest, leiðir af því skerðingu á tekjum ríkissjóðs. Það kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en á næsta ári, og fyrir næstu áramót á að setja ný fjárlög og endurskoða vegáætlunina. Þá verður að taka tillit til þeirra ákvæða, sem hér um ræðir, ef að lögum verða.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 30. marz 1966.

Umsögn um frumvarp til laga á þingskjali 363, um breytingu á vegalögum, nr. 71/1963.

Samgöngumálanefnd efri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 24. þ. m., en mótteknu 29. þ. m., sent mér til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á vegalögum.

Skv. frumvarpinu er í 1. gr. lagt til, að á eftir 86. gr. vegalaga komi ný grein þess efnis, að innheimt skuli sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, er nema megi allt að 135% af fob-verði hverrar bifreiðar eða bifhjóls. Skuli tekjum af gjaldi skv. þessari grein varið til nýbyggingar þjóðvega, sbr. þó 32. gr. vegalaga.

Skv. 2. gr. frumvarpsins er lagt til, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1967, en um leið verði felld úr gildi 16. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

Í greinargerð með frumvarpinu er réttilega á það bent, að tekjustofn vegasjóðs skv. vegalögum hrökkvi mjög skammt til lausnar þess verkefnis, sem framundan er í vegamálum og vegalög beinlínis mæla fyrir um, en það er lagning hraðbrauta með varanlegu slitlagi á þeim vegum, þar sem ætla má að umferð yfir sumarmánuðina verði 1000—10000 bifreiðar á dag innan 10 ára.

Þessir vegir eru í gildandi vegáætlun taldir alls um 148 km vegalengd, en af þeim eru taldar fullgerðar hraðbrautir um 42 km og í raun réttri þó aðeins um 37 km, en það er Reykjanesbrautin, en sá vegur er að mestu leyti byggður fyrir lánsfé.

Umferðartalning s. l. 2 ár bendir til þess, að hraðbrautir skv. 12. gr. vegalaga muni við endurskoðun á vegáætlun lengjast um a. m. k. 200 km, þar sem við hraðbrautir munu bætast langir vegakaflar, eins og t. d. Vesturlandsvegur frá Þingvallavegamótum að vegamótum við Borgarnesbraut, enn fremur Borgarnesbraut, Akranesvegur, Þingvallavegur, Suðurlandsvegur frá Selfossi að Skeiðavegamótum, auk ýmissa stuttra vegakafla við Akureyri, Egilsstaði og víðar.

Þá eru og óleyst óhemju verkefni við lagningu þjóðbrauta og landsbrauta svo og byggingu nýrra brúa og endurbyggingu gamalla brúa, eins og nánar var rakið í greinargerð með tillögu til vegáætlunar fyrir árin 1965—1968.

Á undanförnum 4 árum hefur verið unnið töluvert að vegaframkvæmdum fyrir lánsfé til langs tíma, og námu slík lán um s. l. áramót um 268 millj. kr. Þar af voru 229 millj. kr. lán vegna Reykjanesbrautar, en hitt eru lán vegna Ólafsvíkurvegar um Enni, Siglufjarðarvegar um Stráka, Ólafsfjarðarvegar um Múla og nokkurra vega skv. Vestfjarðaáætlun. Vextir og afborganir þessara lána munu í ár nema um 44.3 millj. kr., eða um 54% af því fé, sem í vegáætlun í ár verður varið til nýrra þjóðvega og brúargerða.

Af þessu er ljóst, að þótt bygging vega fyrir lánsfé geti verið mjög hagkvæm við lausn tæknilega afmarkaðra verkefna, sem vinna þarf að mestu í einum áfanga, eins og t. d. stórbrýr og jarðgöng, og við lagningu einstakra vega, sem ekki koma að gagni fyrr en þeir eru fullgerðir, eins og vegurinn um Ólafsvíkurenni og Ólafsfjarðarmúla, þá er þessi leið ekki fær til langframa, þar sem verkefni aukast með vaxandi umferð, en tekjurnar ekki að sama skapi. Endurgreiðsla vegalána með innheimtu sérstaks umferðargjalds, eins og nú er framkvæmt á Reykjanesbraut, er aðeins möguleg við mjög sérstakar aðstæður, sem óvíða eru fyrir hendi hér á landi. Er ég sammála flutningsmönnum frumvarpsins um það, að til frambúðar verði að miða fjáröflun til vegaframkvæmda í aðalatriðum við samtíma tekjur, eins og tíðkað er í flestum löndum.

Ofangreint frumvarp er því mjög tímabært og mundi leysa mikið af þeim vanda, sem fjáröflun til vegaframkvæmda er nú, þar sem ætla má, að tekjur af því þegar á fyrsta ári yrðu nokkuð á annað hundrað millj. kr., en tekjur af innflutningsgjaldi bifreiða og bifhjóla skv. lögum nr. 4/1960 eru í fjárlögum yfirstandandi árs áætlaðar 124 millj. kr.

Hins vegar leyfi ég mér að benda á, að samgöngumálaráðuneytið skipaði hinn 31. jan. s. l. þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um nýjar leiðir til verulega aukinnar fjáröflunar fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1967 og 1968, sem ákveðið er að gerð verði á hausti komanda.

Með vísun til þess, er að framan greinir, þá leyfi ég mér að mæla með samþykkt frumvarpsins, en teldi það einnig vel viðunandi lausn málsins, ef nefnd sú, er að framan greinir, fyndi aðra og ekki lakari fjáröflunarleið fyrir vegasjóð í sambandi við endurskoðun á vegáætlun á hausti komanda.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Til samgöngumálanefndar efri deildar Alþingis.
Samrit til samgöngumálaráðuneytisins.

Ed. 525. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur tekið málið fyrir og mælir með samþykkt þess. Tveir nefndarmenn, Helgi Bergs og Jón Þorsteinsson, voru fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 19. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form. Þorvaldur Garðar Kristjánsson, frsm. Björn Jónsson, með fyrirvara.
Sveinn Guðmundsson. Karl Kristjánsson, með fyrirvara.

Nd. 526. Frumvarp til laga [193. mál]

um afhendingu prestssetursjarðar og flutning prestsseturs.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Jónas G. Rafnar, Ingvar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda Landnámi ríkisins prestssetursjörðina Sauðanes til nýbýlastofnunar og ákveða jafnframt afhendingunni, að prestur Sauðanes- og Svalbarðssókna skuli hafa aðsetur í Þórshöfn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í Sauðanesprestakalli í Norður-Þingeyjarsýslu eru 2 kirkjusóknir, Svalbarðssókn og Sauðanessókn, en í Sauðanessókn eru 2 hreppar, Sauðaneshreppur og Þórshafnarhreppur, sem er langfjölmennasti hreppur í prestakallinu. Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps og borgarafundur í Þórshöfn hafa farið þess á leit, að prestssetur verði í Þórshöfn. Hreppsnefnd Sauðaneshrepps hefur óskað þess, að meiri hluti prestssetursjarðarinnar verði afhentur Landnámi ríkisins til nýbýlastofnunar. Fyrir íbúa Svalbarðssóknar ætti ekki að vera óhagræði að breytingunni, því að Þórshöfn er nær þeirri sókn en Sauðanes. Sauðanesprestakall hefur verið auglýst til umsóknar, og var umsóknarfrestur til 15. apríl, en enginn umsækjandi hefur gefið sig fram að svo stöddu.

Nd. 527. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Bieltvedt, Ole Anton, tannlæknir í Kópavogi, f. í Noregi 8. marz 1906.

Nd. 528. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft mál þetta til athugunar og sent það til umsagnar nokkurra aðila, sem mæla með samþykkt þess.

Erindi barst frá sjávarútvegsmálaráðuneytinu með ósk um, að nefndin flytti breytingartillögu við frv. þess efnis, að niður falli síðari málsliður 3. gr. laganna, sem hljóðar svo: „Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.“ Telur nefndin rétt að mæla með þessari brtt., sbr. 2. brtt. á þessu þskj.

Um aðrar breyt. eru nefndarmenn einnig sammála og mæla með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:
   Aftan við 1. gr. laganna komi:
   Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.
   Eigi er skylt að vátryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir, að gert verði við skipið, eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.
2. Í stað 3. gr. frv. komi ný grein, er hljóði svo:
   1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:
   Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina.
3. 4. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1966.

Alþingi, 19. apríl 1966.

Birgir Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Lúðvík Jósefsson.
Jón Skaftason.	Gísli Guðmundsson.	Sigfús J. Johnsen.
	Sverrir Júlíusson.	

Ed. 529. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarpið var sent til umsagnar jarðeignadeildar ríkisins, og mælir hún með sölu jarðarinnar.
Landbúnaðarnefnd mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 19. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form.	Ásgeir Bjarnason, frsm.	Ragnar Jónsson.
Páll Þorsteinsson.	Jón Árnason.	Björn Jónsson.

Ed. 530. Frumvarp til laga [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:
1. Alpers, Heike Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. maí 1938.
2. Andreasen, Thomas Keisten Kristian, verkamaður í Kópavogi, f. í Færeyjum 8. nóvember 1936.

3. Bartl, Maria Christine, læknir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 12. október 1935.
4. Bieltvedt, Ole Anton, tannlæknir í Kópavogi, f. í Noregi 8. marz 1906.
5. Biskopstö, Petra, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 22. apríl 1935.
6. Boucher, Áslaug Þórarinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 7. ágúst 1917.
7. Brandt, Ingrid Luise, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 5. október 1936.
8. Bretz, Heiko, verkamaður á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 22. ágúst 1941.
9. Frederiksen, Jens Mathias, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 28. október 1938.
10. Gook, Hólmfríður Kristín, húsmóðir á Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1896.
11. Greve, Reinhold Edmund Hans, rennismiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. september 1926.
12. Guðfinna Helga Gunnarsdóttir, ungbarn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. ágúst 1962.
13. Hauk, Anna Johanna, húsmóðir á Siglufirði, f. í Tékkóslóvakíu 18. nóvember 1934.
14. Kratsch, Walter Oswald, pípulagningameistari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. október 1899.
15. Ljubomir, Ajduk, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 11. marz 1934.
16. Lorentzen, Grethe, fóstra í Mosfellssveit, f. í Danmörku 21. maí 1939.
17. Nitz, Arno Erwin Siegfried, málfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7. október 1912.
18. Nowak, Helga Maria, húsmóðir á Laugarvatni, f. í Þýzkalandi 8. september 1935.
19. Peschel, Annaliese, húsmóðir í Kópavogi, f. í Bretlandi 6. janúar 1941.
20. Petersen, Jonna Sonja Elna, húsmóðir í Kvisthaga í Miðdalahreppi, Dalasýslu, f. í Færeyjum 24. júní 1936.
21. Rader, Donald Farr, kennari í Kópavogi, f. á Íslandi 10. febrúar 1945.
22. Rasmussen, Erla Björgheim, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1935.
23. Ritchie, James Valdimar, nemi í Reykjavík, f. í Skotlandi 30. apríl 1942.
24. Ritchie, Norma Elizabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Skotlandi 7. september 1945.
25. Sawamura, Matsoka (Metzelaar, Gustaf), sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. í Japan 12. janúar 1931.
26. Scharein, Brigitte Margarite Ida Susanne, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1940.
27. Schmidt, Frieda Elisabeth Gisela, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 12. júlí 1934.
28. Schmidt, Gerhard Walter, skólastjóri á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 14. september 1929.
29. Stolpmann, Magdalena, hjúkrunarkona í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 12. maí 1928.
30. Szmilek, Irén, verkakona í Keflavík, f. í Ungverjalandi 30. september 1940.
31. Thieme, Anna Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. marz 1928.
32. Tomsen, Tomas, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. maí 1901.
33. Trüning, Annie Elisabeth Gunilla, húsmóðir í Kaupmannahöfn, f. í Svíþjóð 7. marz 1940.
34. Villesen, Ole, garðyrkjumaður í Borgarfirði, f. í Danmörku 20. janúar 1936.
35. Wendler, Dietrich Hans Udo, starfsmaður Flugfélags Íslands, f. í Þýzkalandi 25. júní 1934.
36. Ziebert, Ernst Franz, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. janúar 1933.
37. Öxnevad, Johanne Margrete, húsmóðir á Hamarsheiði í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, fædd í Noregi 22. maí 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 531. Frumvarp til laga [149. mál]

um breyting á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. apríl.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Engum er heimilt að hafa með höndum fólksflutninga með bifreiðum, sem stærri eru en svo, að þær rúmi 8 farþega, nema hann hafi til þess sérleyfi eða réttindi til hópferðaaksturs frá ríkisstjórninni. Slíkt sérleyfi þarf og til þess að hafa á hendi fastar ferðir eða áætlunarferðir til fólksflutninga með bifreiðum, sem rúma 3 til 8 farþega. Til fastra ferða teljast í lögum þessum allar ferðir, sem farnar eru í hverri viku eða oftar árið um kring eða einhvern hluta þess. Til áætlunarferða teljast í lögum þessum allar auglýstar ferðir og allar ferðir, þar sem farþegum eru seld einstök sæti í bifreiðum á ákveðinni leið. Nú verður ágreiningur um, hvað skuli telja fastar ferðir eða áætlunarferðir, og sker þá ráðherra úr.

Ráðuneytinu er heimilt að taka í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti póst- og farþegaflutning með eigin bifreiðum á þeim leiðum, er því þykir henta, enda fullnægi bifreiðar þess settum reglum fyrir sérleyfishafa.

Ráðherra getur undanþegið frá sérleyfisskyldu á vissum leiðum vörubifreiðar, er flytja að staðaldri framleiðsluvörur bænda, en rúma auk þess allt að átta farþegum, enda fullnægi þær að öðru leyti settum reglum fyrir fólksflutninga. Undanþágan skal veitt til ákveðins tíma í senn. Sérleyfi þarf ekki til fólksflutninga innan hvers lögsagnarumdæmis, ef um er að ræða hópferðir, ferðir á héraðsmót eða almennar skemmtanir, svo og ferðir með starfsfólk að og frá vinnustað, sem framkvæmdar eru á kostnað vinnuveitanda. Bæjarfélög skulu í þessu sambandi teljast til þess lögsagnarumdæmis, sem næst þeim er. Heimilt er ráðherra að undanþiggja sérleyfi slíkar fólksflutningaferðir, sem farnar eru milli lögsagnarumdæma. Sýslu- eða sveitarfélög skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til sérleyfa, þegar þau eru veitt innan sýslu eða sveitarfélaga og þessir aðilar sækja um þau.

Þeir sérleyfishafar, er sérleyfi hafa áður haft, skulu sitja fyrir um endurveitingu sérleyfa á viðkomandi leiðum, ef þeir aðilar sækja um þau og hafa að undanförnu rækt sérleyfisaksturinn vel að dómi Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, er skipuð skal skv. 2. gr.

2. gr.

Á eftir f-lið 3. gr. laganna komi:

g. Að sérleyfishafar skuli hafa sérleyfis- og hópferðabifreiðar sínar í afgreiðslu á afgreiðslustöðvum, er Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykkir.

h. Heimilt er ráðherra, að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, að binda sérleyfi og einkaleyfi þeim skilyrðum, að sérleyfis- og einkaleyfishafar skuli skuldbundnir að kaupa þær fasteignir og bifreiðar, sem

notaðar hafa verið áður til reksturs á sérleyfisleiðum og teljast nauðsynlegar og henta viðkomandi rekstri, á verði, sem samkomulag verður um milli aðila. Náist ekki samkomulag um verð, skal það ákveðið með mati dómkvaddra manna.

Nú sækir félag eða einstaklingur um réttindi til hópferðaaksturs, og er ráðherra þá heimilt að veita þau að fengnum meðmælum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum með þeim skilyrðum, sem hér segir:

a. Að hópferðaréttindin gildi fyrir eitt ár í senn og séu óframseljanleg.

b. Að hópferðaréttindin gildi fyrir ákveðnar bifreiðar og séu þær eingöngu notaðar til fólksflutninga, meðan leyfið gildir.

c. Að hópferðaréttindahafi skuli skuldbundinn til að hafa hópferðabifreiðar sínar í afgreiðslu á afgreiðslustöðvum, er Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum samþykkir.

3. gr.

6. gr. laganna orðist þannig:

Sérleyfis-, undanþágu- og hópferðaréttindahafar skulu greiða sérleyfisgjald, 3% af heildartekjum af farþegaflutningum í sérleyfis- og leyfisskyldum hópferðaakstri. Greiðslufyrirkomulag sérleyfisgjaldsins ákveður ráðherra í reglugerð, að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum.

Hópferðaréttindahafar skulu auk sérleyfisgjaldsins greiða árlegt gjald fyrir hópferðaréttindin. Upphæð gjaldsins skal ákveðin með reglugerð, að fengnum tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum.

Sérleyfisgjaldinu skal aðallega varið til að greiða kostnað við eftirlit og stjórn fólksflutninga með bifreiðum samkvæmt lögum þessum, svo og til byggingar afgreiðslustöðva fyrir sérleyfisbifreiðar, enda komi ríkisstjórn og sveitarstjórnir sér saman um fjárframlög í þessu skyni.

4. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Ráðuneytið getur falið póststjórninni eða annarri stofnun að hafa með höndum yfirumsjón og eftirlit með fólksflutningum í bifreiðum, er sérleyfi, undanþágu eða réttindi til hópferðaaksturs þarf fyrir.

Skipulagsnefnd fólksflutninga með bifreiðum, og sú stofnun, sem fer með þessi mál, skulu hafa sem nánasta samvinnu.

5. gr.

9. gr. laganna orðist þannig:

Brjóti sérleyfishafi, undanþáguhafi eða hópferðaréttindahafi á einhvern hátt lög þessi eða reglugerðir, sem settar eru samkvæmt þeim, er ráðherra heimilt, samkvæmt tillögum Skipulagsnefndar fólksflutninga með bifreiðum, að svipta þá sérleyfi, undanþágu eða réttindum til hópferðaaksturs þegar í stað.

6. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, sem verður 10. gr., svo hljóðandi:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 1000 til 10000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum, og skal fara með slík mál að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

8. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 532. Lög [109. mál]

um breyting á lögum nr. 82 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

(Afgreidd frá Nd. 19. apríl.)

Samhljóða þskj. 293.

Nd. 533. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:
Mygind, Grethe Marie Grönbæk, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 29. desember 1930.

Ed. 534. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til laga um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð).

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur tekið til athugunar frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi var Björn Jónsson.

Alþingi, 20. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, frsm.
Helgi Bergs.	Karl Kristjánsson.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 535. Frumvarp til laga [194. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt. gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði flugvélar með nauðsynlegum varahlutum og tækjum, þó eigi fyrir hærri upphæð en 238 milljónum króna eða jafngildi hennar í erlendri mynt.

2. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, við væntanlega aukningu hlutafjár í Flugfélagi Íslands h.f., að auka núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu hlutfallslega jafnmikið og nemur heildaraukningu hlutafjárins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Flugfélag Íslands h.f. hefur að undanförnu unnið að athugun á endurnýjun flugvélakosts síns í millilandaflugi, en þegar hefur félagið gert ráðstafanir til endurnýjunar flugvéla í innanlandsflugi með kaupum á 2 Fokker Friendship skrúfuþotum. Ör þróun í flugsamgöngum hefur gert það að verkum að flugvélar þær, sem nú eru í millilandaflugi á vegum félagsins, eru naumast lengur í samræmi við kröfur þær, sem gerðar eru, og rekstur þeirra óhagkvæmari en nýrri gerða flugvéla. Brýna nauðsyn ber því til að endurnýja flugvélakostinn, en hins vegar yrði óhjákvæmilega um svo mikla fjárfestingu að ræða, að Flugfélagið fengi ekki við hana ráðið án ríkisábyrgðar. Vill ríkisstjórnin fyrir sitt leyti stuðla að framgangi málsins með veitingu ríkisábyrgðar.

Flugfélag Íslands h.f. hefur helzt í hyggju að festa kaup á þotu af gerðinni Boeing 727 og er ríkisábyrgðarheimildin við þau kaup miðuð, en verði að ráði að kaupa eina eða fleiri flugvélar af annarri gerð, mundi ábyrgð veitt til þeirra kaupa, enda yrði kaupverð eigi hærra en verð einnar Boeing 727 þotu.

Um 1. gr.

Áætlað er að kaupverð Boeing 727 þotu, með nauðsynlegum varahlutum og tækjum, nemi sem næst 297 milljónum króna og gerir frumvarpið ráð fyrir, að ábyrgð ríkissjóðs megi taka til allt að 80% af því verði, þannig að hámark ábyrgðarinnar verður samkvæmt því 238 milljónir króna, eða jafngildi þess í erlendri mynt.

Um 2. gr.

Hlutafé Flugfélags Íslands h.f. er nú tæpar 20 millj. kr. Óumflýjanlegt verður að telja, til þess að styrkja fjárhagsaðstöðu félagsins, að auka verulega hlutafé þess, og áformar stjórn félagsins að hlutaféð verði a. m. k. þrefaldað eða aukið um 40 millj. kr.

Hlutafjáreign ríkissjóðs í félaginu er nú 2.6 millj. kr., eða sem næst 13%. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að fjármálaráðherra heimilist að auka núverandi hlutafjáreign ríkissjóðs hlutfallslega jafnmikið og nemur væntanlegri heildaraukningu hlutafjárins.

Nd. 536. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 20. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson, frsm.
Jón Kjartansson.	Óskar E. Levy.	Ragnar Arnalds.
	Björn Fr. Björnsson.	

Nd. **537. Nefndarálit** [152. mál]

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 1. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta mál á fundum og fengið um það umsögn Fiskveiðasjóðs Íslands, Útvegsbanka Íslands, Landsbanka Íslands, Seðlabanka Íslands og Landssambands ísl. útvegsmanna. Hjá lánsstofnunum þeim, sem hér er um að ræða, eru skiptar skoðanir á frv., eins og það liggur fyrir, en L. Í. Ú. gerir tillögu um, að allmiklar breytingar verði gerðar á því.

Minni hl. fær ekki séð, að eins og sakir standa sé aðkallandi á þessu þingi að sameina Fiskveiðasjóð Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins eða skipta um stjórn Fiskveiðasjóðs, en hins vegar töluverðir gallar á efni frv. og undirbúningi málsins, eins og sumar umsagnirnar bera vitni um. Minni hl. telur því réttast að stefna að því að endurskoða frv. milli þinga í samráði við rétta aðila og með tiltekin sjónarmið fyrir augum, en fáist ekki samþykkt að fresta málinu til næsta þings, vill hann til vara leggja til, að gerðar verði á frv. efnisbreytingar. Tillögur minni hl. eru að verulegu leyti samhljóða þeim brtt., er L. Í. Ú. hefur gert í svari sínu til nefndarinnar. Þess skal getið, að nefndin í heild stendur að nokkrum brtt., sem prentaðar eru á öðru þskj.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDRI DAGSKRÁ:

Með það fyrir augum, að frv. það, er fyrir liggur, um Fiskveiðasjóð Íslands, verði endurskoðað milli þinga í samráði við stjórnir Fiskveiðasjóðs Íslands, Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Landssambands ísl. útvegsmanna, og þá m. a. að því stefnt að auka fjármagn til stofnlána í þágu sjávarútvegsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „í eigu ríkisins“ komi: upphaflega stofnaður með lögum nr. 52 10. nóv. 1905.
2. Við 4. gr. Við greinina bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:
   e. Framlag úr ríkissjóði 3 milljónir króna á ári.
3. Í stað orðanna „tveimur fulltrúum Landsbanka Íslands og tveimur fulltrúum Útvegsbanka Íslands“ komi: einum fulltrúa Landsbanka Íslands, einum fulltrúa Útvegsbanka Íslands, einum fulltrúa Landssambands ísl. útvegsmanna og einum fulltrúa Alþýðusambands Íslands.
4. Við 10. gr. Í stað orðanna „Útvegsbankinn og forstjóri sjóðsins skulu“ komi: Forstjóri sjóðsins skal.
5. Við 13. gr. Í stað orðanna „og lán út á skip 15 ár“ komi: lán út á skip 20 ár, vélakaupalán 8 ár og tækjakaupalán 5 ár.
6. Við 14. gr. Greinin falli niður.
7. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum 5½%, og greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka. Dráttarvextir skulu vera ¾% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst. Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar skulu lántakendur greiða ¼% lántökugjald í varasjóð samkv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

Alþingi, 20. apríl 1966.

Jón Skaftason, frsm. Gísli Guðmundsson.

Nd. 538. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum og fengið um það umsagnir frá Fiskveiðasjóði Íslands, Útvegsbanka Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Landsbanka Íslands og Seðlabanka Íslands. Einnig barst nefndinni erindi frá Landssambandi iðnaðarmanna í sambandi við málið.

Nefndarmennirnir Jón Skaftason og Gísli Guðmundsson leggja til, að málinu verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru á þskj. 539.

Lúðvík Jósefsson tekur fram, að hann sé samþykkur því, að frumvarpið nái fram að ganga, og að hann geti fallizt á sumar brtt. meiri hlutans. Hins vegar mun hann bera fram fleiri brtt. og gera grein fyrir þeim í sérstöku nál.

Alþingi, 20. apríl 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Sverrir Júlíusson.
	Sigfús J. Johnsen.	

Nd. 539. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

1. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar á eftir orðinu „vinnslustöðvum“ orðist svo: vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.
2. Við 7. gr. Greinin orðist þannig:
   Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 5 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Tilnefnir Seðlabanki Íslands einn fulltrúa í stjórnina, Landsbanki Íslands tvo og Útvegsbanki Íslands tvo. Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.
3. Við 9. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innstæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.
4. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsmálaráðherra og stjórn Seðlabankans.

5. Við 15. gr.
   a. Upphaf fyrsta málsl. fyrri málsgr. orðist þannig:
      Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör og dráttarvexti, að höfðu samráði við sjávarútvegsmálaráðherra og Seðlabankann ...
   b. Síðasti málsl. fyrri málsgr. falli niður.
   c. Í stað „1%“ í síðari málsgr. komi: ¼%.
6. Við 18. gr. 2. málsl. 1. mgr. Orðin „einum tilnefndum af Seðlabankanum, einum af Landsbankanum og einum af Útvegsbankanum“ falli burt.
7. Við 20. gr. 2. mgr. Orðin „ef þeir afhenda þau ekki Landsbankanum eða Útvegsbankanum“ falli burt.
8. Við 21. gr. Smáorðinu „ef“ sé bætt inn í upphaf stafliðanna c. og d.

Nd. 540. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í greinargerð frumvarpsins er áherzla lögð á, að aðalefni þess sé um sameiningu Fiskveiðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins. Í rauninni er sú breyting aðeins önnur af tveimur meginbreytingum, sem í frumvarpinu felast. Hin breytingin er sú að ákveða Fiskveiðasjóði nýja yfirstjórn, og á hún að verða í höndum Seðlabankans, Landsbankans og Útvegsbankans.

Ég er samþykkur því að sameina í einni lánastofnun Fiskveiðasjóð og Stofnlánadeild sjávarútvegsins, en ég er andvígur því að hafa stjórn þeirrar lánastofnunar í höndum viðskiptabankanna og Seðlabankans.

Fiskveiðasjóður Íslands er orðinn allöflug lánastofnun. Hrein eign sjóðsins er talin nema um 600 milljónum króna. Eignir Stofnlánadeildar sjávarútvegsins umfram skuldir eru hins vegar mjög litlar, en deildin ræður þó yfir nokkru fjármagni. Fiskveiðasjóður hefur verið aðalstofnlánasjóður sjávarútvegsins í 60 ár og hefur nú fastar tekjur nokkuð á annað hundrað milljónir króna á ári. Stofnlánadeildin hefur hins vegar enga fasta tekjustofna. Útlán Fiskveiðasjóðs hafa farið vaxandi með hverju ári, og segja má, að starfsemi sjóðsins sé orðin nokkuð fastmótuð. Stofnlánadeildin hefur hins vegar litla starfsemi haft í mörg ár, þó að tvö s. l. ár hafi þar á orðið nokkur breyting. Það sýnist því sjálfsagt, að við sameiningu þessara tveggja stofnlánasjóða sjávarútvegsins verði við það miðað, að sá sjóður, sem eldri er og öflugri og hefur á miklu ákveðnari hátt mótað starfsemi sína í þágu sjávarútvegsins, taki við þeim verkefnum, sem hinni nýju lánastofnun er ætlað að hafa með höndum.

Með sameiningu þessara tveggja lánastofnana sjávarútvegsins hefði ég talið eðlilegast, að Fiskveiðasjóður hefði verið gerður að algerlega sjálfstæðri lánastofnun með sérstakri stjórn og óháður viðskiptabönkunum og Seðlabankanum. Fiskveiðasjóður hefur verið í tengslum við Útvegsbankann, og hafa bankastjórar hans jafnframt verið í stjórn Fiskveiðasjóðs. Starfsemi sjóðsins hefur þó þróazt þannig, að forstjóri hans hefur orðið aðalstjórnandi sjóðsins og komið fram fyrir hans hönd eins og bankastjóri fyrir banka.

Allir, sem lánsviðskipti hafa átt við sjóðinn, hafa rekið mál sín fyrir forstjóra sjóðsins og hann síðan séð um afgreiðslu þeirra. Það er skoðun mín, að bezt fari á því, að stofnlánasjóður sjávarútvegsins sé rekinn sem óháð stofnun og án afskipta viðskiptabankanna eða Seðlabankans. Stofnlán eiga að veitast eftir tiltölulega fastmótuðum reglum, enda fyrst og fremst tryggð með veði í þeim eignum, sem lánin eru veitt út á.

Ég tel þá skipan, sem frumv. gerir ráð fyrir, að Seðlabankinn og viðskiptabankarnir skipi stjórn Fiskveiðasjóðs, óeðlilega og óheppilega. Viðskiptabankarnir hafa fyrst og fremst með rekstrarlán að gera, og verkefni Seðlabanka eiga ekki að vera þau að standa í afskiptum af lánastarfsemi til einstakra viðskiptamanna. Stofnlánasjóður sjávarútvegsins, sem starfaði sjálfstætt og án beinna tengsla við viðskiptabankana og Seðlabankann, gæti eftir sem áður haft eðlilegt samstarf við þá banka, þannig að starfsemi sjóðsins yrði í samræmi við heildarstefnu í lánamálum. En að blanda saman að meira eða minna leyti starfi viðskiptabanka og seðlabanka annars vegar og rekstri stofnlánasjóðs hins vegar tel ég óæskilegt.

Ég flyt nokkrar breytingartillögur við frv., sem miða að því að gera Fiskveiðasjóð að óháðri og sjálfstæðri stofnun. Þar á meðal er tillaga um, að stjórn sjóðsins verði skipuð fimm mönnum kosnum af Alþingi og tveimur tilnefndum af samtökum útvegsmanna og samtökum sjómanna.

Fiskveiðasjóður hefur að mestu verið byggður upp af fé, sem innheimt hefur verið af útfluttum sjávarafurðum. Útvegsmenn og sjómenn hafa því lagt til starfsfé sjóðsins og er ætlað að gera það framvegis. Ég tel því sanngjarnt og eðlilegt, að samtök útvegsmanna og sjómanna fái að tilnefna menn í stjórn sjóðsins.

Samkv. frumv. er gert ráð fyrir auknum verkefnum Fiskveiðasjóðs með lánveitingum út á ýmsa starfsemi í þágu sjávarútvegsins, sem sjóðurinn hefur ekki sinnt hingað til. En þó að verkefnin séu aukin, eru tekjur sjóðsins ekki auknar, nema síður sé. Þannig er einn af föstum tekjustofnum sjóðsins, sem lengi hefur verið, felldur niður, en það er fast framlag ríkissjóðs, 2 milljónir króna á ári. Ég geri tillögu um, að framlag þetta til sjóðsins haldi áfram.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 541. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 1. gr. 1. málsl. orðist þannig:
   Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, stofnaður með lögum nr. 52 10. nóv. 1905.
2. Við 4. gr. Nýr stafliður, e, bætist við, svo hljóðandi:
   Fast framlag á fjárlögum, 2 milljónir króna.
3. Við 8. gr. 1. málsl. 2. málgr. orðist svo:
   Að öðru leyti en hér segir er umsjá og rekstur Fiskveiðasjóðs í höndum forstjóra sjóðsins og stjórnar Útvegsbankans.
4. Við 10. gr. 3. málsl. orðist svo:
   Forstjóri sjóðsins skal sjá um að ganga frá reikningum sjóðsins fyrir 1. marz ár hvert og hafa afhent þá stjórn sjóðsins.
5. Við 14. gr. Greinin falli niður.
6. Við bráðabirgðaákvæði. Upphaf ákvæðanna orðist svo:
   Sjávarútvegsmálaráðherra skipar þrjá menn í nefnd til þess að taka við verðmætum, skuldum og skuldbindingum ....

Ed. **542. Nefndarálit** [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að það verði samþykkt, en undirritaður leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, eins og síðar greinir.

Meginefni frv. er það að breyta svo gildandi löggjöf um verðlagningu búvöru, að hið svonefnda „sexmannanefndar"-fyrirkomulag verði virkt, enda þótt einhverjir þeir aðilar, sem samkvæmt því eiga að ákveða verðlag landbúnaðarafurða, tilnefni ekki fulltrúa í nefndina. Komi þá til tilnefning af hálfu landbúnaðarráðherra, ef framleiðendur nota ekki tilnefningarrétt sinn, en tilnefning af hálfu félagsmálaráðherra, ef neytendur tilnefna ekki sína fulltrúa. Aðrar breytingar eru minni háttar.

Tilefni þessara breytinga er það, að hið fyrra sexmannanefndarkerfi hrundi til grunna á s. l. sumri, er miðstjórn Alþýðusambands Íslands sá sér ekki lengur fært að tilnefna fulltrúa í nefndina og sagði upp aðild sinni að kerfi þessu. Leiddi þetta svo til útgáfu brbl. um verðlagningu búvöru á s. l. hausti.

Ástæður fyrir ákvörðun Alþýðusambandsins um að segja upp aðild sinni að starfi sexmannanefndar voru þær helztar:

1) Að hinar stöðugu hækkanir á búvöruverði væru að mestu afleiðing af verðbólgustefnu stjórnarvalda og að á þá þróun mála gæti sexmannanefndin engin áhrif haft.
2) Að fleira yrði að koma til en verðlagning búvöru, ef leysa ætti brýnustu vandamál bændastéttarinnar og þá ekki sízt smærri bænda.
3) Að ógerlegt væri fyrir fulltrúa neytenda að bera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvara, nema rannsakaður væri rækilega sá stórfelldi munur, sem orðinn er á söluverði landbúnaðarvara og því verði, sem bændur fá fyrir framleiðsluna.

Undirritaður telur, að þessi rök miðstjórnar A.S.Í. og önnur, sem fram voru færð fyrir aðgerðum þess á s. l. sumri, séu fullgild og að hvorki bændastéttinni né verkalýðsstéttinni hefði verið greiði gerður með því að halda áfram starfsemi sexmannanefndar. Á hinn bóginn er þó augljóst, að ný frambúðarskipan þessara mála varð að koma til í stað hins hrunda kerfis. Frá sjónarmiði verkalýðssamtakanna, sem sjálf búa við fullan samningsrétt um laun og kjör, er sú skipan eðlileg og raunar sjálfsögð, að bændastéttin njóti sama réttar, eftir því sem við á. Krafan um fullan samningsrétt hefur og verið uppi hjá bændasamtökunum. Þannig fól aukafundur Stéttarsambands bænda, er haldinn var 14. og 15. des. s. l., fulltrúum sínum í sjö manna nefnd ríkisstjórnarinnar að **„athuga jöfnum höndum möguleika á samningum um verðlagsmálin við fulltrúa frá ríkisstjórninni** sem og fulltrúa frá öðrum aðilum." Og enn fremur lagði fundurinn áherzlu á það, „að við væntanlegar breytingar á löggjöfinni .... **verði bændum tryggður að fullu samningsréttur um kjör sín.**"

Það kann að geta virzt álitamál, hver mótaðili bændastéttarinnar eigi að vera, yrði þeim tryggður fullur samningsréttur um kjör sín. Það er þó skoðun undirritaðs, að raunhæfast sé, að slíkir samningar séu gerðir við ríkisvaldið, þar sem það hefur í sínum höndum flesta þá efnahagslegu þætti, sem máli skipta fyrir kjör bænda. Verðlagning búvara getur aldrei orðið nema einn þáttur í kjörum þeirra, þótt mikilvægur sé. Þjóðin öll kaupir og neytir landbúnaðarvara, og allur atvinnurekstur í landinu hefur hagsmuna að gæta í sambandi við verðlag þeirra, og

því er eðlilegt, að ríkisvaldið hafi hönd í bagga með verðlagningu þeirra, en að sjálfsögðu með fullu tilliti til hagsmuna bændastéttarinnar, sem þá mætti því í samningum sem fullgildur aðili að endanlegum ákvörðunum. Náist samningar ekki, hefðu bændur og samtök þeirra rétt til framleiðslustöðvunar eða jafnvel til einhliða verðákvörðunar eftir ákveðnum reglum, sem um það yrðu settar. Á hinn bóginn virðist þá einnig eðlilegt, að lögbundin viðmiðun við aðrar starfsstéttir félli niður.

Við afgreiðslu þessa máls nú síðustu daga þingsins er engin aðstaða til þeirrar lagasmíði, sem þörf er á, ef horfið yrði frá því samninga- og gerðardómsfyrirkomulagi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Því leggur undirritaður til, að mál þetta verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin undirbúi fyrir næsta reglulegt Alþingi, í samráði við samtök bænda, lagafrumvarp, er tryggi bændastéttinni fullan samningsrétt gagnvart ríkisvaldinu um kjör sín og án nokkurra gerðardómsákvæða, — og leiti samninga við framleiðsluráð landbúnaðarins og Stéttarsamband bænda um verðlagningu landbúnaðarvara, þar til Alþingi hefur fjallað um nýja löggjöf, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Björn Jónsson.

Ed. 543. Frumvarp til laga [195. mál]

um breyting á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965—66.)

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist nýr töluliður og ný málsgrein, svo hljóðandi:

6. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánum, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð samtals allt að 75 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

Framleiðslufélagi því, sem um ræðir í grein þessari, skal heimilt að veita sölufélagi samkv. 6. gr. laga þessara einkarétt til útflutnings og sölu erlendis á framleiðslu verksmiðjunnar um tiltekinn tíma, eftir því sem um kann að semjast milli stofnenda framleiðslufélagsins.

2. gr.

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Um hlutafjárframlag ríkisins til undirbúningsfélagsins skal heimilt að beita 1. tölulið 1. gr., enda verði framlagið endurgreitt ríkissjóði við stofnun framleiðslufélagsins með hlutabréfum í framleiðslufélaginu eða skuldabréfum þess, er að nafnverði samsvari hlutafjáreign ríkissjóðs í undirbúningsfélaginu, sem þá verði slitið.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fjöldi stofnenda hlutafélaga samkv. 1. og 2. gr. laga þessara skal vera óháður ákvæði 1. málsliðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög. Sama máli gegnir um hluthafa þess, að því er snertir 38. gr. hlutafélagalaganna.

Íslenzka ríkinu, og hinum erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, skal heimilt að vera fullgildir stofnendur framleiðslufélags skv. 1. gr. laganna.

Fulltrúar hins erlenda aðila í stjórn framleiðslufélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis. Stjórn félagsins skal þó jafnan skipuð hérlendis búsettum mönnum að meiri hluta. Stjórnendur framleiðslufélagsins þurfa ekki að eiga hlut í félaginu. Stjórnendum skal heimilt að fela öðrum að sækja stjórnarfundi af sinni hálfu með fullu umboði.

Fulltrúar ríkisins í stjórn framleiðslufélagsins og varamenn þeirra skulu kosnir á Alþingi til 4 ára í senn.

Ríkisstjórnin skal bjóða sveitarfélögum á Norðurlandi til kaups hluta af þeim hlutabréfum í framleiðslufélaginu, sem ríkisstjórnin skráir sig fyrir, með þeim skilmálum, sem hún ákveður.

4. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Þeim erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, skal heimilt að stofna hlutafélag á Íslandi til að annast útflutning og sölu erlendis á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar, með þeim skilmálum, sem um verður samið við ríkisstjórnina.

Hinum erlenda aðila heimilast að vera fullgildur stofnandi sölufélags samkvæmt grein þessari, án tillits til ákvæða 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77 27. júní 1921, um hlutafélög, og skal fjöldi hluthafa félagsins óháður ákvæðum 38. gr. þeirra laga. Enn fremur skulu ákvæði 2. töluliðs 3. gr., 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr. í lögum þessum gilda um slíkt félag.

5. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samning innan marka þessara laga við erlendan aðila um samvinnu um framleiðslu og sölu kísilgúrs frá verksmiðjunni og kveða þar á um þær skuldbindingar af sinni hálfu og hins erlenda aðila, sem telja má nauðsynlegar og eðlilegar í sambandi við samaðild þeirra að framleiðslufélaginu og varðandi útflutning og sölu á framleiðslu þess, þar með talin þau málefni, sem 9. gr. þessara laga fjallar um.

6. gr.

9. gr. laganna verði 11. gr., en á eftir 8. gr. komi ný grein, er verði 9. gr., og orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélag samkv. 1. gr. annars vegar og sölufélag samkv. 6. gr. hins vegar greiði hvort um sig einn tekjuskatt í stað annarra skatta, venjulegra eða sérstakra, sem á eru lagðir samkvæmt lögum, þann tíma, sem samningurinn tiltekur, og nemi skattur þessi 45% af skattskyldum tekjum félaganna. Að því er framleiðslufélagið varðar er heimilt að kveða svo á, að skattur þessi fari eigi niður úr tilteknu marki fyrir hvert skattár án tillits til tekna. Skattskyldar tekjur félaganna er heimilt að reikna samkvæmt lögum nr. 90/1965, þó þannig, að ákvæði 1. og 2. mgr. 17. gr. laganna gildi eigi við ákvörðun þeirra. Varðandi ákvörðun skattskyldra tekna sölufélagsins má kveða svo á, að eigi verði annar kostnaður talinn til frádráttar en beinn kostnaður þess hér á landi.

Ríkisstjórninni er og heimilt að kveða svo á með samningi við hinn erlenda aðila, sem samvinna yrði höfð við um framleiðslu og sölu kísilgúrsins, að því er varðar þóknun fyrir tækni- og stjórnunaraðstoð, er hann kynni að veita framleiðslufélaginu við rekstur verksmiðjunnar, að hann greiði af slíkri þóknun einn tekjuskatt, er nemi 45% af umræddri þóknun, án þess að nokkur kostnaður komi

henni til frádráttar við álagningu hans. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða á sama hátt, að eigi skuli skattleggja hlutafjáreign hins erlenda aðila í framleiðslufélaginu og sölufélaginu eða arð af henni, höfuðstól og vexti af lánum hins erlenda aðila til framleiðslufélagsins eða sölufélagsins og greiðslur erlenda aðilans inn á viðskiptareikning sölufélagsins. Hið sama á við um hlutafé og arð annarra erlendra hluthafa í félögum þessum, ef einhverjir yrðu.

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á með samningi, að framleiðslufélagi samkv. 1. gr., sölufélagi samkv. 6. gr. og hinum erlenda aðila skuli eigi skylt að greiða hér á landi, umfram tekjuskatt þann, sem að framan greinir, aðra skatta en þá, sem hér segir:

1. Almenn stimpilgjöld, þinglýsingargjöld og önnur skráningargjöld.
2. Ökutækja- og vegaskatta, sem almennt eru á lagðir.
3. Skoðunargjöld og leyfisgjöld, sem almennt eru á lögð.
4. Félagsleg gjöld, sem íslenzkum atvinnurekendum ber almennt að greiða, svo sem lífeyrisiðgjöld til almannatrygginga, slysatryggingagjöld, atvinnuleysistryggingagjöld og launaskatt.
5. Innlendan söluskatt samkvæmt lögum nr. 10/1960 og hliðstæða skatta, sbr. þó 4. mgr. þessarar greinar og 5. tölulið 1. gr.
6. Skatta, sem í eðli sínu eru þóknun fyrir þjónustu við aðilana, þar með talið iðnaðarrannsóknargjald lagt á framleiðslufélagið eins og nú er samkvæmt lögum nr. 64/1965.

Ríkisstjórninni er heimilt að kveða svo á, að innflutningur framleiðslufélagsins á umbúðum eða efni, sem endurútflutt er frá verksmiðjunni, og útflutningur á framleiðslu hennar og þær sölur, sem fram fara af hálfu framleiðslufélagsins og sölufélagsins sem þáttur í þeim útflutningi, skuli eigi háð aðflutnings- eða útflutningstollum, né heldur sköttum samkv. 5. tölulið 3. mgr.

Skattar þeir og gjöld, sem um ræðir í grein þessari, álagning þeirra, greiðsla og innheimta, skulu háð nánari ákvæðum þeirra samninga, sem ríkisstjórnin gerir við hlutaðeigandi aðila.

Þar til gerður hefur verið tvísköttunarsamningur við það eða þau ríki, þar sem viðkomandi starfsmenn eru búsettir, er ríkisstjórninni heimilt að beita ákvæðum tillagna Efnahags- og framfarastofnunarinnar í Paris (OECD) að milliríkjasamþykkt um tvísköttun, að því er varðar skattlagningu á greiðslum, sem inntar yrðu af hendi af aðilum búsettum utan Íslands til starfsmanna, sem hinn erlendi aðili hefur látið sölufélaginu eða framleiðslufélaginu í té við rekstur þeirra hér á landi.

Ríkisstjórninni skal heimilt að veita framleiðslufélagi samkv. 1. gr., sölufélagi samkv. 6. gr. og hinum erlenda aðila þau leyfi, sem nauðsynleg eru til starfsemi þeirra hér á landi varðandi framleiðslu og sölu á kísilgúr. Ríkisstjórninni skal heimilt að gefa út verzlunarleyfi til sölufélagsins, eftir því sem tilgangur þess segir til um, með þeim skilmálum, sem um verður samið við stofnanda þess. Sölufélaginu skal heimilt að hafa reikninga erlendis fyrir gjaldeyristekjur, sem stafa frá sölu þess á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar, og að ráðstafa fé úr slíkum reikningum í þágu rekstrar síns á Íslandi og til greiðslu ágóðahlutar til hluthafa sinna, enda geri það gjaldeyriseftirliti Seðlabanka Íslands grein fyrir slíkum reikningsinnstæðum og ráðstöfunum með samkomulagi við þann aðila.

7. gr.

10. gr. laganna verði 12. gr., en á eftir 8. gr. laganna komi enn ný grein, sem verði 10. gr., og orðist svo:

Framleiðslufélagið skal gera allar þær varúðar- og öryggisráðstafanir, sem við verður komið, til þess að koma í veg fyrir, að dýralíf og gróður við Mývatn bíði tjón af starfsemi kísilgúrverksmiðjunnar. Einnig skal það haga gerð mannvirkja þannig, að þau fari sem bezt í umhverfinu.

8. gr.

Aftan við lögin komi ákvæði til bráðabirgða, svo hljóðandi:

Verði framleiðslufélagið stofnað milli þinga, skulu fulltrúar ríkisins í stjórn þess skipaðir til bráðabirgða af ríkisstjórninni, og skal sú skipun gilda þar til næsta reglulegt Alþingi hefur kosið fulltrúa af sinni hálfu.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 22 21. maí 1964, um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. febrúar 1964 var gert samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og hollenzka fyrirtækisins AIME um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðju við Mývatn, og var samkomulagið með þeim fyrirvara, að nauðsynleg lagaheimild fengist til að framkvæma það. Alþingi veitti slíka heimild með lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn nr. 22 21. maí 1964. Í framhaldi af því var í samræmi við samkomulagið stofnað undirbúningsfélag, Kísiliðjan h.f., sem haft hefur veg og vanda af öllum undirbúningi að byggingu verksmiðjunnar. Hollenzka fyrirtækið tók þátt í stofnun þessa félags og störfum þess. Á hinn bóginn treysti það sér ekki, vegna fjárskorts, til þátttöku í stofnun framleiðslufélags þess, er reisa skyldi og reka verksmiðjuna, þar sem það hafði ráðizt í aðrar fjárfrekar framkvæmdir. Varð af þessu fljótlega ljóst, að ekki var lengur grundvöllur fyrir frekari samvinnu við AIME.

Sala á kísilgúr krefst mjög mikillar skipulagningar, þekkingar á markaðnum og traustra viðskiptasambanda. AIME hefur gott sölukerfi í Evrópu, og var samvinnan tekin upp við það með það fyrir augum, að auðvelda sölu kísilgúrsins og minnka þannig áhættuna, sem felst í sölutregðu kísilgúrsins. Þegar upp úr þessari samvinnu slitnaði, af fyrrgreindum ástæðum, var talið rétt að leita fyrir sér um samvinnu við aðra erlenda aðila, sem gætu greitt fyrir sölu á framleiðslu kísilgúrverksmiðjunnar. Leiddi þetta til þess, að teknar voru upp viðræður við bandaríska fyrirtækið Johns-Manville Corporation, New York. Fyrirtæki þetta er mjög stórt, bæði sem framleiðandi og seljandi kísilgúrs. Það er því í aðstöðu til að tryggja sölu á íslenzkum kísilgúr og veita þá tæknilegu aðstoð við framleiðsluna, sem getur haft úrslitaáhrif á gæði kísilgúrsins.

Hinn 7. apríl 1965 skipaði ríkisstjórnin nefnd til að semja við Johns-Manville um samvinnu í kísilgúrmálinu.

Í nefndinni eiga sæti:

Magnús Jónsson, fjármálaráðherra, formaður,
Dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri,
Karl Kristjánsson, alþingismaður,
Pétur Pétursson, forstjóri.

Ritari nefndarinnar hefur verið Halldór Jónatansson, lögfræðingur.

Viðræður við Johns-Manville hafa frá því fyrsta verið jákvæðar og eru nú komnar á lokastig. Er gert ráð fyrir að stofna tvö hlutafélög, framleiðslufélag og sölufélag. Framleiðslufélagið reisi og reki kísilgúrverksmiðjuna, en sölufélagið annist söluna erlendis. Hlutaféð í framleiðslufélaginu mundi skiptast þannig, að ríkið ætti minnst 51%, Johns-Manville minnst 39%, og sveitarfélög á Norðurlandi allt að 10%. Á hinn bóginn er ráðgert, að Johns-Manville sé eini eigandinn að sölufélaginu, enda þótt ríkisstjórnin skipi fulltrúa í stjórn þess.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að veita þær lagaheimildir, sem hið fyrirhugaða samkomulag við Johns-Manville þarfnast til viðbótar þeim heimildum, sem fyrir hendi eru. Fyrirkomulagið á hinni fyrirhuguðu samvinnu við Johns-Manville verður einkum að því leyti frábrugðið samkomulaginu við hollenzka fyrirtækið, að

í stað þess að staðsetja sölufélagið erlendis, eins og samkomulagið gerði ráð fyrir, yrði það staðsett hér á landi, og hefur þetta í för með sér verulega aukningu á skattatekjum Íslendinga. Jafnframt yrði Johns-Manville eini eigandi sölufélagsins, en eftirlit af hálfu ríkisstjórnarinnar með söluverðinu yrði tryggt með því að hafa fulltrúa í stjórn fyrirtækisins eða sérstakan eftirlitsmann, sem hefði greiðan aðgang að bókum og skjölum þess. Þá er ráðgert að semja um skattgreiðslur á þann veg, að félögin greiði einn skatt, sem samsvari tekjum hins opinbera af beinum sköttum samkvæmt lögum um tekju- og eignarskatt og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

Rannsóknir á hráefni úr Mývatni hafa farið fram undanfarið í Bandaríkjunum á vegum Johns-Manville. Hafa rannsóknirnar m. a. staðfest, að hráefnið verður ekki fyrir neinum skemmdum við dælingu úr botni Mývatns að verksmiðjustæðinu um 3 km leið. Lokateikningar hafa verið gerðar af verksmiðjunni, endanlegt dælukerfi verið sett upp og verksmiðjustæðið jafnað auk þess, sem byggingarframkvæmdir eru þegar hafnar á svæðinu. Bráðabirgðapantanir hafa verið gerðar á vélum og efni í verksmiðjuna, og er fyrirhugað að reisa hana á þessu og næsta ári.

Fái ríkisstjórnin þær lagaheimildir, sem hér er farið fram á, mun að því stefnt að ganga sem fyrst frá samkomulagi við Johns-Manville um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðjunnar við Mývatn.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er ríkisstjórninni heimilað að ábyrgjast lántökur framleiðslufélagsins að upphæð allt að 75 milljónum króna, eða taka lán og endurlána félaginu innan sömu marka. Er hér átt við lántökur til byggingar verksmiðjunnar.

Þá er framleiðslufélaginu heimilað að veita sölufélaginu einkarétt á sölu framleiðslunnar erlendis, innan þeirra marka, sem um kann að semjast milli félaganna.

Um 2. gr.

Hér er lagt til, að ákvæðum 2. gr. laganna verði breytt í það horf, að ríkissjóður geti tekið við skuldarviðurkenningu af framleiðslufélaginu í stað hlutabréfa í því til greiðslu á hlutafjáreign sinni í undirbúningsfélaginu, eftir því sem ástæða þykir til.

Um. 3. gr.

Í greininni er veitt heimild til að fulltrúar erlenda aðilans í stjórn framleiðslufélagsins megi vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, en meiri hluti stjórnenda sé þó ávallt búsettur hér á landi. Stjórnendum er heimilað að fela öðrum að sækja stjórnarfundi með fullu umboði sínu.

Fulltrúar ríkisins skulu kosnir af Alþingi til 4 ára í senn, bæði aðalmenn og varamenn. Sveitarfélögum á Norðurlandi er sem fyrr veittur réttur til að vera meðal hluthafa framleiðslufélagsins, með því að kaupa hluta af þeim bréfum, sem ríkisstjórnin skrifar sig fyrir við stofnun félagsins.

Um 4. gr.

Ráðgert er að stofna sölufélagið hér á landi, en ekki erlendis, eins og samkomulagið við AIME gerði ráð fyrir, og er 6. gr. laganna því breytt í samræmi við það. Er hinum erlenda aðila heimilað að stofna slíkt félag einn í samráði við ríkisstjórnina. Veitt er undanþága frá því ákvæði hlutafélagalaga, að slíta beri hlutafélagi, ef hluthafar verða færri en 5, á sama hátt og um framleiðslufélagið. Hlutabréf skulu skráð á nafn. Um stjórnendur sölufélagins gildir hið sama og um stjórnendur framleiðslufélagsins, að því er snertir ríkisfang og heimilisfang, hlutafjáreign og umboðsgjöf á stjórnarfundum.

Um 5. gr.

Grein þessi felur í sér heimild fyrir því, að ríkisstjórnin geri samning við erlendan aðila um samvinnu varðandi framleiðslu og sölu kísilgúrs og aðilar taki á sig skuldbindingar í slíkum samningi, eftir því, sem samvinnan gefur tilefni til, svo sem um skattlagningu og skattgreiðslur á þann hátt, sem kveðið er á um í 9. gr. laganna.

Um 6. gr.

Grein þessi heimilar, að samið verði til frambúðar með sérstökum hætti um skattgreiðslur af rekstri kísilgúrverksmiðjunnar og þeirri starfsemi, sem henni er tengd. Er að því stefnt, að gera skattfyrirkomulagið einfaldara, án þess að skertar séu þær tekjur, sem fást mundu af venjulegri sköttun þessara hagsmuna samkvæmt gildandi lögum, og jafnframt að leysa þau tvísköttunarvandamál, sem upp koma vegna þátttöku hins erlenda aðila í fyrirtækinu. Er þá jafnframt ætlazt til þess, að gerðar verði sérstakar ráðstafanir um skiptingu skattteknanna milli ríkissjóðs, sveitarfélaga og sérsjóða, þótt eigi sé tímabært að setja nánari ákvæði um það efni að þessu sinni.

Með ákvæði þessu er ríkisstjórninni heimilað að semja svo um, að framleiðslufélagið og sölufélagið greiði hvort um sig einn tekjuskatt af starfsemi sinni í stað annarra skatta hér á landi, og nemi hann 45% af skattskyldum tekjum. Er skatthæðin ákveðin með tilliti til þess, að tekjur hins opinbera af skattinum verði sem næst því, er leiða mundi af beinum sköttum af því tagi, sem nú eru á lagðir samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/1965 og lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 51/1964, sbr. lög nr. 67/1965. Hefur þar verið stuðzt við útreikninga, er ríkisstjórnin hefur látið gera á grundvelli sameiginlegra áætlana aðilanna um rekstur kísilgúrverksmiðjunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir því, að arður hins erlenda aðila af eignarhlut sínum í félögunum verði skattfrjáls, en til greina hefði komið að skattleggja hann með 5% tekjuskatti, svo sem heimilt mundi vera samkvæmt tvísköttunarsamþykktartillögum OECD. Er tillit einnig tekið til þessa við ákvörðun skatthæðarinnar. Hins vegar mun hinn erlendi aðili greiða sams konar skatt og félögin sjálf af þóknun sinni fyrir tækni- og stjórnunaraðstoð, er hann kynni að veita framleiðslufélaginu.

Ráðgert er, að framangreindur tekjuskattur verði lagður á skattskyldar tekjur félaganna samkvæmt lögum nr. 90/1965, þó þannig, að arðgreiðslur til hluthafa og tillög í varasjóð verði eigi dregin frá tekjum, áður en skatturinn hefur verið reiknaður, og að eigi verði annað dregið frá tekjum sölufélagsins en beinn kostnaður þess hér á landi. Að því er framleiðslufélagið varðar er gert ráð fyrir þeim möguleika, að árlegur skattur félagsins verði bundinn við tiltekið lágmark, án tillits til tekna. Um sölufélagið verður slíks ákvæðis eigi þörf, eins og starfsemi þess yrði háttað.

Auk þess, sem fyrr getur um arð hins erlenda aðila, er heimilað, að hlutafjáreign hans í félögunum verði skattfrjáls. Er það í samræmi við tillögur OECD um tvísköttunarsamþykkt. Sams konar heimild er veitt varðandi lán af hálfu hins erlenda aðila, og er hún í samræmi við gildandi lög hér á landi.

Loks er heimilað, að kveðið verði á um greiðslur þeirra skatta annarra, sem til greina koma auk hins sérstaka tekjuskatts, sbr. skattflokka þá, sem taldir eru í 3. mgr. Um söluskatt er þess að gæta, að hann mun ekki lagður á innflutning með venjulegum hætti, að því er varðar byggingu verksmiðjunnar, heldur tekinn til meðferðar með öðrum aðflutningsgjöldum samkvæmt heimildinni í 5. tölulið 1. gr. laganna. Einnig er heimilað að semja svo um, að söluskattur og tollar skuli eigi lagðir á hráefni og umbúðir, sem fara til útflutningsframleiðslu verksmiðjunnar, né heldur á útflutningsafurðir hennar og sölur í því sambandi. Er hér aðeins um að ræða staðfestingu á þeim heimildum og reglum, sem fyrir eru samkvæmt gildandi lögum.

Í fyrirhuguðum samningum ríkisstjórnarinnar verða sett nánari ákvæði um þá skattheimtu, sem greinin heimilar, sbr. 5. mgr.

Með greininni eru loks heimilaðar nauðsynlegar leyfisveitingar vegna hinnar fyrirhuguðu starfsemi.

Til þess að leysa að nokkru tvísköttunarvandamál þeirra starfsmanna framleiðslufélagsins, sem hinn erlendi aðili lætur ef til vill í té og taka laun erlendis frá, er gert ráð fyrir heimild ríkisstjórnarinnar til að beita fyrrgreindum OECD-reglum á meðan tvísköttunarsamningur við hlutaðeigandi land hefur ekki verið gerður. Samkvæmt þessum reglum mundu téðir starfsmenn verða skattfrjálsir, ef þeir dveljast hér skemur en 6 mánuði á skattárinu.

Um 7.—9. gr.

Greinar þessar þarfnast eigi skýringa.

Nd. 544. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Ólafi Baldvinssyni land býlisins Gilsbakka í Arnarneshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Sverrir Júlíusson.
	Björn Pálsson.	

Nd. 545. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Við greinina bætist:

Óheimilt er hreppsnefnd Gerðahrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Sverrir Júlíusson.
	Björn Pálsson.	

Ed. **546. Frumvarp til laga** [196. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af alls konar gosdrykkjum og öli, sem er framleitt hér á landi og afhent er eða selt á flöskum, skal næstu 10 ár greiða gjald, að upphæð 60 aura af hverri flösku, og renna þrír fjórðu hlutar gjalds þessa í Styrktarsjóð vangefinna, er vera skal í vörzlum félagsmálaráðuneytisins, en einn fjórði hluti skal renna til Hjartaverndar, samtaka hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, til rekstrar og endurbóta á hjartarannsóknarstöð samtakanna.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum í Styrktarsjóð vangefinna, skal varið til að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um aðstoð við vangefið fólk og samtök hjarta- og æðaverndarfélaga.

Greinargerð.

Stjórn Styrktarfélags vangefinna hefur farið þess á leit við heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar, að hún hlutist til um breytingu á lögum nr. 43 1958, um aðstoð við vangefið fólk, þannig að gjald það, 30 aurar á hverja öl- og gosdrykkjarflösku, sem nú er greitt í Styrktarsjóð vangefinna, verði hækkað í 50 aura.

Þá hefur Hjartavernd, samtök hjarta- og æðaverndarfélaga á Íslandi, einnig farið þess á leit við nefndina, að lagt verði 15 aura gjald á hverja öl- og gosdrykkjarflösku til rekstrar og endurbóta á hjartarannsóknarstöð samtakanna.

Bæði þessi samtök hafa sýnt fram á brýna þörf fyrir fé það, sem gjald það, sem hér um ræðir, mundi færa þeim. Nefndinni er vel ljóst, að hér er um að ræða mikil nauðsynjamál, og hefur því talið rétt að koma til móts við félögin með því að flytja frumvarp þetta.

Styrktarsjóður vangefinna er í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem úthlutar fé úr sjóðnum til bygginga og endurbóta á hælum fyrir vangefna, að fengnum tillögum Styrktarfélagsins. 1958—1965 hefur verið varið úr sjóðnum ca. 42 millj. króna til slíkra bygginga, og á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir, að framlag sjóðsins verði ca. 10 millj. króna. Talið er, að brýnasta lágmarksþörf til handa vangefnum séu vistir fyrir 400 manns, en vistmenn eru nú aðeins 214, og talið er, að hæfilegt rúm verði fyrir 221 vistmann, þegar lokið er þeim framkvæmdum, sem nú er unnið að. Hér við bætist, að gera má ráð fyrir fjölgun um 7—8 einstaklinga á ári, sem þurfa hælisvistar.

Af þessu má ljóst vera, að því fer fjarri, að enn hafi verið séð fyrir þessum málum nægilega, þótt áfram hafi þokazt.

Hjartavernd, samtök hjarta- og æðaverndarfélaga, var stofnuð af áhugamönnum 1964 og á því ekki langa sögu. Í samtökum þessum er nú 21 félag víðs vegar

um landið með um 3000 félagsmönnum. Tilgangur samtakanna er: fræðslustarfsemi um hjarta- og æðasjúkdóma, hvernig þá skuli varast og hvernig við þeim skuli bregðast, auknar rannsóknir á þeim hérlendis, sérmenntun lækna í þessum efnum, kaup lækningatækja og sérþjálfun starfsliðs, fjárhagsaðstoð til handa sjúklingum af þessu tagi, sem leita þurfa til útlanda til aðgerða og að vinna að því, að reist verði og rekin endurhæfingarstöð fyrir hjartasjúklinga.

Stærsta verkefni Hjartaverndar hingað til hefur verið að koma á fót hjartarannsóknarstöð í Reykjavík. Hafa samtökin keypt húsnæði í þessu skyni að Lágmúla nr. 9 hér í borginni, og er gert ráð fyrir, að húsnæðið verði fullbúið nú í sumar. Hjarta- og æðaverndarfélögin hafa með miklum dugnaði safnað fé til kaupa á húsnæði þessu, en skortir fé til þess, að stöðin geti tekið til starfa, og til þess að standa undir rekstri hennar.

Að svo komnu hefur ekki fundizt önnur leið en sú, sem frv. gerir ráð fyrir, til þess að hlaupa undir bagga með Hjartavernd, en nefndin væntir þess, að ríkisstjórnin láti fara fram rækilega endurskoðun á lagaákvæðum um fjárhagsaðstoð, sem látin er í té ýmsum félögum og stofnunum í svipuðu formi og gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu.

Sþ. 547. Þingsályktun [60. mál]

um lækkun kosningaaldurs.

(Afgreidd frá Sþ. 22. apríl.)

Alþingi ályktar, að gerð skuli athugun á því, hvort ekki sé tímabært og æskilegt að lækka kosningaaldur, og að jafnframt verði endurskoðaðar aðrar aldurstakmarkanir laga á réttindum unga fólksins.

Athugun þessa skal gera sjö manna nefnd, kosin af Alþingi. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin skal skila áliti svo snemma, að unnt verði að leggja niðurstöður hennar fyrir reglulegt Alþingi 1966.

Ed. 548. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til l. um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Fyrir „tekjumissi“ í 1. málsl. komi: tekju- og aðstöðumissi.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ragnar Jónsson, frsm.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.	Karl Kristjánsson.	Ásgeir Bjarnason.

Alfreð Gíslason.

Ed. **549. Frumvarp til laga** [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alpers, Heike Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. maí 1938.
2. Andreasen, Thomas Keisten Kristian, verkamaður í Kópavogi, f. í Færeyjum 8. nóvember 1936.
3. Bartl, Maria Christine, læknir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 12. október 1935.
4. Bieltvedt, Ole Anton, tannlæknir í Kópavogi, f. í Noregi 8. marz 1906.
5. Biskopstö, Petra, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 22. apríl 1935.
6. Boucher, Áslaug Þórarinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 7. ágúst 1917.
7. Brandt, Ingrid Luise, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 5. október 1936.
8. Bretz, Heiko, verkamaður á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 22. ágúst 1941.
9. Frederiksen, Jens Mathias, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 28. október 1938.
10. Gook, Hólmfríður Kristín, húsmóðir á Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1896.
11. Greve, Reinhold Edmund Hans, rennismiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. september 1926.
12. Guðfinna Helga Gunnarsdóttir, ungbarn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. ágúst 1962.
13. Hauk, Anna Johanna, húsmóðir á Siglufirði, f. í Tékkóslóvakíu 18. nóvember 1934.
14. Kratsch, Walter Oswald, pípulagningameistari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. október 1899.
15. Ljubomir, Ajduk, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 11. marz 1934.
16. Lorenzen, Grethe, fóstra í Mosfellssveit, f. í Danmörku, 21. maí 1939.
17. Mygind, Grethe Marie Grönbæk, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 29. desember 1930.
18. Nitz, Arno Erwin Siegfried, málfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7 október 1912.
19. Nowak, Helga Maria, húsmóðir á Laugarvatni, f. í Þýzkalandi 8. september 1935.
20. Peschel, Annaliese, húsmóðir í Kópavogi, f. í Bretlandi 6. janúar 1941.
21. Petersen, Jonna Sonja Elna, húsmóðir í Kvisthaga í Miðdalahreppi, Dalasýslu, f. í Færeyjum 24. júní 1936.
22. Rader, Donald Farr, kennari í Kópavogi, f. á Íslandi 10. febrúar 1945.
23. Rasmussen, Erla Björgheim, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1935.
24. Ritchie, James Valdimar, nemi í Reykjavík, f. í Skotlandi 30. apríl 1942.
25. Ritchie, Norma Elizabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Skotlandi 7. september 1945.
26. Sawamura, Matsoka (Metzelaar, Gustaf), sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. í Japan 12. janúar 1931.
27. Scharein, Brigitte Margarite Ida Susanne, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1940.
28. Schmidt, Frieda Elisabeth Gisela, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 12. júlí 1934.
29. Schmidt, Gerhard Walter, skólastjóri á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 14. september 1929.
30. Stolpmann, Magdalena, hjúkrunarkona í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 12. maí 1928.

31. Szmilek, Irén, verkakona í Keflavík, f. í Ungverjalandi 30. september 1940.
32. Thieme, Anna Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. marz 1928.
33. Tomsen, Tomas, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. maí 1901.
34. Trüning, Annie Elisabeth Gunilla, húsmóðir í Kaupmannahöfn, f. í Svíþjóð 7. marz 1940.
35. Villesen, Ole, garðyrkjumaður í Borgarfirði, f. í Danmörku 20. janúar 1936.
36. Wendler, Dietrich Hans Udo, starfsmaður Flugfélags Íslands, f. í Þýzkalandi 25. júní 1934.
37. Ziebert, Ernst Franz, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. janúar 1933.
38. Öxnevad, Johanne Margrete, húsmóðir á Hamarsheiði í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, fædd í Noregi 22. maí 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 550. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til laga um iðnfræðslu.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Við 12. gr. 2. málsl. 2. mgr. orðist svo:
Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Páll Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.	Jón Þorsteinsson.	Gils Guðmundsson.
	Ragnar Jónsson.	

Ed. 551. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt lagafrumvarpið á fundum sínum. Vitamálastjóri mætti til viðræðna við nefndina og gaf margháttaðar upplýsingar um framkvæmdir við höfnina.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með breytingu, sem lögð er fram á sérstöku þingskjali. Rétt þótti, að hafnarnefnd væri skipuð 7 mönnum í stað 5, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Jón Árnason, form. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Gils Guðmundsson. Ólafur Jóhannesson.
Helgi Bergs.

Ed. 552. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

4. gr. breytist þannig: Í stað „5 menn“ komi: 7 menn.

Ed. 553. Breytingartillaga [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá fjármálaráðherra.

Í stað 1½% í 4. gr. frumvarpsins, staflið b, komi: 2%.

Nd. 554. Frumvarp til laga [119. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Eftir 3. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist:
Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 17. gr. c-lið.

2. gr.

e-liður 15. gr. orðist svo:
Að greiða 0.5% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

3. gr.

17. gr. orðist svo:
Landsútsvör greiða:
a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
b) Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.

c) Síldarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
d) Olíufélög, sem flytja inn olíur, olíuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu þeirra innanlands.

4. gr.

18. gr. orðist svo:
Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:
a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
b) 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án fráviks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
d) 1½% af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. d.

5. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:
Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en ¾ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolli, sem Jöfnunarsjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái hærra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkvæmt þeim.

Ed. 555. Frumvarp til laga [176. mál]

um Atvinnujöfnunarsjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Atvinnujöfnunarsjóður. Hann er í eigu ríkisins, en í umsjá Landsbanka Íslands eftir því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnulífs og skilyrði fyrir hendi til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að einstök byggðalög fari í auðn.

2. gr.

Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs er:
a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkvæmt lögum nr. 40/1962.
b. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 150 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1966.
c. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 55 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árunum 1966—1969.
d. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, samkvæmt 4. gr. laga nr. 17/1953.

3. gr.

Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs eru:

a. Skattgjald álbræðslu við Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á, 9 fyrstu árin, til Hafnarfjarðarkaupstaðar og 4.1%, er rennur til Iðnlánasjóðs. Að 9 árum liðnum skal hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar af skattgreiðslunni lækka í 20%, en hlutur Atvinnujöfnunarsjóðs aukast að sama skapi.
b. Vextir.

4. gr.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skipa sjö menn, er Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 4 ára í senn. Varastjórn skal kosin á sama hátt og til jafnlangs tíma.

Stjórnin velur formann og varaformann úr sínum hópi.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs, og greiðist hún af fé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs tekur ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum. Styrki má eigi veita, nema allir stjórnarmenn séu á einu máli um styrkveitinguna. Samþykki allra stjórnarmanna þarf einnig til eftirgjafar eldri lána eða breytinga á lánsskilmálum.

Stjórnin ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs er heimilt að láta á kostnað sjóðsins gera athuganir á fjárhagslegum og tæknilegum rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, er sækja um lán eða styrki úr sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Skal láta fram fara skipulagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styðja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr. Áætlanir þessar skulu jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðra þá aðila, er sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Forgang skulu hafa lánveitingar til framkvæmda, sem liðir eru í áætlunum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt að styðja, sbr. næstu málsgrein hér á undan.

Stjórn sjóðsins skal, eftir því sem unnt er, hafa samstarf við aðrar fjárfestingalánastofnanir um þær framkvæmdir, sem hún veitir fé til.

Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef eigið fé sjóðsins nægir eigi, til viðbótar lánveitingum annarra stofnsjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana, samkvæmt þessari grein. Er sjóðnum jafnframt í þessu skyni heimilt að taka erlend lán allt að 300 millj. kr., hvort heldur er beint, og er þá heimilt að veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins. Lánsfé má sjóðstjórn eingöngu verja til framkvæmda, er örugglega tryggja endurgreiðslu lánsfjárins, nema um sé að ræða lánsfé með sérstökum kjörum frá Atvinnuleysistryggingasjóði, samkv. heimild í lögum þess sjóðs um lán til Atvinnubótasjóðs vegna lausnar sérstakra atvinnuvandamála. Er Atvinnujöfnunarsjóði heimilt að veita því fé móttöku með þeim kjörum, er um semst við Atvinnuleysistryggingasjóð.

7. gr.

Landsbanki Íslands hefur umsjá með Atvinnujöfnunarsjóði, sér um bókhald hans og daglegan rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn. Lausafé Atvinnujöfnunarsjóðs skal geymt á reikningi í Seðlabankanum.

Atvinnujöfnunarsjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Atvinnujöfnunarsjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Landsbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

8. gr.

Umsóknir um lán eða styrki úr Atvinnujöfnunarsjóði skal senda á sérstökum eyðublöðum, er sjóðstjórn lætur gera. Kveður stjórnin nánar á um það, hver gögn og skilríki skulu fylgja umsókn.

9. gr.

Um endurskoðun og bókhald Atvinnujöfnunarsjóðs fer eftir lögum nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 21. apríl 1962, um Atvinnubótasjóð.

Nd. 556. Frumvarp til laga [176. mál]

um Atvinnujöfnunarsjóð.

(Eftir 3. umr. í Ed., 22. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Atvinnujöfnunarsjóður. Hann er í eigu ríkisins, en í umsjá Landsbanka Íslands eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum.

Hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs er að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttara atvinnu- og athafnalífs og skilyrði eru til arðbærra framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í í veg fyrir, að bjögulegar byggðir eða byggðarhlutar fari í eyði.

2. gr.

Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs er:

a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkvæmt lögum nr. 40/1962.
b. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 150 000 000.00, sem greiðist með jöfnum fjárhæðum á næstu 10 árum, í fyrsta sinn á árinu 1966.
c. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 55 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árunum 1966—1969.
d. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands, samkvæmt 4. gr. laga nr. 17/1953.

3. gr.

Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs eru:

a. Skattgjald álbræðslu við Straumsvík, að frádregnum 25% skattgjaldsins, er renna á, 9 fyrstu árin, til Hafnarfjarðarkaupstaðar og 4.1%, er rennur til Iðnlánasjóðs. Að 9 árum liðnum skal hlutdeild Hafnarfjarðarkaupstaðar af skattgreiðslunni lækka í 20%, en hlutur Atvinnujöfnunarsjóðs aukast að sama skapi.
b. Vextir.

4. gr.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skipa sjö menn, er Alþingi kýs með hlutfallskosningu til 4 ára í senn. Varastjórn skal kosin á sama hátt og til jafnlangs tíma.

Stjórnin velur formann og varaformann úr sínum hópi.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs, og greiðist hún af fé sjóðsins.

5. gr.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs tekur ákvarðanir um lán og styrki úr sjóðnum. Styrki má eigi veita, nema allir stjórnarmenn séu á einu máli um styrkveitinguna. Samþykki allra stjórnarmanna þarf einnig til eftirgjafar eldri lána eða breytinga á lánsskilmálum.

Stjórnin ákveður vexti af lánum og önnur lánskjör, að höfðu samráði við Seðlabanka Íslands.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs er heimilt að láta á kostnað sjóðsins gera athuganir á fjárhagslegum og tæknilegum rekstrargrundvelli atvinnufyrirtækja, er sækja um lán eða styrki úr sjóðnum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Skal láta fram fara skipulagðar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta. Á þessum rannsóknum skal reisa áætlanir um framkvæmdir, er að dómi sjóðsstjórnar beri helzt að styðja með lánveitingum eða styrkjum í samræmi við ákvæði 1. gr. Áætlanir þessar skulu jafnan gerðar í samráði við hlutaðeigandi sýslunefndir, bæjarstjórnir og hreppsnefndir og aðra þá aðila, er sérstakra hagsmuna hafa að gæta í þessu efni.

Forgang skulu hafa lánveitingar til framkvæmda, sem liðir eru í áætlunum, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt að styðja, sbr. næstu málsgrein hér á undan.

Stjórn sjóðsins skal, eftir því sem unnt er, hafa samstarf við aðrar fjárfestingalánastofnanir um þær framkvæmdir, sem hún veitir fé til.

Atvinnujöfnunarsjóði er heimilt að taka lán hjá Framkvæmdasjóði ríkisins, ef hann skortir eigið fé, sem nauðsyn krefur til viðbótar lánveitingum annarra stofnlánasjóða, til þess að stuðla að framgangi framkvæmdaáætlana samkv. þessari grein. Er sjóðnum jafnframt í þessu skyni heimilt að taka erlend lán allt að 300 millj. króna, hvort heldur er beint, — og er þá heimilt að veita sérstaka ríkisábyrgð fyrir þeim lánum, — eða fyrir milligöngu Framkvæmdasjóðs ríkisins. Lánsfé má sjóðurinn eingöngu verja til framkvæmda, sem að mati stjórnar hans tryggja vel endurgreiðslu lánsfjárins, nema um sé að ræða lánsfé með sérstökum kjörum frá Atvinnuleysistryggingasjóði, samkv. heimild í lögum þess sjóðs um lán til Atvinnubótasjóðs vegna lausnar sérstakra atvinnuvandamála. Er Atvinnujöfnunarsjóði heimilt að veita því fé móttöku með þeim kjörum, er um semst við Atvinnuleysistryggingasjóð.

7. gr.

Landsbanki Íslands hefur umsjá með Atvinnujöfnunarsjóði, sér um bókhald hans og daglegan rekstur, eftir nánara samkomulagi við sjóðstjórn. Lausafé Atvinnujöfnunarsjóðs skal geymt á reikningi í Seðlabankanum.

Atvinnujöfnunarsjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Allar skuldbindingar, sem gefnar eru út af sjóðnum og í nafni hans, skulu undanþegnar stimpilgjaldi og þinglýsingargjöldum.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin sé veðsett Atvinnujöfnunarsjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal sjóðnum gert viðvart svo tímanlega, að hægt sé að mæta eða láta mæta við uppboðið.

Stjórn sjóðsins semur um þóknun til Landsbankans fyrir störf hans í þágu sjóðsins.

8. gr.

Umsóknir um lán eða styrki úr Atvinnujöfnunarsjóði skal senda á sérstökum eyðublöðum, er sjóðstjórn lætur gera. Kveður stjórnin nánar á um það, hver gögn og skilríki skulu fylgja umsókn.

9. gr.

Um endurskoðun og bókhald Atvinnujöfnunarsjóðs fer eftir lögum nr. 11/1961, um Landsbanka Íslands, og reglugerð hans.

Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir stjórn hans til staðfestingar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 40 21. apríl 1962, um Atvinnubótasjóð.

Nd. 557. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá Matthíasi Á. Mathiesen.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

50. gr. laganna orðist svo:

Í þéttbýli má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Utan þéttbýlis má eigi aka hraðar en 70 km á klukkustund. Dómsmálaráðherra getur þó heimilað ökuhraða allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum) og bundið þá heimild við ákveðna árstíma.

Almenningsvögnum, sem flytja mega 10 farþega eða fleiri, og vörubifreiðum, sem eru 3.5 smálestir eða meira að heildarþyngd, má þó eigi aka hraðar en 60 km á klukkustund. Bifreiðum, sem draga tengi- og festivagna, má eigi aka hraðar en 45 km á klukkustund.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Ed. 558. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. BJ mun skila séráliti, en PÞ og ÁB áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., er fram kunna að koma. JÁ var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Niður falli „og b“ í b-lið og síðustu málsgrein.
2. Við 16. gr. Í stað „2. gr. laga nr. 5 22. febrúar 1949, um kjötmat o. fl.“ komi: nýafgreiddra laga frá Alþingi um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Ragnar Jónsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason. Páll Þorsteinsson.

Nd. 559. Frumvarp til laga [184. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Eftir 2. umr. í Nd., 22. apríl.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1966—67, að báðum árum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda til húsbyggingar félaganna við Hagatorg í Reykjavík.

Framlaginu skal skipt í réttu hlutfalli við eignarhluta hvors félags í byggingunni. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 560. Breytingartillögur [152. mál]

við brtt. á þskj. 539 [Fiskveiðasjóður].

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. till. Meginmál tillögunnar orðist svo:
   Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Stjórn hans skal vera í höndum 7 manna, og kýs Alþingi 5 þeirra til 4 ára, en 2 skulu tilnefndir, annar af Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, en hinn af Alþýðusambandi Íslands, til sama tíma. Jafnmargir varamenn skulu kosnir og tilnefndir af sömu aðilum til sama tíma. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.
2. Við 4. till. Meginmál tillögunnar orðist svo:
   Hámarkslánstími má vera sem hér segir: Lán út á fasteignir 20 ár og lán út á skip 20 ár.
   Lánstíma annarra lána ákveður stjórn sjóðsins.

3. Við 5. till. Tillagan orðist svo:
15. gr. frv. orðist svo:
Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs út á skip skulu vera 4%, en af lánum út á fasteignir 5½%. Vexti af öðrum lánum ákveður stjórn sjóðsins. Hún ákveður og gjalddaga lána og önnur lánsskilyrði.
Dráttarvextir skulu vera ½% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

Ed. 561. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki náð samstöðu um afstöðu til þess. Undirritaðir nm. mæla með því, að það verði samþ. óbreytt, en aðrir nm. telja málið ekki nægilega undirbúið og munu skila séráliti.

Vandamál verðbólgunnar er að okkar áliti ekki sízt fólgið í því, að vantrú á gildi peninganna dregur úr sparifjármyndun, þannig að framboð lánsfjár til nytsamlegrar fjárfestingar verður ónóg og möguleikar á slíkri fjárfestingu þá minni en ella. Víðtæk verðtrygging fjárskuldbindinga mundi því að okkar áliti örva sparifjármyndun og framboð lánsfjár og þannig ráða nokkra bót á því, að nytsamar framkvæmdir stöðvist ekki sakir lánsfjárskorts. Með tilliti til þeirra örðugleika, sem hér á landi hafa á því reynzt að ráða niðurlögum verðbólgunnar, teljum við frv. þetta því spor í rétta átt og fyllilega tímabært að veita þá heimild, sem hér er farið fram á.

Alþingi, 22. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Nd. 562. Breytingartillögur [160. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá Einari Ágústssyni og Jóni Kjartanssyni.

Við 1. gr.

1. Á eftir 9. tölulið komi sex nýir liðir, er orðist svo:
   a. 44.03 Undirliður breytist.
      20 Í stað „35%“ komi: 20%.
   b. 44.04 Undirliður breytist.
      10 Í stað „35%“ komi: 20%.
   c. 44.05 Undirliður breytist.
      19 Í stað „35%“ komi: 20%.
   d. 44.13 Undirliður breytist.
      19 Í stað „35%“ komi: 20%.
   e. 44.14.00 Í stað „35%“ komi: 20%.
   f. 44.15.00 Í stað „35%“ komi: 20%.
2. Við 22. tölulið.
   73.10.21 Í stað „35%“ komi: 20%.

Nd. 563. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. Fékk nefndin á sinn fund Guðlaug Þorvaldsson deildarstjóra á Hagstofunni, sem mest hefur unnið að undirbúningi og samningu frv., og gaf hann n. margvíslegar upplýsingar og skýringar.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt, en flytur á sérstöku þskj. tvær breytingartill., sem báðar eru þess eðlis, að þær teljast ekki efnisbreytingar, heldur til að gera ákvæði frv. skýrari.

Alþingi, 23. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen, frsm.
Jón Kjartansson.	Lúðvík Jósefsson.	Einar Ágústsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Nd. 564. Breytingartillögur [99. mál]

við frv. til l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 6. gr. bætist: skv. nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.
2. Í niðurlagi 73. gr. komi í stað „fjárlaga“ orðið: fjárlagafrumvarps.

Nd. 565. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um smíði síldarleitarskips og um síldargjald.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 23. apríl 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Sverrir Júlíusson.
Lúðvík Jósefsson.	Sigfús J. Johnsen.	Jón Skaftason.
	H. E. Þórarinsson.	

Nd. 566. Nefndarálit [160. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 23. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.
Sigurður Ingimundarson, fundaskr.
Matthías Á. Mathiesen.
Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Jón Kjartansson, með fyrirvara.
Einar Ágústsson, með fyrirvara.
Jónas G. Rafnar.

Nd. 567. Frumvarp til laga [63. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Eftir 2. umr. í Nd., 23. apríl.)

1. gr.

Aftan við 1. gr. laganna komi:

Súðbyrt skip er eigi skylt að vátryggja gegn bráðafúa.

Eigi er skylt að vátryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskírteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir, að gert verði við skipið, eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

2. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist: samþykktum af sjávarútvegsmálaráðuneytinu.

3. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöldin í samráði við Samábyrgðina.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 1966.

Sþ. 568. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

Flm.: Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason, Björn Fr. Björnsson, Ragnar Arnalds.

Alþingi ályktar, að 7 manna milliþinganefnd, kosin af sameinuðu Alþingi, skuli falin endurskoðun gildandi laga um þingsköp Alþingis.

Greinargerð.

Allshn. Nd. hefur haft til athugunar frv., flutt af 5. þm. Vesturlandskjördæmis, Benedikt Gröndal, um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis. Að efni til fjallar frumvarpið um útvarp og sjónvarp frá Alþingi, og hefur komið fram, bæði innan nefndarinnar og við 1. umr. um málið í Nd., að fulltrúar allra flokka eru sammála um nauðsyn þess að gera þessu efni fyllri skil en nú er að finna í lögum um þingsköp Alþingis.

Einnig er talið, að þörf sé víðtækari endurskoðunar á umræddum lögum, að því er tekur til annarra atriða, og hefur það orðið að samkomulagi milli þingflokkanna að fela 7 manna milliþinganefnd endurskoðun laga um þingsköp Alþingis, eins og hér er lagt til, og er tillaga þessi flutt af fulltrúum allra flokka í allshn. Nd.

Ed. 569. Nefndarálit [20. mál]

um frv. til l. um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað þetta frv., en ekki orðið sammála. Meiri hlutinn vill samþykkja frv. óbreytt, en við viljum vísa því frá til rækilegri athugunar.

Við vísum til ýtarlegs rökstuðnings í áliti minni hluta fjárhagsnefndar Nd. á þskj. 355 og leggjum til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem deildin telur nauðsynlegt, að þetta mikilsverða mál fái rækilegri athugun en þegar hefur farið fram og að löggjöf um verðtryggingu, ef sett verður, feli í sér skýrari ákvæði um reglur þær, sem farið skuli eftir við framkvæmd laganna, og í trausti þess, að ríkisstjórnin skipi fimm manna nefnd, fjóra eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar, til að athuga málið og gera tillögur um það fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 23. apríl 1966.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Ed. 570. Lög [142. mál]

um breyting á lögum um ferðamál, nr. 29 30. apríl 1964.

(Afgreidd frá Ed. 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 298.

Ed. 571. Frumvarp til laga [186. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 482 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Á eftir 5. tölulið 2. gr. komi:
Í því skyni heimilast framleiðsluráði landbúnaðarins:

a. Að ákveða mismunandi hátt útborgunarverð til framleiðenda eftir árstímum og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.
b. Að ráðstafa því fé, sem fást kann í verðmiðlunarsjóð, samkv. a-lið, til verðuppbóta á þær vörur, sem framleiðsluráð telur þörf á, svo sem til útflutningsuppbóta til viðbótar því fé, sem greitt er úr ríkissjóði samkv. 12. gr.

Gjöld þau, sem um ræðir samkv. a-lið, hafa ekki áhrif á útsöluverð landbúnaðarvara til neytenda.

16. gr. hljóðar svo:
14. gr. laganna orðist svo:
Framleiðsluráð úthlutar sláturleyfum, og má enginn slátra sauðfé til sölu né kaupa fé til slátrunar eða verzla með kjöt af því í heildsölu án leyfis framleiðsluráðs.

Leyfi til slátrunar skal veita öllum félögum og einstaklingum, sem slátrunarleyfi höfðu haustið 1965, svo og þeim, sem eignazt hafa sláturhús þessara aðila og tekið við rekstri þeirra.

Framleiðsluráð getur enn fremur veitt öðrum aðilum sláturleyfi, eftir því sem það telur ástæðu til. Leyfi samkvæmt þessari málsgrein skulu því aðeins veitt, að aðilar fullnægi skilyrðum nýafgreiddra laga frá Alþingi um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

Framleiðsluráð getur ákveðið fjártölu þá að hámarki, sem leyfishafi má slátra til sölu innanlands, svo og hvernig kjötið af því fé skuli verkað.

Framleiðsluráð getur svipt leyfishafa slátrunarleyfi, hafi hann ekki greitt hið ákveðna verðjöfnunargjald, eftir að tiltekinn greiðslufrestur hefur verið veittur, eða hafi hann brotið önnur ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett eru samkvæmt þeim.

Sþ. 572. Tillaga til þingsályktunar [198. mál]

um rannsóknir og tilraunir vegna þungaflutninga í snjó.

Flm.: Hjörtur E. Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Vegagerð ríkisins að láta, svo fljótt sem unnt er, fara fram ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að leiða í ljós, hvers konar tæki og tækni henta bezt til þungaflutninga hér á landi, þegar fannalög og óstöðug vetrartíð gera venjuleg samgöngutæki óvirk.

Greinargerð.

Eitt af einkennum nútíma þjóðfélags er vaxandi þörf á greiðum og öruggum samgöngum. Þess vegna er uppbygging og viðhald samgöngukerfis eitt af meginviðfangsefnum allra þjóða, sem eru á framfarabraut.

Verkefni þetta er ákaflega miserfitt, ekki sízt uppbygging landvegakerfis, og fer það einkum eftir náttúrufari og þéttbýli hinna ýmsu landa.

Hér á landi er það fremur síðara atriðið, strjálbýlið, sem því veldur, að landsamgöngukerfið er þjóðinni dýrt. Þó er nú svo komið, að þjóðvegakerfið tengir saman að heita má allar byggðir landsins. Að vísu er það víðast af vanefnum gert og stendur til bóta. Vandræðalaust má það þó kallast undir öllum venjulegum kringumstæðum.

En út af því bregður þó, þegar snjó kingir niður í vetrarhríðum. Þá getur svo farið og ber raunar við nálega á hverjum vetri, að heil héruð og landshlutar missa að einhverju eða öllu leyti not af vegakerfi sínu um lengri eða skemmri tíma, jafnvel mánuðum saman. Þá stöðvast öll samgöngutæki, sem á hjólum ganga, en þau, sem ganga á beltum, eru ýmist svo veigalítil, að þau ráða engan veginn við þungaflutninga, eða þau eru svo hæggeng, að ógerlegt er að notast við þau á lengri leiðum.

Stórvirk tæki til að ryðja snjó af vegum eru til og víðast fyrir hendi, en þau stoða lítið í óstöðugri veðráttu, þegar jafnvel lítils háttar stormur getur á nokkrum klukkustundum gert að engu margra daga verk öflugustu vinnuvéla.

Af þessum sökum skapast oft þvílíkt öngþveiti í samgöngumálum heilla landshluta, að neyðarástand má kalla, sem veldur einstaklingum lítt yfirstíganlegum erfiðleikum og sveitarfélögum og ríki feikilegum útgjöldum. Það er því að vonum, að menn velti þessu vandamáli fyrir sér og leiti svars við spurningum svo sem þessum: Hvaða tæki koma helzt til greina, sem komizt geta leiðar sinnar með viðunandi burðar- eða dráttargetu og viðunandi hraða þrátt fyrir fannfergi og erfitt tíðarfar? Hvernig ber helzt að beita þeim tækjum, gamalkunnum eða nýjum, sem við kunnum að hafa yfir að ráða, í viðureigninni við snjó og storm, þannig, að árangurinn verði beztur? Ýmislegt hefur verið reynt í þessu sambandi af einstökum mönnum víða á landinu og sitt hvað athyglisvert komið í ljós. En öll slík „tilraunastarfsemi“ hefur verið óskipulögð og af vanefnum gerð, og víst er það, að meginvandamálið er enn óleyst, þ. e. hvernig unnt er að flytja þungavöru um kaffennta vegi með þolanlegum hraða og með hóflegum kostnaði.

Í öllum löndum kringum Norður-Íshafið er glímt við þetta sama vandamál og varið til miklu fé. Einkum mun það þó gert á vegum þeirra stofnana, sem vinna að varnarmálum þessara landa, fyrst og fremst á vegum landhersins.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar þingsályktunartillögu, að nauðsynlegt sé og aðkallandi, að íslenzka ríkið beiti sér einnig fyrir leit að lausn þessa vandamáls.

Eðlilegt virðist, að Vegagerð ríkisins verði falið þetta verkefni hér. Gera má ráð fyrir, að nokkru fé þurfi að eyða í þessu skyni. Í það má þó ekki horfa, þar sem hér er um meiri háttar vandamál að ræða, sem árlega gleypir gífurlegar fjárhæðir einstaklinga og opinberra aðila.

Má telja mjög líklegt, að skipulagðar rannsóknir og tilraunir í þessu efni geti fljótlega gefið niðurstöður, sem komið geti í veg fyrir margs konar mistök, misbeitingu tækja og ótímabæran snjómokstur á vegum og sparað með því þjóðinni stórfé.

Nd. 573. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem gerðar voru á því í hv. Ed. og fram koma á þskj. 554.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Sigfús J. Johnsen, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Axel Jónsson, frsm.
Hannibal Valdimarsson.	Jón Skaftason.	Matthías Bjarnason.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Nd. 574. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið þetta frumvarp, sem komið er óbreytt frá Ed.

Nefndarmenn eru sammála um, að rétt sé, með tilliti til hinnar brýnu þarfar á auknu hráefni til fiskvinnslu, sem fyrir hendi er í ýmsum sjávarplássum, einkum norðanlands, að veita takmarkaða og tímabundna heimild þess efnis, sem um getur í frumvarpinu.

Þó telur nefndin, að varhugavert sé að veita mjög rúma heimild í þessu efni og sérstaklega beri að varast allt það, sem geti gert erlendum togveiðiskipum auðveldara að sækja á íslenzk fiskimið heldur en nú er.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Á eftir „veiðiskipum“ komi: þó ekki afla botnvörpuskipa.
2. Í stað orðanna „eftir því sem hagkvæmt þykir“ komi: þar sem brýn þörf er á atvinnuaukningu.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Birgir Finnsson, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Hjörtur E. Þórarinsson, frsm.
Jón Skaftason.	Sigfús J. Johnsen.	Sverrir Júlíusson.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 575. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um almennan frídag 1. maí.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir einróma með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Sigfús J. Johnsen, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Axel Jónsson.
Hannibal Valdimarsson.	Jón Skaftason.	Matthías Bjarnason.
	Ágúst Þorvaldsson.	

Ed. 576. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna, Ól. Björnsson, var ekki viðstaddur.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson.	Ólafur Jóhannesson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Sveinn Guðmundsson.	Alfreð Gíslason.

Ed. 577. Nefndarálit [161. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd hefur athugað frumvarp þetta og aflað sér umsagnar vegamálastjóra um málið. Varð nefndin eigi sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar er sammála flutningsmönnum frumvarpsins um það efni, að nauðsynlegt sé að auka tekjur vegasjóðs. Hins vegar teljum við ekki tímabært nú, áður en endurskoðun vegáætlunarinnar er hafin, að kveða á um fjárhæðir í þessu efni. Í frumvarpi þessu er tekjuöflunarvandamálið leyst með því að skerða tekjur ríkissjóðs að sama skapi. Tekjuöflunarvandinn er því aðeins fluttur til milli sjóða. Á slíka lausn getum við ekki fallizt. Enn fremur er á það að líta, að hinn 31. jan. s. l. skipaði hæstvirtur samgöngumálaráðherra þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um fjáröflun til vegamála, en í skipunarbréfi nefndarinnar segir m. a. svo:

„Í tilefni af því, að ákveðið er að endurskoða gildandi vegáætlun á n. k. hausti og nauðsynlegt er að auka verulega tekjur vegasjóðs, hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur um, með hverjum hætti heppi-

legast er að afla aukins fjár til vegamála, svo unnt verði að hraða nauðsynlegustu vegaframkvæmdum og bæta viðhald veganna.“

Nefndin skal ljúka störfum og skila áliti til ráðuneytisins fyrir lok ágústmánaðar n. k. Verður að telja eðlilegt að bíða með ákvarðanir í þessum málum, unz séð verður, hvað þessi þriggja manna nefnd hefur til málanna að leggja.

Með framangreindar forsendur í huga leggur undirritaður meiri hluti samgöngumálanefndar til, að frumvarpi þessu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 23. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. | Jón Árnason, fundaskr. | Sigurður Ó. Ólafsson.

Ragnar Jónsson.

Nd. 578. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er komið frá Ed. Nefndin hefur athugað frv., og lýstu allir nefndarmenn yfir stuðningi sínum við meginefni frv., en LJós, EÁ og JK munu þó skila sérálitum og flytja brtt. við frv.

Meiri hl. nefndarinnar mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form. | Unnar Stefánsson, fundaskr. | Jónas G. Rafnar, frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 579. Breytingartillögur [119. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá Ragnari Arnalds og Jóni Kjartanssyni.

1. Við 1. gr. bætist:
   Gjaldið skal lagt á í einu lagi, og annast skattstjórinn í Reykjavík álagninguna eins og álagningu landsútsvars. Við skiptingu aðstöðugjaldsins milli þeirra staða, sem síldarverksmiðjur ríkisins eru staðsettar á, skal miða skiptinguna jöfnum höndum við afkastagetu verksmiðjanna á hverjum stað árið fyrir álagninguna og við meðaltal hundraðshluta af unninni bræðslusíld á hverjum stað næstu þrjú árin á undan álagningu.
2. Við 5. gr. Í stað orðanna „fjórðungur landsútsvara“ og „¾ hlutum“ komi: helmingur landsútsvara — og: helmingi.

Nd. 580. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega og flugvallargerða.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er til staðfestingar á bráðabirgðalögum, er út voru gefin 8. júlí 1965.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og fengið upplýst, að af heimildarupphæð frv. hafi verið notaður nokkur hluti, og hefur því fé verið varið til vegagerða á Vestfjörðum 7.2 millj. kr. og til flugvallargerðar við Patreksfjörð 5793 þús. kr., eða alls 12 993 þús. kr. Ætlunin mun þó að nota heimild þessa til fulls.

Nefndin mælir með samþykkt frv., en þrír nefndarmanna, EÁ, JK og LJós, skrifa þó undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Einar Ágústsson, með fyrirvara.
Matthías Á. Mathiesen.	Jónas G. Rafnar.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.
	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.	

Nd. 581. Frumvarp til laga [179. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gerðahreppi, Gullbringusýslu, jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi fyrir það verð, sem um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

Óheimilt er hreppsnefnd Gerðahrepps að selja öðrum land eða lóðir úr umræddu landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 582. Tillaga til þingsályktunar [199. mál]

um endurskoðun laga um jarðakaup ríkisins o. fl.

Flm.: Helgi Bergs, Ólafur Jóhannesson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að kjósa hlutfallskosningu sjö manna nefnd til að endurskoða lög nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, og önnur gildandi lagaákvæði, sem varða kaup, meðferð og sölu ríkisjarða, og gera svo fljótt sem verða má tillögur um lagabreytingar og ný lagaákvæði, sem miða að því:

1) að auðvelda þeim, sem hætta verða búskap vegna aldurs eða annarra orsaka, að koma eignum sínum í verð, og skapa jafnframt skilyrði fyrir betri skipu-

lagningu með því, að ríkið kaupi eyðijarðir eða jarðir, sem ella færu í eyði, svo og aðrar jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti;
2) að efla þá starfsemi Landnáms ríkisins, sem lýtur að því að gera heildarskipulag fyrir landbúnaðarbyggðirnar, sbr. 28. gr. laga nr. 75 27. apríl 1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum;
3) að tryggja sem bezt umráða- og eignarrétt bænda á jörðum og opinbera aðstoð við eigendaskipti, m. a. með stórauknu lánsfé til jarðakaupa, svo að þeim, sem leggja vilja stund á búskap, sé gert sem auðveldast að eignast jörð eða fá hana til erfðaábúðar. Jafnframt séu möguleikar athugaðir á því, að ríkisjarðir, sem felldar hafa verið inn í heildarskipulag byggðarinnar, séu seldar með hagkvæmum kjörum þeim, sem vilja nytja þær til ábúðar í samræmi við staðfest skipulag;
4) að tryggja sjálfseignarbændum eðlilegt öryggi um verðgildi eigna sinna og jafna aðstöðu þeirra og leiguliða um þau efni;
5) að settar verði reglur um mat á jarðeignum til kaups og sölu í því skyni að skapa meiri festu í verðlagningu slíkra verðmæta.

Nefndin skal leita aðstoðar þeirra embættismanna og sérfræðinga, sem um þessi mál fjalla, svo og Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.
Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sjálfsagt eru flestir sammála um það, að æskilegt sé, að bændur eigi sjálfir það land, sem þeir nytja. Á það jafnt við, hvort sem einn bóndi nytjar landið eða fleiri í félagsbúi.

Öðru máli gegnir um það land, sem ekki er nytjað. Eðlilegt er, að slíkt land sé í opinberri eign. Það er sameiginlegt mál allrar þjóðarinnar að tryggja það, að land okkar og möguleikar þess til verðmætasköpunar séu nýttir á sem beztan hátt. Land, sem er í eyði eða órækt, er því eðlilegt að þjóðfélagsheildin eignist í því skyni að ráðstafa því á nýjan leik til þeirra nota, sem hagkvæmust sýnast og í samræmi við þjóðarhagsmuni.

Í lögum nr. 92 23. júní 1936, um jarðakaup ríkisins, er byggt á öðrum sjónarmiðum. Þar er ríkinu aðeins heimilað að kaupa jarðir, og það er þar eitt meginskilyrði fyrir því, að ríkið geti keypt jörð, að tryggt sé, að hún byggist til erfðaábúðar (sbr. lög nr. 102 21. des. 1962). Flutningsmenn telja það ekki keppikefli í sjálfu sér, að ríkið eigi jarðir. Þvert á móti teljum við það æskilegt, að þeir, sem vilja nytja jarðirnar, geti eignazt þær með sem auðveldustum hætti.

Vissulega er æskilegt og að því ber að stuðla, að sem flestar góðar bújarðir haldist í byggð og séu nytjaðar, en þá, sem landbúnað stunda, skiptir það mestu máli:
1) að þeir, sem vilja hefja búskap, geti fengið jarðnæði og aðstöðu með sem hagkvæmustum hætti;
2) að þeir, sem stunda búskap, búi við góða afkomu og sem mest öryggi um framtíð sína;
3) að þeir geti komið eignum sínum í eðlilegt verð, þegar þeir vilja hætta búskap vegna aldurs eða annarra orsaka.

Þessi þáltill. gerir ráð fyrir, að gildandi löggjöf verði endurskoðuð með hliðsjón af því, sem segir í 1. og 3. tölul., og jafnframt með það í huga, að þjóðinni allri er það mikilsvert, að skipulag landbúnaðarins og byggðarinnar í sveitum þróist með eðlilegum hætti í samræmi við kröfur samtímans.

Það eru vaxandi brögð að því, að jarðir fari í eyði og að fullorðnir bændur verði að ganga frá aleigu sinni án þess að koma henni í verð. Samkvæmt skýrslu Landnáms ríkisins, sem prentuð er sem fylgiskjal með frv. þessu, er nú réttur fjórðungur lögbýlisjarða í eyði og verulegur hluti þeirra ekki talinn endurbyggi-

legur. Öðrum þræði á þessi þróun rót sína að rekja til þeirrar atvinnubyltingar, sem á sér stað hér eins og annars staðar og er afleiðing aukinnar tækni og forsenda vaxandi velmegunar. En það eru ekki bara kotjarðirnar, sem þannig fara, heldur eru þess einnig dæmi um kostajarðir í búsældarsveitum. Tilviljunin ein má ekki ráða þessari þróun. Við verðum að stýra henni og draga úr þeim þjóðfélagslegu og persónulegu harmsögum, sem hún hefur í för með sér. Það er ekki sæmilegt fyrir okkur, sem höfum nú úr meiru að spila en nokkru sinni, að láta það ástand skapast, að fullorðnir bændur, sem erjað hafa jörðina af elju og trúmennsku langa ævi, sjái að lokum þann kost einan að ganga slyppir og snauðir frá öllu saman og skilja eignir sínar og ævistarf eftir til að fara í órækt og niðurníðslu.

Þess vegna er gert ráð fyrir því í 1. tölul. tillögunnar, að ríkið kaupi eyðijarðir. Jafnframt ætti þó að athuga, hvort til greina kæmi að styrkja sveitarfélögin til að neyta þess réttar, sem þau eiga í þessu efni samkvæmt ábúðarlögunum.

En það er líka æskilegt fyrir ríkið að ná fullum umráðarétti yfir ónotuðu landi til þess að geta tryggt hagkvæmt skipulag landsins og sem bezta nýtingu þess í framtíðinni. Þess vegna er í 2. tölul. tillögunnar gert ráð fyrir að efla skipulagsstarf landnámsins. Þar er fyrir hendi mikið verk og vandasamt. Þó að hagkvæm nýting landsins til landbúnaðar sé í þessu sambandi aðalatriðið, er fjölmargt fleira, sem hafa verður í huga. Sífellt þarf meira land til ýmissa annarra þarfa þjóðfélagsins, ekki aðeins fyrir iðnað og þéttbýlismyndun, heldur þarf einnig sívaxandi fjöldi bæjarfólks að hafa skilyrði til heilbrigðrar útivistar og samskipta við náttúru landsins. Það má ekki verða tilviljunum undirorpið. T. d. mega hlunnindi jarða ekki verða til þess að leggja þær beinlínis í eyði, eins og dæmi eru um.

Nú er það ekki keppikefli í sjálfu sér, að ríkið eigi jarðir, en þegar kemur að því að ráðstafa jörðum, sem ríkið hefur átt, er mikill vandi á höndum. Margir óttast þá hættu, sem fólgin er í því, að kaupandi, ef hún yrði seld, mundi ekki nýta hana með eðlilegum hætti, heldur færi hún að ganga kaupum og sölum í gróðaskyni. Gildandi löggjöf hefur mjög mótazt af þessum ótta, sem á fyllilega rétt á sér, sérstaklega meðan sveitabyggðirnar eru skipulagslausar. En með skipulagningu byggðanna mundi draga úr þessari hættu. Jarðir, sem seldar yrðu, mundu vera með kvöð um þá nýtingu, sem skipulag gerði ráð fyrir, og undan sölu yrðu skilin þau hlunnindi, sem líkleg gætu orðið til að valda misnotkun jarðarinnar með sýndarbúskap. Ef jafnframt er gert ráð fyrir lagaákvæðum um, að ríkið kaupi þær jarðir, sem ekki eru nytjaðar með eðlilegum hætti, virðist sem mjög megi draga úr þeirri hættu, sem hér er á ferðum.

Í ýmsum tilvikum mundi skipulagið ekki gera ráð fyrir, að jörð yrði byggð að nýju í fyrirsjáanlegri framtíð. Yrði þá jörðinni ráðstafað á annan hátt í samræmi við skipulagið, lögð við nágrannajörð, undir þéttbýli, til afréttar o. s. frv., eftir því sem við á. Í slíkum tilvikum yrði jörð eða jarðarhluti aðeins seld nágrannabónda eða sveitarfélagi.

Að sjálfsögðu er ekki verið að gera því skóna, að ríkið hætti að láta ríkisjarðir í erfðaábúð, þó að aðrir möguleikar kynnu að verða opnaðir.

Í þessu sambandi kemur einnig til athugunar staða ríkisins sem landsdrottins.

Loks gerir tillagan einnig ráð fyrir, að settar yrðu reglur um, hvernig jarðir skuli metnar, en á því er mikil nauðsyn að skapa um það meiri festu.

Fylgiskjal.

ÚTDRÁTTUR

úr skýrslu Landnáms ríkisins um lögbýlisjarðir í landinu, ábúð þeirra og eyðijarðir í fardögum 1964.

Jarðatalan í hreppum og sýslum er byggð á fasteignamati frá 1957 að viðbættum þeim lögbýlum, sem búseta er komin á frá þeim tíma og samþykkt hafa verið sem lögbýli af nýbýlastjórn ríkisins og fengið lögfestingu menntamálaráðuneytis-

ins á nafnfesti og hafa verið metin millimati til sérstaks fasteignamats. Heimildargögn fyrir aukningu jarðatölunnar er jarðaskrá landnámsins og spjaldskrá þess um nýbýli. Þau nýbýli, sem ekki eru komnar byggingar og búseta á, eru ekki tekin í yfirlit þetta.

Samkvæmt þessari skilgreiningu eru lögbýli alls í landinu að meðtöldum kauptúnahreppum og kaupstöðum að undantekinni Reykjavík 7242, og í ábúð af þeim og með búsetu eru 5438 jarðir, en eyðijarðir 1804. Af heildarjarðatölunni eru í kaupstöðum, þó að undanskildum Ólafsfjarðarkaupstað og Akureyrarlögsagnarumdæmi, 76 byggðar jarðir og 118 eyðijarðir, en langflestar notaðar af þeim, er fénað hafa í kaupstöðunum, en aðilar hafa ekki búsetu á jörðunum.

Eyðijarðatalan í öðrum dálki skýrslunnar er byggð á skýrslum frá 199 hreppstjórum úr jafnmörgum hreppum, en það eru allir sveitahreppar að einum undanskildum, Innri-Akraneshreppi, og auk þess er byggt á sömu gögnum frá lögreglustjórum í Ólafsfjarðar- og Akureyrarkaupstöðum, en í þeim kaupstöðum eru allmargar bújarðir byggðar og nokkrar ábúðarlausar. Eru þær í yfirlitinu teknar með jarðatölu Eyjafjarðarsýslu. Í Innri-Akraneshreppi og 16 kauptúnahreppum er eyðijarðatalan byggð á jarðaskrá Landnáms ríkisins fardagaárið 1963, og eru þar taldar eyðijarðir allar þær, sem ekki er framtalinn bústofn frá. Í þessum 199 sveitahreppum að meðtöldum Ólafsfirði og Akureyri, en undanskildum Vestmannaeyjum, eru byggðar jarðir alls 5362 og eyðijarðir 1686 að tölu.

Byggðu jarðirnar skiptast þannig eftir því, hverjar búgreinar eru á þeim hafðar:

1.	Aðalbúgreinar: nautgripir, sauðfé og hross	5233
2.	Aðalbúgreinar: garð- og gróðurhúsaræktun, alifugla- og svínarækt	129
	Samtals	5362

Eftir eignarumráðum skiptast eyðijarðir 199 hreppsfélaga og tveggja kaupstaða þannig:

Einkaeign	1097	jarðir
Hreppseignir	81	jörð
Ríkiseignir	201	jörð
Óviss eignarumráð	307	jarðir
Samtals	1686	jarðir

Af einkaeignunum eru 761½ jörð ekki nytjaðar af eigendum, en 335½ jörð eru nytjaðar af eigendum, og í allmörgum tilfellum er hér að ræða um sameiningu jarða eða sérmetinna jarðeigna með sama nafni, þó að frá þeim breytingum hafi ekki verið formlega gengið að sameina jarðirnar í fasteignamati, en þeim haldið sérmetnum af einhverjum persónulegum aðstæðum. Hreppseignirnar, 81 jörð, eru flestar þegar gerðar að afréttarlöndum og sumar þeirra beint keyptar í þeim tilgangi. Ríkiseignirnar eru í umsjá hreppstjórnanna og ráðstafað með ýmsum hætti, oft frá ári til árs eða til lengri tíma.

Undir óviss eignarumráð eru taldar jarðir í þeim tveimur hreppum, sem algerlega eru fallnir í auðn, en í þeim hreppum eru 103 lögbýlisjarðir. Mestur hluti þeirra jarða er í einkaeign, en á 204 jörðum hafa hreppstjórar ekki tekið fram, hverjir væru eigendur jarðanna, enda mun í vissum tilfellum vera alger óvissa um jarðir, sem komnar eru í eyði fyrir 100 árum eða meira, hvort þær eru eign notenda, enda sumar þeirra á engan hátt nýttar nema sem afréttarlönd.

Við athugun og endurmat á umsögnum hreppstjóra, hvort jarðirnar teljist endurbyggingarhæfar, er niðurstaða Landnáms ríkisins, að ekki komi til greina að hugsa til endurbyggingar á 858 jarðanna, og er það nær því að vera helmingur eyðijarða í sveitahreppunum í landinu. Ófullnægjandi upplýsingar um endurbyggingar-

hæfni eru á 382 jörðum, og eru þá í þeirri tölu áður umgetnar 103 jarðir í Sléttu- og Grunnavíkurhreppum.

Um 279 jarðir gefa hreppstjórar engar upplýsingar varðandi þetta atriði, en af líkum má ráða, og að svo miklu leyti sem staðþekking nær til, eru litlar líkur fyrir, að þessar jarðir komi til greina til endurbyggingar, en þó með nokkrum undantekningum.

Hreppstjórar telja hæfar til endurbyggingar 451 jörð, og má á það fallast um flestar þeirra, einkum ef haft er í huga, að viðkomandi sveitarfélögum yrði styrkur að endurbyggingu þeirra, en sé einnig litið á önnur sjónarmið, svo sem kostnað við að gera jarðirnar búhæfar og líklegt búrekstrargildi jarðanna fyrir þá, er tækju jarðirnar til endurbyggingar, þurfa nánari athuganir að fara fram í samráði við sveitarstjórnir, hverjar þeirra jarða yrðu endurbyggðar.

Hér fara á eftir tvær yfirlitsskýrslur um framangreind atriði.

Yfirlit um tölu lögbýlisjarða í sýslum, tala eyðijarða og jarðir í ábúð í fardögum 1964.

Í fardögum 1964:	Jarðir alls í sýslum	Eyðijarðir 1964	Jarðir í ábúð 1964
Borgarfjarðarsýsla	254	27	227
Mýrasýsla	212	34	178
Hnappadalssýsla	82	10	72
Snæfellsnessýsla	242	91	151
Dalasýsla	223	42	181
Barðastrandarsýslur	267	84	183
Vestur-Ísafjarðarsýsla	179	93	86
Norður-Ísafjarðarsýsla	260	153	107
Strandasýsla	194	58	136
Vestur-Húnavatnssýsla	232	38	194
Austur-Húnavatnssýsla	270	65	205
Skagafjarðarsýsla	534	115	419
Eyjafjarðarsýsla með Ólafsfirði og Akureyri	529	116	413
Suður-Þingeyjarsýsla	568	99	469
Norður-Þingeyjarsýsla	219	55	164
Norður-Múlasýsla	405	89	316
Suður-Múlasýsla	399	128	271
Austur-Skaftafellssýsla	148	31	117
Vestur-Skaftafellssýsla	237	54	183
Rangárvallasýsla	589	120	469
Árnessýsla	730	126	604
Gullbringusýsla	281	138	143
Kjósarsýsla	162	22	140
Vestmannaeyjar	26	16	10
Samtals	7242	1804	5438

Endurbyggingarhæfni eyðijarða.

	Taldar hæfar til endurb.	Ekki byggilegar	Ófullnægjandi upplýsingar	Eyðijarðir alls
Borgarfjarðarsýsla	6	12	9	27
Mýrasýsla	13	20	1	34
Hnappadalssýsla	6	4	–	10

	Taldar hæfar til endurb.	Ekki byggilegar	Ófullnægjandi upplýsingar	Eyðijarðir alls
Snæfellsnessýsla	34	71	2	107
Dalasýsla	22	19	1	42
Austur-Barðastrandarsýsla	12	12	–	24
Vestur-Barðastrandarsýsla	20	26	14	60
Vestur-Ísafjarðarsýsla	13	67	13	93
Norður-Ísafjarðarsýsla	18	32	103	153
Strandasýsla	13	35	10	58
Vestur-Húnavatnssýsla	16	18	4	38
Austur-Húnavatnssýsla	27	35	–	62
Skagafjarðarsýsla	26	67	22	115
Eyjafjarðarsýsla	31	61	1	93
Suður-Þingeyjarsýsla	27	66	–	93
Norður-Þingeyjarsýsla	19	35	–	54
Norður-Múlasýsla	40	31	9	80
Suður-Múlasýsla	9	61	58	128
Austur-Skaftafellssýsla	14	16	1	31
Vestur-Skaftafellssýsla	5	26	23	54
Rangárvallasýsla	39	59	22	120
Árnessýsla	34	54	38	126
Gullbringusýsla	2	21	39	62
Kjósarsýsla	5	5	12	22
Samtals	451	853	382	1686

Nd. 583. Frumvarp til laga [99. mál]

um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 213 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:
Ríkisreikningur skiptist í tvo hluta, A-hluta og B-hluta.
A-hluti nær yfir fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana, en B-hluti yfir ríkisfyrirtæki og sjóði í ríkiseign, þar á meðal almannatryggingar, skv. nánari ákvörðun ríkisreikningsnefndar.

73. gr. hljóðar svo:
Ríkisreikningsnefnd skal jafnan höfð með í ráðum um uppsetningu fjárlagafrumvarps.

Ed. 584. Frumvarp til laga [188. mál]

um landshöfn í Þorlákshöfn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 485 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:
Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 7 menn, kosnir af sameinuðu Alþingi. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Ed. 585. Frumvarp til laga [155. mál]

um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

(Eftir 2. umr. í Ed., 25. apríl.)

1. gr.

Frá og með gildistöku laga þessara verður sú breyting á mörkum Hafnarhrepps og Nesjahrepps sem hér greinir:
Að vestan verða mörkin bein lína úr Akurey í vestasta tanga Óslands og þaðan bein lína í nyrzta odda Stapakletts, þaðan bein lína úr nyrzta odda Stapakletts í miðjan Mikleyjarál, með stefnu í Mikleyjarsker, þannig að Ósland í Nesjahreppi er lagt undir Hafnarhrepp.

2. gr.

Nú verður ekki innan 3 mánaða frá gildistöku laga þessara samkomulag milli hreppsnefnda Hafnarhrepps og Nesjahrepps um bætur fyrir tekju- og aðstöðumissi Nesjahrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu bætur þá ákveðnar af gerðardómi skipuðum 3 mönnum, þar sem aðilar skipa hvor sinn mann í dóminn, en Hæstiréttur tilnefnir oddamann. Vanræki aðilar að tilnefna í dóminn, tilnefnir Hæstiréttur, þannig að dómur verði fullskipaður. Kostnað við dóminn greiðir Hafnarhreppur.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 586. Fyrirspurn [200. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra um starf vélbátanefndar.

Frá Sigfúsi J. Johnsen.

Hvað líður starfi vélbátanefndar, og hvenær er að vænta álits hennar?

Nd. 587. Frumvarp til laga [152. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 325 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Hlutverk Fiskveiðasjóðs er að efla framleiðslu og framleiðni í fiskveiðum, fiskiðnaði og skyldri starfsemi með því að veita stofnlán gegn veði í fiskiskipum,

vinnslustöðvum, vélum og mannvirkjum, sem að dómi sjóðsstjórnar eru í þágu sjávarútvegs, þar á meðal skipasmíðastöðvum, dráttarbrautum, viðgerðarverkstæðum, veiðarfæragerðum og verbúðum.

7. gr. hljóðar svo:

Fiskveiðasjóður heyrir undir ráðherra þann, sem fer með sjávarútvegsmál. Skal stjórn hans vera í höndum 5 manna, sem ráðherra skipar til tveggja ára í senn eftir tilnefningum. Tilnefnir Seðlabanki Íslands einn fulltrúa í stjórnina, Landsbanki Íslands tvo og Útvegsbanki Íslands tvo. Ráðherra skipar á sama hátt jafnmarga varamenn. Stjórnin kýs sér formann og varaformann. Til þess að fundur sjóðsstjórnar sé lögmætur, þarf meiri hluti stjórnarinnar að sitja hann, og ræður einfaldur meiri hluti fundarins ákvörðun stjórnarinnar.

9. gr. hljóðar svo:

Handbært fé Fiskveiðasjóðs skal geymt í viðskiptareikningi í Seðlabankanum. Þó er sjóðnum heimilt að geyma fé í viðskiptareikningum við aðra banka eða sparisjóði, ef svo stendur á, að sú lánastofnun, sem hlut á að máli, hefur veitt bráðabirgðalán til framkvæmda, sem stjórn Fiskveiðasjóðs hefur samþykkt að veita lán til, enda sé innstæðunni haldið innan þess hundraðshluta útlagðs kostnaðar við verkið, sem ætla má að lánið úr sjóðnum nemi.

13. gr. hljóðar svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs ákveður lánstíma að höfðu samráði við sjávarútvegsmálaráðherra og stjórn Seðlabankans.

15. gr. hljóðar svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal ákveða vaxtakjör og dráttarvexti, að höfðu samráði við sjávarútvegsmálaráðherra og Seðlabankann, enda séu vextirnir ekki hærri en Seðlabankinn ákveður vexti hæsta af sambærilegum skuldum. Vextir af lánum greiðast eftir á á gjalddögum afborgana. Stjórn sjóðsins ákveður gjalddaga lána við hina ýmsu lánaflokka.

Auk matskostnaðar og annars beins kostnaðar skulu lántakendur greiða ¼% lántökugjald í varasjóð, skv. nánari ákvörðun sjóðsstjórnar.

18. gr. hljóðar svo:

Stjórn Fiskveiðasjóðs skal skipa sérstaka matsnefnd til að meta þær eignir, sem í ráði er að veðsetja Fiskveiðasjóði. Skal nefndin skipuð þremur mönnum. Nefndin kýs sér formann. Skal nefndinni heimilt með samþykki stjórnar Fiskveiðasjóðs að skipa menn til þess að meta eignir á sínum vegum, enda skal hún endurskoða matið og staðfesta það. Eignir skulu metnar til endurkaupsverðs, að frádregnum eðlilegum afskriftum, er miðist við rýrnun eignarinnar, frá því að hún var ný. Skal matsnefndin semja nákvæmar reglur um framkvæmd matsins, er staðfestar skulu af stjórn Fiskveiðasjóðs. Lánbeiðendur greiða matskostnað.

Heimilt er matsnefndinni, eftir því sem henni þykir rétt, að notfæra sér möt, sem unnin hafa verið á vegum Fiskveiðasjóðs, Ríkisábyrgðasjóðs og Stofnlánadeildar sjávarútvegsins eftir 1961.

20. gr. hljóðar svo:

Skylt skal lántakendum að hafa hinar veðsettu eignir svo hátt vátryggðar, að vel nægi fyrir áhvílandi lánum, og tekur veðréttur Fiskveiðasjóðs jafnan einnig til vátryggingarfjárins. Ef til útborgunar vátryggingarfjár kemur, getur Fiskveiðasjóður

krafizt þess, að honum sé greidd beint upphæð, sem svarar til áhvílandi láns eða lána hans, enda sé tekið fullt tillit til þeirra veðhafa, er á undan eru í veðröð.

Öllum skuldunautum Fiskveiðasjóðs er skylt að láta sjóðnum í té árlegt afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum sínum í því formi, sem hann ákveður.

21. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að telja lán eða eftirstöðvar láns úr Fiskveiðasjóði fallin í gjalddaga án uppsagnar:

a. Þegar greiðslur af lánum eru ekki inntar af hendi á réttum gjalddaga,
b. við eigendaskipti að veði fyrir láni, ef veðið ferst eða rýrnar verulega í verði, er selt eða sett á uppboð, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðnum eigendaskipti þegar í stað,
c. ef hin veðsetta eign er ekki starfrækt í 6 mánuði eða meira samfleytt, eðli sínu samkvæmt og tilgangi,
d. ef hin veðsetta eign er flutt úr þeim stað, þar sem hún var starfrækt, er lán var veitt,
e. ef lántaki hættir störfum eða breytir rekstri sínum að verulegu leyti að dómi sjóðsstjórnar.

Sþ. 588. Nefndarálit [64. mál]

um till. til þál. um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum sínum og m. a. sent hana veiðimálastjóra til umsagnar. Í umsögn hans kemur fram, að hann telur það betri málsmeðferð, að „ríkisstjórninni yrði falið að gera ráðstafanir til þess að **vinna að undirbúningi** að byggingu klak- og eldisstöðvar fyrir lax og silung á Norðurlandi", fremur en ákveða, að **„stofnsett verði"** slík stöð norðanlands. Fjárveitinganefnd er efnislega hlynnt málinu, en telur, að ýmsar undirbúningsrannsóknir og athuganir þurfi að gera, áður en ákveðið yrði endanlega, hvort stofnsetja skuli slíka klak- og eldisstöð, sem tillagan fjallar um. Nefndin leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort tímabært sé, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.

Alþingi, 25. apríl 1965.

Jón Árnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Ingvar Gíslason, frsm.
Jónas Pétursson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.	Matthías Bjarnason.
Halldór E. Sigurðsson.	Óskar E. Levy.	Geir Gunnarsson.

Ed. 589. Nefndarálit [144. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. apríl 1966.

Jón Árnason, form., frsm.	Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Gils Guðmundsson.	Helgi Bergs.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ólafur Jóhannesson.

Nd. 590. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Enginn efast um, að verði ráðizt í þær stóriðjuframkvæmdir á Suðvesturlandi, sem ríkisstjórnin ráðgerir, hljóti byggðavandamálið í landinu að stóraukast. Útilokað er með öllu að ráðast í fjárfestingu, sem nemur 4500—5000 milljónum króna á 2—3 árum, auk venjulegrar fjárfestingar landsmanna sjálfra, án þess að stórkostlegur flutningur vinnuafls eigi sér stað í landinu.

Laust vinnuafl til hinna miklu stóriðjuframkvæmda er ekki til á Suðvesturlandi. Þar hefur þvert á móti skort vinnuafl til framleiðslustarfa og margvíslegra framkvæmda. Það er því augljóst mál, að vinnuafl til stóriðjuframkvæmdanna verður að fá að verulegu leyti annars staðar frá, því að á Suðvesturlandi er það ekki fáanlegt.

Nú er vitað mál, að ýmis byggðarlög á Norðurlandi og á Vestfjörðum hafa búið við ónóga atvinnu um nokkurt skeið, einkum þó á vissum árstímum. Telja verður því, að veruleg hætta sé á, að fólk frá slíkum byggðarlögum leiti suður á yfirspenntan vinnumarkað hér. Byggðavandamálið mun því áreiðanlega aukast á næstu árum, en ekki minnka, m. a. vegna beinna aðgerða opinberra aðila.

Þetta veit ríkisstjórnin, og af þeim ástæðum reynir hún með tillögum um nýjan atvinnujöfnunarsjóð að láta svo líta út, að hún muni gera gagnráðstafanir og koma í veg fyrir hættuna.

Frumvarpið um Atvinnujöfnunarsjóð mun þó litlu fá áorkað til þess að draga úr vaxandi misvægi í byggðamálunum, eins og nú er ráðgert að halda á framkvæmdamálum í landinu. Hættan, sem blasir við, er þessi: að nokkur hundruð manns flytji frá Norðurlandi og Vestfjörðum til Suðurlandsins og vinni þar fyrst við Búrfellsvirkjun og síðan við byggingu alúmínverksmiðjunnar við Straumsvík. Hætt er við, að eftir 2—4 ára dvöl syðra fari fáir aftur til fyrri heimkynna, jafnvel þótt þá verði í boði smávægileg lán eða styrkir til framkvæmda í byggðarlögunum nyrðra og vestra.

Samkvæmt frumv. er ráðgert, að Atvinnujöfnunarsjóður taki við Atvinnubótasjóði, sem starfað hefur í nokkur ár. Nokkuð á að auka við tekjur sjóðsins

frá því, sem verið hefur, en mest á þó að muna um þann hluta af skattgreiðslum alúminverksmiðjunnar, sem renna á til sjóðsins á komandi árum. Þær tekjur koma þó ekki inn fyrr en 1970 og árin þar á eftir. Talið er, að þessar tekjur verði 11.3 millj. kr. á ári 1970—1972 og 1973—1975 um 17 milljónir króna á ári. Lítið mundu slíkar tekjur draga í dag, þó að til staðar væru, en hætt er við, að enn þá minna dugi þær eftir 8—10 ár. Nauðsynlegt er að gera sér fulla grein fyrir því, að byggðavandamálið verður ekki leyst, úr því sem komið er, með smávægilegum styrkjum eða minni háttar lánum. Eina leiðin, sem vænleg er til árangurs, er, að fullkomin stjórn sé tekin upp á þjóðarbúskapnum sem heild og þar með á framkvæmdum og fjárfestingu í landinu. Slík yfirstjórn þarf að viðurkenna dreifbýlisvandamálið og haga stjórn efnahagsmálanna samkvæmt því. Það þarf með öðrum orðum að efna til framkvæmda samkvæmt áætlunum, sem beinlínis eru við það miðaðar að tryggja atvinnujafnvægi og eðlilega búsetu í landinu. Skipulagslaus fjárfesting í landinu, eins og nú á sér stað, mun raska byggðajafnvæginu meir og meir, þrátt fyrir alla smástyrki og smærri hjálparsjóði af þeirri gerð, sem Atvinnujöfnunarsjóður á að vera. Öflugur hjálparsjóður gæti þó að sjálfsögðu gert nokkurt gagn, en nauðsynlegt væri þá, að sjóðurinn gæti sjálfur haft beina forgöngu um framkvæmdir úti á landi og yfirumsjón með rekstri þeim, sem ætlað er að vinna að atvinnujafnvægi.

Við Alþýðubandalagsmenn höfum áður bent á í umræðum um byggðajafnvægismálin, að fleira kemur til varðandi búsetu fólks en atvinnumálin ein. Við höfum því flutt tillögur um, að sérstakar ráðstafanir verði gerðar til þess að draga úr hinu mikla miðstöðvarvaldi Reykjavíkur, m. a. með því að flytja ýmiss konar opinbera starfsemi úr höfuðborginni og út á land. Þá höfum við lagt áherzlu á gildi vel uppbyggðs skólakerfis úti á landi, heilbrigðisþjónustu og góðra samgangna. Tillögur okkar um þessi efni hafa aldrei fengizt afgreiddar á Alþingi.

Þrátt fyrir þá annmarka, sem ég tel á frv. um Atvinnujöfnunarsjóð, flyt ég nokkrar breytingartill. við það í þeim tilgangi að efla sjóðinn og gera hann starfshæfari.

Ég get stutt frv., svo langt sem það nær, en tel, að miklu meira þurfi til, ef fullur árangur á að nást.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 591. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Stofnfé Atvinnujöfnunarsjóðs er:
   a. Eignir Atvinnubótasjóðs, samkv. lögum nr. 40/1962.
   b. Af mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1960, 100 millj. kr., er greiðist sjóðnum á árinu 1966.
   c. Eftirstöðvar af mótvirðissjóði, sem greiða átti til Framkvæmdabanka Íslands samkv. 4. gr. laga nr. 17/1953, er greiðist sjóðnum á árinu 1966.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Atvinnujöfnunarsjóðs eru:
   a. Framlag úr ríkissjóði að fjárhæð kr. 15 000 000.00, sem greiðist á árinu 1966.
   b. Framlag úr ríkissjóði, er greiðist sjóðnum árlega frá og með árinu 1967 og nema skal 1.5% af áætluðum skatta- og tolltekjum ríkissjóðs viðkomandi fjárlagaár.

Nd. **592. Frumvarp til laga** [201. mál]

um breyting á lögum nr. 52 29. marz 1961, um lánasjóð íslenzkra námsmanna.

Flm.: Ragnar Arnalds, Einar Olgeirsson.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður leggur sjóðnum árlega til framlag í fjárlögum, eigi lægra en 20 milljónir króna.

2. gr.

1. mgr. 8. gr. laganna orðist svo:

Sjóðsstjórninni er heimilt að taka lán handa sjóðnum gegn tryggingu í verðbréfaeign sjóðsins, svo að unnt sé að veita námsmönnum erlendis og við Háskóla Íslands lán, er nemi að meðaltali að minnsta kosti 50% af áætluðum framfærslukostnaði í viðkomandi námi eftir mati sjóðsstjórnar. Við úthlutun lána skal tillit tekið til þess, ef námsmaður hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, veitir Lánasjóður íslenzkra námsmanna aðeins lán til háskólastúdenta og námsmanna erlendis. Flutningsmenn frumvarpsins telja það nauðsynjamál, að í framtíðinni hljóti allir nemendur í framhaldsnámi fjárstuðning frá ríkisvaldinu, og jafnframt telja þeir eðlilegra, að sá stuðningur sé fremur í formi styrkja en lána. Í þessu frumvarpi er þó ekki hreyft við skipulagi lánasjóðsins eða starfssviði, enda er nú verið að endurskoða lögin um lánasjóðinn í sérstakri nefnd. Með frumvarpinu er einungis reynt að bæta úr brýnustu neyð: Í fyrsta lagi er lagt til, að fjárhagur Lánasjóðs íslenzkra námsmanna verði stórlega efldur, svo að unnt sé að veita stúdentum lán, er nemi að meðaltali að minnsta kosti 50% af áætluðum framfærslukostnaði í viðkomandi námi, og í öðru lagi, að tekið sé tillit til þess, ef stúdentinn hefur fjölskyldu á framfæri sínu.

Við vorúthlutun 1966 var lánum til stúdenta við Háskóla Íslands skipt í fjóra flokka: 9, 12, 15 og 18 þúsund krónur. Langflestir umsækjendur lentu í lægsta flokki, og einungis læknastúdentar, sem langt eru komnir í námi, fengu hæstu upphæðina. Meðaltal lánsupphæða var 12238 krónur.

Stúdentar fá því aðeins námslán, að þeir stundi námið reglulega og ljúki prófum á tilskildum tíma. Fyrstu þrjú missirin fá stúdentar við háskólann ekkert lán. En næstu þrjú árin fá þeir flestir, miðað við seinustu úthlutun, 18000 krónur á ári. Samkvæmt skýrslum, sem gerðar hafa verið um lágmarksframfærslukostnað einhleypra stúdenta, er varla unnt að áætla hann minni en 60—65 þús. kr. yfir vetrartímann. Miðað við 12000 króna meðaltekjur á mánuði í sumarvinnu 3½ mánuð, er varla unnt að reikna með því, að stúdentinn leggi til hliðar yfir sumarið mikið yfir 25000 krónur. Umframfjárþörfin er því yfir 35000 krónur, og dugir því 18000 króna lán heldur skammt.

Á fjórða eða fimmta námsári hækka lánin oftast í 24000 krónur á vetri, miðað við seinustu úthlutun. Ekkert tillit er þó tekið til þess, að fjöldamargir stúdentar hafa fjölskyldu á framfæri sínu. Samkvæmt könnun, sem stúdentaráð gerði í fyrra, er þriðji hver stúdent við Háskóla Íslands í hjónabandi. Margt af þessu fólki er að basla við að sameina vinnu og nám með stóran barnahóp og neyðist til að borga 5000—7000 krónur í húsaleigu á mánuði. Sumum tekst við illan leik að brjótast þannig áfram til prófs. En auðvitað eru þeir miklu fleiri, sem dragast aftur úr í námi og gefast hreinlega upp.

Á undanförnum árum hefur það gerzt í hverri háskóladeildinni af annarri, að stúdentum hefur verið markaður skemmri tími til að ljúka prófum en áður var. Meðan fjárhagsaðstaða stúdenta er ekki verulega bætt, eru slíkar ráðstafanir beinlínis til þess fallnar að flæma frá námi nemendur, sem eiga í fjárhagslegum örðugleikum.

Íslenzkir stúdentar við erlenda háskóla fá yfirleitt hvort tveggja, styrki og lán, sem samanlagt nema 25—30% af framfærslukostnaði stúdents í viðkomandi landi, og stöku sinnum allt að 40%. Ekki getur það talizt ofrausn, ef ríkið gefur þessum mönnum kost á að fá a. m. k. 50% af námskostnaði að láni.

Í 7. gr. laga um Lánasjóð íslenzkra námsmanna er ríkissjóður skyldaður til að veita sjóðnum framlag með fjárlögum, eigi lægra en kr. 4650000. Í fjárlögum árið 1966 er þessi upphæð komin í kr. 10940000. Með þessu frumvarpi er lagt til, að lágmarksframlag ríkisins á fjárlögum verði 20000000 kr.

Í 8. gr. laganna er sjóðsstjórninni heimilað að taka innanlands allt að 45 milljón króna lán handa sjóðnum á árunum 1961—1980. Flutningsmenn telja rétt að miða fjárþörf sjóðsins við það takmark fyrst um sinn, að veitt séu að meðaltali lán, er nemi 50% af framfærslukostnaði stúdents og þeirra, sem eru á framfæri hans. Er því lánsheimildin að öðru leyti óbundin.

Ástæðulaust er að fjölyrða hér um þörf nútímaþjóðfélags fyrir menntamenn. En rétt er að benda á, að hvarvetna í Evrópu, bæði í austri og vestri, er stuðningur ríkisvaldsins í formi lána og styrkja hlutfallslega miklu meiri en hér er. Hins vegar státa Íslendingar af þriðju hæstu þjóðartekjum í Evrópu miðað við höfðatölu.

Nd. 593. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Gunnar Gíslason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson.
Hannibal Valdimarsson.	Ágúst Þorvaldsson.	Björn Pálsson.
	Sverrir Júlíusson.	

Nd. 594. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt málið á fundi, og leggur undirritaður meiri hl. n. til, að frv. verði samþ. Hannibal Valdimarsson skilar séráliti. Björn Pálsson skrifar undir með fyrirvara og áskilur sér rétt til að flytja brtt.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Gunnar Gíslason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
Ágúst Þorvaldsson.	Sverrir Júlíusson.	Björn Pálsson, með fyrirvara.

Nd. 595. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til athugunar og ekki orðið sammála um afstöðu til þess. Undirritaður meiri hluti telur, að eðlilegt sé, að Ísland gerist aðili að samningi þessum, og leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hl. nefndarinnar er andvígur samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Pétur Sigurðsson. Óskar E. Levy

Nd. 596. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og l. nr. 40 12. maí 1965, um breyt. á þeim lögum.

Frá allsherjarnefnd.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

4. mgr. 50. gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund, á einstökum vegum (hraðbrautum), og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

Nd. 597. Breytingartillögur [176. mál]

við frv. til l. um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (EÁ, JK).

1. Við 3. gr. — a-liður greinarinnar orðist svo:
   2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar samkv. fjárlögum næstliðins árs.
2. Aftan við frumvarpið komi svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs skal þegar eftir gildistöku laga þessara gera með aðstoð Efnahagsstofnunar ríkisins bráðabirgðaáætlun um sérstaka skyndiaðstoð við byggðarlög eða byggðarhluta, sem eru í bráðri hættu fyrir því að fara í eyði, eða dragast ört aftur úr því, sem almennt gerist, nema þeim komi stuðningur við aðkallandi framkvæmdir og uppbyggingu atvinnuvega, enda

séu þar viðunandi atvinnuskilyrði frá náttúrunnar hendi til lands eða sjávar. Leitað skal — eftir því sem við á og þurfa þykir — álits Landnáms ríkisins, Búnaðarfélags Íslands, Fiskifélags Íslands og Iðnaðarmálastofnunar Íslands um úrræði á hverjum stað.

Til framkvæmda bráðabirgðaáætluninni er stjórn sjóðsins heimilt að veita óafturkræf framlög úr sjóðnum allt að þriðjungi tekna hans til ársloka 1968. Framlögin skulu veitt sveitar- og sýslufélögum með fyrirmælum, sem sjóðstjórnin setur um notkun þeirra.

Nd. 598. Lög [182. mál]

um smíði síldarleitarskips og um síldargjald.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 449.

Nd. 599. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. apríl.)

1. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi svofellt bráðabirgðaákvæði:

Sjávarútvegsmálaráðherra er heimilt þrátt fyrir bann 2. mgr. 3. gr. laga þessara að leyfa vinnslu- og verkunarstöðvum að kaupa afla af erlendum veiðiskipum, þó ekki afla botnvörpuskipa, í íslenzkum höfnum á tímabilinu 1. júní 1966 til 31. maí 1967. Ráðherra skal binda leyfið við ákveðna staði eða landshluta, þar sem brýn þörf er á atvinnuaukningu. Svo getur ráðherra og bundið leyfið við ákveðnar tegundir fisks eða annars sjávarafla og sett skilyrði um magn, verð og sérstakar löndunarreglur. Í leyfi ber að taka fram, að það veiti eigi erlendum skipum heimild til fiskveiða eða fiskverkunar í landhelgi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 600. Lög [154. mál]

um Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (verzlunarlánasjóð).

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 327.

Ed. 601. Frumvarp til laga [12. mál]

um iðnfræðslu.

(Eftir 2. umr. í Ed., 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 12 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð fer með framkvæmd mála, er varða iðnfræðslu og iðnfræðsluskóla, undir yfirstjórn ráðherra.

Iðnfræðsluráð hefur yfirstjórn kennslueftirlits, sér um, að gildandi lögum og fyrirmælum um iðnfræðslu sé hlýtt, og heimtar nauðsynlegar skýrslur um skólahald og verklegt nám. Menntamálaráðuneytið getur falið iðnfræðsluráði fullnaðarafgreiðslu þeirra mála, sem ráðuneytið telur sig ekki þurfa að hafa bein afskipti af.

5. gr. hljóðar svo:

Ráðherra skipar iðnfræðsluráð til fjögurra ára í senn. Það skal skipað 9 mönnum, búsettum í Reykjavík og nágrenni. Skulu tveir þeirra vera iðnmeistarar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna, tveir iðnsveinar og einn fulltrúi iðnverkafólks tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, einn tilnefndur af Iðnnemasambandi Íslands, einn tilnefndur af Félagi ísl. iðnrekenda og einn tilnefndur af Sambandi iðnskóla á Íslandi. Formann skipar ráðherra án tilnefningar.

Iðnfræðsluráð fer með mál, sem greinir í lögum þessum og reglugerð, er ráðherra setur.

6. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð skipar iðnfulltrúa, þar sem það telur þess þörf, og ákveður umdæmi þeirra.

Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga og hafa eftirlit með iðnnámi, hver í sínu umdæmi, í umboði iðnfræðsluráðs, eftir því sem segir í lögum þessum. Nánari fyrirmæli um störf iðnfulltrúa setur iðnfræðsluráð í erindisbréfi.

7. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð skipar prófnefndir innan hverrar iðngreinar, þar sem þeirra er þörf.

Það er hlutverk prófnefnda:

1. Að vera iðnfulltrúum til aðstoðar við eftirlit með iðnnámi.
2. Að sjá um sveinspróf og dæma þau.

10. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluráð skal halda uppi leiðbeiningastarfi um starfsval innan þess sviðs, sem fellur undir ákvæði þessara laga.

Iðnfræðsluráð skal í því skyni fylgjast með afkomu og atvinnuhorfum innan einstakra starfsgreina. Það skal árlega leita þar um álits hlutaðeigandi félagssamtaka.

12. gr. hljóðar svo:

Iðnskólar skulu vera einn í hverju kjördæmi landsins, þeirra er nú eru, svo og starfandi skólar með minnst 60 nemendum, er lög þessi taka gildi. Skulu skólaumdæmi vera sem hér segir:

1. Vesturlandsumdæmi: Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsness- og Hnappadalssýsla og Dalasýsla.
2. Vestfjarðaumdæmi: Barðastrandarsýsla, Vestur-Ísafjarðarsýsla, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Strandasýsla.
3. Norðurlandsumdæmi vestra: Vestur-Húnavatnssýsla, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókskaupstaður og Siglufjarðarkaupstaður.
4. Norðurlandsumdæmi eystra: Eyjafjarðarsýsla, Akureyrarkaupstaður, Ólafsfjarðarkaupstaður, Suður-Þingeyjarsýsla, Húsavíkurkaupstaður og Norður-Þingeyjarsýsla.
5. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjarðarkaupstaður, Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
6. Suðurlandsumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla, Vestmannaeyjakaupstaður, Rangárvallasýsla og Árnessýsla.
7. Reykjanesumdæmi: Gullbringu- og Kjósarsýsla, Hafnarfjarðarkaupstaður, Keflavíkurkaupstaður og Kópavogskaupstaður.
8. Reykjavíkurborg.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, gert breytingar á skólaumdæmum. Ráðherra ákveður skólasetur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og sýslunefnda og bæjarstjórna í hlutaðeigandi skólaumdæmi. Skal að jafnaði ákveða skólasetur þar, sem nemendafjöldi er mestur innan hvers skólaumdæmis.

Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, hvenær ákvæði 1. mgr. komi til framkvæmda og hverjir núverandi iðnskóla skuli starfa áfram til frambúðar eða fyrst um sinn.

Iðnskólar veita fræðslu nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til iðnnáms samkvæmt lögum þessum, og svo nemendum, er verklegt nám stunda í verknámsskólum eða öðrum skólavinnustöðvum, eftir því sem við á og ákveðið verður í reglugerð.

13. gr. hljóðar svo:

Stofna skal og starfrækja á vegum iðnskóla þeirra, sem um ræðir í 1. mgr. 12. gr., eftir því sem ráðherra ákveður og fé er til þess veitt, verknámsskóla, þar sem veitt skal fræðsla, verkleg og bókleg, um undirstöðuatriði iðnfræðslustarfs. Skal lögð áherzla á, að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á vélum og verkfærum, sem um er að tefla, og efnum, sem úr er unnið, jafnframt þjálfun þeirra í starfi á kerfisbundinn hátt.

Inntökuskilyrði í verknámsskóla skulu vera hin sömu og í iðnskóla, sbr. 22. gr. þessara laga.

Námstími í verknámsskóla skal vera allt að einu ári, og skal kennsla miða að undirbúningi undir iðnnám, annað tækninám og iðnstörf. Námstíma skal varið sem næst að jöfnu milli bóknáms og verknáms. Í bóknámsgreinum skal miða við kennslu, sem svari námsskrá 1. og 2. bekkjar iðnskóla.

Verklegt nám fer fram í vinnustofum skólanna. Í þeim greinum, þar sem nemendafjöldi er nægur, má miða kennsluna við einstaka iðngrein, en ella við flokk skyldra greina.

Ráðherra skal sjá um, að verknámsskólar einbeiti sér að kennslu í tilteknum greinum og skipti með sér verkum, eftir því sem við verður komið.

Ráðherra ákveður, hverjar verklegar greinar skuli kenna á vegum verknámsskóla. Í verklegu námi skulu nemendur hverrar bekkjardeildar eigi vera fleiri en 15.

Nemendur, sem lokið hafa fullnaðarprófi frá verknámsskóla, skulu eiga rétt til styttingar á námstíma sínum, ef þeir ráðast í iðnnám hjá meistara eða iðnfyrirtæki. Skal sú stytting svara til þess, að átta mánaða verknámsskóli stytti iðnnám samkvæmt námssamningi um 12 mánuði. Skal sama regla gilda um verklegan starfstíma og krafizt er til upptöku í aðra verknáms- og tækniskóla.

Ráðherra getur ákveðið, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs, að starfrækja skuli framhaldsdeildir við verknámsskóla í einstökum iðngreinum, 6 til 10 mánuði, eftir þörfum iðngreinanna. Í iðngreinum, þar sem erfitt er að koma við námi á vinnustað, má á sama hátt ákveða, að námið fari að öllu leyti fram í verknámsskóla.

15. gr. hljóðar svo:

Iðnfræðsluskólar skulu vera dagskólar. Þó má kennslan fara fram að kvöldi að nokkru leyti, er eigi verður hjá því komizt vegna kennaraskorts eða húsnæðis. Enn fremur er iðnfræðsluskólum rétt að starfrækja kvöldnámskeið í bóklegum og verklegum greinum, ef henta þykir, enda komi samþykki stjórnvalda til hverju sinni.

Námskeið fyrir starfsfólk verksmiðjuiðnaðarins skulu haldin eftir nánari ákvörðun ráðherra, að fengnum tillögum samtaka iðnrekenda og verksmiðjufólks.

18. gr. hljóðar svo:

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra og fasta kennara iðnfræðsluskóla, að fengnum tillögum viðkomandi skólanefndar. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar.

Um menntun skólastjóra og kennara í almennum bóknámsgreinum gilda sömu reglur sem um skólastjóra og kennara gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt.

Um menntun annarra kennara fer eftir reglum, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Ráðherra setur skólastjórum og kennurum erindisbréf, þar sem kveða ber á um starfssvið þeirra, réttindi og skyldur.

20. gr. hljóðar svo:

Skylt er að taka í iðnskóla til iðnnáms alla þá í umdæmi skólans, er gert hafa löglega námssamninga eða fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna iðnskóla, er í hlut á, þegar námssamningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna skólastjóra, ef nemandi hættir iðnnámi.

23. gr. hljóðar svo:

Þegar meistari eða iðnfyrirtæki tekur nemanda til iðnnáms, skal gera um það námssamning í samræmi við lög þessi og reglugerðir, er settar verða samkvæmt þeim. Iðnfulltrúar skulu staðfesta námssamninga með áritun sinni, og eru þeir ógildir ella.

Nú neita iðnfulltrúar að staðfesta námssamning, og má skjóta synjun þeirra til iðnfræðsluráðs til úrskurðar. Námstimi telst hafinn frá dagsetningardegi námssamnings, sem staðfestingu hefur hlotið, enda hafi nemandinn byrjað nám sitt þá.

Iðnfulltrúar skulu eftir ráðstöfun iðnfræðsluráðs hafa í höndum eyðublöð undir námssamninga og afhenda þau ókeypis.

Iðnfræðsluráð skal halda skrá um þá námssamninga, sem í gildi eru á hverjum tíma, og eiga iðnaðarmenn og aðrir rétt á að fá upplýsingar um þá, ef óskað er.

Iðnskóli, sem tekur nemanda í nám til sveinsprófs í ákveðinni grein, skal hafa sömu skyldur gagnvart honum sem um meistara væri að ræða, að svo miklu leyti sem við getur átt.

39. gr. hljóðar svo:

Það varðar sektum að:

1. Taka nemanda til náms gagnstætt ákvæðum laga þessara.
2. Brjóta gegn ákvæðum laga þessara um daglegan vinnutíma nemenda.
3. Vanrækja að láta nemanda stunda skólanám.
4. Koma ósæmilega fram við nemanda.
5. Óhlýðnast fyrirmælum iðnfulltrúa eða iðnfræðsluráðs um kennslu nemanda.

44. gr. hljóðar svo:

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar iðnfræðsluskóla, en sveitar- og sýslusjóðir skólaumdæmis helming eftir reglum, er ráðherra setur.

Til stofnkostnaðar teljast skólahús ásamt húsnæði og kennslutækjum og svo vinnustofur ásamt vélum og áhöldum.

Í heimavistarskólum teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Greiðir ríkissjóður allt að þremur fjórðu af þessum hluta stofnkostnaðar, en sveitar- og sýslusjóðir hinn hluta stofnkostnaðarins.

Sveitarfélag, þar sem iðnfræðsluskóli er, skal leggja til ókeypis nauðsynlegar lóðir fyrir skólann. Áður en hafizt er handa um byggingu iðnfræðsluskóla, eða verulegar breytingar skólahúsnæðis, skal liggja fyrir teikning, samþykkt af menntamálaráðherra.

Iðnfræðsluráð skal árlega gera tillögur til ráðuneytisins um húsagerð og aðrar framkvæmdir á vegum iðnfræðsluskóla svo og um skiptingu þess fjár, sem veitt er til byggingar iðnfræðsluskóla, kaup á vélum og öðrum búnaði.

45. gr. hljóðar svo:
Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra iðnfræðsluskóla og fastra kennara, svo og styrk til stundakennslu, hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.
Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðiljum sem stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.
Ráðherra ákveður skólagjöld í iðnskólum og meistaraskólum svo og þátttöku nemenda í verknámsskólum í efniskostnaði, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs. Gjöld þessi og svo hreinar tekjur af skólaverkstæðum og skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

48. gr. hljóðar svo:
Ráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs.

Nd. 602. Lög [181. mál]

um almennan frídag 1. maí.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 443.

Nd. 603. Lög [3. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega og flugvallargerða.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 3.

Nd. 604. Lög [160. mál]

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 454.

Nd. 605. Lög [119. mál]

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 554.

Nd. 606. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin ræddi þetta viðamikla mál á einum fundi, en ekkert tóm gafst til efnislegrar athugunar á því, fremur en á öðrum stórmálum, sem kastað er nú inn í þingið og flaustrað af rétt fyrir þingslok.

Meiri hluti nefndarinnar, þeir Gunnar Gíslason, Benedikt Gröndal, Jónas Pétursson, Ágúst Þorvaldsson og Sverrir Júlíusson, vill samþykkja frumvarpið óbreytt. Björn Pálsson áskilur sér rétt til að bera fram breytingartillögur við frumvarpið eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Undirritaður leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Meginefni frumvarpsins er það að endurvekja hið svonefnda sex-manna nefndar kerfi um verðlagningu landbúnaðarvara.

Komi það fyrir, að einhverjir þeirra aðila, sem rétt eiga til að tilnefna menn í sex-manna nefnd, notfæri sér ekki þann rétt, skal landbúnaðarráðherra skv. frumvarpinu tilnefna mann eða menn í nefndina fyrir samtök framleiðenda, en félagsmálaráðherra, ef samtök neytenda hafa ekki notað tilnefningarréttinn.

Ég er andvígur þessu verðlagningarkerfi. Tel það hvorki til heilla horfa fyrir bændur né neytendur.

Ég tel það óeðlilegt með öllu, að samtök erfiðismanna í bæjum og kauptúnum séu lögskipaðir samningsaðilar **móti** erfiðismannastétt dreifbýlisins, bændunum. En þannig er sex-manna nefnd skipuð, og þannig hefur hún starfað.

Þetta er jafnóeðlilegt og að verkamenn ættu að lögum fulltrúa við samningaborð **móti** opinberum starfsmönnum, eða hið gagnstæða, að fulltrúum bænda eða opinberra starfsmanna væri með lögum skipað að samningaborði **móti** verkamönnum til þess að hafa þar áhrif á launakjör þeirra til lækkunar. Slíku mundu verkamenn auðvitað vísa á bug sem hreinni fjarstæðu.

Auk alls annars er kerfi þetta byggt á augljósri hugsanavillu. Bændum er skipað annars vegar — verkalýðssamtökunum hins vegar sem umboðsaðila andstæðra hagsmuna. Þetta er rangt með öllu. — Hagsmunir verkamanna og bænda eiga í flestu samleið.

Hið rétta er, að annars vegar er framleiðslustéttin, bændurnir, og hins vegar **þjóðin öll sem neytendur.** Fyrir hana er enginn sjálfsagðari aðili til en ríkisstjórnin — ill eða góð — á hverjum tíma.

Hvergi í löndum hefur til þess spurzt, að verkalýðssamtök eigi samningsaðild gagnvart bændum um launakjör þeirra eða verðlagningu landbúnaðarvara. Hins vegar er kunnugt, að í flestum nágrannalöndum okkar er verðlagning landbúnaðarvara einmitt ákveðin með frjálsum samningum milli bændasamtaka og ríkisstjórnar. Þannig er þetta í Danmörku.

Í Englandi eru bændum tryggðar lágmarkstekjur, er svari meðaltekjum í þjóðfélaginu. Ákveður ríkisstjórnin verðið miðað við verð á innfluttum landbúnaðarafurðum frá Ástralíu og Nýja-Sjálandi. En það, sem á vantar, að meðaltekjum verði náð, greiðir ríkið sem uppbætur á sláturgrip.

Í Noregi eru bændur skipulagðir í tvennum samtökum, Norges bondelag og Noregs bonde- og småbrukarlag.

Þessi samtök semja við fulltrúa úr fjármálaráðuneytinu, og hefur það skipulag gilt síðan 1947.

Til grundvallar þessum samningum liggur ákvörðun Stórþingsins um, að bændum skuli tryggðar sömu tekjur og öðrum þjóðfélagsþegnum. Um leið og samið er um verðlagið, er samið um ýmiss konar stjórnmálaaðgerðir fyrir landbúnaðinn.

Til er það í Noregi, að þeim bændum, sem búa í landshlutum, þar sem landbúnaður á erfitt uppdráttar frá náttúrunnar hendi, svo sem sums staðar í Norður-Noregi, sé greitt umfram hið samningsbundna verð, svonefndar erfiðleikabætur (vansketillegg). Þá eru smábændur hvattir til að stækka bú sín, svo að þau verði hagkvæm rekstrareining með viðbótargreiðslum frá ríkinu, „småbrukartillegg".

Þetta virðast vera skynsamlegar aðferðir til að jafna aðstöðu landbúnaðarins og lyfta honum á arðvænlegra rekstrarstig.

Að sínu leyti er íslenzka kerfið, sem engu sinnir, nema verðhækkunum á framleiðslueiningu, jafnóskynsamlegt. Hvort sem mjólkin eða kjötið er hækkað um 10 eða 20%, getur það aldrei skipt sköpum fyrir smábóndann. Hann fær í sinn

hlut aðeins örlítinn hluta þeirra hundraða milljóna, sem ríkið greiðir í niðurgreiðslur og útflutningsuppbætur. Það er stórbóndinn, sem bezt er settur og ekki er hjálparþurfi, sá, sem mest er búinn að rækta og stærstan hefur bústofninn, sem fær obbann af öllu því fjármagni, sem ríkissjóður greiðir til landbúnaðarins, meðan gamla verðlagskerfinu er fylgt.

Þetta er óheppilegt og óskynsamlegt af tveimur ástæðum: Smæstu búin eru óhagkvæm. Búi smábóndinn á býli, sem framtíðarskilyrði hefur, á ríkið að veita honum sérstaka aðstoð til að koma bústærðinni í hagkvæmt horf. Búi hann hins vegar á örreytiskoti, sem ekki getur talizt framtíðarbújörð, á ríkið að kaupa hana fullu verði. Til þessa hvors tveggja væri ríkisfé vel varið.

Í annan stað sýna nýjustu athuganir, að bú tekur aftur að skila minna arði á framleiðslueiningu, er það hefur náð vissri stærð. — Þegar bú hefur náð þeirri stærð, ættu ríkisframlög að fara minnkandi og jafnvel falla niður að lokum. Að öðrum kosti er bóndans freistað til að halda áfram bústækkun, þótt það sé bæði sjálfum honum og þjóðfélaginu óhagkvæmt.

Þannig verkar sex-manna nefndar kerfið, sem slítur verðlagningu búvaranna miðað við framleiðslueiningu úr tengslum við alla aðra efnahagsþætti landbúnaðarins. Slíkt er óskynsamlegt, ekki sízt þegar um offramleiðslu er að ræða, eins og nú er ástatt hér á landi.

Ég hef lagt frumvarp til laga um heildarlausn þessara mála fyrir þingið. Það fjallar um skipulagningu Stéttarsambands bænda og samningsrétt þess gagnvart ríkisvaldinu um verðákvörðun landbúnaðarvara og aðra efnahagslega þætti, sem máli skipta fyrir kjör bænda. Það frumvarp hefur einnig ákvæði að geyma um Kjararannsóknarstofnun bænda, um Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum, — um framleiðsluáætlanir, Útflutningsráð landbúnaðarins og fleira. Það frumvarp hefur þegar verið kynnt landbúnaðarnefnd, og legg ég til, að það verði samþykkt.

Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. **legg ég til að verði fellt.**

Alþingi, 27. apríl 1966.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 607. Frumvarp til laga [202. mál]

um Stéttarsamband bænda, samningsrétt þess og aðild að verðákvörðun á landbúnaðarvörum, Kjararannsóknarstofnun bænda, Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum, framleiðsluáætlanir, Útflutningsráð landbúnaðarins o. fl.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Stéttarsamband bænda fer með fyrirsvar bænda um verðákvarðanir á framleiðsluvörum bænda, samninga, er þau mál varða, gagnvart ríkisvaldinu, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar og ákvarðanir af hendi bænda samkvæmt lögum þessum.

Landbúnaðarráðherra fer með fyrirsvar ríkisins að því er varðar samninga um verðákvarðanir á framleiðsluvörum bænda, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bænda, sem Stéttarsamband bænda er í fyrirsvari um fyrir hönd bænda skv. 1. mgr.

Landbúnaðarráðherra getur skipað nefnd þriggja til fimm manna til að annast af sinni hendi samninga við tilsvarandi nefnd Stéttarsambands bænda.

Útflutningsráð landbúnaðarins skv. lögum þessum heyrir undir landbúnaðarráðherra. **Samning framleiðsluáætlana landbúnaðarins** skv. lögum þessum heyrir undir viðskiptamálaráðherra.

Kjararannsóknarstofnun bænda skv. lögum þessum heyrir undir þann ráðherra, sem hliðstæðar stofnanir, svo sem Efnahagsstofnunin, heyra undir.

Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbúnaðarvörum heyrir undir þann ráðherra, sem fer með verðlagsmál.

Ákvarðanir um útflutningsbætur á landbúnaðarvörur svo og niðurgreiðslur á verði þeirra á innanlandsmarkaði heyra undir fjármálaráðherra.

Ákvarðanir um innflutning á landbúnaðarvörum heyra undir þann ráðherra, sem fer með verðlags- og viðskiptamál.

2. gr.

Stéttarsamband bænda kemur fram fyrir hönd bænda í málefnum bændastéttarinnar, sbr. 1. gr. þessara laga. Stjórn Stéttarsambands bænda velur 5 menn í nefnd, sem fer með umboð Stéttarsambandsins til samningagerðar við ríkisvaldið, sbr. 3. mgr. 1. gr. þessara laga.

3. gr.

Bændur eiga rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum bændastéttarinnar.

Bóndi er sérhver sá, að skilningi laga þessara, sem er ábúandi á lögbýli og hefur framfæri að meiri hluta af landbúnaði.

Sýslumenn og bæjarfógetar skulu árlega, eigi síðar en 15. febrúar, að fengnum upplýsingum sveitarstjórna, hreppstjóra og skattstjóra í umdæmum sínum, semja skýrslu um bændur í umdæminu.

4. gr.

Stéttarfélög bænda, sem stofnuð kunna að verða, skulu opin öllum bændum á félagssvæðinu, en að öðru leyti setja félögin sér sjálf lög og samþykktir, sem í aðalatriðum skulu vera í samræmi við lög og samþykktir Stéttarsambands bænda. Þing Stéttarsambands bænda á úrskurðarvald um, hvort svo sé, og getur beint því til stéttarfélags að breyta lögum sínum og samþykktum í samræmi við lög Stéttarsambandsins.

5. gr.

Heimilt er að ákveða, að félagssvæði stéttarfélags bænda megi aldrei vera minna en eitt sýslufélag eða kaupstaður. Heimilt er þingi Stéttarsambands bænda einnig að ákveða, að félagssvæði skuli ná yfir fleiri en eina sýslu og/eða kaupstað, ef slíkt félagssvæði getur talizt samfellt framleiðslusvæði, þ. e. svæði með svipuðum framleiðsluskilyrðum og framleiðsluháttum að því er landbúnað varðar.

6. gr.

Bændur kjósa fulltrúa á þing Stéttarsambands bænda eftir ákvæðum í lögum sambandsins.

Þing Stéttarsambands bænda hefur æðsta vald í félagsmálefnum þess.

7. gr.

Setja skal á stofn **Kjararannsóknarstofnun bænda**, er sé sjálfstæð ríkisstofnun og hafi það hlutverk að afla eins ýtarlegra og áreiðanlegra upplýsinga og framast er kostur um kjör bænda, aðstöðu og aðbúnað, vinnutíma þeirra og skylduliðs þeirra, svo og aðkeypts vinnuafls, raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara og öll önnur atriði, er varðað geta verðlagningu landbúnaðarvara og stuðlað geta að því, að ákvörðun verðlags á þeim til bænda geti orðið sem sanngjörnust og réttlátust.

8. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal taka við yfirstjórn Búreikningaskrifstofu ríkisins, en að öðru leyti skal sú skrifstofa starfa skv. lögum um hana frá 1936 (l. nr. 12 1. febr. 1936) með síðari breytingu (l. nr. 35 27. júní 1941). Stefnt skal að því, að skrifstofan fái í hendur árlega sundurliðaðar upplýsingar um rekstur og hag allra bænda á landinu, þannig gerðar, að svör fáist um sömu atriði, svo að samanburður og frágangur yfirlitsskýrslna verði sem auðveldastur.

9. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal enn fremur safna upplýsingum um ástand allra byggðra býla á landinu, landstærð þeirra, stærð ræktaðs lands, húsakost, þegindi í íbúðarhúsum, fjölskyldustærð ábúanda og tölu vinnandi skylduliðs hans, gerð og ástand gripahúsa, áhöfn, vélakost og afurðir bús, hvernig ástatt er um samgöngur, rafmagnssamband, síma o. s. frv., enn fremur um ræktunarmöguleika, þar með taldir möguleikar á aukningu hlunninda eða bættri aðstöðu ábúenda þeirra til aukinnar og ódýrari framleiðslu landbúnaðarafurða með hugsanlegri opinberri aðstoð eða annarri fyrirgreiðslu.

10. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal láta fara fram sérstaka og ýtarlega rannsókn á því, hvaða bústærð er hagkvæmust í hverri búgrein og hvort sérhæfing búa, t. d. að sauðfjárrækt, nautgriparækt eða matjurtarækt, sé æskileg á vissum landbúnaðarsvæðum. Skal rannsókn þessi gerð með það fyrir augum að afla rökstuddra upplýsinga um, hverjar aðgerðir hins opinbera séu æskilegar til þess að stuðla að sem mestri hagkvæmni og framleiðni í landbúnaðarframleiðslunni, og þá sérstaklega hverrar aðstoðar og fyrirgreiðslu sé þörf við þann flokk búa, sem athuganir sýna, að ekki hafa hagkvæma framleiðslu við núverandi skilyrði og aðstöðu.

11. gr.

Nú kemur í ljós við slíka rannsókn, að einstakar jarðir, sem eru í ábúð, hafa ekki framtíðarskilyrði til hagkvæms búrekstrar, og skal Kjararannsóknarstofnun bænda þá, að höfðu samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, gera tillögur til landbúnaðarráðherra um, að búrekstri á slíkum jörðum verði hætt, en eigendur þeirra og/eða ábúendur verði gerðir skaðlausir af slíkum ráðstöfunum og styrktir til búrekstrar á jörðum við hagkvæmari skilyrði, ef þeir óska.

Á sama hátt skal Kjararannsóknarstofnunin gera sjálfstæðar tillögur til úrbóta, ef það kemur í ljós við rannsókn, að stórrekstur í búskap sé óhagstæður og framleiðni lítil, miðað við fjármagn bundið í honum og dýrt aðkeypt vinnuafl. Skal í slíkum tilfellum takmarka eða fella niður frekari ræktunarstyrk til viðkomandi býlis og takmarka útflutningsbætur á afurðir þess við hámark, sem sé ekki hærra en 10% yfir meðaltal útflutningsbóta í heild, deilt á byggð býli í landinu.

12. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal, auk búreikninga bænda, sem safnað er skv. 8. gr., hafa aðgang að öllum skýrslum, sem Hagstofu Íslands berast um framleiðslu búvöru og annað, er varðar afkomu bænda. Hún skal enn fremur hafa aðgang að öllum framtalsskýrslum bænda til skatts ár hvert og aftur í tímann, eftir því sem henni þykir þurfa, til þess að fylgjast með þróun landbúnaðarframleiðslu og afkomu bænda frá ári til árs. Stofnunin skal hafa aðgang að þeim tækjum, sem fullkomnust eru og tiltæk hér á landi til endanlegrar úrvinnslu allra gagna, er hún hefur undir höndum og nota þarf við rannsóknir hennar og skýrslugerðir.

Skylt er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum að láta Kjararannsóknarstofnuninni í té allar upplýsingar, er henni þykir nauðsynlegar, til þess að hún geti innt hlutverk sitt af hendi.

Forstöðumanni Kjararannsóknarstofnunarinnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag og tekjur einstakra manna eða stofnana. Stofnunin skal hins vegar, eigi sjaldnar en einu sinni á ári, birta opinberlega almennar skýrslur um rannsóknir sínar og niðurstöður þeirra um ástand og þróun landbúnaðarframleiðslunnar í landinu og um afkomu og hag bændastéttarinnar. Sérstaklega skal dreifa meðal bænda þeim skýrslum og niðurstöðum rannsókna, er orðið geta bændum og öðrum til leiðbeiningar um aukna hagkvæmni og framleiðni á sviði landbúnaðarframleiðslunnar.

Kostnaður við Kjararannsóknarstofnunina greiðist úr ríkissjóði.

13. gr.

Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara skal starfa í náinni samvinnu við Kjararannsóknarstofnun bænda.

Nefndin skal skipuð sjö mönnum, þremur tilnefndum af eftirgreindum landssamtökum launþega, einum af hverju: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og þremur mönnum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda. Sjöundi maður nefndarinnar skal vera forstöðumaður Kjararannsóknarstofnunar bænda, og er hann formaður nefndarinnar.

Nefndin skal kynna sér til hlítar allt fyrirkomulag og starfsemi þeirra aðila, fyrirtækja og stofnana, sem annast vinnslu, dreifingu og sölu landbúnaðarafurða. Skulu þeir skyldir til að láta nefndinni í té allar upplýsingar, er hún óskar, og gera henni kleift að kynna sér sem nákvæmlegast í reynd alla starfsemi þeirra og rekstur.

Nefndinni er heimilt að ráða í þjónustu sína sérfróða menn sér til aðstoðar.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með því, að vinnsla, dreifing og sala landbúnaðarvara sé sem hagkvæmust og ódýrust, þannig að milliliðakostnaður hvers konar, sem leggst á landbúnaðarvöru, frá því að framleiðendur skila henni af hendi og þangað til hún kemst til neytenda, sé sem allra lægstur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði, en ráðherra ákveður þóknun til nefndarmanna.

14. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal, eigi síðar en 15. júní ár hvert, láta landbúnaðarráðherra, eða nefnd þeirri, er hann kann að skipa, sbr. 3. mgr. 1. gr., til þess að annast samninga af sinni hendi, og nefnd þeirri, er stjórn Stéttarsambands bænda velur skv. 2. gr., til þess að fara með umboð Stéttarsambandsins til samningagerðar, í té allar þær upplýsingar og skýrslur, sem hún hefur aflað og undirbúið um hag, afkomu og kjör bænda á næstliðnu verðlagsári og máli geta skipt fyrir verðlagningu landbúnaðarafurða.

Fyrir sama tíma skal Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara, sbr. 13. gr., láta sömu aðilum í té allar skýrslur, athuganir og ábendingar, er hún hefur að gera varðandi möguleika á aukinni hagkvæmni í dreifingu landbúnaðarvara og lækkun dreifingarkostnaðar.

Stjórn Stéttarsambands bænda og nefnd sú, er hún velur til samningagerðar, annars vegar, og landbúnaðarráðherra og/eða nefnd sú, er hann skipar til að annast samninga af sinni hendi, hins vegar, geta hvenær sem er óskað eftir sérstökum rannsóknum, athugunum og skýrslum frá hendi Kjararannsóknarstofnunar bænda um einstök atriði, er þessir aðilar telja máli skipta, og skal Kjararannsóknarstofnunin verða við slíkum óskum, eins fljótt og verða má.

15. gr.

Eins fljótt og verða má eftir 15. júní ár hvert skal samninganefnd Stéttarsambands bænda og landbúnaðarráðherra, eða nefnd sú, er hann skipar, sbr. 3. mgr. 1. gr., ganga til samninga um kjara- og hagsmunamál bænda, þ. á m. verðákvörðun landbúnaðarvara.

Samningsaðilar skulu leitast við að ná samkomulagi, er sé bindandi fyrir báða aðila í eitt ár hið minnsta, en lengur, ef báðir aðilar eru á það sáttir og sammála um reglur, er varða breytingar á verðlagsákvörðun eða öðrum samningsatriðum vegna breyttra aðstæðna, en að óbreyttum samkomulagsgrundvelli.

Stefnt skal að því að ná milli samningsaðila heildarsamkomulagi um landbúnaðarmál, þ. e. kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar í heild, þ. á m. um eftirfarandi atriði:

1. Ákvörðun verðlags á landbúnaðarvörum til bænda, söluverð landbúnaðarvara í heildsölu og smásölu og reglur um breytingar á því í samræmi við aðrar verðlagsbreytingar á samningstímabilinu.

2. Ráðstafanir til þess að efla hagkvæmni og framleiðni í framleiðslu landbúnaðarvara, þ. á m. ráðstafanir til þess, að heildarframleiðslan verði á hverjum tíma í sem mestu samræmi við þarfir hins innlenda markaðar, en að framleiðsla umfram þær þarfir á vörum, sem seljast ekki á erlendum markaði nema undir innanlandsverði, sé sem allra minnst.

3. Ráðstafanir til þess að efla neyzlu innanlands á íslenzkum landbúnaðarvörum, m. a. með því að lækka dreifingarkostnað og koma til móts við óskir neytenda um frágang og gæði varanna og hagkvæma dreifingu til neytenda.

4. Reglur um innflutning á landbúnaðarvörum til samanburðar við verð og gæði innlendrar framleiðslu.

5. Opinbera aðstoð og styrkveitingar, í hvaða formi sem er, til landbúnaðarins og bænda, þ. á m. lánsfjármál bænda, bæði að því er varðar stofnlán og rekstrarlán, enda sé þess gætt, að opinber aðstoð til landbúnaðarins verði ekki til þess að auka umframframleiðslu, sem síðar verði að styrkja með útflutningsbótum.

Hér er m. a. átt við styrki til að koma smábúum í hagkvæmari rekstrarstærð, svo og að semja um bætur til bænda vegna erfiðrar aðstöðu til búrekstrar, þar sem þó þykir rétt, að byggð haldist.

16. gr.

Nú næst ekki meiri hluti í samninganefndum um atriði, er meiri hluti samninganefndamanna telur miklu máli skipta, og skal þá innan eins mánaðar, frá því að samningaumleitanir hófust, vísa ágreiningnum til sáttasemjara ríkisins. Skal sáttasemjari leitast við að finna málamiðlun í ágreiningsatriðum og leggja fram tillögur þeim til úrlausnar, og fer um sáttatilraunir hans og tillögur til lausnar deilunnar, eftir því sem við á, skv. ákvæðum laga nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nú hefur sáttasemjari hætt sáttatilraunum með öllu, vegna þess að hann telur þær árangurslausar, og getur þá forsætisráðherra skipað sérstaka sáttanefnd vegna deilunnar. Beri starf hennar ekki árangur og samkomulag hafi ekki náðst fyrir 15. október það ár, er samningar fara fram, er Stéttarsambandi bænda heimilt að ákveða sölustöðvun á landbúnaðarvörum að uppfylltum þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru stéttarfélögum um að gera verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum, í 14., 15. og 16. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur, nr. 80. 11. júní 1938.

17. gr.

Kjararannsóknarstofnun bænda skal ár hvert í samvinnu við Efnahagsstofnunina gera framleiðsluáætlun fyrir landbúnaðinn á komandi verðlagsári og jafnframt, eftir því sem unnt er, sams konar áætlun nokkur ár fram í tímann.

Í áætlunum þessum skal það lagt til grundvallar, að íslenzkur landbúnaður geti á hverjum tíma fullnægt þörfum þjóðarinnar fyrir sem allra flestar tegundir landbúnaðarafurða, en framleiðsla umfram þær þarfir miðist við markaðsmöguleika erlendis á viðunandi verði.

Annað grundvallaratriði áætlunargerðarinnar sé, að landbúnaðarframleiðslan fari fram með eins hagkvæmum hætti og unnt er fyrir þjóðarheildina, ráðstafanir verði gerðar til þess að auka framleiðni í hvívetna og styðja framleiðendur til þess með opinberum aðgerðum, jafnframt því sem ráðstafanir séu einnig gerðar til þess að draga úr óhagkvæmri framleiðslu, svo sem þeirri, sem selja verður úr landi á mjög lágu verði.

18. gr.

Setja skal á stofn Útflutningsráð landbúnaðarins, er vinni að því að afla markaða erlendis fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir og vinna að sölu þeirra með viðunandi verði.

Útflutningsráð landbúnaðarins sé skipað 3 mönnum, einum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda, einum af Sambandi íslenzkra samvinnufélaga og einum, er viðskiptamálaráðherra tilnefnir.

Nú næst ekki sama verð til bænda fyrir nautgripa- og sauðfjárafurðir á erlendum markaði og framleiðendur fá greitt fyrir þær á innlendum markaði, og má þá fyrst um sinn greiða útflutningsbætur úr ríkissjóði á þær afurðir, þó aldrei meira en sem svarar 10% af heildarverðmæti framleiðslu þessara afurða viðkomandi verðlagsár og aldrei meira en 100% bætur miðað við innanlandsverð til framleiðenda á hverja sérgreinda vörutegund. Óheimilt er að hækka söluverð á landbúnaðarvörum innanlands til þess að bæta upp söluverð þeirra á erlendum markaði.

Hámarksupphæð útflutningsbóta úr ríkissjóði skal fara lækkandi um a. m. k. 10 milljónir króna á ári á næstu 5 árum, nema ofangreint hámarksákvæði ákvarði lægri upphæð.

Verja má árlega úr ríkissjóði sem svarar allt að 10% af upphæð áætlaðra útflutningsbóta til markaðsöflunar erlendis fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir, einkum þær, sem njóta útflutningsbóta skv. lögum þessum.

19. gr.

Nú lækkar heildarupphæð sú, sem varið er til útflutningsbóta á landbúnaðarvörur, miðað við, að hún sé allt að 10% af heildarverðmæti landbúnaðarframleiðslunnar hvert verðlagsár, reiknað eftir afurðaverði til bænda, og skal þá verja mismuninum á þeirri heildarupphæð, sem greidd verður í þessu skyni, skv. ákvörðun þessara laga, og þeirri upphæð, sem hefði átt að greiða skv. ákvörðun 2. málsgr. 12. gr. laga nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., til þess að jafna og bæta aðstöðu bænda til hagkvæmari búrekstrar og aukinnar framleiðni í landbúnaðarframleiðslu, þannig, að bændur missi einskis í, að því er varðar fjárframlög úr ríkissjóði til landbúnaðar, frá því sem nú er.

20. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll ákvæði laga nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem brjóta í bág við ákvæði þessara laga, svo og öll önnur ákvæði laga, sem kunna að brjóta í bág við lög þessi.

21. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

Greinargerð.

Á liðnu hausti skipaði landbúnaðarráðherra 7 manna nefnd til þess að endurskoða gildandi löggjöf um verðlagningu landbúnaðarafurða. Flutningsmaður þessa frumvarps var einn þeirra, sem til var kvaddur að starfa í nefnd þessari.

Niðurstaða nefndarstarfsins varð í meginatriðum sú, að meiri hluti nefndarinnar lagði til, að hið svonefnda sex-manna nefndar kerfi skyldi endurvakið á ný með þeirri aðalbreytingu, að það gæti ekki orðið óvirkt, en ég var því andvígur og lagði til, að Stéttarsamband bænda fengi með lögum viðurkenndan óskoraðan samningsrétt fyrir hönd bænda gagnvart ríkisvaldinu um afurðaverð landbúnaðarins, launakjör bændastéttarinnar og önnur hagsmunamál hennar.

Þar sem allir nefndarmenn viðurkenndu, að mjög væri ábótavant þeim upplýsingagrundvelli, er sex-manna nefnd hefur orðið að byggja starf sitt á, lagði ég einnig til, að komið yrði á fót Kjararannsóknarstofnun landbúnaðarins, er framkvæmdi sjálfstæðar rannsóknir á framleiðslukostnaði landbúnaðarvara, vinnutíma bænda og skylduliðs þeirra, dreifingar- og sölukostnaði landbúnaðarvara, svo og allri verðmyndun þessara þýðingarmiklu neyzluvara allrar þjóðarinnar.

Ég taldi sex-manna nefndar kerfið aldrei geta leitt til annars en mjög tilviljanakenndrar niðurstöðu, þegar byggja skyldi samningaþóf á allsendis ófullnægjandi upplýsingum og gagnasöfnun, svo sem verið hefði.

Þá undirstrikaði ég rækilega í nefndarstarfinu, að ég teldi óeðlilegt með öllu, að stéttarsamtök erfiðismanna í bæjum og kauptúnum skyldu, eins og sex-manna nefndar kerfið gerir ráð fyrir, vera lögskipaðir samningsaðilar **móti** erfiðismannastétt dreifbýlisins, bændunum.

Öllum má augljóst vera, að þessi skipan er jafnóeðlileg og að verkamenn ættu fulltrúa við samningaborð **móti** opinberum starfsmönnum, — eða hið gagnstæða, að fulltrúum bænda eða opinberra starfsmanna væri með lögum skipað að samningaborði **móti** verkamönnum til þess að hafa þar áhrif á launakjör þeirra til lækkunar. Slíku og þvílíku mundu verkamenn auðvitað vísa á bug sem hreinni fjarstæðu.

Þá verður rökum þeim, sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands færði fyrir því á s. l. hausti að afturkalla tilnefningu á fulltrúa sínum í sex-manna nefnd, trauðla hnekkt, en þau voru meðal annars þessi:

1. Stöðug hækkun á verðlagi landbúnaðarafurða er að mestu **bein afleiðing** af verðbólgustefnu stjórnarvalda. Á þá þróun getur sex-manna nefnd engin áhrif haft með starfi sínu.

2. Högum bænda er nú svo komið, að því fer víðs fjarri, að unnt sé á réttlátan hátt að leysa ýmis brýnustu vandamál þeirra — sízt af öllu hinna smærri bænda — með verðlagningu landbúnaðarvara einni saman, en sex-manna nefnd hefur ekkert vald til að fjalla um stefnuna í landbúnaðarmálum í heild.

3. Munurinn á verði því, sem bændur fá fyrir framleiðsluvörur sínar, og því, sem neytendur verða að greiða, er svo stórkostlegur, að ógerlegt er fyrir fulltrúa neytenda að bera ábyrgð á söluverði landbúnaðarvara, **nema rannsakað sé ofan í kjölinn, hvernig þessi verðmunur verður til.**

Það var því krafa Alþýðusambandsins, að ýtarleg og hlutlaus rannsókn yrði látin fram fara á öllum vinnslu-, sölu- og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara og það sérstaklega kannað, hve mikill hluti hans stafi af fjárfestingarframkvæmdum milliliða og hvað af beinum og óhjákvæmilegum sölu- og dreifingarkostnaði.

4. Undir sex-manna nefndar kerfinu er því alls ekki til að dreifa, að framleiðendur eða neytendur hafi úrslitaáhrif á verðákvörðun landbúnaðarvara. Í þeim efnum ræður ríkisvaldið úrslitum. Í verðlagsmálunum á því ríkisvaldið, eðli málsins samkvæmt, að bera fulla ábyrgð gagnvart bændastéttinni.

Öll þessi rök sýna berlega, að það er hvorki rétt né eðlilegt, að Alþýðusamband Íslands sé eða verði áfram aðili að hinu margnefnda sex-manna nefndar kerfi.

Auk alls annars er kerfi þetta byggt á augljósri hugsanavillu. Bændum er skip-

að annars vegar — verkalýðssamtökunum hins vegar sem umboðsaðila andstæðra hagsmuna. Þetta er rangt með öllu. — Hagsmunir verkamanna og bænda eiga í flestu samleið.

Hið rétta er, að annars vegar er framleiðslustéttin, bændurnir, og hins vegar **þjóðin öll sem neytendur.** Fyrir hana er enginn sjálfsagðari aðili til en ríkisstjórnin á hverjum tíma. Mælir það sízt gegn henni sem samningsaðila gagnvart bændum, þótt henni sé jafnframt skylt að gæta hagsmuna framleiðslustéttanna.

Samkvæmt tillögum meiri hluta sjö-manna nefndarinnar, hefur ríkisstjórnin nú lagt fram frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl. Það er, eins og fyrr segir, meginefni frumvarpsins að endurvekja sex-manna nefndar kerfið. Þar er Alþýðusambandi Íslands ásamt sömu aðilum og áður heimilað að tilnefna fulltrúa í sex-manna nefnd, þrátt fyrir það, að Alþýðusambandið hefur ákveðið beðizt undan slíkri aðild. Síðan segir í frumvarpinu:

„Nú notar einhver aðili ekki rétt sinn til tilnefningar, og skal landbúnaðarráðherra þá tilnefna í stað þeirra samtaka framleiðenda, er ekki nota rétt sinn, en félagsmálaráðherra á sama hátt í stað samtaka neytenda."

Þetta er raunar aðalbreytingin á sex-manna nefndar kerfinu frá gildandi lögum. Með þessu skal komið í veg fyrir, að kerfið geti orðið „bráðkvatt", eins og það hefur orðið tvisvar sinnum.

En komi til ráðherratilnefningar í sex-manna nefnd, hefur kerfið tekið verulegri eðlisbreytingu, þar eð slíkur fulltrúi væri auðvitað með öllu óviðkomandi hagsmunasamtökum framleiðenda eða neytenda.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er að meginefni byggt á þeim skoðunum, er ég túlkaði í sjö-manna nefndinni og fram koma í séráliti, er ég, að nefndarstörfum loknum, lagði fram og nú hefur verið prentað með athugasemdum við frumvarp ríkisstjórnarinnar um framleiðsluráð landbúnaðarins o. fl.

Í þessu frumvarpi er málum þessum öllum skipað í fast kerfi, er leysa skuli sex-manna nefndar kerfið af hólmi.

Er flutningsmanni ljóst, að hér er um svo viðamikil og fjölþætt efnahagsmál að ræða, að sjálfsagt er að skipa þeim ekki með lögum án náins samráðs við bændastéttina og hagsmunasamtök hennar, svo og við alla þá aðila, er hagsmuna eiga sérstaklega að gæta í sambandi við lausn þessara mála.

Þess vegna er eðlilegast, að þessu frumvarpi og frumvarpi ríkisstjórnarinnar um endurvakið kerfi sex-manna nefndar verði báðum vísað til umsagnar réttra aðila, en ekki lögfest athugunarlítið og í flaustri á seinustu annríkisdögum þessa þings.

Mun ég leggja til, að svo verði gert.

Skal nú þessu næst leitazt við að gera grein fyrir aðalefni þessa frumvarps.

1. gr. frumvarpsins ákveður, að Stéttarsamband bænda fari að lögum með fyrirsvar bænda um verðákvörðun landbúnaðarvara, samninga varðandi þau mál gagnvart ríkisvaldinu, svo og um önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar.

Á sama hátt skal landbúnaðarráðherra fara með fyrirsvar ríkisins varðandi samninga um verðákvarðanir á framleiðsluvörum bænda og um önnur kjara- og hagsmunamál þeirra. Þetta hlutverk getur ráðherra falið þriggja til fimm manna nefnd, gagnvart jafnfjölmennri nefnd Stéttarsambands bænda.

Fram til þessa hefur þótt hlýða, að allir þættir landbúnaðarmála heyrðu undir landbúnaðarráðherra. Með þeirri verkaskiptingu stjórnvalda, sem nú er talin nauðsynleg og sjálfsögð, eins og á öllum öðrum sviðum þjóðlífsins, verður mjög að draga í efa, að slíkt fyrirkomulag henti lengur.

Hér er lagt til: Að gerð framleiðsluáætlana landbúnaðarins heyri undir landbúnaðarráðherra. — Að Útflutningsráð landbúnaðarins heyri undir viðskiptamálaráðherra. — Að Kjararannsóknarstofnun bænda heyri undir þann ráðherra, sem Efnahagsstofnunin og hliðstæðar stofnanir heyra undir. — Að Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með vörudreifingu landbúnaðarins og dreifingarkostnaði á landbún-

aðarvörum heyri undir þann ráðherra, sem á hverjum tíma fer með verðlagsmál. — Að ákvarðanir um útflutningsbætur á landbúnaðarvörur og niðurgreiðslur þeirra á innanlandsmarkaði heyri undir fjármálaráðherra. — Og loks, að ákvarðanir um innflutning á landbúnaðarvörum skuli heyra undir þann ráðherra, sem fer með verðlags- og viðskiptamál. Þetta verður naumast talin óeðlileg verkaskipting.

2.—6. gr. frumvarpsins fjalla um stéttarleg skipulagsmál bænda.

Eðlilegt verður að telja, að svo sem stéttarsamtökum verkamanna er stakkur skorinn — réttindi og skyldur lögfestar — með lögunum um stéttarfélög og vinnudeilur, sé réttargrundvöllur hliðstæðra samtaka bændastéttarinnar einnig ákveðinn í lögum.

Í 2. grein segir, að Stéttarsamband bænda skuli koma fram fyrir sambandsins hönd í málefnum bændastéttarinnar. Skal stjórn Stéttarsambandsins m. a. kjósa nefnd, sem í umboði þess annast samningagerð við ríkisvaldið.

Samkvæmt ákvæðum 3. gr. eiga bændur rétt á að stofna stéttarfélög í þeim tilgangi að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum bændastéttarinnar. Þetta er hliðstætt réttarákvæði við rétt verkafólks skv. ákvæðum laganna um stéttarfélög og vinnudeilur.

Þá er í þessari grein skilgreining á hugtakinu bóndi, en fram til þessa hefur það mjög verið á reiki, hverja telja skuli til bændastéttarinnar. Skal hinn fjölmenni hópur kauptúna- og kaupstaðarbúa, sem búfjárrækt stundar í smærri eða stærri stíl, teljast til bænda? Skulu garðyrkjumenn, sem framleiða mikið magn grænmetis og garðávaxta, teljast bændur? Skulu þeir, sem alifuglarækt stunda, teljast til bændastéttarinnar eða ekki o. s. frv., o. s. frv.? Þannig eru vafaatriðin fjölmörg, enda hafa menn ekki tölur á reiðum höndum um tölu bænda í landinu. Veltur þar mjög á því, hvernig hugtakið bóndi er skilgreint.

Hér er hver sá talinn bóndi, sem er ábúandi á lögbýli og hefur framfæri að meiri hluta af landbúnaði.

Sýslumönnum og bæjarfógetum er ætlað að semja skýrslur um bændur í umdæmum sínum. Fundur viðkomandi stéttarfélags bænda sker úr um það, hver teljist bóndi. Úr ágreiningsatriðum um það sker þing Stéttarsambands bænda endanlega.

Sérhvert stéttarfélag bænda skal skv. 4. gr. opið öllum bændum á félagssvæðinu, og er það hliðstætt ákvæðum vinnulöggjafarinnar gagnvart verkalýðsfélögunum.

Í 5. gr. segir, að heimilt sé að ákveða, að félagssvæði stéttarfélags bænda megi aldrei vera minna en eitt sýslufélag eða kaupstaður. Þó er heimilt að hafa félagssvæðið stærra, ef um svipuð framleiðsluskilyrði og áþekka framleiðsluhætti er að ræða að því er landbúnað varðar í tveimur eða fleiri sýslufélögum.

Samkvæmt vinnulöggjöfinni er lágmark félagssvæðis verkalýðsfélags eitt sveitarfélag. En nú eru menn sammála um, að slíkar félagseiningar séu of smáar. Stefnir þróunin í verkalýðssamtökunum eindregið í þá átt að stækka félagssvæðin. Við það verða félagseiningarnar starfhæfari og styrkari, enda gera bættar samgöngur slíkt vel mögulegt.

Það er skv. 6. gr. frumvarpsins réttur bænda að kjósa fulltrúa á þing Stéttarsambands bænda. Nú er þessi réttur í höndum kjörmannafunda eða búnaðarsambanda, sem eru einingar í öðru félagakerfi, nfl. Búnaðarfélagi Íslands.

Þá er í 6. gr. ákveðið, að þing Stéttarsambands bænda hafi æðsta vald í félagsmálefnum sambandsins.

Einn veikasti hlekkurinn í sex-manna nefndar kerfinu er sá, að upplýsingagrundvöllinn hefur að mestu vantað. — Hér þarf úr að bæta, ef samningar eiga að geta leitt til skynsamlegrar niðurstöðu.

7.—13. gr. þessa frumvarps fjalla um Kjararannsóknarstofnun bænda, sem skal vera sjálfstæð og hlutlaus ríkisstofnun. Hlutverk hennar skal vera það að rannsaka kjör bænda, aðstöðu þeirra og aðbúnað, vinnutíma þeirra og skylduliðs þeirra, svo og aðkeypts vinnuafls, raunverulegan framleiðslukostnað landbúnaðarvara og allt

það, sem varðar verðlagningu landbúnaðarvara og á einhvern hátt getur stuðlað að því, að ákvörðun verðlags á þeim verði réttlát og sanngjörn.

Kjararannsóknarstofnuninni er ætlað að taka við yfirstjórn Búreikningaskrifstofunnar.

Þá skal Kjararannsóknarstofnun bænda safna upplýsingum um ástand allra byggðra býla á landinu, ræktunarmöguleika þeirra, aðstöðu til samgangna, rafmagn, síma o. s. frv.

Kjararannsóknarstofnunin skal einnig rannsaka, hvaða bústærð sé hagkvæmust í hverri búgrein og hvort sérhæfing búskapar sé æskileg á vissum landbúnaðarsvæðum, einnig hvað gera megi til að auka hagkvæmni í búrekstri.

Komi í ljós við rannsókn, að einstakar jarðir, sem eru í ábúð, hafi ekki framtíðarskilyrði til hagkvæms búrekstrar, getur Kjararannsóknarstofnunin hlutazt til um, að búrekstri á slíkum jörðum skuli hætt, en gera skal eigendur eða ábúendur slíkra jarða skaðlausa af þeim ráðstöfunum og þeir studdir til búskapar við hagkvæmari skilyrði, ef þeir óska þess.

Eiga skal Kjararannsóknarstofnunin greiðan aðgang að öllum skýrslum Hagstofu og Efnahagsstofnunar, er landbúnað varða. Einstaklingum og fyrirtækjum skal skylt að láta Kjararannsóknarstofnuninni í té allar þær upplýsingar, er hún krefst og nauðsynlegar eru vegna starfa hennar. Skylt er Kjararannsóknarstofnuninni að birta árlega skýrslur um störf sín, einkum um allt það, sem orðið gæti bændum og öðrum til leiðbeiningar um aukna hagkvæmni og framleiðni á sviði landbúnaðarframleiðslunnar.

Kjararannsóknarstofnun bænda á skv. frumvarpinu að vera alhliða hagstofnun landbúnaðarins.

13. gr. frumvarpsins fjallar um Rannsóknar- og eftirlitsnefnd með dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara. Er þar komið að þýðingarmiklum þætti verðlagsmála landbúnaðarins, sem ótvírætt er jafnmikilsverður bændum sem neytendum. Skiptir það raunar þjóðina alla verulegu máli, að öllum dreifingar- og sölukostnaði landbúnaðarvara sé stillt í hóf. Er það engum hollt, að þessi víðtæka viðskiptastarfsemi fari fram án samkeppni og án eftirlits, svo sem nú á sér stað.

Á þessu sviði er eðlilegt og sjálfsagt, að launþegasamtök og bændur eigi samstarf, en ekki um sjálf launamál bændastéttarinnar, eins og sex-manna nefndar kerfið ætlast til.

Frumvarpið gerir ráð fyrir skipun sjö-manna nefndar, er starfi í náinni samvinnu við Kjararannsóknarstofnun bænda og rannsaki og hafi eftirlit með öllu dreifingarkerfi og dreifingarkostnaði landbúnaðarvara.

Lagt er til, að nefndin sé skipuð einum fulltrúa frá hverju eftirtalinna samtaka: Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, og þremur mönnum tilnefndum af Stéttarsambandi bænda. Sjöundi maðurinn er eðlilegt að verði forstöðumaður Kjararannsóknarstofnunar bænda, og gegni hann formennsku í nefndinni.

Það er sérstaklega hlutverk þessarar nefndar að hafa eftirlit með því, að vinnsla, dreifing og sala landbúnaðarvara sé sem hagkvæmust og ódýrust, þannig að milliliðakostnaður hvers konar, sem leggst á landbúnaðarvöru, frá því að framleiðendur skila henni af hendi og þar til hún kemst í hendur neytenda, sé sem allra lægstur.

Skylt skal Kjararannsóknarstofnun bænda og Rannsóknar- og eftirlitsnefnd dreifingarkerfisins að láta samninganefnd ríkisstjórnar og Stéttarsambands bænda í té allar skýrslur, athuganir og ábendingar, er leitt geti til réttlátrar verðákvörðunar landbúnaðarvara.

Samningar um verðlagningu landbúnaðarvara og önnur kjara- og hagsmunamál bændastéttarinnar skulu hefjast upp úr miðjum júní ár hvert. Stefnt skal að því að ná heildarsamkomulagi um landbúnaðarmál, m. a. um eftirfarandi atriði:

1. Verðlagningu landbúnaðarvara og breytingar verðs í samræmi við aðrar verðlagsbreytingar, sem verða kunna á samningstímabilinu.

2. Ráðstafanir til að auka hagkvæmni og framleiðni í íslenzkum landbúnaði og að framleiðslan verði jafnan í samræmi við þarfir hins innlenda markaðar.
3. Ráðstafanir til aukinnar neyzlu innanlands, t. d. með lækkuðum dreifingarkostnaði, auknum vörugæðum og hagkvæmri dreifingu.
4. Reglur um innflutning vissra landbúnaðarvara, m. a. til samanburðar við verð og gæði innlendrar framleiðslu.
5. Opinbera aðstoð og styrkveitingar, svo og hagkvæmar lánveitingar til landbúnaðar. Þó sé þess sérstaklega gætt, að opinber aðstoð til landbúnaðarins verði ekki til að auka umframframleiðslu, er síðan verði að styrkja með útflutningsbótum.

Náist ekki samningar um verðlagningu landbúnaðarvara, fer ágreiningur til sáttasemjara ríkisins og sætir meðferð skv. ákvæðum laga um stéttarfélög og vinnudeilur, eftir því, sem við getur átt.

Strandi sáttaumleitanir sáttasemjara, gerir frumvarpið ráð fyrir, að forsætisráðherra geti skipað sáttanefnd. Beri starf hennar ekki heldur árangur, skal bændum heimilt að ákveða sölustöðvun á landbúnaðarvörum, að uppfylltum þeim skilyrðum og takmörkunum, sem sett eru stéttarfélögum verkamanna um verkföll í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum og til verndar rétti sínum.

Svo gagngerar sáttatilraunir sem hér er gert ráð fyrir að samningum strönduðum tryggja það, að bændur grípa ekki til sölustöðvunar nema í ýtrustu neyð, þegar þeim er sýnd mikil óbilgirni og traðkað er á rétti þeirra. En þá virðist líka sjálfsagt, að bændur njóti sömu mannréttinda og aðrar stéttir, er frjálsan samningsrétt hafa um lífskjör sín.

Sáttatillögur allar skulu að sjálfsögðu leggjast fyrir samtök bænda til samþykktar eða synjunar, á sama hátt og slíkar tillögur ganga undir atkvæði í stéttarfélögum verkamanna.

Í 17. gr. frv. eru ákvæði um, að Kjararannsóknarstofnun bænda skuli árlega gera framleiðsluáætlun fyrir landbúnaðinn á komandi verðlagsári og einnig áætlanir fyrir lengri tíma, eftir því sem unnt þykir.

Með áætlunum þessum skal við það miðað að reyna að beina þróun landbúnaðarframleiðslu inn á þær brautir, er bezt fullnægi neyzluþörfum þjóðarinnar.

Útflutningsráði landbúnaðarins, sem um er rætt í 18. gr., er ætlað það hlutverk að vinna að öflun markaða erlendis fyrir íslenzkar landbúnaðarafurðir á viðunandi verði.

Náist ekki sama verð til bænda fyrir nautgripa- og sauðfjárafurðir á erlendum markaði og framleiðendur fá fyrir þær greitt innanlands, má að hámarki greiða 10% af heildarverðmæti þessara afurða viðkomandi verðlagsár sem útflutningsbætur. Á hverja sérgreinda vörutegund mega þessar bætur aldrei vera hærri en 100% miðað við innanlandsverð til framleiðenda.

Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að hámark útflutningsbóta úr ríkissjóði skuli lækka um a. m. k. 10 milljónir króna á ári næstu 5 árin.

Heimilt er að verja úr ríkissjóði allt að 10% af upphæð áætlaðra útflutningsbóta til markaðsöflunar erlendis, einkum vegna þeirra landbúnaðarvara, sem útflutningsbóta njóta skv. lögum þessum.

Þá er að lokum kveðið svo á í frumvarpinu, að mismuninum á lækkandi útflutningsbótum, skv. þessu frumvarpi, og þeirri upphæð, sem greiða bæri skv. gildandi lögum, skuli varið til að jafna og bæta aðstöðu bænda til hagkvæmari búrekstrar og aukinnar framleiðni í landbúnaðarframleiðslu, þannig, að bændur missi einskis í að því er varðar fjárframlög úr ríkissjóði til landbúnaðar frá því, sem nú er.

Þessu kerfi, sem hér hefur lauslega verið gerð grein fyrir og varðar félagsmál bænda, skipulags- og framleiðslumál landbúnaðarins, svo og verðlagningu landbúnaðarvara, ásamt öllum meginhagsmunamálum bændastéttarinnar, er ætlað að leysa hið svo nefnda sex-manna nefndar kerfi af hólmi.

Verði frv. þetta samþ., skulu öll ákvæði framleiðsluráðslaganna og annarra laga, sem brjóta kunna í bág við ákvæði þess, úr gildi felld.

Ed. 608. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 1. minni hl. álbræðslunefndar.

Athugun þessa máls í nefndinni fór fram í samvinnu við álbræðslunefnd Nd. 2. minni hluti þeirrar nefndar, þeir Ingvar Gíslason og Þórarinn Þórarinsson, gaf út mjög ýtarlegt nefndarálit, þar sem þau sjónarmið, sem mestu varða í þessu máli, koma glöggt fram, og munum við því að mestu láta okkur nægja að vísa til þess.

Rétt þykir þó að draga hér fram nokkur höfuðatriði málsins, sem marka afstöðu okkar til þess.

Verðlags- og efnahagsmálin eru meginvandamál þjóðarinnar um þessar mundir. Dýrtíðarhjólið er á fleygiferð. Ríkisstjórnin hefur brugðizt þeirri frumskyldu sinni að ná tökum á þessum vandamálum. Stórfelld erlend fjárfesting á því svæði landsins, þar sem þenslan í verðlaginu á rót sína, ofan á allt annað, nauðsynlegt og ónauðsynlegt, sem verið er að framkvæma, mundi að okkar dómi hafa slíkar óheilla-afleiðingar fyrir efnahagslífið í landinu, að seint yrði bætt.

Samningurinn er óhagstæður. Raforkuverðið er mjög lágt. Það er sagt miðað við það, að bræðslan skili í raforkuverði rúmlega sínum hluta af virkjunarkostnaði ódýrustu virkjunar, sem möguleg er á Íslandi, en bræðslan á að fá tvo þriðju hluta af orkunni frá þeirri virkjun. Mjög er þó undir hælinn lagt, hvort þær áætlanir standast, og líklegast, að þær geri það ekki. En sjálfum er okkur ætlað að standa undir dýrari virkjunum, sem nauðsynlegar verða á samningstímabilinu, m. a. vegna álbræðslunnar.

Samningurinn geymir ákvæði um lögsögu og gerðardóm, sem eru með öllu óviðunandi. Það er ekki nóg með, að svissneska fyrirtækið geti einhliða skotið deilumálum sínum við íslenzka ríkið til útlends gerðardóms. Slíks munu e. t. v. einhver dæmi, að umkomulitlar þjóðir hafi orðið að sætta sig við það. Hitt mun algert einsdæmi, a. m. k. í ríkjum, sem búa við svipað réttarástand og hér er, að hið íslenzka verksmiðjufyrirtæki getur einnig stefnt íslenzka ríkinu, Landsvirkjun o. fl. opinberum íslenzkum aðilum fyrir erlendan gerðardóm. Sagt er, að sá erlendi dómstóll eigi að dæma eftir íslenzkum lögum auk alþjóðalaga. Ýmsir munu að óreyndu kvíða því, að þekking erlendra manna á íslenzkum lögum kunni að reynast takmörkuð.

Auk þess hafa ákvæði úr stjórnarskrá Íslands verið tekin inn í samninginn, og gæti það augsýnilega síðar gefið einhverjum tilefni til að halda því fram, að útlendi gerðardómurinn eigi að skera úr því, hvenær þau eigi við eða þeim sé fullnægt.

Við undirritaðir og flokkur okkar höfum jafnan talið, að samvinna við erlent fjármagn til uppbyggingar nýrra orkufrekra iðngreina í landinu komi mjög til greina, en aðeins við þau skilyrði og með þeim skilmálum, sem eru í samræmi við íslenzka þjóðarhagsmuni. Þau skilyrði höfum við í meginatriðum skilgreint þannig:

1. Erlend stóriðja er í sjálfu sér engin lausn á atvinnuvandamálum okkar og kemur aðeins til greina sem liður í skipulegri framkvæmd heildaráætlunar í framkvæmda- og efnahagsmálum.

   Nú liggur engin slík áætlun fyrir, og ríkisstjórnin er stefnulaus í atvinnu- og efnahagsmálum.

2. Slíkur rekstraraðili lúti íslenzkum lögum — þá auðvitað um leið íslenzkri lögsögu.
   Nú eigum við hins vegar að fá útlendan gerðardóm yfir íslenzkt ríkisvald.
3. Raforkuverðið sé hagstætt og standi a. m. k. undir virkjunarkostnaði í landinu að sínu leyti.
   Nú á það aðeins að standa að sínu leyti undir ódýrustu virkjun, sem möguleg er á Íslandi — ef það þá stenzt.
4. Slíkum iðnaði sé valinn staður í samræmi við þjóðarhagsmuni og viðleitni okkar til skipulegrar byggðar í landinu.
   Nú á að byggja verksmiðjuna þar, sem þörf okkar Íslendinga sjálfra er mest fyrir vinnuafl og raforku.

Ljóst er af þessu, að ekkert af meginskilyrðum okkar er uppfyllt við þessa samningagerð. Við leggjum því til, að samningurinn verði ekki staðfestur og frv. fellt.
Við teljum samninginn í sjálfu sér slæman og ýmis ákvæði hans hættuleg fordæmi í framtíðinni.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Helgi Bergs, frsm. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 609. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á fundum sínum. Nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verið samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Helgi Bergs.
Sveinn Guðmundsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Gils Guðmundsson.
Ólafur Jóhannesson.

Ed. 610. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Ég get ekki fallizt á að leggja 7 milljón króna árlegan skatt á bændastéttina í landinu til þess að standa undir rekstrarhalla á Hótel Sögu og vangoldnum stofnkostnaði. Mér þykir ótrúlegt, að bændastéttinni í landinu sé þessi skattlagning þóknanleg.
Ég legg til, að frumvarpið verið fellt.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson.

Ed. 611. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Við teljum eftir atvikum rétt að mæla með samþykkt þessa frumvarps, þar sem villiminkur er til staðar í landinu og ýmsir hafa trú á því, að ræktun minks í búrum kunni að verða ábatasamur atvinnuvegur. Við áskiljum okkur þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson, frsm. Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 612. Nefndarálit [35. mál]

um frv. til l. um breyt. á íþróttalögum, nr. 49 7. apríl 1956.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og sent það til umsagnar stjórn Íþróttasambands Íslands og íþróttafulltrúa ríkisins.

Nefndin telur, að frv. miði í rétta átt, en með því að upplýst er, að íþróttalög, lög um Íþróttakennaraskóla Íslands og lög um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, eru nú í endurskoðun, leggur nefndin til, að frv. **verði vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að þeirri endurskoðun ljúki sem fyrst, svo að unnt verði að leggja frv. um þessi efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson. Ragnar Jónsson.
Gils Guðmundsson. Karl Kristjánsson. Páll Þorsteinsson.

Nd. 613. Nefndarálit [176. mál]

við frv. til laga um Atvinnujöfnunarsjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp það um Atvinnujöfnunarsjóð, sem lagt var fram í Ed. á þskj. 433, tók nokkrum breytingum til bóta við afgreiðslu þess í deildinni.

Fulltrúar Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd Ed. fluttu við frumvarpið 4 breytingartillögur á þskj. 506. Tvær þessara tillagna, nr. 1 og 3, voru samþykktar, en tillögur undir liðunum 2 og 4 voru felldar. Þær tillögur flytjum við undirritaðir á ný við meðferð málsins í Nd.

Eins og fram hefur komið í umræðum í báðum deildum þingsins, er Framsóknarflokkurinn efnislega samþykkur frumvarpinu, enda má segja, að tilkomu þess megi rekja til áralangrar baráttu Framsóknarflokksins fyrir því, að upp verði tekin af hálfu ríkisvaldsins skipulögð starfsemi, sem vinni að byggðajafnvægi í landinu.

Við teljum rétt að minna á, að þingmenn Framsóknarflokksins í neðri deild hafa síðustu fjögur ár flutt þar frumvarp um, að stofnaður yrði jafnvægissjóður með ríflegu fjármagni og tekjur hans yrðu ákveðin prósentutala af heildartekjum ríkissjóðs. Þeir hinir sömu, sem nú leggja fram frumvarp til laga um Atvinnujöfnunarsjóð, hafa jafnan á þessum árum lagzt gegn samþykkt þessara frumvarpa Framsóknarflokksins. Ber því að fagna, að þeir eru nú vaknaðir af þeim Þyrnirósarsvefni áhugaleysis í þessu máli, svo sem raun ber vitni.

Það má segja, að ástæða væri til að rifja hér upp höfuðrök fyrir nauðsyn á löggjöf um skipulagðan stuðning við byggðajafnvægi í landinu, en þar sem þeir, sem töfðu framgang þessa máls, hafa nú breytt um stefnu, er slíkt ekki eins nauðsynlegt og verið hefur.

Við undirritaðir flytjum, eins og áður segir, á þskj. 597 tvær breytingartillögur við frumvarpið, eins og það kom frá Ed.

Við leggjum til, að a-liður 3. gr. orðist svo: „2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar skv. fjárlögum næstliðins árs.“ Við teljum eðlilegra, að aðaltekjur Atvinnujöfnunarsjóðs séu greiddar honum beint úr ríkissjóði og miðaðar við ákveðna prósentutölu af heildartekjum ríkissjóðs, heldur en að hafa þann hátt, sem ráðgert er í frumvarpinu.

Síðari breytingartillagan, sem fjallar um ákvæði til bráðabirgða, þarfnast ekki rökstuðnings í nefndaráliti þessu, þar sem hún skýrir sig sjálf.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Jón Kjartansson, frsm. Einar Ágústsson.

Ed. 614. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmenn, Jón Þorsteinsson og Jón Árnason, voru ekki á fundi, þegar málið var tekið fyrir í nefndinni, og hafa því óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason. Ragnar Jónsson.

Hjalti Haraldsson. Páll Þorsteinsson.

Ed. 615. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Ragnar Jónsson.	Gils Guðmundsson.	Karl Kristjánsson.
	Páll Þorsteinsson.	

Nd. 616. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til laga um heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar og sent það til umsagnar skipulagsstjórnar ríkisins og borgarráðs Reykjavíkur, og mæla báðir þessir aðilar gegn samþykkt frv. og benda á, að skipulag miðbæjarins í Reykjavík hafi verið samþykkt í borgarstjórn með samhljóða atkvæðum 15. júlí 1965.

Með tilliti til þessa mælir meiri hl. nefndarinnar gegn samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Pétur Sigurðsson.
Óskar E. Levy.	Björn Fr. Björnsson.	Jón Kjartansson.

Nd. 617. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og telur, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin láti fara fram endurskoðun á lagaákvæðum um fjárhagsaðstoð, sem látin er í té ýmsum stofnunum og félögum í svipuðu formi og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, með það fyrir augum, að heildarlöggjöf verði sett um aðstoð við þessa aðila.

Þar sem senn líður að þinglokum og því ekki tími til að endurskoða þessi mál í heild og bæði þau samtök, sem um ræðir í þessu frv., þurfa á auknu fé að halda til sinnar mikilvægu starfsemi, leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

HV var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Matthías Bjarnason, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
Axel Jónsson.	Sigfús J. Johnsen.	Ágúst Þorvaldsson.

Ed. 618. Nefndarálit [194. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands h.f. til kaupa á millilandaflugvél.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Sveinn Guðmundsson. Helgi Bergs. Hjalti Haraldsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 619. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en hefur ekki náð samkomulagi um afstöðu til þess. Undirritaður meiri hl. n. mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt, en aðrir nm. hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess og munu skila séráliti.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 620. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., sem er fylgifrumvarp frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. Mælir undirritaður meiri hl. n. með því, að það verði samþykkt óbreytt, en aðrir nm. hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 621. Nefndarálit [100. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir hún með samþykkt þess, en einstakir nm. áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Auður Auðuns, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr., frsm.	Páll Þorsteinsson.
Ragnar Jónsson.	Karl Kristjánsson.	Jón Þorsteinsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 622. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Áður en frumvarpið var afgreitt í nefnd frá neðri deild, höfðu tveir nefndarmenn allsherjarnefndar efri deildar ásamt tveim nefndarmönnum frá allsherjarnefnd neðri deildar og skrifstofustjóra Alþingis athugað frv. ásamt umsóknum um ríkisborgararétt, er borizt höfðu, eftir að frv. kom fram. Voru breytingartillögur allshn. Nd. við frv. byggðar á athugunum þessara manna.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það var samþykkt við 3. umr. í Nd.

Einn nefndarmanna, Ól. Björnsson, var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.	Sveinn Guðmundsson.	Alfreð Gíslason.
Sigurður Ó. Ólafsson.	Ólafur Jóhannesson.	Bjarni Guðbjörnsson.

Ed. 623. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um loðdýrarækt.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd Ed. hefur rætt frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Við, sem erum í meiri hl., teljum frv. þetta á allan hátt mjög ófullkomið, þegar höfð er í huga sú áhætta, sem fylgir því, ef það verður að lögum. Hins vegar er því haldið fram af flm. og fylgjendum þess, að engin þjóð muni geta keppt við Íslendinga á sviði minkaeldis. Sjálfsagt hafa flm. eitthvað fyrir sér í þessu, en sé þetta mál jafnaugljóst og fram er haldið, hvers vegna er þá ekki lögð fram áætlun yfir bæði stofn- og rekstrarkostnað minkabúa? Vafalaust er hægt að afla upp-

lýsinga í þessum efnum hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum. Vonum við, að flm. frv. geri það fyrir næsta Alþingi, svo að málið liggi þá ljósar fyrir en nú er.

Þá ber að hafa það í huga, að frv. þetta er víðtækt. Það fjallar um loðdýr almennt, og ef til innflutnings loðdýra kæmi, er ekki fyrir fram vitað, hverjar tegundir loðdýra helzt yrðu fyrir valinu. Nýjar tegundir loðdýra hér á landi auk þeirra, sem þegar eru fyrir, fela í sér auknar hættur, bæði að því er varðar sjúkdóma og auk þess eru loðdýr, sem sleppa úr búrum, mesti skaðvaldur ýmsu náttúrulífi. Á undanförnum áratugum hefur minkurinn valdið óútreiknanlegu tjóni í ám, vötnum og á fuglalífi. Bæði veiði, dúntekja og eggjataka hafa minnkað mikið, og sums staðar er æðarfuglinn horfinn og veiðin engin. Það virðist því ekki vera ástæða til að hraða sér mikið í þessum efnum, þótt nokkrar krónur kunni að fást í aðra hönd. Minna má á, að bæði dúnn og lax eru líka útflutningsverðmæti.

Þá er það skoðun okkar, að fyrsta skilyrði þess, að nokkur innflutningur lifandi dýra eigi sér stað, sé það, að uppfyllt verði ákvæði 4. gr. l. um innflutning búfjár frá 1962.

Af framangreindum ástæðum, svo og þeim, sem fram koma á þskj. 305, leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 26. apríl 1966.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson. Ragnar Jónsson.

Hjalti Haraldsson.

Ed. 624. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað málið og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, svo sem það liggur nú fyrir.

Alþingi, 27. apríl 1966.

Jón Árnason, form., frsm. Friðjón Skarphéðinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.

Þorvaldur Garðar Kristjánsson. Ólafur Jóhannesson. Helgi Bergs.

Gils Guðmundsson.

Sþ. 625. Fjáraukalög [114. mál]

fyrir árið 1964.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 235.

Sþ. 626. Þingsályktun [192. mál]

um undirbúning löggjafar um listamannalaun.

(Afgreidd frá Sþ. 27. apríl.)

Samhljóða þskj. 523.

Ed. 627. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur rætt frumvarpið. Á einum fundi hennar mætti formaður stjórnar Kísiliðjunnar hf., Magnús Jónsson fjármálaráðherra, og gaf upplýsingar um málið.

Nefndin samþykkti að mæla með frumvarpinu. Einn nefndarmaður (Helgi Bergs) skrifar þó undir nefndarálitið með fyrirvara, og annar (Hjalti Haraldsson) skrifar ekki undir og mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson, frsm.
Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
Sveinn Guðmundsson.
Helgi Bergs, með fyrirvara.

Ed. 628. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá 2. minni hl. álbræðslunefndar.

Fulltrúi Alþýðubandalagsins í nefnd, sem fjallaði um stórmál þetta í neðri deild Alþingis, Lúðvík Jósefsson, hefur birt um það á þskj. 499 mjög rækilegt nefndarálit. Þar eru á ljósan hátt sett fram þau meginrök, sem ráða þeirri afstöðu okkar Alþýðubandalagsmanna, að við erum andvígir málinu og teljum það bjóða margvíslegum háska heim. Vil ég í meginatriðum vísa til þess álits, en læt að öðru leyti nægja að taka eftirfarandi fram:

Frumvarp þetta boðar algera stefnubreytingu að því er varðar hagnýtingu erlends fjármagns og áhrifavald þess í íslenzku atvinnu- og efnahagslífi. Með umfangsmiklum samningum, sem ætlunin er að lögfesta, eru erlendu auðfélagi veitt margvísleg sérréttindi og víðtækar undanþágur frá íslenzkum lögum og því á þann hátt tryggður allt annar og meiri réttur en íslenzkir þegnar njóta. Í þessum efnum er um svo stórfelld nýmæli að ræða, að málið verður ekki metið réttilega með þeim hætti einum að líta á það sem einangrað fyrirbæri, er enga hliðstæðu kunni að eignast á komandi tímum. Það verður að meta út frá þeirri forsendu, að um sé að ræða stefnumarkandi ákvörðun, er skapi fordæmi fyrir öðrum samningum af svipuðum toga.

Úr herbúðum þeirra manna, sem að samningi þessum standa af Íslendinga hálfu og bera alla ábyrgð á honum, hafa margoft heyrzt þær raddir undanfarin missiri, að alúmínsamningurinn við Svisslendinga ætti aðeins að vera upphaf þess að gera „erlent áhættufjármagn“ að þátttakanda í íslenzku atvinnulífi og Íslendinga að stóriðjuþjóð fyrir atbeina slíks fjármagns. Þessar raddir hafa að vísu hljóðnað um sinn, þar eð hagkvæmt þykir að láta ekki mjög á þeim bera, **meðan verið er að fá alúmínsamninginn lögfestan.** En hitt fer ekki á milli mála, að sterk öfl innan stjórnarflokkanna berjast fyrir því með oddi og egg, að hiklaust verði haldið áfram á sömu braut, eftir að hún hefur verið rudd með þessum samningi.

Það er einnig hafið yfir allan vafa, að með samningi þeim, sem hér liggur fyrir, er skapað fordæmi um framkvæmd hinnar nýju stefnu, að því er varðar þátttöku erlendra auðfélaga í íslenzku atvinnulífi. Í nóvembermánuði s. l. fór Steingrímur Hermannsson, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, til Noregs á vegum iðnaðarmálaráðherra og stóriðjunefndar til þess að kynna sér norsk viðhorf og reynslu í sambandi við erlent fjármagn og alúmínverksmiðjur. Í skýrslu, sem hann gerði um för sína, segir svo m. a.: „Aðspurðir áttu menn eðlilega erfitt með að gera sér grein fyrir því, hvort hér væri um æskilega framkvæmd fyrir okkur Íslendinga að ræða. **Flestir** lögðu þó áherzlu á, að mikilvægt væri að fá slíkan iðnað inn í landið. Það væri ómetanlegt fyrir framtíðina. **Hins vegar vöruðu þessir sömu aðilar við því, að sá samningur, sem nú er gerður, hlyti að verða fordæmi fyrir öðrum skyldum í framtíðinni.**“

Hér fer ekki á milli mála sú skoðun hinna norsku sérfræðinga, að með slíkum samningi sé ekki aðeins um einangraða aðgerð að ræða, heldur sé verið að móta stefnu að því er varðar erlenda fjárfestingu í landinu, hvaða almennum skilmálum hún eigi að lúta, hvaða stöðu hún eigi að öðlast í fjármála- og atvinnulífi þess. Og ekki er ólíklegt, að aðvaranir þeirra hafi mótazt af þeirri vitneskju, að hér var verið að gera samning á allt öðrum grundvelli en þeim, sem gildir um erlenda fjárfestingu í Noregi. Þar lúta slík félög norskum lögum og búa ekki við nein forréttindi eða friðindi umfram norska atvinnurekendur.

Samningurinn milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og Swiss Aluminium er með allt öðrum hætti. Segja má, að hann sé að mjög verulegu leyti upptalning á friðindum, forréttindum umfram íslenzk fyrirtæki og undanþágum frá íslenzkum lögum, sem hinn svissneski auðhringur og dótturfélag hans eiga að njóta um 45 ára skeið, eða nokkuð fram á næstu öld.

Nokkur hinna samningsbundnu friðinda auðhringsins eru þessi:

1) Algert tollfrelsi á hvers konar innfluttum efnum, vélum og búnaði, sem til byggingar verksmiðjunnar þarf.
2) Algert tollfrelsi á öllum innflutningi, sem með þarf til rekstrar verksmiðjunnar út samningstímabilið, í 45 ár.
3) Algert frelsi um ráðstöfun alls hins mikla gjaldeyris, sem verksmiðjurekstrinn skapar, með þeirri takmörkun einni, að geymt skal í íslenzkum bönkum fé, sem svarar til rekstrarkostnaðar fyrirtækisins í þrjá mánuði.
4) Algert frelsi til að flytja úr landi allan hagnað og andvirði fyrningarafskrifta.
5) Trygging fyrir hagstæðara gengi en íslenzkir atvinnuvegir njóta, ef um gengisbreytingar verður að ræða.
6) Réttur til að hafa í þjónustu sinni erlent starfslið.
7) Undanþágur frá ákvæðum íslenzkra laga um hlutafélög.
8) Undanþágur frá ákvæðum íslenzkra skattalaga, þar á meðal framtalsskyldu.
9) Trygging fyrir nokkurn veginn óbreyttu raforkuverði í 25 ár, hvað sem líður breytingum á kostnaðarverði raforku frá Landsvirkjun allt það tímabil.
10) Heimild til að láta hjá líða að setja upp hreinsunartæki til að eyða eiturefnum frá verksmiðjunni.
11) **Og síðast, en ekki sízt:** Undanþága frá því að lúta íslenzkri lögsögu um meiri háttar ágreiningsmál, sem upp kunna að koma varðandi samninginn og fylgisamninga hans.

Samningur sá, sem ríkisstjórnin hefur gert við hinn erlenda auðhring, býður svo margvíslegum hættum heim, að Alþingi ber að hafna honum. Hann felur í sér háskalega stefnubreytingu, að því er varðar áhrif erlends fjármagns í íslenzkum atvinnurekstri. Hann er vansæmandi fyrir fullvalda þjóð. Í honum felst vanmat á atvinnuvegum þjóðarinnar og möguleikum hennar til að nytja eigin auðlindir í vaxandi mæli til hagsbóta fyrir landsmenn sjálfa.

Ég legg eindregið til, að frumvarp þetta verði fellt. Verði það eigi að síður samþykkt, legg ég til, að lögin öðlist ekki gildi, fyrr en fram hefur farið þjóðar-

atkvæðagreiðsla um þau, og ekki nema meiri hluti þeirra, sem atkvæði greiða, samþykki lögin. Tillögu þess efnis flyt ég á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Gils Guðmundsson.

Ed. 629. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá Gils Guðmundssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Lög þessi skulu eigi öðlast gildi, nema fram hafi farið þjóðaratkvæðagreiðsla um þau og meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, samþykkt lögin.

Ed. 630. Breytingartillaga [100. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni, Jóni Þorsteinssyni og Karli Kristjánssyni.

Á eftir 2. gr. komi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimilt er að fresta um allt að fimm ára skeið veitingu prófessorsembættis í íslenzkri nútímasögu. Meðan embættið er óveitt, heimilast heimspekideild Háskóla Íslands að verja árlega fjárhæð, sem nemur einum prófessorslaunum, til að láta safna gögnum og efna til rannsókna á íslenzkri nútímasögu.

Ed. 631. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað þetta frv., en ekki orðið sammála. Við teljum, að gera þurfi á því breytingar, og flytjum við um það tillögur á sérstöku þskj.

Við teljum, að þau ákvæði, sem eru í lögunum um Framkvæmdabankann, um stjórnarfundi og rétt einstakra stjórnarmanna til að krefjast þeirra, eigi að gilda um Framkvæmdasjóðinn og takast upp í þetta frv. Lýtur fyrsta brtt. okkar að þessu.

Enn fremur teljum við, að nauðsynlegt sé að tryggja betur samstarf áætlunarstofnunar og Alþingis, og leggjum því til í þriðju brtt. okkar, að stjórn Efnahagsstofnunarinnar verði þingkjörin.

Fyrr á þessu þingi höfum við ásamt öðrum flokksbræðrum okkar í Ed. flutt frv. um stofnun framleiðnilánadeildar við Framkvæmdabankann. Frv. þetta hefur enn ekki fengizt afgreitt úr fjárhagsnefnd. En þar sem það frv., sem hér liggur

fyrir, gerir ráð fyrir, að Framkvæmdasjóður komi í stað Framkvæmdabankans, hefur okkur þótt eðlilegt að flytja efni frv. okkar sem breytingartill. við þetta frv. 2. tölul. brtt. okkar felur þetta í sér. Fjárhagsnefnd sendi frv. okkar til umsagnar nokkurra aðila, og hafa svör borizt frá Búnaðarfélagi Íslands og Iðnaðarmálastofnun Íslands. Eru þau prentuð sem fskj. með nál. þessu, en báðar þessar stofnanir mæla með samþykkt frv.

Við teljum efni frv. um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð til bóta. Eðlilegt er að setja starfsemi Efnahagsstofnunarinnar lagagrundvöll, og sú tilraun til að skapa nýjan vettvang fyrir skoðanamótun í efnahagsmálum, sem fólgin er í ákvæðunum um Hagráð, er þess virði, að hún sé gerð.

Mælum við því með samþykkt frv. með þeim breytingum, sem við leggjum til.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Helgi Bergs, frsm. Karl Kristjánsson.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 13. apríl 1966.

Með bréfi, dags. 25. marz 1966, sendi fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar frv. til laga um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands.

Á fundi stjórnar Búnaðarfélags Íslands þann 12. apríl 1966 var erindi þetta tekið fyrir og gerð um það eftirfarandi bókun:

„Lagt fram, frá fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis, frv. til laga um framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands. Óskar nefndin umsagnar Bf. Ísl. um frumvarpið.

Stjórn Bf. Ísl. mælir eindregið með samþykkt frumvarps þessa og leggur áherzlu á, að efld sé lánastarfsemi landbúnaðarins og annarrar framleiðslustarfsemi."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis,
Rvík.

Fylgiskjal II.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

Fjárhagsnefnd efri deildar Alþingis,
Reykjavík.

14. apríl 1966.

Frumvarp til laga um framleiðnilánadeild.

Með bréfi, dags. 25. marz s. l., óskar háttvirt fjárhagsnefnd efri deildar umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands um ofangreint frumvarp.

Á síðustu árum hefur verið að skapast vaxandi skilningur með landsmönnum á því, hvert gildi það hefur fyrir afkomu einstakra fyrirtækja, atvinnugreina og þjóðarbúsins í heild að nýta betur vinnu- og fjármagnsþættina í allri atvinnustarfsemi. Á þetta reyndar einnig við um hráefni og orku. Á grundvelli kerfis-

bundinna hagræðingaraðgerða hefur víða náðst markverður árangur í aukningu framleiðni, enda þótt tölulegar upplýsingar um hann séu enn af skornum skammti.

Enda þótt víða megi til muna bæta vinnubrögð og starfsskipulag í atvinnurekstri án verulegra fjárútláta, ef áhugi og skilningur stjórnenda er fyrir hendi, mun víðast hvar verða að kosta nokkru til og sums staðar talsverðu fé, eftir því, að hversu róttækum breytingum er stefnt.

Á því getur vart leikið vafi, að lánastarfsemi, sem hefði þann tilgang að auðvelda stjórnendum hagræðingaraðgerðir í fyrirtækjum sínum, mundi bera árangur. Óbeinu áhrifin, sem fólgin væru í hvatningu til stjórnenda um að bæta rekstur sinn, yrðu þar án efa þung á metunum.

Að þessu athuguðu virðist æskilegt, að stofnað sé til lánastarfsemi í anda ofangreinds frumvarps.

Með sérstakri virðingu,

Iðnaðarmálastofnun Íslands

Sveinn Björnsson, frkvstj.

Ed. 632. Breytingartillögur [151. mál]

við frv. til laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 6. gr. Við greinina bætist 3. málsgrein, svo hljóðandi:
   Sjóðsstjórn heldur að jafnaði fund einu sinni í mánuði, en skylt er formanni að boða til aukafundar, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn æskja þess.
2. Á eftir 12. gr. komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (13. gr.) Stofna skal við Framkvæmdasjóð Íslands sérstaka lánadeild, sem nefnist framleiðnilánadeild.
      Tilgangur framleiðnilánadeildar er að veita atvinnuvegunum lán umfram þau, sem fáanleg eru hjá stofnlánasjóðum, í því sérstaka augnamiði að bæta framleiðnina með aukinni véltækni, fullkomnara framleiðsluskipulagi og hagræðingu.
   b. (14. gr.) Starfsfé deildarinnar er:
      1. Framlag ríkissjóðs, sem skal vera 10 milljónir króna á ári næstu 10 ár, nema hærra framlag kunni að verða ákveðið í fjárlögum.
      2. Seðlabanki Íslands skal tryggja sölu skuldabréfa, sem Framkvæmdasjóður Íslands gefur út vegna deildarinnar, að upphæð 40 milljónir króna á ári næstu 10 ár. Bréfin séu til a. m. k. 15 ára, en vextir skulu ákveðnir af ráðherra. Bréfin séu tryggð með ábyrgð ríkissjóðs.
      3. Lán umfram það, sem um ræðir í 2. tölulið, getur deildin tekið innanlands eða utan, eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa, allt að 300 milljónum króna. Ríkissjóður ábyrgist slíkt lán.
   c. (15. gr.) Umsóknir um lán úr framleiðnilánadeild skulu sendar Framkvæmdasjóði.
      Þeim skal fylgja:
      1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
      2. Upplýsingar um tryggingar þær, sem umsækjandi getur sett.
      3. Rekstrar- og efnahagsreikningur umsækjanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
      4. Aðrar upplýsingar, sem umsækjandi telur máli skipta eða sjóðurinn óskar eftir.

Þegar umsókn hefur borizt, skal leita umsagnar Iðnaðarmálastofnunar Íslands og/eða Fiskifélags Íslands eða Búnaðarfélags Íslands, eftir því sem við á, um það, hvort tilgangur umsækjanda með lánsumsókninni sé í samræmi við tilgang þessara lagaákvæða.

Að slíkri umsögn fenginni ákveður stjórn Framkvæmdasjóðs, hvort lánið skuli veitt, enda hafi sjóðurinn áður kannað hag umsækjanda og veðhæfni framboðinna trygginga.

3. Við 15. gr. (er verði 18. gr.). Í stað 2. og 3. málsliðar greinarinnar komi:

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum. Séu fjórir þeirra tilnefndir af þingflokkunum, einn af hverjum, en hinn fimmta skipar ríkisstjórnin, og sé hann formaður stjórnar.

Nd. 633. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1964.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur farið yfir frv. og borið tölur þess saman við niðurstöðutölur ríkisreikningsins. Mæla undirritaðir nefndarmenn með því, að frv. verði samþykkt, en þeir LJós og JK undirrita nál. með fyrirvara. EÁ mun skila séráliti.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Jón Kjartansson, með fyrirvara.	Jónas G. Rafnar.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 634. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og mælir með samþykkt þess. Þrír nefndarmenn undirrita nál. með fyrirvara.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Davíð Ólafsson, form., frsm.	Unnar Stefánsson, fundaskr.	Lúðvík Jósefsson, með fyrirvara.
Einar Ágústsson, með fyrirvara.	Jón Kjartansson, með fyrirvara.	Jónas G. Rafnar.
	Matthías Á. Mathiesen.	

Ed. 635. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá meiri hl. álbræðslunefndar.

Ed. Alþingis kaus að ósk iðnaðarmálaráðherra, strax þegar frumvarpið var lagt fram í Nd., 7 manna nefnd til þess að starfa með nefnd Nd. og síðar sjálfstætt að athugun á frumvarpi um álbræðslusamning.

Í Ed. voru kosnir í álbræðslunefnd: Jón Þorsteinsson (form.), Sveinn Guðmundsson (ritari), Björn Jónsson, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, Ólafur Björnsson, Ólafur Jóhannesson og Helgi Bergs.

Á sameiginlegum fundum beggja þingdeilda voru samningar og fylgisamningar yfirfarnir. Til viðræðna við nefndina mættu sérfræðingar ríkisstjórnarinnar, sem verið höfðu iðnaðarmálaráðherra til aðstoðar við samningagerðina við Svisslendinga. Gáfu þeir nefndinni greið svör við öllum fyrirspurnum, sem til þeirra var beint.

Þegar er málið kom til Ed., tók nefndin frumvarpið til athugunar og fékk á fund sinn Jakob Gíslason raforkumálastjóra, sem ræddi við nefndina um virkjunarmál og gaf henni upplýsingar í því sambandi.

Björn Jónsson hvarf af þingi vegna anna, en í hans stað tók Gils Guðmundsson þátt í nefndarstörfum.

Iðnaðarmálaráðherra, Jóhann Hafstein, undirritaði þessa samninga f. h. ríkisstjórnar Íslands 28. marz s. l. að undangenginni langri samningagerð, en að þessum samningum stóð auk iðnaðarmálaráðherra nefnd sérfræðinga: dr. Jóhannes Nordal bankastjóri, formaður stóriðjunefndar, Eiríkur Briem forstjóri Landsvirkjunar, Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri, Steingrímur Hermannsson framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins og Hjörtur Torfason lögfræðingur.

Samningar þeir, sem hér hafa verið lagðir fyrir Alþingi um álbræðslu við Straumsvík, með tilheyrandi samningum og fylgiskjölum, eru margþættir, en öll þessi samningagerð hefur sjáanlega verið unnin af mikilli nákvæmni og samvizkusemi.

Með samningi þessum skapast Íslendingum möguleiki til stærri vatnsvirkjana en áður, eða 210000 kw. virkjunar í Þjórsá. En eins og nú er, hafa Íslendingar aðeins virkjað 4% af þeirri vatnsorku, sem talin er hagstæð til virkjunar í dag. Á sama tíma hafa t. d. Norðmenn virkjað 30% af sinni nýtilegu vatnsorku og Svíar miklu meira.

Sogið er nú fullvirkjað, og sérfræðingar telja raforkunotkun landsmanna tvöfaldast á 10 ára fresti. Á næstu 10 árum verður því að ljúka við að virkja til viðbótar sem nemur öllu virkjuðu vatnsafli í dag.

Er nú komið að virkjun á stórám landsins. Með Sogsvirkjunarlögunum var því slegið föstu, að orkuverin í Sogi skyldu vinna raforku fyrir allt Suður- og Suðvesturland. Sama gildir um Laxá fyrir Eyjafjörð og S.-Þingeyjarsýslu. Samanlagt virkjað afl á Suðvesturlandi og Laxársvæði er nú 125000 kw. og orkuvinnsla 600 millj. kwst. Þetta eru 90% af allri orkuvinnslu landsins nú. Til nauðsynlegra virkjunarframkvæmda þarf mikið fjármagn. Þarf þar að sækja undir erlendar lánastofnanir, og verður að sjálfsögðu að sýna fram á, að virkjunarframkvæmdirnar geti staðið sjálfar undir þeim mikla kostnaði, sem þessu er samfara.

Tilgangur með stofnun Landsvirkjunar samkv. lögum frá síðasta Alþingi er að skapa skilyrði til virkjana í stórám landsins og á þann hátt keppa að sem lægstum vinnslukostnaði orkunnar.

Álbræðsla er því þáttur í, að kleift sé að halda áfram virkjunarframkvæmdum með þeim hraða, sem landsmönnum er nauðsyn, enda stendur álbræðslan undir vöxtum og afborgunum af Búrfellsvirkjun, eins og fram kemur í greinargerð.

Með byggingu álbræðslu við Straumsvík, sem samningurinn kveður á um, skapast í landinu öruggur atvinnuvegur með margháttuðum möguleikum og stuðningi við höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sem fyrir eru, sjávarútveg, landbúnað, iðnað og verzlun.

Íslendingar eignast Búrfellsvirkjun að fullu á 25 árum með raforkusölu til ISALs og hafa eftir það allar tekjur af þessu mikla mannvirki til frekari átaka í raforkumálum.

Ákvæði um alþjóðlega gerð samkv. 47. gr. aðalsamningsins hafa valdið umræðum, en fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja. Ganga má út frá, að frumvarp það hljóti samþykki yfirstandandi Alþingis. Alþjóðabankinn hefur beitt sér fyrir þessum milliríkjasamningi, en hann gerir ráð fyrir alþjóðastofnun, sem aðildarríkin setji sameiginlega á stofn, og gerðardómi, er starfi að lausn deilumála, sem rísa kynnu í sambandi við erlenda fjárfestingu einkaaðila í aðildarríki.

Hinar frjálsu þjóðir heims gera sér ljóst, hver þörf er á alþjóðlegri samvinnu um efnahagslegar framfarir og hvern þátt alþjóðleg einkafjárfesting getur átt í bættum lífskjörum þjóða. Alþjóðleg samvinna, sem hér um ræðir, er fyrst og fremst fólgin í því, að lönd, sem hafa fjármagn aflögu, láta það öðrum löndum í té til uppbyggingar á arðvænlegum atvinnuvegum viðkomandi lands, m. a. í formi fjárfestingar í viðkomandi landi.

Oft áður hefur með aðild Íslands verið stofnað til alþjóðlegrar samvinnu til að gæta réttaröryggis í málefnum þjóða á milli. Haag-dómstóllinn var stofnaður til þess að skera úr ágreiningsmálum milli ríkja, en nú má einnig skjóta til hans málum, þar sem einkaaðilar og ríki eiga hlut að máli. Um 1950 var komið á fót alþjóðlegum verzlunardómstóli til úrskurðar ágreiningsmálum út af viðskiptum milli einstaklinga í mismunandi ríkjum. Íslendingar eru einnig aðilar að mannréttindasamningi, sem gerður var á vegum Evrópuráðsins, með aðsetri í Strassburg. En lögsögn dómstólsins er viðurkennd af þáverandi dómsmálaráðherra, Hermanni Jónassyni, 21. ágúst 1958, en þar með er lýst yfir, að Ísland skyldi vera bundið af lögsögn erlends dómsvalds, jafnvel í þrætumáli íslenzks borgara, sem íslenzkir dómstólar voru búnir að leiða til lykta. Þá má nefna yfirdómstól þann, sem aðildarríkin að Kola- og stálsamningnum frá 1952 og síðar Rómarsáttmálanum komu sér saman um að láta skera úr öllum ágreiningi út af samningum þessum, jafnt milli opinberra aðila og einkaaðila. Skyldu dómstólar hinna einstöku landa hafa það hlutverk eitt að tryggja það, að úrskurðir yfirdómstólsins yrðu aðfararhæfir. Verður ekki annað séð en ákvæði samningsins um gerðardóm hafi sínar hliðstæður og sérstakt öryggi fólgið í því, að dæma skal eftir íslenzkum lögum, en eigi eftir lögum neins erlends ríkis.

Samningur þessi skoðaður í heild er þjóðinni hagstæður og líklegur til að treysta efnahag hennar á næstu árum.

Nefndin klofnaði í máli þessu, og mæla undirritaðir, meiri hluti nefndarinnar, með því, að frumvarp þetta um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. fái fullgildingu og frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson, form.	Sveinn Guðmundsson, fundaskr., frsm.	Þorvaldur Garðar Kristjánsson.
	Ólafur Björnsson.	

Ed. **636. Breytingartillögur** [171. mál]

við frv. til l. um vernd barna og ungmenna.

Frá Alfreð Gíslasyni.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrri málsliður 1. málsgr. orðist svo:
      Starf til verndar börnum og ungmennum rækja, samkvæmt lögum þessum, barnaverndarnefndir, heilsuverndarstöðvar og barnaverndarráð.
   b. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ í 1. málsgr. komi: Félagsmálaráðuneytið.
   c. Í stað orðanna „Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð“ á tveim stöðum síðar í greininni komi: Barnaverndarnefndir, heilsuverndarstöðvar og barnaverndarráð.
2. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi. Í Reykjavík skal sérstök barnaverndardeild í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur annast vernd barna og ungmenna, og gildi fyrir þá deild ákvæði þessara laga um störf og starfsháttu barnaverndarnefnda. Heimilt er kaupstöðum, er þess óska, að fela heilsuverndarstöð vernd barna og ungmenna. Þá er og heimilt að hafa sameiginlegar barnaverndarnefndir fyrir fleiri en einn hrepp, séu þeir fámennir.
3. Við 6. gr. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Bæjarstjórn kýs 5 manna barnaverndarnefnd.
4. Við 7. gr.
   a. Orðið „(borgarstjóri)“ í 3. málsgr. falli niður.
   b. Í stað orðsins „menntamálaráðuneytinu“ í 3. málsgr. komi: félagsmálaráðuneytinu.
5. Við 13. gr. Orðin „(í Reykjavík borgardómari)“ falli niður.
6. Við 14. gr. Í stað orðsins „menntamálaráðherra“ í 3. málsgr. komi: félagsmálaráðherra.
7. Við 36. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
   Barnaverndarnefnd er heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, þótt þeir, er foreldraráðin hafa, kalli eftir því, enda sé ástæða til að ætla, að betur fari um barnið hjá fósturforeldrum.
8. Við 37. gr. Í stað „menntamálaráðherra“ í 1. málsgr. komi: félagsmálaráðherra.
9. Við 41. gr. Greinin orðist svo:
   Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barn eða ungmenni sé ekki þjakað af þungri og óhollri vinnu, löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum lifnaðarháttum. Enn fremur skal nefndin hafa eftirlit með, að barni sé ekki íþyngt um of með skólanámi og að því sé daglega ætlaður nægur tími til hvíldar frá námi og til leikja.
   Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í frystihúsum eða öðrum verksmiðjum né til upp- og útskipunarvinnu eða byggingarvinnu, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Yngri börnum en 15 ára má ekki fela stjórn vélknúinna vinnutækja. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.
   Alger hámarksvinnutími barna undir 14 ára aldri er 5 stundir á dag og 5 daga vinnuvika, en hámarksvinnutími barna 14—16 ára skal vera 6 stundir og vinnuvikan 5 dagar.

Eigi skulu skólaskyld börn ráðin til vinnu, frá því þau hefja skólagöngu að hausti þar til henni lýkur að vori.

Ráðherra skal setja reglugerðir, er taka yfir landið í heild og ef við á einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúnað, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð um bann við næturvinnu og helgidagavinnu barna, nánar um hámarksvinnutíma þeirra svo og eftir atvikum um læknisskoðun til úrskurðar um það fyrir fram, hvort vinna sé barni eða ungmenni um megn eða ekki. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð um bann við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slysahætta stafar af.

Ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna skulu m. a. taka til verndar sendisveina í starfi, þ. á m. útbúnaðar flutningatækja þeirra, takmörkunar á blað- og merkjasölu barna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra, starfa barna og ungmenna í veitingahúsum og á opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og til annarra starfa, er siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar svo og brot gegn ákvæðum reglugerða, er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þrem árum. Auk refsingar má svipta menn réttindum, samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

10. Við 44. gr. Á eftir 4. málsgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Rétt er að banna í reglugerð að gefa eða selja börnum tóbak.

11. Við 56. gr.
a. Í stað orðanna „til fullnaðarúrskurðar“ í 1. málsgr. komi: til úrskurðar.
b. Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Úrskurði barnaverndarráðs má áfrýja til dómstóla.

12. Við 57. gr. Í stað „menntamálaráðherra“ komi: félagsmálaráðherra.

13. Við 61. gr. Í stað orðsins „Menntamálaráðuneytið“ á tveim stöðum í greininni komi: Félagsmálaráðuneytið, — og í stað „Menntamálaráðherra“ komi: Félagsmálaráðherra.

Nd. 637. Lög [155. mál]

um breytingu á hreppamörkum milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 585.

Nd. 638. Lög [13. mál]

um vélstjóranám.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 368 (sbr. 13).

Ed. 639. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 28. apríl.)

1. gr.

Liðurinn „Reiðhjól með hjálparvél" í 2. gr. laganna orðist svo:

Létt bifhjól: Bifhjól, sem í er aflvél, eigi stærri en 2.5 hestöfl (DIN) og ekki yfir 50 rúmsentimetra að slagrúmmáli, enda sé það eigi gert til hraðari aksturs en 50 km á klst. án verulegra breytinga á því.

2. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél" í 2. mgr. 8. gr. komi: létt bifhjól.

3. gr.

Í stað „reiðhjóls með hjálparvél" í 1. mgr. 11. gr. komi: létts bifhjóls.

4. gr.

6. mgr. 27. gr. orðist svo:

Ökuskírteini eru tvenns konar: Bráðabirgðaskírteini og fullnaðarskírteini. Bráðabirgðaskírteini er gefið út til byrjanda og gildir í eitt ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini gildir í 10 ár frá útgáfudegi. Fullnaðarskírteini þeirra, sem náð hafa 60 ára aldri, og ökuskírteini skv. 3. mgr. skulu þó gilda í 5 ár. Ef sérstakar ástæður þykja til, getur lögreglustjóri þó gefið út ökuskírteini til skemmri tíma en að framan greinir. Áður en fullnaðarskírteini er gefið út, skal lögreglustjóri kanna sérstaklega ökumannsferil hlutaðeiganda, og er heimilt að ákveða, að hann skuli þá ganga undir og standast próf í umferðarreglum og akstri bifreiða, svo og sæta rannsókn sérfræðinga um líkamlega og andlega heilbrigði. Þegar fullnaðarskírteini er endurnýjað, verður hlutaðeigandi að sanna að nýju fyrir lögreglustjóra, að hann fullnægi skilyrðum til þess að fá ökuskírteini. Heimilt er að ákveða, að hlutaðeigandi skuli þá ganga undir skriflegt próf í umferðarlöggjöf. Lögreglustjóri getur og ákveðið, að hlutaðeigandi skuli að nýju ganga undir bifreiðarstjórapróf.

5. gr.

Í stað „reiðhjóli með hjálparvél" í 3. mgr. 28. gr. komi: léttu bifhjóli.

6. gr.

Í stað „reiðhjóla með hjálparvél" í 5. mgr. 28. gr. komi: léttra bifhjóla.

7. gr.

4. mgr. 50 gr. orðist svo:

Dómsmálaráðherra getur að fenginni tillögu umferðarlaganefndar sett nánari reglur um ökuhraða, þar á meðal ákveðið lægri hámarkshraða almennt en að framan greinir eða á einstökum vegum. Dómsmálaráðherra getur á sama hátt ákveðið hærri hámarkshraða en að framan greinir, allt að 90 km á klukkustund á einstökum vegum (hraðbrautum), og bundið þá heimild við ákveðna árstíma. Í kaupstöðum og kauptúnum má setja slíkar reglur í lögreglusamþykktum.

8. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél" í 8. mgr. 60. gr. komi: létt bifhjól.

9. gr.

Í stað „reiðhjól með hjálparvél" í 1. mgr. 70. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 40 12. maí 1965, komi: létt bifhjól.

10. gr.

5. og 6. mgr. 81. gr. orðist svo:

Svipting ökuleyfis eða réttar til að öðlast ökuleyfi skal gerð með dómi, sbr. þó 112. gr. laga nr. 82/1961. Áfrýjun frestar ekki verkun dóms að þessu leyti.

Nú telur lögreglustjóri, að maður hafi unnið til ökuleyfissviptingar, og skal hann þá svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða. Lögreglustjóri skal tilkynna viðkomandi dómara ákvörðun sína innan viku. Aðili getur krafizt úrskurðar dómara um ákvörðun lögreglustjóra. Dómari getur og af sjálfsdáðum, ef efni standa til, fellt ákvörðun lögreglustjóra niður. Úrskurð dómara um bráðabirgðasviptingu getur aðili kært til æðra dóms samkvæmt XXI. kafla laga nr. 82/1961.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 4. gr. öðlast þó eigi gildi fyrr en 1. júní 1966.

Nd. 640. Breytingartillaga [187. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

Frá Einari Ágústssyni.

Við 7. gr. bætist: Skuldabréfin og spariskírteinin skulu skráð á nöfn eigenda.

Ed. 641. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 291.

Nd. 642. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur ekki getað orðið sammála um frv. þetta. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að frv. verði fellt. Við teljum óþarft fyrir Ísland að svo stöddu að fullgilda þennan samning. Útlendir menn njóta fyllilega hér á landi hinnar sömu eignarréttarverndar sem innlendir menn, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar. Ísland hefur engan ávinning af fullgildingu samningsins, en bakar sér hins vegar skyldu til útgjalda, ef hann einhvern tíma skyldi öðlast gildi. — Að öðru leyti vísum við til nefndarálits minni hl. allsherjarnefndar efri deildar á þskj. 487.

Alþingi, 28. apríl 1966.

Björn Fr. Björnsson, frsm. Ragnar Arnalds. Jón Kjartansson.

Ed. **643. Lög** [144. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar frá 1962 á alþjóðasamþykkt frá 12. maí 1954, um varnir gegn óhreinkun sjávar af völdum olíu, og setja reglur um frekari varnir gegn slíkri óhreinkun sjávarins.

(Afgreidd frá Ed. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 307.

Nd. **644. Breytingartillögur** [186. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Birni Pálssyni.

1. a-liður 3. gr. orðist svo:
   Að ákveða mismunandi verð til framleiðenda eftir árstímum, þar sem verulegur hluti mjólkurframleiðslunnar er seldur sem neyzlumjólk. Verðmunurinn skal ákveðinn í samráði við stjórnir viðkomandi mjólkurbúa. Framleiðsluráði er einnig heimilt að ákveða og innheimta verðjöfnunargjald af innveginni mjólk.
2. 5. gr. orðist svo:
   Við 4. gr. bætist svo hljóðandi málsgreinar:
   Í verðlagsgrundvelli skal, sbr. ákvæði 6. gr., tilfæra ársvinnutíma bóndans, skylduliðs hans og hjúa á búi af þeirri stærð, sem miðað er við hverju sinni, og miða vinnutíma og kauphæð til samræmis við meðallaun og meðalvinnutíma starfsmanna ríkis og bæja, verzlunarfólks, verkamanna og iðnaðarmanna, sem ekki vinna ákvæðisvinnu, eins og það er við upphaf hvers verðlagstímabils. Taka ber sanngjarnt tillit til næturvinnu og helgidagavinnu. Til að finna vinnuaflsþörf viðmiðunarbús skal nota þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru hér á landi hverju sinni, og ef þörf gerist, sé hliðsjón höfð af þeim niðurstöðum, sem nágrannaþjóðir okkar í Noregi og Danmörku hafa um hliðstæð atriði.
   Daglegur meðalvinnutími opinberra starfsmanna skal metinn jafnt og dagvinna verkamanna. Til kaupgjalds teljast hvers konar samningsbundin fríðindi.

Sþ. **645. Nefndarálit** [166. mál]

um till. til þál. um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og mælir með, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Jón Árnason, form., frsm. — Birgir Finnsson, fundaskr. — Vilhjálmur Hjálmarsson.

Gunnar Guðbjartsson. — Jónas Pétursson. — Matthías Bjarnason.

Geir Gunnarsson. — Ingvar Gíslason. — Óskar E. Levy.

Ed. 646. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til laga um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á fundum sínum. Varð hún ekki sammála um afgreiðslu þess. Þrír nefndarmanna, þeir Páll Þorsteinsson, Hjalti Haraldsson og Ásgeir Bjarnason, lýstu sig andvíga frumvarpinu, en meiri hlutinn, undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Ragnar Jónsson, frsm. Jón Árnason.
Jón Þorsteinsson.

Ed. 647. Nefndarálit [184. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur tekið málið til meðferðar á fundi sínum. Leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, JÞ, er andvígur frv. og mun skila séráliti.

JÁ var ekki á fundi, þegar málið var afgr. í nefndinni.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm. Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.
Hjalti Haraldsson. Ragnar Jónsson.

Ed. 648. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundi sínum og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 24. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Ragnar Jónsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson. Hjalti Haraldsson. Jón Árnason.
Jón Þorsteinsson.

Nd. 649. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til laga um landshöfn í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og orðið sammála um, að óhjákvæmilegt sé, að það nái fram að ganga. Hefur það sýnt sig, að þau sýslufélög, sem réðust í hinar miklu framkvæmdir í Þorlákshöfn, rísa ekki undir þeim fjárhagslega, og kemst ríkissjóður ekki hjá því að taka að sér þær skuldir, sem til hefur verið stofnað, og halda framkvæmdunum að einhverju leyti áfram, þannig að sem mest not verði af því, sem þegar hefur verið gert. Á þetta getur nefndin fallizt, en jafnframt vill hún hvetja til ýtrustu varfærni, að því er áframhald framkvæmdanna varðar, og að ekki verði aukið við þær, nema að vandlega athuguðu máli.

Nefndin leggur til, að á 4. gr. frv. verði gerð svo hljóðandi

BREYTING:

Á eftir orðunum „kosnir af sameinuðu Alþingi“ komi: til fjögurra ára í senn.

Einn nefndarmanna, PS, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm.	Jón Skaftason.	H. E. Þórarinsson.
Sverrir Júlíusson.	Sigfús J. Johnsen.	Lúðvík Jósefsson.

Ed. 650. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [195. mál]

í málinu: Frv. til l. um breyt. á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá Helga Bergs.

Með því að deildin telur, að leggja beri samning, ef gerður verður, við hið erlenda fyrirtæki fyrir Alþingi til staðfestingar, sér deildin ekki ástæðu til að gefa svo víðtækar heimildir og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Sþ. 651. Þingsályktun [64. mál]

um stofnun klak- og eldisstöðvar fyrir laxfiska.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort tímabært sé, að stofnsett verði á Norðurlandi klak- og eldisstöð fyrir lax og silung. Skal í því sambandi athugað, hvort ekki sé heppilegt að hafa það fyrirtæki við vatnasvæði Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, m. a. vegna góðra skilyrða til hagnýtingar á volgu vatni frá jarðhita þar um slóðir.

Sþ. 652. Þingsályktun [197. mál]

um endurskoðun laga um þingsköp Alþingis.

(Afgreidd frá Sþ. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 568.

Ed. 653. Breytingartillaga [9. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í gr. bætist í stafrófsröð:
Theisen, Albert Niels, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 17. júní 1911.

Ed. 654. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta hefur verið óhreyft í efri deild Alþingis frá því í desembermánuði 1965. Á kvöldfundi í gær var það tekið til 1. umræðu og rætt á fundi landbúnaðarnefndar í dag. Nefndin varð ekki sammála. Við undirritaðir nefndarmenn leggjum til, að frv. verði fellt, enda upplýst af landbúnaðarráðherra Ingólfi Jónssyni, að tilgangi þessa frv. sé náð, um leið og frv. það, sem fyrir Alþingi liggur um breytingar á framleiðsluráðslögunum, verði samþykkt.

Minna má á meginkjarna þessara brbl., en hann er í fyrsta lagi sá að svipta bændur samningsrétti um kaup sitt og kjör, þar sem Stéttarsamband bænda var útilokað frá samningsaðstöðu og hafði því engin áhrif á heildarkjör bændastéttarinnar á yfirstandandi verðlagsári.

Í öðru lagi er því slegið föstu í þessum bráðabirgðalögum, að verðlagsgrundvöllurinn, sem samið var um fyrir árið 1964—1965, væri sú undirstaða, sem mætti byggja á, án þess að taka tillit til breyttra þjóðfélagsaðstæðna, svo sem almennra verðhækkana og sölumöguleika á landbúnaðarafurðum, heldur áttu útreikningar Hagstofu Íslands að gilda eftir þar til settum reglum.

Þá er því í þriðja lagi slegið föstu í lögum þessum, að kaup bóndans og verkamanna hans megi ekki hækka hlutfallslega meira en elli- og örorkulífeyrisþegar kunna að fá samkvæmt heimild í lögum nr. 20 frá s. l. Alþingi, en ákvæðin um, að bændur skuli hafa sambærilegar tekjur og aðrar vinnandi stéttir, ekki látin gilda í framkvæmd.

Þá má og minna á það, að stjórn Stéttarsambands bænda mótmælti harðlega bráðabirgðalögum þessum.

Af framangreindu leggjum við til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson. Hjalti Haraldsson.

Nd. **655. Lög** [172. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Örlygsstaði í Helgafellssveit.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 398.

Nd. **656. Lög** [196. mál]

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 546.

Nd. **657. Lög** [176. mál]

um Atvinnujöfnunarsjóð.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 556.

Nd. **658. Lög** [187. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1966.

(Afgreidd frá Nd. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 483.

Ed. **659. Nefndarálit** [72. mál]

um frv. til laga um hægri handar umferð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur tekið frumvarpið til athugunar á fundum sínum. Fékk nefndin á fund til sín þá Sigurjón Sigurðsson lögreglustjóra í Reykjavík, Sigurð Jóhannsson vegamálastjóra, Arinbjörn Kolbeinsson, formann Félags ísl. bifreiðaeigenda, og Eirík Ásgeirsson forstjóra. Gáfu þeir nefndinni margháttaðar upplýsingar.

Nefndin klofnaði í málinu. Undirritaður meiri hluti mælir með, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Pétur Pétursson, form.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson, frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Ed. 660. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Ólafi Baldvinssyni land býlisins Gilsbakka í Arnarneshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 29. apríl 1966.

Sigurður Ó. Ólafsson, form. Jón Þorsteinsson, frsm. Páll Þorsteinsson.
Ásgeir Bjarnason. Hjalti Haraldsson. Ragnar Jónsson. Jón Árnason.

Ed. 661. Lög [95. mál]

um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 183.

Ed. 662. Lög [20. mál]

um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

(Afgreidd frá Ed. 29. apríl.)

Samhljóða þskj. 416.

Nd. 663. Frumvarp til laga [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Alpers, Heike Hildegard, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. maí 1938.
2. Andreasen, Thomas Keisten Kristian, verkamaður í Kópavogi, f. í Færeyjum 8. nóvember 1936.
3. Bartl, Maria Christine, læknir í Neskaupstað, f. í Þýzkalandi 12. október 1935.
4. Bieltvedt, Ole Anton, tannlæknir í Kópavogi, f. í Noregi 8. marz 1906.
5. Biskopstö, Petra, húsmóðir í Neskaupstað, f. í Færeyjum 22. apríl 1935.
6. Boucher, Áslaug Þórarinsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 7. ágúst 1917.
7. Brandt, Ingrid Luise, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 5. október 1936.
8. Bretz, Heiko, verkamaður á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 22. ágúst 1941.
9. Frederiksen, Jens Mathias, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 28. október 1938.
10. Gook, Hólmfríður Kristín, húsmóðir á Akureyri, f. á Íslandi 10. október 1896.

11. Greve, Reinhold Edmund Hans, rennismiður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 10. september 1926.
12. Guðfinna Helga Gunnarsdóttir, ungbarn í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 19. ágúst 1962.
13. Hauk, Anna Johanna, húsmóðir á Siglufirði, f. í Tékkóslóvakíu 18. nóvember 1934.
14. Kratsch, Walter Oswald, pípulagningameistari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. október 1899.
15. Ljubomir, Ajduk, sjómaður í Reykjavík, f. í Júgóslavíu 11. marz 1934.
16. Lorenzen, Grethe, fóstra í Mosfellssveit, f. í Danmörku 21. maí 1939.
17. Mygind, Grethe Marie Grönbæk, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 29. desember 1930.
18. Nitz, Arno Erwin Siegfried, málfræðingur í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 7 október 1912.
19. Nowak, Helga Maria, húsmóðir á Laugarvatni, f. í Þýzkalandi 8. september 1935.
20. Peschel, Annaliese, húsmóðir í Kópavogi, f. í Bretlandi 6. janúar 1941.
21. Petersen, Jonna Sonja Elna, húsmóðir í Kvisthaga í Miðdalahreppi, Dalasýslu, f. í Færeyjum 24. júní 1936.
22. Rader, Donald Farr, kennari í Kópavogi, f. á Íslandi 10. febrúar 1945.
23. Rasmussen, Erla Björgheim, húsmóðir á Akranesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1935.
24. Ritchie, James Valdimar, nemi í Reykjavík, f. í Skotlandi 30. apríl 1942.
25. Ritchie, Norma Elizabeth, skrifstofustúlka í Reykjavík, f. í Skotlandi 7. september 1945.
26. Sawamura, Matsoka (Metzelaar, Gustaf), sjúkraþjálfari í Reykjavík, f. í Japan 12. janúar 1931.
27. Scharein, Brigitte Margarite Ida Susanne, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 10. ágúst 1940.
28. Schmidt, Frieda Elisabeth Gisela, húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 12. júlí 1934.
29. Schmidt, Gerhard Walter, skólastjóri á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 14. september 1929.
30. Stolpmann, Magdalena, hjúkrunarkona í Hafnarfirði, f. í Þýzkalandi 12. maí 1928.
31. Szmilek, Irén, verkakona í Keflavík, f. í Ungverjalandi 30. september 1940.
32. Theisen, Albert Niels, verkamaður á Akureyri, f. í Danmörku 17. júní 1911.
33. Thieme, Anna Ursula, húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 17. marz 1928.
34. Tomsen, Tomas, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 9. maí 1901.
35. Trüning, Annie Elisabeth Gunilla, húsmóðir í Kaupmannahöfn, f. í Svíþjóð 7. marz 1940.
36. Villesen, Ole, garðyrkjumaður í Borgarfirði, f. í Danmörku 20. janúar 1936.
37. Wendler, Dietrich Hans Udo, starfsmaður Flugfélags Íslands, f. í Þýzkalandi 25. júní 1934.
38. Ziebert, Ernst Franz, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 12. janúar 1933.
39. Öxnevad, Johanne Margrete, húsmóðir á Hamarsheiði í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu, fædd í Noregi 22. maí 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 664. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. málsl. 30. gr. orðist þannig:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Einn nm., Sigfús J. Johnsen, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 30. apríl 1966.

Birgir Finnsson, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Jón Skaftason.
Hjörtur E. Þórarinsson. Sverrir Júlíusson. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 665. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og mæla undirritaðir nm. með því, að það verði samþykkt óbreytt.
Einn nm., HB, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 30. apríl 1966.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson.
Karl Kristjánsson. Hjalti Haraldsson. Þorvaldur Garðar Kristjánsson.

Ed. 666. Nefndarálit [149. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu, er gerð var í neðri deild. — Þrír nefndarmanna (ÁB, PÞ og HjH) áskilja sér þó rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og styðja breytingartillögur, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 30. apríl 1966.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Ragnar Jónsson. Sig. Ó. Ólafsson.
Hjalti Haraldsson. Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Nd. **667. Lög** [113. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1964.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 234.

Nd. **668. Lög** [12. mál]

um iðnfræðslu.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 601 (sbr. 12).

Ed. **669. Lög** [174. mál]

um breyting á lögum nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 599.

Nd. **670. Lög** [9. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 663.

Nd. **671. Lög** [178. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að gerast aðili að alþjóðasamningi um lausn fjárfestingardeilna milli ríkja og þegna annarra ríkja.

(Afgreidd frá Nd. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 435.

Ed. **672. Lög** [63. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. apríl 1958, um viðauka við lög nr. 23 27. júní 1921, um vátryggingarfélag fyrir fiskiskip.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 567.

Ed. **673. Lög** [127. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958, og lögum nr. 40 12. maí 1965, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 639.

Ed. **674. Lög** [171. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 393.

Ed. **675. Lög** [177. mál]

um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

(Afgreidd frá Ed. 30. apríl.)

Samhljóða þskj. 434.

Ed. **676. Nefndarálit** [72. mál]

um frv. til l. um hægri handar umferð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar vill samþ. það óbreytt. Við undirritaðir leggjum hins vegar til, að það sé fellt. Við teljum ekki rétt að gera jafnveigamikla breytingu, sem hér er um að ræða, nema brýn nauðsyn sé. Við höfum ekki getað sannfærzt um, að þessarar breytingar sé þörf nú. Hún kostar allmikið fé, og þau útgjöld teljum við að megi að skaðlausu spara. Breytingin mundi hafa í för með sér aukna slysahættu, meðan menn eru að venjast breytingunni.

Alþingi, 30. apríl 1966.

Ólafur Jóhannesson, frsm. Bjarni Guðbjörnsson. Alfreð Gíslason.

Nd. **677. Nefndarálit** [194. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands hf. til kaupa á millilandaflugvél.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv.

Alþingi, 2. maí 1966.

Davíð Ólafsson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr., frsm. Jónas G. Rafnar.

Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson. Kristján Thorlacius.

Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 678. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu fer ríkisstjórnin fram á mjög víðtækar heimildir sér til handa til samninga við erlendan auðhring um byggingu og rekstur kísilgúrverksmiðju við Mývatn. Auðhringur sá, sem hér er um að ræða, er Johns-Manville Corporation, New York. Hann mun vera stærsti framleiðandi og söluaðili að kísilgúr í heiminum og hefur m. a. í sínum höndum 65% af sölu á öllum kísilgúr í Vestur-Evrópu.

Samkvæmt frv. er ráðgert, að ríkisstjórnin fái heimild til að semja við þennan eða annan erlendan aðila um þátttöku í framleiðslufélagi, sem eigi og reki kísilgúrverksmiðjuna. Hinn erlendi aðili á að eiga minnst 39% hlutafjárins, en gæti eins vel eignazt 49%, ef þátttaka sveitarfélaganna á Norðurlandi yrði lítil í félaginu. Þá er ráðgert, að hinn erlendi aðili eigi einn sölufélagið, sem á að hafa einkarétt til sölu á allri framleiðslu verksmiðjunnar.

Samkvæmt upplýsingum, sem gefnar hafa verið, er talið, að verksmiðjan muni kosta 145—150 milljónir króna, án tolla og aðflutningsgjalda. Hlutafé er áætlað 60 millj. króna.

Í frv. er ráðgert, að bæði félögin, framleiðslufélagið og sölufélagið, greiði skatta samkvæmt sérstökum samningum, en verði ekki skattlögð eins og önnur fyrirtæki í landinu. Samið yrði um óbreytanlega skatta í 20 ár, sem yrði samningstíminn við hinn erlenda aðila.

Ég tel óeðlilegt, að ríkisstjórninni séu veittar slíkar óákveðnar og víðtækar heimildir til samninga við erlenda aðila sem ráðgert er í frumvarpinu.

Ég tel, að alla slíka samningagerð eigi að leggja fyrir Alþingi, svo að ekki fari á milli mála, um hvað er samið og hver vilji Alþingis er.

Í gildandi lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn eru nægjanleg ákvæði til framkvæmda í málinu að mínum dómi og ekki ástæða til breytinga, fyrr en formleg samningsdrög liggja fyrir um, að annað sé nauðsynlegt en rúmast innan þeirra laga.

Ég legg því til, að frumv. verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1966.

Lúðvík Jósefsson.

Ed. 679. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt þetta mál, en ekki getað orðið sammála. Við undirritaðir fáum ekki séð, að eins og sakir standa sé aðkallandi á þessu þingi að sameina Fiskveiðasjóð Íslands og Stofnlánadeild sjávarútvegsins eða skipta um stjórn Fiskveiðasjóðs, en hins vegar töluverðir gallar á efni frv. og undirbúningi málsins, eins og sumar umsagnir um frv. bera vitni um. Við teljum því réttast að stefna að því að endurskoða frv. milli þinga í samráði við rétta aðila og með tiltekin sjónarmið fyrir augum.

Við leggjum til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með það fyrir augum, að frv. það, er fyrir liggur, um Fiskveiðasjóð Íslands, verði endurskoðað milli þinga í samráði við stjórnir Fiskveiðasjóðs Íslands. Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Landssambands ísl. útvegsmanna, og þá m. a. að því stefnt að auka fjármagn til stofnlána í þágu sjávarútvegsins, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. maí 1966.

Ólafur Jóhannesson, frsm. Helgi Bergs. Gils Guðmundsson.

Nd. 680. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 4. gr. Á eftir orðunum „7 menn“ komi: og jafnmargir varamenn.

Ed. 681. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp um Fiskveiðasjóð Íslands hefur verið til athugunar í sjávarútvegsnefnd. Nefndin hefur kynnt sér umsagnir, sem borizt hafa.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, enda er frumvarpið liður í heildarskipulagsbreytingu á fjárfestingarsjóðum aðalatvinnuvega landsmanna.

Alþingi, 2. maí 1966.

Jón Árnason, form. Pétur Pétursson, fundaskr. Sveinn Guðmundsson, frsm.

Einar Guðfinnsson.

Ed. 682. Breytingartillaga [72. mál]

við frv. til laga um hægri handar umferð.

Frá Alfreð Gíslasyni og Bjarna Guðbjörnssyni.

IV. kafli (12.—14. gr.) frumvarpsins falli burt.

Ed. 683. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til laga um Listlaunasjóð Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi þetta frumvarp til umsagnar til stjórnar Bandalags íslenzkra listamanna og einnig til stjórnar Myndlistarfélagsins, sem ekki er í bandalaginu.

Nefndinni hefur enn ekki borizt svar frá stjórn bandalagsins. Aftur á móti hefur stjórn Myndlistarfélagsins sent álit sitt. Telur hún frumvarpið „bæði einfalt og sanngjarnt“ og mælir með samþykkt þess, en óskar lítils háttar breytinga á því.

Nú hefur sameinað Alþingi — 27. f. m. — samþykkt ályktun, þar sem skorað er á ríkisstjórnina „að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna“. Með skírskotun til þeirrar áskorunar leggur menntamálanefnd til, að efri deild **vísi frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að ríkisstjórnin láti frumvarpið koma til athugunar við undirbúning löggjafar um úthlutun listamannalauna.

Alþingi, 2. maí 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.	Páll Þorsteinsson.	Bjartmar Guðmundsson.
	Gils Guðmundsson.	

Ed. 684. Nefndarálit [124. mál]

um frv. til laga um listamannalaun og Listasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin sendi þetta frumvarp til umsagnar til stjórnar Bandalags íslenzkra listamanna og Myndlistarfélagsins. Nú hefur sameinað Alþingi samþykkt ályktun, þar sem skorað er á ríkisstjórnina „að láta undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi löggjöf um úthlutun listamannalauna“. Með skírskotun til þeirrar áskorunar leggur menntamálanefnd til, að efri deild **vísi frumvarpinu til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að ríkisstjórnin láti frumvarpið koma til athugunar við undirbúning löggjafar um úthlutun listamannalauna.

Alþingi, 2. maí 1966.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Jón Þorsteinsson.
Karl Kristjánsson.	Páll Þorsteinsson.	Bjartmar Guðmundsson.
	Gils Guðmundsson.	

Nd. 685. Frumvarp til laga [188. mál]

um landshöfn í Þorlákshöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 485 með þessari breytingu:

4. gr. hljóðar svo:

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 7 menn og jafnmargir varamenn, kosnir af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

Ed. 686. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um bústofnslánasjóð.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Daglega eru í dagblöðum auglýstar jarðir til sölu. Þessar auglýsingar sýna það, að margur bóndinn hefur hug á að hætta búskap, ef þess væri kostur, að einhver hefði möguleika á og vildi kaupa jörð, bústofn og vélar. Það mun láta nærri hér á landi, að um 200 ábúendaskipti eigi sér stað á ári hverju.

Frv. það, sem hér um ræðir, er flutt af brýnni nauðsyn þess að greiða götu þeirra, sem eru að hefja búskap, og líka til þess að bæta aðstöðu þeirra bænda, sem þurfa að auka bústofn sinn og kaupa vélar til búrekstrar.

Kostnaður við bústofnsmyndun í sveit er orðinn mikill og fer ört hækkandi með hverju árinu, sem líður. Nú þýðir ekki að tala um tugi eða hundruð þúsunda í þessum efnum, þar sem sómasamlegt bú, sem á að veita meðalfjölskyldu lífsviðurværi, kostar eigi undir milljón króna.

Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda hafa margskorað á opinbera aðila að veita meiri stuðning við frumbýlinga en nú er, en án árangurs. Vart mun það öllu lengur geta dregizt að aðhafast ekki neitt í þessum efnum, nema þjóðin bíði mikið tjón af síðar meir. Það mun því farsælt landi og þjóð, að Alþingi samþykki frv. þetta um bústofnslánasjóð, þar sem það gerir ráð fyrir því að lána bæði frumbýlingum og öðrum bændum, sem þess þurfa, til bústofnsaukningar og vélakaupa.

Frv. þetta, ef að lögum verður, ásamt frv. okkar framsóknarmanna um að efla veðdeild Búnaðarbanka Íslands til stórra muna frá því, sem nú er, mun lyfta undir það, að ungt fólk treysti sér betur til að hefja lífsstarf sitt í blómlegum sveitum þessa lands en nú hefur verið um skeið.

Við leggjum til, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 30. apríl 1966.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Nd. 687. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um landshöfn í Þorlákshöfn.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Á eftir 15. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 688. Lög [151. mál]

um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 517.

Ed. **689. Lög** [153. mál]

um breyting á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 10 29. marz 1961.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 326.

Ed. **690. Lög** [100. mál]

um breyting á lögum nr. 60 7. júní 1957, um Háskóla Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 428.

Nd. **691. Frumvarp til laga** [7. mál]

um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. maí.)

Samhljóða þskj. 7 með þessari breytingu:

30. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 47 frá 1958, 9.—21. gr. laga nr. 35 frá 1961, IV. og V. kafli laga nr. 66 frá 1946 ásamt i.- og k.-liðum 1. gr., 47. gr., 48. gr., 49. gr., 3. mgr. 53. gr., 54. gr., 55. gr., 57. gr. og 59. gr. þeirra laga, svo og öll önnur lagaákvæði, er fara í bág við lög þessi.

Nd. **692. Nefndarálit** [168. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar sýslunefndar Gullbringusýslu og Sambands íslenzkra sveitarfélaga. Enn fremur hefur nefndin haft samband við félagsmálaráðuneytið varðandi málið.

Nefndin telur eðlilegt, að Keflavíkurkaupstaður fái stækkað lögsagnarumdæmi sitt, eins og frv. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1966.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Axel Jónsson.
Jón Skaftason.	Ágúst Þorvaldsson.	Sigfús J. Johnsen.

Nd. 693. Nefndarálit [195. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur rætt málið á einum fundi, og mætti þar Magnús Jónsson fjmrh., og svaraði hann fyrirspurnum nefndarmanna og gaf margvíslegar upplýsingar varðandi frv.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins, og leggur undirritaður meiri hl. til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1966.

Davíð Ólafsson, form. Unnar Stefánsson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.

Matthías Á. Mathiesen.

Ed. 694. Frumvarp til laga [188. mál]

um landshöfn í Þorlákshöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd., 3. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að gera samning við eigendur hafnarmannvirkja í Þorlákshöfn um, að ríkissjóður taki við eignum og skuldbindingum hafnarsjóðs Þorlákshafnar, enda fylgi hæfilegt landrými til reksturs hafnarinnar.

Ríkissjóður lætur síðan starfrækja og auka hafnarmannvirki í Þorlákshöfn, á sinn kostnað.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð. Ráðherra ákveður gerð og fyrirkomulag hafnarinnar í samráði við vitamálastjóra. Til hafnarmannvirkja teljast: Hafnargarðar, hafskipa- og bátabryggjur, verbúðir, uppfyllingar, dráttarbrautir, vélar, sem notaðar eru við byggingu hafnarinnar eða til fermingar og affermingar í höfninni, lönd, sem höfninni eru nauðsynleg vegna byggingar mannvirkjanna, starfrækslu þeirra eða annars, er nauðsynlegt má teljast fyrir fjárhagsafkomu hafnarinnar, einnig allar nauðsynlegar leiðslur, svo sem vatns- og rafmagnsleiðslur, holræsi o. fl.

2. gr.

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum í 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 100 millj. kr. Að öðru leyti greiðist kostnaðurinn úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til þess á fjárlögum. Skal miða hafnargjöld á hverjum tíma, eftir því sem fært þykir, við það, að tekjur hafnarinnar nægi til þess að greiða vexti og afborganir að ⅔ hlutum stofnkostnaðarins, auk árlegs rekstrarkostnaðar.

3. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi til landshafnarinnar mannvirki, er þarf til að gera höfnina, og svo víðáttumikið land, sem hafnarstjórn og ráðherra telja, að þurfi til þess að geta veitt útvegsmönnum og öðrum aðstöðu til notkunar hafnarinnar og undir brautir og vegi í þarfir hennar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefur í för með sér, allt gegn

því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bætur, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaður við matið greiðist úr sjóði hafnarinnar. Nú vill annar hvor málsaðila ekki una mati, og getur hann krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan 14 daga frá því er matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr sjóði hafnarinnar.

4. gr.

Í stjórn hafnarinnar eiga sæti 7 menn og jafnmargir varamenn, kosnir af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra sá, sem fer með hafnarmál, skipar formann hafnarstjórnarinnar úr hópi stjórnarmanna.

5. gr.

Með strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram bryggjur eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema samkvæmt leyfi stjórnar landshafnarinnar. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarstjórn beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarstjórn öðru eintakinu. Sá, sem fengið hefur slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda einnig um þau mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu. Brot gegn þessari grein varða sektum frá 500—20 000 kr., og hafnarstjórn getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Eignum og tekjum hafnarsjóðs má aðeins verja í þágu hafnarinnar, sbr. 1. og 2. gr. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar hafnarinnar, og hafnarstjórn ber ábyrgð á eignum hennar.

7. gr.

Hafnarstjórn má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarinnar, né kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stórlán til lengri tíma en svo, að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem í hönd fer, né endurnýja slík lán, eða fresta borgunartímanum og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarmannvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir: 1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr. 2. Af skipum og bátum, er hafna sig á landshöfninni, og farmi þeirra: a) Skipagjald, ákveðið með tilliti til stærðar skipa þeirra, er hafna sig. b) Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land. c) Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar. d) Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarinnar. e) Allt að 2% andvirði afla þeirra skipa og báta, sem leggja afla sinn á land innan hafnarsvæðisins eða hafa þar uppsátur. f) Leigu af verbúðum og öðrum mannvirkjum og af grunnum og lendum hafnarinnar. Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, sem ráðherra setur að fengnum tillögum hafnarstjórnar, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölulið 2 a. Gjöld þessi má taka lögtaki.

9. gr.

Reikningsár hafnarinnar er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir nóvemberlok hvers árs ber hafnarstjórn að leggja frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári fyrir ráðherra til samþykktar ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

Nú hefur hafnarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar framkvæmdir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki ráðherra þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni svo tímanlega, að samþykki ráðuneytisins geti komið til, áður en gengið er endanlega frá fjárhagsáætlun.

12. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum framkvæmdum utan áætlunar eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarstjórn að tilkynna það ráðuneytinu í tæka tíð og leita samþykkis þess, til þess að vikja megi frá áætluninni. Eigi má hefja verkið né stofna til umframgreiðslu, fyrr en samþykki ráðherra er fengið.

13. gr.

Við lok hvers reikningsárs og eigi síðar en fyrir febrúarlok skal hafnarstjórn gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða af tveim endurskoðendum, sem ráðherra skipar til 4 ára í senn. Hafnarstjórn sendir þá síðan til ráðherra til úrskurðar.

14. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 200—10 000 kr. Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

15. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 695. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Tveir nm., AG og BGuðm, munu skila séráliti, en undirritaðir nm. mæla með samþykkt frv., ÁB og KK þó með fyrirvara.

Alþingi, 3. maí 1966.

Pétur Pétursson, form., frsm.
Auður Auðuns, fundaskr.
Einar Guðfinnsson.
Ásgeir Bjarnason, með fyrirvara.
Karl Kristjánsson, með fyrirvara.

Ed. **696. Lög** [26. mál]

um verðlagningu landbúnaðarvara á verðlagsárinu 1965—1966.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 26.

Ed. **697. Lög** [72. mál]

um hægri handar umferð.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 516.

Nd. **698. Lög** [186. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 571 (sbr. 482).

Ed. **699. Lög** [149. mál]

um breyting á lögum nr. 42 4. apríl 1956, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 531.

Ed. **700. Lög** [184. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 559.

Ed. **701. Lög** [99. mál]

um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 583 (sbr. 213).

Ed. **702. Lög** [165. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að selja Ólafi Baldvinssyni land býlisins Gilsbakka í Arnarneshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 376.

Ed. **703. Lög** [179. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja jörðina Gufuskálar í Gerðahreppi, Gullbringusýslu.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 581.

Ed. **704. Lög** [152. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 587 (sbr. 325).

Nd. **705. Lög** [194. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að ábyrgjast lán fyrir Flugfélag Íslands hf. til kaupa á millilandaflugvél.

(Afgreidd frá Nd. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 535.

Ed. **706. Lög** [7. mál]

um atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 691 (sbr. 7).

Nd. **707. Nefndarálit** [195. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frumvarpi þessu er farið fram á heimildir til handa ríkisstjórninni til samninga við útlendinga um ýmis atriði, er varða væntanlega kísilgúrverksmiðju við Mývatn.

Við meðferð málsins í fjárhagsnefnd óskuðum við undirritaðir þess, að gefin yrði ótvíræð yfirlýsing um, að framkvæmd laganna yrði þannig, að félögin, sem um ræðir í frv., skyldu í einu og öllu lúta íslenzkri löggjöf og íslenzku dómsvaldi, og ef til þess kæmi að ágreiningsmálum yrði skotið til úrskurðar gerðardóms, skyldi Hæstiréttur skipa oddamann í dóminn. Fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni og iðnaðarmálaráðherra vildu ekki fallast á að gefa slíka yfirlýsingu.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, er það tillaga okkar, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að deildin telur, að frumvarp að samningi, er gerður kann að verða við hið erlenda fyrirtæki, eigi að leggjast fyrir Alþingi til ákvörðunar, telur deildin

ekki ástæðu til að gefa þær heimildir, er í frumvarpinu felast, og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. maí 1966.

Skúli Guðmundsson, frsm. Kristján Thorlacius.

Sþ. 708. Nefndarálit [129. mál]

um till. til þál. um rétt Íslands til landgrunnsins.

Frá meiri hl. utanríkismálanefndar.

Utanríkismálanefnd tók tillögu þessa til afgreiðslu á fundi sínum 30. f. m., og mætti utanríkisráðherra á þeim fundi. Enginn ágreiningur var um það í nefndinni að lýsa yfir stuðningi við þá meginstefnu, sem mörkuð hefur verið varðandi rétt Íslands til landgrunnsins með lögunum um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins frá 1948, svo og með ályktun Alþingis frá 5. maí 1959 og yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í auglýsingu nr. 4 frá 1961.

Hins vegar urðu nefndarmenn ekki sammála um, hvaða afgreiðslu þessi tillaga skyldi fá.

Með tilvísun til þeirrar stefnu, sem mótuð hefur verið í þessu máli og vísað er til hér að framan, og byggt á því, að áfram verði haldið að vinna að málinu á grundvelli þeirrar stefnu, leggur meiri hl. nefndarinnar til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 3. maí 1966.

Sigurður Bjarnason, form. Davíð Ólafsson, frsm. Matthías Á. Mathiesen.

Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 709. Nefndarálit [168. mál]

um frv. til l. um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur ekki fengið ráðrúm til að athuga þetta frumvarp nema á einum skyndifundi, sem er of lítill tími. Ljóst er þó af gögnum, sem fyrir liggja, að sveitarfélag það, Gerðahreppur, sem skerða á mjög, ef frumv. nær fram að ganga, er málinu algerlega andvígt. Sýslunefnd treystir sér ekki til að mæla með frumvarpinu og Samband íslenzkra sveitarfélaga ekki heldur. Hins vegar virðist mikið kapp lagt á, að Keflavíkurkaupstaður nái að seilast til landvinninga á umráðasvæði nábúa síns og rýra um leið byggð Gerðahrepps verulega. Þarna virðist vera um mjög harkalegar ráðstafanir að ræða, og verða að liggja til þess mjög veigamiklar ástæður, til þess að þær geti talizt réttlætanlegar. Sé svo, þá hafa þær ástæður ekki enn verið kynntar nægilega fyrir heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar. Oddviti Gerðahrepps hefur óskað þess, að afgreiðslu málsins verði ekki hraðað meira en svo, að tími vinnist til að reyna til þrautar samninga um málið, svo sem 4. og 7. gr. sveitarstjórnarlaga frá 1961 gera ráð fyrir. Og

þar sem ekki verður séð, að neitt sérstakt knýi á um það að afgreiða þetta mál með slíkum hraða sem gert er nú ráð fyrir, leggja undirritaðir nefndarmenn til, að frumv. verði afgr. með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem mál þetta hefur enn ekki fengið nægilegan undirbúning, telur deildin ótímabært að samþykkja frumv. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1966.

Bjartmar Guðmundsson, frsm. Alfreð Gíslason.

Sþ. 710. Nefndarálit [129. mál]

um till. til ál. um rétt Íslands til landgrunnsins.

Frá minni hl. utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur haft tillögu þessa til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Meiri hlutinn mælir með því, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en undirritaðir nm. mæla með samþykkt hennar, þar sem þeir telja nauðsynlegt, að reynt verði að halda þessu máli ofar flokkadeilum, en frumskilyrði þess er, að öllum þingflokkum verði gefinn kostur á að vinna að framgangi þess. Hér er ekki um mál að ræða, sem fara á með sem sérmál ríkisstjórnarinnar, heldur sameiginlegt mál alls þingsins.

Í umræðum um tillöguna í sameinuðu þingi kom það fram, að nauðsynlegt væri, að nefndin athugaði einnig möguleika til að gera sem fyrst sérstakar friðunarráðstafanir utan núverandi marka fiskveiðilandhelginnar. Við teljum eðlilegt, að verksvið nefndarinnar nái einnig til slíkrar athugunar.

Samkvæmt framansögðu mælum við með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 4. maí 1966.

Þórarinn Þórarinsson, frsm. Einar Olgeirsson. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 711. Lög [188. mál]

um landshöfn í Þorlákshöfn.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 694.

Ed. 712. Lög [168. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 388.

Nd. 713. Breytingartillaga [195. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

Frá Einari Olgeirssyni.

Meginmál 7. gr. orðist svo:
Allar framkvæmdir samkvæmt þessum lögum eru því skilyrði bundnar, að náttúruverndarráð hafi einróma samþykkt og tekið ábyrgð á, að vegna framkvæmda þessara verði eigi spjöll á fuglalífi eða náttúrufegurð Mývatnssveitar.

Nd. 714. Lög [195. mál]

um breyting á lögum um kísilgúrverksmiðju við Mývatn, nr. 22 21. maí 1964.

(Afgreidd frá Nd. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 543.

Sþ. 715. Nefndarálit [73. mál]

um till. til þál. um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Alþingi, 4. maí 1966.

Unnar Stefánsson, form., frsm.	Matthías Bjarnason, fundaskr.	Kristján Thorlacius.
Pétur Sigurðsson.	Axel Jónsson.	H. E. Þórarinsson.

Sþ. 716. Nefndarálit [173. mál]

um till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar. Fjarstaddur við afgreiðslu málsins var Ragnar Arnalds.

Alþingi, 4. maí 1966.

Unnar Stefánsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr., frsm.	H. E. Þórarinsson.
Pétur Sigurðsson.	Axel Jónsson.	Kristján Thorlacius.

Sþ. 717. Nefndarálit [87. mál]

um till. til þál. um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og leggur til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, svo fljótt sem verða má, rannsókn á því, hvernig þeim byggðarlögum á Vestfjörðum og í Norðurlandskjördæmi eystra, sem samveitur ná ekki til sakir strjálbýlis, verði tryggð afnot raforku. Skal í því sambandi athugað sérstaklega, hvernig sérvirkjunum verði við komið í þágu einstakra byggðarlaga og býla.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum og í Norðurlandskjördæmi eystra.

Ragnar Arnalds var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1966.

Unnar Stefánsson, form.	Matthías Bjarnason, fundaskr., frsm.	Pétur Sigurðsson.
Kristján Thorlacius.	Axel Jónsson.	H. E. Þórarinsson.

Sþ. 718. Breytingartillögur [87. mál]

við brtt. á þskj. 717 [Raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum].

Frá Skúla Guðmundssyni, Gunnari Gíslasyni, Ágúst Þorvaldssyni, Lúðvík Jósefssyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Eysteini Jónssyni, Jóni Árnasyni og Sigurði Ó. Ólafssyni.

1. Við 1. tölul. Í stað orðanna „og í Norðurlandskjördæmi eystra“ komi: í Norðurlandskjördæmi eystra, Norðurlandskjördæmi vestra, Austurlandskjördæmi, Vesturlandskjördæmi, Suðurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi.
2. Við 2. tölul. Í stað orðanna „og í Norðurlandskjördæmi eystra“ komi: í Norðurlandskjördæmi eystra, Norðurlandskjördæmi vestra, Austurlandskjördæmi, Vesturlandskjördæmi, Suðurlandskjördæmi og Reykjaneskjördæmi.

Sþ. 719. Þingsályktun [166. mál]

um athugun á aukinni fjölbreytni í framleiðslu sjávarafurða og eflingu þeirra iðngreina, sem vinna útflutningsverðmæti úr sjávarafla.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 379.

Sþ. 720. Þingsályktun [173. mál]

um endurskoðun lagaákvæða um löndun erlendra fiskiskipa í íslenzkum höfnum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 401.

Sþ. 721. Þingsályktun [73. mál]

um rannsókn varðandi lausn á raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands.

(Afgreidd frá Sþ. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 88.

Sþ.

722. Nefndaskipun.

(86. löggjafarþing.)

I.
Fastanefndir.

A.
Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Jón Árnason, formaður,
Halldór Ásgrímsson,[1])
Einar Ingimundarson,[2])
Jónas Pétursson,
Halldór E. Sigurðsson,[3])
Geir Gunnarsson,
Matthías Bjarnason,[4])
Birgir Finnsson, fundaskrifari,
Ingvar Gíslason.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1966 (1, n. 112 (meiri hl.), n. 113 (1. minni hl.), n. 117 (2. minni. hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. 1. minni hl.: Halldór E. Sigurðsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Geir Gunnarsson.
2. Fjáraukalög 1964 (235, n. 473).
   Frsm.: Birgir Finnsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Dreifing framkvæmdavalds og efling á sjálfsstjórn héraða (43).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Lagning Vesturlandsvegar (40).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Lækkun dráttarvaxta í fiskveiðasjóði og stofnlánadeild Búnaðarbankans (64).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Klak- og eldisstöð fyrir laxfiska (75, n. 588).
   Frsm.: Ingvar Gíslason.
5. Garðyrkjuskóli á Akureyri (78, n. 364).
   Frsm.: Ingvar Gíslason.
6. Verkefna- og tekjustofnaskipting milli ríkis og sveitarfélaga (90).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Hlutverk Seðlabankans að tryggja atvinnuvegunum lánsfé (23).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Í fjarveru hans, frá 13. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Vilhjálmur Hjálmarsson.
2) Er hann hvarf af þingi, 1. febr., tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levy.
3) Í fjarveru hans, frá 21. marz til 11. apríl, tók sæti hans í nefndinni Daníel Ágústínusson, en frá 27. apríl til þingloka Gunnar Guðbjartsson.
4) Í forföllum hans, frá 16. febr. til 21. marz, tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.

8. Dvalarheimili fyrir aldrað fólk (121).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Skipting landsins í fylki (221).
   Nefndarálit kom ekki.
10. Endurskoðun skólalöggjafarinnar (73).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Embættisbústaðir (114).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Framleiðsla sjávarafurða (379, n. 645).
    Frsm.: Jón Árnason.

2. Allsherjarnefnd:

Pétur Sigurðsson,
Einar Ágústsson,[1])
Matthías Bjarnason, fundaskrifari,[2])
Axel Jónsson,
Gísli Guðmundsson,[3])
Ragnar Arnalds,[4])
Sigurður Ingimundarson, formaður.[5])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 (10, n. 120).
   Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
2. Atvinnulýðræði (15).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Markaðsrannsóknir í þágu útflutningsatvinnuveganna (17, n. 152).
   Frsm.: Einar Ágústsson.
4. Samdráttur í iðnaði (21, n. 356 (meiri hl.), n. 367 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pétur Sigurðsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
5. Kaup Seðlabankans á víxlum iðnaðarins (22).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Löggjöf um þjóðaratkvæði (32).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Þjóðaratkvæðagreiðsla um samkomustað Alþingis (41).
   Nefndarálit kom ekki.
8. Rekstrargrundvöllur togaraflotans (50).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Sumarheimili kaupstaðarbarna í sveit (51).
   Nefndarálit kom ekki.
10. 18 ára kosningaaldur (69, n. 461).
    Frsm.: Sigurður Ingimundarson.
11. Kaup lausafjár með afborgunarkjörum (100).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Raforkuþörf Vestur-Skaftfellinga austan Mýrdalssands (88, n. 715).
    Frsm.: Unnar Stefánsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 4. maí tók sæti hans í nefndinni Kristján Thorlacius.
2) Í forföllum hans, frá 16. febr. til 21. marz, gegndi störfum hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
3) Í fjarveru hans, frá 22. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Hjörtur E. Þórarinsson.
4) Á fundi nefndarinnar 24. nóv. gegndi störfum hans í nefndinni Karl Guðjónsson, en 8. des. Ingi R. Helgason.
5) Á fundi nefndarinnar 4. maí gegndi störfum hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

13. Raforkuframkvæmdir á Vestfjörðum (147, n. 717).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
14. Embætti lögsögumanns (256).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Aðbúð síldarsjómanna (292).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Takmörkun sjónvarps frá Keflavíkurflugvelli (296).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Löndun erlendra fiskiskipa (401, n. 716).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.
18. Verksmiðja á Skagaströnd, er framleiði sjólax (302).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Endurskoðun laga um almannavarnir (383).
    Nefndarálit kom ekki.

3. Utanríkismálanefnd:

	Varamenn:
Sigurður Bjarnason, formaður,	Þorvaldur G. Kristjánsson,
Hermann Jónasson,	Ólafur Jóhannesson,
Davíð Ólafsson,	Gunnar Gíslason,
Matthías Á. Mathiesen,	Guðlaugur Gíslason,
Þórarinn Þórarinsson,	Helgi Bergs,
Einar Olgeirsson,	Gils Guðmundsson,
Gylfi Þ. Gíslason, fundaskrifari.	Benedikt Gröndal.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Fulltrúar Íslands á þjóðaráðstefnum (86, n. 514).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
2. Endurskoðun á aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi (241, n. 510 (minni hl.), n. 515 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Einar Olgeirsson.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Bjarnason.
3. Reikningsskil hinna rændu þjóða við þær ríku (250).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Réttur til landgrunnsins (280, n. 708 (meiri hl.), n. 710 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Þórarinn Þórarinsson.

4. Kjörbréfanefnd:

Einar Ingimundarson, formaður,[1])
Ólafur Jóhannesson,
Matthías Á. Mathiesen,[2])
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskrifari,[3])
Björn Fr. Björnsson,
Alfreð Gíslason,
Auður Auðuns.

---

1) Er hann hvarf af þingi, 1. febr., tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levy, en Matthías Á. Mathiesen gegndi formannsstörfum frá sama tíma.

2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 8. til 17. des., tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson.

3) Á fundi nefndarinnar 3. maí gegndi störfum hans í nefndinni Pétur Pétursson.

Nefndin rannsakaði kjörbréf Geirs Hallgrímssonar, 7. (vara)þm. Reykv., Karls Guðjónssonar, 5. landsk. (vara)þm., Ragnars Guðleifssonar, 2. (vara)þm. Reykn., Magnúsar Kjartanssonar, 9. (vara)-þm. Reykv., Bjarna Guðbjörnssonar, 1. (vara)þm. Vestf., Hjalta Haraldssonar, 4. (vara)þm. Norðurl. e., og Hilmars Hálfdánarsonar, 4. landsk. (vara)þm., og lét uppi munnleg álit um þau.

5. *Þingfararkaupsnefnd:*

Einar Ingimundarson,
Halldór Ásgrímsson,
Jónas Pétursson, fundaskrifari,
Jónas G. Rafnar,
Halldór E. Sigurðsson,
Björn Jónsson,
Friðjón Skarphéðinsson, formaður.

B.
Í efri deild.

1. *Fjárhagsnefnd:*

Ólafur Björnsson, formaður,
Karl Kristjánsson,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Sveinn Guðmundsson,
Helgi Bergs,
Björn Jónsson,[1])
Jón Þorsteinsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Lántaka vegna vega- og flugvallagerða (3, n. 47).
   Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
2. Búnaðarbanki Íslands (31).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Aukatekjur ríkissjóðs (54, n. 103 (1. minni hl.), n. 108 (meiri hl.), n. 115 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Björn Jónsson.
4. Rafvæðing Vestur-Skaftafellssýslu (102).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Gjaldaviðauki (2, n. 170).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
6. Tollskrá o. fl. (167, n. 192).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
7. Innflutnings- og gjaldeyrismál (149, n. 205 (meiri hl.), n. 206 (1. minni hl.), n. 211 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Helgi Bergs.

---

1) Í fjarveru hans, frá 25. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Hjalti Haraldsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags- og samgöngumálanefndir.

8. Fjárhagur rafmagnsveitna ríkisins (201, n. 207 (meiri hl.), n. 208 (1. minni hl.), n. 209 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Karl Kristjánsson.
9. Ríkisreikningurinn 1964 (234, n. 320).
   Frsm.: Ólafur Björnsson.
10. Framleiðnilánadeild við Framkvæmdabanka Íslands (282).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Tollskrá o. fl. (352, n. 411).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.
12. Atvinnujöfnunarsjóður (433, n. 503 (1. minni hl.), n. 505 (2. minni hl.), n. 511 (meiri hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Karl Kristjánsson.
    Frsm. meiri hl.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
13. Lántaka vegna framkvæmdaáætlunar 1966 (483, n. 525).
    Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
14. Verðtrygging fjárskuldbindinga (416, n. 561 (meiri hl.), n. 569 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
15. Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (327, n. 534).
    Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
16. Ábyrgð á láni fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á millilandaflugvél (535, n. 618).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
17. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn (543, n. 627 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
18. Framkvæmdasjóður Íslands (517, n. 619 (meiri hl.), n. 631 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Frsm. minni hl.: Helgi Bergs.
19. Seðlabanki Íslands (326, n. 620 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
20. Ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga (583 (sbr. 213), n. 665).
    Frsm.: Ólafur Björnsson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Bjartmar Guðmundsson,
Páll Þorsteinsson,
Jón Árnason, fundaskrifari,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Ásgeir Bjarnason,
Björn Jónsson,
Jón Þorsteinsson, formaður.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Skrásetning réttinda í loftförum (38, n. 386).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.

Fastanefndir Ed.: Samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

2. Nauðungaruppboð (39, n. 387).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
3. Vegalög (92, n. 169 (meiri hl.), n. 173 (1. minni hl.), n. 178 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Bjartmar Guðmundsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Björn Jónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
4. Vegalög (363, n. 524 (minni hl.), n. 577 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Páll Þorsteinsson.
   Frsm. meiri hl.: Jón Þorsteinsson.
5. Ferðamál (298, n. 489).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
6. Fólksflutningar með bifreiðum (531, n. 666).
   Frsm.: Jón Þorsteinsson.
   Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 151 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. Landbúnaðarnefnd:

Bjartmar Guðmundsson, formaður,[1])
Ásgeir Bjarnason,
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,
Jón Árnason,
Björn Jónsson,[2])
Jón Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sala eyðijarðarinnar Hálshúsa í Reykjarfjarðarhreppi (34, n. 243).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
2. Sala eyðijarðarinnar Litla-Gerðis í Grýtubakkahreppi (223, n. 244).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
3. Samvinnubúskapur (225).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Sala Efri-Vallar (148, n. 362).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
5. Sala jarðarinnar Kollaleiru (266, n. 361).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
6. Bústofnslánasjóður (288, n. 686 (minni hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
   Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
7. Loðdýrarækt (338, n. 611 (minni hl.), n. 623 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Jón Þorsteinsson.
   Frsm. meiri hl.: Ásgeir Bjarnason.
8. Skógrækt (245, n. 445).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
9. Mat á sláturafurðum (409 (sbr. 284), n. 470).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
10. Sala Örlygsstaða í Helgafellssveit (398, n. 529).
    Frsm.: Ásgeir Bjarnason.

---

1) Í fjarveru hans, frá 18. apríl til 1. maí, tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson, en Sigurður Ó. Ólafsson gegndi formannsstörfum sama tíma.

2) Í fjarveru hans, frá 25. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Hjalti Haraldsson.

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

11. Sala Selárdals í Súgandafirði (390).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Framleiðsluráð landbúnaðarins (482, n. 542 (minni hl.), n. 558 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Björn Jónsson.
    Frsm. meiri hl.: Ragnar Jónsson.
13. Eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði (183, n. 614).
    Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
14. Stofnun búnaðarmálasjóðs (559, n. 610 (minni hl), n. 647 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Jón Þorsteinsson.
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Ó. Ólafsson.
15. Verðlagning landbúnaðarvara (26, n. 646 (meiri hl.), n. 654 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Ragnar Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Ásgeir Bjarnason.
16. Sala Gilsbakka í Arnarneshreppi (376, n. 660).
    Frsm.: Jón Þorsteinsson.
17. Sala jarðarinnar Gufuskála í Gerðahreppi (581, n. 648).
    Frsm:. Ragnar Jónsson.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Sinubrennur (56).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
2. Sala hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar (224).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Jón Árnason, formaður,
Helgi Bergs,
Þorvaldur G. Kristjánsson,[1])
Sveinn Guðmundsson,
Ólafur Jóhannesson,
Gils Guðmundsson,
Friðjón Skarphéðinsson, fundaskrifari.[2])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum (7, n. 609).
   Frsm.: Jón Árnason.
2. Verðjöfnunar- og flutningasjóður síldveiða (33).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (42).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Innflutningur á hvalveiðiskipi (66, n. 76).
   Frsm.: Jón Árnason.
5. Stýrimannaskóli í Vestmannaeyjum (99).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Togarakaup ríkisins (150).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundi nefndarinnar 2. maí tók sæti hans í nefndinni Einar Guðfinnsson.
2) Á fundi nefndarinnar 2. maí gegndi störfum hans í nefndinni Pétur Pétursson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

7. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (246, n. 257 (meiri hl.), n. 259 (1 minni hl.), n. 262 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. 1. minni hl.: Gils Guðmundsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Helgi Bergs.
8. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (285, n. 313 (meiri hl.), n. 316 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jón Árnason.
   Frsm. minni hl.: Gils Guðmundsson.
9. Fiskveiðar í landhelgi (421, n. 476).
   Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
10. Dragnótaveiðar í fiskveiðilandhelgi (392).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Síldarleitarskip (449, n. 498).
    Frsm.: Jón Árnason.
12. Landshöfn í Þorlákshöfn (485, n. 551).
    Frsm.: Sveinn Guðmundsson.
13. Atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenzkum skipum (486).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávar (307, n. 589).
    Frsm.: Jón Árnason.
15. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (567, n. 624).
    Frsm.: Jón Árnason.
16. Fiskveiðasjóður Íslands (587 (sbr. 325), n. 679 (minni hl.), n. 681 (meiri hl.)).
    Frsm. minni hl.: Ólafur Jóhannesson.
    Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Þorvaldur G. Kristjánsson,
Hermann Jónasson,
Auður Auðuns,
Sveinn Guðmundsson, fundaskrifari,
Helgi Bergs,
Gils Guðmundsson,
Friðjón Skarphéðinsson, formaður.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Heimild til að veita nýjum iðju- og iðnaðarfyrirtækjum skattfríðindi (231).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Iðnlánasjóður (314, n. 439).
   Frsm.: Sveinn Guðmundsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Matreiðslumenn á skipum (238).
Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Auður Auðuns, fundaskrifari,[1])
Karl Kristjánsson,

1) Meðan hún dvaldist erlendis, frá 1. til 14. nóv., gegndi störfum hennar í nefndinni Geir Hallgrímsson.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Þorvaldur G. Kristjánsson,[1])
Bjartmar Guðmundsson,[2])
Ásgeir Bjarnason,
Alfreð Gíslason,
Friðjón Skarphéðinsson, formaður.[3])

Mál er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Bjargráðasjóður Íslands (4, n. 82).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
2. Brunatryggingar utan Reykjavíkur (5, n. 44).
   Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
3. Húsnæðismálastofnun ríkisins (6, n. 63 (meiri hl.), n. 65 (1. minni hl.), n. 71 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Alfreð Gíslason.
   Frsm. 2. minni hl.: Karl Kristjánsson.
4. Almannatryggingar (45, n. 336 (meiri hl.), n. 358 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Alfreð Gíslason.
5. Almannatryggingar (80, n. 97).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
6. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla (81, n. 98).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
7. Sveitarstjórnarkosningar (227, n. 281).
   Frsm.: Auður Auðuns.
8. Atvinnuleysistryggingar (226, n. 294).
   Frsm.: Þorvaldur G. Kristjánsson.
9. Tekjustofnar sveitarfélaga (240, n. 468).
   Frsm.: Auður Auðuns.
10. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (236).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Lífeyrissjóður barnakennara (237).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Lánasjóður sveitarfélaga (308, n. 342).
    Frsm.: Auður Auðuns.
13. Almennur frídagur 1. maí (443, n. 465).
    Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
14. Hreppamörk milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps (328, n. 548).
    Frsm.: Ragnar Jónsson.
15. Stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar (388, n. 695 (meiri hl.), n. 709 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Pétur Pétursson.
    Frsm. minni hl.: Bjartmar Guðmundsson.

B. Þingsályktunartillaga:

Húsaleigulög (61).
Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundi nefndarinnar 3. maí tók sæti hans í nefndinni Einar Guðfinnsson.
2) Í fjarveru hans, frá 18. apríl til 1. maí, tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
3) Á fundi nefndarinnar 3. maí tók sæti hans í nefndinni Pétur Pétursson og gegndi jafnframt formannsstörfum.

Fastanefndir Ed.: Heilbrigðis- og félagsmála-, menntamála- og allsherjarnefndir.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:
Aðstoð við vangefið fólk (546).
Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.

7. *Menntamálanefnd:*
Auður Auðuns, formaður,
Páll Þorsteinsson,
Ólafur Björnsson, fundaskrifari,
Bjartmar Guðmundsson,[1])
Karl Kristjánsson,
Gils Guðmundsson,
Jón Þorsteinsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Stýrimannaskólinn í Reykjavík (8, n. 403).
Frsm.: Auður Auðuns.
2. Vélstjóranám (13, n. 286).
Frsm.: Jón Þorsteinsson.
3. Íþróttalög (35, n. 612).
Frsm.: Auður Auðuns.
4. Bygging skólamannvirkja (27).
Nefndarálit kom ekki.
5. Fuglaveiðar og fuglafriðun (128 (sbr. 11), n. 299).
Frsm.: Bjartmar Guðmundsson.
6. Útvarpsrekstur ríkisins (239, n. 405).
Frsm.: Auður Auðuns.
7. Listlaunasjóður Íslands (242, n. 683).
Frsm.: Auður Auðuns.
8. Listamannalaun og Listasjóður (247, n. 684).
Frsm.: Auður Auðuns.
9. Iðnfræðsla (279 (sbr. 12), n. 550).
Frsm.: Auður Auðuns.
10. Háskóli Íslands (428, n. 621).
Frsm.: Ólafur Björnsson.
11. Vernd barna og ungmenna (393, n. 615).
Frsm.: Auður Auðuns.

8. *Allsherjarnefnd:*
Ólafur Björnsson, fundaskrifari,
Ólafur Jóhannesson,
Sigurður Ó. Ólafsson,
Sveinn Guðmundsson,
Hermann Jónasson,[2])
Alfreð Gíslason,
Friðjón Skarphéðinsson, formaður.[3])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:
1. Aðför (30, n. 249).
Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.

---

1) Í fjarveru hans, frá 18. apríl til 1. maí, tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
2) Í fjarveru hans, frá 31. marz til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Bjarni Guðbjörnsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 29. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Pétur Pétursson, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.

Fastanefndir Ed.: Allsherjarnefnd. — *Nd.:* Fjárhagsnefnd.

2. Kosningar til Alþingis (228, n. 248).
   Frsm.: Ólafur Jóhannesson.
3. Meðferð opinberra mála (229, n. 283).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
4. Umferðarlög (253, n. 323).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
5. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna (264, n. 329 (meiri hl.), n. 332 (1. minni hl.), n. 348 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Friðjón Skarphéðinsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Ólafur Jóhannesson.
   Frsm. 2. minni hl.: Alfreð Gíslason.
6. Alþjóðasamningur um lausn fjárfestingardeilna (435, n. 487 (minni hl.), n. 488 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Ólafur Jóhannesson.
   Frsm. meiri hl.: Ólafur Björnsson.
7. Hægri handar umferð (516, n. 659 (meiri hl.), n. 676 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.
   Frsm. minni hl.: Ólafur Jóhannesson.
8. Lögheimili (291, n. 576).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.
9. Veiting ríkisborgararéttar (549, n. 622).
   Frsm.: Friðjón Skarphéðinsson.

C.
Í neðri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Davíð Ólafsson, formaður,[1])
Skúli Guðmundsson,[2])
Matthías Á. Mathiesen,[3])
Jónas G. Rafnar,
Einar Ágústsson,[4])
Lúðvík Jósefsson,
Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari.[5])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki (2, n. 123).
   Frsm.: Davíð Ólafsson.
2. Verðtrygging fjárskuldbindinga (20, n. 350 (meiri hl.), n. 355 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Einar Ágústsson.
3. Jafnvægi í byggð landsins (24).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundum nefndarinnar 3. nóv. og 4. apríl tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson, og gegndi hann formannsstörfum á fyrri fundinum, en Matthías Á. Mathiesen á hinum síðari.
2) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 14. til 28. apríl, tók sæti hans í nefndinni Jón Kjartansson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 8. til 17. des., tók sæti hans í nefndinni Oddur Andrésson.
4) Á fundi nefndarinnar 2. maí tók sæti hans í nefndinni Kristján Thorlacius.
5) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 25. apríl til þingloka, gegndi störfum hans í nefndinni Unnar Stefánsson.

Fastanefndir Nd.: Fjárhagsnefnd.

4. Lántaka vegna vega- og flugvallagerða (3, n. 580).
   Frsm.: Davíð Ólafsson.
5. Innflutnings- og gjaldeyrismál (149, n. 158 (meiri hl.), n. 171 (1. minni hl.), n. 174 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Einar Ágústsson.
6. Aukatekjur ríkissjóðs (144 (sbr. 54), n. 190 (meiri hl.), n. 191 (1. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
   Frsm. 1. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
   Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.
7. Fjárhagur rafmagnsveitna ríkisins (155, n. 180 (1. minni hl.), n. 181 (meiri hl.), n. 188 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
8. Áætlunarráð ríkisins (93).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Tollskrá o. fl. (167, n. 204 (meiri hl.), n. 212 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
   Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
10. Ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga (213, n. 563).
    Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.
11. Framkvæmdasjóður Íslands (322, n. 451 (meiri hl.), n. 469 (1. (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
    Frsm. 1. minni hl.: Einar Ágústsson.
    Nefndarálit kom ekki frá 2. minni hl.
12. Seðlabanki Íslands (326, n. 452 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Sigurður Ingimundarson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
13. Stofnlánadeild verzlunarfyrirtækja (327, n. 462).
    Frsm.: Matthías Á. Mathiesen.
14. Ríkisreikningurinn 1964 (234, n. 633 (meiri hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Davíð Ólafsson.
    Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
15. Tollskrá o. fl. (454, n. 566).
    Frsm.: Davíð Ólafsson.
16. Atvinnujöfnunarsjóður (556, n. 578 (meiri hl.), n. 590 (1. minni hl.), n. 613 (2. minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
    Frsm. 1. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Jón Kjartansson.
17. Lántaka vegna framkvæmdaáætlunar 1966 (483, n. 634).
    Frsm.: Davíð Ólafsson.
18. Verðlagsmál (463).
    Nefndarálit kom ekki.
19. Ábyrgð á láni fyrir Flugfélag Íslands til kaupa á millilandaflugvél (535, n. 677).
    Frsm.: Unnar Stefánsson.
20. Kísilgúrverksmiðja við Mývatn (543, n. 678 (1. minni hl.), n. 693 (meiri hl.), n. 707 (2. minni hl.)).

Fastanefndir Nd.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

Frsm. 1. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
Frsm. meiri hl.: Jónas G. Rafnar.
Frsm. 2. minni hl.: Skúli Guðmundsson.

2. Samgöngumálanefnd:

Sigurður Bjarnason, formaður,
Björn Pálsson,
Guðlaugur Gíslason,
Sigurður Ágústsson,
Sigurvin Einarsson,
Ragnar Arnalds,[1])
Benedikt Gröndal, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Vegalög (60).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Vegalög (92, n. 125 (meiri hl.), n. 132 (1. minni hl.), n. 139 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Guðlaugur Gíslason.
   Frsm. 1. minni hl.: Karl Guðjónsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Sigurvin Einarsson.
3. Ferðamál (298, n. 371).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
4. Fólksflutningar með bifreiðum (318, n. 477 (meiri hl.), n. 496 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Bjarnason.
   Frsm. minni hl.: Ragnar Arnalds.

Lagafrumvörp, er nefndin flutti:

1. Skrásetning réttinda í loftförum (38, n. 126).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.
2. Nauðungaruppboð (39, n. 127).
   Frsm.: Sigurður Bjarnason.

Um samvinnu við samgöngumálanefnd Ed. sjá bls. 1644.

3. Landbúnaðarnefnd:

Gunnar Gíslason, formaður,[2])
Ágúst Þorvaldsson,[3])
Jónas Pétursson,
Sverrir Júlíusson,[4])
Björn Pálsson,
Hannibal Valdimarsson,
Benedikt Gröndal, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Sala eyðijarðarinnar Hálshúsa í Reykjarfjarðarhreppi (34, n. 116).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 30. nóv. tók sæti hans í nefndinni Karl Guðjónsson, en 7. des. Ingi R. Helgason.

2) Í fjarveru hans, frá 25. okt. til 6. des., tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levy, og gegndi hann jafnframt formannsstörfum sama tíma.

3) Í fjarveru hans, frá 21. marz til 3. apríl, tók sæti hans í nefndinni Óskar Jónsson.

4) Á fundi nefndarinnar 10. des. tók sæti hans í nefndinni Ásgeir Pétursson.

Fastanefndir Nd.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

2. Verðlagning landbúnaðarvara (26, n. 94 (meiri hl.), n. 104 (1. minni hl.), n. 119 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
   Frsm. 1. minni hl.: Ágúst Þorvaldsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
3. Sala jarðarinnar Kollaleiru (106, n. 252).
   Frsm.: Jónas Pétursson.
4. Sala Efri-Vallar (148, n. 230).
   Frsm.: Ágúst Þorvaldsson.
5. Sinubrennur (145, n. 162).
   Frsm.: Gunnar Gíslason.
6. Eignarnám lands í Flatey (183, n. 484).
   Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
7. Loðdýrarækt (101, n. 303 (meiri hl.), n. 305 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
   Frsm. minni hl.: Benedikt Gröndal.
8. Sala eyðijarðarinnar Sperðlahlíðar (233).
   Nefndarálit kom ekki.
9. Skógrækt (245, n. 353 (meiri hl.), n. 375 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gunnar Gíslason.
   Frsm. minni hl.: Björn Pálsson.
10. Sala eyðijarðarinnar Litla-Gerðis í Grýtubakkahreppi (223, n. 378).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
11. Sala 4 jarða í Neshreppi utan Ennis (278).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Mat á sláturafurðum (284, n. 374).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
13. Lax- og silungsveiði (297).
    Nefndarálit kom ekki.
14. Sala hluta úr landi ríkisjarðarinnar Vorsabæjar (360, n. 440).
    Frsm.: Óskar Jónsson.
15. Sala Gilsbakka í Arnarneshreppi (376, n. 544).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
16. Sala jarðarinnar Gufuskála í Gerðahreppi (436, n. 545).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
17. Sala varphólma og sellátra fyrir Ljótunnarstaðalandi (442).
    Nefndarálit kom ekki.
18. Sala Örlygsstaða í Helgafellssveit (398, n. 593).
    Frsm.: Gunnar Gíslason.
19. Framleiðsluráð landbúnaðarins (571 (sbr. 482), n. 594 (meiri hl.), n. 606 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Jónas Pétursson.
    Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Stofnun búnaðarmálasjóðs (460).
Frsm.: Gunnar Gíslason.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Sverrir Júlíusson,[1])
Gísli Guðmundsson,[2])

1) Á fundi nefndarinnar 18. nóv. tók sæti hans í nefndinni Einar Ingimundarson.
2) Í fjarveru hans, frá 22. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Hjörtur E. Þórarinsson.

Fastanefndir Nd.: Sjávarútvegsnefnd.

Pétur Sigurðsson, fundaskrifari,[1])
Guðlaugur Gíslason,[2])
Jón Skaftason,
Lúðvík Jósefsson,
Birgir Finnsson, formaður.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Bann gegn botnvörpuveiðum (48).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Samábyrgð Íslands á fiskiskipum (77).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Bátaábyrgðarfélög (79).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Vátryggingarfélag fyrir fiskiskip (74, n. 528).
   Frsm.: Pétur Sigurðsson.
5. Útflutningsgjald af sjávarafurðum (263, n. 267 (meiri hl.), n. 268 (1. minni hl.), n. 269 (2. minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
   Frsm. 1. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Jón Skaftason.
6. Hafnargerðir (275).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Alþjóðasamþykkt um varnir gegn óhreinkun sjávar (307, n. 424).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
8. Fiskveiðasjóður Íslands (324, n. 537 (1. minni hl.), n. 538 (meiri hl.), n. 540 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Jón Skaftason.
   Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
   Frsm. 2. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
9. Ráðstafanir vegna sjávarútvegsins (285, n. 369 (meiri hl.), n. 370 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
   Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
10. Lífeyrissjóður togarasjómanna og undirmanna á farskipum (319).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Fiskiðja ríkisins (310).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Síldarleitarskip (449, n. 565).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
13. Fiskveiðar í landhelgi (421, n. 574).
    Frsm.: Hjörtur E. Þórarinsson.
14. Bann gegn botnvörpuveiðum (521).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Landshöfn í Þorlákshöfn (584 (sbr. 485), n. 649).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
16. Atvinnuréttindi vélstjóra á íslenzkum skipum (7, n. 664).
    Frsm.: Birgir Finnsson.

Lagafrumvarp, er nefndin flutti:

Innflutningur á hvalveiðiskipi (66).
Frsm.: Birgir Finnsson.

---

1) Á fundi nefndarinnar 28. okt. tók sæti hans í nefndinni Geir Hallgrímsson.
2) Í fjarveru hans, frá 14. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Sigfús J. Johnsen.

Fastanefndir Nd.: Iðnaðar- og heilbrigðis- og félagsmálanefndir.

5. Iðnaðarnefnd:

Jónas G. Rafnar, formaður,
Þórarinn Þórarinsson,
Sigurður Ágústsson,
Matthías Á. Mathiesen,
Gísli Guðmundsson,
Eðvarð Sigurðsson,
Sigurður Ingimundarson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Raforkuveitur (29, n. 372 (minni hl.), n. 389 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Gísli Guðmundsson.
   Frsm. meiri hl.: Sigurður Ingimundarson.
2. Iðnlánasjóður (280).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Iðnlánasjóður (314, n. 357).
   Frsm.: Jónas G. Rafnar.
4. Matreiðslumenn á skipum (238, n. 474).
   Frsm.: Sigurður Ingimundarson.

6. Heilbrigðis- og félagsmálanefnd:

Matthías Bjarnason,[1])
Jón Skaftason,
Guðlaugur Gíslason, formaður,[2])
Axel Jónsson,
Ágúst Þorvaldsson,[3])
Hannibal Valdimarsson,
Birgir Finnsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Brunatryggingar utan Reykjavíkur (5, n. 105).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
2. Landsspítali Íslands (36).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Bygging leiguhúsnæðis (49).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Húsnæðismálastofnun ríkisins (6, n. 172).
   Frsm.: Matthías Bjarnason.
5. Bjargráðasjóður Íslands (4, n. 271).
   Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
6. Afnám laga um verkfall opinberra starfsmanna (53).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Almannatryggingar (80, n. 156).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
8. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla (81, n. 157).
   Frsm.: Birgir Finnsson.
9. Vinnuvernd o. fl. (116).
   Nefndarálit kom ekki.

---

1) Á fundi nefndarinnar 17. febr. tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
2) Í fjarveru hans, frá 14. apríl til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Sigfús J. Johnsen, en Matthías Bjarnason gegndi formannsstörfum sama tíma.
3) Í fjarveru hans, frá 21. marz til 3. apríl, tók sæti hans í nefndinni Óskar Jónsson.

Fastanefndir Nd.: Heilbrigðis- og félagsmála- og menntamálanefndir.

10. Almannatryggingar (179).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Sveitarstjórnarkosningar (227, n. 417).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
12. Atvinnuleysistryggingar (312, n. 399).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
13. Hreppamörk milli Hafnarhrepps og Nesjahrepps (328, n. 418).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
14. Lánasjóður sveitarfélaga (308, n. 426).
    Frsm.: Guðlaugur Gíslason.
15. Aðstoð til vatnsveitna (366).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Húsnæðismálastofnun ríkisins (334).
    Nefndarálit kom ekki.
17. Stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar (388, n. 692).
    Frsm.: Birgir Finnsson.
18. Almennur frídagur 1. maí (443, n. 575).
    Frsm.: Sigfús J. Johnsen.
19. Tekjustofnar sveitarfélaga (554, n. 573).
    Frsm.: Axel Jónsson.
20. Aðstoð við vangefið fólk (546, n. 617).
    Frsm.: Matthías Bjarnason.

7. *Menntamálanefnd:*

Gunnar Gíslason, fundaskrifari,[1])
Sigurvin Einarsson,
Guðlaugur Gíslason,
Axel Jónsson,
Björn Fr. Björnsson,
Einar Olgeirsson,
Benedikt Gröndal, formaður.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Fuglaveiðar og fuglafriðun (11, n. 57).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
2. Iðnfræðsla (12, n. 254).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
3. Héraðsskólar (14).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Barnaheimili og fóstruskóli (52).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Háskóli Íslands (214, n. 402).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
6. Vélstjóranám (368 (sbr. 13), n. 457).
   Frsm.: Axel Jónsson.
7. Vernd barna og ungmenna (393, n. 475).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.
8. Stýrimannaskólinn í Reykjavík (429, n. 472).
   Frsm.: Axel Jónsson.
9. Útvarpsrekstur ríkisins (430, n. 467).
   Frsm.: Benedikt Gröndal.

1) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 25. okt. til 6. des., tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levy.

Fastanefndir Nd.: Menntamála- og allsherjarnefndir.

10. Afhending prestssetursjarðar (526).
Nefndarálit kom ekki.

8. Allsherjarnefnd:

Einar Ingimundarson, formaður,[1])
Björn Fr. Björnsson,
Matthías Bjarnason,[2])
Pétur Sigurðsson,
Skúli Guðmundsson,[3])
Ragnar Arnalds,[4])
Birgir Finnsson, fundaskrifari.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Veiting ríkisborgararéttar (9, n. 507).
Frsm.: Matthías Bjarnason.
2. Eignarréttur og afnotaréttur fasteigna (19, n. 131 (1. minni hl.), n. 135 (meiri hl.), n. 154 (2. minni hl.)).
Frsm. 1. minni hl.: Karl Guðjónsson.
Frsm. meiri hl.: Einar Ingimundarson.
Frsm. 2. minni hl.: Björn Fr. Björnsson.
3. Verkfræðiráðunautar ríkisins á Norður-, Austur- og Vesturlandi (25).
Nefndarálit kom ekki.
4. Umferðarlög (18, n. 381 (minni hl.)).
Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
Nefndarálit kom ekki frá meiri hl.
5. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (70, n. 425).
Frsm.: Matthías Bjarnason.
6. Hægri handar umferð (87, n. 331 (meiri hl.), n. 380 minni hl.)).
Frsm. meiri hl.: Birgir Finnsson.
Frsm. minni hl.: Óskar E. Levy.
7. Heildarskipulag miðbæjarins í Reykjavík (95, n. 616 (meiri hl.)).
Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.
Nefndarálit kom ekki frá minni hl.
8. Áfengislög (193, n. 413 (meiri hl.), n. 422 (minni hl.)).
Frsm. meiri hl. Pétur Sigurðsson.
Frsm. minni hl.: Skúli Guðmundsson.
9. Þingsköp Alþingis (220).
Nefndarálit kom ekki.
10. Kosningar til Alþingis (228, n. 339).
Frsm.: Óskar E. Levy.
11. Aðför (276, n. 384).
Frsm.: Skúli Guðmundsson.
12. Lögheimili (291, n. 508).
Frsm.: Matthías Bjarnason.
13. Meðferð opinberra mála (293, n. 492).
Frsm.: Birgir Finnsson.

---

1) Er hann sagði af sér þingmennsku, 1. febr., tók sæti hans í nefndinni Óskar E. Levy, en Matthías Bjarnason gegndi formannsstörfum frá sama tima.
2) Á fundi nefndarinnar 24. febr. tók sæti hans í nefndinni Ragnar Jónsson.
3) Meðan hann dvaldist erlendis, frá 14. til 28. apríl, tók sæti hans í nefndinni Jón Kjartansson.
4) Á fundum nefndarinnar 26. og 30. nóv. tók sæti hans í nefndinni Karl Guðjónsson.

Fastanefndir Nd.: Allsherjarn. — *Vinnun.* — *Lausan. Ed.:* Álbræðslun. — *Nd.:* Álbræðslun.

14. Umferðarlög (410, n. 536).
    Frsm.: Pétur Sigurðsson.
15. Alþjóðasamningur um lausn fjárfestingardeilna (435, n. 595 (meiri hl.), n. 642 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Matthías Bjarnason.
    Frsm. minni hl.: Björn Fr. Björnsson.
16. Stjórnarskipunarlög (512).
    Nefndarálit kom ekki.

D.

Vinnunefndir.

Auk framantalinna nefnda skipuðu formenn fastanefnda, forseti og fyrri varaforseti eina nefnd í hvorri deild, *vinnunefnd.*

Vinnunefndir gerðu skrá um fundastaði og fundatíma fastanefnda, er prentuð var og útbýtt meðal þingmanna.

II.
Lausanefndir.

A.

Í efri deild.

Álbræðslunefnd:

Ólafur Björnsson,
Ólafur Jóhannesson,
Sveinn Guðmundsson, fundaskrifari,
Þorvaldur G. Kristjánsson,
Helgi Bergs,
Björn Jónsson,[1])
Jón Þorsteinsson, formaður.

Lagafrumvarp, er nefndin var kosin til að íhuga:

Álbræðsla við Straumsvík (434, n. 608 (1. minni hl.), n. 628 (2. minni hl.), n. 635 (meiri hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Helgi Bergs.
    Frsm. 2. minni hl.: Gils Guðmundsson.
    Frsm. meiri hl.: Sveinn Guðmundsson.

B.

Í neðri deild.

Álbræðslunefnd:

Matthías Á. Mathiesen, formaður,
Þórarinn Þórarinsson,
Jónas G. Rafnar,
Benedikt Gröndal, fundaskrifari,
Ingvar Gíslason,
Lúðvík Jósefsson,
Sigurður Ingimundarson.

Lagafrumvarp, er nefndin var kosin til að íhuga:

Álbræðsla við Straumsvík (434, n. 499 (1. minni hl.), n. 501 (2. minni hl.), n. 502 (meiri hl.)).
    Frsm. 1. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
    Frsm. 2. minni hl.: Ingvar Gíslason.
    Frsm. meiri hl.: Matthías Á. Mathiesen.

1) Á fundi nefndarinnar 27. apríl tók sæti hans í nefndinni Gils Guðmundsson.

Sþ. 723. Erindaskrá.

— *Raðað eftir stafrófsröð.* —

Aðflutningsgjöld af dísilrafstöð fyrir Rafveitu Siglufjarðar. Fjmrn. fer fram á, að í 22. gr. fjárl. 1966 verði heimilað að endurgreiða aðflutningsgjöld og söluskatt af dísilrafstöð fyrir Rafveitu Siglufjarðar. — Bréf 22. nóv. (Db. 509).

Aðför. Umsögn yfirborgarfógetans í Reykjavík um frv. til l. um breyt. á l. nr. 19 1887, um aðför. — Bréf 12. febr. (Db. 713).

Aðstoð við vangefið fólk. Stjórn Styrktarfélags vangefinna fer fram á, að heilbr.- og félmn. Ed. beiti sér fyrir, að gerð verði tiltekin breyt. á l. nr. 43/1958, um aðstoð við vangefið fólk. — Bréf 19. apríl. (Db. 968).

Afhending prestssetursjarðarinnar Sauðaness.

1. Umsögn biskupsins yfir Íslandi um frv. til l. um afhendingu prestssetursjarðarinnar Sauðaness, N.-Þing., og flutning prestsseturs í Sauðanesprestakalli á Þórshöfn. — Bréf 25. apríl. (Db. 1009).
2. Umsögn landnámsstjóra um sama frv. — Bréf 27. apríl. (Db. 1023).

Afmæli sænska ríkisþingsins, sjá Boð til Alþingis.

Akranes, sjá Sjóvarnargarður á.

Akureyri, sjá Garðyrkjuskóli á.

Alexander Guðbjartsson, sjá Eftirlaun og styrktarfé 1.

Alfreð Gíslason, sjá Varaþingmenn 43—44.

Almannatryggingar.

1. Umsögn Tannlæknafélags Íslands um frv. til l. um breyt. á l. nr 40 3. apríl 1963, um almannatryggingar. — Bréf 16. des. (Db. 652).
2. Umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um sama frv. — Bréf 4. febr. (Db. 695).

Alpers, Heike Hildegard, sjá Ríkisborgararéttur.

Alþingistíðindi, sjá Prentun.

Alþingistíðindi fyrir Bókasafn Vestmannaeyja. Haraldur Guðnason biður um, að Bókasafni Vestmannaeyja verði send Alþingistíðindi frá ýmsum tímum. — Bréf 19. apríl. (Db. 1004).

Alþjóðaþing fuglafræðinga. Menntmrn. fer fram á, að í fjárl. 1966 verði veittar 30 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við þátttöku í fundi Alþjóðafuglaverndunarsambandsins og alþjóðaþings fuglafræðinga, sem halda á í Oxford og Cambridge í Bretlandi í júlí 1966. — Bréf 19. okt. (Db. 284).

Alþýðusamband Íslands, sjá: Athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans 1, Atvinnulýðræði 1, Togarakaup ríkisins, Vélstjóranám 1.

Alþýðuskólinn á Eiðum, sjá: Eiðaskóli, Tillögur.

Andreasen, Tomas Keisten Kristian, sjá Ríkisborgararéttur.

Anna Tómasdóttir, sjá Eftirlaun og styrktarfé 2.

Anna Þórhallsdóttir, sjá Skaðabætur fyrir.

Arnór Sigurjónsson, sjá Varaþingmenn 25.

Athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans og endurnýjun hans.

1. Umsögn Alþýðusambands Íslands um till. til þál. um athugun á rekstrargrundvelli togaraflotans og endurnýjun hans. — Bréf 4. apríl. (Db. 910).
2. Umsögn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 28. febr. (Db. 757).
3. Umsögn Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda um sömu till. til þál. — Bréf 3. marz. (Db. 755).
4. Umsögn stjórnar Fiskveiðasjóðs Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 5. marz. (Db. 766).

5. Umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna um sömu till. til þál. — Bréf 19. marz. (Db. 836).
6. Umsögn Sjómannasambands Íslands um sömu till. til þál. — Bréf 17. marz. (Db. 844).

Athugun á samdrætti í iðnaði.
